Lagafrumvörp felld.

1. Útvarpsrekstur ríkisins.

Á 9. fundi í Nd., 25. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 68 28. des. 1934, um útvarpsrekstur ríkisins (þmfrv., A. 38).

Á 12. fundi í Nd., 2. marz, var frv. tekið til 1. umr.

***Flm. (Thor Thors):** Ég þarf ekki að fara mörgum orðum um þetta frv., því að aðalefni þess er hv. þm. kunnugt frá fyrri deilum um málið. Eins og grg. ber með sér, er gert ráð fyrir tvennum aðalbreytingum í frv., í fyrsta lagi að ákveða skýrar valdsvið útvarpsráðs, og í öðru lagi að breyta til um kosningu í útvarpsráðið. Nú er það svo, að 7 menn eru í ráðinu, 3 kosnir af sameinuðu þingi, 3 af útvarpsnotendum, en einn skipaður af kennslumálaráðh. Þetta frv. gerir ráð fyrir, að 4 séu kosnir af útvarpsnotendum, að þeir ráði þannig meiri hl. útvarpsráðs. Okkur finnst ekki óeðlilegt, að þeir, sem njóta útvarpsins og bera kostnaðinn af því, hafi þar mest ráð. Tekjur af útvarpsgjöldum eru nú 375 þús. kr., en rekstrarkostnaður er áætlaður 373 þús. kr. Útvarpsnotendum er því ætlað að bera allan kostnaðinn. Þess hefir mjög gætt, að útvarpsnotendur séu óánægðir með fréttaflutning og fréttastarfsemi útvarpsins. Er það illa farið, ef ekki er hægt að hafa frið um útvarpið. Við álítum, að með því að gefa útvarpsnotendum meirihlutavald, sé mikið hægt að draga úr öllum slíkum deilum. Það er óefað rétt, að notendur ráði hér mestu, en um það mætti aftur deila, hvort nógu langt er gengið í þessu frv. Þar sem hér er um ríkisfyrirtæki að ræða, álítum við því rétt að leggja til, að Alþingi kysi 3 af 7 mönnum.

Legg ég svo til, að frv. sé vísað til menntmn.

***Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson):** Hv. 1. flm. talaði hér um það, að önnur till. í frv. þessu færi fram á að auka valdsvið útvarpsráðs með því að þeir menn, sem eru fastráðnir starfsmenn og vinna listræn störf við útvarpið, fræðslu- og fréttastörf, skuli ráðnir eftir till. útvarpsráðs. Ég get nú upplýst það, að ráðning þessara manna, nema fréttamanna, er framkvæmd af útvarpsráði. Og mér er ekki kunnugt, að ágreiningur hafi orðið út af þessu milli ráðh. og útvarpsráðs. Ég held því, að þessi ágreiningur út af fréttaflutningnum sé ekki á borði, heldur í orði. Ég álít ekki rétt, að útvarpsráðið ráði fréttaflutningnum. Hv. flm. tala um, að óánægja ríki með fréttaflutninginn, en mér er ekki kunnugt um það. Það hefir að vísu nokkuð verið reynt að vekja slíka óánægju, en það hefir aftur fallið niður jafnharðan. Ég hefi engar kvartanir fengið, og væri það ólíklegt, ef almenn óánægja ríkti, að ég hefði engar umkvartanir fengið.

Og mér finnast litlar líkur til, að það myndi fremur verða til að koma í veg fyrir óánægju, þótt ráðh. skipaði engan af þessum mönnum. Það leiðir auk þess af sjálfu sér, að hvaða ráðh. sem væri gæti engin áhrif haft á skipun útvarpsráðs. Nú skipar hann einn mann af 7, og minna getur það að sjálfsögðu ekki verið.

Hv. frsm. sagði réttilega, að rekstrarkostnaður af útvarpinu væri borinn uppi af hlustendum. Þó er þetta ekki að öllu leyti rétt. Allan stofnkostnað hefir ríkið orðið að bera.

Ég mæli ekki á móti því, að frv. gangi til n., en ég mun greiða atkv. gegn því við atkvgr., því að ég tel það sízt til bóta.

***Gísli Sveinsson:** Herra forseti! Ég hefi talið, frá því að þessi l. um útvarpsreksturinn voru sett, að þeim væri í ýmsu ábótavant. Því hefir ekki verið mótmælt af hæstv. ráðh., að það væru útvarpsnotendur, sem ættu að bera uppi þessa stofnun og gera það. Það er rétt, að ríkissjóður lagði fram stofnkostnaðinn. En ríkið hefir öll þau tök á útvarpinu, sem þarf til að varðveita þann rétt, sem af þessu kann að hafa skapazt. Ráðh. skipar útvarpsstjóra, og hann er formaður útvarpsins, sér um reksturinn, fjárreiður og slíkt. Öll fjármálin eru því í raun og veru undir valdi ríkisstj. En þegar rætt er um það, að gera endurbætur á tilhögun þess, sem flutt er í útvarpinu, á það að vera á valdi útvarpsráðs. Því er ætlað að vera fulltrúi hins almenna, en ekki ríkisins sérstaklega. En þetta getur ekki orðið fyllilega með því að ráðh. skipi einn manninn. Frv. skiptir sér ekki af því, hvernig hinir þrír menn eru skipaðir af Alþingi. Alþingi skipar þá eftir stjórnmálaflokkum, og er ekkert við því að gera. En almenningur, hlustendur, eiga að ráða því, hvað flutt er, og það gera þeir ekki nema þeir hafi meiri íhlutun um kosningu útvarpsráðs en nú, eins og frv. fer fram á. Útvarpsráð er ekki framkvæmdaráð í rekstrinum, heldur ráðuneytið, sem ákveður, hvernig þeim andlegu

*) Stjarna (*) framan við nafn ræðumanns táknar, að ræðan sé prentuð eftir handriti innanþingsskrifara, óyfirlesin af ræðumanni.

málum, sem hlustendur eiga að njóta, er fyrir komið.

Hæstv. ráðh. sagði, að sér væri ókunnugt um þá óánægju, sem hv. þm. Snæf. gat um í ræðu sinni. Það getur ekki skýrzt öðruvísi en að kvartanir hafi ekki borizt til hans. Menn vita ekki til, að ríkisstj. geti nokkuð við því gert, sem ábótavant er í þessu efni, svo að ekki er von, að þeir kvarti við hana. Mætti líka geta sér til, að almenningur af sumum tegundum sé ekki sérlega fíkinn í að kvarta fyrir hæstv. ráðh., því að óánægjan er aðallega á eina hlið. Um það hefir verið talað, að útvarpið hafi verið notað í þágu þeirra flokka, sem hæstv. ráðh. er fulltrúi fyrir. Ég skal ekki neita því, að 1—2 síðustu árin hefir verið nokkru kyrrara hér um og að þetta hefir nokkur batnað undanfarið, en þó eldir eftir af þessu, og svo verður, meðan fréttamenn og erindaflytjendur eru ekki upp úr því vaxnir að láta persónulegar skoðanir sínar koma fram í störfum sínum fyrir útvarpið. Bæði ég og aðrir hafa vonað, að þetta myndi lagast, en það er ekki enn að fullu lagað, og þykir okkur því réttast að taka upp slíkt fyrirkomulag, að útvarpsráð sé fyrst og fremst fulltrúi almennings. Hann getur þá sjálfum sér um kennt, ef ekki batnar.

Við erum óánægðir með ákvæði útvarpsl., en við höfum engu þar um ráðið. Nú viljum við gera tilraun til að kippa þessu í lag, og vænti ég, að menn sjái nú, að reynslu fenginni, að l. þarf að breyta, eins og venja er til um önnur l., að þeim er breytt, er reynsla hefir fengizt. Þetta frv. er ekki flutt af hálfu okkar flm. í neinum öðrum tilgangi en þeim að ráða bót á þeim ágöllum, sem við teljum, að sé á þessari hlið á rekstri útvarpsins. Hvort það tekst með þessu, ef frv. verður að l., skal ég láta ósagt. Það er ekki flutt sem ákúrumál á sérstaka menn, öðruvísi en að okkur er hægt að færa rök fyrir því, að þessum mönnum hefir skeikað, eftir því sem við vitum og eftir því sem almenningur telur ótvírætt. Nú reynir á það, hvort þessir menn vilja fallast á þetta, eða hvort þeir vilja gersamlega traðka þetta mál niður og þannig safna frekari glóðum elds að höfði sér.

***Sigurður Einarsson:** Ég ætlaði ekki að taka til máls um þetta, en það er af smátilefni hjá hv. síðasta ræðumanni, sem ég ætla að bæta hér nokkru við. Það er eins gott að gera það nú eins og að eyða tíma í það seinna. Því það, sem hér er fram borið, er að sumu leyti þess eðlis, að það gengur aftur.

Það, sem ég vildi sagt hafa, er í stuttu máli þetta, að undanfarin ár hafa hvað eftir annað verið gerðar tilraunir til þess að gera fréttastarfsemi útvarpsins tortryggilega, og nú að lokum, af því að Sigfús Sigurhjartarson, sem er alþýðuflokksmaður og stendur í nokkuð harðri baráttu við hv. þm. G.-K., er formaður útvarpsráðs, á fræðslustarfsemin einnig að vera að öllu eða einhverju leyti óhæf. Um fréttastarfsemina er nú það að segja, að það hefir ekki fengizt upplýst til hlítar, hvort þessum ásökunum um hlutdrægni sé beint til mín persónulega eða hinnar innlendu fréttastofu, sem einnig leggur til fréttaefnið. Þetta vildi ég, að kæmi skýrt fram. Til hinna erlendu frétta er skipað af efni frá Bretlandi, Danmörku, Oslo, Stokkhólmi, Rómaborg og París, og við erum í mjög verulegum atriðum bundnir við það, sem frá er skýrt daglega á þessum stöðum. Að þeir, sem lesa blöðin og hlusta á útvarpið, heyra ekki þessara staða getið daglega, kemur til af því, að það, sem samhljóða er í fréttunum, er látið falla burtu. Um það, hvaða hlutdrægni sé beitt í þessu efni, skal ég benda á eitt dæmi. Hér á dögunum var skýrt frá því í brezka útvarpinu, að mikill úlfaþytur væri í Íslöndum út af því, að brezk blöð hefðu farið hörðum orðum um líflát Ras Desta. Við þetta hefðum við getað látið sitja. En ég gerði mér það ómak að hlusta í nokkra tíma á Rómaborg, til þess að vita, hvort málið bæri þar ekki á góma, og það, sem um það var sagt þar, var ekki nein frétt, heldur talsvert röggsamleg prédikun í garð Englendinga fyrir þessi ummæli, og þessa prédikun hins rómverska fasisma taldi ég mér skylt sem fréttamanni að láta útvarpshlustendur heyra, ekki af því, að ég væri henni sammála, heldur af því, að mér fannst skylt að láta þetta koma fram. Og sannleikurinn er sá, að svona eru þessi vinnubrögð, enda vita þeir það í hjarta sínu, hv. þm. Snæf., hv. þm. V.-Sk. og aðrir íhaldsmenn, að svona er þessu háttað.

Til frekari skýringar máli mínu skal ég drepa á annað atriði. Í 5 ár hefir Morgunblaðið hafið látlausa árás á mig fyrir það, að fréttir útvarpsins væru hlutdrægar, en jafnframt hefir ekki liðið einn einasti dagur án þess að það hafi birt mína eigin vinnu og gert sér gott af. Það hefir fengið á sig allsæmilegan fréttablaðsbrag með því að lifa á vinnu þeirrar stofnunar, sem það svívirðir og skammar. — Um daginn kom það fyrir í útvarpinu, að stúlka, sem vélritar, misskrifaði sig þannig, að hún sagði, að viss till. í brezka þinginu hefði fallið með 180:180 atkv., í staðinn fyrir 180:135. Það var tilviljun, að þetta var um þjóðnýtingu brezkrar kolavinnu. Síðan les ég þetta yfir, án þess að taka eftir villunni og leiðrétta hana, en síðar verðum við hennar vör og leiðréttum það til blaðanna. En í staðinn fyrir að birta leiðréttinguna, birtir Morgunblaðið grein með stórri fyrirsögn: „Missögn Sigurðar Einarssonar", þar sem það hélt því fram, að ég hefði með vilja gefið upp skakkar tölur, til þess að menn skyldu ætla, að fylgi þjóðnýtingarinnar hefði svo stórum aukizt. En leiðréttingu sveikst Valtýr Stefánsson um að birta, eins og hann hefir svikizt um að birta allar aths. frá útvarpsins hálfu.

Í afstöðu sinni til fréttastarfseminnar hefir Morgunblaðið verið hið svívirðilegasta, því það hefir dag eftir dag, samtímis og það hefir ráðizt á stofnunina, klippt ofan af fréttunum mörkin. Valtýr Stefánsson er sá mesti heimilda- og fréttaþjófur, sem til er í þessu landi (Forseti hringir), því hann hefir dag eftir dag og viku eftir viku birt fréttir útvarpsins, án þess að geta heimilda, sem hann þó samkv. samningi er skyldugur til að gera. Ég hefi boðið honum það, að taka 12 Morgunblöð í röð, hvenær sem væri á árinu 1936, og sýna honum fram á með samanburði við fréttabók útvarpsins, að meiri hluti útvarpsfrétta þessara blaða væri stolinn, þannig,

að merkingu útvarpsins væri sleppt, en „einkaritari vor í Kaupmannahöfn“ eða einhver önnur persóna látin standa undir, án þess að hróflað væri við orðalagi útvarpsfréttanna.

Morgunblaðið hefir sem sagt gengið lengra í því að eigna sér orðréttar útvarpsfréttir heldur en nokkurt annað blað hefir leyft sér, en samtímis er það að kvarta undan því, að fréttaflutningur útvarpsins sé hlutdrægur! Hvernig á nú þetta að samrýmast? En sannleikurinn er sá, að almenningur hefir alls ekki það álit á fréttastarfsemi útvarpsins, að hún sé hlutdræg, því þegar menn trúa ekki hálfu orði af því, sem stendur í Morgunblaðinu, þá trúa menn því, sem útvarpið segir.

Forseti (JörB): Ég vil biðja menn að gæta þess að draga ekki inn í umr. á meiðandi hátt menn, sem eru utan þings.

***Gísli Sveinsson**: Herra forseti! Hv. þm. og aðrir, sem hér eru og heyra og sjá, hafa nú getað sannfærzt nokkuð um það, hverskonar fréttamaður þetta er, sem nú hefir staðið hér upp, og bókstaflega sleppt sér, og hversu heppilegur hann muni vera við almenningsstofnun, sem allir meina, að eigi að vera hlutlaus og sem réttlátust. Hinu skal ég ekki neita, að hann geti verið nógu duglegur í flokki, þ. e. a. s. á meðan hann tollir, en reynsla undangenginna ára hefir nú sýnt okkur, að það er stundum ekki lengi. En sem sagt, hann getur verið nógu góður í Alþfl., eins og kvikindi, sem sigað er, en vissulega er hann ekki góður, þar sem hann nú þykist standa föstum fótum, sem óhlutdrægur og sanngjarn fréttaflutningsmaður í ríkisútvarpinu íslenzka. Þetta er nú ekki nýtt mál, og þess vegna sviður honum ár eftir ár, en við höfum vonað, að hann mundi átta sig á þessu og leiðrétta sjálfan sig og haga sér sæmilega sem sá maður, sem fyrir almenningi vill líta skikkanlega út. En við fullyrðum, að framkomu hans er mjög ábótavant, ekki aðeins nú, þegar hann sleppir sér, heldur líka í sjálfu útvarpinu.

Þegar útvarpsstarfsemin var sett á stofn, vakti það strax umtal og óánægju, hvernig þeim málum var skipað. Það var skipaður forstjóri útvarpsins á flokkslegan hátt, og eins aðrir starfsmenn. Þó maður geri nú ekki ráð fyrir, að óánægja hafi verið og sé frá öðrum en andstöðuflokkum stj., þá er það samt ekki minna en helmingur þjóðarinnar, svo að full ástæða er til að líta um öxl og einnig fram á við og athuga, hvernig þessum málum sé bezt háttað. Ég fullyrði, að óánægjan hafi verið mjög áberandi hjá þeim, sem eru í andstöðu við núv. hæstv. stj., og ekki einasta hjá þeim, heldur öllum þeim, sem á skikkanlegan hátt vildu halda þessu menningartæki fyrir utan flokkadeilur. — Nú er þessu þannig varið, sem enginn getur á móti mælt, að þetta er almenningsstofnun. Útvarpshlustendur eiga í raun og veru og halda uppi þessari stofnun, enda þótt ríkið hafi stofnsett hana til að byrja með, og því er það, sem almenningur getur ekki þolað, að við slíka stofnun sé beitt nokkurri hlutdrægni. Það þótti nóg, að í upphafi var til allrar ráðamennsku valið á flokkslegan hátt. Fréttaritararnir úti um landið voru valdir á sama hátt, með örfáum undantekningum. Það hefir verið gerð gangskör að því að fiska upp þann fréttaritara, sem ekki er úr stjórnarhernum, og fyrirfannst aðeins einn og einn maður, sem fyrir utan þann hóp stóð, og hafa menn ekki skilið, hvernig á því hefir staðið, en undantekningarnar staðfesta bara regluna. Þegar svo kom að því, að hv. 9. landsk. var valinn til að annast erlendan fréttaflutning í útvarpinu, þá vakti það nokkurn beig, af því að menn þekktu feril þessa manns og vissu, að hann var ekki sem glæsilegastur. Og því miður reyndist hann ekki starfinu vaxinn að ýmsu leyti, enda þótt hann sjálfur áliti svo vera. Hann lætur það í veðri vaka, að hann sé allt í öllu, bæði upphaf og endir í starfsemi útvarpsins. Jafnvel gefur hann það í skyn, að hann hlusti á erlendar fréttir tímunum saman eingöngu fyrir útvarpið. Til þess að komast að niðurstöðu um atriði, sem mikið var rætt í London nú á dögunum, segist hann hafa tekið sig til og hlustað á Rómaborg.

Hvaða þýðingu hefir það fyrir hann að hlusta á Rómaborg? Hann skilur auðvitað ekkert í málinu! Þetta er bara eins og hver önnur vitleysa. En maðurinn getur verið nógu góður fyrir því, þó hann hlusti ekki á Rómaborg. — Upphaflega var annar maður með þessum hv. þm. við fréttastarfsemi útvarpsins, maður, sem ég veit ekki, hvar er í pólitík. En sá maður fór aldrei út í pólitík, dró aldrei eins hlut fremur en annars. En hvað skeður? Þessi maður, sem enginn hreyfði hönd né fót á móti, var látinn fara. Það hefir víst ekki þótt hæfa, að við útvarpið væri maður, sem enginn hefði neitt við að athuga. En nú hefir þessi hv. þm., þessi fréttaþulur, verið látinn sigla til þess að mennta sig frekar, ég heyri sagt til þess að kenna prestum. Og menn geta séð manninn — ecce homo! Hann á að kenna prestum þessa lands að lifa fagurlega og koma siðsamlega fram. En þessi hv. þm. virðist ekki hafa mikið lært í þessu efni. Hann hefir vitanlega stundað ýmislegt annað, en hann hefði þó átt að læra ofurlítið í framkomu, þannig að honum skildist, að þegar talað er um slíka stofnun sem útvarpið, þá er ekki fyrst og fremst verið að tala um hann einn. Útvarpið er ekki Sigurður Einarsson. — Þessi fréttamaður virðist heldur ekki hafa lært neitt í fréttaflutningi í þessari utanför. Hann hefir að vísu með talsverðum belgingi talað um og látið fréttir berast heim um það, að hann hefði verið mjög í hávegum hafður á Norðurlöndum. Hafði einn blaðamaður, sem að vísu var kommúnisti, látið þau ummæli falla, að Sigurður Einarsson hefði lagt drjúgan skerf til menningaruppfræðslu í landinu. Hvaðan hafði hann þetta? Þetta var símað hingað upp og látið koma í útvarpinu, og síðan gekk á skeytum um það, að þessi þm. hefði flutt erindi í Stokkhólmi og Danmörku. Og þegar hann kemur heim, þá er það hans fyrsta að segja sjálfur frá þessu, og ekki nóg með það, heldur fer hann að þýða og lesa upp þetta erindi sitt, sem hann flutti í Danmörku, þar sem hann þóttist hafa getað frætt Dani um það, hvað Englendingar mundu gera, — ekki hvað þeir hefðu gert, heldur hvað

þeir mundu gera. Um þetta erindi hv. þm. var sagt í Politiken, að það hafi verið furðu karlmannlegt, en annað blað veit ég ekki til, að hafi getið um þetta í Danmörku. En í þessu erindi sínu fór hv. þm. að dæma um höfuðmál þau, sem á dagskrá eru hjá stórþjóðunum. Hann fór að dæma um það, hvernig á því hefði staðið, að Játvarður VIII. fór frá völdum, og sagðist honum eitthvað á þessa leið: Öll blöðin þögðu yfir því í Bretlandi, en ég veit það samt. Ég veit, hvað býr í brjósti hvers einasta Englendings, og það er það, að Játvarður konungur fór ekki frá af þeim sökum, sem upp voru gefnar, heldur af því, að hann er eyðilagður skotgrafarmaður, hann var í þeirri fylkingu, sem leiðir til glæframennsku, og af því að hann er nazisti. — Nú skal ég skjóta því inn, að nýlega hefir kunnur blaðamaður í Englandi látið þess getið, að ef Játvarður VIII. hefði verið við völd, þegar Ribbentrop heilsaði á þjóðernissinna vísu Georgi VI., þá hefði hann rekið hann úr landi. Ekki hefir þessi blaðamaður verið þeirrar skoðunar, að Játvarður VIII. fyrrv. Englandskonungur hafi orðið að fara úr landi vegna þess, að hann væri nazisti og eyðilagður glæframaður úr skotgröfunum. Ég tek þetta fram hér, þó það sé þannig vaxið, að það eigi ekki erindi inn á þing. Það á ekki erindi til manna, sem eru með fullu ráði. Dæmi um það, hvernig málið er lagað, er það, að talið er, að komið hafi fjöldi blaðadóma frá útlöndum, og því haldið fram, að þar hafi verið tekið mark á þessu. En ég held, að það sé tæplega hægt að telja manni trú um, að frændur vorir á Norðurlöndum hafi tekið mark á þessu. Hann getur alls ekki fært sönnur á það. Menn yppta öxlum við slíku og brosa að því.

Ef þessi fréttaþulur, sem við höfum nú við að búa, er hlutdrægur og fer rangt með, þá viljum við hafa leyfi til að gera athugasemdir við fréttaflutninginn. Hinn daglegi fréttaflutningur hefir þó lagazt upp á síðkastið, og ég fullyrði, að það er eingöngu vegna þeirrar óánægju, sem menn hafa látið í ljós. En það er eitt, sem er mjög ábótavant ennþá, og kemur það af eðlisfari eða lundarfari þess, sem fréttirnar flytur. Þar sem honum eru lagðar fréttirnar upp í hendurnar, þá á hann ekki og þarf ekki að vera að burðast með sína eigin dóma. Hann á ekki og þarf ekki að láta á því bera, að hann sé ákveðinn flokksmaður, eins og t. d. þegar hann er að tala um styrjöldina á Spáni. Þegar hann talar um hana, þá heldur hann því fram, að stjórnarliðar séu hinir réttlátu, en hinir þeir ranglátu. Hann má náttúrlega fyrir mér hafa þessa skoðun. En er það rétt, að ríkisútvarpið eða nokkur slík stofnun taki að sér að gera upp á milli flokka og stefna og baráttumála úti um lönd? Er það tilgangur og hlutverk þessarar fræðslu að ala upp í mönnum ákveðnar hugmyndir um það, hvernig viðhorfið er úti um lönd? Við höfum álitið, að það ætti að skýra frá þessu, en ekki leggja dóma á það. Við höfum haldið því fram, að ríkisútvarpið megi ekki vera alþjóðadómstóll í alþjóðamálefnum. En þessi fréttamaður hefir ekki dregið dulur á, að svo er það nú samt. Hann hefir farið hörðum orðum um uppreisnarmenn í útvarpið, en afsakað stjórn rauðliða á Spáni eindregið. Hann hefir talið, að stjórn rauðliða á Spáni sé hin eina löglega og hin ágætasta. Fram eftir öllu sumri, og allt þangað til uppreisnarmenn höfðu tekið hálfan Spán, kallaði hann þetta tilraun til uppreisnar. Það var auðvitað sama, hvað hann kallaði þetta, en það var gagnslaust fyrir hann. Hvaða leyfi hafa menn til þess, fyrir utan það, hvað það er vitlaust, þegar annar aðilinn hefir nærri helming af öllu landinu, að kalla það tilraun til uppreisnar? Það er villa. En við vissum, hvernig á þessu stóð. Honum var pólitískt illa við uppreisnarmenn. En hann mátti ekki láta þetta koma áberandi fram í útvarpinu, því það var hugsanlegt, að menn skiptust í flokka um þetta, og hann átti að láta hvern fá sitt, hvort sem það var gott eða illt. Hann sagði um stjórn rauðliða á Spáni, að þeir hefðu ekki einusinni drepið einn biskup. Hann átti við, að það komu fréttir um, að einn biskup hefði verið margdrepinn, en myndi vera á lífi. Af þessu dró hann þá ályktun, að stjórnin hefði ekki einusinni drepið einn biskup. En þessi biskup situr svo í heilanum á honum, að þegar hann er kominn til Danmerkur, þá er hann enn með þennan biskup, dauðan eða lifandi. Líklega er hann enn í honum. Ef til vill er þetta ekki alveg tilgangslaust, því enginn verður óbarinn biskup. Hann hefir talið, að öldur óánægjunnar á Spáni væru fasistum að kenna. En hann nefndi ekki stjórnarsinna og kommunistana, sem allur heimurinn veit, að áttu upptökin að styrjöldinni. Það er viðurkennt og skrifað um það enn í dag, að þeir hafi sérstaklega gert sér að atvinnu að ráðast á kirkjur og brenna þær og myrða presta, munka og nunnur. Það er skritið að segja, að þeir, sem með verkum sínum voru upphafsmenn að styrjöldinni, séu saklausir, en hinir sekir. Frjálslynd blöð svokölluð, og jafnvel Politiken, sem annars styður rauðliða, hafa játað, að þessir menn hafi sleppt tökunum á sjálfum sér og tekið stjórnina af hinni svokölluðu löglegu stjórn og framið morð og rán. Þegar svo er, þá er skikkanlegra fyrir okkur að kasta okkur ekki út í dóma um þessi mál, og þessi maður ætti sízt að gera það. Hann hefir engin skilyrði til þess, og honum er vafalaust ekki falið það af þessari stofnun. Til marks um það má taka, að útvarpsstjórinn hefir ekki séð sér annað fært en að reyna að fá á sig það orð, að hann ætli sér sem forstjóri ríkisútvarpsins að vera í framtíðinni flokkslaus. Hann sagði sig úr Framsfl. Einn hv. þm., sem situr hér gegnt mér, hefir skýrt þetta öðruvísi. En hvað sem því líður, þá hefir því verið opinberlega yfirlýst af þessum forstjóra, að hann ætli sér að vera fyrir utan alla flokka. Af þessu ræð ég, að það sé ekki með hans vilja, að fréttamenn séu að þvælast með dóma sína um viðburði, menn og málefni úti um heim.

Ég skal geta þess, að þessi fréttamaður, sem ég er hér að tala um, sagði í erindi, sem hann flutti í útvarpið, heimkominn frá Danmörku, að hann ætlaði sér að koma upp um þessa menn — og átti hann þá við Þjóðverja og Ítali — sem fölsuðu staðreyndir og heimildir. Svo bætti hann við — og var hann þá kominn í slíkan ham innan luktra dyra, að það var eins og hann sæi framan í okkur hér —, að þessi ríki, einræðis-

ríkin, ætluðu sér að ráða niðurlögum smáþjóða, ekki með vopnum, heldur með viðskiptasamningum. Þetta sýnir, að það getur verið ábyrgðarhluti að hleypa vissri tegund af fólki í ríkisútvarpið, sem jafnvel berst til útlanda. Þetta sýnir, að þetta er ekki aðeins bundið við það, sem menn segja og tala hér, því þetta er þannig vaxið, að það fer út fyrir það svið, sem maður hélt að þessum manni væri falið að vera á. Það getur verið varhugavert á sama tíma, sem við erum að leita samninga við þessar þjóðir, að hleypa þá ábyrgðarlausum manni í ríkisútvarpið og láta hann básúna, að hann ætli sér að sanna á þessi ríki og fullyrði, að þessi ríki falsi staðreyndir og heimildir, og þau ætli sér að koma okkur á kné með viðskiptasamningum, sem við erum að reyna að koma á með veikum mætti. Ég fullyrði, að þetta getur ekki verið rétt af hálfu ríkisútvarpsins.

Það má auðvitað lengi um þetta ræða. En ég vil geta eins, sem sýnir, að þessi maður getur sleppt sér, þó hann sjái engan kringum sig. Þegar hann las erindið, sem hann flutti í Danmörku, talaði hann um, að þeir menn, sem væru á móti þeirri stefnu, sem spánska stjórnin fylgir, hefðu á sér þennan kjaftshögga- og kylfublæ, sem væri upprunninn í föðurlandi fangabúðanna. Ég get skilið það, að honum þyki þetta gómsætt.

En það eru fleiri en þessi maður, sem hafa orðið fyrir því, að þeim hefir skjátlazt. En þar hefir fordæmi þessa manns sjálfsagt villt, því að þegar þetta er komið í gang, þá er eins og aðrir læri af því og haldi, að sér sé óhætt að gera þetta. Menn héldu, að millibilsfréttamanninum myndi ekki skeika. En hvernig fór? Þegar hann fór að lesa yfirlitserindi, þá valdi hann Spán og talaði um morð, sem uppreisnarmenn á Spáni hefðu staðið fyrir. Hann valdi sér þá heldur rótarlega grein, sem Andreas Vinding skrifaði, þegar hann varð að flýja frá Madrid, en það var hrottaleg ádeila á þjóðernissinna á Spáni, en vörn fyrir stjórnina. Ég vil ekki áfella þennan mann, sem ef til vill hefir gripið til þess að flytja þetta, af því hann hefir vantað gögn. En hitt er verra, að útvarpið er jafnvel komið svo langt í þessu, að í barnatíma útvarpsins hefir það komið fyrir, að flutt hefir verið algerlega óhæf saga. Hún var auðsjáanlega flutt til þess að níða vissa stétt hér innanlands. Sagan var flutt af konu, sem ég þekki ekki. Ég hlustaði ekki á hana, en það vildi svo til, að ég heyrði þetta. Það var sagt frá lítilli telpu, sem var ráðin sem vikastelpa til togaraskipstjórafrúar, og þar var hún kvalin og kramin og illa með hana farið, af því að þetta var togaraskipstjórafrú, sem drakk og fór illa með börn. Nú mátti auðvitað taka dæmisögu um svipað efni, en það var ekki nauðsynlegt, að hafa þetta togaraskipstjórafrú. Allir vita, að þetta er sérstaklega gert til þess að níða vissa stétt. Þetta var mjög óviðeigandi, og menn urðu alveg hissa á þessu og ætluðu varla að trúa því, að farið væri að beita þessari aðferð við saklaus börnin. Ef á að gera það, þá er komið nokkuð langt.

Ég man svo langt, að það þóttu miklar fréttir, ef bruggað var á einhverjum stað í landinu, og löggæzlumaðurinn var boðinn og búinn til þess að láta greina frá því í útvarpið, og hefir þetta sjálfsagt átt að vera til aðvörunar fyrir alla. En svo heyrði ég aldrei í útvarpinu eina frétt um bruggun. Ég held, að ég hafi borið saman blöð og útvarpið, þegar talað var um bruggun, og ég held, að allar fréttir um bruggun, sem komið hafa í blöðunum, hafi yfirleitt komið í útvarpinu. Það var aðeins ein bruggun í blöðunum, sem ég hefi ekki heyrt í útvarpinu. Sú bruggun átti sér stað í svínastíu alþýðubrauðgerðarinnar. Það var ekki getið um hana í útvarpinu. Það er að vísu lítilfjörlegt atriði, hvort þarna hefir verið bruggað eða ekki. En þetta sýnir, að þessi svínastía virðist vera friðhelg. Það er nú svo, að það er ekki alltaf gott að greina milli þessa, en það má ekki verða svo, að ríkið stefni að þessu, og þó að einum manni hafi brugðizt bogalistin, þá má þetta ekki verða að stefnu í innlendum eða erlendum fréttum, að taka þetta sjónarmið. Við verðum að keppa að því, að gert sé það, sem hægt er, til þess að halda þessari almennu stofnun upp úr skítnum og halda henni hreinni.

Nú viljum við flm. þessa frv. setja fréttamanninn undir útvarpsráð. Það má auðvitað um þetta deila, en við teljum, að það mundi betur fara á því, og þess vegna er málið flutt á þeim grundvelli. Það fer væntanlega í n., ef óttinn verður ekki of mikill við það. En hvað sem þessari till. líður, þá tel ég, að útvarpsráði hafi nokkuð skakkað upp á síðkastið.

Það er þannig, að útvarpsráðið fann upp á því að stofna til sérstaks tíma á mánudagskvöldum, sem það kallar um daginn og veginn. Til þessa starfs var fenginn einn af meðlimum útvarpsráðs. Nú er það svo í útvarpslögunum, að bannað er, að útvarpsráðsmeðlimur sé fastur starfsmaður útvarpsins. Ég tel, að gengið sé á þetta ákvæði með þessu. En hvað um það, ef þessum manni færi þetta svo vel úr hendi, að allir mættu vel við una, þá mætti kannske sætta sig við það. En mönnum hefir fundizt það einkennilegt rabb um daginn og veginn, sem þarf endilega að vera dómar um mál og menn. Ég leyfði mér að spyrja útvarpsráðið að því, hvort þessi maður væri ekki í útvarpsráði, og hvort hann væri samt ráðinn til þess, og hver bæri ábyrgð á þessu. Ég fór fram á, að þessi þulur væri látinn segja frá því, á hvers vegum hann talaði, og hvort það væri á ábyrgð útvarpsráðs. En útvarpsráð sá sér ekki fært að láta hann gera það, eða hann hefir kannske ekki viljað það. Mér var skrifað bréf um það, að þessi maður væri í útvarpsráði, og því var slegið föstu, að útvarpsráðið bæri ábyrgð á þessu. Þar sem útvarpsráðið er opinber stofnun, vil ég bera það fram sem upplýsingar í málinu, að það ber ábyrgð á því, sem þessi maður segir, og það er ekki hægt að skoða þetta öðruvísi en að þessi maður tali í umboði útvarpsráðs. Nú er það vitanlegt, að margt hefir komið frá þessum manni, sem útvarpsráðið getur ekki borið ábyrgð á. Hann leyfði sér að dæma hlutdrægt um ýmislegt, sem ekki á við. Menn vilja gjarnan fá rabb um daginn og veginn, ef það er ekki kjánaskapur um manninn sjálfan eða auðvirðileg kvæði, sem

berast, heldur um það, sem gerist, eða ef maðurinn segði blátt áfram frá því, sem er í dagblöðunum. Hann hefir gert tilraun til þess stundum, en einu sinni var það þannig, að ekki mátti tæpara standa. Hann sagði aldrei frá rimmunni á Laugarvatni, sem fréttir bárust af út um landið á annan hátt. Sú frétt var þannig, að það mátti segja frá henni í tímanum um daginn og veginn. Hann talaði um bankahneyksli, og það helzta, sem hann hafði að segja um það, var, að Jónas Jónsson væri farinn að skrifa um það í Nýja dagblaðið, og á móti honum væri Alþýðublaðið. En hvað skrifaði Alþýðublaðið? Hann gat þess, að það ávítaði bankastjórnina út af lánunum til Kveldúlfs. Það gleymdist að geta þess, að þeir hafa líka veitt lán til S. Í. S.

Ef aðeins væri um smáatriði að ræða, sem hvorki gerðu til eða frá, þá myndu menn láta það kyrrt liggja. En þegar útvarpsráðið stendur fyrir þessu, þá fullyrði ég, að það eigi að hafa eftirlit með þessu.

Ég mun hér láta staðar numið um sinn, enda er mér nokkuð markaður bás, þar sem ég er ekki aðalflm. að frv. En ef því er að skipta, að þetta mál fái að fara eitthvað lengra, þá má líka gefa frekari upplýsingar, því það er svo, að hverju máli er bezt borgið með því, að óyggjandi upplýsingar komi fram um það, hvort með því, sem lagt er til, sé ráðin bót á ástandi, sem menn eru óánægðir með.

***Sigurður Einarsson:** Hv. þm. V.-Sk. hefir snemma á þessu þingi verið orðinn þannig staddur *andlega, að honum veitti ekki af að hella úr* sér ofurlitlu af þeirri gremju, sem safnast fyrir hjá honum frá degi til dags, af því að tilveran gengur ekki eftir þeim nótum, sem hann kynni að óska sér. Ég geri ráð fyrir, að eitthvað af þessari gremju eigi rót sína að rekja til blátt áfram og eðlilegra hluta, eins og t. d. þess, að kommúnista „morðvörgunum" á Spáni virðist hafa gengið betur upp á síðkastið. Það gæti verið trúlegt, að það eigi sinn þátt í, hvað illa liggur á þessum hv. þm.

Einu sinni sá einn af merkustu vísindamönnum landsins, og í rauninni sá eini, sem getið hefir sér víðtæka frægð í veröldinni, ástæðu til þess að láta í ljós skoðun sína á mælskulist þessa manns. Hann komst þannig að orði, að hún væri þindarlaus og marklaus malandi. Síðan þessi orð voru töluð hefir aðeins ein breyting orðið á um mælskulist þessa hv. þm. Hann er ekki eins þindarlaus eins og hann var þá. Nú er hann búinn að missa þann eiginleika að kunna að gera mun á því, hvort hlegið er að því sem hann segir, eða hlegið er að honum sjálfum. Þetta er okkur til skapraunar, sem viljum honum vel. Það er ekki ókunnugt, að hv. þm. V.-Sk. hefir tilhneigingu til þess að líta á sjálfan sig sem nokkurskonar Cicero eða Palmerstone.

Ég læt mér það í léttu rúmi liggja, sem hann vék að mér af persónulegum hnútum og lítilsvirðingarorðum um flokkaskipti mín og skoðanaskipti. Ég geri ráð fyrir, að einhverjum öðrum henti það en hv. þm. V.-Sk. að drótta að mönnum skoðanaskiptum. Hann lætur nú ekkert tækifæri ónotað til þess að rétta hlut guðskristninnar í landinu; ég er ekki viss um nema þessu hafi verið á annan veg farið. Hvort það er vond samvizka, sem gerir hann nú einkum að talsmanni trúar og siðgæðis, skal ég ekkert um segja, en ég ætla að gera ráð fyrir því, að það sé ekki af neinni umhyggju fyrir því, að kosningar fari fram í öðru lífi, að hann hefir helgað sig kirkjunnar málefnum, enda væri nú verklag á því, ef hann ætti að stjórna þeim hlutum.

Þá gerði hv. þm. að umræðuefni erindi, sem ég flutti nýlega í útvarpið eftir tilmælum útvarpsráðs, en hafði áður flutt í Danmörku, og færði hann það ekki allskostar á betri veg. Ég tók það fram um þetta erindi, að það væri með öðrum hætti samið en þau, sem ég annars flytti í útvarpið, fyrir þá sök, að ég hefði verið beðinn að segja þetta sem innlegg í raunverulegu deilumáli, sem var ofarlega á baugi. Þó að hv. þm. V.-Sk. virðist ekki vita það, þá er það svo, að til eru útvörp víðsvegar um heim, þar sem beinlínis er unnið að því, að deilumál geti borið á góma og rökræður farið fram um mál, sem áður hefir verið *fjallað* um í útvarpi eða blöðum.

Þá vildi hv. þm. rangfæra orð mín; hann sagði, að ég hefði gefið í skyn, að ég hlustaði á allar útlendar fréttir. Þetta sagði ég aldrei, og þetta nær vitanlega engri átt. Ég sagði, að ég hefði gert mér far um að ná fregn frá Róm í sambandi við þetta ákveðna mál. Ég skal upplýsa hv. þm. V.-Sk. um það, að Róm útvarpar á ensku og þýzku á hverjum degi og endar með kennslu í ítölsku, svo að ef þessi hv. þm. vill fara að mennta sig í ítölsku, þá getur hann *byrjað að læra ítölsku þar; en ef þekking* þessa hv. þm. á útvarpsmálum nær ekki lengra en það, að hann haldi, að þarna sé ekki útvarpað á öðrum málum en ítölsku, þá væri betur farið, að hann færi færri orðum um þessi mál. Mér er sama, hvort hv. þm. V.-Sk. trúir því eða ekki, að ég skilji ensku, en ef hans særðu og eymslafullu sál er einhver hugarfróun í því, að ég skilji ekki þetta tungumál, þá er það nauðavelkomið.

Það er ástæða til að vekja athygli á einu, sem hv. þm. sagði í ræðu sinni; það sýnir, að hann er ekki lengi að fetta fingur út í það, sem á að hafa verið sagt í útvarpinu, en hann viðurkenndi reyndar, að hann hefði ekki hlustað á þetta, en það vildi svo til, að hann heyrði það. Hvaða skynfæri eru það, sem þessi hv. þm. hefir, sem þannig eru úr garði gerð, að það vill svo til, að hann heyrir það, sem hann ekki hlustar á — og leyfir sér svo að hafa það eftir? Frá mannlegu sjónarmiði er þetta skynfæri slefberans. — Ég hefi ekki heyrt þessa slúðursögu, en mér finnst hún merkileg fyrir þá sök, að hún lýsir því, hvernig fengnir eru ýmsir sleggjudómar um mann, sem flytur fréttir um erlenda viðburði.

Ég verð að segja það, að mér er nákvæmlega sama, hvað hv. þm. V.-Sk. vill gera úr því, sem um mín erindi kann að hafa verið ritað í öðrum löndum, en hvað eftir annað leyfði hann sér að rugla saman því, sem ég kann að hafa ritað í Alþýðublaðið, og því, sem ég hefi sagt í útvarpinu, en hann hefir ekkert leyfi til slíks. Þetta er honum líkt, og engum samboðið nema þessum hv. þm.

Þessi hv. þm. gerði mikið spott að því, sem ég

hefði sagt um biskupinn af Valladolid, en frásögnin um þennan biskup hefir orðið til þess að varpa ljósi yfir málið, hvernig þessi hv. þm. og hans nótar vilja láta segja frá almennum tíðindum. Þetta bar þannig að, að biskupinn var drepinn á einum stað og svo er farið að drepa hann aftur, en það eru bara alltaf þeir rauðu, sem drepa hann. Það er hin skipulagða hlutdrægni, sem krefst þess, að svona sé sagt frá, en það fæst ekki frá minni hendi að vera talsmaður að skipulagðri hlutdrægni, þegar skýrt skal frá almennum tíðindum.

Eins og gefur að skilja, hefi ég ekki á móti því, að þetta frv. fái að fara til n. og fái þá athugun, sem því hæfir, en ég geri ráð fyrir því, að þau rök, sem fram eru færð fyrir því, reynist því léttvægari, sem það er betur varið; ég býst við því, að þegar málið verður rannsakað til þrautar, þá þyki engin skynsamleg ástæða til að gera breyt. frá því, sem nú er.

Það er ekki fyrirkomulagið, sem virðist vaka fyrir hv. þm. V.-Sk.; hann þarf að svala skapi sínu á þeim mönnum, sem að þessum málum standa, og hann virðist hafa verið búinn að búa sig rækilega undir þetta, því að hann kemur með langa skrifaða ræðu, sem hann flytur til þess að svala skapi sínu á mér og e. t. v. til að gera mitt starf tortryggilegt.

Ég get sagt hv. þm. það, að hann mundi aldrei verða við óskum og kröfum um neitt það, sem nálgaðist hlutlausa, sanngjarna, skynsamlega og drengilega meðferð tíðinda. Þessi hv. þm. er of hysteriskur pólitikus til þess að skilja og greina það, sem er að gerast í kringum hann, og það, sem hann sér sjálfur. Það mun vera leitun á fólki eins og sumu íhaldsfólki, sem er jafngeðvont, ef þeir hlutir gerast ekki, sem það óskar; það má sjá það á andlitum sums íhaldsfólks, ef eitthvað hefir gengið betur fyrir uppreisnarmönnum á Spáni nýlega. Þessa lífsspeki virðist þessi hv. þm. hafa.

Þá lét hann sem ég hefði gert mig sekan um ósæmilega framkomu með því að skýra frá viðtali sem ég hafði átt við Valtý Stefánsson. Ég skýrði aðeins frá viðtali, sem okkur hafði farið á milli, og sé það svo, að það tilboð, sem ég gaf þessum ritstjóra, verið tekið alvarlegar, af því að frá því var skýrt í heyranda hljóði, þá skal ég vera jafngóður við ritstjórann eins og ég var á skrifstofu útvarpsstjóra og endurtaka þetta tilboð — og standa til ábyrgðar fyrir það: að Valtýr Stefánsson taki 12 blöð í röð af Morgunblaðinu frá síðastl. ári, hver sem hann vill, og ég skal færa sönnur á, að teknar hafa verið í blaðið fréttir, sem fréttastofan hefir flutt, án þess að hróflað hafi verið einu orði, en heimildarmerkjunum sleppt. Hvers vegna leggur Morgunblaðið það ekki á sig vegna sannleikans að kaupa fréttir annarsstaðar, þó að það kosti það 10-falt—15-falt móts við það, sem það fær þær hjá útvarpinu? Það er óstætt með þessa afstöðu hjá Morgunblaðinu, að nota sér vinnu fréttastofunnar ár eftir ár, en halda stöðugt uppi persónulegum svívirðingum á þá menn, sem þessi störf vinna.

Ég skal taka það fram hér, að í þessu efni hefir dagblaðið Vísir verið stórum betra, þó að hitt sé annað mál, að það telji sér skylt af pólitískum ástæðum að hreyta ónotum í fréttastofuna við og við. Ég skal geta þess, að til er annar maður, gamall kunningi, stórbóndi einn norðan úr landi, sem er álika geðgóður og hv. þm. V.-Sk., og þegar hann kemur í borgina, er hann líka orðinn fullur af galli og eitri, sem hann þarf að spýta úr sér, og lendir það þá helzt í Vísi, með sama vitinu á hlutunum og hv. þm. V.-Sk. segir um þessi mál.

*__Gunnar Thoroddsen__: Tilefni þessa frv. er, eins og skýrt hefir verið frá, ekki sízt óánægja landsmanna með fréttaflutning ríkisútvarpsins. Tilgangurinn með frv. er sá, að útvarpsnotendur fái meiri hluta í útvarpsráði og að val fréttamanna og annara starfsmanna verði á annan og betri veg en nú er.

Til þess að rökstyðja þessar ákúrur sjálfstæðismanna og mikils hluta þjóðarinnar um hlutdrægni útvarpsins er nauðsynlegt að gefa nokkur dæmi. — Hv. þm. V.-Sk. hefir flett svo rækilega ofan af fréttaburði hv. 9. landsk., að þess gerist ekki frekari þörf. Svör þessa hv. þm. við ákúrum hv. þm. V.-Sk. voru aðeins tvö; annað, að ræða hv. þm. V.-Sk. hefði verið þrungin af hysteri, en hin mótbáran var árás á Valtý Stefánsson fyrir fréttaþjófnað og heimildahnupl.

Hv. 9. landsk. hefir ekki gert minnstu tilraun til þess að hnekkja þeim ákúrum, sem allir vita, að eru sannar, að hann hafi á undanförnum 5 árum hagað öllum fréttaflutningi á þann veg, að hann hefir sýnt fullkomlega vítaverða hlutdrægni.

Ég tel ekki þörf á að ræða frekar starfsemi þessa manns við útvarpið, en ég vildi víkja að einum lið öðrum í dagskrá útvarpsins, sem ég hefi sjálfur rekið augun í. Ég skal þá fyrst geta þess, að síðastl. haust voru flutt þrjú erindi í útvarpið af einum gæðingi rauðu flokkanna, Ragnari Kvaran. Þetta var látið heita yfirlit yfir kosningar, sem farið höfðu fram á Norðurlöndum, en þessi erindi voru með þeim hætti, að þau voru ekkert annað en einhliða propaganda fyrir stjórnarflokkana í þessum þrem löndum.

Þá vildi ég lítillega minnast á einn útvarpsráðsmanninn, Jón Eyþórsson. Hann flytur erindi í útvarpið á hverjum mánudegi, sem hann kallar „um daginn og veginn", samsetning af pólitiskri hlutdrægni og nauðaómerkilegum þvættingi um daglega viðburði. Fyrir skömmu fóru fram í útvarpinu umræður ungra manna um stjórnmál. Eftir þessar umr. skýrði Jón Eyþórsson frá því í þessu tali sínu „um daginn og veginn", að það væri álit sitt og útvarpsráðs, að þessar umr. hefðu farið fram með öðrum hætti en til hafi verið ætlazt. Reglur útvarpsins hafi verið þverbrotnar og margir ræðumenn brotið í bága við almennt velsæmi. Vegna þess að félag það, sem ég stend að, átti frumkvæðið að þessum umr. og ber því að vissu leyti ábyrgð á því, að þær fóru fram, þá töldum við, sem að þessu félagi stöndum, ekki rétt að láta alla ræðumennina liggja jafnt undir þessum áburði. Við sendum því útvarpinu yfirlýsingu til birtingar. Þar var tekið fram, að þessar reglur hefðu aldrei

verið birtar fyrir ræðumönnunum; í öðru lagi, að fundarstjórinn, Vilhjálmur Þ. Gíslason, hefði aldrei áminnt neinn ræðumann, og ennfremur, að ef útvarpsráðið stæði á bak við þessi ummæli Jóns Eyþórssonar, þá skyldi það nafngreina þá menn, sem af sér hefðu brotið, en láta ekki alla liggja undir þessum áburði. Hver hafa nú verið svör útvarpsráðs? Félagið fekk bréf eftir nokkra daga, þar sem tekið var fram, að þessari yfirlýsingu væri neitað um birtingu. Það var ekkert tekið fram, hvers vegna þessu hefði verið neitað, heldur bara alger neitun.

Þá kom það fyrir í næsta fyrirlestri Jóns Eyþórssonar, að hann minntist á nýstofnað félag meðal sjálfstæðiskvenna hér í Reykjavík. Hann gat þó ekki skýrt frá þessu án þess að geta þess um leið, að óviðfelldið væri að stofna sérstök félög kvenna í þessum tilgangi. Hann notaði tækifærið þarna í útvarpinu til þess að agitera á móti þessari félagsstofnun.

Þá má geta þess, að þegar hann var að skýra frá nokkrum stjórnmálaviðburðum, þá átti hann ekki nógu glæsileg orð til þess að lýsa flokksþingi framsóknarmanna. Þessa vikuna var um ekkert annað rætt hér í bænum en þetta glæsilega flokksþing! — Það gerðist þó fleira þessa viku, m. a. það, sem ég ætla, að nokkuð a. m. k. hafi verið talað um í bænum, sem sé 10 ára afmæli félags ungra sjálfstæðismanna. Það mátti ekki minnast þess, en hann þurfti að segja, að flokksþing framsóknarmanna hefði verið svo mikils um vert, að ekki hafi verið um annað talað hér í bænum alla vikuna.

Það er ekki eingöngu hlutdrægnin, sem einkennir þetta fyrirlestrahald Jóns Eyþórssonar, heldur að það er nauðaómerkilegt, eins og t. d. þegar hann er að skýra frá lýsingum, sem hafi komið af honum og hans útliti.

Þegar ásakanir eru bornar fram á hendur útvarpinu, er öllu mótmælt af hendi stjórnarflokkanna; ég tel það því nauðsynlegt, eins og hv. þm. V.-Sk. hefir gert svo rækilega, að sýna fram á með glöggum dæmum, í hve mörgum tilfellum hafi verið beitt hlutdrægni hjá útvarpinu. — Það má fella þann almenna dóm um útvarpið, sérstaklega í seinni tíð, að fyrirlestrar þess og fréttaburður sé einn skipulagður áróður fyrir stjórnarflokkana hér á landi.

Það var minnzt á það í blöðunum fyrir stuttu, að komið hefðu fram óánægjuraddir út af útvarpinu í Bretlandi; það hafði verið talið hlutdrægt og kallað „rauða útvarpið“. Þann stutta tíma, sem ég dvaldi í Englandi, hlustaði ég á útvarpið, og ég verð að játa, að ég varð ekki svo mjög var við hlutdrægni þar; a. m. k. var það barnaskapur á móts við þann fréttaburð, sem hér á sér stað dag eftir dag. Ég held, að það væri meiri ástæða til að gefa íslenzka útvarpinu nafnið „rauða útvarpið“.

Ég býst ekki við, að hinar rökstuddu ásakanir á hendur útvarpinu fái mikinn byr hjá þeim flokkum, sem hér ráða í þinginu, en ég býst þó við — þar sem þeir kenna sig við lýðræðið —, að þeir kveinki sér við að neita þeirri sjálfsögðu kröfu, að útvarpsnotendur fái aukin yfirráð um stjórn þessara mála og ráði meiri hluta útvarpsráðs.

*Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Ég ætla ekki að blanda mér mikið inn í umr., en þó verð ég að segja nokkur orð út af því, sem síðasti hv. ræðumaður sagði. Hann minntist á þá starfsemi, sem Jón Eyþórsson heldur uppi við ríkisútvarpið, og vildi færa það sem röksemd fyrir því, að þetta frv. væri rétt, að sú starfsemi væri pólitískt hlutdræg. Hann minntist á nokkur atriði, sem ættu að sýna þetta, t. d. að Jón Eyþórsson hefði skýrt frá því í þessu tali sínu „um daginn og veginn“, að mikið hafi verið talað um flokksþing framsóknarmanna þá viku, sem það stóð yfir hér í Reykjavík. Ég hygg, að engum blandist hugur um, að það sé rétt, sem Jón Eyþórsson hefir sagt. Hinsvegar minntist þessi hv. þm. á það, að ekkert hefði verið getið um afmæli Heimdallar í frásögn þessa sama manns. — Þetta er rangt. Ég hefi góðar heimildir fyrir því, að það hefir verið getið um það afmæli í frásögn þessa sama manns. Hann meira að segja byrjaði á að segja frá því, segir sá hv. þm., sem grípur fram í.

Mér finnst, af því, sem þessi hv. þm. og hv. þm. V.-Sk. hafa sagt, að hér sé um meiri eða minni hysteri að ræða, sérstaklega var þetta áberandi hjá hv. 11. landsk., því að það sjá allir, að í því er engin heil brú, að halda því fram, að Jón Eyþórsson hafi á hendi pólitíska starfsemi á ábyrgð útvarpsráðs.

Skv. því frv., sem hér liggur fyrir, á að kjósa 4 menn í útvarpsráð með almennri kosningu, en Alþ. á að kjósa þrjá; vitanlega yrði sú kosning pólitísk. — Þetta sker úr um það, að flm. trúa því ekki, að þetta frv. verði til þess að bæta úr, heldur er það aðeins flutt til þess að fá tækifæri til þess að nöldra um þetta mál hér í sölum Alþ. — Það virðist vera í mesta máta einkennileg röksemdafærsla hjá hv. 11. landsk., að halda langa ræðu til þess að sanna, hvað útvarpsráðið sjálft sé hlutdrægt, en láta sér þó detta í hug að geta með þessu fyrirkomulagi útilokað pólitík. Sannleikurinn er sá, að hjá öllu sanngjörnu fólki er það álit, að útvarpið sé hlutlaust, og það er staðreynd, sem ekki þýðir að mæla í gegn, að því er bezt trúað, sem sagt er í útvarpinu; en þegar sjálfstæðismenn eru hér að tala um hlutdrægni, þá er það sumpart sprottið af pólitískri móðursýki, og sumpart af löngun til þess að ná sér niðri á einum manni, sem starfar að þessum málum, sem er 9. landsk.

*Sigurður Kristjánsson: Ástæðan fyrir því, að ég kvaddi mér hljóðs, var sú, að mér blöskraði alveg að heyra þau örökstuddu illyrði, sem hv. 9. landsk. lét dynja yfir Morgunbl. og gerði jafnframt að árásarefni á Sjálfstfl. Ég vil í þessu sambandi upplýsa þetta mál dálítið. — Það er ekki ár síðan að útvarpsfréttaflutningurinn var beinlínis tekinn af blaði þess flokks, sem hv. 9. landsk. tilheyrir, en þessi hv. þm. er svo að tala um, að útvarpinu hafi þótt blöðin fara óráðvandlega með fréttirnar. Svipað var gert við Nýja dagblaðið, en það brást svo skynsamlega við, að það afsakaði sig, en blað hv. 9. landsk. var eins og vant er með skæting og illyrði, en varð þó að beygja sig að lokum, en þessi ágreiningur reis út af því, sem í sjálfu sér má telja lítilfjörlegan hlut, að þess var ekki látið getið,

að fréttirnar, sem blöðin fluttu, væru útvarpsfréttir. Nú hefir það verið svo, að Morgunbl. hefir haft bæði fréttir frá útvarpinu og eins mjög mikið af einkaskeytum frá útlöndum, og þegar þau hafa verið um sama efni, þá hefir það þótt aðgengilegra fyrir lesendur að fella fréttirnar saman, og hafði Morgunbl. gert þetta á tímabili, en ætíð gætt þess að geta þess við hvað eina, frá hverjum fréttin var tekin, en á sama tíma var fullt af útvarpsfréttum í blöðum stjórnarflokkanna, þar sem þess var alls ekki getið, að fréttirnar væru frá útvarpinu.

Það er takmarkalaus ósvifni, að hv. 9. landsk., með sekt sinna flokksmanna í eftirdragi, skuli leyfa sér að koma með aðra eins ásökun og hann gerði í garð þess blaðs, sem er langheiðarlegast í þessu efni, og ég fullyrði, að er svo heiðarlegt, að því mundi aldrei detta í hug að falsa einn staf í nokkurri frétt, en ég veit, að það er þetta, sem er þyrnir í augum manna eins og hv. 9. landsk. Það er vitað, að Morgunbl. hefir alveg sérstakar, strangar reglur um það, að ætíð sé farið sem réttast með það, sem í blaðinu stendur. En hitt er annað mál, þó að blaðið eigi mjög erfitt með að bera ábyrgð á því, sem það fær aðsent, og þar standa öll blöð jafnt að vígi. En að talsmaður þess málgagns, sem hefir dregið blaðamennskuna svo djúpt niður í saurinn, að slíkt hefir aldrei nokkurn mann á Íslandi dreymt um, skuli leyfa sér að koma fram með vandlætingu um fréttaflutning annara blaða, það keyrir fram úr öllu hófi.

Fyrst ég á annað borð stóð upp, er rétt, að ég fari dálítið inn á þetta frv. Ég skal fyrst og fremst taka það fram, að það eina, sem ég get verið hv. 9. landsk. sammála um, er það, að hann búist við, að ákvæði frv. reynist því lélegri, því nánar sem þau verði athuguð, til þess að bæta úr þeim ágöllum, sem ætlazt er til; ég er hræddur um, að frv. nái ekki að bæta úr þeim ágöllum til fulls, sem nauðsynlegt væri, en hitt er annað mál, að mér þykir líklegt, að þetta frv. geti einhverju áorkað og því sé rétt að styrkja það, en mig undrar það, að hv. 9. landsk. og hæstv. fjmrh. skuli halda því fram, að útvarpið sé ópólitískt og óhlutdrægt. Ég held, að það sé alkunnugt, að útvarpið er að öðrum þræði yfirleitt talið vera flokksútvarp. Og það er ómögulegt að ætlast til þess, að einn maður, eins og útvarpsstjóri, geti við slíkt ráðið til fulls, en það er öllum kunnugt, að útvarpið er svo hlutdrægt, að það er algerlega óþolandi. Ég get nefnt ýmislegt þessu til sönnunar; t. d. hefir það verið regla, að einn pólitískur flokkur hér á landi fær útvarpið til afnota, part úr degi á hverju ári, til þess að flytja mönnum pólitíska trú sína; það er Alþfl. Það hafa verið fluttar margar ræður og útmálað ágæti stefnunnar og talið upp, hvað þessi flokkur sé mikill umbótaflokkur og geri landi og lýð mikið gagn, og hve hann ryðji sér til rúms. Ég hefi farið fram á það f. h. míns flokks, að hann fengi á landsfundi sínum afnot af útvarpinu í eina klukkustund, til þess að flytja ræður, en þessu hefir verið stranglega neitað. Hvað sýnist mönnum um þetta? Einn landsmálaflokkur í landinu, sem er meðal þeirra minni, getur fengið útvarpið til afnota einn dag til þess að útbreiða sínar kenningar, en stærsta stjórnmálaflokki landsins er neitað um einn klukkutíma.

Það er ekki hægt að telja upp allt, sem ber vott um flokkslegt útvarp, en ég vil þó minna á eitt tilfelli enn. Það kemur fram í útvarpinu einhver persóna — ég man ekki, hvort það var karl eða kona —, sem flytur erindi um kommúnismann og viðhorf hans til trúarbragðanna; ég hlustaði að vísu ekki á erindið, en ég undrast, að útvarpið skyldi ljá manninum hljóð til þess að flytja kenningar kommúnista. Mér datt í hug að fara til útvarpsins og biðja það um leyfi til þess að flytja erindi um sjálfstæðisstefnuna og viðhorf hennar til mannúðarmála. Ég það ekki um leyfið, því að ég vissi vel, að því yrði harðlega neitað.

Þar sem ræða hv. 9. landsk. fjallaði mikið um fréttaflutning frá Spáni, skal ég geta þess, að ég var á ferð í sumar um tíma, og hvar sem ég kom, var um það talað eins og sjálfsagðan hlut, að Spánarstyrjöldinni væri að verða lokið. Sumir sögðu, að henni yrði lokið eftir 24 tíma, en aðrir sögðu eftir 48 tíma; og þegar ég spurði, hvaðan þeir hefðu þessar fréttir, sögðust þeir hafa þær frá útvarpinu. Ég skal nú ekkert um það segja, hvort ég vilji heldur, að rauða samfylkingin á Spáni eða þjóðernissinnar sigri, en ég er viss um, að sá, sem fréttirnar flutti, hefir viljað láta þá rauðu sigra, og þess vegna hélt fólkið, að stríðið yrði búið eftir nokkra klukkutíma. Ég vil bæta því við, að ég hefi sjálfur komizt í kast við útvarpið um fréttaflutning, og ég hefði ekki trúað því, að mér mundi ganga eins erfiðlega og mér gekk að fá flutta fundargerð frá þing- og héraðsmálafundi í Norður-Ísafjarðarsýslu. Það var alltaf eitthvað að, ýmist voru það formgallar, vantaði fundarstjóra eða flokksformann, skrifara eða eitthvað annað, til þess að birta mætti þessa fundargerð eða eitthvað úr henni, svo að þetta féll niður. Næsta ár var ég svo beðinn að koma á framfæri fundargerð, svo að ég fór aftur á stúfana. Mér var tekið ákaflega elskulega, menn virtust vilja allt fyrir mig gera, eins og þeir ættu í mér hvert bein, og svo kom okkur saman um, hvað mætti sneiða af þessu, en svo þurfti endilega að sneiða enn meira af þessu, og þegar ég sá það, var ég ekki ánægður með, á hvern hátt það var gert. Á þessum fundi var t. d. minnzt eitthvað á búnaðarmálastjórann, sem þá var, Sigurð Sigurðsson, sem þá var á ferð um sumarið og hafði gert þar mikið fyrir ræktunarmálin, og fundurinn hafði samþ. að færa Sig. Sigurðssyni þakkir fyrir hans mikla starf í þágu ræktunarmálanna. En það stóð þá svo illa á, að um þær mundir var háð pólitískt stríð um það, hver skyldi verða búnaðarmálastjóri, svo að þegar ég fæ það, sem átti að birta af fundargerðinni, þá var búið að strika þessa tillögu út. Ég spurði útvarpsstjóra, hverju þetta sætti; hann sagði, að þetta væri fjarstæða. Síðan fór ég til fréttamannsins, og svo las hann upp og felldi niður þessa tillögu með blygðunarleysi.

Ég ætla svo að minnast á eitt atriði út af ræðu hv. 9. landsk. Um leið og ég fullyrði, að útvarpið sé mjög litað pólitískt, þá vil ég sízt af öllum undanskilja hann. Ég hlusta sjaldan á útvarpið, en oftast, ef ég get, á útlendu fréttirnar, — ekki

þó fyrir þá sök, að ég haldi, að þær séu ólitaðar, heldur af því, að ég get ef til vill að nokkru leyti komizt að sannleikanum gegnum þær.

Ég man eftir einu erindi, sem þessi hv. þm. flutti í útvarpið; það var um morðöldina í Rússlandi. Þeir þurftu þess með, Rússarnir, að einhverjir stæðu með þeim, því að jafnvel Alþýðubl. var farið að blöskra blóðsúthellingarnar og hin vafasömu réttarhöld. Þá var þessi hv. þm. nýkominn frá Danmörku, þar sem hann hafði verið að leita sér upplýsinga í trúarefnum. Í þessu erindi sínu reyndi hv. þm. að gera það skiljanlegt, að það gæti vel verið eftir ósk mannanna sjálfra, að þeir voru teknir af lífi, því að það væri einskonar svölun fyrir þessa menn að vera drepnir, og hann virtist vera búinn að finna út, hvernig á þessu stæði; þetta væri trúarbragðakennd, því að Lenin og Stalin væru svo miklar persónur, að menn gætu vel fengið svölun í því að deyja fyrir þá. Þess vegna væri það ósk þessara manna að verða drepnir, og það sem allra fyrst. Mér þótti þetta hæpin skýring, sérstaklega af því, að maðurinn, sem var að láta taka þessa menn af lífi, stóð ljóslifandi fyrir framan þá með blóðugar hendur. Það er ekki mörg þús. ára gamall átrúnaður.

Áður en ég lýk máli mínu, skal ég ennfremur geta þess, að hvort sem ég eða aðrir sjálfstæðismenn koma með fréttir frá sínum flokksmálum í útvarpið, þá verður að stikla þar á línu, því að útvarpið gætir þess að taka ekkert, sem á nokkurn hátt gæti falið í sér „agitation", og út á það væri í sjálfu sér ekkert að setja, ef þetta gengi jafnt yfir. En ég held, að ég fari ekki rangt með það, að þegar einn af starfsmönnum útvarpsins var að skýra frá þingi framsóknarmanna hér, þá þuldi hann upp einskonar kosningaávarp frá þessari samkundu. Það þarf að sjálfsögðu ekki að efast um, að slíkt hefði ekki verið gert, hefði Sjálfstfl. átt hlut að máli. Ég skal endurtaka það, að ég hefi ekki mikla trú á því, að þeir gallar, sem eru núna á fréttaflutningi útvarpsins, verði leiðréttir, meðan að því standa þeir stjórnmálaflokkar, sem með völdin fara í landinu. Mér finnst koma fram í útvarpinu miklu minni siðspilling heldur en hjá þeim flokkum, sem nú sitja við stýrið. Þó að ég hiki ekki við að fullyrða, að útvarpið sé að öðrum þræði hreinpólitískt, og þó að ég hiki ekki við að fullyrða, að fjöldi þeirra erinda, sem flutt eru í útvarpinu, sé að yfirlögðu ráði litaður með allskonar rauðum stefnum, þá er þó langt því frá, að það jafnist nokkuð á við framferði ríkisstj. og hennar verk.

Ég er sannfærður um, að þessir gallar á útvarpinu lagast ekki fyrr en við höfum fengið betur siðaða stjórn í landinu en þá, sem við höfum nú.

*Gísli Sveinsson: Herra forseti! Það er alls ekki, að þessi aths., sem verður að vera stutt, sé til þess að bera af mér sakir, því að ef sakir hafa verið á mig bornar af hv. 9. landsk., þá eru það ómerk orð, sem ég tek ekki sem meiðandi. Það gladdi mig að heyra, að hæstv. fjmrh. tók þannig í strenginn, sem hann gerði. Það sýnir, að þetta kemur við kaunin á fleiri mönnum innan stjórnarflokkanna en þeim, sem eru á vegum útvarpsins. Það er vel, því að eins og hv. 6. þm. Reykv. hefir tekið fram, er þetta allt í sameiningu hvað við annað, vísvitandi og óafvitandi, áróðurinn í útvarpinu og stjórnarfarið í landinu; þetta er gert í þágu þessara stjórnarflokka, og það hefir hæstv. ráðh. játað. Hinsvegar er það ofmælt hjá honum, eins og oftast er, þegar hann talar og gætir þess ekki, að hans barnaskapur er ekki sama og skoðun almennings, að útvarpið sé viðurkennt að vera hlutlaust. Hann hefði átt að heyra, þó ekki væri nema það, sem sagt hefir verið innan þingsins, því að einhverju leyti verður hann að virða þingmennskuna. Þar sem því hefir verið haldið fram af heilum flokki í þinginu, að útvarpið væri hlutdrægt, þá getur það ekki verið almennt viðurkennt hlutlaust. Það getur verið skoðanamunur um það, hversu langt hafi verið gengið í einstökum tilfellum, og eins hversu langt megi ganga.

Ég hefi í rauninni engu frekar til að svara hv. 9. landsk. Þessi æsingagarpur var nú orðinn æðimáttlaus; vindurinn er rokinn úr belgnum, svo að ekki er þörf á að stinga frekar á, en þar sem hann var að tala um, að það væri mikill ljóður á ráði mínu, að ég hefði horfið aftur til kirkjunnar, þá vil ég segja, að það er einkennileg yfirlýsing á sama tíma sem hann er að búa sig undir að komast inn í háskólann til þess að uppala þjóðina. Hann ætti frekar að gleðjast yfir þessu. Þetta sýnir, hvað það er í rauninni andstætt þessum manni að taka að sér starf eins og kennarastarf við háskólann; það er allt á sömu bókina lært, það er einskonar „spekulation".

Ég vil geta þess viðvíkjandi þeirri persónu, sem ég átaldi fyrir að hafa skeikað á óheppilegum stað og tíma að því er snertir efnið í þessari barnafræðslu, að ég hlustaði ekki á þetta, og geri það ekki nema ég fyrirfram viti, að eitthvað hafi verið auglýst, sem mig langar til að heyra. Mönnum, sem eiga börn, er ekki sama, hvað sagt er við börnin. Hv. 9. landsk. á líka börn, og hann hefir vafalaust þær tilfinningar líka í einhverjum mæli.

Hv. 9. landsk. talaði um blöðin í þessu sambandi; hann leggur að líku pólitískt einhliða flokksblað og útvarpið. Hann hefir tekið stöðu sína í ríkisútvarpinu eins og hann væri að skrifa í Alþýðublaðið.

Það er ekki ófróðlegt að skjóta því inn í, að þegar hv. þm. var að lasta með hrópyrðum, svo að hann var áminntur úr forsetastóli, blað, sem tilheyrir ákveðnum stjórnmálaflokki, með orðbragði, sem hann tók aftur í næstu ræðu sinni, þá er einkennilegt að bera það saman við þá umsögn, sem útvarpsstjóri hefir látið frá sér fara um blöðin. Hann hefir ekki áfellzt neitt blað, og það eru til ummæli frá honum til ritstjóra Vísis, þar sem því er lýst yfir, að Vísir sé eina blaðið, sem fari fullkomlega heiðarlega með fréttir útvarpsins. Skeiki að einhverju leyti heiðarleikurinn í meðferð þessara frétta blaðanna frá útvarpinu, þá er það ekki, eftir því sem þessi maður segir, sem bezt veit um þetta, Morgunblaðið eitt, svo að hér hefir hv. 9. landsk. hlaupið nokkuð á sig, ef hann ætlar að tala fyrir hönd útvarpsins það, sem hann ber hér fram sem ákæru á hendur Morgunbl.

Ég skal nú ekki hafa þessa aths. lengri. Í mínu máli hefir komið fram það, sem þurfti, og þó ég hafi ekki haft ræðu mína skrifaða, þá hefi ég hér skrifaða punkta, staðreyndir, sem komu fram í útvarpinu frá ýmsum mönnum, og svo framarlega sem handritin að þessum erindum eru til, er hægt að ganga úr skugga um, að þessar staðreyndir, sem ég hefi bent á, eru réttar.

*Héðinn Valdimarsson: Mér virðist af þeim dæmum, sem þeir hafa tekið hér, hv. þm. V.-Sk., hv. 11. landsk. og hv. 6. þm. Reykv., að það sé í raun og veru ekki mjög mikið við útvarpsstarfsemina að athuga. Hv. þm. hafa að vísu viðhaft mörg orð og stór, en þegar dæmin eru tekin og athuguð, verður furðu lítið úr þeim. Ég ætla þó að minnast á fáein atriði til viðbótar því, sem sagt hefir verið. Hv. 11. landsk. minntist á, að það kæmi sérstaklega fram hlutdrægni hjá Jóni Eyþórssyni, er hann talaði um daginn og veginn, eins og t. d. þegar hann minntist á stofnun stjórnmálafélags kvenna innan Sjálfstfl.; hefði hann farið um það eitthvað niðrandi orðum og ekki talið slíkan félagsskap viðeigandi. Ég veit ekki betur en þetta sé alrangt. Það, sem Jón Eyþórsson gerði í erindi sínu, var ekki annað en það, að leggja þá spurningu fyrir útvarpsnotendur, hvort þeir teldu rétt að hafa sérstök stjórnmálafélög fyrir kvenfólk. Þetta er atriði, sem vel er fallið til þess að fólk geri sér grein fyrir því og láti skoðun sína í ljós. Það getur fleirum komið til hugar en sjálfstæðismönnum að stofna kvenfélög til fylgis við ákveðna stjórnmálaflokka; þetta er aðeins skipulagsatriði, eða ef til vill að nokkru leyti mannréttindaatriði, hvort rétt er að hafa sérstök stjórnmálakvenfélög, eða hvort kvenfólkið á að vera jafnrétthátt innan hinna almennu stjórnmálafélaga. Jón Eyþórsson gat þess í útvarpinu við umrætt tækifæri, að það væri á engan hátt tilætlunin að leggja dóm á, hvort þetta væri rétt eða rangt, heldur aðeins að fá útvarpsnotendur til þess að láta í ljós skoðun sína um það, eins og margt annað, sem vel er til þess fallið að vekja umhugsun manna. Umkvörtun hv. þm. ber því aðeins vott um, hvað hörundssárir sjálfstæðismenn eru. Það getur vel verið, að þeim sjálfum finnist eitthvað undarlegt við það að stofna sérstök stjórnmálafélög kvenna.

Hvað snertir umræður æskulýðsfélaganna í útvarpinu, þá hygg ég, að menn úr flestum eða öllum flokkum hafi verið óánægðir með þær. Hvað þýðir að vera að hafa sérstakar stjórnmálaumræður fyrir æskulýðsfélögin, nema þá um þau mál, sem sérstaklega snerta æskulýðinn eða um starfsemi æskulýðsfélaganna? Hvers vegna á frekar að hafa sérstakar stjórnmálaumræður um almenn mál fyrir fólk á aldrinum 20—30 ára, heldur en t. d. aldrinum 40—50 ára. Eins og þessar umræður fóru fram síðast voru þær aðeins léleg eftirmynd almennra stjórnmálaumræðna. Ég býst ekki við að það hafi neitt bætt til um skipun þessa máls afskipti „Heimdallar", sem kallar sig félag ungra manna, en nær allt að 35 ára aldri. Hvaða æskumenn eru þeir hv. 11. landsk. og hv. þm. Snæf., sem tróðu upp fyrir Sjálfstæðisflokkinn við umræður æskulýðsfélaganna? Eða hæstv. fjmrh. Ég held að þessir menn þurfi ekki neinn sérstakan vettvang fyrir æsku sakir. Séu sérstakar umræður hafðar fyrir æskulýðsfélögin eiga þær að vera um þeirra sérstöku mál, en ekki til þess að láta hálfgamla menn tala um almenn stjórnmál?

Þá var það held ég hv. 6. þm. Reykv., sem talaði um, að Alþfl. fengi einn dag á ári að koma fram í útvarpinu. Það er nú mín skoðun, að stjórnmálaflokkarnir ættu að geta komið meira fram hver út af fyrir sig í útvarpinu, til þess að gera ýtarlega grein fyrir stefnu sinni og starfsemi. En það er ekki rétt, að Alþfl. hafi fengið sérstakan dag í því skyni, heldur eru það verkalýðssamtökin í landinu, sem 1. maí hafa til umráða að nokkru leyti, og það, sem talað er um stéttarmál verkalýðsins, er nokkuð annað en umr. um hin pólitísku dægurmál, sem uppi eru á hverjum tíma. Mér finnst, að ójöfnuðurinn keyrði úr hófi, ef verkalýðsfélögin mættu ekki hafa einn einasta dag á ári til þess að skýra frá sinni starfsemi, þegar önnur stéttarsamtök í landinu fá tíma í útvarpinu jafnvel í hverri viku, eins og til dæmis Búnaðarfélagið. 1. maí er eini dagur ársins, sem verkalýðssamtökin hafa umráð yfir að nokkru leyti.

Það, sem mér þykir að fréttaflutningi útvarpsins, er það, að mér finnst stundum innlendu fréttirnar verða ranglátar á þann hátt, að útilokað er ýmislegt, sem koma ætti fram, fremur heldur en hitt, að rangt sé sagt frá. Mér finnst útvarpið ganga of langt í því að hindra pólitíska flokka frá að skýra frá sínum málum á eigin ábyrgð. Þeir geta frá mörgu skýrt, án þess í því þurfi að felast beinn áróður.

Það er vitanlegt, að ef Alþfl. réði þessum málum, þá yrði margt öðruvísi heldur en Morgunblaðsliðið vill hafa. Það þarf ekki annað en sjá, hvernig Morgunbl. tekur þeim fréttum, sem teknar eru frá hinum nasistiska heimi; þar er eins og það hafi himin höndum tekið. Enda er það vitanlegt, að þó Sjálfstfl. kalli sig lýðræðisflokk, þá er hann ekki annað en nasistiskur flokkur í sterku sambandi við þýzka nasista, og ef hann ætti að ráða, sem auðvitað aldrei verður, mundi hann auðvitað nota útvarpið til samskonar fréttaflutnings eins og blöð flokksins nú.

*Sigurður Einarsson: Viðvíkjandi því, sem hv. 6. þm. Reykv. sagði um eitt af erindum þeim, sem ég hefi flutt í útvarpið, vil ég upplýsa það, að þetta erindi var prentað orðrétt eins og ég flutti það og birtist í Alþýðubl. nokkru seinna. Menn geta því sjálfir fullvissað sig um, að það var engan veginn rétt með farið, sem þessi hv. þm. vitnaði til mínna orða. Hefði mér heldur aldrei getað komið til hugar að segja eins fáránlega vitleysu eins og hann vildi gera að mínum orðum.

Þá er það viðvíkjandi ræðu hv. þm. V.-Sk., sem ég vildi hafa leyfi til að gera nokkrar aths. Það er nú nokkuð dottinn úr honum móðurinn, og er því sýnilegt, að hirtingin hefir haft góð áhrif á hann. En annaðhvort fyrir óvitssakir eða illvilja þurfti hann að misskilja orð mín um skoðanaskipti hans. Ég var hvorki að láta í ljós hryggð eða gleði yfir því, þó hv. þm. virðist hafa

snúizt til betra hugarfars frá æsku sinni; slíka hluti þakka menn guði í hljóði, ef mönnum finnst ástæða til, en vitna ekki um þá í þingsölum. Það var bara af því að hann var að sletta til mín út af skoðanaskiptum mínum, sem ég vildi minna hann á, að ég býst við því, að hans skoðanaskipti hafi stafað af því, að hann hafi talið sig finna betri og réttari skoðanir heldur en hann hafði áður. Þetta var þungamiðjan í orðum mínum, en ekki hitt, hvaða tilfinningar ég eða aðrir kunna að bera í brjósti í sambandi við sinnaskipti hans. Allt slíkt er privatmál hinna trúuðu og guðs þeirra.

Það getur verið, að hv. þm. finni ástæðu til að gera mikið úr því — og ég mun ekki heldur gleyma því strax —, að hæstv. forseti fann ástæðu til að víta mig fyrir orðbragð hér í d. áðan. En það var ekki af því, að ég tæki of djúpt í árinni. Það er nefnilega ekki hægt að tala um staðreyndir við ritstjóra Morgunbl., þó maður noti vægustu orð tungunnar um athæfi þeirra, án þess forseti finni ástæðu til að víta menn fyrir að láta þau sér um munn fara í þingsölunum. Orð mín um Moggatetur mun ég standa við hvar sem er, og ég vil endurtaka tilboð mitt til Valtýs Stefánssonar, að hann komi með tólf blöð af Morgunbl. og láti þau vitna um heiðarleik í notkun útvarpsfrétta, eða teljist ómerkur maður ella.

***Jóhann Jósefsson:** Ég býst við, að flestir hv. þm. hafi tekið eftir því, að það er farið að verða nokkuð áberandi, hvað hv. 2. þm. Reykv. notar öll möguleg tækifæri til þess að kalla aðra flokka nasistiska flokka og undirstrika það, að andstæðingar hans séu yfirleitt einræðissinnaðir. Þetta vekur grun um, að hv. þm. sé nokkuð annt um að leiða athyglina frá sjálfum sér, enda er það ekkert undarlegt, því samkv. lundarfari sínu og skapgerð og yfirleitt allri opinberri framkomu, er áreiðanlega enginn innan þessara veggja, sem hefir í sér eins mikið af einræðisherranum eins og einmitt þessi hv. þm. Er ekki einmitt hv. 2. þm. Reykv. að skipuleggja það félag, sem hann er valdamestur í, á þann veg, að valdið færist yfir höfuð í mjög fárra manna hendur, og að því er sagt er að miklu leyti í hendur þessa hv. þm. Það getur vel verið, að hv. þm. meini allt gott með einræði sínu yfir þessu fjölmenna verkalýðsfélagi, en það er vissara fyrir hann að tala varlega um einræðiskenndir og einræðistilhneigingar hjá öðrum flokkum, þegar það er opinbert, að hann stefnir beint í einræðisáttina með þann félagsskap, sem hann ræður mestu í.

Það hafa gengið hér miklar umr., og er sízt á sumt af því bætandi. Ég hélt satt að segja, að það þyrfti ekki að færa eins mörg rök að því opinberlega hér í d. eins og gert hefir verið, að útvarpið er hlutdrægt. En það er nú búið að því, svo að þar þarf ekki við að bæta. Það er á meðvitund allra landsmanna, að útvarpið er ákaflega hlutdrægt og sleitulaust notað í þarfir núv. stjórnarflokka.

Annars stóð ég upp vegna ræðu hæstv. fjmrh. Hann taldi frv. það, sem hér liggur fyrir, fram komið til þess að skapa tækifæri til að ræða hér um útvarpið og rekstur þess. Meðal annars viðhafði hann þau orð, að hér virtist helzt mótbursýki eða eitthvert þesskonar „hysteri" á ferðinni hjá þeim, sem tala um það, sem aflaga fer hjá útvarpinu. Ég vil í þessu sambandi beina einni fyrirspurn til hæstv. fjmrh. Það hefir verið sannað hér af einum flm. frv., án nokkurra mótmæla frá þeim, sem í hlut á, að m. a. hafi hlutdrægnin hjá tíðindamanni útvarpsins í yfirlitserindum um erlenda viðburði gengið svo langt, að hann hafi borið upp á tvær viðskiptaþjóðir okkar Íslendinga, að þeir fölsuðu staðreyndir og mundu helzt ætla sér að ráða niðurlögum viðskiptaþjóða sinna, þar á meðal Íslendinga, með viðskiptasamningum. Ég vil nú beina þeirra fyrirspurn til hæstv. ráðh., hvort hann finni enga ástæðu til að gera aths. við svona gálaus ummæli ríkisútvarpsins í garð vinveittra þjóða. Hér er um tvær þjóðir að ræða, sem taka á móti vörum frá okkur fyrir fleiri millj. króna, að miklu leyti vörutegundum, sem við getum ekki selt annarstaðar. Ef sá hæstv. ráðh., sem viðhefir þau orð, að hér sé aðeins um „hysteri" að ræða, er þeirrar skoðunar, að þetta sé algerlega hættulaust fyrir almenning, þá lítur hann vissulega öðruvísi á það, hvernig koma eigi fram við vinveitta þjóð, heldur en yfirleitt er gert af ríkisstjórna hálfu. Ég fullyrði það, að ríkisstjórnir annara landa, t. d. hinna Norðurlandanna, hafa ólíkt betri gætur á, að blöð — svo ég tali nú ekki um útvarp — þeirra landa séu ekki notuð á þann veg, að það stefni beint til þess að spilla fyrir góðu samkomulagi við viðskiptaþjóðirnar, heldur en hér er gert. Það er svo þýðingarmikið fyrir okkar afkomu, hvernig sambúðin er við aðrar þjóðir, að ég tel það furðulegt í hæsta máta, ef ábyrgur ráðh. hér á Íslandi telur það ekkert annað en „hysteri" og óþarfa aðfinningar, að slíkt og þvílíkt framferði ríkisútvarpsins og manns í opinberri þjónustu er dregið hér fram í dagsljósið. Ég óska, að hæstv. ráðh. gefi skýr svör við því, hvort honum og ríkisstj. þykir þetta viðeigandi framferði, og í öðru lagi, hvort hann álítur það heppilegt fyrir þjóðina.

***Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Ég skal reyna að vera stuttorður, þar sem fundartíminn er á þrotum. Ég ætla fyrst að víkja að orðum hv. 6. þm. Reykv. Hann nefndi til dæmis um hlutdrægni Jóns Eyþórssonar, að hann hefði snarazt til að lesa upp í útvarpið nokkrar klausur úr samþykktum flokksþings framsóknarmanna, sem verið hefðu einskonar kosningaávarp. Þegar Jón sagði frá þessum samþykktum, lét hann þess getið, að hann hefði á sama hátt sagt frá flokksþingi Alþfl. í haust. Nú hefir Sjálfstfl. ekkert flokksþing haft síðan farið var að flytja þessi erindi um daginn og veginn, annars hefði verið farið nákvæmlega eins með fregnir frá flokksþingi hans. Til þess að benda á, hvað óhlutdrægt er farið með þessi mál, eins og líka sjálfsagt er, vil ég minna á, að þegar Jón Eyþórsson sagði frá áramótahugleiðingum hinna pólitísku foringja hér, las hann t. d. nákvæmlega á sama hátt upp úr greinum Ólafs Thors og Jónasar Jónssonar. **(ÓTh:** Ég hefði bara kunnað betur við, að það hefði verið borið undir mig, eins og ég efast ekki um, að það hefir verið borið undir Jónas, hvað ég óskaði að láta lesa upp úr minni grein). Hvað

hefir hv. þm. fyrir sér í því, að það hafi verið borið undir Jónas Jónsson, hvað lesið væri af hans grein? Þetta eru bara getsakir. Það er vitanlegt, að þegar maður ber sjálfur ábyrgð á því, sem hann flytur í útvarpið, þá velur hann sjálfur efni sitt. Ég ætla ekki að dæma um, hvort þau ummæli, sem tekin voru upp úr umræddum blaðagreinum, hafi verið aðalkjarni málsins. (**ÓTh:** Það voru þau engan veginn úr minni ræðu.), en hitt veit ég, að aðalatriðin voru tekin úr þeim báðum. Þetta er bara sama viðkvæmnin, sem hér kemur fram hjá hv. þm. G.-K., eins og flokksmönnum hans, sem hér hafa talað.

Viðvíkjandi félagi sjálfstæðra kvenna vil ég geta þess, að Jón Eyþórsson gerði ekki annað í sambandi við það mál, eins og hv. 2. þm. Reykv. tók fram, heldur en að lýsa eftir skoðunum manna á því. Forráðamönnum þessa félagsskapar er jafnopin leið sem öðrum að láta sínar skoðanir koma fram í þessum tíma, sem ætlaður er til þess að skrafa um daginn og veginn.

Þá er dæmi hv. 6. þm. Reykv. gott til að sýna, hve nauðalitlu hv. andstæðingar hafa af að taka í þessu pexi sínu. Hann sagði, að því hefði verið trúað á sínum tíma samkv. fréttum útvarpsins, að Spánarstyrjöldin mundi ekki standa nema 24 klukkustundir. Hv. þm. gat ekki um, að neitt hefði verið sagt um, hvor aðilinn mundi verða ofan á. Og hvaða hlutdrægni er þá hægt að finna út úr þessu, þó rétt væri hermt? Við vitum, að fréttir útvarpsins um heimsviðburði eru teknar eftir erlendum fréttum, og hafi verið haldið fram, að Spánarstyrjöldin mundi ekki standa nema 24 klukkustundir, þá hefir það verið af því, að sú skoðun hefir verið almennt ríkjandi. Það er heldur ekkert nýtt fyrirbrigði, þó menn álíti í upphafi, að styrjaldir standi skemur en raun verður á. Ég man ekki betur en að þeir, sem bezt þekktu til, spáðu þegar síðasta heimsstyrjöld brauzt út, að hún mundi standa í mesta lagi nokkra mánuði. En hvað varð? Þetta er því að seilast nokkuð langt eftir dæmum um hlutdrægni.

Þá gerði hv. þm. Vestm. fyrirspurn um það, hvort ég teldi heppilegt, að fréttamaður útvarpsins lýsti yfir í útvarpinu, að tilteknar viðskiptaþjóðir vildu eyðileggja okkur Íslendinga með verzlunarsamningum. Hafði hann ekki lakari heimildir fyrir þessu, heldur en orð hv. þm. V.-Sk. Ég verð nú að segja, að þó þessi hv. þm. segi hér, að fréttamaður útvarpsins hafi viðhaft slík ummæli, þá geri ég ekki mikið með það út af fyrir sig. Þó vil ég ekki mótmæla þessu, þar sem ég hefi ekki rannsakað málið. En hv. þm. V.-Sk. sagði, að þessi ummæli hefðu verið í yfirlitserindi um heimsviðburðina. Þau erindi flytur Sigurður Einarsson ekki sem fréttamaður útvarpsins á ábyrgð útvarpsstjórnar, heldur flytur hann þau á vegum útvarpsráðs og ber sjálfur persónulega ábyrgð á því, sem hann segir í þeim, eins og aðrir, sem slík erindi flytja, en ekki stofnunin, sem hann vinnur fyrir.

Ég vil loks benda á, að enn hefir ekki verið minnzt neitt á aðalatriði þessa máls, hvernig hv. meðmælendur frv. hugsa sér að fá betri fréttaflutning með því að leggja hann undir útvarpsráð heldur en með því fyrirkomulagi, sem nú er. Þetta sýnir bezt, að það er rétt, sem ég sagði áðan, að frv. er borið fram í þeim tilgangi að fá tækifæri til þess að leysa frá skjóðunni. Ég hefi ekki trú á, að það sé bót að því að leggja þetta undir útvarpsráð. Einstakur maður eins og útvarpsstjóri, sem ekki þarf að taka þátt í opinberum deilum, stendur miklu betur að vígi til þess að standa að hlutlausum fréttaflutningi, þar sem hann þarf ekki að taka tillit til neinna sérstakra umbjóðanda, heldur en slíkt ráð, hvort sem það nú er kosið af Alþingi eða með almennum kosningum. Þetta hefir líka reynslan sýnt, þar sem hv. þm. geta ekki, hvernig sem þeir tosast við það, bent á eitt einasta atriði, sem gefur í skyn, að fréttaflutningi útvarpsins sé beitt á hlutdrægan hátt. (**JJós:** Þetta er eins og fullyrðingin um það, að tollarnir hafi ekki hækkað).

Umr. frestað.

Á 13. fundi í Nd., 3. marz, var frv. tekið til frh. 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 14. fundi í Nd., 4. marz, var fram haldið 1. umr. um frv.

***Gunnar Thoroddsen:** Í umr., sem fóru fram um þetta mál í fyrradag, gerði ég að umtalsefni sérstakan lið útvarpsstarfseminnar, fyrirlestra Jóns Eyþórssonar um daginn og veginn. Nefndi ég fáein dæmi þess, að þetta fyrirlestrahald hefði ekki verið algerlega hlutlaust, og þessi stutta ræða mín hefir farið svo í taugarnar á hæstv. fjmrh. og hv. 2. þm. Reykv., að hún varð aðalefni andsvara þeirra í fyrradag. Ég hefi í rauninni fáu við að bæta það, sem ég sagði þá, en tel þó rétt að svara örfáum orðum.

Fyrsta ásökunin frá minni hendi til þessa fyrirlesara var sú, að hann hefði ráðizt að ræðumönnunum, sem töluðu við umræður ungra manna um stjórnmál, sem fóru fram í útvarpinu fyrir nokkru, og talið, að þeir hefðu ekki gætt almenns velsæmis, þverbrotið reglur útvarpsins um slíkar umr. o. s. frv. Ég gat þess, að eitt af stjórnmálafélögum ungra manna hér í bænum hefði sent útvarpinu yfirlýsingu, þar sem það mótmælti þessum ummælum og krafðist þess, að ef útvarpið teldi einhverja af ræðumönnunum seka um brot á settum reglum, þá væru þeir nafngreindir. Ég skýrði líka frá, hverjar viðtökur þessi leiðrétting og réttmæta krafa fékk, að neitað var um birtingu hennar. Þetta taldi ég hlutdrægni bæði frá hendi þess manns, er ummælin viðhafði, og af hendi útvarpsráðs. Þessari ásökun minni vildi hv. 2. þm. Reykv. svara með því, að hann teldi alveg réttmætt að álasa ræðumönnunum við stjórnmálaumræður ungra manna, og rökstuddi það þannig, að það væri engin ástæða til þess fyrir unga menn sérstaklega að ræða stjórnmál í útvarpinu. Ég þarf ekki að svara þessu. Með því að leyfa þessar umr. hefir útvarpsráðið lýst yfir þeirri skoðun, að ungir menn ættu rétt á að ræða áhugamál sín og hagsmunamál í útvarpinu. En mér þykir rétt, að reykvískir æskumenn veiti því athygli, hvernig þessi frekasti foringi Alþfl. talar í þeirra garð, að hann telur æskumenn þessa bæjar engin þau

hagsmuna- eða áhugamál hafa, sem réttmætt sé að hleypa þeim í útvarpið til að ræða um. Það kann að vera, að í hans flokki sé æskulýðnum þannig farið, að hann eigi engin sérstök áhugamál, en ég fullyrði, að það er ekki þannig í öllum stjórnmálaflokkum þessa lands a. m. k.

Ég hjó einnig eftir því hjá hv. 2. þm. Reykv., að hann sagði, að það hefðu aðallega verið „hálfgamlir" menn, sem töluðu í útvarpið við þetta umrædda tækifæri, og nefndi m. a. mig þar til dæmis. Ég skal benda á í því sambandi, að daginn eftir minntist blað Framsfl. á mig og talaði um mig sem sérstaklega ungan mann. Læt ég því þeim ritstjóra Nýja dagbl. og hv. 2. þm. Reykv. eftir að glíma um þetta atriði.

Ég vil því endurtaka það hér, að í þessum fyrirlestri Jóns Eyþórssonar var farið hlutdrægt að, þar sem ráðizt var að þessum ungu mönnum, og síðan neitað að nafngreina þá menn, sem undir ásökunum lægju.

Í öðru lagi drap ég á það, er þessi sami maður minntist á sjálfstæðisfélag kvenna hér í bænum, að hann notaði einn af þessum fyrirlestrum sínum til þess að reyna að spilla fyrir þeim félagsskap. Hv. 2. þm. Reykv. svaraði þessu á þá lund, að Jón Eyþórsson hefði ekki sagt neitt um, að það væri óviðeigandi fyrir konur að hafa sérstakan stjórnmálafélagsskap, heldur aðeins beint fyrirspurn um það til hlustenda, hvort þeir teldu þetta rétt og vel viðeigandi. Það kann að vera, að hann hafi orðað þetta í fyrirspurnarformi, en það er líka hægt að læða fram samskonar áróðri í spurningaformi eins og þó fullyrðingar séu viðhafðar, og það er áreiðanlegt, að þessi ummæli Jóns Eyþórssonar voru almennt skilin þannig, að hann teldi fyrir sitt leyti ekki rétt, að konur tækju sig út úr og mynduðu með sér sérstök stjórnmálafélög. Þessu fannst manninum ástæða til að vekja athygli á, einmitt rétt eftir að sjálfstæðiskonur í Reykjavík voru búnar að stofna með sér stjórnmálafélag. Þetta kalla ég ósæmilega hlutdrægni og áróður.

Þá voru nokkur fleiri atriði, sem ég gat um í minni ræðu. Ég minntist á fyrirlestrahald Ragnars Kvarans um kosningar á Norðurlöndum. Ég fullyrti, að í þeim fyrirlestrum hefði komið fram hlutdrægni, að fyrirlesarinn hefði dregið taum sósíalistanna í öllum þessum löndum, þar sem hann lýsti stefnu þeirra og framkvæmdum, en minntist varla nokkru orði á gagnrýni í þeirra garð, né á stefnu hægri flokkanna í þessum löndum. Þessu hefir ekki verið svarað einu orði af þeim ræðumönnum, sem hér hafa talað.

Þá minntist ég fáeinum orðum á ummæli Jóns Eyþórssonar um nýafstaðið flokksþing framsóknarmanna. Ég taldi óþarfa, að í erindunum um daginn og veginn væri skýrt svo ýtarlega og með svo miklum belgingi frá þessu flokksþingi, hvað það væri veglegt og hvað það vekti mikla athygli, að varla væri um annað talað heila viku hér í höfuðstaðnum. Ég hefi nú fengið bréf frá útvarpsstjóra, þar sem hann heimtar, að ég leiðrétti það ranghermi, er komið hafi fram hjá mér í fyrradag, að útvarpið hafi ekki minnzt á afmæli Heimdallar í fréttum sínum. Ég hefi þegar sagt útvarpsstjóra það prívat, að bréf hans sé á misskilningi byggt. Þessa afmælisfagnaðar var tvívegis getið í fréttum útvarpsins, og ég hefi alls ekki borið á móti því. Hitt sagði ég, að Jón Eyþórsson hefði talað með alltof miklum rosta um flokksþing framsóknarmanna, og tók þá sem dæmi til samanburðar umsögn hans um þetta 10 ára afmæli Heimdallar. Ég vísa því kröfu útvarpsstjóra heim til föðurhúsanna.

Þau atriði, er ég minntist á í fyrirlestrum Jóns Eyþórssonar, standa þannig enn óhrakin, og ásökunum mínum út af fyrirlestrum Ragnars Kvarans hefir enginn reynt að mótmæla.

Þá hefir borizt hér í tal, að Alþfl. eða Alþýðusambandið fengi leyfi til að halda pólitíska fyrirlestra í útvarpið 1. maí. Þetta var átalið af okkur sjálfstæðismönnum. En hv. 2. þm. Reykv. taldi það ekki ásökunarvert, því Alþýðusambandið væri ópólitísk stofnun, sem ætti sama rétt á að fá tíma í útvarpinu eins og t. d. Búnaðarfélag Íslands. Þessu þarf í rauninni ekki að svara, því það er margsannað, að Alþýðusambandið er ekki fyrst og fremst ópólitísk verkalýðssamtök, heldur er Alþfl. og Alþýðusambandið eitt og hið sama. Því til sönnunar, að skipa beri Alþýðusambandinu á bekk með pólitískum flokkum, vil ég, með leyfi hæstv. forseta, lesa nokkur orð úr lögum þess. Í 2. gr. er talað um, að tilgangur sambandsins sé að styrkja og auka samstarf íslenzkra alþýðufélaga, „þeirra, er byggð eru á grundvelli jafnaðarstefnunnar". Þá segir í 4. gr.: „Rétt til þess að vera tekin í Alþýðusambandið hafa öll íslenzk verkalýðsfélög og stjórnmálafélög, sem vilja hlíta stefnuskrá Alþýðuflokksins". — Þar sem rætt er um kjörgengi til trúnaðarstarfa fyrir sambandið segir m. a.: „Kjörgengi fulltrúa í fulltrúaráð, á fjórðungsþing, sambandsþing og aðrar ráðstefnur innan sambandsins, svo og í opinberar trúnaðarstöður fyrir sambandsins eða flokksins hönd, er bundið við að fulltrúinn sé Alþýðuflokksmaður og tilheyri engum öðrum stjórnmálaflokki". Svo er bætt við, að hver fulltrúi verði að skrifa nafn sitt undir stefnuskrá Alþfl. og skuldbinda sig til að lúta henni. Með þessu er sannað mál, það sem allir heilvita menn hafa vitað, að Alþýðusambandið er pólitískur flokkur, og því á það ekki frekar rétt til að fá sérstakan ræðutíma í útvarpinu heldur en t. d. Sjálfstæðisflokkurinn.

Ég skal ekki hafa þessi orð miklu fleiri að sinni, en vil aðeins bæta því við, að það mun vera mikið rétt í því, sem hæstv. fjmrh. sagði, að allur landslýður tryði yfirleitt því, sem útvarpið segði, þó það tryði ekki blöðunum. Einmitt þess vegna er hættan ennþá meiri, að útvarpinu sé beitt hlutdrægt í pólitískum tilgangi. Þetta höfum við sjálfstæðismenn viljað sýna fram á og átelja, að útvarpinu **hefir** verið beitt hlutdrægt til áróðurs fyrir rauðu flokkana. Það sýnir líka greinilega skilningsleysi stjórnarflokkanna á þýðingu útvarpsins, að þegar við ráðumst á útvarpið fyrir hlutdrægni þess, þá svarar hv. 9. landsk. því m. a., að Morgunbl. skrifi hlutdrægt og noti stolnar fréttir; m. ö. o., þeir leggja pólitísk flokksblöð að jöfnu við ríkisútvarpið. Vilji menn gera einhvern samanburð við Morgunbl., verður að taka flokksblöð hinna flokkanna til samanburðar. Því er það misheppnuð málsvörn hjá hv. stjórnarsinna, að afsaka hlutdrægni

útvarpsins með ásökunum í garð Morgunbl., sem er pólitískt málgagn, um hlutdrægni.

Við sjálfstæðismenn höfum nú flutt sundurliðaða, rökstudda ádeilu á útvarpið fyrir hlutdrægni. Hv. þm. V.-Sk. hefir sérstaklega ýtarlega í sinni snjöllu ræðu í fyrradag sýnt fram á lið fyrir lið, hvernig sérstaklega einn starfsmaður þess hefir komið ósæmilega fram í þessu efni. Aðrir hafa tekið önnur dæmi, og flest standa þau óhögguð. Það má því telja sannað mál, að ríkisútvarpið hafi beitt hlutdrægni á undanförnum árum í þágu rauðu stefnunnar, og m. a. í því tilefni er það frv. komið fram, sem hér liggur fyrir. Við sjálfstæðismenn álítum, að eina hugsanlega leiðin til að koma í veg fyrir þetta sé sú, að útvarpsnotendur, sem ég fullyrði, að eru mjög óánægðir, fái meiri umráð yfir rekstri útvarpsins gegnum útvarpsráð. Það er furðuleg framkoma, ef stjórnarflokkarnir, sem nota hvert tækifæri til þess að reyna að skreyta sig með fjöðrum lýðræðisins, ætla að setja sig upp á móti því, að almenningur, útvarpsnotendur, fái meiri umráð yfir útvarpinu.

*Jóhann Jósefsson: Ég lagði tvær spurningar fyrir hæstv. fjmrh. við fyrri hluta þessarar umr., að gefnu tilefni vegna ummæla hans um þær ástæður, sem lægju fyrir flutningi þessa frv., og af því upplýst hafði verið, að tíðindamaður útvarpsins hefði yfirleitt í fyrirlestrum sínum farið niðrandi orðum um tvær af viðskiptaþjóðum okkar Íslendinga. Ég spurði hæstv. fjmrh., hvort hann liti svo á, að þetta væri viðeigandi, og í öðru lagi, hvort hann teldi það heppilegt. Hvorugri þessari spurningu hefir ráðh. svarað beinlínis, en af orðum hans mátti samt ráða það, að hann — og þá líklega hæstv. stj. í heild — væri ófús á að taka ábyrgð á svona ummælum, því hann sagði, að þau væru vitaskuld á ábyrgð þess manns, er segði þau, — í þessu tilfelli tíðindamanns útvarpsins. Nú er tíðindamaður ríkisútvarpsins fastur starfsmaður hjá þessari stofnun, og mér þykir því illa farið, að þegar hæstv. ráðh. er spurður um álit hans á þessu atviki, sem sé að fastur starfsmaður við opinbera stofnun fer í yfirlitsskýrslu um heimsviðburði niðrandi orðum um tvær vinveittar, mikilsverðar viðskiptaþjóðir okkar, þá skuli hann taka þannig í það, að vísa aðeins til ábyrgðar þess manns, er ummælin viðhafði. Þessi ummæli voru ekki aðeins um þessar þjóðir almennt, heldur var í þeim einnig, eftir því sem frá hefir verið skýrt, vikið að viðskiptum þessara þjóða við okkur Íslendinga. Sá tími nálgast nú óðum, að við eigum sjálfir að taka öll utanríkismál okkar í eigin hendur, og mér finnst það heldur óefnilegur undirbúningur af okkar hálfu, ef tíðindamaður ríkisútvarpsins notar aðstöðu sína til þess að óvirða þær af viðskiptaþjóðum okkar, sem ekki eru af sama sauðahúsi og hann sjálfur í pólitík. Og þó það sé leitt, að slíkt komi fyrir af hálfu manns í opinberri stöðu, þá tekur þó út yfir, ef ríkisstj. hefir ekki betur opin augu fyrir, hvað slíkt er óviðeigandi og hvað það getur verið óheppilegt fyrir þjóðina, heldur en fram kemur af svari hæstv. ráðh., er hann vísar einvörðungu til þess manns, sem þetta gerði og vitaskuld getur enga ábyrgð tekið á framkomu sinni eða afleiðingum hennar. Ég býst ekki við, að hæstv. ráðherra mundi vilja verða þess valdandi, að starfsmaður ríkisútvarpsins færi með þau ummæli í garð viðskiptaþjóða okkar, að þær mættu firtast af þeim á þann veg, að það ylli okkur óþægindum á viðskiptasviðinu. Ég bið því hæstv. ráðh. að athuga það, að ef hann ekki með því að svara opinberlega fyrirspurn á þann hátt, sem hann nú gerði, með því að vísa aðeins til ábyrgðar þess manns, sem hin óviðeigandi ummæli viðhafði, beinlínis ýtir undir, að slík óþægileg atvik endurtaki sig, þá verður a. m. k. ekki af orðum hans dregið á neinn hátt, að hann átelji það. Þó starfsmaður hins íslenzka ríkisútvarps noti aðstöðu sína, er hann á að gefa yfirlit um heimsviðburðina, til þess að fara óviðeigandi og meiðandi orðum um viðskiptaþjóðir Íslendinga, og spilli þar með sambúð þessara viðskiptaþjóða við okkar þjóð. Ég hefði kosið, að hæstv. ráðh. svaraði þessu á annan veg, að hann léti í ljós óánægju sína yfir því, að slík atvik, sem hér um ræðir, skuli koma fyrir. Það vildi nú svo einkennilega til, að þessi ummæli frá hinu íslenzka ríkisútvarpi, eða föstum starfsmanni þess, í garð Þjóðverja sérstaklega, komu hér fram hér um bil á sama tíma og milli hinna Norðurlandaþjóðanna og Þjóðverja fóru sérstök vinarorð í sambandi við viðskiptamál þessara þjóða. Ég hefi í höndum útlend blöð, sem skýra orðrétt frá, hvað fjmrh. Dana lét frá sér fara í garð Þjóðverja snertandi viðskipti sinnar þjóðar við þá, og einnig hvað ráðandi menn hinna Norðurlandaþjóðanna létu frá sér fara um viðskipti sinna þjóða við Þjóðverja um þetta leyti. Íslands er þar að engu getið, en í þessum umr. hefir verið bent á, að það var á allt annan hátt talað um viðskipti Íslendinga og Þjóðverja af hálfu íslenzka ríkisútvarpsins um þetta leyti heldur en fram kemur í þessum útlendu blöðum, að gert hefir verið af hálfu hinna Norðurlandaþjóðanna.

Ég gæti bent á fleiri ummæli, sem fallið hafa hjá þessum sama tíðindamanni útvarpsins, ákaflega hlutdræg í garð Þjóðverja. En ég ætla ekki að fjölyrða um það, því mér finnst þetta atriði, sem hér hefir verið dregið fram, nægja til þess að sýna, hversu langt það getur gengið, ef tíðindamaður ríkisútvarpsins eiginlega gleymir alvel af flokksákafa sínum, hvaða ummæli eru viðeigandi og heppileg, þegar hann talar um aðrar þjóðir, og hver ekki. Þegar slíkt og þvílíkt kemur fyrir eins og það, sem hér var skýrt frá og ég hefi nú minnzt nokkuð á, þá virðist manni tíðindamaðurinn gleyma því í raun og veru, að hann er ekki þarna settur til þess að boða sérstaka stjórnmálastefnu, heldur til þess að skýra hlutlaust frá því, sem gerist í heiminum.

Ég vil svo að síðustu endurtaka það og leggja áherzlu á, að ef styrkur okkar Íslendinga í viðskiptum við aðrar þjóðir er ekki fólginn í því, að við komum prúðmannlega fram í þeirra garð í ræðu og riti, þá er hann áreiðanlega ekki fólginn í því, að við tölum illa um þær, sendum þeim tóninn í sambandi við þær þjóðmálastefnur, sem uppi eru á hverjum tíma. Það, sem okkur ber að hafa hugfast í þessu sambandi, er það, að gæta allrar varúðar og óhlutdrægni í allri framkomu

okkar gagnvart vinsamlegum viðskiptaþjóðum, því að það getur aldrei orðið okkur nema blábert tap að fara gálausum orðum um þær, því að eins og kunnugt er, grundvallast viðskiptin afarmikið á vinsamlegri sambúð þjóðanna. Og beri út af því, að sambúð þjóðanna sé vinsamleg, er afarerfitt að halda uppi viðskiptum á milli þeirra, a. m. k. á heilbrigðum grundvelli. Á þetta atriði virðast frændþjóðir okkar, Norðurlandaþjóðirnar, líka leggja mikla áherzlu, því að þær kosta mjög kapps um að halda sem allra vinsamlegustu samkomulagi við viðskiptaþjóðir sínar. Um það sem margt annað ættum við því að taka okkur þær til fyrirmyndar.

*Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson): Ég hefi litinn þátt tekið í þessum umr. til þessa, enda virðist mér, að þær hafi snúizt allmjög á annan veg en frv. gefur tilefni til.

Meginefni frv. er tvennskonar. Fyrst það, að fréttaflutningurinn, sem nú heyrir undir eftirlit útvarpsstjóra, sé lagður undir útvarpsráð. Í öðru lagi er farið fram á, að í útvarpsráðið skuli fjórir menn kosnir hlutbundnum kosningum af útvarpsnotendum, auk þeirra þriggja, sem Alþingi kýs. Með þessu á að svipta ráðherra valdi til þess að skipa einn mann í ráðið, eins og nú er ákveðið í lögum. Rökstuðningur fyrir þessari breytingu er sá, að fréttaflutningurinn í útvarpinu sé svo hlutdrægur, að nauðsyn beri til að breyta útvarpslögunum á þennan veg. En svo skeður það undarlega undir umr. málsins, að aðaláheilumennirnir hverfa frá því, að nokkuð verulegt sé við fréttaflutninginn að athuga, heldur halda þeir því fram, að nokkurrar hlutdrægni hafi gætt í ýmsum yfirlitserindum, sem flutt hafa verið í útvarpið. Og einn hv. þm., þm. V.-Sk., gekk meira að segja svo langt, að hann taldi fréttaflutninginn hafa batnað nú síðari árin, — sennilega síðan að núverandi atvmrh. tók við yfirstjórn útvarpsins. Ég þakka hvað mig snertir.

Af allri framkomu hv. stjórnarandstæðinga má því fullkomlega sjá, að tilgangurinn með frv. hefir ekki verið neinn annar en sá, að reyna að fá tækifæri til þess að vekja andúð gegn útvarpinu. Fréttaflutningurinn aðeins hafður sem átylla, sem gleggst má og sjá á því, hversu öll blöð keppast um að fá fréttir útvarpsins. Já, meira að segja svo mjög, að sum þeirra gleyma að geta um, hvaðan þær séu, eins og bent hefir verið á undir þessum umr.

Eitt af því, sem bent hefir verið á sem dæmi um hlutdrægan fréttaflutning útvarpsins, er það, að ekki hafi verið getið um bruggið í svínastíu alþýðubrauðgerðarinnar. Ég hefi nú kynnt mér, hvernig á þessu stendur. Þegar birtar eru fregnir um lögreglumál, ræður lögreglustjóri, hvort fregnir skuli birtar, tekur þær jafnan til sjálfur, en nú mun hann ekki hafa sent til birtingar fréttina um þetta svínastíubrugg, sem hv. þm. V.-Sk. var að kvarta um, að ekki hefði verið birt. Má vera, að það megi telja vangá af honum, en um það er ekki hægt að saka útvarpið. Annars minnir mig, að ég læsi í einu dagblaði bæjarins, sem ekki hefir til þessa verið talið of velviljað alþýðubrauðgerðinni, að í svínastíunni hefði aðeins fundizt einn brúsi, sem líkur væru fyrir, að brugg hefði verið í. Getur það því verið af skiljanlegum ástæðum, að ekki hafi þótt ástæða til þess að láta geta um þetta svínastíumál í útvarpinu.

Þá breiddi einn hv. þm. sig mjög út yfir það, að hinn 1. maí undanfarið hefði Alþfl. fengið útvarpið til sinna nota. En þetta er ekki rétt. Sannleikurinn er sá, að verkalýðsfélögin, sem staðið hafa fyrir hátíðahöldum þennan dag, hafa fengið aðgang að útvarpinu með sín hugðarefni dálitla stund að kvöldinu. Að leyfa ekki slíkt hefði verið langt fyrir neðan alla sanngirni og fjarri því, sem tíðkast hjá nágrannaþjóðum okkar. Ég hefi hér fyrir mér t. d. norsk, dönsk og sænsk blöð, frá 1. maí síðastl., sem öll geta þess, að verkalýðsfélögin, sem stóðu að hátíðahöldum dagsins, hafi fengið rúm í útvarpinu til þess að láta tala um sín hugðarefni. Það er meira að segja tilgreint, hverjir hafi talað í hverju landi og um hvað. M. ö. o., útvörp allra Norðurlandanna stóðu verkalýðsfélögunum opin þennan dag, til þess að ræða þar áhugamál sín. Það hefði því verið hreint og beint til skammar, ef farið hefði verið að neita íslenzku verkalýðsfélögunum um að komast í útvarpið þennan dag. Það má og gjarnan minna á í þessu sambandi, að innan skamms á að leyfa fulltrúum frá sambandi iðnfélaganna að tala hér í útvarpið um sín áhugamál. — Nei, allt þetta skraf stjórnarandstæðinganna um hlutleysisbrot útvarpsins er ekkert annað en bending um það, hvernig þeir myndu sjálfir nota útvarpið, ef þeir réðu yfir því.

Þá var hv. 6. þm. Reykv. mjög hneykslaður yfir því, að einhverjum kommúnista hefði verið leyft að tala í útvarpið um afstöðu kommúnistaflokksins til trúmálanna. Mér virðist þetta alveg sama og ef Sjálfstfl. hefði verið leyft að tala í útvarpið um t. d. afstöðu sína til mannúðarmálanna yfirleitt. Ég býst ekki við, að hv. þm. hefði fundizt það hneykslanlegt.

Vegna þeirra fullyrðinga, sem stjórnarandstæðingar hafa haft hér um það, að búið væri að gera útvarpið að flokksútvarpi fyrir stjórnarflokkana, vil ég leyfa mér að lesa bréf, sem hv. 11. landsk. var sent frá útvarpinu með það fyrir augum, að hann læsi það upp, en hann hefir ekki fundið ástæðu til að gera það. Í bréfi þessu segir m. a., að þann 16. febr. þ. á. hafi eftirfarandi klausa verið birt í fréttum útvarpsins: „Heimdallur, félag ungra sjálfstæðismanna í Reykjavík, varð 10 ára í dag. — Félagið minnist afmælisins með félagsfundi í kvöld, útbreiðslufundi á fimmtudaginn og samsæti á hótel Borg á laugardagskvöldið. Þann dag kemur út afmælisrit félagsins, sem hefir að geyma sögu þess frá byrjun og greinar eftir ýmsa unga sjálfstæðismenn. Verður ritsins getið síðar.“ Þannig hljóðar nú þetta plagg, sem ég fæ ekki betur séð en hefði öllu frekar heyrt undir auglýsingar en fréttir. Eftir að búið er að auglýsa þessa veglegu bók, kemur svo í fréttum útvarpsins 20. s. m. eftirfarandi: „Heimdallur, félag ungra sjálfstæðismanna í Reykjavík, minntist 10 ára afmælis síns meðal annars með Afmælisriti, sem út kom í dag. — Ritið hefst með minningarorðum um Jón heitinn Þorláksson, fyrrv. ráðherra, er var kjörinn

heiðursfélagi Heimdallar 20. febrúar 1935, en því næst taka við 20 stuttar ritgerðir eftir ýmsa þá menn, er verið hafa forvígismenn félagsins á undanförnum 10 árum. — Aðalritgerðin er saga Heimdallar frá byrjun. Var hann stofnaður 16. febrúar 1927 og er talinn fyrsta stjórnmálafélag ungra manna í landinu. Stofnendur voru 37 og fyrsti formaður Pétur Hafstein, sem nú er dáinn.

Auk stjórnmálanna, sem hafa verið aðalviðfangsefni Heimdallar frá byrjun, hefir félagið við og við gengizt fyrir mannfagnaði, einkum á fullveldisdaginn og um áramót. Félagið hefir og gengizt fyrir námskeiðum í mælskulist, undir leiðsögn kennara eða leiðbeinanda, og nú nýlega stofnað sérstakan karlakór.

Afmælisblaðið er 100 blaðsíður í 8 blaða broti, með fjölda mynda af forystumönnum félagsins og hið vandaðasta að öllum búningi.

Heimdallur telur nú 1000 félaga. Stjórn Heimdallar skipa nú: Gunnar Thoroddsen, Gunnar Björgvinsson, Ólafur Sigurðsson, Ragnar Lárusson og Sveinn Zoëga. Í kvöld hefir félagið afmælisfagnað að hótel Borg."

Ég verð nú að segja, að það sé fullkomlega undarlegt athæfi af flokksútvarpi að flytja slíkar fréttir sem þessar fyrir andstöðuflokk sinn. En þeim mun undarlegra finnst mér, að þeir sömu menn, sem þessar fréttir eru fluttar fyrir, skuli koma emjandi og skrækjandi til Alþingis og heimta, að verkalýðsfélögunum skuli bannað að fá aðgang að útvarpinu eina kvöldstund, til þess að skýra fyrir alþjóð manna hugðarefni sín.

Þá hefir hv. þm. Vestm. fundið ástæðu til þess að flytja hér langt spjall og brýna fyrir starfsfólki útvarpsins og ríkisstjórninni að gæta alls velsæmis gagnvart öðrum þjóðum. Ég get verið hv. þm. sammála um það, að gæta beri allrar kurteisi í sambúðinni við aðrar þjóðir, en hvort hann hefir haft sérstaka ástæðu til þess að áminna um þetta nú, er annað mál. Tilefnið til þessara áminninga hv. þm. mun vera það, að Sigurður Einarsson hefir átt að viðhafa einhver óviðeigandi orð um eina viðskiptaþjóð okkar í erindi, sem hann flutti í vetur. Ég hefi nú spurt Sigurð um þetta, en hann neitar mjög ákveðið að hafa sagt þau orð, sem eftir honum eru höfð og úlfaþyturinn er gerður út af. Annars verður erindi þetta prentað, og þá gefst tækifæri til þess að ganga alveg úr skugga um sannleiksgildi þessara ásakana á Sigurð. — Um yfirlitserindin er það annars að segja, að þau eru alveg óviðkomandi fréttaflutningi útvarpsins. Þau eru flutt á ábyrgð þeirra, sem flytja.

Hvað snertir umvöndun hv. þm. Vestm. fyrir þjóð þá eða þjóðir, sem hann hefir nefnt, verð ég að segja það, að mér kemur hún mjög undarlega fyrir. Ég veit nfl. ekki betur en að þær hafi hér sína umboðsmenn, sem ræða nær daglega við stjórnina um verzlunarmál o. fl. fyrir þeirra hönd, og veit ég ekki til, að þeir hafi talið sig hafa undan neinu að kvarta í framkomu okkar gagnvart þeim.

Þar sem það verður nú, samkv. framansögðu, að teljast fullvíst, að þessi umdeildu ummæli hafi aldrei fallið hjá S. E., eða neinum öðrum, þá verður það að teljast mjög vafasamur þegnskapur gagnvart þjóð sinni að breiða út um samlanda sína slík ummæli sem þessi, ummæli, sem talin eru geta varðað þjóðina miklu. (GSv: Ég fullyrði, að S. E. sagði þetta). Ja, það sannast á sínum tíma.

Ég held svo, að það hafi ekki verið fleira, sem ég tel ástæðu til þess að taka fram undir þessum umr. Ég held, að ég hafi drepið á allt, sem máli skiptir.

*Sigurður Kristjánsson: Ég verð víst að taka að mér að svara hæstv. atvmrh. nokkru fyrir hönd hv. 4. þm. Reykv., því mér skildist svo, að því, sem ráðh. talaði til hans, væri stefnt til mín. Ég býst við, að hæstv. ráðh. hafi hér misgripið sig á tölum, sem stafar sjálfsagt af því, sem berlega kom fram, er hann flutti sína ræðu, að honum var nokkuð órótt. Það skakkar nú ekki nema um þriðjung á tölunum, en það munaði aftur miklu meiru á því, sem hann sagði, og sannleikanum. Hæstv. ráðh. gerði aths. við það, sem ég sagði um, að blað hans flokks hefði brotið reglur útvarpsins um notkun frétta frá því með þeim afleiðingum, að stöðva varð birtingu útvarpsfrétta í blaðinu. Ég gat þess, að vel gæti slíkt komið fyrir eitt blað aðeins í ógáti. Í mínum orðum fólst engin ádeila, enda hóf ég ekki þá deilu, en ég gat um þetta sem svar við því, að einn hv. þm., flokksmaður hæstv. ráðh., sakaði Morgunbl. um slíkt með nokkuð óviðurkvæmilegum orðum, hafandi á bak við sig blað, sem féll í bann gagnvart útvarpsfréttum. Það eina, sem Morgunbl. hafði gert, og umræddur hv. þm. réðist á það fyrir, var, að blaðið blandaði fréttum frá útvarpinu saman við fréttir frá sínum fréttariturum í þeim tilgangi að gera fréttirnar aðgengilegri fyrir lesendurna, og gat heimildanna. Ritstjórar Morgunbl. hafa tjáð mér, að útvarpið krefðist þess nú, að fréttir þess væru birtar út af fyrir sig, og held ég, að um það sé enginn ágreiningur. Það er því miður gáfuleg ályktun hjá hæstv. ráðh., að blöðin steli fréttum útvarpsins af því þeim þyki þær svo góðar, því það hefir ekki sannazt á neitt annað blað en Alþýðubl. að hafa stolið fréttum útvarpsins.

Þá sagði hæstv. ráðh., að frv. væri flutt til þess að vekja tortryggni, sem ekki hefði verið til áður. Það er náttúrlega ekkert til, sem getur hindrað það, að slíkar endemis fjarstæður séu sagðar úr ráðherrastóli, en hér er fjöldi manna staddur í þingsölunum fyrir utan mikinn hluta þm., sem er sáróánægður með útvarpið og telur það pólitískt hlutdrægt í fréttaflutningi, enda veit hæstv. ráðh. það eins vel og ég, að kvartanir eru tíðar utan af landi um það, að útvarpið sé pólitískt ósvífið og ósæmilegt í fréttaflutningi.

Það sást á ýmsu, að hæstv. ráðh. var því óviðbúinn að herma rétt það, sem ég hafði sagt. Hann sagði, að ég hefði sagt, að útvarpið væri flokksútvarp. Ég sagði, að útvarpið væri flokksútvarp öðrum þræði, og það er nokkuð annað en að segja, að það sé afdráttarlaust flokksútvarp. Ég hygg, að hæstv. ráðh. hafi skrifað upp eftir mér þessi orð, svo hann hefði átt að geta farið rétt með þau, og ég færði fram dæmi, sem sönnuðu áþreifanlega, að það, sem ég sagði, var rétt.

Þá sagði hann, að ég hefði sagt, að Alþfl. fengi útvarpið heilan dag á ári í sína þjónustu, sem sé

1. maí. Þessu mótmælti hann. Það er rangt, að ég hafi sagt, að flokkurinn fengi útvarpið heilan dag, heldur sagði ég hluta úr degi, og án þess að aðrir flokkar fengju að koma þar nærri. Hann mótmælti því, að Alþfl. fengi útvarpið, heldur væru það verkalýðsfélögin. Það er næsta skoplegt að sjá, hvernig þessi persóna blæs sig út af rosta yfir því, sem hann sjálfur veit, að er rangt. Það gengur blygðunarleysi næst að halda því fram, að þessi samtök, Alþýðusambandið, sem hefir útvarpið til afnota 1. maí, séu ópólitísk, hafandi í höndum lög þess félagsskapar, sem sýna það og sanna, að félagsskapurinn er strangpólitískur. Mér dettur í hug í þessu sambandi atvik, sem fyrir hefir komið við útvarpið nýlega. Hér í Reykjavík er staddur viðkunnur maður, landfrægt skáld. Einn af þeim mönnum, sem mest hafa lagt til þjóðmálanna, og sá maður úr bændastétt landsins, sem fyrr og síðar einna mest hefir lagt til bókmenntanna. Þessi maður hefir ekkert á móti því fremur en margir þeir, sem eitthvað nokkuð hafa til brunns að bera andlega, að láta til sín heyra í útvarpinu, og hann gerðist svo djarfur að vekja máls á þessu við útvarpið og taldi nokkra ástæðu til, að hann fengi þar áheyrn til móts við meðalmennina og minni en það, sem við fáum svo títt að hlusta á í útvarpinu. En þegar sú sama stofnun, útvarpsráð, sem þessum mönnum veitir slíkt frjálsræði í útvarpinu sem raun er á, fer að skammta skáldinu frá Sandi, þá gefur það honum kost á 15 mínútum til þess að lesa upp kvæði, — erindi má hann ekki flytja þar. Skáldið fór fram á að flytja 3 erindi. Um það var ekki að tala, þó ritskoðun væri boðin, sem ekki er þó beitt við aðra. En útvarpið færði sig meira upp á skaftið við þennan mann. Ef hann fengi þessar 15 mínútur til að lesa upp kvæði, þá þyrfti fyrst að lesa kvæðin yfir. Ég býst við, að Sigurði Einarssyni, eða einhverjum slíkum manni, hafi átt að fela að lesa kvæðin yfir, og sennilega að yrkja þau upp, eða kannske hæstv. atvmrh. hafi ætlað að gera það. Þetta er það hlutlausa útvarp, sem hæstv. ráðh. segir, að engum manni detti í hug að tortryggja fyrr en þessir glæframenn, sem að frv. standa, flytji frv. til þess að vekja tortryggni gegn útvarpinu. Ég get meira að segja bent á það, að hæstv. atvmrh. sjálfur hefir gróflega misnotað pólitískt hlutleysi útvarpsins á þeim vettvangi, þar sem enginn var til andsvara. Ég get t. d. nefnt það, að það getur haft óþægileg áhrif, þegar hæstv. ráðh. er að fræða menn gegnum útvarpið um fiskverð í Suðurlöndum og fer skakkt með á þann hátt, sem gerir fullyrðingar hans flokksmanna um það, að fisksalarnir steli alltaf af sjómönnunum, sennilegri en ella. Ég býst við, að hæstv. ráðh. hafi orðið þetta á óviljandi, en slíkt getur haft sín áhrif í útvarpi, ekki síst á þá menn, sem haldnir eru pólitískri einsýni.

***Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Ég lít nú raunar svo á, að síðasta ræða hæstv. atvmrh. sé í raun-inni næg umsögn til þess að koma frv. fyrir kattarnef. En út af ræðu hv. þm. Vestm. vildi ég þó segja nokkur orð, og úr því ég tek til máls, einnig víkja nokkrum orðum að hv. 11. landsk. í tilefni af ræðu hans, er átti að vera svar við ræðu minni hér um daginn.

Hann sagði, að það hefði átt að afsanna hlutdrægan fréttaflutning útvarpsins með því að halda því fram, að Mbl. væri óráðvant í fréttaflutningi. Þetta er fullkominn útúrsnúningur og því vægast sagt nokkuð hæpin rök. En það eftirtektarverðasta er, eins og greinilega hefir verið sýnt fram á, að öll þau dæmi, sem tilfærð hafa verið til þess að sýna hlutdrægni útvarpsins, hafa reynzt ástæðulaus. Þannig var og dæmi það, sem hv. þm. Vestm. kom með og bæði ég og aðrir höfum sannað, að var ástæðulaus gagnrýni. En það, sem eftirtektarverðast er og hæstv. atvmrh. benti á, er það, að ekki hefir með einu orði verið reynt að færa líkur fyrir, að fréttaflutningurinn gæti orðið betri við þá breytingu að komast undir umsjón útvarpsráðs. Eða gera þessir menn sér von um það, að sú eina breyting, sem þeir leggja til, að gerð verði á kosningu útvarpsráðs, að útvarpsnotendur kjósi þann eina mann, sem ráðh. skipar nú, verði til þess, að stjórnmálaskoðanir þekkist ekki meðal fulltrúanna í útvarpsráði? Er það ekki svo, að þeir, sem kosnir eru nú, séu að meira eða minna leyti kosnir pólitískt? Ég hygg því verði vart neitað. Þess vegna álít ég, að skilyrðin fyrir því, að fréttaflutningur útvarpsins verði ópólitískur, verði minni en nú eru við þá breytingu, að setja fréttaflutninginn undir útvarpsráð, enda hefir hinu gagnstæða ekki verið haldið fram með einu orði. (**ÓTh:** Er fulltrúi stj. í útvarpsráði ópólitískur?). Ég geri ráð fyrir, að svo sé ekki; þess vegna álít ég betra, að fréttaflutningurinn heyri ekki undir útvarpsráð, heldur eins og nú er undir stjórn útvarpsins, því ég held því fram, að reynslan hafi sýnt, að með því er þessari starfsgrein útvarpsins, fréttaflutningnum, vel borgið, enda hefir í öllum þessum umr. ekkert dæmi komið fram, er sýni, að fréttaflutningurinn sé pólitískur. Gagnrýni hefir eingöngu verið beitt gegn útvarpserindunum, sem heyra undir útvarpsráð, sömu stofnunina, sem frv. vill láta taka við umsjón fréttastarfseminnar. Gagnrýnendurnir hafa ekkert dæmi getað fært fram til stuðnings þeirri skoðun, að fréttaflutningur útvarpsins eins og hann er sé pólitískur. Samt vilja þeir koma fréttaflutningnum undir útvarpsráð, sem þeir leggja mest kapp á að sýna, að starfi pólitískt. • Kennir hér óneitanlega nokkurrar mótsagnar.

Hæstv. atvmrh. var í raun og veru búinn að gera hv. þm. Vestm. full skil, en af því þessi hv. þm. beindi fyrirspurn til mín, sem ég að vísu hefi svarað, en svo var að heyra sem það svar mitt hefði farið framhjá honum, þá skal ég endurtaka það. Hv. þm. spurði, hvort ég teldi ekki hættuleg fyrir okkur Íslendinga ummæli, sem Sigurður Einarsson hefði haft um erlenda viðskiptaþjóð okkar. Ég svaraði því, að í fyrsta lagi lægi ekkert fyrir, er sannaði það, að Sigurður Einarsson hefði nokkurntíma viðhaft téð ummæli í útvarpinu. Í öðru lagi, þó ummælin hefðu fallið, þá væru þau hvorki á ábyrgð útvarpsins eða ríkisstj., heldur á ábyrgð Sigurðar Einarssonar sjálfs. Ég get ekki hugsað mér, að hv. þm. álíti, að ríkistj. geti borið ábyrgð á öllu því, sem sagt er í ræðu og riti, hvar sem er, þó það snerti

eitthvað þær þjóðir, sem við höfum viðskipti við. Þetta vil ég vona, að hv. þm. Vestm. skilji nú, þó hann skildi það ekki áðan.

*Jóhann Jósefsson: Ég get verið þakklátur hæstv. fjmrh. fyrir að gera sér það ómak að árétta svar sitt til mín, því í raun og veru svaraði hann engu í fyrra sinn, þó okkur beri nokkuð mikið á milli um afstöðu ríkisstj. til umræddra ummæla.

Svo var það hæstv. ráðh. utanríkismálanna, sem eðlilega fann ástæðu til þess að taka til máls. Hann sagðist vera mér sammála um það, að rétt væri að viðhafa alla varúð í ummælum um önnur ríki, en spurði hinsvegar, hvort ég hefði nokkurt umboð frá Þjóðverjum til þess að grennslast eftir, hvað um þá sé talað hér í blöðum eða útvarpi. Ég get svarað hæstv. ráðh. því, að ég hefi ekkert slíkt umboð, og hefi ekki heldur um það beðið. Ég þykist sem þm. og borgari þjóðfélagsins hafa fullan rétt til að benda á þá hættu, sem af því getur stafað, ef við búum gálauslega að viðskiptaþjóðum okkar. Hitt. sem hæstv. ráðh. lét sér sæma að beina til mín, að það væri vafasamur þegnskapur af mér að tala um þessi útvarpsummæli á þennan hátt, því vil ég svara honum með því að minna hann á, að ég hefi átt kost á áður að benda honum á varhugaverð ummæli í hans eigin flokksblaði, er mér virtist hann sammála mér um, en þessi ummæli snertu viðskiptaþjóð okkar Íslendinga og voru síður en svo fallin til þess að treysta vinsamleg viðskipti milli ríkjanna.

Hæstv. ráðherrar hafa valið sér þá skemmstu leið í þessu efni; þeir hafa haldið því fram, að hv. þm. V.-Sk. fari með rangt mál. Ég veit ekki, hvort þeir hafa beinlínis sagt, að hv. þm. hafi logið upp þessum ummælum á Sigurð Einarsson, en þeir hafa fullyrt, að tíðindamaður útvarpsins hafi aldrei viðhaft þessi orð. Það er svo að sjá, sem þessir hæstv. ráðh. treysti sér til að bera þennan hv. þm., konunglegan embættismann, þjóðkunnan þjóðarfulltrúa og hinn vandaðasta mann slíkum sökum. En ég hefi einmitt fengið umsagnir áreiðanlegra manna hér í bænum, er hlýddu á ummæli tíðindamannsins, og þær staðfesta, að þau hafi að efni til verið hin sömu og hv. þm. V.-Sk. heldur fram.

Það er að sjálfsögðu auðvelt fyrir tíðindamanninn að strika þessi ummæli út úr sínu erindi áður en hann lætur prenta það, og er það að vísu betra en ekkert, en það haggar samt ekki þeirri staðreynd, að þau hafa verið flutt. En vonandi verða þessar umr. ekki aðeins til þess, að hann striki umrædd ummæli út áður en erindið verður prentað, heldur verði tíðindamaður eftirleiðis varkárari í orðum gagnvart þeim þjóðum, er við skiptum við.

Ég tel það engu óþegnlegra að átelja slíkt athæfi heldur en að breiða yfir það, eins og hæstv. ráðh. hafa viljað gera. Og ef þetta verður ekki lagað með átölum, sem hæstv. atvmrh. hefir þó tekið undir, þá verður það samt enn síður lagfært með yfirhylmingum.

Neitanir við því, að ummælin hafi verið viðhöfð, hafa náttúrlega harla litla þýðingu og eru samskonar og neitanir hæstv. ráðh. við því, að útvarpið hafi á ýmsum sviðum verið notað til flokksþarfa og til að beita pólitískri hlutdrægni. Þær eru álíka mikils virði hvorartveggja þessar neitanir.

*Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson): Það var hv. 6. þm. Reykv., sem tók eitt dæmi í síðustu ræðu sinni til þess að sanna, hvað útvarpið væri hlutdrægt. Ég held, að honum hafi ekki tekizt það sem bezt, sem ekki var heldur von eftir því sem efni stóðu til. Hann veik ekki að fréttaflutningnum núna, heldur að starfi útvarpsráðs og vali á mönnum til þess að flytja erindi í útvarpið. Nú er það útvarpsráðið, sem er orðið hlutdrægt. Hv. þm. taldi það pólitíska hlutdrægni, að Guðmundi Friðjónssyni skáldi var ekki gefinn kostur á að flytja erindi í útvarpið eins og hann hefði kosið. Ég hefi leitað upplýsinga þessu viðvíkjandi hjá útvarpsráðsmönnum, og mér er sagt, að um þetta hafi ekki orðið neinn ágreiningur. Þar eiga þó sæti tveir ákveðnir sjálfstæðismenn, og ég hefi það fyrir satt, að um þetta hafi orðið fullt samkomulag innan útvarpsráðs. Um pólitíska hlutdrægni getur því ekki verið að ræða. Ég sé svo ekki ástæðu til þess að hafa um þetta fleiri orð. Það liggja ástæður til þess, að Guðmundur Friðjónsson hefir ekki komizt að að flytja svo oft erindi í útvarpið eins og hann hefir óskað. Það er augljóst, að þær hafa verið metnar af útvarpsráði nægilega til þess að verða ekki við þessu.

Þá sagði þessi sami hv. þm., að ég sem ráðh. hefði misnotað útvarpið freklega, en hann tók það ekki fram, í hverju það hefði legið. Ég verð því að telja það sem eina af mörgum fullyrðingum hans. Hlustendur verða að dæma um það, og ég verð að hlíta þeim dómi. Sjálfur neita ég því, að ég hafi misnotað útvarpið nokkru sinni í mínum erindum.

Hv. þm. fullyrti, að ég hefði gefið rangar upplýsingar um verð á saltfiski og með því gefið undir fótinn grunsemdum um, að vissir menn stælu af fiskverðinu. Ég verð að segja, að þessi fullyrðing hv. þm. kemur mér undarlega fyrir eyru, og ég kannast ekki við slíkt. Þær upplýsingar, sem ég flutti í yfirlitserindi mínu, að ég ætla um áramótin 1935, um það bil er nýja sölusamlagið var stofnað, voru byggðar á upplýsingum frá Sölusambandi ísl. fiskframleiðenda og sumpart frá fiskimálanefnd. Þessum fullyrðingum hv. þm. vil ég því vísa á bug sem rakalausum ósannindum, að ég hafi verið með aðdróttanir um, að vissir menn stælu af fiskinum. Það eru ekki til önnur orð yfir það — hvernig sem hæstv. forseta líkar — en að segja, að það sé hrein og bein lygi. (SK: Hver sagði það?). Hv. þm. sagði, að ég hefði „gefið undir fótinn þeim orðrómi, að vissir menn stælu af andvirði fiskjarins.“ Þannig orðaði hann það. Ef hv. þm. sér eftir að hafa viðhaft þessi orð, þá bendir það bara til batnandi hugarfars.

Við hv. þm. Vestm. hefi ég ekki meira að segja. Hæstv. fjmrh. tók það skýrt fram, sem mestu skiptir í þessu máli, að það er ósannað, að þau orð, sem Sigurði Einarssyni eru lögð í munn, hafi verið sögð af honum. En jafnvel þó að svo hefði verið, þá hafa þau verið töluð á á-

byrgð hlutaðeigandi manns, en hinsvegar útvarpsráðs að líta eftir því, ef um móðgun hefði verið að ræða, og gefa honum þá áminningu. — Ég var ekki að ávíta hv. þm. fyrir það að vera að hreyfa þessu máli án þess að hafa umboð til þess frá hlutaðeigandi þjóð. Það datt mér ekki í hug, og að sjálfsögðu hefir hann sinn þingmanns- og borgararétt að hreyfa hvaða máli sem er fyrir þingi. En þessum hv. þm., sem er svo annt um, að meðferð utanríkismálanna fari vel úr hendi, ætti að vera ljóst, að það er vafasamur þegnskapur við sína eigin þjóð, meðan ekki er sannað, að þessi ummæli hafi verið sögð, að ala á því, að útvarpið sé notað til þess að ófrægja erlenda stórþjóð, sem við höfum viðskipti við. — Það er mjög vafasamur þegnskapur við sína eigin þjóð, en það er það, sem þessi hv. þm. hefir gert ásamt hv. þm V.-Sk., en þó meira hv. þm. Vestm.

***Sigurður Kristjánsson:** Ég mótmæli því, sem hæstv. atvmrh. var að hafa eftir mér. Hann sagði, að *ég hefði sagt*, að *hann hefði af ásettu ráði* farið rangt með fiskverðið, til þess að styrkja þann orðróm, að fisksölustjórnin stæli af fiskverðinu. Ég ætla, að þingskrifararnir sanni það á sínum tíma, að það er langt frá, að ég hafi sagt þetta. Ég sagði, að sjálfsagt hefði hann farið óafvitandi skakkt með, en orð hans hefðu orðið til þess að styrkja þann rógburð, sem flokksblað hæstv. ráðh. hefði haft um fisksöluna.

En það sannast á hæstv. ráðh., að *sjaldan launa kálfar ofeldið*. Af því að ég bar hann undan sökum, þá launar hann það á þennan hátt. Sannleikurinn er sá, að það hefir sjálfsagt snert hæstv. ráðh. þannig, að hann væri fundinn sekur, og ég get bætt því við, að hann er fundinn sekur fyrir þetta erindi. Ég hlustaði á það. Hann *flutti* það í tilefni af því, að hans flokkur og sambandsflokkur hans voru búnir að koma nýrri skipun eftir sínu höfði á fisksöluna. Ræða hans var öll frá upphafi til enda mjög flokkslituð áróðursræða til þess að bera í bætifláka fyrir þetta skipulag og láta það sjást í hagstæðara ljósi heldur en það skipulag, sem sjálfstæðismenn vilja á þessum málum hafa.

Hitt skal ég endurtaka, að ég hygg, að hæstv. *ráðh. hafi óafvitandi farið rangt með þessar* tölur. En þær urðu til þess, að menn hneigðust til þess að trúa þeim dylgjum, sem blað hæstv. ráðh. flutti um þá, sem fóru með fisksöluna. En ef hæstv. ráðh. treystir sér til þess að birta þetta erindi, þá mun það sannast, að það var pólitískur áróður, sem ég varð ekki var við, að neinn ætti kost á að svara, og sama bragð virtist mér að ræðu hans eftir áramótin nú. Það getur verið, að það sé ósjálfrátt, af því að ákveðnum flokksmanni verður það oft á að láta það, sem hann segir, sjást í sem hagstæðustu ljósi fyrir sinn flokk. En ég held, að það hafi verið misráðið af hæstv. ráðh. að fara að tala um þetta, einkum af því, að hann fór með ósannindi.

Ef hann vill afsanna þetta, á hann að birta ræðuna. Hafi hann ekki kjark til þess, þá finnur hann sig sekan.

Forseti (JörB): Ég vil vænta þess, að menn *viðhafi ekki áfram stóryrði*.

***Flm. (Thor Thors):** Þessar umr. eru orðnar nokkur langar. Þær hafa snúizt í það að verða nokkurskonar eldhúsumræður yfir starfsemi útvarpsins. Enda þótt svo væri ekki til ætlazt af hálfu okkar flm., verð ég samt að telja vel farið, að þessar *ýmsu raddir* um starfsemi útvarpsins hafi komið fram hér á þingi.

Það var nauðsynlegt eftir að hæstv. kennslumála-, atvinnumála- og flugmálaráðh. hafði látið þau ummæli falla, að hann hefði aldrei heyrt neinar óánægjuraddir út af starfsemi útvarpsins. Ég verð að segja, að þessi hæstv. ráðh. virðist hafa lítil mök við þjóð sína, ef það hefir getað farið framhjá honum, að óánægju gætti hjá *miklum* þorra *landsmanna* yfir starfsemi útvarpsins. Einmitt vegna þessarar fávizku hæstv. ráðh. var það nauðsynlegt, að þessar umr. *færu fram*. Hæstv. kennslumálaráðh. ætti að vera það kunnara en öðrum, hvern hug mikill hluti þjóðarinnar ber til útvarpsins og starfsemi þess í einstökum atriðum. Annars ætti hæstv. atvmrh. að vera það kunnugt, að á Alþingi í fyrra kom fram óánægja út af þeim fréttaflutningi frá Alþingi, sem fram fór í útvarpinu. Þá var þetta mál rætt á þingi, og meiri hl. Sþ. samþ., að nauðsynlegt væri að breyta til með þingfréttaflutninginn. Þar stóðu saman sjálfstæðismenn og flokksmenn hæstv. atvmrh., en nú er það mál leiðrétt, sem betur fer.

Það þarf ekki að endurtaka þær ýmsu ásakanir, *sem fram hafa komið* um hlutdrægni útvarpsins í einstökum atriðum. Enginn úr stjórnarliðinu hefir þó treyst sér til að andmæla því, að erindi Ragnars Kvarans um kosningarnar á Norðurlöndum, er flutt voru sem fræðsluerindi, hafi verið mjög ákveðin áróðurserindi um sósíalistastefnuna. Það var langt frá því, að þar væri um hlutlausan fréttaburð eða fræðslu að ræða, heldur voru það hálfpólitísk áróðurserindi, sem svo voru *launuð af „hlutlausa“* íslenzka ríkisútvarpinu. Slík erindi eiga aðeins heima í útvarpinu á þeim stundum, er andstæðingarnir hafa rétt til andsvara.

Það hefir lítið verið vikið að því, sem fram hefir komið í hinum — mér liggur við að segja — pólitíska snakktíma Framsfl., sem nefndur er: um daginn og veginn. Þess hefir verið getið sem dæmis um hlutleysi eða gætni, að þessi fréttamaður hafi farið með ummæli bæði úr greinum Jónasar Jónssonar og Ólafs Thors um síðustu áramót. En hann var víst sjálfráður um, hvaða ummæli hann valdi; a. m. k. valdi hann ekki þau ummæli úr grein Ólafs Thors, sem mestu máli skiptu. Í þeim fréttaflutningi var hallað á Sjálfstfl. bæði hvað snerti val á efni og eins hvernig efnið var flutt. Það vita allir, að fyllstu hlutdrægni má við koma í útvarpinu einmitt með því, *hvernig efni er flutt*. Það er eins þýðingarmikill þáttur í flutningi mála í útvarpinu, hvernig flutt er eins og hvað flutt er.

Ég ætla ekki að fara út í almennar umr. um þetta mál, en ég vil aðeins láta í ljós undrun mína yfir því, að stjórnarliðar skuli berja sér á brjóst og verða alveg hissa á því, að rætt sé um pólitík í sambandi við útvarpið.

Ég vil leyfa mér að minna á, að eitt af fyrstu verkum hæstv. ríkisstj. var að setja ný lög um

útvarpsrekstur ríkisins. Þau lög voru eingöngu sett í pólitískum tilgangi. Þau fóru fram á stórfellda breytingu á skipun útvarpsráðs frá því, sem verið hafði, í þeim einum tilgangi að skapa núv. stjórnarflokkum öruggan meiri hl. í útvarpsráði.

Það var á vitorði allra manna, enda greinilega haldið fram á þingi af stjórnarandstæðingum, að Helgi Hjörvar væri orðinn þyrnir í augum stjórnarliða og honum þyrfti að koma burt frá formennsku. Þess vegna var frv. fram borið um það að skapa stjórnarfl. öruggan meiri hl. í útvarpsráði. Ef hæstv. stjórnarliðar vilja sakast um, að nú sé rætt um pólitík í sambandi við útvarpið, þá verða þeir fyrst að líta í sinn eiginn barm, og þeir munu ekki komast hjá að viðurkenna, að það voru þeir, sem áttu upptökin að því, að pólitík komst á eins hátt stig í útvarpinu eins og nú er orðið.

Þetta frv., sem hér liggur fyrir og báðir þeir ráðh., sem talað hafa, hafa andmælt, hefir í raun og veru þrennt í sér fólgið. Í fyrsta lagi, að útvarpsráðið skuli ráða yfir þeim mönnum, sem fræðslu- og fréttastarfsemi útvarpsins hafa með höndum. Við teljum, að þegar búið er að breyta útvarpsráði samkv. þessu frv., og útvarpsnotendur — þ. e. þeir, sem halda útvarpinu uppi með afnotagjöldum af tækjum sínum og eiga mest við útvarpið að búa — hafa fengið meiri hl. í útvarpsráði, þá sé eðlilegt, að valdsvið útvarpsráðs sé aukið. Þá verður svo komið, að umboðsmenn útvarpsnotenda í landinu ráða mestu um rekstur útvarpsins og útvarpsnotendur eiga greiðan aðgang að meiri hl. útvarpsráðs.

Önnur breytingin er sú, eins og ég vék að áðan, að útvarpsnotendur kjósa meiri hl. í útvarpsráð.

Þriðja breytingin er í því fólgin að skerpa valdsvið útvarpsráðs frá því, sem nú er, og kveða greinilega á um valdatakmörkin milli útvarpsstjóra og útvarpsráðs. Þetta atriði er í raun og veru ekki nýtt; það var ágreiningsmál á Alþingi 1934. Þá leituðum við hv. 8. landsk. umsagnar þáv. útvarpsráðs um þetta mál, og höfðum við einnig umsögn Sambands íslenzkra útvarpsnotenda. Um það atriði, að skerpa valdsvið útvarpsráðs, var allt útvarpsráðið sammála og sendi þinginu sína umsögn. Þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Útvarpsráðið er á einu máli um það, að í greininni komi alls ekki nógu skýrt fram, hvernig valdsvið skiptist eða hvar ábyrgðin skuli raunverulega vera um starfsemi útvarpsins yfirleitt.“

Þetta var sú grein, sem fjallaði um starfsemi útvarpsins, en hún var samþ. óbreytt. Allt útvarpsráðið var þó sammála um, að skýrt yrði ákveðið um þetta. — Undir þetta skrifuðu þáv. meðlimir útvarpsráðs, þeir Helgi Hjörvar, Friðrik Hallgrímsson, Bjarni Benediktsson, Guðjón Guðjónsson og Pálmi Hannesson.

Um hitt atriðið, kosningu í útvarpsráðið, sagði Samband íslenzkra útvarpsnotenda, með leyfi hæstv. forseta:

„En minna geta rekendur stofnunarinnar, útvarpsnotendur, ekki gert sér að góðu en að hafa meiri hl. í útvarpsráði, svo að þeir hafi fullan ákvörðunarrétt um, hvernig fé því, er þeir einir leggja fram, er varið.“

Stjórn sambandsins, sem í eru menn af öllum flokkum, var einnig einhuga um að heimta þennan rétt. Mér þykir það því koma úr hörðustu átt, að þeir, sem sérstaklega telja sig verjendur lýðræðisins í orði, eins og hv. 2. þm. Reykv., skuli geta verið á móti því, að útvarpsnotendum sé veitt það lýðræði að mega ráða yfir þeirri stofnun, sem þeir bera uppi.

Stjórnarliðið hefir mjög haft það á orði, að hér gætti móðursýki hjá okkur sjálfstæðismönnum. Ég hefi ekki séð eða heyrt móðursýki koma fram í þessum umr., en ég hefi orðið þess var, að hér gætti að nokkru í málflutningi stjórnarliða samskonar tilfinninga og hjá móðurinni, þegar hún er að reyna að verja óknytti barnsins síns. Það hefir fallið Salómonsdómur um það, hverjir eigi útvarpið og í hverra þjónustu það er rekið. Það ætti að vera nægilegt til þess að sýna það, að gagnrýni okkar sjálfstæðismanna hefir við rök að styðjast.

Ég skal viðurkenna, að þetta frv. er vafasamt að því leyti, hvort það nær þeim tilgangi sínum að draga verulega úr þeirri óánægju, sem ríkir í garð útvarpsins. En ég hygg, að það sé spor í rétta átt, þar sem það veitir útvarpsnotendum yfirráð yfir þeirri stofnun, sem á að vera stofnun þeirra allra í heild. Vil ég því leyfa mér að vona, að þrátt fyrir þau andmæli, sem komið hafa fram, fái þetta mál þinglega og hæfilega meðferð og nái lögfestingu.

ATKVGR.
Frv. fellt frá 2. umr. með 14:10 atkv.

2. Opinber ákærandi.

Á 11. fundi í Nd., 27. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um opinberan ákæranda (þmfrv., A. 43).

Á 13. fundi í Nd., 3. marz, var frv. tekið til 1. umr.

***Flm. (Gunnar Thoroddsen):** Þetta frv. fer í fám orðum sagt fram á það, að ákæruvaldið sé tekið úr höndum dómsmrh. og fengið í hendur manni, sem stendur utan stjórnmálabaráttunnar.

Frv. þetta hefir verið borið fram tvisvar sinnum áður hér á þingi, 1934 og 1935. Í annað skiptið var það afgr. með dagskrá, en í hitt skiptið svæft í nefnd.

Eins og þessum málum er nú háttað, liggur ákæruvaldið hjá dómsmrh. En svo heit sem stjórnmálabaráttan er nú orðin og flokkadrættir miklir, fylgir slíku mikil hætta. Þessi hætta er því augljósari, þar sem sannanlegt er, að þessu valdi hefir verið misbeitt stórlega hin síðari ár.

Nú á samkv. frv. að taka þetta vald úr höndum hins pólitíska ráðh. Fyrir síðustu kosningar virtist eindrægni um þetta meðal flokkanna. Ákvæði um þetta var tekið upp í starfsskrá Alþfl., og hæstv. núv. forsrh. lýsti þá yfir hinu sama. En á næsta þingi á eftir blés vindurinn úr ann-

ari átt. Þá var áhuginn fyrir málinu dofnaður, þegar þeir höfðu sjálfir náð ákæruvaldinu í sínar hendur, til þess að beita því og misbeita eftir eigin geðþótta.

Mér þykir rétt að taka þetta fram nú og minnast um leið á mótbárur andstæðinganna gegn frv., þegar það kom fram. Hin helzta, eða jafnvel sú eina var sú, að endurskoðun réttarfarslöggjafarinnar stæði yfir og því væri ekki rétt að taka einn þátt hennar út úr, eins og frv. ætlaðist til. En sjálfir hafa þeir síðan tekið út úr einkamál í héraði og gert breytingar á hæstarétti. Þeir héldu því líka fram, að þessi endurskoðun ætti aðeins að standa yfir örskamma stund og yrði lokið fyrir árslok 1936. En þetta hefir verið með öllu vanrækt, og enn er ekki komið fram frv. um meðferð opinberra mála, sem það atriði, er hér ræðir um, fellur undir.

Því eru báðar þessar röksemdir, er andstæðingar báru fram gegn frv., fallnar burtu. Af þeim ástæðum er frv. nú borið fram á ný. Því er enn borin fram hér á þingi ákveðin krafa um tryggingu fyrir því, að opinberri málsókn sé ekki lengur misbeitt. Þetta er krafa þjóðarinnar, og *hún nær fram að ganga, hversu lengi sem* hlutdrægir og hefnigjarnir valdhafar stympast á móti henni.

***Forsrh. (Hermann Jónasson):** Það er rétt, að ég hefi áður lýst yfir fylgi mínu við það, að skipaður verði saksóknari ríkisins. En mál þetta er í n., sem einmitt nú vinnur að heildarlöggjöf um meðferð opinberra mála, sem þetta heyrir undir. Ég veit, að þessi n. hefir starfað mikið og samið frv. um þetta efni, og því er ekki aðeins eðlilegt, heldur sjálfsagt, að þetta mál verði tekið til meðferðar af þeirri sömu n. Það er því næsta einkennilegt, að vera að kasta fram slíku frv. þing eftir þing. Ég býst við, að hv. þd. sé mér sammála um það, að þessi mál séu ekki of vandlega huguð, þótt þessi færa n. fjalli um þau. Frv. um meðferð einkamála lá lengi bæði fyrir stjórn og þingi, og þó komu fram ágallar á því, sem eðlilegt var. Því á ekki að rasa fyrir ráð fram í þessu máli, heldur undirbúa það sem bezt. Lögunum um meðferð einkamála varð að breyta með bráðabirgðalögum, til þess að málarekstur í sumum málaflokkum ræki ekki í strand, þrátt fyrir undangengnar athuganir lögfræðinganna. Ég hygg því, að í þessu tilfelli sé heillavænlegast að bíða þess, að n. skil áliti sínu.

En ég vil áður en ég lýk máli mínu, minnast lítið eitt á grg. frv. og ræðu flm. Hann segir, að málinu þurfi að hraða, vegna þess að ákæruvaldinu hafi verið misbeitt, einkum upp á síðkastið. En ég vildi gjarnan, að hann færði rök fyrir þessu. Hann sagði, að núverandi stjórnarflokkar hefðu runnið á málinu, þegar þeir höfðu sjálfir ákæruvaldið í hendi sér og gátu misbeitt því eftir geðþótta. Þetta er harla óþinglega mælt, a. m. k. ef enginn rökstuðningur fylgir. Í grg. er gerð tilraun til að rökstyðja þetta með þeim hætti, að ákæruvaldinu hafi verið beitt hlutdrægnislega gagnvart bæjarstjórnum Ísafjarðar og Vestmannaeyja. En kærur á þessar bæjarstjórnir hafa aldrei komið til þess ráðh., sem ákæruvaldið hefir. Hinsvegar getur atvmrh. auðvitað fyrirskipað rannsókn á hag og stjórn bæjarfélaga, ef hann telur ástæðu til þess. — Og svo er hv. flm. lögfræðingur og ætlaði sér jafnvel að verða prófessor í lögfræði!!

Ég vildi gjarnan, að hann færði rök fyrir þeirri miklu misbeitingu ákæruvaldsins, sem nú gerir nauðsynlegt að hraða þessu máli svo mjög. Þá verður ef til vill hægt að rifja upp ýmislegt, sem áður hefir skeð.

***Stefán Jóh. Stefánsson:** Því er haldið fram í frv., að stjórnarflokkarnir séu andvígir frv. eða a. m. k. daufir í málinu. Þetta eru ekki annað en rakalausar fullyrðingar. Frá *því að málið kom* fyrst fram, var lýst yfir því af flokkstjórnunum, að flokkarnir væru því hlynntir, að ákæruvaldið væri í höndum sérstaks embættismanns. Síðan var skipuð n. til þess að athuga alla réttarfarslöggjöfina. Aðalþátturinn af starfi n., löggjöf um meðferð einkamála, er þegar kominn fram, og voru þau lög samþ. á síðasta Alþingi. En hér hefir verið farið að sem víðar, að þegar samin er sérstök lögbók, er þessum málum skipt í flokka, og slíkt þótti n. eðlilegt að gera hér. Nú hefir n. haft með höndum löggjöf um meðferð opinberra mála. Í frv. n. um þetta efni er gert ráð fyrir saksóknara ríkisins, en þó með öðrum hætti en í frv. því, er hér liggur fyrir. Það væri því að minni hyggju barnaskapur að afgreiða nú á þingi sérstaklega þetta frv., þar sem heildarlöggjöf um þetta efni er nú í undirbúningi, og getur verið, að frv. til þeirrar löggjafar verði lögð fyrir þetta þing. Það getur verið, eins og oft er um víðtæk mál, að það frv. nái ekki fram að ganga þegar á þessu þingi, en mönnum gefst þá alltaf tækifæri til að athuga málið nánar til næsta þings.

Það, sem hv. flm. segir í grg., að gert hafi verið ráð fyrir, að lögfræðingan. lyki störfum sínum, fyrr en orðið hefir, getur verið rétt, en dráttur sá, sem orðið hefir á þessu, mun stafa af *því, að einn lögfræðingurinn var sjúkur*, svo að störf féllu niður um skeið, og mun því ekki vera hægt að segja, að störf hafi tafizt meira en eðlilegt er, að þessu athuguðu.

Hv. þm. hélt því fram, að stjórnarflokkarnir væru orðnir því fráhverfir að setja opinberan ákæranda, og mótmæli ég því hér með og vísa því heim til föðurhúsanna, að ákæruvaldinu hafi verið beitt harkalega af núverandi stj. Þessi ákæra er ekki sönnuð í grg. frv., og hér hafa ekki heldur verið lagðar fram nýtar sannanir fyrir henni. Ég vil spyrja hv. flm., hvort hann hafi kynnt sér kæru þá, sem fram kom á Ísafirði gegn bæjarstj. þar, og hvort kæran hafi að hans áliti verið þannig, að hneyksli hafi verið, að hún var ekki tekin til greina. Kæran kom raunar ekki til dómsmrh., heldur atvmrh. Hann mun hafa gert ráðstafanir út af þessu. En hinsvegar höfðu kærendur aldrei kvartað til dómsmrh., svo að ekki er hægt að segja, að hér hafi ákæruvaldinu verið misbeitt. Þá er það einnig rangt, að rannsóknardómari hafi verið skipaður til að rannsaka framkvæmdir bæjarstj. Vestmannaeyja. Það var aðeins umboðsleg athugun, sem fram fór, framkvæmd af lögfræðingi, sem mikið hefir fengizt við bæjarmál. Þessar fullyrðingar eru því út í

bláinn. Það er fjarri því, að stjórnarflokkarnir séu horfnir frá þeirri ákvörðun, að hafður sé saksóknari ríkisins, og er þess að vænta, að á þessu þingi eða næsta gefist mönnum á að líta, að svo sé ekki. En ég álít, að ákvæði þar um eigi að vera fyllri en í þessu frv., og því tel ég betra að bíða og athuga málið til hlítar, svo að ekki sé farið að setja l. út í loftið og án nokkurs rökstuðnings.

Umr. frestað.

Á 14., 16., 17., 19. og 20. fundi í Nd., 4., 8., 9., 15. og 17. marz, var frv. tekið til frh. 1. umr. Forseti tók málið af dagskrá.

Á 21. fundi í Nd., 18. marz, var fram haldið 1. umr. um frv.

***Bergur Jónsson:** Það er nú orðið nokkuð langt síðan þetta frv. var til umr. hér. Hæstv. forsrh. og hv. 1. landsk. komu þá fram með sínar aths. við það, en ég vil þó fara um það nokkrum orðum, einkum vegna þess, að í grg. þess er ráðizt á lögfræðinganefndina.

Hv. flm. ber sig illa yfir því, að frv. skuli ekki hafa náð samþykki 1934. En ástæðan til þess, að svo var ekki gert, þótt margir hafi án efa verið samþykkir efni þess í höfuðdráttum, var sú, að á því þingi var samþ. þáltill. um skipun n. til að rannsaka réttarfarslöggjöfina til frambúðar. Það var því engin ástæða til að fara að taka einn þátt hennar út úr með samþykkt þessa frv., síst þar sem ákvæði þessi hefðu ekki komið að notum, þar sem þau hefðu ekki samrýmzt réttarfarslöggjöfinni. En auðvitað er nauðsynlegt, að þegar gengið er frá lögum um þetta efni, verði þau í samræmi við hina almennu réttarfarslöggjöf.

Síðan 1934 hefir komið frá n. þeirri, er athuga skyldi réttarfarslöggjöfina, heildarlöggjöf um einkamál í héraði. Var fullkomlega eðlilegt, að n. sneri sér að þeim hluta réttarfarslöggjafarinnar fyrst, þar sem það mál var þegar nokkuð undirbúið og þörfin til endurbóta enn ríkari en í hinum opinberu málum vegna hinnar skriflegu málafærslu, sem tafði svo mjög fyrir og gerði mönnum torvelt að ná rétti sínum. Þannig var margt fleira í rekstri einkamála, sem við töldum fyrst og fremst þörf á að lagfæra.

Síðan nefndin lauk við samning þessara l. hefir hún unnið að lagasetningu um rekstur opinberra mála. Að vísu hefir orðið dráttur á því, að þeirri lagasetningu yrði lokið. Ég hefi um langan tíma verið fjarverandi sökum veikinda, og hinir nm. hafa orðið að sigla, og þing hafa verið löng. En ég tel, að í máli sem þessu eigi ekki að leggja aðaláherzluna á flýtinn. Frv. um einkamál í héraði hafði fengið rækilegan undirbúning, enda lá það lengi fyrir þingi, án þess að nokkrar breytingar kæmu fram við það, er væri til verulegra bóta.

Ég varð nú að vísu ekki var við, að hv. flm. segði, að við hefðum vanrækt þetta mál vísvitandi. En hann sagði, að við hefðum lofað afgreiðslu þess 1935, en það er ekki rétt. En hinu lofuðum við að ganga eins vel frá þessum málum og hægt væri. Við gerum í till. okkar ráð fyrir saksóknara, en þar eru ákvæðin um hlutverk hans fyllri og í samræmi við önnur ákvæði um rekstur opinberra mála.

Það væri því aðeins fljótfærni að fara að samþykkja þetta frv. nú. Það var tilætlun okkar að leggja frv. okkar um opinber mál fyrir þetta þing, og við vonum, að það takist, áður en því lýkur, en við munum þó leggja aðaláherzluna á það, að ganga vel frá lögunum, og það, að mönnum gefist kostur á að athuga málið sem bezt.

Ég vil í þessu sambandi drepa á ákvæði 2. gr. frv. og skýringar flm. á þeim. Þar er tekið fram, að hinn opinberi ákærandi megi ekki hafa nein launuð störf á hendi, hvorki fyrir opinberar stofnanir, félög né einstaka menn, og dregur hann af því þá ályktun, að hinn opinberi ákærandi standi utan við alla stjórnmálaflokka. Ég sé ekki, að í þessu sé nein trygging fyrir því. Eftir stjskr. hafa allir kjörgengi, nema dómarar í hæstarétti. Hér er aðeins um umboðsstarf að ræða, og því væri stjórnarskrárbrot að banna þessum embættismanni að eiga sæti á þingi. Annað mál er það, hvort rétt væri að breyta stjskr. í það horf. Hitt nær auðvitað engri átt, að banna þessum manni að taka laun fyrir ritstörf eða eiga sæti í opinberum n., eins og t. d. forseti hæstaréttar má nú.

Út í grg. frv. mun ég ekki fara að sinni. Hv. flm. talar þar um misbeitingu ákæruvaldsins fyrr og síðar, og þykist ég vita, að hæstv. dómsmrh. svari þeim ásökunum. Hann nefnir sem dæmi rannsókn, er fyrirskipuð hafi verið á bæjarstjórnina í Vestmannaeyjum. En sú rannsókn var fyrirskipuð af atvmrh. og því alveg umboðslegs eðlis.

Ég teldi réttast, að þetta mál yrði ekki látið fara lengra, þótt ég geri það ekki að neinu kappsmáli.

***Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson):** Ég mun ekki ræða frv. sjálft, en mun víkja að einum kafla í grg. Þar segir svo á bls. 2:

„Öll framkoma stjórnarflokkanna í þessu máli sýnir berlega hug þeirra og heilindi. Þeir þykjast fyrir kosningar 1934 vera eindregið fylgjandi skipun opinbers ákæranda, því að þeir vita, að þetta er vinsælt mál með þjóðinni og réttlátt mál. En þegar málið er borið fram á þingi, þvælast þeir fyrir, fresta því og svæfa. Hvers vegna? Vegna þess, að nú hafa þeir ákæruvaldið í sínum höndum og möguleikann til að misbeita því eftir geðþótta. Það er líka óspart gert, eins og síðar mun sýnt rækilegar; en hér nægir að nefna það alræmda hneyksli, þegar alvarlegri ákæru á hendur meiri hluta bæjarstjórnar á Ísafirði er stungið undir stól, en síðan er einn hinna ákærðu Ísfirðinga skipaður rannsóknardómari yfir bæjarstjórn Vestmannaeyja."

Ég fæ nú ekki séð, hvernig á því stendur, að þessi fullyrðing, sem er auðvitað alveg rakalaus, skuli standa í frv. um opinberan ákæranda. Þær kærur, sem hér ræðir um, eru allt annars eðlis. Sá ráðh., sem fer með yfirstjórn bæjarmálanna, getur auðvitað heimtað allar skýrslur um stjórn og fjárhag bæjarfélaganna. En slíkt kemur ekki neinum sakamálaákærum við. Ef um slíkt væri að ræða, ætti að senda kærurnar til hlutaðeigandi eða dómsmrn.

En nú skal ég víkja nokkuð að Vestmannaeyjum. Um haustið 1934 fékk kaupstaðurinn £ 5000 lán úr ríkissjóði samkvæmt heimild Alþingis. Ýmsar eignir bæjarins voru veðsettar fyrir þessu láni. En 1935 eru ýmsar þessar eignir auglýstar til sölu til greiðslu á skuldum bæjarins. 4. júlí 1935 skrifar fjmrn. svo hljóðandi bréf til atvmrn.:

„Hinn 4. desember s. l. fékk Vestmannaeyjakaupstaður lán hjá The Pearl Assurance Company Limited, að fjárhæð £ 5000,—,—, og gekk ríkissjóður í ábyrgð fyrir láni þessu samkvæmt heimild í þingsályktun 29. nóv. s. l. Var til þess ætlazt, að kaupstaðurinn notaði lánsfjárhæðina fyrst og fremst til þess að greiða gjaldfallna vexti og afborganir af lánum sínum.

Nú hefir komið í ljós, að Vestmannaeyjakaupstaður hefir vanrækt að greiða hina ýmsu gjaldföllnu vexti og smáskuldir, og hafa hinar ýmsu eignir kaupstaðarins verið auglýstar til sölu á opinberu uppboði, og jafnvel hefir stjórn kaupstaðarins látið undir höfuð leggjast að greiða vexti og afborganir af lánum, er hvíla með fyrsta veðrétti á spítala kaupstaðarins, sem veðsettur var ríkissjóði með öðrum veðrétti til tryggingar láni þessu, og það jafnvel þótt vextir þessir og afborganir hafi fallið í gjalddaga, áður en kaupstaðurinn gaf ríkissjóði veð í eigninni.

Út af þessu telur fjármálaráðuneytið rétt, að látið verði athuga, til hvers Vestmannaeyjakaupstaður hefir varið þeim £ 5000—0—0, er hann fékk að láni og ástæður þess, að ekki voru greiddar hinar nauðsynlegustu greiðslur vaxta og afborgana þegar í stað er lánið var fengið."

Þetta varð til þess, að atvmrn. fól Jóni Guðmundssyni endurskoðanda að fara til Vestmannaeyja til þess að kynna sér, hvernig lánsupphæðinni hefði verið ráðstafað, og jafnframt kynna sér almennt fjárreiður kaupstaðarins, eftir því sem við yrði komið á þeim stutta tíma, sem hann hafði til umráða. Endurskoðandinn fór síðan til Vestmannaeyja og kynnti sér þetta og lét rn. í té gögn um málið, sem sýndu, að kæran hafði verið á rökum byggð, en það tókst að fá viðbótarlán og koma þessu, sem mest var aðkallandi, í lag. Rn. lét svo þetta falla niður um leið og þessum vangreiddu skuldum var komið í lag, þannig að ekki skertist sú trygging, sem átti að standa fyrir láni því, er ríkissjóður gekk í ábyrgð fyrir. Um bókhald og annað slíkt var sagt, að ýmsu hefði verið ábótavant, en það færðist til betra horfs, eftir að hinn nýi gjaldkeri tók við störfum. Hinsvegar vannst ekki tími til að gera fullkomna athugun á fjárreiðum kaupstaðarins, því að tími endurskoðandans var naumur. — Svo líður fram til 30. marz 1936. Þá kærir minni hluti bæjarstjórnar í Vestmannaeyjum meiri hl. bæjarstjórnar og bæjarstjóra fyrir ýmiskonar afbrot. Ég hirði ekki að rekja þessi kæruatriði. Þau voru mörg. En með tilliti til þess, sem áður hafði gerzt, og með tilliti til þess, sem fyrir lá, að bæjarstjórnin hafði vanrækt að halda fundi, leggja fram reikninga og gera áætlanir á tilsettum tíma, þá þótti ekki verða hjá því komizt, að gera athugun á kæruatriðum þeim, sem fram voru borin, ekki á þann hátt, að opinber rannsókn væri sett á bæinn, eins og hér er gefið í skyn í grg. frv., heldur þannig, að ráðuneytið fól Ingólfi Jónssyni lögfræðingi, sem áður hafði verið bæjarstjóri á Ísafirði, að athuga reikningshald og fjárreiður kaupstaðarins. Ástæðan fyrir því, að sá maður varð fyrir valinu, var í fyrsta lagi sú, að hann er mjög kunnugur reikningshaldi bæjarfélaga og glöggur og fljótur að átta sig á slíkum hlutum, og í öðru lagi hafði hann samtímis erindum að sinna í Vestmannaeyjum, þannig að við það sparaðist nokkur kostnaður. Þessi maður gaf svo rökstudda skýrslu um það, sem áfátt þótti hjá bæjarstjórninni. Sumt var tekið til greina, enda séð, að það var rétt. Annað var aftur smærra eðlis, og eftir móttöku skýrslunnar ritaði rn. bæjarstjórninni og skaut því til hennar að bæta ráð sitt, en lét að öðru leyti svo búið sitja. — Að því er snertir kæruna á hendur meiri hl. bæjarstjórnar Ísafjarðar, þá var rn. kunnugt um það mál af eldri bréfaskiftum, því að það hafði veitt bæjarstjórninni heimild til þess að ganga í ábyrgð og til lánveitinga í því skyni, sem um ræðir í þessari kæru. Kæran var nú samt sem áður send til umsagnar forseta bæjarstjórnar, og sú umsögn taldi ráðuneytið, að upplýsti málið til fulls eftir atvikum. — Í sama mund barst einnig kæra á hendur Jóni Auðun Jónssyni bæjarstjóra á Ísafirði frá meiri hl. bæjarstjórnar þar, fyrir það, að hann vanrækti að framkvæma ákvarðanir bæjarstjórnar og breytti gegn þeim, og sumpart vegna þess, að hann hefði opinberlega gefið ranga skýrslu um efnahag bæjarins, sem var til þess fallin að veikja traust á honum. Jafnframt var talað um það í kærunni, að rannsókn yrði á þessu gerð og að rn. hlutaðist til um það, að maðurinn hyrfi frá embætti. Nú hlutaðist það svo til, að Jón Auðun Jónsson sagði sjálfur af sér bæjarstjórastöðunni, en hin önnur atriði í kærunni þóttu upplýst þannig, að ekki væri ástæða til að setja það frekar í rannsókn. —

Ég fæ ekki betur séð en að bæði þessi mál hafi fengið eðlilegan og vanalegan gang í rn. og að engri hlutdrægni hafi verið beitt. En ég vil undirstrika það, sem ég sagði í upphafi máls míns, að hér er ekki um að ræða neitt það, sem snertir efni þessa frv., sem hér liggur fyrir. Hér er aðeins um að ræða athugun, sem gerð var af atvmrn., sem hefir yfirstjórn bæjar- og sveitarstjórnarmálefna. Ef um saknæmt mál hefði þótt að ræða, þá hefði að sjálfsögðu verið hægt að snúa sér til dómara eða til dómsmrn. beint um kæru í því efni.

*Flm. (Gunnar Thoroddsen): Það er nú orðið alllangt síðan þetta mál var til umr. og ýmislegt komið fram, sem þörf er á að svara. — Það er raunar óþarfi að svara þeim aðalröksemdum, sem hv. 1. landsk. og hv. þm. Barð. hafa borið fram fyrir frestun þessa máls, vegna þess að ég hefi bæði í grg. frv. og í minni fyrri ræðu hrakið þær algerlega. Þær tvær ástæður, sem þeir færðu fram, voru í fyrsta lagi, að ekki mætti draga út úr heildarendurskoðun réttarfarslöggjafarinnar þetta eina atriði. Þetta er afsannað m. a. með því, að sjálfir þessir menn hafa tekið einstök atriði út úr heildarlöggjöfinni og borið þau fram á þingi, og þau jafnvel verið lögleidd, eins og breyt. á

hæstarétti og breyt. á meðferð einkamála. Í þessu sambandi — að ekki megi taka einstök atriði út úr heildarlöggjöf — nægir að nefna það til andsvara, að í blaði hæstv. forsrh. í dag, Nýja dagblaðinu, er skýrt frá því, að fyrir hans tilstilli muni verða bornar fram næstu daga einstakar breyt. á hegningarlögunum, en þau hafa verið til heildarendurskoðunar, að ég held í 7 ár. Þessar röksemdir hv. þm. eru algerlega á sandi byggðar, enda hafa þeir sjálfir afsannað þær, og er þess vegna ekki þörf á að ræða þær frekar. — Hin ástæðan fyrir frestun þessa máls var sú, að þessi heildarendurskoðun réttarfarslöggjafarinnar tæki svo skamman tíma. Ég segi í grg. þessa frv., að það hafi verið gefið fyrirheit um, að heildarendurskoðun á réttarfarslöggjöfinni skuli vera lokið fyrir 1935. Hv. þm. Barð. vildi mótmæla því, að nokkurt fyrirheit hefði verið gefið í þessa átt. En ég vil máli mínu til stuðnings lesa upp hina rökstuddu dagskrá, sem samþ. var á Alþ. 1934 út af þessu máli. Hún hljóðar svo:

„Með því að meiri hl. alþm. hefir í opinberum málefnasamningi ákveðið, að gagngerð endurskoðun skuli fara fram á núverandi réttarfarslöggjöf, þar á meðal að sjálfsögðu á fyrirmælunum um meðferð opinberra mála, og kemur þá einnig til álita lögskipun opinbers ákæranda, og í trausti þess, að ríkisstj. leggi fyrir Alþ. 1935 frv. til nýrrar réttarfarslöggjafar, er nái til meðferðar opinberra mála, tekur d. fyrir næsta mál á dagskrá."

Í þessari dagskrá er gert ráð fyrir því, að frv. um meðferð opinberra mála yrði lagt fyrir Alþ. 1935, og í málefnasamningi stjórnarflokkanna var gefið fyrirheit um, að þessi mál yrðu afgr. að fullu fyrir að ég ætla 1936. — Þegar maður lítur á þetta fyrirheit í dagskránni, sem þessir 2 hv. þm., þm. Barð. og 1. landsk., hafa m. a. borið fram, þá er það dálítið einkennilegt, að þegar komið er fram á þing 1937, skuli ekki vera farið að bóla á einum staf í þessa átt. Ég bendi á þetta til þess að sýna fram á, að þessi ástæða, sem fram er færð, sem sé að heildarendurskoðunin taki skamman tíma, er ekkert nema fals og fláræði, eingöngu framborin til að skjóta þessu máli á frest. Um þetta atriði þarf ég svo ekki að fara fleiri orðum.

Þegar þetta mál var til umr. um daginn, létu bæði hæstv. dómsmrh. og hv. 1. landsk. þau orð falla, að það væru órökstudd ummæli í grg. frv., að ákæruvaldinu hefði verið misbeitt. Ég vil því verða við tilmælum þeirra og sýna fram á, að ákæruvaldinu hefir verið misbeitt og það herfilega. Tilefni þessa frv. er auðvitað það, sem öllum þm. og almenningi er ljóst, að það er hinn mesti háski, að jafnviðkvæmt vald og ákæruvaldið skuli haft í höndum pólitísks ráðh., sérstaklega hér í okkar landi, þar sem hin pólitíska barátta er jafnhörð og persónuleg og raun er á. Um þetta atriði skal ég ekki fara mörgum orðum, því að það er búið að ræða það mikið. En ég hygg, að engum manni geti blandazt hugur um, að ákæruvaldinu hefir verið misbeitt. Það má nefna dæmi jafnvel frá fjarlægum tímum um það, að ákæruvaldinu hefir verið misbeitt af pólitískum ástæðum. Nægir þar að nefna hið svokallaða „Skúlamál". En þó að bæði fyrir og eftir aldamót hafi komið fram ásakanir um misbeitingu ákæruvaldsins, þá er þó víst, að aldrei hafa komið eins ákveðnar raddir í þá átt eins og einmitt nú eftir stjórnarskiptin 1927. Þá keyrði svo um þverbak, að mikill hluti landsmanna þóttist sannfærður um og geta rökstutt það, að ákæruvaldinu væri svo herfilega misbeitt í pólitískum tilgangi, að nauðsynlega þyrfti að grípa í taumana. Ég skal ekki fara langt út í að nefna einstök dæmi, því að þau eru almenningi svo kunn, en flest eru þau úr valdaferli fyrrv. dómsmrh., núv. hv. þm. S.-Þ. Má þar t. d. nefna hið fræga Tervanimál, þegar tveir togarar, annar ísl., en hinn erlendur, voru kærðir fyrir landhelgisbrot. Ef annar togarinn var öðrum sekari, þá var það sá útlendi, því að það var auðveldara að fá sannanir á hendur honum. Það var svo höfðað mál gegn hinum íslenzka togara og hann dæmdur, en dómsmrh. lætur sakamálshöfðun gegn hinum erlenda togara niður falla, þó að öllum væri augljóst, að ef um sök var að ræða, þá var hann sekari. Ég skal svo ekki fara nánar út í valdaferil þessa ráðh., en þó aðeins nefna hina síðustu daga hans sem ráðh. Nokkrum dögum áður en hann fór frá völdum í maí 1932, fyrirskipaði hann málshöfðun á hendur að ég ætla 7 mönnum, sem allir voru pólitískir andstæðingar hans og flestir hátt settir í andstöðuflokki stj. Þetta mál gekk svo í gegnum dómstólana, bæði undirrétt og hæstarétt, og lauk svo, að engir þessara manna voru dæmdir. En þó að ég hafi nefnt þessi dæmi hér um misbeitingu ákæruvaldsins í stjórnartíð þessa ráðh., þá má þó ekki skilja orð mín svo, að þetta heyri eingöngu fortíðinni til. Misbeiting ákæruvaldsins í pólitískum tilgangi heyrir líka nútíðinni til, ekki sízt hinum síðustu 2 árum, sem núverandi stjórnarflokkar hafa farið með völd. Hæstv. dómsmrh. og hv. 1. landsk. hafa báðir óskað eftir sönnunum í þessu máli, og mun ég því nefna nokkur dæmi. — Í haust birtist grein í blaði þjóðernissinna, þar sem tekin voru upp ýms atriði úr vasabók hæstv. fjmrh. En þó að þessi atriði væru meira og minna ómerkileg, þá var þó ekki þar fyrir að synja, að í þessari vasabók kæmu fram ýmsar upplýsingar, sem voru óþægilegar fyrir þennan ráðh., m. a. það, þegar hann skýrir enskum fjármálamönnum frá því, að hann sjái aðeins 2 leiðir út úr fjármálaöngþveitinu. Önnur sé lántaka, en hin ívilnanir. En út af þessu er svo höfðuð sakamálsrannsókn á hendur þeim mönnum, sem að birtingunni stóðu, og þeir kærðir fyrir landráð samkv. 81. gr. hegningarlaganna. Nú er það öllum augljóst, sem á þessa hegningargrein líta, að ekki gat komið til mála, að birting þessara glefsna úr vasabók fjmrh. gæti fallið undir hana, því að þar er talað um mál, sem heill eða réttindi ríkisins gagnvart öðrum ríkjum sé undir komin. Nú fyrir nokkrum dögum er fallinn dómur í málinu og hinir ákærðu allir sýknaðir af kæru réttvísinnar. Og það vill svo einkennilega til, að jafnvel blöð stj. viðurkenna, að dómurinn sé alveg réttur og í samræmi við gildandi l. og skoðanir réttarfræðinga í þessu efni. Það er því nokkuð augljóst, þegar svo er komið, að felldur er sýknudómur í málinu og blöð stj.flokkanna viðurkenna að dómurinn sé réttur, að þessi ákæra dómsmrh. hafi

verið á sandi byggð í upphafi. Og það er ekki hægt að segja annað en að þessi ákæra sé frekleg misbeiting ákæruvaldsins í pólitískum tilgangi einum saman. —

En í sambandi við þetta, að það hafi verið birt leyndarskjöl, sem „heill eða réttindi ríkisins gagnvart öðrum ríkjum væri undir komin", þá er rétt að nefna til samanburðar nokkur önnur dæmi. — Fyrir nokkrum árum kom það fyrir, um það bil sem norsku samningarnir voru gerðir, að hv. 2. þm. Reykv., sem í utanríkismn. hafði verið trúað fyrir þessum samningi og var bundinn þagnarheiti, rauf þetta heit sitt og lét blað sitt birta þennan samning til árásar á vissa menn í andstöðuflokki sínum. Þarna var tvímælalaust um samning að ræða, sem átti að fara leynt og snerti heill ríkisins. En ég veit ekki til, að ríkisstj. hafi hreyft legg né lið til þess að lögsækja þennan mann fyrir landráð, þó að hann birti samning, sem leynt átti að fara. — Fyrir 2 árum kom það fyrir, að hv. þm. S.-Þ. skýrði, að vísu með nokkuð loðnum orðum, en þó svo, að allir skildu, frá ýmsum efnisatriðum í samningi þeim, er Íslendingar gerðu við Spán. Hann hafði ekki aðeins fengið vitneskju um þetta mál í utanríkismn. og þar með verið bundinn sama þagnarheiti og hv. 2. þm. Reykv., heldur og sem þm. á lokuðum fundi í Sþ. Þetta tvöfalda þagnarheit sitt brýtur hann með því að skýra frá þessum samningi og notar atriði úr honum til árásar á pólitíska andstæðinga. Það er ekki vitanlegt, að ríkisstj. hafi hreyft legg né lið til þess að ná sér niðri á þessum þm., þótt hann þar með hefði birt leyndarskjöl, sem vörðuðu réttindi ríkisins gagnvart öðrum ríkjum. — Þá skal ég nefna þriðja dæmið. Fyrir 2 árum var gerður verzlunarsamningur við Þýzkaland. Hann átti að fara leynt, og þau fáu afrit, sem til voru af samningnum, voru í vörzlu stjórnarráðsins. Var það skýrt tekið fram, að þetta væri trúnaðarmál og ekki til opinberrar birtingar. Nú vill svo til, að í blaði kommúnista hér í bænum er samningur þessi birtur, að nokkru leyti orðréttur, og notaður til árása á pólitíska andstæðinga. Það er ekki vitanlegt, að ríkisstj. hafi höfðað mál út af þessu, og virðist þó, að ef ástæða hefði verið til að höfða mál út af vasabókarslitrum hæstv. fjmrh., hefði verið ennþá meiri ástæða til að höfða mál út af birtingu þessa samnings við erlenda þjóð.

Ég hefi nefnt þessi 3 dæmi til samanburðar til að sýna það og sanna, að ríkisstj. hefir ekki verið óhlutdræg í meðferð ákæruvaldsins hin síðustu ár. Þeir, sem birtu nokkur atriði úr hinni ómerkilegu vasabók fjmrh., eru ákærðir fyrir landráð, en þeir menn, sem hafa rofið sitt trúnaðar- og þagnarheit og birt samninga við erlend ríki, sem leynt áttu að fara, eru ekki lögsóttir af ríkisstj.

Til þess að nefna nokkur dæmi enn til sönnunar því, að ákæruvaldinu hafi verið misbeitt, skal ég nefna mál þess manns, sem nú er forstjóri sundhallarinnar hér í Reykjavík. Um málshöfðun og rannsókn á hendur honum skal ég ekkert segja, en nýlega hefir verið felldur dómur í máli hans, þar sem hann er sýknaður af öllum ákærum fyrir fjársvik, en dæmdur fyrir óreglu í bókhaldi. Mér dettur ekki í hug að áfellast ákæruvaldið fyrir að höfða mál út af þessu, en hitt verður að teljast stórvítavert, að á meðan þetta mál er í rannsókn, heldur eitt blað hér í bænum uppi harðvítugum árásum á þennan mann og ásakar hann fyrir fjárdrátt og allskonar fjársvik í sambandi við þetta gjaldþrot. Og það mun vera upplýst mál, að þetta blað hafi, á meðan rannsókn stóð yfir í málinu, fengið öll skjöl málsins að láni úr dómsmrn. sjálfu, til þess að birta það, sem þessum manni mátti til lasts segja og snúa út úr og leggja til verri vegar. Ég verð að telja þetta, ef rétt er, sem ég tel nokkurnveginn víst, hina freklegustu misbeiting ákæruvaldsins í pólitískum tilgangi. —

Þá skal ég enn nefna eitt dæmi máli mínu til frekari stuðnings. Á fundi, sem haldinn var 9. nóv. 1935, að tilstilli flokks þjóðernissinna, varð uppþot, sem stafaði af því, að andstæðingar fundarboðenda, sósialistar og kommúnistar, kröfðust þess að fá að taka til máls, en vegna þess að því var neitað, þar eð ræðumenn höfðu verið fyrirfram ákveðnir, urðu úr þessu handalögmál og ryskingar, og þeir, sem kröfðust að taka til máls, réðust upp á ræðupallinn. Af þessu uppþoti hlutu margir meiðsli, og að því mér hefir verið tjáð, fór fram lögreglurannsókn út af þessu. Það kom fram kæra frá fundarboðendum á hendur uppþotsmönnum, en það brá svo við, að dómsmrn. mun ekki hafa séð ástæðu til að höfða mál út af þeim meiðslum, sem þarna voru framin; af hvaða ástæðu það var, skal ég láta ósagt, en ég vona, að hæstv. dómsmrh. upplýsi það í sinni næstu ræðu; en það urðu nokkrar eftirhreytur þessa máls. Á einn af þeim mönnum, sem þarna voru og hafði krafizt þess að fá orðið, en ekki fengið, Guðjón Baldvinsson, var ráðizt á götu nokkru síðar og hann meiddur. Út af þessu var höfðað mál, eins og réttmætt var, og þeir saksóttir og dæmdir til refsingar, sem á hann réðust. En til samanburðar þessu má geta þess, að tveir piltar, sem telja sig til flokks kommúnista, réðust á mann úr Sjálfstæðisflokknum, kennara einn héðan úr bænum. Síðan þetta gerðist, 22. júlí 1936, skilst mér, að ekki hafi verið gert hið minnsta til þess að höfða mál. Þessi maður hefir þó hvað eftir annað reynt að reka á eftir þessu máli. — Hvernig stendur á því, að þegar götuárás er gerð á tvo menn, þá eru aðrir árásarmennirnir saksóttir með hinum mesta flýti, en hinir látnir ganga lausir hálft árið, án þess að ákæruvaldið hreyfi hönd eða fót til þess að höfða mál? Ég býst við, að það séu einhver pólitísk tillit, sem þarna ráði. — Ég vil loks nefna eitt dæmi enn til þess að sanna það, að ákæruvaldinu hafi verið misbeitt, því að það er hægt að misbeita því á tvo vegu, annaðhvort með því að höfða mál, þegar engin ástæða er til, og það hefir oft verið gert, þegar pólitískir andstæðingar hafa átt í hlut, hin aðferðin er sú að láta saksókn gegn mönnum niður falla. Ég hygg að dæmi sé til þess, að saksókn gegn pólitískum samherjum hafi verið látin niður falla, þó að full ástæða hafi verið til málshöfðunar. — Ég vil að lokum nefna það dæmi, að þegar bílstjóraverkfallið stóð yfir í árslok 1935, mun áfengisverzluninni hafa verið lokað um nokkurt skeið. Sá orðrómur kom upp, að þá væri samt sem áður selt áfengi í áfengisverzluninni að tilhlutun eða a. m. k. með sam-

þykki áfengisverzlunarforstjórans. Þetta komst svo langt, að áfengisvarnarnefndin hér í Reykjavík sendi kæru í málinu, en það er ekki vitað, að ákæruvaldið hafi gert neitt í þessu máli. Hvers vegna? Ég vil láta hæstv. dómsmrh. svara því, hvers vegna þetta mál var ekki látið ganga fram.

Ég hefi nú nefnt nokkur dæmi, bæði frá fortíðinni og síðustu árum, um það, að ákæruvaldinu hafi verið misbeitt. Ég þykist hafa sýnt fram á, að hæstv. núverandi dómsmrh. þurfi ekki að draga neinn helgihjúp yfir sig, því þó að hann ekki fyllilega feti í fótspor fyrirrennara síns, þá hefir hann vissulega í ýmsum tilfellum misbeitt ákæruvaldinu í pólitískum tilgangi.

Ég skal svo að lokum nefna það dæmi, sem minnzt er á í grg. þessa frv. og einkum kom við kaun hæstv. ráðh., því að bæði hæstv. dómsmrh. og hæstv. atvmrh. þurftu að standa upp til þess að gera sínar aths. út af því, en það er kæran á hendur bæjarstjórnunum á Ísafirði og í Vestmannaeyjum. Að því er þetta síðara mál snertir sagði hæstv. dómsmrh., að kæran hefði ekki komizt til hans, hann hefði enga rannsókn fyrirskipað í þessu tilfelli; það væri hæstv. atvmrh., sem bæri fulla ábyrgð á þessu, hann hefði með þessi mál að gera. — Þetta er að nokkru leyti rétt, en ekki nema hálfur sannleikur. Ég virði hæstv. dómsmrh. það til vorkunnar, þó að hann vilji hlaupast á bak við lagsmann sinn, hæstv. atvmrh., því að það er mannlegt, en ekki hermannlegt, en ég verð að segja það, að hæstv. atvmrh. virðist hafa æðinóg á sinni könnu, þó að ekki bætist það við, að hæstv. dómsmrh. fari að vísa á hann.

Að því er snertir kæruna á hendur bæjarstjórninni á Ísafirði, þá er það rétt, að kæran frá bæjarstjóra Ísafjarðarkaupstaðar, hv. þm. N.-Ísf., var stíluð til atvmrn., en áður en lengra er haldið, vil ég sérstaklega út af ummælum hæstv. atvmrh., skýra frá þeim helztu kæruatriðum, sem þar komu fram. Meiri hluti bæjarstjórnar Ísafjarðar, sem var skipaður af sósialistum, og bæjarstjórinn, Ingólfur Jónsson, voru kærðir fyrir aðallega fjórar sakir, og ég skal lesa upp þessi fjögur kæruatriði:

„1) Forseti bæjarstjórnar, Finnur Jónsson, ásamt fleirum bæjarfulltrúum meiri hlutans greiða hvað eftir annað atkvæði um mál og ráða úrslitum mála í hafnarnefnd og bæjarstjórn í málum, sem snerta eigin hagsmuni þeirra, gegn hagsmunamálum bæjarsjóðs. ...

2) Knýja með eigin atkvæðum fram lánveitingu, skuldafresti og vaxtaeftirgjafir til félags, sem þeir ásamt fleirum bera persónulega ábyrgð á.

3) Taka í algerðu heimildarleysi meiri veðrétt sjálfum sér til handa en þeir með eigin atkvæðum í bæjarstjórn höfðu knúið fram og brjóta þar með samþykki bæjarstjórnar til eigin hagsmuna.

4) Gera ráðstafanir til þess að draga út innborgað fé í félagi, sem bæjarsjóður stendur í mjög stórri ábyrgð fyrir, og taka veðrétt til tryggingar þeirri greiðslu í eignum félagsins, en fá með eigin atkvæðum lán hjá hafnarsjóði á sama tíma, en gefa hafnarsjóði veð fyrir því láni á eftir veði til sjálfra þeirra. Þegar þetta er framkvæmt er mönnum vitanlegt, að félagið á ekki fyrir skuldum."

Mér finnst þessi kæruatriði það alvarleg, að fullkomin ástæða hafi verið fyrir stjórnarráðið að taka þetta mál til gaumgæfilegrar athugunar. Út af því, sem hæstv. dómsmrh. sagði, að hann hafi ekkert haft með þetta mál að gera, þá vil ég segja, að það á auðvitað að vera skylda ákæruvaldsins, að sinna ekki aðeins þeim bréflegu kærum, sem til dómsmrn. koma, heldur á það einnig í hvert skipti að hefjast handa og fyrirskipa rannsókn, ef það verður áskynja um það, að afbrot hafi verið framið. Þarna lá fyrir skrifleg kæra, svo að það er ekki vafi á því, að hæstv. dómsmrh. og hæstv. atvmrh. hafa rætt þessi kæruatriði í sameiningu, og hæstv. dómsmrh. hlýtur að hafa verið kunnugt um, að þessi kæra kom fram, vegna þess að þetta kom líka fram í opinberum blöðum. Það er því rangt hjá hæstv. dómsmrh. að koma sér hjá ábyrgðinni á því, að þetta mál hafi verið þaggað niður, af því að kæran hafi verið stíluð til atvmrh. — Að þessu athuguðu vil ég mótmæla þeim ummælum, sem komið hafa fram hjá ýmsum ræðumönnum, að skotið hafi verið yfir mark með því að nefna þetta Ísafjarðarmál í grg. frv., því að þótt kæran hafi verið stíluð til atvmrh., þá leyfi ég mér að benda á það, að refsivöndur ákæruvaldsins hefir verið látinn hvíla, af því að pólitískir samherjar áttu í hlut.

Vestmannaeyjamálið mun ég ekki fara út í, það munu aðrir verða til þess, en í grg. frv. tók ég þetta dæmi af Ísafjarðarmálinu til þess að sýna, að þarna hefir tveimur aðiljum á hlutaðeigandi stöðum verið mismunað af hendi stj.

Ég mun ekki hafa þessi orð mikið fleiri að sinni. Ég hefi sýnt fram á það í upphafi ræðu minnar og oft áður, að það er ástæðulaust að fresta þessu máli. Sá dráttur, sem þegar er orðinn á því, verður ekki réttlættur með neinu öðru af hendi stjórnarflokkanna en því, að þessir flokkar, sem fyrir kosningar þóttust telja sig fylgjandi skipun opinbers ákæranda, séu nú orðnir daufir og áhugalausir fyrir þessu máli, vegna þess að þeir hafi sjálfir ákæruvaldið í sínum höndum. Ég hefi ennfremur sýnt fram á með glöggum dæmum, að ákæruvaldinu hafi verið misbeitt af pólitískum ástæðum bæði fyrr og í stjórnartíð núverandi stj. Ef að vanda lætur, býst ég við, að þessum ásökunum verði svarað á þá leið, að hæstv. dómsmrh. og fylgismenn hans reyni að benda á dæmi, þar sem samherjar okkar sjálfstæðismanna hafi misbeitt ákæruvaldinu, og það er atriði, sem má athuga, þegar það kemur fram, en ef þessir menn álíta, að þetta sé rétt, þá er það ekki til að afsanna minn málstað, heldur sýnir, að það er nauðsynlegt, að taka ákæruvaldið úr höndum pólitísks ráðh. Allir pólitískir flokkar virðast vera sammála um það, að ákæruvaldinu hafi verið misbeitt í pólitískum tilgangi, en eru ósammála um það, í hvaða tilfellum það hafi verið gert. Hvers vegna á ekki að fela þetta vald óháðum manni, sem standi utan við stjórnmálabaráttuna?

***Forsrh. (Hermann Jónasson)**: Ég skal reyna að vera stuttorður, enda er orðið svo liðið á fund-

artímann, að ég hefi ekki langan tíma til andsvara.

Ég ætla þá að byrja á því, að benda á það, sem hv. flm. endaði á að tala um, að stjórnarflokkarnir hafi talið sig fylgjandi því, að settur yrði opinber ákærandi, en þegar þeir hafi tekið við völdunum, hafi þeir ekki fundið ástæðu til þess að gera það, vegna þess að þeir hafi viljað hafa ákæruvaldið í sínum höndum til þess að geta misbeitt því.

Hugsanagangurinn í öllu þessu er álíka ljós eins og í frv. sjálfu, sem ég skal síðar koma að, því að eins og hv. þm. Barð. benti á, er það ekki fyrirbyggt með ákvæði nokkurrar gr. frv., að sá maður, sem yrði opinber ákærandi, skipti sér af stjórnmálum og yrði þm. í þessari hv. d. eða hinni d., eftir því sem verkast vill, yrði pólitískur maður, sem heyði baráttuna hér á Alþingi.

Ef sá maður, sem nú fer með ákæruvaldið, væri álíka réttsýnn eins og hv. ræðumaður vill vera láta, hvað hefði þá verið upplagðara en það, að taka samstundis við frv. 1934 og setja pólitískan mann í embættið um aldur og ævi, sem hefði verið skipaður af konungi og ekki hefði verið hægt að hreyfa þaðan í burtu nema með dómi?

Hugsanagangurinn í þessum málflutningi hv. flm. er sá, að það myndi fást fullnægjandi lausn á málinu með því að taka við frv. og skipa í þetta starf mann, sem gæti misnotað ákæruvaldið, á meðan honum entist aldur til.

Ég ætla að hafa þessi síðustu orð hv. flm. að mínum inngangsorðum.

Um frv. sjálft er það að segja, að það væri vitanlega fráleitt, eins og ég veit, að allir lögfræðingar, sem hér eru í þessari hv. d., sjá, að ganga frá frv. eins og það er nú, því að fyrir utan það, að þetta frv. tryggir það ekki, að sá maður, sem með þessi mál á að fara, skipti sér ekki af stjórnmálum, þá er frá þessu frv. þannig gengið, að hinn opinberi ákærandi á að taka við starfi dómsmrn., en það er fráleitt, að hinn opinberi ákærandi geri.

Allir, sem hafa fengizt við meðferð opinberra mála vita, að það, sem mestu máli skiptir, er það, hvernig farið er með rannsókn málsins í undirrétti. Það ætti því að vera lögð hin mesta áherzla á það, að hinn opinberi ákærandi eða fulltrúi hans fylgdist með rannsókn málsins, á meðan hún stæði yfir í undirrétti, en það er ekki gert ráð fyrir þessu í frv., heldur á hinn opinberi ákærandi að vera sækjandi í hæstarétti, sem er atriði, sem skiptir litlu máli. Það, sem meginmáli skiptir, er það, að rannsókn undirréttar fari samvizkusamlega fram, og það er það, sem þessi maður ætti að passa upp á. (GÞ: Gera saksóknarar ríkisins í Danmörku það?) Það gera þeir auðvitað í öllum meiriháttar málum. Ég býst við því, að ef þessi hv. þm. hefir ekki séð það erlendis, þá ætti hann að hafa fylgzt með því, að jafnvel í bíó fer rannsókn málsins þannig fram, að ákærandinn mætir þar, til þess að geta fylgzt með rannsókninni.

Það er ekki minnzt á þessi einföldu atriði í frv. Ég veit það að vísu, að sá, sem ber þetta frv. fram, hefir ekkert fengizt við meðferð opinberra mála, en þetta sýnir, að hann hefir ekki kynnt sér það mál, sem hann ber fram.

Það hafa komið fram árásir á mig í sambandi við þetta mál. Ég skal fara fljótt yfir sögu, því að ég get látið mér í léttu rúmi liggja þær ákúrur, sem komið hafa fram á mig fyrir misbeitingu á ákæruvaldinu. Á öllum þeim eldhúsdögum, sem farið hafa fram hér á Alþ. síðan núverandi stj. tók við völdum, hefir það ekki verið sparað að deila á ríkisstj., en þeim, sem deilt hafa á ríkisstj., hefir aldrei þótt ástæða til að deila á dómsmrh. fyrir réttarfarið. Það hafa engar aðfinnslur komið fram út af því. Ég hygg því, að um nokkra nýbreytni sé að ræða í þeim málum hér á Alþ. Ég hygg, að þeir menn, sem hafa sjálfir fengizt við rannsókn opinberra mála og vita því, hve frelsisskerðingar eru alvarlegt atriði, verði tregari til þess að misbeita ákæruvaldinu en þeir, sem aldrei hafa fengizt við þau mál. Við, sem höfum fengizt við meðferð opinberra mála í 10 ár, vitum of vel, hvað frelsisskerðingar hafa að þýða, til þess að við misbeitum þessu valdi, þegar við erum komnir í dómsmálaráðherrasæti. Þetta hefir heldur ekki verið gert.

Þessi hv. þm. byrjaði á því að minnast á þau mál, sem áttu sína sögu, áður en ég tók við völdum sem dómsmrh. Hinn minntist á Tervanimálið og taldi það misbeitingu á réttarfarinu, að það mál var látið falla niður. Ég man ekki greinilega sögu þessa máls; ég man aðeins, að það höfðu ekki einusinni verið til áhöld í bátnum, sem tók hinn enska togara, til þess að gera mælingar með. Það var sagt, að miðanir hafi verið gerðar með því að gera ristu með nagla í borðstokk bátsins, og allt var yfirleitt eftir því. Málið féll niður, af því að það var ekki einusinni háðung og skömm fyrir íslenzka réttargæzlu, heldur var það einnig skömm fyrir íslenzka ríkið, og hefði getað haft alvarlegar afleiðingar, ef við hefðum látið bera slíka hluti fram í rétti og skjöl málsins hefðu komið til Englands. Ég hygg því, að það hafi ekki verið umhyggja fyrir hinum enska togaraskipstjóra, heldur beinlínis umhyggja fyrir hinu íslenzka ríki, sem réð því, að þetta mál var látið falla niður.

Ég skal ekki á þessu stigi málsins fara langt út í önnur málaferli, en vil snúa mér að þeim málum, sem ég hefi haft með að gera og deilt hefir verið á mig fyrir, hvernig ég hafi afgreitt.

Það er þá fyrst ákæran gegn nazistunum. Í því sambandi var fundið að því, að ég hafi fyrirskipað, að dómur gengi í því máli, en ekki skipt mér af máli, sem viðkom kommúnistum hér í bænum eða blaði þeirra, þar sem birtur hafi verið í því útdráttur af samningi við Þýzkaland. Það hafi ekki heldur verið höfðað mál gegn Héðni Valdimarssyni fyrir birtingu á samningi, sem honum hafi ekki verið leyfilegt að birta, og í þessu sambandi var jafnvel minnzt á skrif Jónasar Jónssonar um Spánarmálin. Ég hygg rétt að upplýsa það hér í þessari hv. d., og ég verð að ímynda mér, að hv. flm. viti, að skv. 81. gr. hegningarl. er það refsivert, að ljósta upp samningum eða ráðagerðum, sem snerta heill og velferð ríkisins, en í dönsku lagagr., sem þessi gr. er þýðing á, er textinn nokkuð öðruvísi. Það hefir verið deilt talsvert um það hér á landi, hvort þetta ákvæði í íslenzka textanum „heill

þess“ tæki yfir það sama og dönsku orðin „Statens Sikkerhed“ í danska textanum. Það hefir verið talið af sumum, að það mætti skýra íslenzka textann þannig, að hann tæki einnig yfir það, sem væri fjármálalegs eðlis, en í skýringu með danska textanum er það tekið fram, að „Statens Sikkerhed“ taki ekki yfir annað en það, sem snerti hernaðarlega þýðingu fyrir ríkið. Þess vegna var l. breytt í Danmörku árið 1930. þannig að gr. var látin ná yfir allt, sem snertir ráðagerðir, fjárhag eða samninga ríkisins við önnur ríki eða einstaklinga í öðrum ríkjum og gr. þannig ná yfir meira heldur en hún nær yfir í danska textanum. Það var því sjálfsagt, þegar farið var að bera á þessari misnotkun hér, að láta dóm ganga um það, hvort íslenzka gr. tæki yfir þetta atriði eða ekki, og það er nú búið að sýna sig með þeim dómi, sem gengið hefir um þetta mál, að gr. nær ekki yfir þetta atriði að áliti undirdómarans. Það er því sýnt með þessum dómi, að hér er hin sama þörf og í Danmörku á að breyta þessari lagagr., en þegar lagagr. er breytt, er það venja, að dómstólarnir séu látnir skera úr því fyrirfram, hvort þess sé þörf.

Við þekkjum það úr veraldarsögunni, að misbeiting ákæruvaldsins gengur ekki fyrst og fremst út á það, að láta ákæra og dóm ganga; alvarlegasta og hættulegasta misbeitingin er í því fólgin, að fyrirskipa langvarandi rannsóknir á hendur einstökum mönnum, skrifa síðan um málið og reyna að mynda skoðun um það, en láta síðan aldrei dóm ganga um málið. Þessir nazistadrengir hafa sannarlega ekki fengið meiri áminningu en þeir eiga skilið, þótt dómur hafi verið látinn ganga um þeirra mál. Það er ekki annað en tilviljun, að svona aðferðum hefir ekki verið beitt og að ekki eru til nein ákvæði hér, eins og í nágrannalöndunum, sem ná yfir þennan verknað. Það er þess vegna, að sú ádeila, sem kemur fram af þessu, ætti að fara að skýrast fyrir hv. þdm., þótt ég búist ekki við, að hún skýrist fyrir sjálfum flm. Hann ber hér höfðinu við steininn, þar sem hann talar í þessu sambandi um mál, sem aldrei kom fyrir dómsmrh. Hann álítur, að það sé hlutverk dómsmrh. að eltast við mál, vera opinber ákærandi, lögregla, sem leitar uppi allar aðfinnslur til þess að höfða mál út af þeim. Hefðu Ísfirðingar viljað skjóta þessu máli til dómstólanna, í þetta skipti bæjarstj. á Ísafirði, — hvað var þá nær en skrifa mér og senda kæruna til mín? En þessi mál, bæði á Ísafirði og í Vestmannaeyjum, komu aldrei til dómsmrh. En þó er því haldið fram, að dómsmrn. sé aðfinnsluvert fyrir þetta, — fyrir mál, sem aldrei kom fyrir það. En einmitt sjálf grg. frv., aðal-ákæran á dómsmrh. og ákæruvaldið, er byggð á þessari vitleysu, máli sem aldrei kom til minna afkasta og aldrei var til mín sent. Og svo er því haldið fram, að dómsmrh. hafi haldið í ákæruvaldið til þess að geta misbeitt því, eins og í Vestmannaeyjum og á Ísafirði.

Þá var minnzt á uppþot á Barnum og að ekki hefði verið höfðað mál út af því. Ég man að vísu eftir því, að það voru einhver slagsmál þar, en ég verð að segja, að þau hafa farið svo framhjá mér, að ég get ekki gefið upplýsingar um þau að sinni. Hvað því viðvíkur, að ég hafi rannsakað, hvar þessir menn voru í pólitík, og hafi síðan látið málið niður falla, því geta þeir trúað, sem trúa vilja. Aftur á móti á að hafa verið höfðað mál út af manni, sem var barinn á götu, en ekki út af öðrum manni, sem barinn var. Ég verð að fá upplýsingar um það, hvaða mál þetta er. Það eru hér svo mörg slagsmál á götu, að ég sé ekki nema 1% af þeim; þau eru afgr. án þess að talað sé um þau við mig.

Ég sé að klukkan er yfir 4, og er ekki ástæða til að halda hv. þdm. hér lengur, enda hefi ég minnzt á þau mál, sem hér er um að ræða. En þegar þessum umræðum heldur áfram, verður kannske hægt að sýna fram á, hvernig réttarfarinu var beitt, áður en ég tók við. Ég man eftir tveimur málum, sem er gott fyrir hv. flm. að hugsa um. Það eru málin á móti þeim Pálma Loftssyni og Einari Einarssyni. Málið á móti P. L. er alveg táknandi mál fyrir hina andstyggilegustu misbeitingu á réttarfarinu. Lúðvík C. Magnússon, sem þá var nýlega orðinn gjaldþrota, hann er skipaður til þess að rannsaka hjá P. L., og gaf hann falsaða skýrslu í málinu. Það var haldið uppi látlausri ofsókn gegn honum og því haldið fram, að hann hefði stolið þeim fiski, sem veiðzt hefði á Þór. Og þeir, sem stóðu að þessu, hafa helzt viljað sem minnst um það tala síðan. — Og hvernig var það svo með E. E.? Það var borið á hann, að hann hefði falsað skipsbækurnar. Ég staðhæfi, að þær ákærur voru á engum rökum byggðar. En um þetta var skrifað látlaust í blöðum andstæðinganna, og Einar var rekinn frá skipinu. En þegar málið kemur fyrir hæstarétt, þá er því vísað þaðan burt, og fylgdu því þau ummæli eins hæstaréttardómarans, að hann vonaði að sjá það mál aldrei í hæstarétti aftur. Undrar mig það ekki neitt, því að það hlaut hver réttsýnn maður að segja.

Ég ætla ekki að minnast á málið um mig, þetta svokallaða kollumál. Ég læt það liggja á milli hluta. En ég hygg, að andstæðingarnir hafi ekki haft neina sérstaka ánægju af því, áður en lauk, og svo vill oft fara, þegar reitt er til höggs of hátt. Það var haldið uppi rannsókn í 6 vikur, og ég þurfti að sitja fyrir rétti í fleiri tíma á dag. Slíkt er vel fallið til þess að draga kjark úr mönnum, og það er aðferðin, sem notuð er, þegar réttarfarinu er misbeitt.

Þetta eru aðeins örfá dæmi af því, hvernig réttarfarið var, áður en ég tók við. Ég hygg, að okkur sé óhætt að halda áfram umr. um það, að réttarfarinu hafi ekki verið misbeitt í tíð núv. stjórnar. Og ég held, að ég hafi stundum farið fullvægt í sakirnar, þó að andstæðingur hafi átt í hlut. En það sýnir bara það, að ég hefi enga löngun til þess að seilast lengra í þeim sökum en réttmætt er.

Þótt ég telji að ýmsu leyti réttmætt að hafa opinberan ákæranda, þá hugsa ég samt, að það verði ekki tómt sólskin, ef á að setja mann í það embætti með konunglegri veitingu. Og sé nú maðurinn ekki í allra réttsýnasta lagi, þá getur verið, að þeir, sem undir því eiga að búa, verði ekki alltaf eins ánægðir með það og nú, að fá opinberan ákæranda, enda er það í lófa lagið fyrir dómsmrh. að setja í það mann um aldur og æfi, sem þannig hefir miklu betri aðstöðu til þess að

misbeita réttarfarinu og ákæruvaldinu en dómsmrh. kann að hafa haft. Og mín trú er sú, að hver sá dómsmrh. — ég held, að okkar þjóð sé þannig skapi farin —, sem hefir misbeitt ákæruvaldinu, hann hafi tapað á því út frá pólitísku sjónarmiði. Ég hygg, að fyrrv. dómsmrh. hafi að sumu leyti stigið það langt, að hann hafi tapað á því við síðustu kosningar. Og ég er ekki hræddur við það, þegar gengið verður til næstu kosninga, að mæta fyrir dómstóli þjóðarinnar út af því, hvernig réttarfarinu hefir verið beitt.

Umr. frestað.

22. fundi í Nd., 19. marz, var frv. tekið til frh. 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 23. fundi í Nd., 20. marz, var enn fram haldið 1. umr. um frv.

*Garðar Þorsteinsson: Þetta mál var til umræðu á Alþ. 1934. Þá var þetta frv., sem nú liggur fyrir, borið fram eins og það er nú, og það, sem stjórnarflokkarnir, og þá sérstaklega hæstv. dómsmrh. og hv. 1. landsk., höfðu á móti frv., var, að skipuð myndi verða n. til þess að ganga frá réttarfarslöggjöfinni almennt. Ég benti á það þá, að 1932 hefði hæstaréttardómari Einar Arnórsson verið fenginn til þess af þáv. ríkistj. að semja frv. um meðferð einkamála. Ég upplýsti líka þá, að hæstaréttardómarinn hefði komið með frv. undirbúið til rn., og að mínu áliti hefði ekki annað legið fyrir en leggja það fyrir þingið. Hæstv. dómsmrh. tók þetta ekki vel upp og taldi þetta alveg ófullnægjandi undirbúning. Hann taldi, að ekki væri hægt að ganga frá frv. um meðferð einkamála í héraði án þess líka að ganga frá frv. um meðferð opinberra mála. Hann skýrði líka frá því, að hann mundi fara fram á það við Alþ., að 3 manna n. væri skipuð til þess að taka þessi mál til athugunar. Inn í þetta spannst einnig umræða um það, að 1928 eða 1929 hefði verið ráðinn ungur og góður lögfræðingur til þess að ganga frá refsilöggjöfinni, en samt sem áður bryddi ekki á neinni breytingu, að því er snerti þá löggjöf. Hæstv. ráðh. benti hinsvegar á, eins og hv. 11. landsk. hefir tekið fram, að það frv. yrði væntanlega borið fram á þinginu 1935 eða næsta ár á eftir. Ég er nú ef til vill ekki spámannlega vaxinn, en ég sagði þá, að það mundi taka miklu lengri tíma að ganga frá refsilöggjöfinni heldur en frv. um meðferð einkamála og opinberra mála, og ég taldi, að það mætti vel ganga frá frv. um meðferð einkamála án þess að ganga frá frv. um meðferð opinberra mála. Hæstv. ráðh. var ekki á þessu, og vil ég með leyfi hæstv. forseta lesa ummæli hæstv. ráðh. um þetta. Hann sagði: „Ég skal geta þess í sambandi við þetta frv., að þegar einkamálalöggjöfin var tekin til meðferðar, þá er það ekki rétt hjá hv. 8. landsk., að hana megi taka sérstaklega. Það verður ekki hægt að komast hjá því að rannsaka um leið dómaskipunina. Það er tvímælalaust rangt, að hægt sé að taka meðferð einkamála út úr, án þess að allt sé athugað í heild.“

Reynslan skar úr um það, því að frv. um meðferð einkamála var borið fram, án þess að frv. um meðferð opinberra mála væri borið fram. Ég vil óhikað fullyrða, að það hefði verið réttmætara og skylt, að hæstv. dómsmrh. hefði á sínum tíma, 1934, lagt fram frv. það, sem Einar Arnórsson hafði samið, því að ég vil staðhæfa, að það starf, sem þeir nm., hv. þm. Barð. og hv. 1. landsk., inntu af hendi í sambandi við afgreiðslu málsins, var ekki meira en það, sem hver þm. gat gert. En hinsvegar verða þeirra afskipti af málinu til þess að tefja það um 1—2 ár.

Ég vil nú nota tækifærið og spyrja þessa hv. nm. og hæstv. ráðh., hvenær frv. um meðferð opinberra mála komi? Hvað var það, sem olli því, að það var ekki tekið samtímis og frv. um meðferð einkamála, ef það var rétt hjá hæstv. ráðh., að ekki væri hægt að skilja þau að? Ég veit, að það frv., sem varð að l. um meðferð einkamála í héraði, er að greinatölunni það sama og frv. Einars Arnórssonar, eins og frá því var gengið fyrir þingið 1934. Ég veit, að meðferð nm. var ekki í öðru fólgin en lauslegum yfirlestri, og það starf, sem þeir inntu af hendi, var ekki meira en það, sem n. innan þingsins gat hæglega látið í té. Ég held, að þær breyt., sem urðu á því frv., hafi einna mest verið frá stjórn Málflutningsmannafélags Íslands, sem fékk þó ekki frv. til athugunar, fyrr en það var komið inn á þing 1935.

Ég veit, að frv. um meðferð opinberra mála er tilbúið frá hendi Einars Arnórssonar. Það er ekkert eftir annað en semja grg. Það er nokkuð síðan þetta frv. var tilbúið, og mér þykir það undarlegt, ef það verður ár eftir ár til þess að tefja frv. um opinberan ákæranda, að þetta frv. sé í undirbúningi, og það fært sem rök móti því frv., sem hér er til umr. Það er undarlegt að færa þetta sem rök, þar sem það er upplýst, að frv. er tilbúið frá hendi þess manns, sem samdi það, en n. hefir ekki mannskap í sér til þess að leggja það fyrir þingið. Hitt skal ég játa, að einn nm. hefir verið veikur, og það getur verið afsökun fyrir þessum drætti. En mér finnst ástæða til, að n. og hæstv. ráðh. hefði hlutazt til um, að frv. kæmi inn á þing núna, því að það er ljóst, að ef þetta frv. þarf langan tíma til undirbúnings og athugunar, þá verður sá undirbúningur sízt verri, þótt það sé lagt fram opinberlega, svo að þm. og sérstaklega lögfræðingum gefist tækifæri til að athuga það. Það er skylda n. að sjá um, að frv. komi sem fyrst fram.

Ég vil líka spyrja hæstv. dómsmrh. hvaða ráðstöfun hann hafi gert, síðan Þórður Eyjólfsson tók sæti í hæstarétti, eða hvort hann muni geta haldið áfram því starfi, sem hann byrjaði á í sambandi við samningu nýrra hegningarlaga? Frá 1928 hafa honum verið borgaðar um 500 kr. á mánuði til þess að inna þetta af hendi og önnur störf fyrir hið opinbera, og það er vitað, að hann hefir lagt verulega vinnu í þetta mál. Það er vitað, að hegningarlöggjöfin frá 1869 er í ýmsum tilfellum úrelt, og ég vil vita, hvort það er ekki tilætlunin, að því starfi, sem prófessor Þórður Eyjólfsson hefir leyst af hendi við samningu nýrra hegningarlaga, verði haldið á-

fram. En hinsvegar veit ég ekki, hvort Þórður Eyjólfsson mun nú, eftir að hann er tekinn við dómarastarfi í hæstarétti, geta haldið áfram með samningu nýrra hegningarlaga. Ég efast um það.

Hæstv. dómsmrh. sagði 1934, að þetta mál yrði lagt fyrir þingið 1935. Ég benti honum þá á, að það mundi taka lengri tíma að afgreiða þann hluta refsilöggjafarinnar, sem sé um hegningarlögin, heldur en um meðferð einkamála og opinberra mála, og það mun koma á daginn.

Ég verð að segja það, að mér finnst það harla einkennileg rök hjá hæstv. ráðh., að ekki megi semja löggjöf um opinberan ákæranda og það starf, sem honum er ætlað, af þeirri ástæðu, að verið sé að undirbúa þetta mál og að bezt sé, að það komi í einni heild inn í þingið.

Það er vitað, að þessi hæstv. ráðh. hefir gengið frá breyt. á hegningarlögunum, sem að mínu áliti að vísu er þörf, en ekki nauðsynlegri en svo margar aðrar breyt., sem þyrfti að gera á þeirri löggjöf. Ég verð að telja, að það sé sízt meiri ástæða til þess, að taka þetta út úr í löggjöfinni um hæstarétt, þrátt fyrir það að heildarlöggjöf hafi átt að setja, bæði um hæstarétt og aðra meðferð einkamála, en nú er til þess að taka út úr þetta um meðferð opinberra mála. Það mætti skjóta því til hv. 1. landsk., hvaða réttarbót hafi orðið að lögunum um hæstarétt? Hvaða breyting hefir orðið, síðan sú löggjöf var sett? Það hefir engin breyt. orðið önnur en sú, að dómararnir eru nú skyldugir til þess að birta sératkv. sitt, sem þeir voru ekki skyldugir áður, en gerðu þó venjulega. Sem sagt, það, sem áður var vani, er nú orðin skylda.

Ég fæ ekki séð, að þau rök, sem komið hafa fram gegn þessu frv., hafi við nokkuð að styðjast.

Hæstv. dómsmrh. sagði hér á þingi fyrir nokkrum dögum, að nú kæmi fram brtt. á 81. gr. hegningarl., sem fjallar um landráð, vegna þess að það hefði verið sjálfsagt að koma með þessa brtt., eftir að kommúnistar hefðu gert sig seka um að birta það, sem óleyfilegt var, og svo hafi þetta endurtekið sig hjá nazistum. En hæstv. ráðh. gleymdi því, þegar hann talaði um það, hvað ólöglega hefði verið birt, að hv. 2. þm. Reykv. birti á sínum tíma norska samninginn, sem hann hafði ekki leyfi til. Ég vil benda honum á, að það þurfti enga breyt. á 81. gr. hegningarl. til þess, að verknaður kommúnista yrði dæmdur að lögum. Heldur ekki til þess, að framferði hv. 2. þm. Reykv. yrði tekið fyrir og honum refsað. Hann þurfti enga lagabreytingu til þess að koma þessum hv. þm. og kommúnistunum undir refsivald hegningarl. Og það er einkennilegt, ef þetta verður til þess, að hann fer að breyta 81. gr. hegningarl., ekki til þess að geta refsað fyrir verknað kommúnistanna, heldur til þess að geta refsað fyrir verknað nazistanna. Það er því rangt hjá hæstv. ráðh., þegar hann talar um það sem rök, að kommúnistar hafi gert sig seka. Þá þurfti enga lagabreytingu. Refsiákvæðin voru til.

Ég vil ennfremur benda á það, að eins og 81. gr. er orðuð í frv., fellur verknaður nazistanna alls ekki undir þá gr. Það er ákaflega leiðinlegt fyrir hæstv. ráðh., að vilja gera breyt. á hegningarl. til þess, að verknaður nazista komist undir þau, og verða svo að viðurkenna, að frv. hans nær alls ekki yfir þennan verknað. Þó að þessi breyt. væri orðin að l. og nú væri höfðað mál á hendur nazistunum fyrir birtingu úr vasabók E. J., þá myndi þeim samt ekki verða refsað.

Hæstv. ráðh. reynir nú að leiða athyglina frá hinni réttlátu ádeilu hv. 11. landsk. um það, að ákæruvaldinu hefði verið misbeitt, inn á nýjar brautir. Hann nefndi nokkur dæmi um það, að fyrrv. ríkisstj. hefði gert sig seka um hlutdrægni. Hann sagði, að örlög mála væru ákveðin í undirrétti og að ekki væri til þess ætlazt í frv. að opinber ákærandi fylgdist með gangi mála þar. Þetta er rangt að nokkru leyti. Hinn opinberi ákærandi ákveður, eins og stjórnarráðið nú, hvort mál skuli höfðað gegn sakborningi eða ekki. Ég hygg, að örlög þeirra mála séu ákveðin í undirrétti, þegar menn eru sýknaðir. Þetta ætti hann bezt að vita sjálfur, þar sem það var einmitt hann, sem lagði mest kappið á að fá Magnús Guðmundsson sviptan ærunni. En það tókst ekki af því að hæstiréttur dæmdi réttlátan dóm í málinu.

Í frv. er það tekið fram, að hinn opinberi ákærandi eigi að hafa sömu afskipti af málum fyrir undirrétti og dómsmrn. hefir nú. Og hæstv. ráðh. veit vel, að það er ekki ósjaldan, að dómarinn sendir málið til dómsmrn. til þess að vita, hvort frekari rannsókn skuli fara fram og hvort mál skuli höfðað og þá fyrir brot á hvaða gr. hegningarl. Þetta á að vera starf hins opinbera ákæranda. Það er því rangt hjá hæstv. ráðh. að halda því fram, að hinn opinberi ákærandi eigi að fylgjast með málum í undirrétti.

Hvað því viðvíkur, að statsadvokatinn í Kaupmannahöfn hafi víðtækari afskipti af málum, þá skiptir það engu máli í þessu sambandi.

Hæstv. ráðh. sagði, að hann sem fyrrv. dómari vissi mjög vel um þýðingu frelsisskerðingar og það eitt ætti að vera nægilegt til þess að útiloka misnotkun ákæruvaldsins. Nú veit hæstv. ráðh., að frelsisskerðing, eins og hún er skilin í daglegu tali, þarf vitanlega ekki að fara saman við misnotkun ákæruvaldsins. Sú eðlilegasta og algengasta misnotkun ákæruvaldsins er það, að fyrirskipa rannsókn á menn, sem síðar sýna sig vera saklausa, því að þótt þessir menn fái sýknudóm og missi ekki frelsi sitt, þá hafa þeir samt orðið fyrir dómi almennings, fallið undir grun og þrátt fyrir sýknudóminn aldrei getað sýknað sig fyrir almenningsálitinu. Menn eru nefnilega oft sýknaðir vegna sannanaskorts, og því getur almenningur ekki vitað, nema þeir kunni að vera sekir eftir sem áður. Sá maður, sem orðið hefir fyrir ákæru, hefir fengið dóm almennings, og hann hefir e. t. v. ekki möguleika til að hreinsa sig nokkurntíma af þeim dómi.

Hæstv. ráðh. sagði meira að segja, að það væri misbeiting ákæruvaldsins að fyrirskipa rannsókn í máli, en ljúka henni svo ekki og láta málið dragast, án þess að fella nokkurntíma dóm í því. Ég vil nú viðvíkjandi einu máli, sem hæstv. dómsmrh. minntist á, máli Einars Einarssonar, gefa nokkrar upplýsingar. Hann sagði, að þar hefði verið um ofsókn að ræða, og talaði

hann um það í beinu áframhaldi af því, að fyrirskipa rannsókn í einhverju máli, en ljúka henni ekki. Árið 1930 var tekinn togari, sem var álitinn vera að ólöglegum veiðum. Skipstjórinn var dæmdur í undirrétti, en við framhaldsrannsókn í málinu og þegar bækur Ægis voru lagðar fram, sýndi það sig, að þar hafði verið skafin út tala og skrifað 11,40 í stað 10,48 og síðan skrifað, að kl. 11,59 hafi verið haldið af stað. Ég vil nú upplýsa, að það er nú að fullu viðurkennt, hvað sem hæstv. ráðh. segir, að bækur Ægis hafi verið falsaðar. En hinsvegar dettur mér ekki í hug að slá neinu föstu um það, hver gerði það, en einhver af yfirmönnum skipsins var það. Þetta mál var í dómsmrn. í tíð J. J. En hvað gerði hann? Hann fyrirskipaði ekki málsrannsókn. Síðan urðu stjórnarskipti. og M. G. varð dómsmrh. Þá var ég skipaður til þess að fara með þetta mál. Og ég tek það fram, að það er að fullu upplýst, að bókin var fölsuð, en hinsvegar var E. M. E. sýknaður af mér, af því að ég taldi ekki hægt að sanna það, að hann hefði gert það. Þótt Einar væri síðan dæmdur í 500 kr. sekt, vegna þess, að hann bar ábyrgð á bókum Ægis, þá skiptir það í þessu sambandi ekki neinu máli. Þetta mál fer síðan til hæstaréttar, en hann ómerkir það, af því að hann vill fá í því frekari rannsókn. Málið kemur nú fyrir stjórnarráðið, þegar þessi hæstv. ráðh. hefir tekið við völdum. En hvað gerir hann? Hann fyrirskipar ekki frekari rannsókn í málinu. Og þó hefir þessi hæstv. ráðh. sagt það hér í þingi, að hin mesta misbeiting ákæruvaldsins sé sú, að ljúka ekki rannsókn í málum og láta menn þannig liggja undir grun. En hann hittir þar sjálfan sig fyrir og hv. þm. S.-Þ., en ekki mig eða MG. Það hefir aldrei af minni hendi né M. G. farið fram nein ofsókn gegn E. M. E. Sá, sem hefir látið liggja grun á E. M. E., er einmitt sá maður, sem nú situr í ráðherrastól, ráðh., sem hefir látið málið niður falla án þess að láta ganga sýknudóm í því. Ég tek þetta fram til þess, að hæstv. ráðh. geti ekki sagt, að hann hafi gert fyllilega það. sem hann álítur rétt. Mér er sjálfum ókunnugt um, hver þessara manna hefir falsað bókina. Ég undanskil þá alla og hefi þá alla í einni heild.

Þá minntist hæstv. ráðh. á Pálma Loftsson. Ég vil upplýsa, að það, sem þar fór fram, var það, að P. L. hafði orðið fyrir árás í blöðum. Það er ekki rétt hjá hæstv. ráðh., að það hafi komið fram kæra á hendur P. L., heldur var það hann sjálfur, sem óskaði eftir því, að rannsókn færi fram í málinu. Mér er ekki kunnugt um, að neitt kæmi fram, sem gæti verið Pálma til áfellis. Það var hann, sem óskaði eftir þessari málsrannsókn, og svo kemur þessi hæstv. ráðh. og segir, að þetta hafi verið ákæra og svívirðileg ofsókn. Lúðvík C. Magnússon hafi falsað skýrslur í málinu og þar fram eftir götunum. Mér er spurn: Hvers vegna situr þessi hæstv. ráðh. og fyrirskipar ekki að höfða mál gegn L. M., ef um falsaðar skýrslur hefir verið að ræða? Ég tel það skyldu þess manns, sem situr í ráðherrastóli, að láta fara fram rannsókn í slíku máli. En það „baserast“ kannske á því, að hæstv. ráðh. veit, að hann fer hér með rangt mál. Það er hægt að slá þessu fram í blöðunum. En dómsmrh. getur ekki slegið því fram úr ráðherrastóli, að opinber sýslunarmaður hafi farið með fals og lygi, án þess að það sé hans skylda, að láta fara fram rannsókn í því máli.

Ég verð að segja það, að hæstv. ráðh. hefir merkilega skoðun á því, hvað sé skylda ákæruvaldsins, þegar hann fer, líklega með stuðningi hv. 1. landsk., og það tel ég nú engin meðmæli, að halda því fram, að komi kæra til atvmrh. í einhverju glæpamáli, þá geti hann, þ. e. dómsmrh., afsakað sig og sagt, að hann sé ekki skyldugur til þess að fyrirskipa málsrannsókn, vegna þess að kæran hafi verið stíluð til atvmrh., en ekki dómsmrh. Ég veit ekki betur en það sé skylda dómsmrh. að taka fyrir hvaða glæpamál sem er. Ég vil benda á það, að hæstv. atvmrh. las upp þá hluta af kærunni, sem komu fram á hendur vissum mönnum í bæjarstj. Ísafjarðar. Þar stóð, að þeir hefðu notað meirihl.valdið í bæjarstj. sér til ávinnings. Nú vil ég spyrja hæstv. dómsmrh. Álítur hann, að þeir menn, sem eru opinberir sýslunarmenn eins og meðlimir bæjarstjórna eru, sem sekir eru um það, að hafa greitt atkv. sér til hagnaðar og ávinnings, komist ekki undir 13. kap. hegningarl.? Og álítur hann, að það sé ekki skylda hans að fyrirskipa rannsókn í þessu máli af þeirri ástæðu, að kæran var send til annarar deildar í stjórnarráðinu en dómsmrn.?

Ég verð að segja það, að annaðhvort misskilur hann eða ég skyldur dómsmrh. í þessum efnum, og mér er nær að halda, að það sé hann, sem gerir það.

Í 142. gr. hegningarl. segir: „Ef að embættismaður notar embættisaðstöðu sína ranglega sér til ávinnings eða til þess að gera nokkuð það, er hallar réttindum einstakra manna eða hins opinbera, þá varðar það sektum, einföldu fangelsi eða embættismissi, ef að verkið ekki að öðru leyti er svo vaxið, að þyngri hegning liggi við því“. 144. gr. hegningarl., sem er um þetta sama efni, nær líka til sýslunarmanna.

Ég vil ekkert um það dæma, hvort þessi hv. þm. og hans flokksbræður í bæjarstj. á Ísafirði hafa gert sig seka um glæpsamlegt atferli. Það hefir komið fram kæra, og dómsmrh. vissi um þessa kæru, og hún hefir verið lesin upp fyrir honum hér í þinginu, og hann getur ekki skotið sér undan með því, að þessi kæra hafi komið til annarar d. í stjórnarráðinu en hans.

Ég hefi þá tekið tvö málin í gegn, sem hann talaði um í sambandi við misnotkun ákæruvaldsins í tíð fyrrv. stj., og sýnt fram á, að þar var ekki um neina misnotkun að ræða í hvorugu tilfellinu, enda sýna réttarbækurnar það.

Svo nefndi hæstv. ráðh. þriðja málið, kollumálið, þar sem hann sagði, að meðferðin á sér hefði verið þannig, að hún ein hefði verið nóg til þess að brjóta niður hvern mann, hvern meðalmann, a. m. k., og draga úr honum allan kjark. Hann hafi orðið að sitja fyrir rétti svo og svo marga tíma á dag o. s. frv. Hvað er það nú, sem sýnir misbeitingu ákæruvaldsins hjá fyrrv. dómsmrh., M. G., í þessu máli? Honum er send kæra á hendur þáv. lögreglustjóra, H. J., fyrir það, að hann hafi skotið æðarkollu.

Hvað átti hæstv. ráðh. að gera? Átti hann að stinga kærunni undir stól og misnota þannig ákæruvaldið með því, að láta ekki fara fram rannsókn og gefa manninum ekki tækifæri til þess að hreinsa sig? Nei, M. G. gerði það eina, sem hann átti að gera. Hann sendi kæruna til dómarans og lét hann rannsaka málið. Mér dettur ekki í hug að tala um þetta mál sem neitt stórmál. Það er ákaflega lítilfjörlegt atriði út af fyrir sig, hvort hann drap æðarkolluna eða ekki, en ráðh. gat ekki annað gert en að senda málið til dómaranna. En það, sem gerði þetta mál nokkuð stórt var það, hvernig hæstv. núv. dómsmrh., þá lögreglustjóri, tók þeim vitnum, sem fram komu í þessu máli. Hann steytti framan í þau hnefana og kallaði þau ljúgvitni. Og það var þetta, sem gerði málið að stórmáli.

Það er óneitanlega leiðinlegt til þess að vita, að sá maður, sem daglega þarf að fella dóm yfir mönnum, sem að mestu leyti er byggður á vitnaframburði, skuli einmitt þegar hann kemur fyrir rétt sem sakborningur, kalla öll vitnin ljúgvitni. Það er mikill munur á því, hvort vitni ber rangt eða hvort það ber vísvitandi rangt, en það hikaði hæstv. ráðh. ekki við að segja.

Hvað því viðvíkur, að hæstv. ráðh. talaði um sig sem nokkurskonar píslarvott, þá verð ég að segja það, að ég hafði þá trú á þessa manns andlega styrkleika, að ég ekki segi gáfnafari, að hann léti ekki bugast, þótt hann sæti lengi fyrir rétti um mál, sem ekki valt á meira en því, hvort hann hefði skotið æðarkollu eða ekki. Nýlega hafði hann, þessi ráðh., haft með mál að gera, mál Magnúsar Guðmundssonar, sem hann vissi vel, að var ástæðulaust. Hann vissi vel, að í því starfi, sem Magnús Guðmundsson hafði með höndum fyrir C. Behrens, gerði hann ekki annað en það, sem almennt er, að lögfræðingar geri fyrir skjólstæðinga sína. Hann vissi, að þessi eltingarleikur við Magnús Guðmundsson var ástæðulaus, að það var aðeins pólitískur eltingarleikur. Af því hæstv. ráðh. var að minnast á það, sem gerzt hefir í réttarhöldum og sambandi við þau, þá vil ég minna hann á, að hann gerði ítrekaðar tilraunir í einkasamtölum til þess að fá C. Behrens til að koma fram með játningu, sem hann fékkst ekki til að gera. Við skulum segja, að hæstv. ráðh. hafi þá álitið þá yfirlýsingu, sem hann vildi fá Behrens til að gefa, rétta; út í það skal ég ekki fara. En hitt veit ég, að þeir, er voru undir rannsókn í þessu máli, urðu fyrir öðruvísi tökum heldur en hæstv. ráðh. í kollumálinu. Ég vil leyfa mér að fullyrða, að hæstv. ráðh. sé það góður lögfræðingur, að hann viti og hafi alltaf vitað, að þessi málaferli á hendur Magnúsi Guðmundssyni voru algerlega að ósekju. Það, sem hinsvegar upplýstist í kollumálinu, var tvennt. Að hæstv. ráðh. hafði drepið kollu, það var fullsannað. En hinsvegar sannaðist ekki, að hann hefði miðað á hana. Slíkt mundi nú ekki almennt vera talið vottur um skotfimi manna. En svo undarlega vill til, að af þessu hefir það festzt við hæstv. ráðh., að hann væri skotmaður svo mikill, að hann hitti hvern þann fugl, sem hann miðaði framhjá.

*Jóhann Jósefsson: Það er ekki tilætlun mín, að blanda mér í þær lögfræðilegu umr., sem hér hafa farið fram.En vegna þess að inn í umr. hefir verið dregið mál, sem snertir mitt kjördæmi og þann bæjarstjórnarmeirihluta, sem ég hefi tilheyrt nokkur ár, gat ég ekki alveg setið þegjandi hjá.

Hv. flm. þessa frv. hefir bent á það, að meðferð hæstv. stj. á kærumálum gegn bæjarstjórnarmeirihlutanum í Vestmannaeyjum og bæjarstjórnarmeirihlutanum á Ísafirði hafi borið vott um misbeitingu ákæruvaldsins. Þetta hefir nú að vísu verið dálítið hártogað af andmælendum hv. flm. T. d. hefir hæstv. forsætisrh. bent á, að hið opinbera ákæruvald hafi hér ekki komið til greina, af því að það hafi ekki verið dómsmrn., sem fyrirskipaði rannsókn á Vestmannaeyjabæ, heldur atvmrn. Síðan gaf hæstv. atvmrh. hér einskonar skýrslu — ég veit ekki, hvort hann er hér svo nærri, að hann heyri mál mitt, en ég vil sérstaklega gera hans ræðu að umtalsefni —. Hann gat um það, hæstv. atvmrh., að árið 1935 hefði sér borizt vitneskja um það frá fjmrn., að auglýstar hefðu verið til uppboðs eignir Vestmannaeyjakaupstaðar, sem sumpart hefðu verið veðsettar fyrir því láni, sem Vestmannaeyjakaupstaður, eins og fleiri kaupstaðir, höfðu fengið árið 1934 í Englandi. Út af þessu hefði fjmrn. farið fram á, að athugað væri, hvernig á þessu stæði. Þetta kann að vera rétt, að fjmrn. hafi gert þessa aths. En ég get bætt því við, að þetta sama sumar var ég erindreki fyrir ríkisstj. utanlands og kom einmitt hingað til Reykjavíkur daginn áður, ef ekki sama daginn, sem blað hæstv. ráðh. birti mjög gleiðletraða árásargrein um Vestmannaeyjabæ og mig persónulega út af þessu máli. Mér vitaskuld brá dálítið við þessa árás, þar sem mér var ekki svo kunnugt um, hvað hafði farið fram síðustu mánuðina í kaupstaðnum, vegna fjarveru minnar. Ég mæltist þá til þess við þennan ráðh., að hann gæfi bæjarstjóra Vestmannaeyja tækifæri til að gefa skýrslu til rn. um, hvernig á þessu stæði, áður en frekar væri aðhafzt í málinu. Þessu svaraði hæstv. ráðh. þannig, að sér væri þetta ómögulegt. Það yrði að fara fram rannsókn. Og samkvæmt ráðstöfun hans var svo hinn reglulegi endurskoðandi ríkisstj., Jón Guðmundsson, sendur til Vestmannaeyja.

Hæstv. ráðh. las upp kafla úr því bréfi, sem fjmrn. sendi honum, en hann las ekki umsögn endurskoðandans, eftir að hann kom frá Vestmannaeyjum. Ég fullyrði, að sú umsögn var í alla staði á þann veg, að hún sýndi, að hér voru ekki neinar stórar sakir á ferðinni. Ég skal bæta því við, að einmitt þessi endurskoðandi benti á það í sinni umsögn, og það tók hæstv. ráðh. fram, að bókhaldið væri komið í miklu betra horf en áður, af því að nýr og efnilegur maður hefði tekið við bæjargjaldkerastöðunni. Sem sagt, athugun endurskoðandans gaf ekki tilefni til neinna sérstakra aðgerða í þessu máli, enda voru þær ekki gerðar. En tilefnið til þessarar rannsóknar var það, að bæjarfógetinn hafði, ég vil leyfa mér að segja af hrekk, ef ekki við bæjarstjórann, þá við bæjarfélagið, rokið til og

auglýst fasteignir bæjarins til sölu fyrir ógreiddum gjöldum, sem ég ímynda mér, að komi fyrir víðar en í Vestmannaeyjum, að dragist fram yfir gjalddaga að greiða, án þess að yfirvöldin sjái sig tilknúð að auglýsa slíkar eignir til uppboðs. Enda er það þýðingarlaust embættisverk að auglýsa skóla, spítala og aðrar slíkar opinberar eignir til sölu. Þetta var aðeins gert í þeim tilgangi að hnekkja bæjarfélaginu eða þeim, sem því stjórna, enda játaði bæjarfógetinn í blaði hæstv. ráðh. nokkru síðar, að hann teldi hvert það verk, er hann gæti hnekkt með Sjálfstfl., vel unnið. Í þeim anda mun hann hafa auglýst eignir Vestmannaeyjabæjar. — Nú féll þetta niður, gjöldin voru greidd. Leið svo til vorsins 1936. Þá fór kommúnistiska samfylkingin í Vestmannaeyjum af stað með kæru á hendur bæjarstjórninni. Fundir voru haldnir og talað var um óreiðu í fjármálum bæjarins og því um líkt. En þrátt fyrir alla viðleitni flokksmanna hæstv. ráðh. í Vestmannaeyjum og kommúnista, sem vitað er að standa í staðfastri samfylkingu, leyfðu þeir sér ekki að bera á neinn okkar bæjarfulltrúanna, að við hefðum notað atkv. okkar í bæjarstjórninni okkur sjálfum í hag. Samt voru kröfurnar geipilegar. Það átti að reka bæjarstjórann og bæjargjaldkerann frá stöðum sínum þegar í stað, og bæjarfulltrúarnir áttu að leggja niður umboð sitt. Hæstv. ráðh. segir, að hann hafi svo falið manni að rannsaka þetta. Sá maður hét Ingólfur Jónsson, fyrrv. bæjarstjóri á Ísafirði. Telur hæstv. ráðh., að það hafi verið dálítið hentugt að fela honum þessa rannsókn, því að hann hafi haft nokkra reynslu í stjórn bæjarmálefna, þar sem hann hefði áður verið bæjarstjóri. Í öðru lagi hafi hann ætlað til Vestmannaeyja hvort sem var, í lyfjabúðarrannsókn, að mér skildist. Það getur nú náttúrlega verið rétt, að maður, sem verið hefir bæjarstjóri, hafi betri aðstöðu til þess að skilja ýmislegt, sem snertir stjórn og fjárreiður bæjarfélaga, en aðrir, en annars virðist mér nú, að það hafi e. t. v. verið eitthvað annað en beinlínis þetta, sem kom hæstv. ráðh. til þess að skipa einmitt þennan mann. Hæstv. ráðh. gat um tvær ástæður, sem fyrir sér hefðu vakað, en hann gat ekki um þá þriðju; hana skal ég upplýsa. Þegar kæruskjöl samfylkingarmanna voru send til Vestmannaeyja til umsagnar, fylgdi þeim bréf frá einum kærandanum, alþekktum kommúnista, til hæstv. atvmrh., þar sem hann fer fram á, að hann sendi þennan umgetna mann, Ingólf Jónsson, til Vestmannaeyja til þess að rannsaka kæruatriðin. Þetta hljóp hæstvirtur ráðherra yfir, en þetta er einmitt það svartasta í aðferð hans gagnvart þessu bæjarfélagi, að hann lætur kærendurna ráða, hvern hann sendir til þess að rannsaka málið.

Það var minnzt á það í þessu sambandi, að þessi sami ráðh. hefði hummað fram af sér kærur, sem fram komu á annan bæjarstjórnarmeirihluta, nefnilega á Ísafirði. Þau kæruatriði, sem þar var um að ræða, hafa verið dregin hér fram í dagsljósið, og þarf ekki að endurtaka það. En ég vil leyfa mér að halda því fram, að þau hafi verið ólíkt alvarlegri heldur en þessi sparðatíningur, sem samfylkingin í Vestmannaeyjum sendi hæstv. ráðh.

Hæstv. dómsmrh. sagði í ræðu sinni í gær, þar sem hann minntist á rannsóknina út af kaupum Þórsfiskjarins hjá Skipaútgerðinni, að það hefði sérstaklega verið óviðfelldið, að til þeirrar rannsóknar hefði verið settur maður, sem hann lýsti yfir, að hefði komizt í bein fjárhagsvandræði. Það var í hans augum óviðeigandi, að setja til slíkrar rannsóknar mann, sem ekki hafði sjálfur hreinan skjöld í þessu efni. En hæstv. atvmrh. hikaði ekki við að skipa þann mann til rannsóknarinnar í Vestmannaeyjum, sem ákæra lá á hjá ráðh., miklu alvarlegri heldur en svæsnustu andstæðingar bæjarstjórnarinnar í Vestmannaeyjum báru á hana. Það er dálítið eftirtektarvert, sem hæstv. ráðh. segir um kæruna á bæjarstjórn Ísafjarðar, að honum hafi fyrst og fremst verið kunnugt um tilefni hennar, og í öðru lagi hafi hann fengið skýrslu frá bæjarstjóranum, og það nægði honum. En þegar ég fór fram á út af auglýsingu bæjarfógetans í Vestmannaeyjum á eignum bæjarins, að bæjarstjórinn þar fengi að gefa skýrslu, áður en frekar væri gert í málinu, neitaði hann því. Þegar kommúnistasamfylkingin ber ósannar sakir á bæjargjaldkerann, sem endurskoðandi ríkisins hafði lokið lofsorði á árið áður, þá er sjálfsagt að skipa rannsókn að dómi hæstv. ráðh. Ég vil undirstrika það, að endurskoðandi ríkisstj. hafði í álitsskjali sínu árið 1935 einmitt borið lofsorð á bæjargjaldkerann, sem samfylkingarmenn ætluðu helzt að gera að glæpamanni árið eftir. Hæstv. ráðh. vill láta líta svo út, að aðferð hans í þessum tveimur málum hafi verið að öllu leyti sjálfsögð og eðlileg. En ég vil halda því fram, að þótt hæstv. ráðh. sendi áminningar til Vestmannaeyja, t. d. um að bæjarstjórnin skyldi hafa það í huga, að það ætti að greiða öll laun í peningum, að bókfærsla bæjarins þyrfti að vera eitthvað öðruvísi en hún væri, og hitt og þetta væri vítavert, þá hafi það verið rétt til þess að láta líta svo út, að þarna væri um alvarlegri misfellur að ræða heldur en var. Sannleikurinn er sá, að rannsókn Ingólfs Jónssonar leiddi í ljós, að flest kæruatriðin voru tilbúningur einn, sennilega ekki ætluð til annars af þeim, sem að þeim stóðu, heldur en að vera blaðamatur í nokkra daga. Þetta gátu samfylkingarmenn leyft sér; það er alveg eftir þeirra kokkabók að gera slíkar fígúrur.

En ráðh. landsins á ekki að teka þátt í þessháttar skollaleik. Það hefir hæstv. atvmrh. gert vísvitandi; það sannar bezt, að hann skipaði mann til rannsóknarinnar, sem einn af kærendunum bað um, að skipaður yrði. Ég ímynda mér, að það sé leitun á því í íslenzku réttarfari, að maður í ábyrgðarmikilli stöðu fari þannig að, að taka við kæru og láta kærandann skipa dómarann. En þetta hefir hæstv. ráðh. látið sér sæma.

Það er því svo fjarri því, að hæstv. atvmrh. hafi aðeins gert einfalda skyldu sína í þessum tveimur málum, að í málinu, sem snertir Vestmannaeyjar, hefir hann komið fram eins og vikapiltur hinnar kommúnistisku samfylkingar í Vestmannaeyjum og annað ekki. Um hitt

málið er öðrum kunnugra en mér, og skal ég því ekki leggja dóm á það, hvort þeir á Ísafirði hafa farið að ráði sínu eins og í kæruskjalinu stendur. En mér er sagt, að með því kæruskjali hafi fylgt útdráttur úr gerðabókum og aðrar slíkar sannanir, en ekkert þesshátt fylgdi kærunni úr Vestmannaeyjum, og þurfti hæstv. ráðh. þó að sinna henni út í æsar á þann hátt, sem kærandinn vildi, af pólitiskum ástæðum.

*Forsrh. (Hermann Jónasson): Það hefir ekki komið margt fram í þessum umræðum, sem ég þarf að svara. — Það var að vísu haldin hér alllöng ræða af hv. 8. landsk. Hann óskaði eftir því um daginn þegar hann lá í inflúenzunni, að þessu máli væri frestað. Hefir hann sýnilega verið að unga út þessari ræðu, sem mun vera einhver fyrsta ræða hans á þessu þingi, en á undanförnum þingum hefir hann talað mjög mikið, eins og menn muna.

Hv. þm. kvartaði um, hvað seint gengi endurskoðun réttarfarslöggjafarinnar og hegningarlaganna; ég hefði búizt við, að það yrði miklu fyrr lokið undirbúningi þeirra mála heldur en raun hefði orðið á. Las hann upp ummæli eftir mér og sér, er áttu að sýna, að hann hefði reynzt miklu meiri spámaður um það, hvaða dráttur mundi á þessu verða. Ég skal gefa honum rétt í því, að ef hann hefir lesið ummælin rétt upp, þá virðist svo vera. Ég gat ekki séð það fyrir, að sumir þeirra manna, sem unnið hafa að undirbúningi réttarfarslöggjafarinnar, mundu verða veikir og yrðu að hætta störfum langan tíma, og ýmislegt fleira, sem fyrir hefir komið. En ég vil vekja athygli á því, að núna í fyrra gengum við frá breytingum á einkamálalöggjöfinni, þeirri löggjöf, sem ég fæ sérstakar ákúrur fyrir að hafa ekki lagt fram ári áður, í stað þess að láta athuga hana eitt ár, eftir að Einar Arnórsson gekk frá henni. Á þessu ári var bætt úr ýmsum ágöllum á frv., sem eðlilegt er, að á því væru, þótt Einar Arnórsson sé mjög fær maður. Þegar einn maður gengur frá slíku máli getur honum alltaf sézt yfir ýmsa hluti. En þetta frv. var lagt fram til athugunar m. a. fyrir hv. 8. landsk. og 2 aðra lögfræðinga, ásamt öðrum hv. dm. En hvernig fór? Þegar á að fara að framkvæma lögin í vetur, varð nærri því að stöðva öll víxilmál, af því að það hafði gleymzt eitt ákvæði þar að lútandi, og samkvæmt beiðni bankanna varð að gefa út bráðabirgðalög til að kippa þessu í lag. Og nú erum við að detta ofan á fleiri atriði, sem eru talin lítt framkvæmanleg. Þetta sýnir aðeins, hvað þarf að athuga það mál vel, þegar verið er að byggja upp nýtt réttarfarskerfi í landinu, og ættum við að læra nægilega af því, til þess að þurfa ekki að flaustra af þeim þáttum þessa verks, sem eftir eru. Sama hefir reynslan orðið annarsstaðar. T. d. tók undirbúningur þessara mála í Danmörku 10—20 ár. Það er rétt, að tilbúið er frv. um meðferð opinberra mála. En ég get þegar gefið þær upplýsingar, að sá maður, sem mest fæst við rekstur opinberra mála í þessu landi sem stendur, hefir bent á, að á þessu frv. væru svo verulegir gallar, að það mundi lítt framkvæmanlegt, ef það yrði að lögum eins og það er. Nú er verið að athuga þetta mál mjög gaumgæfilega af þeim, sem fyrst og fremst hafa fengizt við þessi mál í framkvæmdinni. Það mun þess vegna vera aðallega gert til gamans, svona til þess að segja eitthvað, að deila á mig fyrir, að ég standi í vegi fyrir þessum málum. Þetta er ekki annað en eðlileg afgreiðsla á þeim, eins og mönnum ætti að vera ljóst, þótt við hefðum ekki fengið þennan árekstur í einkamálalöggjöfinni, sem þó var haldið fram, að hefði verið athuguð einu ári lengur en átti að vera.

Hvað snertir hegningarlöggjöfina, þá er nú að henni unnið af Þórði Eyjólfssyni hæstaréttardómara. Það var dregið í efa, að hann gæti að henni unnið nú, ég veit ekki af hverju, því sjálfsagt er hv. þm. ljóst, að honum er leyfilegt að sinna því verki, eins og Einari Arnórssyni að vinna að einkamálalöggjöfinni, eftir að hann varð hæstaréttardómari, og vera nú í nefnd til að endurskoða lögin um meðferð opinberra mála. Ég hefi hvað eftir annað beðið um, að því máli væri hraðað, en ég held, að ekki sé hægt að krefjast þess af þeim, sem að svona verki starfa, að þeir vinni fljótar en þeir telja hentugt, til þess að málin geti orðið vel undirbúin. Mér er því óhætt að vísa þessum aðfinnslum algerlega á bug, enda býst ég við, að þær séu ekki alvarlega meintar, heldur meira svona til að slá um sig, þegar menn hafa lítið annað til að tala um.

Þá minntist hv. þm. á mál, sem ég talaði um síðast, mál Einars á Ægi. Menn muna eftir, hvernig það mál var „handterað." Hv. þm. lýsti nokkuð rannsókn þess, sem stóð yfir lengri tíma. Einar var settur í land, af því að upplýst þótti eftir skrifum andstæðinga hans, að hann væri afbrotamaður. En málið endaði á þann hátt, að sjálfur hv. 8. landsk. sá sér ekki fært að dæma Einar sekan, og dæmdi hann aðeins í 500 kr. sekt, af því að hann átti að passa upp á, að ekki væri skrifað í bækur skipsins af öðrum. Það var þetta mál, sem hæstiréttur ógilti, og einn af dómurunum óskaði, að hann sæi aldrei aftur. Það vita allir, af hverju þetta mál var sprottið, af hverju Einar var af andstæðingablöðunum stimplaður sem afbrotamaður og settur á land, þessi duglegasti varðskipsforingi, sem til var. Þegar þannig var búið að elta manninn í heilt ár, getur hver skilið, að sá dómsmrh., sem við tekur og þekkir málið út og inn, fer ekki að halda slíku áfram, því að málið var vitleysa frá upphafi. Því var málið látið niður falla.

Því hefir verið haldið fram hér, að ég hefði átt að eltast við kærur þær, sem fram hafa komið gegn bæjarstjórninni á Ísafirði. En það er ekki sagt, að ég hefði átt að höfða mál gegn þeim í Vestm.eyjum. Svo er hamrað á því, hvílík hlutdrægni þetta sé. Þessir menn eru svo blindir, að þeir sjá ekki, að ef ég hefði átt að eltast við þessi mál, hefði ég orðið að fyrirskipa sakamálsrannsókn á báða. En ég hefi álitið réttara að láta þá bítast um þetta sjálfa þarna í Vestmannaeyjum en að höfða mál á hendur þeim. Að dómsmrh. eigi að rísa upp og höfða mál í hvert skipti, sem kærur eru bornar á menn, er

eins og hver önnur vitleysa. Í Morgunblaðinu stendur, að Héðinn Valdimarsson sé auðugur maður og hafi eignazt auð sinn með svikum og þjófnaði. Ætti ég þá að fara að hefja sakamálsrannsókn út af þessu á hendur Héðni? Að einhver hafi svikið, er daglegt brauð, og getur dómsmrh. vitanlega ekki farið að eltast við allt slíkt.

Þá hefir verið minnzt á Behrensmálið. En það er eftirtektarvert, að hv. þm. sagði ekki meira en það, að þar hefði verið dæmt fyrir verknað, sem fjöldi manna hefði áður gert sig sekan um. En þó að aðrir hafi brotið l., er það ekki hlutverk dómarans að sýkna þann næsta, sem ákærður er fyrir hið sama. Við skulum ekki ræða það mál meira. Seinni tímar geta dæmt um, hvernig á því hefir verið tekið. Ég hefi oft heyrt, að ég hafi haft tilhneigingu til að dæma öðru vísi í því máli en öðrum, en slíku svara ég ekki.

Svo var minnzt á kollumálið, sem mikið hefir verið rætt áður. Ég hefi ekki kvartað yfir þeirri málssókn. Eins og henni lauk, væri frekar ástæða fyrir andstæðinga mína að láta sér leiðast málalokin. Ég get sýnt kvittun uppi í Stjórnarráði, sem hljóðar upp á 200 kr., sem einu vitninu höfðu verið greiddar. Það liggja fyrir fleiri kvittanir fyrir greiðslum til vitna. Og svo ég viti til, hefir það ekki komið fyrir í nokkru máli öðru en þessu, að þegar vitnin áttu að sverja, þá gengu þau af trúnni. Tveir voru aðventistar og máttu því ekki sverja, og einn skrifaði séra Bjarna til að fá vottorð um, að hann væri utan þjóðkirkjunnar. Ég veit ekki til, að það hafi áður komið fyrir á Íslandi, að menn gengju af trúnni, er þeir áttu að sverja. Læt ég svo útrætt um það mál.

En það var eitt atriði í gær, sem ég gat ekki upplýst. Það var deilt á mig fyrir að hafa höfðað mál gegn mönnum, sem réðust á mann á götu fyrir nokkru, en að hafa síðan svæft mál út af árás, sem gerð hafi verið á sjálfstæðismann, þrátt fyrir ítrekaða beiðni um að taka málið upp. Ég fór fram á það eftir umr. að fá að vita, hvaða mál þetta væri, og fékk ég þær upplýsingar. Síðan hringdi ég í lögreglustjóra. Og til þess að gefa mönnum hugmynd um, hvernig málin eru hér sótt, skal ég skýra frá því, hvernig í öllu liggur. Því hefir verið haldið fram, að ég hafi haft sérstaka löngun til að gera þeim manni órétt, er hér átti hlut að máli, af því að við losnuðum við hann úr Framsfl. yfir í Íhaldsfl. fyrir nokkrum árum. Því er haldið fram, að hann hafi ekki fengið mál sitt tekið fyrir. En málið hefir aldrei til mín komið fremur en mörg slík smærri mál. Þann 22. júlí í sumar var Jón Norman Jónasson á leið upp Laugaveg, og var honum þá gefið glóðarauga. Ég hefi nú í höndum dómsúrskurðinn, sem kveðinn var upp í þessu máli þann 21. ág. 1936. Innan mánaðar hefir málið þannig verið rannsakað og dæmt. Og svo er því haldið fram hér í hv. d., að dómsmrh. sitji á málinu enn. Hér liggur fyrir málsrannsókn og dómur, og geta hv. þm. séð ef þeir vilja.

*__Stefán Jóh. Stefánsson:__ Ég gerði grein fyrir því í upphafi þessarar umr., hvers vegna ég teldi ekki rétt að samþ. þetta frv., og vil ég ekki endurtaka ástæður mínar fyrir því. En umr. þær, sem síðan hafa farið fram, hafa sannfært mig betur um það, að frv. er aðallega flutt til að geta komið fram eins konar eldhúsdegi á hendur hæstv. stj., og einkum þó ráðh. þeim, sem fer með ákæruvaldið.

Hv. 11. landsk. hélt fast við rök sín, ef rök skyldi kalla, sem fram eru færð í grg., sem sé það, að það væru ekki rök gegn frv., að ekki mætti taka út úr einstök atriði úr réttarfarslöggjöfinni og lögfesta þau, enda þótt í undirbúningi væri heildarlöggjöf. Hann benti á það, að lögfræðingan. hefði á þennan hátt tekið út úr einstök atriði, er snerta meðferð einkamála. En réttarfarslöggjöfin um einkamál er svo sérstakur þáttur í löggjöfinni, að um það gegnir öðru máli.

Um hæstarétt og breytingar á honum er það að segja, að um það hefir mikið verið barizt hér á Alþingi, hvort rétt væri að breyta sérstökum þáttum í löggjöfinni um hann. Við í lögfræðingan. ræddum þetta mál, og vorum við hv. þm. Barð. þeirrar skoðunar, að þegar hefði átt að vera búið að breyta l. þannig, að hafa ekki dómara sjálfskipaða, því að það er ekki eðlileg lýðræðisregla. Í öðru lagi vildum við koma á því skipulagi, að hafa opinbera atkvgr., þar sem ágreiningur væri milli dómara um niðurstöður. Það er ekkert undarlegt, þó að þetta kæmi fram, því að ekki eru líkur til, að löggjöf um hæstarétt yrði breytt, þó að gerbreytt yrði l. um meðferð mála fyrir undirrétti.

Út af þeim almennu ummælum um misbeitingu ákæruvaldsins, þar sem gerður hefir verið samanburður á ráðh. þeim, sem farið hafa með dómsmál undanfarið, verð ég að segja, að kollumálið svokallaða er átakanlegasta dæmið um misbeitingu ákæruvaldsins. Það mál var bæði hryggilegt og kátbroslegt, hryggilegt af því, að farið var með slíkt pólitískt ofsóknarmál fyrir hæstarétt, og kátbroslegt af því, að öll meðferð málsins var svo fáránleg, að undrun sætir, svo að slíks eru ekki dæmi til í nokkru máli öðru.

Hv. 8. landsk. nefndi störf lögfræðingan., er haft hefði til meðferðar undirbúning að nýrri löggjöf um meðferð opinberra mála. Hann spurði, hvenær frv. um þetta myndi koma fram og því þar ætti ekki að fylgja með till. um meðferð einkamála. Ég hefi áður svarað þessu, að ég tel líklegt, að frv. komi fram á þessu þingi. En ég tel ekki líklegt, að málið verði afgr. á þessu þingi, því að nauðsynlegt er, að dómbærum mönnum gefist kostur á að athuga málið. Ef frv. kæmi fram á þessu þingi, gæfist þm., lögfræðingum og öðrum kostur á að athuga það til næsta þings. En ég gat líka í fyrstu ræðu minni um ástæður þær, annriki og veikindi, er valdið hefðu því, að málinu hefir seinkað.

Hv. þm. sagði, að það hefði verið auðvelt fyrir okkur að afgr. málið, því Einar Arnórsson væri búinn að semja frv. Þetta er í samræmi við aðra sleggjudóma hv. 8. landsk. Hér voru höfð þau vinnubrögð, sem venja er til í slíkum n., að eftir að n. hafði rætt þau atriði, er taka þyrfti upp, var Einari Arnórssyni falið að semja frumdrög að frv. Á meðan hann var að semja uppkastið, ræddi hann við n. um

eitt mikilsvert atriði, þáttöku leikmanna í opinberum dómum, en slíkt tíðkast, eins og kunnugt er, víða erlendis. Reis þá nokkur ágreiningur um það, hvort rétt væri að hafa kviðdóma, eins og tíðkazt hefir í Englandi, Noregi og víðar. Meiri hl. hallaðist að því, að hafa bara leikmenn sem meðdómendur með löglegum dómendum, en minni hl. vildi hafa kviðdóma í vissum málum. N. hefir athugað þetta mál á mjög mörgum fundum, þó að hún hafi ekki enn getað lokið störfum. En það er gott dæmi um fullyrðingar hv. 8. landsk., hvernig hann talar um starfsaðferðir n. Er það í samræmi við þá fullyrðingu hans, að frv. um meðferð einkamála, sem lagt var fyrir þingið í fyrra, hafi verið með sömu greinatölu og þá er Einar Arnórsson gekk frá því. Ég hefi ekki athugað þetta, en ég tel meiri líkur til, að það sé rangt, eins og flest annað, sem þessi hv. þm. sagði í sinni ræðu. En jafnvel þótt þetta væri rétt, er barnaskapur að halda, að það sé nokkur sönnun fyrir, að frv. hafi ekki verið breytt. Það er hægt að gerbreyta frv., þó að greinatölunni sé ekki breytt. Það er meira að segja oft gert hér á hæstv. Alþingi, að frv. er umsteypt, án þess að greinatölunni sé breytt. En þessi fullyrðing sýnir — ef má viðhafa svo óþinglegt orð — *hundavaðshátt* þessa hv. þm., þegar hann dæmir um meðferð lögfræðingan. á þessu máli. Annars skiptir það ekki máli, hverju hafi verið breytt í lögfræðingan. frá því, sem Einar Arnórsson hafði lagt til, en ég get upplýst það, og það veit hv. 8. landsk. einnig, að það var breytt talsvert miklu í frv. að efni til eftir uppástungu okkar meðnm. Einars Arnórssonar, atriðum, sem ég tel þýðingarmikil. En frv. var áður sérstaklega vel undirbúið og búið að vinna að því lengi, m. a. hafði Einar Arnórsson siglt til Norðurlanda til þess að athuga réttarfarið þar í einkamálum og unnið þar allt sumarið, áður en n. tók til starfa, svo að það var gefið, að það var höfuðgrundvöllurinn, sem n. byggði á í starfi sínu. — Ég skal geta þess, að einstakir nm. fóru yfir réttarfarslöggjöf nágrannalandanna í þessu efni, báru saman við frv. og komu með breyt. í samræmi við réttarfarslöggjöf Norðurlanda, sem okkur þótti ástæða til að taka til hliðsjónar við afgreiðslu málsins.

Ég sé aðeins ástæðu til þess að taka þetta fram, en að öðru leyti finnst mér það vera að bera í bakkafullan lækinn, að fara frekar inn á það pex, sem orðið hefir í hv. d. um ákæruvaldið og ýms fleiri atriði. En ég fyrir mitt leyti mun að umræðu þessari lokinni, ef ekki kemur fram um það till. í rökstuddu dagskrárformi, greiða atkv. gegn frv., af því að ég álít það aðeins til þess að tefja tíma þingsins, að hafa aðra deiluumræðu um þetta mál, þar sem vitað er, að réttarfarslöggjöfin liggur til róttækrar endurskoðunar í þeirri n., sem um það fjallar. Ef þetta frv. yrði að lögum og á næsta þingi yrði samþ. okkar frv., þá þyrfti að nema þetta frv. úr gildi, og lítið úr því yrði nothæft inn í þá löggjöf, sem við höfum gert beinagrind að í n., því að við hugsum okkur verksvið opinbers ákæranda nokkuð öðru vísi en hér er gert ráð fyrir. Af þeim ástæðum mun ég leggja gegn því, að þetta frv. fari lengra.

*Atvmrh. (**Haraldur Guðmundsson**): Út af ummælum hv. þm. Vestm. þarf ég að segja nokkur orð, þó að ræða hans gefi að vísu ekki tilefni til langra andsvara.

Ég hefi bent á það hér fyrr í þessum umr., að þau atriði, sem fram eru dregin í grg. viðvíkjandi bæjarmálum Vestmannaeyja og Ísafjarðar, eru þessu frv., sem fyrir liggur, óviðkomandi. Ég sýndi fram á, að það, sem þar var um að ræða, var sjálfsagt eftirlit, sem atvmrn. og þeim ráðh., sem hefir yfirstjórn bæjar- og sveitarmálefnanna, bar skylda til að hafa með höndum. Ef um saknæmt athæfi var að ræða að dómi aðilja sjálfra, sem ekki kemur fram nema í einni þessari kæru, kæru frá minni hl. bæjarstj. í Vestmannaeyjum, þá er það sú eðlilega leið, að snúa sér beina leið til dómsmrn. En í bréfinu til atvmrn. er engin beiðni um að vísa þessu til dómsmrn. Sú athugun, sem gerð hefir verið. var eingöngu gerð af atvmrn., sem sjálfsögð eftirlitsráðstöfun í sambandi við fjárstjórn þessa bæjar. Ef um saknæmt atriði hefði verið að ræða, hefði verið óskað eftir sakamálsrannsókn, en að genginni þeirri athugun, sem rn. gerði, taldi það ekki ástæðu til þess.

Hv. þm. Vestm. heldur því fram, að það hafi verið framið óvenjulegt gerræði á meiri hl. bæjarstjórnar í Vestmannaeyjum með því að láta fara fram þá athugun, sem gerð var. Þó er það viðurkennt af honum sjálfum, að tæpum 6 mánuðum eftir að ríkissjóður var búinn að ganga í ábyrgð fyrir 110 þús. kr. láni, sem beinlínis var veitt ábyrgð fyrir af ríkisstj. í þeim tilgangi að greiða lausaskuldir kaupstaðarins. sem eru tryggðar með 2. veðrétti í ákveðnum fasteignum í kaupstaðnum, er svo ástatt í þessu bæjarfélagi, að þessar sömu eignir, sem eiga að vera veð fyrir þessu láni, eru auglýstar af bæjarfógeta eftir kröfu lánardrottna til sölu upp í greiðslu á vangreiddum vöxtum og afborgunum af lánum, sem hvíla á eignunum. Og það, sem er eftirtektarvert, er, að þessar greiðslur eru fallnar í gjalddaga, áður en lánið er veitt með ríkisábyrgðinni til þess að greiða lausaskuldir kaupstaðarins. Svo finnst hv. þm. Vestm. það ákafleg ósvinna gagnvart bænum, að láta rannsókn fara fram í þessu, eftir að búið er að óska, að það sé gert. Sú athugun, sem var gerð af Jóni Guðmundssyni endurskoðanda, leiddi í ljós, að það, sem sagt var, var rétt. Ég skal að vísu ekki segja, að hún út af fyrir sig hafi leitt til þess, að þessu var kippt í lag, en eftir hans för var þessu kippt í lag, og þá var málið látið falla niður. En því er ekki að neita, að um óheyrilega vanrækslu var að ræða í þessu efni af hálfu bæjarstj. Þegar svo enn á ný er vakin athygli ríkisstj. á því, að ýmsar aðrar misfellur séu á stjórn bæjarmálanna í þessum kaupstað — ekki af Jóni Guðmundssyni, heldur minni hl. bæjarstj. — þá verð ég að telja, eftir því sem áður var upplýst, að ómögulegt hafi verið að skella skolleyrunum við því að athuga, hvernig ástandið var. Ekki á þann hátt, að setja sakamálsrannsókn á bæjarstj. því að það heyrði ekki undir

mitt rn., heldur að rn. léti framkvæma þá athugun, sem nauðsynleg var til þess að ganga úr skugga um, að hve miklu leyti þessi kæra hefði við rök að styðjast, og það og ekkert annað var gert með sendiför Ingólfs Jónssonar, lögfræðings. Ég hygg, að enginn ráðh. hefði getað skellt skolleyrunum við því, að taka þessa rökstuddu kæru til greina á þann hátt, sem gert var.

Hv. þm. Vestm. sagði, að þótt margt væri svart af því, sem atvmrh. hefði gert í garð Vestmannaeyja, þá hefði það þó verið það langsvartasta, að senda þennan mann, Ingólf Jónsson, til þess að athuga þetta, því að hann hefði verið sendur eftir pöntun kærendanna sjálfra. Það væri sama, sagði hann, og ákærandinn sjálfur ætti að vísa á dómara. Ég vil fyrst benda hv. þm. Vestm. á, að hér var ekki um dómara að ræða, heldur aðeins um að ræða athugun á einstökum atriðum, sem bent var á í kærunni, á fjárreiðum kaupstaðarins yfirleitt, og þessi maður átti ekki annað að gera en að kynna sér málið og gefa um það skýrslu, en alls ekki að starfa sem dómari. En í lok ræðu sinnar fullyrti þessi hv. þm., að niðurstaða athugana þessa manns hefði verið sú, að í raun og veru hefði allt verið í bezta lagi, þ. e. a. s., að þessi ógurlegi maður hefði fallizt á, að mér skildist, að meiri hl. bæjarstj. í Vestmannaeyjum hefði rækt sitt starf prýðilega. Nú er þetta fjarri sanni hjá hv. þm. Það voru ýmsar misfellur í starfi meiri hl. bæjarstj., en mismunandi stórar, sumar þýðingarmiklar, en aðrar smærri, en enginn þess efnis, að ástæða þætti til þess að fyrirskipa sakamálsrannsókn á hendur meiri hl. bæjarstj., bæjargjaldkeranum eða einstökum mönnum. Þessar misfellur voru sumpart bættar og sumpart vítar, eins og tíðkast hjá atvmrn., sem hefir eftirlit með sveitar- og bæjarstjórnarmálefnum.

Hv. þm. Vestm. sagði, að Ingólfur Jónsson hefði verið sendur eftir pöntun kærendanna sjálfra. Það er hreinn og beinn hugarburður. Hann var sendur af því, að hann hafði öðrum störfum að sinna; við það sparaðist fé, og auk þess var mér kunnugt um, að hann er glöggur bókhaldsmaður og vanur slíkri reikningsfærslu og því fljótur að átta sig á þessu. Hv. þm. sagði, að þetta hefði verið hneyksli, vegna þess að þessi maður lægi undir kæru fyrir saknæmt athæfi. Það er rétt, að kæra hafði komið fram af hálfu bæjarstjórans á Ísafirði, Jóns Auðuns Jónssonar, á hendur meiri hl. bæjarstj. þar, og ég ætla bæjarstjórans líka, þótt ég muni það ekki með vissu, en eftir þá athugun, sem gerð var af rn., komst rn. að þeirri niðurstöðu, að þessi kæra væri tilefnislaus. Þess vegna var því ekki lengra haldið. Og því, sem hafði verið talað um þær samþykktir bæjarstjórnarinnar, sem fyrrv. bæjarstjóri, Jón Auðun Jónsson, kærði yfir, var áður búið að skjóta til rn., og rn. búið að leggja samþykki sitt á þær.

Um sama leyti hafði einnig borizt á hendur Jóni Auðun Jónssyni kæra frá meiri hl. bæjarstj. fyrir bæði að hafa vanrækt að inna af hendi störf, sem bæjarstj. hafði lagt fyrir hann, og loks að hann með skrifum sínum um fjárhag bæjarins hafi gefið rangar upplýsingar og reynt að spilla lánstrausti bæjarins út á við. Þessi kæra var afgr. til hlutaðeigandi manna til umsagnar, og að henni fenginni sá rn. ekki ástæðu til þess að efna til frekari rannsóknar í málinu. Það má að sjálfsögðu kasta því fram órökstuddu um hvern einasta mann, að hann hafi gert sig sekan um saknæmt athæfi og ætti því af þeim sökum að vera óhæfur til starfa. En slíkt nær vitanlega ekki nokkurri átt. Enda er það ljóst, að hv. þm. Vestm. telur sig eftir atvikum geta verið ánægðan með athugun Ingólfs Jónssonar á þessum málum.

Hv. þm. Vestm. taldi, að þetta væri því til sönnunar, að ég sem ráðh. væri vikapiltur kommúnistanna í Vestmannaeyjum. Sé honum það hugarhægð í þessu pólitíska andstreymi að nefna mig slíkum nöfnum, þá er honum það velkomið. Það er bara orðafleipur. Ég get nefnt hann vikapilt eða skóþurrku nazista eða hverju öðru nafni sem nefnist, en ég læt það ógert, að vera að metast um slík köpuryrði.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að vera að eyða um þetta fleiri orðum. Það, sem mestu skiptir í þessu sambandi, er á engan hátt efni þessa frv., heldur það eftirlit, sem þeim ráðh., sem hefir með höndum yfirumsjón bæjar- og sveitarmálefna, ber að hafa með störfum bæjar- og sveitarstjórna.

***Finnur Jónsson:** Ég þarf ekki miklu að bæta við það, sem hæstv. atvmrh. sagði um þetta mál. Því að þar kærur, sem urðu út af bæjarmálefnum Vestmannaeyja og Ísafjarðar, voru algerlega ófyrirsynju dregnar inn í þetta mál.

Hv. þm. Vestm. hefir rækilega tekið fram, að í Vestmannaeyjum hafi ekki verið um nein þau atriði að ræða, sem ástæða var til að láta opinberan ákæranda fjalla um, og hæstv. atvmrh. hefir bent á, að það sama hafi gilt um Ísafjörð. Enda er það svo, að jafnvel þáverandi bæjarstjóri á Ísafirði, Jón Auðun Jónsson, nefndi það, sem hann kærði yfir „misfellur“ og lét bóka það í fundarbók bæjarstj. Mér dettur ekki í hug að halda, að Jón Auðun Jónsson hefði ekki orðað þetta öðruvísi, ef hann hefði álitið, að þar hefði farið fram eitthvað það, sem opinber ákærandi hefði átt að fjalla um, eða það, sem kæmi nálægt sakamáli.

Jón Auðun Jónsson varð bæjarstjóri á Ísafirði með hlutkesti. Það voru jöfn atkvæði íhaldsmanna og jafnaðarmanna í bæjarstjórninni, en einn maðurinn tilheyrði kommúnistum og var því oddamaður í bæjarstjórninni. Bæjarstjórinn varð þess vegna í minni hluta og átti mjög erfitt uppdráttar með sín störf. Það urðu harðar deilur í bæjarstjórninni, og þær leiddu til þess, að Alþfl. kærði Jón Auðun Jónsson til atvmrh. fyrir það að hafa gefið út rangar og villandi skýrslur um fjárhag bæjarins, skýrslur sem hefðu, ef lagður hefði verið trúnaður á þær, getað leitt til þess, að spilla lánstrausti bæjarins, og vitanlega var þetta mjög vítavert athæfi af bæjarstjóra. Þær skýrslur, sem Jón Auðun Jónsson gaf út um fjárhag bæjarins, voru svo mjög á reiki, að það urðu af þeim margar útgáfur. T. d. taldi hann upp, hvað bú bæjarins

væri mikils virði, og byrjaði með að segja, að það væri 160 þús. kr. virði. Viku seinna sagði hann það 180 þús. kr. virði, og loks var það komið upp í 200 þús. kr. Ég skal ekki rekja þessar skýrslur fyrrv. bæjarstjóra á Ísafirði, Jóns Auðuns Jónssonar, það á ekki heima hér á alþingi. — Kæra Alþfl. er dagsett 10. ágúst 1934. Jón Auðun Jónsson svaraði þessari kæru með annari kæru á hendur alþýðuflokksmönnunum, sem áður höfðu verið í hreinum meiri hl. í bæjarstjórn Ísafjarðar, og það var litið svo á, að ef kæra alþýðuflokksmannanna hefði ekki komið fram, þá mundi Jón Auðun Jónsson ekki heldur hafa komið með sína kæru, enda lýsti hann því yfir á bæjarstjórnarfundi, þar sem alþýðuflokksmenn samþ. að kæra hann, að hann mundi koma með gagnkæru. Þær ýfingar, sem út af þessu spunnust, voru því eingöngu út af bæjarpólitík á Ísafirði og eru þessu máli, sem hér er til umr., algerlega óviðkomandi. — Jón Auðun Jónsson kærði fyrrv. meiri hl. bæjarstjórnar á Ísafirði einkum fyrir 3 atriði. Í fyrsta lagi fyrir það, að bæjarstjórnarmeðlimir hefðu, þrátt fyrir að þeir væru í stjórn og meðeigendur í Samvinnufélagi Ísfirðinga, neitað að samþ. till. ihaldsmanna um það að ganga að samvinnufélaginu á árinu 1932. En svo stóð á, og það sýndi sig greinilega seinna, að ef þessi till. hefði verið samþ., hefði hún valdið bæði bæjarsjóði, sem var í ábyrgð fyrir skuldum félagsins, og eins rikissjóði, mjög miklum fjárhagslegum skaða. Þannig var frá sjónarmiði þessara tveggja aðilja, sem voru stærstu skuldheimtumenn félagsins, rétt að fella till. um að ganga að félaginu. Annað kæruatriðið var út af veðum í sambandi við eigendaskipti á skipum félagsins. Þessi eigendaskipti og þessi veð höfðu verið samþ. af fjármrh. með bréfi dags. 18. des. 1930, og má nærri geta, hvort eftirmanni þess ráðh. hafi þótt ástæða til að setja sérstaka rannsókn á hendur bæjarstjórn Ísafjarðar fyrir það, að hún framkvæmdi veðsetningu og eigendaskipti á skipum Samvinnufélags Ísfirðinga, sem rn. var búið að veita sitt samþykki til, að færi fram. Í bréfi Jóns Auðuns Jónssonar til stjórnarráðsins er bent á það, að ekki hafi staðið heima samþykktin um upphæð þessara veða og veðsetningin, en það stóð í sambandi við áfallna vexti, af því að eigendaskiptin fóru ekki fram fyrr en nokkuð löngu seinna en samþykkið hafði fengizt. Þriðja atriðið, sem Jón Auðun Jónsson kærði alþýðuflokksmennina fyrir, var að veita Samvinnufélagi Ísfirðinga frest á skuldum og eftirgjafir á vöxtum og jafnframt lánveitingu úr hafnarsjóði, en allt þetta var samþ. af þáverandi atvmrh., Magnúsi Guðmundssyni, með bréfi dags. 18. febr. 1932. Með öðrum orðum, þau atriði, sem Jón Auðun Jónsson kærði alþýðuflokksmennina í bæjarstjórn fyrir, voru þess eðlis í fyrsta lagi, að ef þær samþykktir, sem kært var út af, hefðu ekki verið framkvæmdar, þá hefði bæjarsjóður Ísafjarðarkaupstaðar og rikissjóður stórskaðazt. Í öðru lagi voru hin tvö kæruatriðin bæði samþ. af hlutaðeigandi ráðh., sem fór með æðstu stjórn bæjarmálefnanna í landinu á þeim tíma. Það liggur því í augum uppi, að það hefði þurft að liggja fyrir meira en lítið saknæmt til þess, að núv. atvmrh., Haraldur Guðmundsson, hefði farið að skipa fyrir um sérstaka rannsókn út af samþykktum, sem framkvæmdar voru með fullu samþykki hlutaðeigandi ráðh. og hans fyrirrennara. Enda var því yfirlýst af ihaldsmönnum á bæjarstjórnarfundi, þar sem þessi mál voru til umr., og bókað eftir þeim, t. d. um mína atkvæðagreiðslu í þessu máli, að þeir vissu, að það væri ekki í atvinnuskyni fyrir sjálfan mig, að ég greiddi atkvæði í þessu máli eins og ég gerði. Eins kom það á daginn, að ihaldsmenn í bæjarstjórn Ísafjarðar veittu Samvinnufélagi Ísfirðinga langtum meiri fjárhagsleg hlunnindi en þeir, sem samþ. það með atkv. alþýðuflokksmanna eingöngu. Annars get ég tekið það fram í sambandi við þetta til frekari áréttingar, að það er ekki rétt, að mitt atkv. hafi ráðið úrslitum, vegna þess að þær till., sem ihaldsmenn báru fram um að ganga að Samvinnufélagi Ísfirðinga, voru felldar með 6:4 atkv. og ennfremur af því, að þær till., sem samþ. voru, voru sömuleiðis samþ. með 6:4 atkv.

Ég ætla, að með því, sem ég hefi sagt um þetta til áréttingar því, sem hæstv. atvmrh. hefir sagt um þetta mál, þá sé það sýnt og sannað, að hér er í rauninni alveg það sama á ferðinni eins og um Vestmannaeyjar, því að hér er ekki um að ræða neitt mál, sem hefði komið undir opinberan saksóknara; hér er aðeins um að ræða atriði viðvikjandi bæjarfélaginu, sem heyrir undir atvmrh., en ekki undir dómstólana. Þetta sýnir, að það er hægt að færa röng rök fyrir máli, þannig að það geti jafnvel skaðað málstaðinn. Enginn neitar því, að það geti vel komið til mála, að hyggilegt sé að setja hér opinberan saksóknara, en þegar færð eru alveg röng rök fyrir þessari nauðsyn, þá getur vitanlega varla farið hjá því, að menn skoði hug sinn, áður en þeir greiði atkv. með slíku frv. Það liggja ekki önnur rök fyrir þessu máli heldur en þau, sem hafa verið hrakin bæði af hv. þm. Vestm., hæstv. atvmrh. og mér, og ég hygg, að hv. 11. landsk., sem hefir óskað eftir að verða einskonar opinber refsivöndur í þessu landi, muni hafa sett hér met í því að bera fram röng rök fyrir sínum málstað hér á Alþingi.

Umr. frestað.

Á 24. og 25. fundi í Nd., 22. og 23. marz, var frv. tekið til frh. 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 25. fundi, er forseti hafði lýst yfir, að hann tæki málið af dagskrá, mælti

Gunnar Thoroddsen: Ég vil beina því til hæstv. forseta, hvort hann sjái sér ekki fært að taka á dagskrá á morgun frv. til l. um opinberan ákæranda. Ég teldi það æskilegra, til þess að svarræður í málinu þurfi ekki að biða fram yfir páska.

Forseti (JörB): Þetta er alveg rétt hjá hv. 11. landsk., og skal ég verða við tilmælum hv. þm. um að taka málið á dagskrá á morgun. Ég er bara hræddur um, að umr. um hin fyrri mál á dagskránni taki nokkuð langan tíma, en fundar-

tími er hinsvegar lítill á morgun, en ef til vill má þetta heppnast, og verður þá tekið sem 7. mál frv. til l. um opinberan ákæranda.

Á 26. fundi í Nd., 24. marz, var enn fram haldið 1. umr. um frv.

*Flm. (Gunnar Thoroddsen): Umræður um þetta mál eru orðnar langar og hafa þegar staðið í þrjá daga. Í þeim hefir komið margt fram af hálfu andstæðinga þess, sem ég eða aðrir höfum svarað og hrakið, en þó á ég enn nokkru ósvarað.

Ég vil þá fyrst víkja að mótbárum gegn frv. sjálfu. Því hefir verið haldið fram bæði af hæstv. forsrh. og jafnvel fleirum, að frv. bætti ekki neitt úr því ástandi, sem nú er í þessum efnum, þar sem ekkert væri því til fyrirstöðu samkv. stjskr., að sá maður er gegndi þessu embætti, gæti verið þingmaður og jafnvel flokksforingi. En nú er beint tekið fram í frv. sjálfu, að hann eigi að standa utan við stjórnmálabaráttuna. Ég veit að vísu, að til þess að útiloka hann frá þingmennsku þarf breytingu á stjskr. En því má fyllilega treysta, að sá maður, sem skipaður yrði í þetta embætti með vitund um það, að embættið eigi að vera algerlega ópólitískt, myndi ekki kasta sér út í stjórnmálabaráttuna á eftir, svo framarlega sem hann er heiðarlegur maður.

Hæstv. dómsmrh. sagði, að engin trygging væri fyrir því, að hann skipaði ópólitískan mann í þessa stöðu. Upphaflega var svo ákveðið í frv., að ráðh. skyldi vera bundinn við till. hæstaréttar um val þessa embættismanns. En á fyrsta ári frv. komu fram mjög sterk mótmæli gegn þessu ákvæði frá hv. 1. landsk., og því felldi ég það úr frv., ef það gæti orðið til þess, að það kæmist fremur í gegnum þingið á eftir. Það er því harla undarlegt, að andstæðingar málsins skuli nú nota brottfellingu þessa ákvæðis gegn því.

Hv. þm. Barð. taldi það alveg ástæðulaust, að banna þessum embættismanni að hafa aukastörf á hendi. Ég get nú vel skilið slíkar raddir úr öðrum eins beina- og bitlingaflokki og hans flokkur er. Þá sagði sami hv. þm., að þetta frv. væri miðað við gamalt réttarfar, og þess vegna væri varasamt að samþ. það. En hér er ekki um neitt annað að ræða en að færa ákæruvald ráðh. yfir í hendur ópólitísks embættismanns. Þessi breyt. getur því fallið inn í hvaða réttarfar sem er, og eins og segir í umsögn lagadeildar, verður þetta starf ávallt sjálfu sér líkt, hverjar breyt., sem annars verða á réttarfarinu. Ég hefi einnig margsýnt fram á það áður, að andstæðingar málsins hafa tekið sérstaka þætti réttarfarsins út úr heildinni til meðferðar, og því má þá ekki eins taka þennan þátt út úr?

Annað meginatriði síðustu ræðu minnar var að sýna fram á misbeitingu ákæruvaldsins bæði í tíð núverandi dómsmrh. og Jónasar Jónssonar. Af þeim 8 liðum, sem ég færði máli mínu til sönnunar, hefir hæstv. dómsmrh. aðeins treyst sér til að minnast á tvo. Hann segir, að ég hafi skýrt rangt frá barsmíðamáli einu, er ég sagði, að ekki hefði verið tekið fyrir, því að í því hefði verið kveðinn upp dómur og hinir seku látnir greiða bætur. Ég hafði upplýsingar mínar um málið eftir manni, sem ég treysti til að vita skil á því. Vafalaust er það rétt hjá hæstv. ráðh., að dómur hafi verið kveðinn upp, en eitthvað er einkennilegt við það, að maður, sem dæmdar hafa verið skaðabætur, skuli ekki vita af því eftir hálft ár.

En þó að frásögnin um þetta eina mál kunni að hafa skolazt til, er hæstv. forsrh. svo sem ekki hvítþveginn fyrir því! Ég nefndi sem annað dæmi málshöfðunina gegn þjóðernissinnum vegna vasabókarmálsins. Það var öllum réttarfræðingum ljóst frá upphafi, að sú málshöfðun var þýðingarlaus, vegna þess að gildandi lög ná ekki yfir slíkt. Danir urðu að breyta sínum lögum til þess að þau næðu til slíkra tilfella. Auðvitað féll sýknudómur í málinu, og blöðin hafa öll talið hann lögfræðilega réttan, og nú ber hæstv. dómsmrh. sjálfur fram lög, er nái yfir slík tilfelli, eins og Danir urðu að gera. Þetta er ekkert annað en herfileg pólitísk misbeiting ákæruvaldsins. En þegar blað kommúnista birti í fyrra þýzka samninginn í óleyfi, sá hæstv. ráðh. ekki ástæðu til málshöfðunar né heldur út af hinum svívirðilegu skrifum Jónasar Jónssonar um Spánarsamninginn.

Þá talaði ég um málshöfðunina gegn Ólafi Þorvarðssyni, forstjóra sundhallarinnar. Það er gersamlega rangt hjá Nýja dagblaðinu, að ég hafi átalið það, að dómsmrh. lét höfða mál gegn þessum manni. En hitt átaldi ég harðlega, að á meðan málið stóð yfir, skyldi dómsmrh. leyfa sér að lána Nýja dagblaðinu málsskjölin til árása á hinn ákærða með allskonar rangfærslum og útúrsnúningum. Hæstv. ráðh. hefir sjálfur játað fyrir mér að hafa gert þetta. Þetta er svívirðileg misbeiting ákæruvaldsins.

Þá minntist ég einnig á það, að hæstv. ráðh. hefði stungið undir stól kæru áfengisvarnarnefndar á Guðbrand Magnússon forstjóra fyrir að selja áfengi á ólöglegum tíma, meðan bílstjóraverkfallið stóð yfir. Hæstv. ráðh. gat ekki hnekkt þessum ásökunum með einu orði. Ég endurtek því þá ásökun mína, að hann hafi oftsinnis og stórkostlega misbeitt ákæruvaldinu í ráðherratíð sinni.

Hæstv. ráðh. færði m. a. sér til málsbóta, að aldrei hefði verið ráðizt á sig á eldhúsdegi fyrir þetta. En það hefir ekki verið af neinu öðru en því, að af nógu öðru hefir verið að taka. Það gegnir líka furðu, að þessi ráðh. skuli gera kröfu til þess að vera talinn flekklaus og réttlátur, sem kveðið hefir upp dóm yfir pólitískum andstæðingi sem lögreglustjóri, sem mikill meiri hluti þjóðarinnar vissi, að var rangur.

Annars fór sem mig varði, að hæstv. forsrh. myndi grípa til sinna gömlu aðferðar, að ráðast á fyrirrennara sinn í dómsmálaráðherrasætinu, hv. 1. þm. Skagf., í stað þess að svara fyrir sig. En hv. 8. landsk. gerði þeim árásum hans svo góð skil, að ég þarf þar engu við að bæta.

Hv. þm. Ísaf. stóð hér upp með miklum þjósti út af því, að ég las hér upp 4 kærur frá fyrrv. bæjarstjóra á Ísafirði á meiri hl. bæjarstjórnar. Þetta voru alvarlegar ákærur, og mér finnst ástæðulaust af hv. þm. Ísaf. að stökkva upp á nef sér, þótt ég læsi þær upp hlutlaust. Um ákærurnar á bæjarstjórn Vestmannaeyja hefi ég engu

við það að bæta, sem hv. þm. Vestm. hefir þegar sagt.

Örlög þessa máls virðast nú ráðin hér í d. samkv. yfirlýsingu hv. 1. landsk. Þetta er því undarlegra, þar sem þetta var kosningamál beggja stjórnarflokkannna 1934. Það var á 4 ára áætlun Alþfl. og það var stefnumál Framsfl. samkv. ræðu, er hæstv. forsrh. hélt. En þegar þessir flokkar ná völdum, vilja þeir fyrir engan mun sleppa ákæruvaldinu úr höndum sér og afhenda það ópólitískum embættismanni.

Ég vil segja það að lokum, að ég held, að þessar umræður sýni betur en nokkuð annað nauðsyn þessa máls. Við höfum flutt rökstuddar ádeilur fyrir misbeitingu ákæruvaldsins á núv. og fyrrv. dómsmrh. Framsfl., án þess að þeir hafi getað hrundið þeim. Andstæðingarnir deila á fyrrv. dómsmrh. Sjálfstfl. fyrir hið sama. Þetta sannar það eitt, að eina ráðið er að draga ákæruvaldið úr höndum pólitísks ráðh. og afhenda það opinberum ákæranda.

Forseti (JörB): Það er nú búið að þreyta svo langar umræður um þetta mál, að mér finnst ástæða til að takmarka ræðutíma, þannig að hver ræðumaður hafi 5 mínútur.

***Bergur Jónsson:** Hv. 8. landsk. deildi á lögfræðinganefndina fyrir það, að hún skyldi ekki hafa lokið störfum fyrr en þetta. Honum er það vel ljóst, að aðstæður voru þannig, að það var alls ekki hægt. Hann sagði, að n. hefði ekkert gert að því að endurskoða réttarfarið; það eina sem hún hefði gert, hefði verið að líta yfir frv., og hún hefði engu breytt. Ég get nú upplýst það, að því var breytt. Það var alls ekki nein sönnun fyrir því máli, að ekki megi breyta frv., þótt greinatölum sé ekki breytt. Við afgreiðslu frv. var hverri gr. breytt að meira eða minna leyti, en allar greinatölur voru látnar óbreyttar, svo að þetta eru af hálfu þm. og lögfræðings mjög barnaleg rök, og ég veit, að þessum hv. þm. er það kunnugt, að frv. var mikið breytt, og hann hefir ekkert leyfi til að standa hér og tala um það, sem hann veit ekkert um, því að hann veit ekkert um okkar störf í n. og það er ekki heldur nein afsökun, að við höfum ekki endurskoðað frv. Hann vill halda því fram, að við hefðum átt að leggja fyrir síðasta þing frv. um opinbera réttarfarið, en eins og honum er kunnugt, var það ekki hægt vegna veikinda minna. Það er t. d., eins og hv. 1. landsk. benti á, að það þurfti að athuga ýmislegt í sambandi við þetta frv. og koma sér saman um ýmislegt viðvíkjandi því, vegna þess að aðstæður eru hér þannig, að þær fyrirmyndir, sem við fáum úr erlendum lögum, eiga ekki í öllum atriðum við hér, og það verður að breyta miklu frá þessum fyrirmyndum, sem við fáum erlendis frá. Ég veit, að ef hv. 8. landsk. leggur athugun hér á, þá skilur hann, að þetta er ekkert áhlaupaverk, sem hér er um að ræða, og það hefir nú þegar verið lögð mikil vinna í þetta, og það getur gert ósamræmi í lögin, ef farið er að gera breyt. á þeim í þingsölunum. Þessi hv. þm. þurfti heldur ekki að spyrja um opinbera réttarfarið, því að við höfum lagt afarmikla vinnu í að endurskoða það. Það mál hafa hv. 11. landsk. og hv. 8. landsk. ekkert um talað, eins og grg. frv. ber með sér. Það eina, sem þeir hafa gert, er framburður þessa illa undirbúna frv., sem hér liggur nú fyrir.

Hv. 11. landsk. heldur því fram, að ákæruvaldinu hafi verið misbeitt af framsóknarmönnum, og segir, að hv. 2. þm. Reykv. hafi tekið útdrátt úr dómabókunum og gefið upplýsingar um málið, en hv. þm. athugaði það ekki, að þetta var misbrúkun hv. 1. þm. Skagf., sem þá var ráðh., en ekki Framsfl. Þá talaði hv. þm. um, að Jónas Jónsson hefði ekki breytt rétt, þegar hann höfðaði mál gegn hv. 1. þm. Skagf., og að kommúnistar hefðu birt þýzka samninginn, og að þær upplýsingar hefðu komið úr stjórnarráðinu. Getur þessi hv þm. látið sér sæma að draga götumál inn í þingsalinn. Afstaða íhaldsins í öllum þessum málum hefir verið sú, að það vill sleppa sökudólgnum, en áfella og dæma vitnin. Loks vildi ég benda á það, að í frv. er ekkert ákvæði um það, hvað hinn opinberi ákærandi á að gera.

***Páll Þorbjörnsson:** Það er nú svo, að farið er að fyrnast yfir það, sem ástæða var til að tala um við þessar umræður, og það hefir verið fléttað inn í þessar umræður þeirri rannsókn, sem hæstv. dómsmrh. lét gera í Vestmannaeyjum. Hv. þm. Vestm. hefir belgt sig mjög mikið út af því, að þar hafi verið ráðizt á rétt Vestmannaeyja, og það hafi ekki verið maklegt, að láta þá rannsókn fara fram, sem hér er um að ræða. Meginatriði kærunnar voru þau, að það væri ekki bæjarstjórnin, sem réði og stjórnaði í Vestmannaeyjum, heldur 5 manna fulltrúaráð íhaldsins. Bæjarstjórnin héldi ekki fund nema stöku sinnum, og það liði oft 2—3 mánuðir á milli funda. Reikningar bæjarins voru ekki lagðir fyrir bæjarstjórnina, og fjárhagsáætlun var ekki tilbúin, fyrr en langt var liðið á það ár, sem hún var gefin út fyrir. Og þótt Ingólfur Jónsson hafi ekki komið auga á þessa galla, sem minni hl. bæjarstj. kærði, þá er ekki þar með sagt, að þar riki nokkur heilbrigði. Það eina, sem íhaldið og þm. Vestm. geta haft út á rannsóknina að setja, er að hún hefir ekki verið nógu mikil til að komast í botn í þessu díki; það er nú smámsaman að sýna sig, að ekki fer ástandið batnandi. „Íhaldið" hafði gert leynisamning við auðvaldsfyrirtæki bak við bæjarstj. Samningar þessir stóðu í sambandi við viðskipti bæjarstjórnar, og máiinu var hagað þannig eins og bæjarstjórnin væri ekki til. Því eru þeir kunnugastir, sem að samningunum stóðu. Þá má minna á, að það er ekki bæjarstj., sem ræður starfsmenn bæjarins, heldur er það þetta fulltrúaráð „íhaldsins". Þá bar það við fyrir skömmu síðan, að eini maðurinn, sem má telja, að hafi haft nokkurt vit við bæjarstörfin, varð að hrökklast burtu vegna hótana frá Jóh. Þ. Jósefssyni. Í fjárhagsáætlunina fyrir síðasta ár er tekin upphæð, sem nemur 10 þús. kr., sem rekstrarhalli á vissri stofnun, og margt fleira slíkt má telja. Það er sýnilegt, að eftirlitið hefir alls ekki verið nóg með þessu, það væri full ástæða til, að hið opinbera skrifaði þeim herrum aftur harðort bréf. Og ég vænti þess, þó að þessi

rannsókn hafi ekki leitt meira í ljós en raun varð á, að dómsvaldið verði vel á verði og hafi strangt eftirlit með bæjarrekstrinum eins og alstaðar annarstaðar.

*Garðar Þorsteinsson: Hv. þm. Barð. byrjaði á monti af því, að mér og 11. landsk. væri fyrirgefið vegna ungæðisskapar. Það má segja um þennan hv. þm., að daglega sjást ellimörkin á honum. Það, sem hér er um að ræða, eru einka- og opinber mál, sem voru undirbúin af Einari Arnórssyni. Og ég hygg, að vinnubrögð hv. 1. landsk. og hv. þm. Barð. hafi ekki verið önnur en þau, að lesa frv. yfir og gera á því smávægilegar orðabreyt. og það er víst, að hvað mikil vinna sem lögð er í þetta, þá verður það aldrei svo úr garði gert, að að því megi ekki finna, þar sem svo gagngerðar breyt. á að gera á réttarfarinu. Það er sama, hvað oft hv. 1. landsk. endurtekur það, að hann hafi samið frv., því að þrátt fyrir þetta sjálfshól sitt, sem er heldur væmið, en honum eiginlegt, þá á hann engan raunverulegan þátt í undirbúningi þessa máls. Það vita allir. Sú eina efnisbreyt., sem þessi hv. þm. gerði á frv. um meðferð einkamála, er í kaflanum um sjódómsmál, sem var breytt í sjódóms- og verzlunarmál. (**BJ**: Hv. þm. talar um það, sem hann veit ekkert um). Ég veit það vel. *Mér finnst það ógeðslegt sjálfshól hjá þessum manni*, þegar hann er stöðugt að endurtaka það, að frv. sé sitt mikla verk, en hefir ekki gert annað en að hirða launin fyrir sitt litla starf.

Ég veit það að vísu, að hv. 1. landsk. er það eiginlegt að hæla sér, en ég kann verr við það, að hv. þm. Barð., sem finnur nú ellimörkin færast yfir sig, eins og hann sjálfur orðaði það, sé að hæla sér yfir sínum verkum. Það sannast hér, *sem ég benti á á þinginu 1934*, að það frv. í þessum efnum, sem lengstan tíma þarf til þess að undirbúa, er hin væntanlega refsilöggjöf.

Eins og ég hefi bent á áður, þýðir ekki að vera að deila um þetta, en ég álít, að það hefði farið vel á því, að frv. um meðferð opinberra mála kæmi hér fyrir þingið, af því að það er vitanlegt, að frv. er tilbúið af hæstaréttardómaranum Einari Arnórssyni, og hvorugur þessara *manna gerir gagn* með því að lesa það yfir; þeir geta alveg eins gert það sem meðlimir allshn.

Hv. 1. landsk. sagði, að „kollumálið" væri átakanlegt dæmi um pólitískar ofsóknir. Mér er það ljóst, að þessi hv. þm. getur ekki gert sér ljóst, hvenær hann fer með rétt og hvenær hann fer með rangt mál. Honum er það meðskapað. En það, sem þessi hv. þm. verður að muna, er það, að hann má ekki blanda saman afskiptum dómarans og afskiptum ráðh. af málinu. Að því er „pólitiskar ofsóknir" snertir, þá gerði ráðh. í þessu tilfelli ekki annað en að fyrirskipa rannsókn í máli, sem kæra var komin fram í. Hv. þm. Barð. getur vitanlega ekki afsakað neitt hæstv. ráðh., sem þá var dómari í lögreglumálum hér í Reykjavík, fyrir það, að viðhafa þau orð um vitnin, að þau væru ljúgvitni, og þó að hann stæði í þeirri meiningu, að ég myndi gera það sama, ef ég væri hinn ákærði, þá leysir það hann ekki undan sökinni. Sá er munurinn, að *ég* hefi ekki starfað sem dómari, að *ég* hefi ekki farið með lögreglumál, að *ég* hefi ekki dæmt hundruð manna á vitnaframburði, en þetta gildir um hæstv. ráðh. Þegar hv. þm. Barð. er að tala um það, að hér hafi verið um rangan framburð að ræða, þá verður líka að minnast þess, að hæstiréttur hefir slegið því föstu, að þennan framburð ætti að leggja til grundvallar um það, hvort verknaðurinn hafi verið framinn eða ekki. Þetta verður hann að muna.

Að síðustu vil ég aðeins benda á það, sem hæstv. ráðh. sagði í sinni ræðu, að það lægju kvittanir í stjórnarráðinu fyrir svo og svo mörgum hundruðum króna, sem þessum vitnum hefði verið greitt. Ég hefi ekki séð þessar kvittanir, en ég veit, að þetta er að því leyti tilhæfulaust, að *hafi þessir menn fengið einhverja greiðslu*, þá hefir það vitanlega ekki verið í neinu sambandi við þetta „kollumál". Hinu má slá föstu, að ef hæstv. ráðh. getur slegið því fram úr ráðherrastóli, að þegnar hafi verið mörg hundruð króna fyrir að bera ljúgvitni fyrir rétti, þá misbeitir hann sínu ákæruvaldi a. m. k. á passívan hátt, ef hann ekki þegar fyrirskipar rannsókn út af þessu, því að ef þetta væri rétt, væri hér ekki eingöngu um afbrot vitnanna að ræða, heldur *og þeirra manna, sem greiddu þetta fé af* hendi og mér skilst, að hafi verið framsóknarráðherra. Ein sökin verður því annari verri í framkomu og ummælum hæstv. ráðh.

*Jóhann Jósefsson: Ég þarf að biðja hæstv. forseta um að gefa mér örlítið meiri tíma en 5 mínútur, þar sem ég þarf að svara tveimur ræðum, hæstv. ráðh. og hv. 3. landsk. Ég vænti þess, að hæstv. forseti sjái það, að sá tími er naumur. (**Forseti**: Reyna að draga sem mest saman).

Umboðsmaður kommúnistafylkingarinnar í Vestmannaeyjum hefir staðið hér upp til þess að vitna með hæstv. ráðh. um þessa Vestmannaeyja kæru. Það var nú satt að segja heldur veigalítið, sem hann hafði fram að færa. Hann var að tala um kæruatriðin; það hefði verið kært yfir því, að reikningar bæjarins hefðu ekki verið tilbúnir í tæka tíð, fjárhagsáætlun ekki gerð á réttum tíma, fundir bæjarstjórnar ekki haldnir eins oft og vera bæri o. s. frv. Það hefir verið minnzt á þetta áður, og ég og aðrir höfum sýnt fram á, hversu veigalítil þessi kæruatriði eru í samanburði við kæruatriði þau, sem borin hafa verið fram á stjórnendur Ísafjarðarkaupstaðar. Jafnvel þessir menn í Vestmannaeyjum dirfðust þess ekki, að bera það upp á bæjarstjórnarmeirihlutann, að hann hefði beitt atkv. sínum sér til persónulegra hagsmuna.

Ég vil rifja það upp fyrir hv. 3. landsk., hverskonar kæruatriði á hendur stjórnendum Ísafjarðarkaupstaðar það voru, sem þessi sami ráðh. tók við og settist á: *að* þeir greiddu hvað eftir annað atkv. í málum, sem snertu þeirra eigin hagsmuni, gegn hagsmunum hafnarsjóðs; *að* þeir knýðu fram með eigin atkv. lánveitingu, skuldafrest og vaxtaeftirgjafir til félags, sem þeir bæru sjálfir persónulega ábyrgð á; *að* þeir

tækju í heimildarleysi meiri veðrétt sjálfum sér til handa en þeir jafnvel með eigin atkv. hefðu knúið fram í bæjarstjórninni, o. s. frv. Hv. þm. hlýtur að sjá, að þetta eru ólíkt alvarlegri kæruatriði heldur en þessar „sakir", sem bornar voru fram aðallega á bæjargjaldkerann í Vestmannaeyjum. Hæstv. ráðh. hafði þó ekki réttlætistilfinningu til þess að láta fara fram rannsókn á báðum stöðunum, heldur settist hann á kæruna á hendur bæjarstj. Ísafjarðar, en lét fara fram rannsókn í Vestmannaeyjum fyrir minni sakir.

Ég er ekki að sakast um það, þó að hæstv. ráðh. lét fara fram rannsókn á hag Vestmannaeyjabæjar, jafnvel þó að hann léti gera það tvisvar, en ég sakast um, að það er þagað yfir því, sem skeður hjá öðrum. Ef kært væri hjá öðrum bæjarfélögum yfir drætti á því, að reikningar kæmu fram, og of fáum fundum, þá er ekki vafi á því, að það myndi koma í ljós, að það væri víðar pottur brotinn en í Vestmannaeyjum í þeim sökum.

Hv. þm. var að boða þriðju rannsóknina. Mér kæmi það ekki á óvart, þó að samfylkingin myndi hefja upp sína raust og heimta rannsókn á Vestmannaeyjakaupstað á þessu ári, og hún gæti gert það í því trausti að fá áheyrn hjá þeim manni í landsstj., sem hefir tekið að sér að reka hennar erindi.

Hv. þm. minntist á eitt atriði, sem ekki er hægt að ganga framhjá. Hann sagði, að það hefði komið fram sjóðþurrð hjá einni stofnun bæjarins og taldi það sérstakt atriði til rannsóknar.

Ég vil minna hv. 3. landsk. á og þenda hv. þdm. á það, að sá kommúnisti í endurskoðunarstöðu, sem undirskrifaði hinar svæsnu árásir á algerlega saklausan mann í sumar, og sem kæran aðallega byggist á, hafði gefið þeim manni kvittun, sem stóð fyrir þeirri stofnun sem sjóðþurrðin varð hjá. Það er því rétt, að það er sérstakt rannsóknaratriði, hvaða samband er á milli kærunnar á bæjargjaldkerann og þess, að þessi sami endurskoðandi bæjarreikninganna gaf fullkomna kvittun, en nú er fram komið, að hann hefir vitað um sjóðþurrðina hjá þessari stofnun. Ég hefi ekki dregið þetta atriði inn í umr., nema af því, að þessi hv. þm. fór að minnast á það. Það er því komið nægilega mikið fram til þess að sýna, að kæran á bæjargjaldkerann, sem hefir reynzt saklaus, hefir frá upphafi vega sinna verið tilbúin á nokkuð einkennilegan hátt.

Hv. þm. minntist á það, að Ingólfur Jónsson, sem rannsakaði hag bæjarins, hefði ekki getað mikið athugað á 2—3 dögum. Það er ekki rétt hjá honum, að Ingólfur Jónsson hafi ekki athugað þetta lengur; hann var miklu lengur í Vestmannaeyjum. Hitt er satt, að þegar Ingólfur Jónsson á öðrum degi var búinn að sjá, að ásakanirnar á hendur bæjargjaldkeranum voru rangar, vildi hann helzt hætta, en hafði ekki frið fyrir samfylkingunni; hún rak á eftir og vildi láta hann finna einhverjar fleiri „misfellur" en hún hafði jafnvel kært yfir. Það er náttúrlega hægðarleikur að telja einhver reikningsatriði bókfærsluvillur til að búa úr því „áminningarbréf" eins og það, sem hv. þm. var að tala um og við vitum, að hefir verið pantað og gert númer út af í Alþýðublaðinu. — Þetta bréf er nú heldur veigalítið. Það er svo sem ekki alvarlegt, þó að ráðh. sé að benda aðþrengdu bæjarfélagi á, að það sé lagaskylda að borga allt kaup í peningum, þegar ráðh. veit það ósköp vel, að gjalddagar útsvaranna og hin litla greiðslugeta fólksins leiðir það af sér, að bæjarfélögin eru oft í fjárþröng og geta ekki borgað allt í reiðupeningum. Ég skal vera þakklátur hæstv. ráðh., ef hann tekur að sér að lagfæra þetta, svo að bærinn geti borgað allt í reiðupeningum, sem hann á að borga í reiðufé.

Hæstv. ráðh. hafði nú það lag, þegar hann var að svara aths. minum, að færa það úr lagi, sem ég sagði, til þess að geta komið því fyrir kattarnef. Hann sagði, að ég hefði haldið því fram, að það hefði verið eitthvað hið svartasta, sem frá honum hefði komið gagnvart Vestmannaeyjum, að láta þessa rannsókn fara fram á þann hátt, sem gert var. Ég sagði, að það svartasta í rannsókninni hefði verið það, að hann hefði afgr. rannsóknarmanninn eftir pöntun kommúnista, og við það skal standa; ég hygg, að það sé einsdæmi, að það sé opinberlega sannað, að ráðh. hafi látið kæranda panta hjá sér rannsóknardómarann.

Þá sagði hæstv. ráðh., að þetta £ 5000 lán, sem þingið veitti Vestmannaeyjabæ ábyrgð á, hefði átt að fara til þess að borga lausaskuldir. Þetta er að mestu leyti rangt. Lánið var tekið til þess að snúa gömlum og dýrum lánum í önnur ódýrari lán, eða það sem kallað er converteringarlán. Það er sannað og skjalfest, að bróðir hæstv. atvmrh., sem árið áður gerði nákvæma athugun á því, hvernig þessu láni hefði verið varið, fann ekkert saknæmt hjá bæjarstjórninni í meðferð þessara peninga. Þetta er hæstv. ráðh. vel kunnugt um, og það er óskynsamlegt af honum að vera að dylgja um það, að bæjarstjórnin hafi notað þessa peninga öðruvísi en hún átti að gera, þegar hann hefir það skjalfest frá endurskoðanda ríkisins, að svo var ekki.

Ég skal svo ekki níðast meira á góðmennsku hæstv. forseta, en þegar hæstv. atvmrh. fullyrðir það, að ekkert rn. hefði getað skellt skolleyrunum við þessum kærumálum á hendur bæjarstj. á Ísafirði og Vestmannaeyjum, þá vil ég þvert á móti segja það, að ekkert rn. hér á landi hefir ennþá hagað sér eins í svipuðum málum eins og hæstv. atvmrh. hefir hagað sér gagnvart þessum tveimur kærumálum, og það er ekkert köpuryrði, þó að ég segi það um hæstv. atvmrh., að í þessu máli hafi hann komið fram sem vikapiltur kommúnista í Vestmannaeyjum. Það má náttúrlega hafa hv. 3. landsk. með, því að hann er þarna í hópi þeirra æstustu og tilheyrir þeirra flokki, og hæstv. ráðh. er að því leyti líka vikapiltur hans í þessu máli eins og kommúnista.

*__Héðinn Valdimarsson:__ Ég hlustaði því miður ekki á ræðu hv. 11. landsk., en vegna þess sem hv. þm. Barð. sagði um þau orð, sem hann hafði sagt um mig, vil ég ekki láta þeim ómótmælt. Mér skilst, að hv. 11. landsk. hafi látið í ljós, að ég hefði brugðizt þagnarskyldu í utanríkismn.

með því að skýra frá innihaldi norsku samninganna, áður en þeir hafi verið teknir fyrir á Alþ. Ég hélt, að hv. 11. landsk., sem er lögfræðingur og hefir reynt að verða kennari í lögum, ætti að vita það, að á utanríkismn. hvílir engin lagaleg þagnarskylda. Utanríkismn. er aðeins n. skv. þingsköpum, eins og aðrar n. þingsins, og þar er engin þagnarskylda frekar en að menn taka slíka skyldu á sig sjálfir. Sú einasta þagnarskylda er sú, sem kemur frá manni sjálfum; menn verða að þegja yfir því, ef þeir komast að einhverju, sem þeir álíta, að sé hættulegt fyrir sitt land, að skýrt sé frá. Að það hafi verið ástæða fyrir þáv. dómsmrh. til þess að ákæra út af þessu máli, nær ekki nokkurri átt, enda datt honum það ekki í hug, og það þó að hann væri mér mjög fjandsamlegur í skoðunum á málinu. Í öðru lagi vil ég geta þess, að einmitt þetta mál, sem um var að ræða, norsku samningarnir, átti að vera algerlega opinbert mál. Það átti að leggja sjálfa samningana fyrir þingið, svo að það var engu að leyna. Eina spurningin var, hvort þetta yrði gert litlu fyrr eða seinna.

Ég fyrir mitt leyti áleit það langt frá því að vera skyldu mína að fara eftir orðum þeirra manna, sem óskuðu eftir að leyna þessum samningum; ég áleit þvert á móti, að það væri nauðsynlegt, að þjóðin og kjósendurnir í landinu fengju tíma til þess að athuga þetta mál, áður en ákvörðun yrði um það tekin á Alþ., enda hefir það sýnt sig, að andstaðan var miklu meiri á meðal þjóðarinnar en þeir, sem fylgdu þessum samningum, gerðu ráð fyrir.

Í þriðja lagi hefir ekki verið hægt að benda á það, að landið eða þjóðin hafi haft neinn skaða af þessum upplýsingum, svo að þetta er allt saman rakalaus vitleysa, sem hv. 11. landsk. hefir sagt um þetta mál.

*Páll Þorbjörnsson: Það er nú lítið, sem ég þarf að taka fram út af því, sem hv. þm. Vestm. sagði. Hann var aðallega að tala um það, að kæruatriðin á hendur bæjarstjórnarmeirihlutanum á Ísafirði hefðu verið miklu veigameiri en kæruatriðin þarna í Vestmannaeyjum. — Ég skal algerlega leiða minn hest hjá því, að dæma nokkurn hlut um það, hversu veigamikil þau kæruatriði hafi verið, það hefir verið farið allrækilega inn á það mál af hv. þm. Ísaf. og hæstv. atvmrh., og ég hygg, að hv. þm. muni lítið geta um það mál sagt, nema þá eitthvað, sem í þá hefir verið tuggið af öðrum.

Hv. þm. var hér að vanda að rifja það upp, sem hann er búinn að endurtaka í 2—3 ræðum, að hæstv. atvmrh. og að sjálfsögðu ég líka værum bara vikapiltar kommúnista í þessu árásarmáli, sem hann kallar. Það kemur nú úr hörðustu átt, þegar þessi maður er að tala um það, að menn séu vikapiltar fyrir einhverjar pólitískar trúboðsstefnur, þegar það er vitað, að ef að það er nokkur maður hér á þessu landi, sem er viðurkenndur og launaður vikapiltur fyrir erlenda trúboðsstefnu, þá er það þessi maður. Það er vitanlegt, að hann er fulltrúi einhverrar mestu blóðhefndarstefnu, sem kunnugt er um, nazistastefnunnar í Þýzkalandi (Forseti hringir) Hv. þm. hélt því fram, að það væri ekki rétt hjá mér, að Ingólfur Jónsson hefði ekki eytt nema nokkrum dögum í þessa athugun á málum Vestmannaeyjabæjar. Ég hefi tekið það fram áður, að það einasta óheppilega, sem ég tel, að hafi verið við það, að Ingólfur Jónssyni var falin þessi rannsókn, var það, að það var verið að horfa í kostnaðinn. Hann var að fara hvort eð var til Vestmannaeyja til þess að athuga einhver brennivínsmál í sambandi við apótekin þar, og var falið að gera þessa athugun á Vestmannaeyjakaupstað um leið, og það er vitað, að Ingólfur Jónsson eyddi ekki nema kannske 2—3 dögum í þessa athugun á bæjarfélaginu. Það er líka vitað, að það fór margt fram hjá honum við þessa athugun. Hins er ekki að vænta, að maður, sem ekki á lengur heima í Vestmannaeyjum, þó að hann sé bæjarfulltrúi kaupstaðarins, viti um það, hvað þar er að gerast á hverjum tíma.

Þá var hv. þm. að tala um það, að bæjarstjórnarmeirihlutinn á Ísafirði hefði gert ákvarðanir í bæjarstj. sér til fjárhagslegs framdráttar og því um líkt. Það er rétt, að í kæru minnihlutans í Vestmannaeyjum, mun ekki hafa verið farið sérstaklega inn á það mál, og einstökum bæjarfulltrúum íhaldsmeirihlutans því ekki borið á brýn, að þeir hafi haft slíkt um hönd, en fyrr og síðar er kunnugt um það, að gerðar hafa verið ýmsar einkennilegar ákvarðanir í bæjarstj. í sambandi við eignir vissra manna í bæjarfélaginu, og er óþarfi að vera að rifja það upp hér, að það hafa verið skrifaðar heilar bækur og gefin út sérstök vikublöð, meira að segja íhaldsvikublöð, til þess að ræða þessi fjármálahneyksli.

Þá var hv. þm. að tala um bæjargjaldkerann í Vestmannaeyjum. Ég skal játa það hér, að ég býst við því, að þessi bæjargjaldkeri sé mörgum fremri sem starfsmaður. Hann er viðurkenndur fyrir að vera duglegur skrifstofumaður og flinkur maður, en það, sem kært var yfir, var það, að þessi maður gekk þarna erinda íhaldsmeirihlutans. Það var ekki kært yfir því, að hann væri ekki fær um að inna starfið af hendi, heldur yfir því, að hann væri of trúr þjónn íhaldsmeirihlutans, og maðurinn er nú farinn úr starfinu, af því að hann treysti sér ekki til að þjóna íhaldsmeirihlutanum lengur.

ATKVGR.

Frv. felld frá 2. umr. með 13:11 atkv.

3. Skemmtanaskattur til sveitarsjóða.

Á 12. fundi í Nd., 2. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 30 19. júní 1922 [Skemmtanaskattur] (þmfrv., A. 53).

Á 14. fundi í Nd., 4. marz, var frv. tekið til 1. umr.

*Flm. (Bjarni Ásgeirsson): Ég býst ekki við, að ég þurfi að halda langa ræðu um þetta mál, meðfram vegna þess, að grg. skýrir svo nákvæmlega frá ástæðunni fyrir þessu frv. sem kostur

er á. Það sem farið er fram á í frv. er, að héraðsmót ungmennafélaganna í landinu séu undanskilin skemmtanaskatti samkv. þeim l., sem um hann fjalla. Ástæðan fyrir því, að þetta frv. er flutt af mér og hv. þm. Borgf., er sú, að fengin er reynsla fyrir því, að hreppur sá í Mýrasýslu, þar sem hið árlega mót Ungmennasambands Borgarfjarðar er haldið, hefir skyldað sambandið til að greiða 20% af tekjum mótsins í skemmtanaskatt. Það er vitanlegt, að þessi stóri skattur myndi verða til þess að lama stórlega og draga úr þeirri starfsemi, sem Ungmennasambandið hefir haldið uppi um áratugi í héraðinu, sem m. a. hefir komið fram í árlegum héraðsmótum. Þessi mót voru fyrstu árin haldin á ýmsum stöðum á víð og dreif, en á síðari árum hefir það verið haldið á sama staðnum, og þar hefir verið lagt í þó nokkurn kostnað.

Nú er öllum hv. þm. kunnugt, hvernig starfsemi ungmennafélaganna í landinu er háttað. Það er menningarstarfsemi, sem er mjög óeigingjörn. Hún er rekin af ungum mönnum í héruðunum, sem beita sér fyrir auknum íþróttum og auknu félagslífi. Á síðari árum hafa félögin beitt sér myndarlega fyrir stofnun ýmsra héraðsskóla, sem reistir hafa verið innan héraðanna. Þetta ungmennasamband, sem hér um ræðir, hefir í sínu héraði tekið mikinn þátt í ýmiskonar viðreisnarstarfsemi og menningarstarfsemi. Það getur tæplega hafa verið tilgangurinn með skemmtanaskattinum, að hann væri notaður til þess að skattleggja slíka starfsemi.

Þetta er annars sú almenna hlið málsins. En auk þess má geta þess, að þó að félagið hafi valið sér ákveðinn stað innan ákveðins hrepps til þess að halda mótin á, þá er ekki sanngjarnt, að starfsemi, sem nær yfir alla sýsluna, þó hún haldi sín árlegu mót í einum hreppi, sé skattlögð sérstaklega af þessum eina hreppi. Þetta gæti vitanlega orðið til þess, að ungmennasambandið neyddist til þess að flytja sína starfsemi af þeim stað, sem hún er nú á, til þess að reyna að komast undan þessum álögum, en það veldur vitanlega mikilli fyrirhöfn og miklum fjárútlátum fyrir ungmennasambandið.

Mér finnst, að þetta mál liggi svo ljóst fyrir, að ég geri ráð fyrir, að hv. þm. taki það að sér og greiði göngu þess gegnum Alþ.

Þó að þetta sérstaka tilefni hafi gefizt vegna Ungmennasambands Borgarfjarðar, þá þótti okkur flm. frv. rétt að hafa þessa lagabreyt. almenna, svo að hún næði til allra ungmennasambanda í landinu, því vitanlega eru ástæður þær sömu hjá þeim.

Ég vil svo mælast til, að þessu frv. verði vísað til menntmn., og ég vænti, að n. afgreiði málið fljótt og vel.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til menntmn. með 17 shlj. atkv.

Á 27. fundi í Nd., 30. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 53, n. 130).

*Frsm. (Sigurður Einarsson): Það þarf ekki langa framsögu fyrir nál. okkar, því að það var samkomulag í n. milli þeirra nm., sem voru á fundi, en einn nm. gat ekki mætt, um að mæla með því, að þetta frv. yrði látið ná fram að ganga, og lágu til þess þær orsakir, að n. sá sér ekki annað fært en að mæla með málinu eins og sakir standa.

Það var enginn ágreiningur milli þeirra 4 manna, sem fundinn sátu, um að mæla eindregið með frv.

*Pétur Ottesen: Ég vil aðeins þakka hv. menntamn. fyrir undirtektir hennar í þessu máli og þann skilning, sem hún hefir sýnt á þeirri ósk, sem fram hefir komið frá Ungmennasambandi Borgarfjarðar, og ég veit að þetta er sameiginleg ósk allra ungmennasambanda landsins, svo framarlega sem að þeim er búið á svipaðan hátt eins og komið hefir á daginn í Mýrasýslu, þar sem Ungmennasamband Borgarfjarðar hefir árleg mót. Það gæti vitanlega orðið til mikils hnekkis fyrir hina mikilverðu og merkilegu starfsemi ungmennafélaganna, ef fara ætti að skattleggja þau svo grimmilega sem lög heimila nú, en það var áreiðanlega ekki tilgangurinn, eins og hv. frsm. menntmn. hefur lýst.

Ég vænti því, að þessu frv. verði veittur greiður gangur gegnum þingið.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 29. fundi í Nd., 2. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 30. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 32. fundi í Ed., 5. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til menntmn. með 9 shlj. atkv.

Á 40. fundi í Ed., 14. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 53, n. 286).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Frsm. (Guðrún Lárusdóttir): Herra forseti! Það virðist ekki þurfa að orðlengja um þetta mál, því frv. fylgir ýtarleg grg. frá formanni Ungmennasambands Borgarfjarðar, og skilgreinir hann þar vel, hvaða starf þetta samband hefir með höndum. Má t. d. benda á, að þegar héraðsskólinn í Reykholti var byggður, tók það að sér 20 þús. kr. af byggingarkostnaðinum. Sambandið hefir einnig með höndum ýmiskonar starfsemi, sem miðar að þrifum þjóðfélagsins og menningu. Ég álít því, að það sé sanngjarnt

að verða við tilmælum félagsins og að það sé losað undan þeim skatti, sem viðkomandi hreppsnefnd er leyfilegt að leggja á skemmtanir þess. Á ég þar fyrst og fremst við héraðsmótið, því upp úr því mun hafa verið mest að hafa.

Ég hygg, að menntmn. sé öll sammála um að leggja til, að þetta frv. verði samþ. óbreytt. Sé ég svo ekki ástæðu til að fara um þetta fleiri orðum.

*Jón Baldvinsson: Fyrst farið er að hrófla við l. um skemmtanaskatt og undanþiggja frekar en gert er í l. frá 1918 og 1922, þá finnst mér, að fleira geti komið til greina en þessi eina undanþága með héraðsmót ungmennasambandanna. Mér finnst þau ekki eiga að vera neitt rétthærri en ýms annar félagsskapur, sem líkt stendur á fyrir, og hefir mér dottið í hug að bera fram brtt. við þetta frv. og gera samkomur verkalýðsfélaganna jafnréttháar. Það er kunnugt, að þau halda einstöku sinnum skemmtanir fyrir meðlimi sína, og þær verða vitanlega að vera ódýrar, því menn hafa ekki ráð á að borga háan inngangseyri.

Mér finnst, að ef á að fara að ívilna sumum félögum frekar en gert er í l. frá 1922, þá eigi verkalýðsfélögin einnig að koma þar til greina. Ég vil því leyfa mér að leggja fram skrifl. brtt. í þessa átt, þannig, að aftan við 1. gr. bætist: „eða samkomur verklýðsfélaga".

Ég vil svo leyfa mér að leggja þessa brtt. fyrir hæstv. forseta, en hún er svo einföld, að ekki þarf um hana langa umr.

Forseti (EÁrna): Mér hefir borizt skrifl. brtt. við frv., sem er flutt af hv. 4. landsk., að aftan við gr. bætist: „eða samkomur verklýðsfélaga".

Til þess, að þessi brtt. geti komið til umræðu og úrslita, þarf tvennskonar afbrigði, bæði af því, að brtt. er skrifleg og borin fram á þessum fundi.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 310) leyfð og samþ. með 11. shlj. atkv.

Frsm. (Guðrún Lárusdóttir): Út af brtt. hv. 4. landsk. vil ég taka það fram, að ég teldi æskilegt, að hún yrði tekin til meðferðar í menntmn., áður en fram fer um hana atkvgr. Það geta komið svo mörg félög önnur til greina en þessi. Það má taka öll félög á landinu, því það munu vera fá af þeim, sem ekki halda starfsemi sinni að meira eða minna leyti uppi á skemmtunum.

Mér finnst þetta dálítið annars eðlis, þar sem um ungmennafélögin er að ræða. Allir vita, að þau hafa tekizt á hendur allmikið starf í þágu menningarmálanna. Þau eru ekki eingöngu skemmtifélög.

Mér er ekki persónulega kunnugt þetta Ungmennasamband Borgarfjarðar, en ég sé í grg., að það hefir innt mikið og þarft starf að hendi.

Ég ætla ekki að rýra eða lasta verkalýðsfélögin á neinn hátt. Ég álít, að þau hafi fyllsta rétt til fríðinda á við hvern annan. En ég get þó ekki borið þetta saman. Ég veit ekki til, að verkalýðsfélögin hér í Reykjavík hafi gengizt fyrir samskonar eða neitt svipaðri starfsemi og ungmennafélögin. Þau hafa barizt fyrir bindindisstarfsemi, fyrir skógrækt og yfirleitt fyrir menningu og menntun yngstu kynslóðarinnar. Og mér finnst því, að þetta Ungmennasamband Borgarfjarðar, sem fer fram á þessa tilslökun á skemmtanaskattinum, eigi fullkomlega skilið, að fá þessu framgengt.

Ég vil svo mælast til þess við hæstv. forseta, að till. 4. landsk. verði vísað til menntmn. áður en greidd verða um hana atkv. hér.

*Jón Baldvinsson: Tók ég rétt eftir því hjá hv. 5. landsk., að þm. væri ekki kunnugt um, að verkalýðsfélögin hefðu haft neina menningarstarfsemi með höndum? Ég er hræddur um, að þm. hafi sagt þetta af misgáningi. (GL: Ég veit ekki til þess). Það kann að vera, að ókunnugleiki geti afsakað slík ummæli.

Ég hygg, að verkalýðsfél. hafi lagt riflegan skerf til menningarstarfseminnar. Ég skal aðeins benda hv. þm. á eitt mál, sem ég veit, að hann skilur. Eftir að verkalýðsfélög voru stofnuð hér, var miklu minna um drykkjuskap meðal verkamanna en áður, vegna þess að félögin höfðu og hafa það markmið að láta menn líta stærra á sig og gera þá sjálfstæðari í hugsun. Og einnig í þessum efnum hafa þau þroskað menn, og það segja allir, sem til þekkja, að eftir að þau fóru að starfa, hafi miklu meiri bindindisstarfsemi verið innan stéttarinnar en áður. M. a. hafa verkalýðsfélögin átt sinn þátt í því, að koma í veg fyrir, að verkamenn „héngju við diskinn," eins og það var kallað og algengt var hér áður fyrr. Þau hafa alið menn upp til þroska og sjálfstæðis og líka til þess að standast þá freistingu að drekka áfengi.

Ég hygg, að með allri virðingu fyrir bindindisfélögunum, þá hafi þau tæplega gert meira en verkalýðsfélögin í þessum efnum, þó að þau hafi ekki beinlínis haft þetta mál á stefnuskrá sinni. Þetta hefir alltaf verið þeirra mál og hlýtur alltaf að vera það. — Ég get ekki afsakað það með öðru en ókunnugleika hv. þm., að hann skyldi láta sér þau orð um munn fara, að sér væri ekki kunnugt um, að verkalýðsfélögin hefðu unnið neitt menningarstarf.

Þá er mikill munur á því, hvað verkamennirnir eru nú miklu sjálfstæðari gagnvart atvinnurekendunum en áður. Þeir þurfa nú ekki að skríða flatir fyrir hverjum dólgnum, sem hefir vinnu upp á að bjóða. Og þeir hafa verið losaðir úr þeirri klípu, að þurfa að koma fram fyrir atvinnurekandann hver og einn. Þetta er mikill munur út af fyrir sig. Og ég veit, að ef hv. þm. kynnir sér starfsemi verkalýðsfélaganna, ekki einungis hér á landi, heldur líka annarsstaðar, þá mun hann komast að raun um, að þau eiga ekki hvað minnstan þátt í menningarstarfseminni.

Hvað snertir þessa brtt., þá get ég vel tekið hana aftur til 3. umr., eða þá að málið verði tekið út af dagskrá, ef hæstv. forseti vill það.

Frsm. (Guðrún Lárusdóttir): Ég vona, að hv. 4. landsk. hafi ekki skilið orð mín svo, að ég væri að ráðast á verkalýðsfélögin, enda þótt ég

ekki í fljótu bragði sæi, að þessi félagsskapur hefði haft menningarstarfsemi með höndum. En hv. þm. hefir nú leitt rök að því, að þessi félagsskapur hafi orðið til menningar í hópi verkamanna, og ég hefi ekki gert tilraun til að rýra það.

En hitt segi ég og því held ég fast fram, að ungmennafélagsskapurinn hefir haft með höndum mjög merkilega starfsemi, og það, sem fyrir mér vakir, er að verja þann rétt, sem þeir, er að þessum félagsskap standa, ætla að nota honum til eflingar.

En viðvíkjandi brtt. hv. 4. landsk. vil ég benda á það, að hér gætu mörg félög komið til greina. Þegar opnaðar eru dyrnar, þá vilja margir fara inn. Það mætti benda á mörg félög með sama rétti og hv. þm. bendir á verkalýðsfélögin.

***Sigurjón Á. Ólafsson:** Út af þeim umr., sem hér hafa fallið, vildi ég segja örfá orð.

Það var hv. 5. landsk. sem — sennilega af ókunnugleika — taldi, að verklýðsfélögin hefðu ekki neina sérstaka menningarstarfsemi með höndum. En ég vil benda þessum hv. þm. á þann þáttinn í menningarstarfsemi verklýðsfélaganna, sem ég veit, að hann kann vel að meta, og það er barátta þeirra gegn vinnautn í landinu. Innan verklýðsfélaganna hafa verið sterkar hreyfingar í þá átt að draga verkalýðinn frá nautn áfengra drykkja. Ég skal játa, að þetta hefir ekki borið þann árangur, sem æskilegt hefði verið, en þetta er þó einn þáttur í menningarstarfsemi.

Þá vildi ég einnig drepa á það, að eitt af fyrstu verkum verklýðsfélaganna var að stofna allskonar sjóði, styrktarsjóði og sjúkrasjóði, og almennasta tekjuöflun þeirra var það, að halda skemmtanir. Mér er vel kunnugt um það, að bæði hér í Reykjavík og annarsstaðar úti um land hefir sá litli styrkur, sem þessir veikbyggðu sjóðir hafa getað látið af hendi, komið í góðar þarfir, og ég hygg, að hv. þm. neiti því ekki, að þetta er einn þáttur í menningarstarfseminni.

Þá vildi ég benda á eitt, sem er það, að mörg verklýðsfélög, sérstaklega úti um land, hafa komið upp hjá sér vísi til bókasafna, til þess að auka lestrarfýsn meðlima sinna, og hefir vitanlega orðið að afla fjármagnsins í því skyni með skemmtunum. Ég veit, að hv. 5. landsk. telur þetta líka menningarstarfsemi.

Enn er það eitt, sem verklýðsfélögin hafa mjög beitt sér fyrir, sérstaklega úti um landið, sem sé að koma upp góðum samkomuhúsum. Jafnvel í stærri kaupstöðum hér á landi hefir það verið húsnæðisleysið, sem háð hefir fjörugu og góðu félagslífi. Góðtemplarar ruddu að vísu brautina hér áður fyrr, en það er nú orðið svo langt síðan, að þau hús eru ekki lengur nothæf. Og nú reyna verklýðsfélögin að koma upp nýtízku samkomuhúsum, sem hægt er að notast við undir ýmsum kringumstæðum. Þetta tel ég líka vera einn þátt í menningarstarfsemi.

Ég vildi láta þetta koma fram, þegar þeim orðum er kastað, að verklýðsfélögin hafi ekki með höndum neina menningarstarfsemi í landinu. Gæti ég að vísu talið upp margt fleira, sem ég ekki vil fara að leiða umr. út í. Það er því ekki að ófyrirsynju, að fram er komin sú brtt. — úr því farið er að hrófla við skemmtanaskattinum á annað borð —, að verklýðshreyfingin geti verið undanþegin skemmtanaskattinum.

Ég skal taka það fram, að ég ber hlýjan og góðan hug til ungmennafélaganna, en ég get ekki séð, að þau eigi að njóta neinna forréttinda fram yfir aðrir menningarhreyfingar hér á landi.

***Magnús Jónsson:** Þessar umr. hafa enn betur sannfært mig um þá skoðun, sem ég hafði á þessu frv., að hér sé verið að fara inn á braut, sem í raun og veru sé alveg ófær. —

Í l. um skemmtanaskatt eru veittar undanþágur frá slíkum skatti, en þær eru allar bundnar við skemmtanir í ákveðnu skyni, en ekki við skemmtanir ákveðinna aðilja. Undanþágurnar eru sem sé allar bundnar við skemmtanir, sem haldnar eru í góðgerðaskyni eða til ágóða fyrir fræðslu og listir. Og svo er síðan með l., sem hér er farið fram á að bæta við, veittar undanþágur fyrir kappleiki og íþróttasýningar, sem áhugamenn einir taka þátt í, en þær eru ekki bundnar við nein sérstök félög. — Hér er því farið inn á alveg nýja braut, þar sem undanþágan er ekki miðuð við eðli skemmtananna eða gagn, heldur við það, hvað félagið er gott, sem skemmtanirnar heldur.

Þessar umr. hafa því leitt í ljós, að ef á að fara inn á þessa braut, þá mun hver einasti þm. geta komið með eitthvert félag, sem hann ber fyrir brjósti, og sýnt fram á, að það vinni að menningarstarfsemi.

Það er ákaflega broslegt, þegar verið er að karpa um það, hvort svo geysilega víðtæk hreyfing sem verkalýðshreyfingin starfi að menningu eða ekki. Það væru skárri ósköpin, ef hægt væri að halda slíkum félagsskap fyrir utan öll menningaráhrif. Þarf ekki um það að deila, að verklýðshreyfingin starfar að margvíslegum menningarmálum, enda þótt það sé ekki hennar aðaltilgangur.

Það eru svo mörg félög, sem starfa að þörfum hlutum, að halda verður sér við það að miða við eðli skemmtananna, en ekki gagnsemi félaganna, sem þær halda. Ég mun því ekki geta fylgt frv., eins og ég hugsaði mér frá upphafi, og því síður mun ég geta það, eftir þær umr., sem nú hafa farið fram.

Forseti (EÁrna): Hv. flm. þessarar brtt. hefir lýst því yfir, að hann muni geta fallizt á, að hún bíði til 3. umr., og gæti þá n. fengið tækifæri til þess að athuga hana nánar á þeim tíma, sem milli umr. er.

ATKVGR.

1. gr. frv. felld með 6:6 atkv. að viðhöfðu *nafnakalli, og sögðu*

já: MG, PHerm, PM, GL, HG, EÁrna.

nei: JAJ, JBald, MJ, SÁÓ, BSt, IngP.

HermJ greiddi ekki atkv.

3 þm. (JJ, ÞBr, ÞÞ) fjarstaddir.

Frv. þar með fallið.

Lagafrumvarp afgreitt með rökstuddri dagskrá.

Skiptameðferð á búi h/f Kveldúlfs.

Á 20. fundi í Nd., 17. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um skiptameðferð á búi h/f Kveldúlfs í Reykjavík (þmfrv., A. 97).

Á 23. fundi í Nd., 20. marz, utan dagskrár mælti

forseti (JörB): Það hafa borizt óskir af hálfu Alþfl. um að viðhafa útvarpsumræður á mánudag um frv. til l. um skiptameðferð á búi hlutafélagsins Kveldúlfs í Reykjavík, en þar sem tilmælin um útvarpsumræður hafa ekki komið fram fyrr en það seint, að ekki hefir verið hægt að leita samþykkis hinna þingflokkanna nógu snemma, þá geri ég ekki ráð fyrir, að hægt verði að hafa þessar útvarpsumræður fyrr en á þriðjudaginn, en samt sem áður vil ég ekki fullyrða neitt um þetta.

Á 24. fundi í Nd., 22. marz, utan dagskrár. mælti

***Héðinn Valdimarsson**: Ég vil leyfa mér að spyrjast fyrir um það hjá hæstv. forseta, hvort frv. til laga um skiptameðferð Kveldúlfs verður tekið til umr. á morgun, eins og hann hefir áður lofað mér. Hann hefir skýrt mér frá, að útvarpsumr. yrðu um málið, þar sem Alþfl. hefir óskað þess og hinir flokkarnir ekkert haft við það að athuga.

***Forseti (JörB)**: Ég hefi lofað hv. 2. þm. Reykv. að taka þetta mál til umr. eins fljótt og ég get í samráði við hina flokkana, sem fallizt hafa á, að útvarpsumr. yrðu um það. Hinsvegar hefi ég ekki lofað hv. þm. að taka málið fyrir á ákveðnum degi eða ákveðinni stundu; um það verður nokkuð að fara eftir því, hvernig stendur á með tíma og undirbúning útvarpsumræðnanna. Ég get sagt hv. þm., að hæstv. fjmrh. hefir óskað, að málið yrði ekki tekið fyrir á morgun, og þar sem þetta málefni vafalaust snertir hans starf að meira eða minna leyti, mun ég verða við þeim tilmælum, en mun hinsvegar taka málið fyrir eins fljótt og ég frekast sé mér fært.

***Héðinn Valdimarsson**: Hæstv. forseti hafði fyrst lofað mér að taka þetta mál fyrir í dag, en svo sagðist hann mundu fresta því til morguns. Nú heyri ég, að hann hefir enn frestað málinu um óákveðinn tíma. Það er nú liðin vika síðan málið kom fram, og ætti því að vera kominn tími til að taka það til 1. umr. Veit ég ekki, hvaða ástæðu hæstv. fjmrh. hefir til að draga það á langinn. Ég vil spyrja hæstv. forseta, hvort hann getur ekki gefið ákveðið loforð um, hvenær hann tekur málið á dagskrá. Við kunnum ekki við það, Alþýðuflokksmenn, ef það á að halda niðri málum okkar af hálfu hæstv. forseta.

***Forseti (JörB)**: Hv. 2. þm. Reykv. leggur mér nú í munn meira heldur en ég hefi sagt, er hann heldur fram, að ég hafi lofað sér að taka frv. til l. um skiptameðferð Kveldúlfs fyrir tiltekinn dag. Hinsvegar vil ég standa við það að taka málið fyrir eins fljótt og ég frekast get. Vil ég í þessu sem öðru taka tillit til óska manna eins og hægt er. Í fyrstu ætlaði ég að taka þetta mál fyrir eins fljótt og frekast var hægt, en þá hafði ekki verið óskað eftir útvarpsumræðum. Ætlaði ég að taka frv. á dagskrá á föstudaginn, en þá bað hv. 2. þm. Reykv. um að láta það bíða þar til upp úr helginni, og gerði ég það að sjálfsögðu fyrir hann. Nú kom ósk frá hæstv. fjmrh. um að fresta málinu lengur. Býst ég við, að hann hafi gildar ástæður fyrir þeirri ósk, og vil ég því gjarnan verða við tilmælum hans, en það er á engan hátt ætlun mín að tefja málið úr hófi fram eða beita hv. flm. neinum órétti. Eins og hv. flm. veit, eru hér mörg önnur mál, sem bíða afgreiðslu.

***Héðinn Valdimarsson**: Ég fæ ekki neitt ákveðið loforð frá hæstv. forseta um það, hvenær hann tekur þetta mál á dagskrá.

Nú líður að páskum, og býst ég við, að margir hv. þm. vilji, að umr. fari fram áður en páskahelgin byrjar, en það er hæpið, að svo geti orðið, eftir því sem hæstv. forseti segir um þetta efni. Það er bezt, að við höldum okkur að þingsköpunum, og vil ég því leyfa mér að lesa upp eftirfarandi:

Samkv. 43. gr. þingskapanna óskast tekið á dagskrá á morgun, þriðjudaginn 23. marz, frv. til l. um skiptameðferð á búi h/f Kveldúlfs, sem útvarpsumræður eiga að fara fram um samkv. kröfu Alþýðuflokksins.

Alþingi, 22. marz 1937.

Héðinn Valdimarsson, Jónas Guðmundsson,
Stefán Jóh. Stefánsson, Sigurður Einarsson,
Emil Jónsson, Páll Þorbjörnsson,
Finnur Jónsson.

Forseti (JörB): Ég mun að sjálfsögðu láta þessa áskorun sæta þeirri meðferð, sem þingsköp áskilja, og verður gengið til atkvæða um hana í byrjun fundar á morgun.

Á 25. fundi í Nd., 23. marz, áður en gengið væri til dagskrár, mælti

forseti (JörB): Samkvæmt áskorun, sem kom fram á fundi í d. í gær, um að taka á dagskrá í dag til umr. frv. til laga um skiptameðferð á búi h/f Kveldúlfs, verður gengið til atkv. um þessa áskorun. Hún er svo hljóðandi: [Sjá að ofan].

Annars hafði ég áformað að taka þetta mál á dagskrá á morgun.

Flm. (Héðinn Valdimarsson): Ég vil aðeins benda á, að það mun heppilegast að byrja í kvöld á umr. um þetta mál. Ef aftur á móti á að draga það til kl. 4 á morgun, þá er það bæði óheppilegur tími og ekki víst, að hann nægi.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Ég vil benda á það, að ef samþykkja á að varpa út umr. um þetta mál í dag, þá er fresturinn of stuttur fyrir fólk út um land, til þess að það geti safnazt saman til að hlusta. Verði umr. hinsvegar á morgun kl. 4, þá er hægt að tilkynna þær í útvarpinu í dag.

Forseti (JörB): Ég vil benda á það, að samkv. þingsköpum eiga ekki að fara fram umr. um þetta.

Flm. (Héðinn Valdimarsson): Ég vil geta þess, að það kom í útvarpinu í gærkvöldi, að til stæði að umr. færu fram um þetta mál í dag, og nú er hádegisútvarpinu einmitt haldið opnu, til þess að hægt sé að tilkynna nánar um þetta.

Ólafur Thors: Við sjálfstæðismenn teljum engu máli skipta, hvenær þessar útvarpsumr. fara fram, fyrst það á að skemmta mönnum með þeim á annað borð. En ef það á að hafa svo mikið við frv. að varpa út umr. um það, finnst mér eðlilegast, að við gefum öllum landsmönnum kost á að heyra þær, og þær því tilkynntar með nokkrum fyrirvara.

Hv. 2. þm. Reykv. sagði það í gær, að marga þm. mundi langa til þess að ljúka þessu verki fyrir helgina. Hann virðist kvíðinn fyrir því, sem framundan er, og finna sig berskjaldaðan. En hann getur verið óhræddur.

ATKVGR.

Fellt með 18:8 atkv. að verða við kröfunni um að taka málið á dagskrá.

Á 26. fundi í Nd., 24. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 19 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Forseti (JörB): Það hefir orðið að samkomulagi milli flokkanna að óska þess, að afbrigði verði veitt um lengd ræðutíma í væntanlegum útvarpsumr. um þetta mál, þannig að ræðutími hvers flokks verði tvöfaldur frá því, sem venjulegt er. Vil ég því bera þetta undir hv. deild.

ATKVGR.

Afbrigðin leyfð og samþ. með 23 shlj. atkv.

Umr. frestað um stund, en var fram haldið síðar á fundinum.

Flm. (Héðinn Valdimarsson): Frv. það til l. um skiptameðferð á búi h/f Kveldúlfs, sem liggur hér fyrir til 1. umr., er borið fram fyrir hönd Alþfl. af öllum þm. flokksins í neðri deild.

Frv. ætlast til, að tafarlaust skuli valin 3 manna n. til að framkvæma skyndimat á öllum eignum h/f Kveldúlfs, samkv. öllum gögnum, sem fyrir liggja, og skuli matsverð miðað við verðlag á eignum félagsins í frjálsri sölu. Skuli þetta gert vegna þess, að fyrir liggi, að félagið skuldi Landsbankanum og Útvegsbankanum um 5 millj. kr., auk skulda til annara, að vanskil hafi orðið um langan tíma á afborgunum skuldanna og hafi þær aftur á móti vaxið ár frá ári, að vextir hafi jafnvel ekki fengizt greiddir af skuldum félagsins undanfarandi ár, að það hafi stórtapað mörg undanfarandi ár og með öllu ólíklegt sé, að það eigi fyrir skuldum, enda sé vitað, að formaður bankaráðs Landsbankans hafi látið í ljós í skýrslu um síðustu áramót, að félagið vanti aldrei minna en ¾ millj. kr., til að eignir jafnist á við skuldir, og hlutafé sé því fyrir löngu allt tapað. Landsbankanefndin, sem er æðsta yfirstjórn Landsbankans, velji einn matsmanninn, fulltrúaráð Útvegsbankans annan, en hæstiréttur þriðja. Leiði matið það í ljós, sem gera má ráð fyrir, að félagið eigi ekki fyrir skuldum, skal taka bú Kveldúlfs til skiptameðferðar sem þrotabú, og skal það sæta skiptameðferð samkv. frv. Skiptin framkvæmi 5 manna skilanefnd, og kjósi landsbankanefndin tvo þeirra með hlutfallskosningu, Útvegsbankinn einn, Deaconsbanki í Englandi, sem er þriðji stærsti skuldheimtumaður, einn, en atvmrh. skipi formanninn. Um skiptin skal fara sem önnur gjaldþrotaskipti, þar á meðal skal fara fram á venjulegan hátt lögregluransókn í sambandi við greiðsluþrotin. — Skilanefnd er ekki skyld að ljúka skiptunum eins og venjulega á 18 mánuðum, heldur er ekki sett tímatakmark, en lagt á herðar, að sem allra minnst truflun verði á rekstri atvinnutækja félagsins, og er heimilt að taka lán til að standast nauðsynlegan rekstrarkostnað, unz skiptum lýkur á venjulegan hátt.

Kveldúlfur er stærsta og langskuldugasta útgerðarfyrirtæki í landinu, hlutafélag og því með takmarkaðri ábyrgð; hlutafjárumráðin hafa verið hjá aðeins einni fjölskyldu eða 5 manns. Rekstur þess hefir verið með öðrum hætti en annara útgerðarfyrirtækja og öll afstaða félagsins einstök í sinni röð.

Félagið var stofnað 1912 af Thor Jensen og fjölskyldu hans. Nánara frá uppruna og fyrstu auðsöfnun úr 90 þús. kr. hlutafé og sögu þessa

félags hefir oft verið sagt, og læt ég mér nægja að benda á, að þegar árið 1921 er það orðið stærsta útgerðarfyrirtæki landsins með 2 millj. kr. hlutafé, og mun þá hlutaféð hafa verið sem næst óskert fyrir hendi. Árið eftir, 1922, ræðst Thor Jensen í að leggja stórkostlegt fjármagn í Korpúlfsstaði og fleiri jarðir í nágrenninu, jarðakaup, ræktun, búrekstur og húsabyggingar. Munu fáir vita, hve miklu þetta fé hefir numið, en víst er, að allt hefir það runnið úr Kveldúlfi, nema um 350 þús. kr. lán, er hann fékk síðar. *Telja kunnugir menn, að í þetta muni hafa farið* auk lánsins, minnst 1½ millj. króna, þótt miklu eða mestu af þessu fé hafi verið kastað á glæ eða komið svo fyrir, að það gæti ekki borið arð. Hvernig og hvaðan rann þessi fjárstraumur úr útgerðinni?

Árið 1924 mun Kveldúlfur standa mjög líkt í ársbyrjun eins og í árslok 1921, en þá græðir félagið á árinu tæp 900 þús. kr., og verða þá auðvitað hlutabréfin meira virði en nafnvirði. Einmitt á þessu ári selur Thor Jensen sonum sínum, að því er sagt er til að geta lagt fé í Korpúlfsstaði, 600 þús. kr. hlutafé við mjög vægu verði, að því er Ól. Thórs hefir sagt, og er talið, að salan hafi farið fram fyrir 200 þús. kr., eða þriðjung verðs. Árið 1928 selur Thor Jensen aftur sonum sínum 300 þús. kr. hlutabréf fyrir, að sagt er, ⅔ nafnverðs, eða 200 þús. kr., en hlutaféð ásamt varasjóði mun þá hafa verið enn nokkru meira talið en 1924, og loks selur hann félaginu sjálfu þess eigin hlutabréf sama ár, 200 þús. kr., en fyrir hvaða verð, er óvíst, og er þó varla hugsandi, að félagið gæti keypt eigin hlutabréf yfir nafnverði. Samtals mun hann því hafa fengið fyrir hlutafé sitt 600 þúr. kr. í orði. Hvaðan og á hvaða hátt hefir honum svo komið það annað fé, er hann lagði í Korpúlfsstaði o. fl., sem ætti að nema nálega einni millj. kr.? Það er algerlega óupplýst, þótt óhjákvæmilegt virðist að skýra það, eins og hag Kveldúlfs er komið. Þessi fjárstraumur virðist allur hafa runnið fyrir árið 1930. Og þó er mjög óvíst, að Thor Jensen hafi einu sinni fengið raunverulegar greiðslur frá sonum sínum fyrir þessi 600 þús. kr. hlutabréf, því að viðurkennt er, að synir hans höfðu ekki handbært fé til að *greiða með hlutabréfin*, heldur hafi þeir fengið féð sumpart að láni hjá Kveldúlfi, en sumpart hafi þeir skuldað föður sínum áfram fyrir bréfin. Skuldirnar fyrir hlutabréfin munu hafa gufað upp, horfið út úr heiminum hjá þeim bræðrum að mestu þegar eftir fyrri kaupin, þó að ekki sé sjáanlegt af tekjuskatti þeirra á þessum árum, að þeir hafi haft fé afgangs umfram venjulegar þurftartekjur sínar til að greiða með svo miklar skuldir. Þá er það heldur ekki sjáanlegt, að hinir nýju hluthafar hafi greitt tekjuskatt af þeim gjöfum, sem þeim voru gefnar með framsali hlutafjár Thors Jensens á þennan ódýra hátt, sem þó hlýtur að teljast skattskylt.

Þá þykir það venjulega ills viti um áreiðanleik hlutafélaga, að þau kaupi og liggi með eigin hlutabréf sem eign, éti upp eigin eignir. Við allar þessar miklu og duldu bókhaldsmillifærslur kringum Kveldúlf er það áberandi, hvernig hlutaféð er útþynnt, ekki aðeins með kaupum félagsins á eigin bréfum, heldur einnig með stórlánum til hluthafanna til bréfakaupa, sem svo virðast aftur eftirgefin, og má mikið vera, ef þessi eignaskipti teljast lögleg hér á landi, hvað þá heldur í löndum með vandaðri hlutafélagalöggjöf. Fjármagninu er bókstaflega dælt út úr félaginu. Öll þessi eignaskipti, útþurrkanir mikilla verðmæta og fjárflótti úr Kveldúlfi hefir ekki að eins þá þýðingu, að hann er aðalorsökin til fjárhagslegrar veiklunar og síðar fjárhagshruns Kveldúlfs, heldur er líka *óskiljanlegt með hliðsjón af, hversu tiltölulega* lágar skattgreiðslur félagsins og hluthafa þess hafa verið, hvernig þessar eignatilfærslur hafa yfirleitt getað átt sér löglega stað. Er þetta sérstakt og sjálfsagt rannsóknarefni í sambandi við uppgjör félagsins og ótrúlegt að dómsmrh. og fjmrh. landsins vilji eða láti hindra slíka óhjákvæmilega rannsókn með því, að bankarnir gerðu laumusamning um enn að veita nýju fé inn í þetta félag undir sömu yfirstjórn fyrri hluthafa, þótt einhverjar óarðbærar aukatryggingar fyrir eldri skuldum fengjust, ekki sízt þar sem ráðh. er kunnugt um, að rannsóknar sé þörf.

Kveldúlfur greiðir flest árin 1922—1929 lítinn tekjuskatt, og árin 1922, 1925 og 1926 engan, og mun hafa verið tap á rekstrinum þau tvö síðari árin, en eins og fyrr var sagt, var mikill gróði árið 1924, þegar bréfasalan fyrri á að hafa farið fram. Eftir að síðari hlutabréfasalan fer fram 1928—1929, bregður svo við, að Kveldúlfur hættir algerlega að greiða tekjuskatt og hefir ekki greitt síðan. Öll árin 1930—1936 hefir félagið stórtapað og bætt við sig nýjum skuldum á skuldir ofan. Kveldúlfur mun að jafnaði hafa tapað þessi 6 ár andvirði eins nýtízkutogara á hverju ári, og fjárhagur félagsins því orðinn svo, að telja má líklegast, að mikið vanti á, að *það eigi fyrir skuldum*, sennilega ekki ¾ millj. kr., heldur 1½ *millj.* kr. Auk þessarar miklu blóðtöku, er félagið hafði áður orðið fyrir og liggur í fjárstraumnum til Korpúlfsstaða, greiðir félagið svo Thor Jensen *eftirlaun* alla leið frá 1924, er fyrri hlutabréfasalan fer fram, 25 þús. kr. á ári, og nemur sú upphæð samtals yfir 300 þús. kr., en ef reiknaðir væru að auki bankavextir af upphæðinni, þá nemur upphæðin um 450 þús. kr. Einmitt á tapsárunum eftir 1930 er einnig haldið áfram að veita úr félaginu miklu fé árlega til fjölskyldunnar, ekki aðeins í launum hvorki meira né minna en 5 framkvæmdarstjóra, þar á meðal eins, sem varla hefir sézt á skrifstofu félagsins síðustu árin, heldur annazt starf sitt sem framkvæmdarstjóri Kveldúlfs með formennsku fyrir Sjálfstfl., heldur líka með ótöldum fríðindum og vörusendingum frá félaginu til heimila fjölskyldnanna, og síðast en ekki sízt með stórlánum úr félaginu til húsbygginga flestra þeirra bræðra og annara einkaþarfa, þótt svo sýnist sem félagið sé ekki aflögufært, tapi stöðugt og auki við skuldir sínar. Félagið hefir orðið að sjálfsögðu að greiða bönkunum fulla vexti, en hluthafarnir, sem ekkert fé eiga lengur í félaginu, fá vaxtalaus lán sín. Óhætt er að segja, að með fríðindum þessum og framkvæmdastjóralaunum hafi þessi

tapsár runnið ¼ millj. kr. á ári til fjölskyldunnar. Viðurkenndar skuldir hennar við félagið munu þó nema um ½ millj. kr., og engar tryggingar hafa verið gefnar félaginu fyrir, ekki einu sinni við í húsunum, en auk þess mun liggja önnur eins upphæð í öðrum útistandandi skuldum, sem lítils virði munu margar teljast og á ýmsan hátt tilkomnar.

Á þessum sömu árum er vitað, að Kveldúlfshluthafarnir hafa verið örir af fé til kosningaveiða fyrir Sjálfstfl., hvar svo sem þær fjárveitingar eru bókfærðar. Kveður svo rammt að því, að hv. þm. V.-Húnv. hefir sagt í þingræðu, að þeir hafi keypt upp heilt kjördæmi.

Með slíkri stjórn á Kveldúlfi er ekki að furða, þótt þessu fyrrum öfluga fyrirtæki hafi nú blætt út og eigið fjármagn þess sé tæmt, þar sem úr því hafa verið teknar millj. króna til fjölskyldunnar. Ef fjármagni félagsins hefði ekki verið dælt af slíku kappi til hluthafanna, án tillits til fyrirtækisins og framtíðar þess, *þá hefði Kveldúlfur getað örugglega staðið af sér hin erfiðu ár fyrir sjávarútveginn. Fyrirtækið hefir verið rekið einhliða fyrir hluthafana, án tillits til lands og þjóðar og verkefnis þess í útgerðinni fyrir allan þann fjölda manna, sem við það hefir starfað og átt afkomu sína undir öruggri og góðri stjórn þess.* Eftir eru svo skuldirnar, um 5 millj. kr., sem íslenzku bankarnir hafa smámsaman veitt til Kveldúlfs af sparifé landsmanna, og skuldin til Deacon's Bank í Englandi.

Alþfl. hefir alllengi verið ljóst, hvert stefndi með Kveldúlf, hvernig fé hinna fornu eigenda fjaraði úr fyrirtækinu, en í staðinn var veitt til þess sparifé landsmanna úr bönkunum, hvernig allri áhættunni var velt af hluthöfunum yfir á bankana og þar með almenning. Af skuldunum voru um 1 milj. kr. hjá Útvegsbankanum, og var sá hlutinn óbreyttur síðustu árin, en stöðugt óx skuldin í Landsbankanum, án þess að bankastjórnin virtist sinna því eða óska að takmarka þessi lán né jafnvel heimta veð og tryggingar eins og af öðrum viðskiptamönnum bankans.

Haustið 1933 sat ég í bankaráði Landsbankans og bar þá fram till. um *að* taka trygg veð í eignum félagsins fyrir þeim lánum, er virðast vera orðin föst, *að* taka tryggingar fyrir rekstrarlánum til félagsins með fiskveðum, *að* hafa eftirlit með því, að félagið láni ekki fé til manna eða fyrirtækja óviðkomandi rekstrinum, svo sem skuldalisti félagsins sýnir, að gert hefir verið, og leggi heldur ekki fé í óskyld fyrirtæki. Till. þessi var að vísu samþ. með 3 atkv. gegn 2 sjálfstæðismanna, en bankastjórarnir komu þá með yfirlýsingu viðvíkjandi Deacon's Bank, þess efnis, að ekki myndi óhætt að taka veðin, þar sem sá banki mundi þá hætta lánum til Kveldúlfs, og varð úr, að í stað minnar till. var önnur till. samþ., þó að ég greiddi ekki atkv., þar sem ég taldi hana ganga of skammt, hvað veð snerti. Þessi till. var þess efnis, *að* Kveldúlfur skyldi lækka skuldir sínar, t. d. með auknum lántökum annarsstaðar og innheimtu útistandandi skulda sinna, *að* aðrar útistandandi skuldir félagsins hjá prívatmönnum skyldu veðtryggðar félaginu, og haft eftirlit með, að félagið noti ekki lánsfé sitt til lánveitinga og fjárframlaga óviðkomandi atvinnurekstrinum, og *að* bankinn skyldi hafa nákvæmt eftirlit með rekstri félagsins yfirleitt. — Var talað um að hafa vikulegt eftirlit bankastarfsmanns, en er bankastjórarnir loks lofuðu að fara að framkvæma þetta vorið 1934, urðu breytingar á bankaráðinu. Ég og Magnús Jónsson áttum að ganga úr bankaráðinu, og landsbankanefnd að kjósa tvo í staðinn. Framsfl. var þá nýklofnaður, og vildi svo til, að flestir framsóknarmenn, sem voru í landsbankanefndinni, fylgdu Bændafl. Tókst því sjálfstæðis- og bændaflokksmönnum að koma að tveim sínum mönnum, Magnúsi Jónssyni og Helga Bergs, en fyrir voru af þeirra hálfu Jóhannes Jóhannesson og Metúsalem Stefánsson. Jón Árnason, framsóknarflokksmaður, var áfram formaður. Þetta bankaráð skipti sér ekkert frekar af skuldaflækju Kveldúlfs. Að vísu mun ályktunin ekki hafa verið tekin aftur, en henni var svo langt frá framfylgt, að ekkert eftirlit var sett með rekstrinum, og skuldirnar uxu enn. Ekki sést, að formaður bankaráðsins, Jón Árnason, sem á að sjá um, að ályktanir þess séu framkvæmdar, hafi heldur gert neitt til þess, heldur horft rólegur á, að Kveldúlfur héldi áfram að éta bankann upp.

Svo liðu árin 1934 og 1935 með vaxandi töpum Kveldúlfs. Á árinu 1935 var lagt út í ýmsar nýjar tilraunir um fiskframleiðslu fyrir atbeina fiskimálanefndar, sem skiptu máli fyrir togaraútgerðina. Ekki virtust forstjórar Kveldúlfs hafa neinn áhuga á slíkum málum fyrir sitt félag. Hv. þm. G.-K., Ólafur Thors, talaði t. d. hvað eftir annað og skrifaði gegn harðfiskverkun og taldi hana úrelt neyðarrúrræði Norðmanna, þó að reynslan hafi sýnt yfirleitt betri útkomu heldur en með saltfiskinum, frjálsan gjaldeyri og mikið aukna atvinnu, svo sem af ufsaveiðunum. Heldur ekki fékkst Kveldúlfur til að nota Hesteyrarverksmiðjuna til karfavinnslu fyrr en á árinu 1936, er ríkisverksmiðjurnar höfðu rutt brautina. Hv. þm. G.-K., Ólafur Thors, talaði af miklum kulda um karfann, þennan „rauða fisk", sem honum virtist færa helzt til mikla björg í bú fyrir „rauðu" ríkisstjórnina.

Vorið 1936 urðu aftur kosningar í bankaráð Landsbankans, og var þá flokkaskiptingin þannig í landsbankanefnd, að kosnir urðu Jónas Jónsson og Ólafur Thors, í stað Jóh. Jóh. og Metúsalems Stefánssonar, og höfðu sjálfstæðismenn þá tvo, Ólaf og Magnús Jónsson, framsóknarmenn tvo, Jónas og Jón Árnason, og Bændafl. Helga Bergs, sem mun hafa fylgt sjálfstæðismönnum. Ólafur hafði ásamt flokksmönnum sínum í utanríkismálanefnd ekki þótzt geta setið og starfað í þeirri nefnd, vegna þess að þar sæti líka Jónas Jónsson, en í bankaráðinu var meira í húfi en um sjálfstæðismál þjóðarinnar; þar átti hann, launaður framkvæmdastjóri Kveldúlfs, að gæta hagsmuna þessa skuldugasta fyrirtækisins við bankann. Jónasi Jónssyni mun hafa verið ætlað af sínum flokksmönnum að sjá um, að fjárausturinn til Kveld-

úlfs og óstjórn þess félags hætti og það yrði gert upp.

Þá um vorið 1936 dregur Kveldúlfur stórkostlega úr útgerð sinni á hávertíðinni, byrjar miklu síðar en aðrir og hættir fyrr. Úthald þess togara félagsins, sem stytzt var, var 35 daga, en meðalúthald 47 daga. Úthald annara togara annara félaga var þá allt upp í 109 daga og að meðaltali 60—70 daga. Við þetta urðu kröfur sjómanna og verkafólks í landi enn einusinni háværar, um að ekki dygði að láta þetta mikla atvinnufyrirtæki reka lengur á reiðanum og sökkva dýpra og dýpra og láta stjórna því af geðþótta fárra manna án tillits til almennings. Hlutaféð sé nú tapað og fyrirtækið því ekki lengur í eign hluthafanna, heldur raunverulega eign bankanna. Skylda bankanna sé að gera það upp án þess að stöðva rekstrinn og koma því á tryggan fjárhagslegan grundvöll, svo að það geti gengið óslitið, skera af því alla óþarfa eyðslu og óstjórn og koma þeirri yfirstjórn á það, sem hæfi svo umfangsmiklu fyrirtæki, sem allmikill hluti reykvískrar alþýðu byggi atvinnu og afkomu sína á. Ekki verður þess þó vart, að Jónas Jónsson eða Jón Árnason hreyfi sig í bankaráðinu um þetta mál.

Í nóvember 1936 er málið tekið fyrir á þingi Alþýðusambands Íslands og samþykkt í einu hljóði ályktun á þessa leið:

„Opinber rannsókn verði látin fara fram nú þegar á fjárreiðum og rekstri stórútgerðarfyrirtækjanna, og þau þeirra, sem ekki reynast að eiga fyrir skuldum, en hafa verið rekin fyrir lánsfé á ábyrgð bankanna, verði tafarlaust tekin til gjaldþrotameðferðar og sett undir sameiginlega stjórn, er ríkisstjórnin skipar, en verkalýðsfélögin eiga fulltrúa í, og sé það tryggt, að rekstur þeirra atvinnufyrirtækja, sem talizt hafa eign slíkra fyrirtækja, haldi áfram án nokkurrar tafar eða stöðvunar vegna uppgjörs þeirra og stjórnarbreytingarinnar.“ Önnur ályktun var samþ. á þá leið, að ef fram kæmi, að óreiða eða refsiverð meðferð hefði átt sér stað á fé þessara fyrirtækja, skyldu hinir seku verða látnir sæta fullri ábyrgð að landslögum.

Að sambandsþingi loknu tilkynnti Alþfl. bandamönnunum í Framsfl. þetta og óskaði samkomulags um lausn ýmissa landsmála, fyrst og fremst um uppgjör Kveldúlfs, og samfara því alhliða viðreisnarstarf fyrir togaraútgerðina og sjávarútgerðina yfirleitt. Fengust að vísu ekki greið svör hjá Framsfl., sízt þó um viðreisn togaraútgerðarinnar og útvegsins, en þó var viðurkennd nauðsyn á uppgjöri Kveldúlfs, og flokksþing þeirra í febrúarmánuði var einhuga á þessu máli, þó að formaður bankaráðs Landsbankans, Jón Árnason, kæmi í veg fyrir, að formleg samþykkt yrði gerð. Þar varð að samkomulagi, að hefja málið með því, að fulltrúar flokkanna í bankaráðunum gengju eftir greiðslum Kveldúlfs á skuldunum. Útvegsbankinn skrifaði síðan Kveldúlfi hvað eftir annað og krafðist greiðslu skuldarinnar þar og vaxta, en fékk ávallt það svar, að frests væri óskað vegna samningatilrauna, sem félagið stæði í við Landsbankann, aðalkröfuhafann. Úr bankaráði Landsbankans fréttist ekkert, nema að um miðjan janúar hefði þangað komið munnlegt tilboð frá Kveldúlfi, um að Thor Jensen byði að selja Kveldúlfi Korpúlfsstaðastorfuna fyrir 1200 þús. kr., að viðbættum útistandandi skuldum Thórsbræðra og annara við félagið, en Kveldúlfur seldi svo bankanum Korpúlfsstaði fyrir 2 millj. kr. Var þessu boði neitað af bankaráði Landsbankans, meira að segja í einu hljóði. En síðan hafa ýmsar breytingar orðið á þessu boði frá Kveldúlfi, og hefir hingað til verið farið með það, sem bak við tjöldin hefir gerzt við formann bankaráðsins og bankastjórn, eins og mannsmorð. Útvegsbankinn sá þó, að ekki dygði að bíða eftir þessum samningum, þar sem víxilréttur á skuld Kveldúlfs við bankann mundi þá fyrnast í marzlok, og stefndi því Kveldúlfi fyrir 900 þús. kr. víxilskuld auk áfallinna vaxta, eða um 1 millj. kr. Dómur féll í málinu síðastl. laugardag, og var Kveldúlfur dæmdur til að greiða skuldina. Ekki má þó gera aðför í eignum félagsins fyrr en ½ mánuði síðar, og var því augljóst, að málið mundi enn dragast allmikið, ef beðið yrði eftir þeim úrslitum, enda er Landsbankinn aðalkröfuhafinn, og jafnframt aðalbanki landsins og sjálfur stór lánveitandi — vegna seðlaútgáfuréttarins — til Útvegsbankans. Var því vitað, að innan bankaveggjanna yrðu örlög Kveldúlfs afráðin af Landsbankanum.

Alþfl. var það ljóst, að ef Kveldúlfur skyldi gerður upp á þessu ári, þá yrði að gera það þegar í stað, svo að ekki yrði ausið í hann til ónýtis meira fé eða stöðvun gæti orðið á vertíðinni. Framsfl. á þingi varðist allra frétta nú um afstöðu sína, en það fréttist þó, að flokkurinn vildi nú hvergi koma nærri, heldur láta bankaráðin afgera málin, láta þau fara að öllu eftir till. Jóns Árnasonar, sem vildi ekki gera Kveldúlf upp, heldur láta alla yfirstórn Kveldúlfs vera áfram hjá Thorsbræðrum gegn því, að fá veð í eignunum og aukatryggingar frá Thor Jensen. Boð hafa legið frammi frá Kveldúlfi, um að Thor Jensen gæfi aukatryggingar fyrir Kveldúlf með veðum í eftirfarandi eignum:

Korpúlfsstaðatorfunni með áhöfn fasteignamat jarðanna	303	þús. kr.
Arnarholti	34	— —
Haffjarðará og jörðum	54	— —
Melshúsum á Seltjarnarnesi	45	— —
Jörðum á Snæfellsnesi	30	— —
Lóðum í Reykjavík og Hafnarfirði	30	— —
Samtals fasteignamat	496	þús. kr.

Á eignum þessum hvílir 350 þús. kr. veðskuld. Munur á fasteignamati og skuldum er því um 146 þús. kr., en þar við bætist áhöfn Korpúlfsstaða og verkfæri, líklega fram undir 200 þús. kr., svo að fram yfir skuldir yrðu þarna boðnar fram um 300—350 þús. kr. Við þetta hefir frétzt, að mundi svo bætast íbúðarhús Thors Jensens, sem er að fasteignamati 149 þús. kr. og reynt hefir verið að selja í heilt ár, en enginn fengizt kaupandi.

Um svo að segja allar þessar eignir er það að segja, að þær hafa kostað Thor Jensen miklu meira fé, en mundu seljast tiltölulega mjög lágu verði, vegna þess að þær eru ekki arð-

bærar eignir. Korpúlfsstaðir t. d., eins og ausið hefir verið fé í þá upp í margfalt fasteignamat, gera ekki meira en ávaxta áhvílandi skuldir, og óvíst er að nokkur maður fengist til að kaupa jörðina fyrir meira, og sennilega enginn fást kaupandi að henni. Það er varla hægt að hugsa sér hana nýtta nema af hinu opinbera, og þá enn með stórfelldum fjárframlögum til aukinnar ræktunar og hæfilegra bygginga, því að allt plan jarðarinnar er miðað við að búa til óarðbæran herragarð, en ekki verið litið á ávöxtun fjárins.

Ef frv. framsóknarmanna um mjólkurlög, sem nú er lagt fyrir þingið, næði fram að ganga, *mundi það enn fella þessar jarðir í verði um minnst helming, eins og aðrar jarðir hér í nágrenninu.* Lóðin í Hafnarfirði er lítilsvirði, og jarðirnar á Snæfellsnesi gefa mjög lítið af sér. Ef veð þessi yrðu seld, þá er víst, að andvirðið mundi aldrei nálægt því hrökkva til að greiða með skuldir Kveldúlfs umfram eignir. Auk þess mundu þau á engan hátt hjálpa rekstri Kveldúlfs, því að þær litlu tekjur, sem kæmu af þessum eignum, rynnu ekki til Kveldúlfs heldur Thors Jensens. Að sjálfsögðu greiddi Thor Jensen ekki leigu af sjálfs sín húsi né Thorsbræður af laxveiðum og sumarbústöðunum við Haffjarðará.

Til þess að þessi veð fengjust, ætti svo Landsbankinn að láta Thorsbræður hafa yfirstjórn Kveldúlfs, að lána félaginu ógreidda vexti fyrra árs og forvexti þessa árs, samtals nær 700 þús. kr., að sjá félaginu fyrir nýjum rekstrarlánum, *sem eftir undanfarandi ára reynslu hefir haft* í för með sér árlegt tap upp undir ½ millj. kr., að jafnaði, að lána til væntanlegrar verksmiðju um 150 þús. kr., sem vantar á erlent lán, sem fengist með 1. veðrétti, að leysa, að Hjalteyrareignin, sem er að fasteignamati 107 þús. kr., en Kveldúlfur telur sér 240 þús. kr. virði, verði tekin úr höndum Kveldúlfs og veðsett erlendum banka, að einn togarinn, sem Kveldúlfur á og telur sér 250 þús. kr. virði, verði veðsettur sama erlenda banka, og loks að félagið fái aukin rekstrarlán vegna nýrrar verksmiðju á Hjalteyri.

Áhættu Landsbankans ætti því samkvæmt þessu tilboði enn að auka að miklum mun án þess að gera Kveldúlf upp, á svipaðan hátt og gert var hjá Íslandsbanka ár frá ári við Copelandsbringinn, sem varð bankanum fullkeypt. Einu möguleikarnir fyrir Kveldúlf til þess að standa undir þessu án árlegs taps, en án þess að vinna sig upp, væri, að verksmiðjan á Hjalteyri græddi um ½ millj. kr. árlega, sem er óhugsandi til frambúðar, og jafnvel á yfirstandandi ári, þar sem félagið hefir ekki selt lýsi fyrirfram, eins og ríkisverksmiðjurnar, og lýsið síðan lækkað um £ 2 tonnið, en verð á aðkeyptri síld Hjalteyrarverksmiðju að sjálfsögðu yrði að miðast við útborgað verð ríkisverksmiðjanna. Þetta er því ekki aðeins óverjandi að gera gagnvart öðrum fyrirtækjum í landinu heldur líka vonlaust verk. Með því yrði endanlegri lausn frestað ekki aðeins á viðreisn Kveldúlfs, heldur líka á viðreisn togaraútgerðarinnar í heild og athöfnum ríkisins til stuðnings henni og aukningar.

Sagt er nú, að framsóknarmenn hafi samþ. að láta bankana taka þessum boðum með þeim einum skilyrðum, að framkvæmdastjórar Kveldúlfs verði ekki nema tveir — hinir yrðu þá að *heita öðrum nöfnum, verksmiðju- og skrifstofustjórar.* Auk þess setji bankarnir tvo starfsmenn sína til að hafa einskonar eftirlit með rekstri, en án íhlutunarvalds, en fái að vita um það, sem gerist, ef þeir óska eftir því. Þetta er aðeins málamyndaeftirlit, ef það þá yrði framkvæmt fremur enn 1934. Þessir valdalausu eftirlitsmenn, sem ekki störfuðu í fyrirtækinu, yrðu þannig aðeins löggilding bankanna og Framsóknar á stjórn Thorsbræðra á Kveldúlfi. Víst er það, að bankaráð beggja bankanna hafa nú samþ. slíkt gagntilboð til Thorsbræðra með atkvæði framsóknarmanna í bankaráðunum gegn atkvæði fulltrúa Alþýðufl.

Alþýðuflokkurinn neitar að gerast samsekur um slíka lausn Kveldúlfsmálsins og trúir því ekki að óreyndu um bandamennina í þingflokki Framsóknar, að þeir láti leysa málið svo, sem vitanlega yrði á ábyrgð fjmrh., sem ber pólitiska ábyrgð á bankanum sem ríkisstofnun, og á ábyrgð Framsfl. Alþýðufl. telur, að hvernig sem um Kveldúlf fari, sé þetta mál eitt af stærstu þjóðmálunum, er varði hag allrar alþýðu, það sé skylt að taka ákvörðun um það á opinberum vettvangi, það sé skylda alþingis að gera ályktanir um, hvernig mál þessa einstæða og langskuldugasta fyrirtækis hjá bönkunum verði leyst, svo að frambúðarlausn megi telja. Skipun þessara mála af Alþingi sé ekki *síður nauðsynleg heldur en skipun mála síldarverksmiðja ríkisins,* þar sem allt innlenda féð, sem notað sé, sé sparifé landsmanna, og afkoma þeirra hundraða vinnandi manna hjá félaginu sé meira virði en hagsmunir 5 framkvæmdastjóra, sem stjórnað hafi án ábyrgðartilfinningar gegn öðrum en hagsmunum fjölskyldunnar.

Þegar allt útlit var orðið fyrir, að Framsfl. ætlaði að bogna á uppgjöri Kveldúlfs, tilkynnti Alþfl., að hann mundi leggja fram tvö frv. í þinginu viðvíkjandi þessu máli, ef Framsfl. vildi ekki samninga um þá leið. Var því neitað. Voru síðan lögð fram 2 frv., annað um breytingu á bankalögunum, hitt um skiptameðferð Kveldúlfs. Samkv. fyrra frv., sem bráðlega kemr til umr., er bankalögunum breytt svo, að tryggt sé, að landsbankanefnd og bankaráð sé ávallt í samræmi við meirihluta þings og þjóðar, með því að kosið sé í þessar nefndir með hlutfallskosningum að nýafstöðnum kosningum. Lýðræðið er tryggt í bankanum í stað núverandi ástands. *Þá er og aukið vald banka*nefndar til eftirlits með stórlánum og stóreftirgjöfum skulda, og þarf leyfi hennar til eftirgjafa, er nema 100 þús. kr., og lána til eins fyrirtækis, sem nema samtals ¼ stofnfjár bankans, eða 900 þús. kr. og yfir, eins og nú er ákveðið að lögum um ríkissjóð sjálfan og lán hans í bankanum. Frv. þetta er prófsteinn á lýðræðishneigð flokkanna, og með því að samþykkja það nú þegar er augsýnilegt, að hægt er að ráða málum Kveldúlfs á heilbrigðan hátt, án þess að eiga undir úrskurði þess meirihluta,

sem nú er af tilviljun í bankaráði Landsbankans.

Hinu frv., um skyndimat og skiptameðferð Kveldúlfs, hefi ég lýst. Félagið á að gera upp án röskunar atvinnutækjanna, þær eignir félagsins, sem ónauðsynlegar eru rekstrinum, skulu seldar, en togararnir. síldarverksmiðjan og nauðsynlegar eignir í sambandi við þessa framleiðslu nýttar sem bezt og reknar áfram hér í bænum í vel skipulögðu fyrirtæki. Alþýðusamband Íslands mun vinna á móti sölu togaranna héðan úr bæ og dreifingu þeirra, og kemur burtflutningur alls ekki til mála. Jafnhliða þarf að gera alhliða ráðstafanir til viðreisnar sjávarútveginum og endurskoða lögin um hlutafélög, svo að réttur og skyldur félaganna standist á og komið verði í veg fyrir misnotkun.

Með þessu er mörkuð skýr og hrein stefna Alþfl. í þessum málum. Við föllumst ekki á neitt baktjaldamakk í þeim né annað en það, að Kveldúlfsmálið sé leyst með hagsmuni hinna vinnandi stétta fyrir augum, og það verður ekki gert nema með uppgerð félagsins. Ennþá 12. febr. síðastl. skrifaði formaður Framsfl., Jónas Jónsson, á þessa leið í Nýja dagblaðið:

„Þannig finnur þjóðin til. Ég þekki engan heiðarlegan eða óspilltan mann, sem lætur sér koma til hugar annað en skip og eignir Kveldúlfs verði að fá aðra húsbændur og aðra stjórn. Og menn eru nokkurnveginn sammála um, að það er ekki hið framkomna fjártjón eitt, sem er þjóðarmein. Ef til vill er sú spilling enn hættulegri, sem leiðir af því, að borgurum landsins sýnist eins og mestu óreiðumennirnir hafi mesta tiltrú. Þeim verði bezt til veltufjár. En þúsundum af duglegum og reglusömum atorkumönnum verður að neita um rekstrarfé, af því mörgu milljónirnar standa inni hjá sonum Thors Jensens í Reykjavík.

Þetta ástand verður að hætta. Dugandi menn á Íslandi láta ekki bjóða sér þá óvirðingu, sem í því felst, að gefa einu fjölskyldufyrirtæki allar þær milljónir, sem landið tók að láni erlendis, til að vera varasjóður allra fjármálaviðskipta í landinu, og halda síðan áfram að leggja sparifé landsmanna í sömu hítina.

Vafalaust er allri þjóðinni orðið ljóst, hvað hér er um að ræða. Æfintýri Jensenssona er orðið of dýrt fyrir almenning í landinu. Leikur þessara dýrmætustu Dana, sem komið hafa til Íslands í 600 ár, eins og Bjarni Benediktsson segir, verður að enda eins og hið aldanska æfintýri í Landmandsbankanum, þegar þar var hreinsað til og byrjað nýtt og heiðarlegt starf".

Þetta er réttilega sagt.

Við vonum það, að Jónas Jónsson og þingflokkur framsóknarmanna geti enn orðið samferða okkur alþýðuflokksmönnum í þessu máli. Við trúum því ekki að óreyndu, að þingflokkur Framsóknar svíki stefnu sína og kjósendur og fórni sæmd sinni fyrir Kveldúlf. En ef svo skyldi ekki reynast, er þessu mikla landsmáli ekki þar með lokið. Þingflokkarnir hafa völd sín frá kjósendunum, og völd þeirra eiga að fara eftir kjósendatölu. Hinar vinnandi stéttir þessa lands fylgja þeim flokki, sem vill ekki halda áfram sömu brautina, ekki leyfa að nota sparifé landsmanna sem einkaeign einnar fjölskyldu í hennar einkaþarfir, né láta óstjórnina haldast og sjávarútveginn fjármagslausan og stuðningslítinn af ríkisvaldinu á örðugustu árum hans. Alþfl. er þess fullviss, að kjósendurnir í landinu muni fylgja stefnu hans í þessum málum, og tekur ótrauður og sigurviss upp baráttuna fyrir að framkvæma lýðræði í atvinnumálum landsins, málstað hinna vinnandi stétta í öllum byggðum landsins.

Ólafur Thors: Herra forseti! Ég fer fram á að mega nefna þm. með nöfnum án þess að kenna þá við kjördæmi sín, því að það er fljótlegra.

Ég mun byrja á hinu sama og Héðinn Valdimarsson endaði á, að lesa upp úr Nýja dagblaðinu, vitna í ummæli okkar sameiginlega vinar, Jónasar Jónssonar. Munurinn er aðeins sá, að það, sem ég ætla að lesa upp, er miklu nýrra en það, sem Héðinn las upp um mig og Kveldúlf. Það er skrifað í gær, og er því ferskt og gjaldgengt. J. J. farast þannig orð um oliukonunginn: „Enginn verkalýðsforingi á Norðurlöndum myndi telja sér sæmandi að vera hátekjumaður í þjónustu erlends auðvalds til þess að okra á nauðsynjavörum aðþrengdra verkamanna" Eg segi hið sama um þessi ummæli eins og Héðinn sagði áðan, að þau eru laukrétt, og ég óska honum til hamingju með þau.

Öll ræða Héðins Valdimarssonar var, eins og ég bjóst við, nær eintóm pólitísk og persónuleg ósvífni, og hún sýndi það, sem margsannað er áður, að hann ræður ekkert við geðofsa sinn, lætur skapillskuna hlaupa með sig í gönur, en ragmennskan gægist alstaðar í gegn. Þannig þorir hann ekki nú að koma fram með allar þær svívirðingar, sem hann hefir borið mig og Kveldúlf í blaði sínu, af því að nú stendur hann frammi fyrir allri þjóðinni með fleipur sitt og veit jafnframt, að ég er tilbúinn til þess að taka á móti. Tölur þær, sem hann nefndi, voru allar rangar, o. fl. o. fl. Það, sem hneykslaði hann mest var, að við bræður skyldum halda áfram að næra okkur sjálfa og skyldulið okkar. Ég vil spyrja hann að því, af hverju við hefðum átt að lifa, ef við höfum ekki mátt lifa af fé frá Kveldúlfi? Aðaláherzluna lagði hann á, að það væri óhófslifnaður okkar bræðra, sem hefði valdið örðugleikum Kveldúlfs. Út af þessum ummælum hans vil ég skora á hann að mæta mér á hvaða vettvangi sem er og og bera saman lifnað minn og luksuslifnað hans. Þori hann það ekki, ætti hann að þegja um þessa hluti (Af áheyrendapöllunum: Heyr heyr. — HV: Það eru nokkrir nazistar að hylla foringjann. — Rödd úr salnum: Nei, það eru nokkrir verkamenn.)

Ég lít á þessar útvarpsumræður sem einskonar eftirmála eftir ljóta og langa ofsóknarsögu, sem þó hefir farið vel, eins og venjulega flestum lesendum þykir bezt.

Enda þótt eigendur Kveldúlfs og aðrir, sem trú hafa á því, að velfarnaður Íslendinga velti á því, að einkaframtakið geti notið sín á sviði athafna og fjármálalífsins, að sjálfsögðu fagni því, að þeir menn hafa nú orðið að lúta í lægra

haldi, sem engum málalyktum vildu una öðrum en þeim, að rekstur Kveldúlfs yrði stöðvaður og eignir félagsins seldar, en eigendunum varpað í skuldafangelsi, ef unnt væri, þá er samt sem áður hreint engin ástæða til að láta þá sigurvímu villa sér sýn.

Í þessari baráttu gegn einkaframtakinu hafa kommúnistar að vísu orðið að þola þá raun, að Framsfl. hefir neitað að hlýða þeim. Hinsvegar hafa þeir unnið þann sigur, að Héðinn Valdimarsson hefir gerzt auðsveipur vikadrengur þeirra. Og enda þótt vel megi vera, að meira valdi þar um hugleysi Héðins og ótti við kommúnista út af einkamálum hans en pólitísk skoðanaskipti, þá skiptir það í sjálfu sér ekki máli, því að augljóst er, að kommúnistarnir hafa full tök á Héðni.

Í ræðu, sem ég flutti í Varðarfélaginu í lok janúarmánaðar síðastl., rakti ég þróunarsögu Kveldúlfs og orsakirnar til hnignandi fjárhags félagsins og hrakti jafnframt óhróðurinn um stjórn félagsins. Flestu af því, sem á stjórn félagsins hefir síðan verið borið, hefir verið svarað með þeirri ræðu. Hún hefir verið prentuð *í blöðum flokksins og lesin af öllum þorra* blaðalesenda í landinu. Ég mun því ekki í þessari stuttu ræðu vikja neitt verulega að þeirri *hlið málsins, enda er það löngu orðið öllum* almenningi ljóst, að andstæðingar Kveldúlfs hafa sjálfir ekki allra minnstu trú á óhróðrinum. Þeir vita, að félaginu hefir verið vel stjórnað, og þeim er ljóst, að stjórnarkostnaðurinn, sem þeir hafa mest fjargviðrast um, hefir á síðustu árum verið 40 þús. kr., en ekki hálf millj. kr. eins og Alþýðublaðið margoft hefir haldið fram, og að þessi stjórnarkostnaður hefir æfinlega verið hlutfallslega margfalt minni hjá Kveldúlfi heldur en hjá flestum þeim fyrirtækjum eða öllum, sem sósialistarnir sjálfir stjórna. Ég ætla því að leiða þennan óhróður og þessar blekkingar að langmestu leyti hjá mér og vík beint að sjálfum kjarna málsins.

Ég vil þó aðeins áður segja frá því, að allan þennan ofsóknartíma hefi ég orðið var mikillar og vaxandi samúðar, eigi aðeins pólitískra samherja minna, heldur og mjög margra pólitískra andstæðinga minna, sem hver af öðrum hafa tjáð mér, að þeir hefðu ógeð eða jafnvel viðbjóð á sínum eigin blöðum. Fyrir þetta er ég þakklátur.

Hlutafélagið Kveldúlfur hefir nú starfað í réttan aldarfjórðung. Allan þann tíma hefir félagið verið *í tölu stærstu atvinnurekenda* landsins og jafnan leitazt við að brjóta ísinn og reyna nýjar leiðir til þess m. a. þannig að gera *skyldu sína sem eitt af stærstu verzlunar- og* atvinnufyrirtækjum landsins. Félaginu hefir lengst af vegnað sæmilega eða vel og var ríkt, þegar hin nýja stjórnarstefna tók við völdum hér á landi 1927. Eftir 1930 hefir stöðugt sigið á ógæfuhliðina, og því meir, sem viðjar löggjafar og ríkisvalds hafa sorfið fastara að, þótt margt annað valdi þar um, eins og síðar mun að vikið.

Á síðasta hausti var svo komið fjárhag félagsins, að nauðsynlegt þótti að taka upp samninga við höfuðlánardrottna félagsins um framhaldsrekstur þess. Þótti þegar sýnt, að félagið yrði að fullnægja tveimur skilyrðum, til þess að Landsbanki Íslands teldi ráðlegt að veita því lán til áframhaldandi rekstrar. Í fyrsta lagi gerði bankinn þá kröfu, að félagið greiddi af skuldum sínum eða setti nýjar tryggingar fyrir þeim. Í öðru lagi heimtaði bankinn, að félagið gæti bent á leiðir til að bæta rekstrarafkomu sína.

Í því skyni að fullnægja fyrri kröfu bankans bauð félagið fram eigur Thors Jensens í einu eða öðru formi. Var fyrst talað um möguleika fyrir því, að bankinn tæki jarðeignir hans í Kjósarsýslu upp í skuldir Kveldúlfs. Ekki vildi bankinn þó sinna því boði, og var þá boðið fram, að bankinn fengi eigur Thors Jensens að veði til viðbótartryggingar á skuld Kveldúlfs. Var þó í öndverðu tilskilið, að íbúðarhús Thors Jensens við Fríkirkjuveg yrði ekki með í veðinu, enda hafði hann eignazt það áður en Kveldúlfur var stofnaður, og því á engan hátt hægt að líta svo á *sem húsið hefði verið byggt fyrri gróða* hlutafélagsins Kveldúlfs. En með því að bankinn lagði sérstaka áherzlu á að fá einnig veð í því, *þótti eigi ástæða til að standa gegn því.*

Eins og nú horfir um framleiðslu íslenzkra sjávarafurða, þótti sýnt, að langliklegasta leiðin til þess að bæta afkomuhorfur félagsins mundi sú, að félagið freistaði þess, að koma sér upp nýrri síldarverksmiðju. Fór forstjóri félagsins, Richard Thors, utan á síðastl. hausti og athugaði skilyrði fyrir lántöku í þessu skyni. Tókst honum að fá vilyrði fyrir slíku láni. Fór hann síðan utan að nýju í janúarlok og tókst þá að tryggja nægilegt fé til að reisa fyrir stóra síldarverksmiðju og ganga endanlega frá þeim lántökusamningum. Með þessu var þá fullnægt þeim skilyrðum, sem Landsbankinn setti fyrir áframhaldandi lánveitingum til rekstrar félagsins, og hefir nú nýverið verið gengið frá samningum bæði við Landsbanka Íslands og Útvegsbanka Íslands um áframhaldandi rekstur félagsins á þeim grundvelli. En það eru þeir samningar, sem Héðinn Valdimarsson og Alþýðublaðið, höfðu strengt heit, að aldrei skyldu komast á.

Að öðru leyti eru engin nýmæli, sem máli skipta í þeim samningum. Landsbankinn lánar félaginu rekstrarfé, en áskilur sér rétt til að hafa eftirlit með rekstri þess. Var slíkt ákvæði fyrst samþ. í bankaráði Landsbankans 1933, en ekki samþ. af Kveldúlfi fyrr en í byrjun síðasta árs. Þar er því ekki nýmæli, og á heldur *ekki að ná til Kveldúlfs eins*, heldur allra stærri viðskiptavina bankans.

Ég verð nú, til frekari skýringar þessu máli, að minnast á það, að svo sem kunnugt er, er óheimilt að reisa síldarverksmiðjur hér á landi nema með leyfi atvmrh. Átti Richard Thors framkvæmdarstjóri viðtöl við ráðh. um verksmiðjuleyfi Kveldúlfi til handa á síðastl. hausti, og sótti Kveldúlfur bréflega um slíkt leyfi. Endanlegt svar fékk félagið þann 16. janúar þess efnis, að ráðh. heitir að veita umbeðið leyfi, ef félagið geti innan hæfilegs tíma fært sönnur á, að það hafi nægilegt fé til að reisa slíka verksmiðju fyrir, og nefnir ráðh. 28. febrúar. Ég vil nú ekki án sérstaks tilefnis rekja þá sögu lengra

í bili, eða víkja að því, er síðan hefir gerzt milli ráðh. og Kveldúlfs í því máli. Ég skal aðeins geta þess, að Kveldúlfur telur sig óbundinn af samningum við bankana, nema verksmiðjuleyfið fáist án tafar. En úr því sem komið er, verður víst að telja, að enginn ráðh. sjái fært að standa gegn leyfinu, og sízt sá ráðh., sem þegar hefir í raun og veru veitt það.

Kem ég nú að herferðinni gegn Kveldúlfi. Hún er að vísu gömul, og næstum því jafngömul og félagið sjálft. Hún hefir orðið því illkvittnari, sem keppinautur minn í Gullbringu- og Kjósarsýslu hefir skrifað meira í Alþýðublaðið. En upp í fullkominn hamstola ofsa snerist hún fyrst sama daginn og atvmrh. tilkynnti Kveldúlfi, að hann hefði ákveðið að veita Kveldúlfi verksmiðjuleyfið. Bendir það til þess, að á undan hafi verið gengin mikil togstreita og harðar deilur milli atvmrh. og Héðins Valdimarssonar, en ráðh. hafi neitað að beygja sig og farið sínu fram. Er það skemmst af þeim ofsóknum að segja, að þær bera vott um svo taumlausa og sjúklega heift, að þær hljóta að vera stjórn Kveldúlfs alveg óskaðlegar, ef ekki gagnlegar. Verður því engin tilraun gerð til þess að rekja þær né hrekja, og í þeim efnum alveg látið nægja að vísa til ræðu þeirrar, er ég flutti á Varðarfundinum í janúarmánuði og áður er bent til. Ég minni aðeins á það, að ekki líður sá dagur, að félagið sé ekki kallað fjárglæfrafyrirtæki, sem ekkert fáist við annað en svindilbrask, en að forstjórar þess og eigendur allir séu glæpamenn. Gerist einhver svo djarfur að greiða götu Kveldúlfs, til dæmis með því að neita að fremja skýlaust brot á gildandi lögum eða heilbrigðri skynsemi, er hann strax kominn í Kveldúlfsklíkuna, orðinn leiguþý Kveldúlfs og annað þaðan af verra. Það hafa allir bankastjórar og formaður bankaráðs Landsbankans, ásamt nefndarmönnum í gjaldeyris- og innflutningsnefnd, oft hlotið slík tignarmerki og hverskonar hótanir verið við þá í frammi hafðar. En við slíku athæfi lá að fornum lögum hýðing. Hafa þessar skammir á báða bóga orðið því ruddalegri, illkvittnislegri og æðisgengnari, sem nær hefir dregið um samkomulag milli Kveldúlfs og bankanna, og nú síðustu dagana snúizt upp í einskonar örvinglun.

Verður nú að játa, að Héðni og Alþýðublaðinu eru illa skömmtuð launin eftir mikið erfiði, en allur almenningur hefir megnustu fyrirlitningu fyrir rógsiðjunni, en Kveldúlfur heldur áfram starfsemi sinni og væntir að geta nú skapað góð atvinnuskilyrði fyrir a. m. k. 5 til 6 hundruð menn við fiskverkun, síldveiðar og síldarvinnslu á næsta sumri, auk óbeinna framfærsluskilyrða fyrir mörg hundruð sjómenn á þeim skipum, er félagið hyggst að kaupa síld af.

Áður en ég skilst við rógsiðjuna, vil ég ekki láta undir höfuð leggjast að víta það alveg sérstaklega, hvernig formaður bankaráðs Útvegsbankans, Stefán Jóh. Stefánsson, hefir misnotað stöðu sína. Sérhverjar þær upplýsingar, sem hann sem formaður bankaráðsins hefir fengið, hefir hann jafnótt hlaupið með í Alþýðublaðspiltana, en þeir hafa notað fróðleikinn, eins og þeim var líkast, til þess, með rangfærslum og útúrsnúningum, að reyna að spilla eftir föngum málstað þess viðskiptavinar bankans, sem formaður bankaráðsins, Stefán Jóh. Stefánsson, var skyldugur að vernda. Ætti tafarlaust að reka slíkan mann úr svo ábyrgðarmikilli stöðu og hegna honum fyrir athæfið.

Þess hefi ég orðið var, að manni og manni finnst hart að gengið, að eignir Thors Jensens séu settar að veði fyrir skuldum Kveldúlfs. En þar til er því að svara, að úr því að Thor Jensen bar hvorki lagalega né siðferðislega ábyrgð á skuldum Kveldúlfs, var honum í sjálfsvald sett, hvort hann vildi færa þá fórn, og sonum hans, hvort þeir vildu þiggja hana. Það er því við þá eina að sakast, því að bankarnir reyndu hvorki né gátu beitt neinum þvingunum í þeim efnum. En væntanlega verður einnig þetta bráðum gert að rógsmáli á hendur okkur feðgum, og alveg jafnt þótt Héðinn Valdimarsson verði að viðurkenna, að sé nokkur hæfa í því, að Kveldúlfur eigi ekki fyrir skuldum, eins og hann nú í marga mánuði hefir haldið fram, þá ganga eigur Thors Jensens beint upp í þær skuldir, sem Kveldúlfur kynni að reynast óbær um að rísa undir. En í þessu liggur nú vonandi engin fórn, a. m. k. ekki frá þeirra manna sjónarmiði, sem treysta því, að Kveldúlfi lánist að greiða allar sínar skuldir, hvern einn einasta eyri. En bregðist það traust, þá munu fleiri stoðir bresta í þessu þjóðfélagi, því ekkert nema stöðug óáran eða óslitið pólitískt stjórnleysi getur valdið því, að Kveldúlfur fái ekki risið undir sínum skuldum.

Við, eigendur Kveldúlfs, höfum fyrr lent í dálítið svipaðri aðstöðu. Eftir sigur núverandi stjórnarflokka 1927, tókum við til íhugunar, hvort ekki væri ráðlegast að draga okkur út úr þessari stóriðju, sem alveg var sýnilegt, að eiga myndi örðugt uppdráttar og a. m. k. mjög hæpna framtíð undir pólitískum yfirráðum manna, sem ekki hefðu nægilegan skilning á nauðsyn stórútvegsins fyrir þjóðarbúskapinn og allan almenning í landinu og höfðu valið sér að vígorði margvíslegar árásir í garð útvegsins og eigenda hans. Ég játa að vísu að okkur kom aldrei til hugar, að svo langt yrði gengið sem raun ber vitni um. En engu að síður er hitt rétt, að áhættuna sáum við fyrir og skildum hana a. m. k. að nokkru leyti.

Við vorum allir ríkir og gátum því að því leyti heilum vagni heim ekið, að fjárhagslegri framtíð okkar og skylduliðs okkar var einstaklega vel borgið. Við gátum valið okkur hlutskipti auðmannsins, sem lifir áhyggjulausu lífi af fé sínu og vísum gróða, eins og t. d. Héðinn Valdimarsson. Við hefðum auðvitað getað haft einhverja hæga atvinnu og hugsað um það eitt, að auka gróðann, hvernig svo sem öðrum vegnaði, eða jafnvel að græða því meir, sem aðrir voru harðar leiknir, eins og t. d. oliusalinn Héðinn Valdimarsson. En í þessu sáum við ekki það fyrirheitna land, er við sóttumst eftir. Við höfðum efnazt, og því meir, sem þeim vegnaði betur, er hjá okkur og með okkur unnu. Okkur fannst sem okkur bæri skylda til að halda áfram að eiga samleið með þessu fólki. Með því höfðum við grætt, með því urðum við þá líka að tapa, ef þjóðin átti þrengingar í vændum. Kveldúlfur

hafði vaxið upp og auðgazt með þjóðinni. Honum bar því enn að sitja að sama borði og sætta sig við mögru kýrnar eins og aðrir, ef það yrði hlutskipti þjóðarinnar.

Ef til vill munu nú margir segja, að við höfum gert skakkt og ekki reynzt nægjanlega framsýnir. Vafalaust er það rétt, að fyrir okkur sjálfa hefði að mörgu leyti reynzt farsælla að bjarga okkar fé og láta aðra hugsa um sig sjálfa, en fyrir heildina hefði það varla orðið drýgra. Og hitt verður að efa, að nokkurn Íslending hafi svo mikið sem rennt grun í öll þau ósköp, sem fram eru komin, eða séð fyrir alla þá örðugleika, sem íslenzkir atvinnurekendur hafa orðið að glíma við. Ég dreg í efa, að í nokkru landi Evrópu hafi orðið jafn áþreifanleg röskun milli tilkostnaðar og afrakstrar við höfuðframleiðslu þjóðarinnar eins og orðið hefir á sjávarútvegi Íslendinga. Og ég er alveg viss um, að það er ekkert nema óvenjumikið og vaxandi þrek og dugnaður sjómanna og útvegsmanna, sem bjargað hefir því, að við þó hjörum ennþá.

Nokkrar tölur sanna þetta betur en mörg orð. Fyrir ófriðinn mikla var mánaðarkaup á togurum 70 krónur. Verð á kolum og salti var þá 20 til 25 krónur. Nú er mánaðarkaup þrefalt. Kola- og saltverð tvöfalt. Jafnframt tekur hið opinbera í óbeina skatta 20 þús. kr. árlega af meðaltogara, í meðalárferði, en nær allan gróðann ef vel árar, og samtímis er svo athafnafrelsið skert á öllum sviðum og með því dregið úr afkomuskilyrðunum.

Það er óhugsandi annað en slíkar staðreyndir hljóti að speglast glögglega í efnahag útvegsins, enda gera þær það. Allur þorri atvinnurekenda á sjó og landi hefir nú tapað aleigunni og þúsundir þeirra orðið að leita á náðir kreppulánanna. Hafa þeir margir ekki getað greitt nema 2 til 5% af óveðtryggðum skuldum, og er Samvinnufélag Ísfirðinga undir stjórn Finns Jónssonar eitt sorglegasta dæmið um raunasögu útvegsins á síðari árum. Af 250 þús. kr. óveðtryggðum skuldum gat það ekki greitt nema 12½ þús. kr. eða 5%, og varð auk þess svo einstakt í sinni röð, að það varð að fá 147 þús. kr. eftirgefnar af sjálfum veðskuldum félagsins, til þess að geta flotið áfram þetta árið. Má að vísu vera, að þessu félagi hafi verið illa stjórnað, en því mun þó alls ekki vera til að dreifa um bæjarútgerð Hafnarfjarðar, sem þó hefir árlega tapað stórfé. Munu eignir hennar nú eigi vera meiri en 40% af skuldum hennar, og töpin svo stórvægileg, að þau jafngilda því, að Kveldúlfur hefði tapað 4 millj. kr., frá því bæjarútgerðin tók til starfa.

Ég þarf ekki að nefna fleiri dæmi því til sönnunar, að tap útvegsins er almennt og undantekningarlitið. Allur landslýður hlýtur að þekkja þá sorglegu staðreynd, ýmist af sjón eða reynd. Töp Kveldúlfs eru því ekkert einsdæmi og gefa ekkert tilefni til árása á stjórn félagsins fremur en aðra útvegsmenn, nema síður sé. Og árásarefnið yrði fyrir alla eitt og hið sama, nefnilega það, að hafa ekki stöðvað slíkan taprekstur fyrir löngu og krafizt lagfæringar á hlutföllunum milli tilkostnaðar og afrakstrar, að svo miklu leyti sem Íslendingum er það í sjálfsvald sett.

Við eigendur Kveldúlfs stöndum nú að nýju á krossgötum. Við verðum að horfast í augu við afleiðingar þess, að við drógum ekki saman seglin og hættum útgerð, meðan við vorum ríkir. Við verðum að gera okkur ljóst, að aleigan er kannske töpuð, og að héðan af eru það eigur annara, sem hætt er í að halda uppi þessum atvinnurekstri. Við veljum enn að halda áfram. Við kjósum að þiggja boð foreldra okkar um veðsetningu eigna þeirra. Við treystum framtíð þjóðarinnar. Við treystum starfsþreki okkar sjálfra. Við kjósum að berjast þar til yfir lýkur og gera annað tveggja, að falla með sæmd eða greiða hvern einasta eyri skulda okkar.

Hér er nú borið fram frv. um að Kveldúlfur skuli gerður gjaldþrota.

Ég vek athygli á því, að samkv. landslögum heyrir það mál undir banka landsins. Ég vek athygli á því, að samkv. landslögum gilda, án sérstakrar lagasetningar, ákvæði um þá, sem ekki teljast eiga fyrir skuldum. Ég vek athygli á því, að með sérstakri löggjöf hefir Alþingi hrifið nær 3000 framleiðendur til lands og sjávar úr klóm þeirrar löggjafar og veitt þeim, ásamt öðrum hverjum hreppi á landinu og nær öllum kaupstöðum landsins skuldaskil án gjaldþrots. Ég vek athygli á því, að það er ekki látið nægja að meina Kveldúlfi aðgang þeirra friðinda. Það er heldur ekki látið nægja að skilja hann eftir sem bráð gjaldþrotalaganna. — Það dugir ekki minna en það, að taka hann einan út úr og setja um hann alveg sérstaka löggjöf og ákveða, að hann skuli tafarlaust gerður gjaldþrota. Ég vek athygli á því, að frv. ákveður, að Kveldúlfur skuli gerður gjaldþrota, alveg jafnt þótt hann í raun og veru ætti eignir langt umfram skuldir, því að í frv. stendur, að mat á eignum Kveldúlfs skuli „miðað við verðlag á eignum félagsins í frjálsri sölu á yfirstandandi tíma". Teljist félagið ekki eiga fyrir skuldum samkvæmt slíku mati, skal það gert gjaldþrota. Ég bið menn vel að athuga, að miða á við söluverð á yfirstandandi tíma, þ. e. a. s. þegar fæstir geta og enginn vill kaupa fasteignir og skip.

Hvað skyldu þeir verða margir framleiðendurnir á Íslandi, sem sæmilega samvizkuliprir matsmenn gætu ekki talið illa stæða eftir slíku mati? Og hvað skyldu vera margir aular á Íslandi, sem ekki vita, að með því móti mætti gera næstum hvern einasta framleiðanda gjaldþrota, enda þótt stórríkir séu, einungis ef þeir skulda út á eignir sínar?

Ég vek — með hálfum hug þó, því ég vil forðast að vekja hlátur — athygli á því, hvaða menn það eru, sem þetta frv. bera fram. Í fararbroddi er Héðinn Valdimarsson, — maðurinn, sem með ofláukrinu hefir valdið mestu um eignamissi allra þeirra útvegsmanna, sem í skuldaskilasjóði lenda. Í fylgd með honum er maður, sem tæplega er kominn í utanyfirbuxurnar, eftir að hafa sloppið við 95% af skuldum sínum, án gjaldþrots þó, og annar, sem ábyrgð ber á bæjarútgerðinni, sem eiga mun 40% eigna móti skuldum, og loks sá, er fyrir þetta sama Alþingi leggur frv. um eftirgjafir og ríkissjóðsgreiðslu skulda þess fyrirtækis, er

hann sjálfan hefir brauðfætt. Hæfa þessir hermenn að vísu vel málstaðnum, en brosleg er hjörðin, og ekki sízt fyrir það, að þeir eru lagðir í leiðangur gegn mönnum, sem leggja aleiguna að veði fyrir afkomu útgerðar sinnar, en sjálfir hafa þessir dátar ekki hætt einum einasta eyri í þau fyrirtæki, sem þeir hafa efnast sæmilega á og haft af tekjur, meðan við vorum að tapa öllu okkar.

Og loks vek ég athygli á því, að í sjálfri grg. frv. er byggt á því, að Kveldúlf vanti 750 þús. kr. upp í skuldir sínar, en þó er frv. borið fram í því skyni, að varna því, að bankarnir taki viðbótarveð fyrir skuldum Kveldúlfs, sem samkvæmt lægsta mati er að nettóandvirði a. m. k. 1½ millj. kr.

En frv. er einstakt um fleira, — svo einstakt, að það á engan sinn líka í þingsögu menningarþjóða. Flm., HV, var að leitast við að skýra það. Af þeirri tilraun sást, að hann skilur ekki efni þess og afleiðingar, og verð ég því að koma honum til hjálpar. Höfuðefnið er, eins og ég áðan gat um, að lánardrottnar Kveldúlfs og hæstiréttur skipi 3 manna nefnd til að framkvæma skyndimat á eignum Kveldúlfs, miðað við núverandi söluverð. Teljist félagið samkv. því mati ekki eiga fyrir skuldum, skal það tafarlaust gert gjaldþrota. Koma síðan mörg og ekki þrauthugsuð fyrirmæli um skipun og störf skilanefndar, meðan á skiptunum stendur. Ég bið nú hv. þm. að athuga það, að þegar Héðinn Valdimarsson ber fram þetta frv., þá veit hann, að Kveldúlfur er búinn að bjóða fram eigur Thors Jensens til viðbótar tryggingum skulda félagsins. Hann veit, að báðir bankarnir telja sjálfsagt að taka því boði, vegna þess að þeir álíta, að bæði hag bankanna og hag þjóðfélagsins sé bezt borgið með því. Hann veit, að Kveldúlfur hefir tryggt sér lánsfé til að reisa nýja síldarverksmiðju á Hjalteyri, sem tryggja mun hundruðum manna ágæta atvinnu. Hann veit, að horfur eru á, að saltfisksvertíðin muni bregðast. Hann veit að fólkið er atvinnulaust og ríki og bankar í gjaldeyrisskorti. Hann veit, að til síldarinnar mæna allir vonaraugum. Allt þetta veit Héðinn Valdimarsson. En hann veit það líka, að verði frv. hans samþ., gerir hann sitt til þess að hindra að eigur Thors Jensens tryggi skuldir Kveldúlfs og að hin nýja síldarverksmiðja rísi á Hjalteyri. En með því sviptir hann hundruðum manna ágætri atvinnu og dregur úr líkunum fyrir því, að ríkið geti staðið í skilum út á við.

En það er fleira, sem leiðir af frv. Héðins Valdimarssonar, sem hann ætti að vita, úr því að hann ræðst í að flytja slíkt frv. Frv. þetta átti að koma á dagskrá fimmtudaginn 18. þ. m. Héðinn Valdimarsson bað þá forseta að fresta því til mánudagsins 22. s. m. Síðan bað hann um útvarpsumræður og vissi, að með því gat frv. ekki komið á dagskrá fyrr en í gær eða dag. Nú kemur til kasta þingsins. Varla ætlast Héðinn Valdimarsson til, að Sjálfstfl. flýti fyrir slíku máli gegnum þingið. En geri sjálfstæðismenn það ekki, en tefji þó á engan hátt, nema með því að synja um afbrigði, og sé gert ráð fyrir, að allt stjórnarliðið standi svo einhuga að þessu ófremdarverki, að notuð hefði verið til hins ýtrasta sérhver heimild hinna nýju þingskapa um að neita mönnum um málfrelsi og varna allrar athugunar málsins í n. og bægja frá öllum brtt., þá gat málið þó ekki fengið afgreiðslu frá þinginu fyrr en hinn 10. apríl. Segjum, að konungsstaðfesting fengist tafarlaust, svo að hægt væri að skipa matsnefnd hinn 11. apríl. Vilji nú sjálfstæðismenn engan þátt eiga í þeirri skipun, getur landsbankanefndin ekki tilnefnt sinn nm., því að fundir hennar eru ólögmætir, ef sjálfstæðismenn ekki sækja þá. Þá á ráðh. að útnefna manninn, en ekki fyrr en eftir 3 daga. Þann 14. apríl, eða öllu heldur þann 15. eða 16. apríl, getur þá matsnefndin tekið til starfa. Segjum, að hún sé vel skipuð og svo verkvön, að hún telji sig geta metið a. m. k. eins rétt eins og til er ætlazt allar eigur Kveldúlfs á sjó og landi, alveg án þess að líta á eina einustu þeirra, og ljúki þess vegna störfum tafarlaust og um leið og hún tekur við þeim, og dæmi Kveldúlf gjaldþrota, enda þótt yfirskattanefndarmaðurinn Héðinn Valdimarsson hafi á síðastl. ári haldið á því með allri festu, að félagið ætti eina millj. kr. umfram skuldir. Þá á nú að fara að skipa skilanefnd eftir tillögum erlendra og innlendra banka. Sú nefnd á svo að tryggja lánsfé, og snjallræðið, sem Héðni Valdimarssyni og öðrum spekingum, sem flytja þetta frv. hefir hugkvæmzt til þess að ná þessu lánsfé, er það, að þeir, sem það veita, skuli eiga forgangsveð í eignum félagsins. En þegar þess er gætt, að þeir, sem lánið helzt mundu veita, og raunar þeir einu, sem til mála geta komið, eru einmitt sömu bankarnir, sem nú eiga kröfurnar á Kveldúlf og því við gjaldþrot væru orðnir eigendur að eignum félagsins, þá held ég, að öllum hljóti að skiljast, að þetta snjallræði er áreiðanlega arfur frá Bakkabræðrum. Ég verð þess vegna að gera ráð fyrir, að einhver dálítill dráttur gæti orðið á að útvega þetta lánsfé með þessum hætti, en ef það þá einhverntíma tekst, á samt að því loknu að fara að útbúa skipin til veiða. En þá er líka vel fyrir öllu séð, því að þá er vertíðinni lokið.

Þetta frv. er því jafnviturlegt og það er góðgjarnt. Má vera, að kommúnistar gleðjist yfir því, en það er þá fremur hjartað en heilinn.

Frv. er nú úr sögunni, þar sem Kveldúlfur hefir gert samninga við lánardrottna sína um áframhaldandi rekstur. En það mun þó lifa í endurminningunni sem vottur óvenjulegs pólitísks ofstækis fárra forustumanna, sem risið hafa gegn vilja og hagsmunum kjósenda sinna, undir forystu þess leiðtoga, sem minnsta hefir gætnina og minnst vald á skapsmunum sínum.

Dómur í þessu máli er nú kveðinn upp af hinum réttu aðiljum. Bankarnir áttu að dæma í málinu. Bankarnir hafa dæmt í málinu, og Kveldúlfur heldur nú áfram sinni starfsemi með meiri krafti en nokkru sinni. Almenningur í landinu getur varla verið í miklum vafa um það, hvor sé öruggari dómari í þessu máli, bankarnir eða Héðinn Valdimarsson. — En skyldi nokkur telja, að bankarnir hefðu litið eingöngu eða um of á hag Kveldúlfs, er rétt að upplýsa, að þeir þm. Framsfl., sem um málið hafa fjallað, hafa ýmist beitt sér fyrir eða látið afskipta-

lausa þessa samninga. Trúi því svo hver sem vill, að ást þeirra manna á Kveldúlfi og eigendum hans sé allt í einu orðin svo stjórnlaus og tryllt, að hennar vegna sé hlaupið svona greypilega út undan sér, að Héðinn Valdimarsson geti ekki fengið svo mikið sem einn einasta þessara samherja sinna í fylgd með sér í ofsóknaræðinu á hendur Kveldúlfi.

Nei, dómurinn er jafn skýr eins og skömm Héðins Valdimarssonar er ótvíræð. En það er að vísu bágt fyrir hann, en mikil gæfa hjá því, ef hann hefði fengið að þjóna lund sinni í þessu máli og getað knúið fram gjaldþrot Kveldúlfs. Með því hefði verið drýgður glæpur, sem vel gat haft sínar afleiðingar. Því að frv. Héðins Valdimarssonar er frv. til l. um það, að vegna þess að tveir af þm. Sjálfstfl. og bræður þeirra eiga Kveldúlf, þá skuli félagið gert gjaldþrota, enda þótt það ætti eignir langt umfram skuldir. Það er frv. til l. um það, að varna því, að eigur Thors Jensens séu settar til tryggingar skuldum Kveldúlfs. Það er frv. til l. um það, að varna því, að reist verði ný stór síldarverksmiðja á Hjalteyri, er veiti hundruðum manna nýja góða atvinnu og stórauki jafnframt líkurnar fyrir því, að þjóðin geti staðið í skilum út á við. Það er frv. til l. um að varna því, að togarar Kveldúlfs verði gerðir út á saltfiskveiðar á þessari vertíð. Það er frv. til l. um neikvæða stjórnmálastefnu Héðins Valdimarssonar. Það er frv. til l., sem orðið var lík, áður en það var rætt á þessu þingi. Það er frv. til l., sem gera mun flutningsmann þess, Héðinn Valdimarsson, að pólitísku líki fyrr eða síðar.

Ég skal svo ljúka þessari ræðu með svipuðum orðum eins og ég hefi áður viðhaft í þessu máli.

Góðir hlustendur! Athugið að lokum þetta: Fjöldi manna í landinu fá skuldaskil og áframhaldandi rekstrarfé með því að greiða 2—5% af skuldum sínum. Kveldúlfur býður fram allar eigur Thors Jensens upp í skuldir sínar. Kveldúlfur hefir sett meir en 100 % tryggingu fyrir skuldum sínum. Kveldúlfur hefir útvegað sér fast að einni milljón króna erlent lán til stórkostlegs atvinnuauka verkalýðnum til handa. Lánardrottnarnir kasta milljónum í sjóinn, ef krafizt er skyndisölu á eigum Kveldúlfs. Verkalýðurinn missir milljónir í atvinnu, ef Kveldúlfur verður stöðvaður. Samt sem áður er Kveldúlfur látlaust ofsóttur af þeim, sem kalla sig vini verkalýðsins, en allir aðrir útvegsmenn látnir í friði, stórir og smáir, vel stæðir sem skuldugir. Hvernig stendur á þessu? Hvernig stendur á því, að óskammfeilni er svo taumlaus og skefjalaus, að þess er með blæjalausu blygðunarleysi krafizt, að ein lög gangi yfir Kveldúlf, en önnur lög yfir alla aðra? Það stendur þannig á því, góðir áheyrendur, að ofsóknin er ekki eingöngu persónuleg, heldur einnig fyrst og fremst pólitísk.

Baráttan um Kveldúlf er baráttan um þjóðskipulagið. Kommúnistarnir í stjórnarliðinu hugsa á þá leið, að verði Kveldúlfur brotinn á bak aftur, muni önnur fyrirtæki einkaframtaksins auðunnari, allt verði þá léttara í sviftum og hægara viðfangs.

Kveldúlfur fyrst. Önnur útgerðarfyrirtæki næst. Smákyrkja verzlunina. Iðnaðinn á sínum tíma. Bændur smátt og smátt. Þetta er stefna og starfsskrá kommúnista.

Það má botna þessa hálfkveðnu vísu með tvennum hætti:

Öflugt viðnám sjálfstæðisstefnunnar í tæka tíð eða hrun þjóðfélagsins, förgun fjármuna og frelsis í hendur erlendum ríkjum.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Með frv. því um skiptameðferð á búi h.f. Kveldúlfs, sem hér liggur fyrir til umr., er lagt til, að gengið verði inn á nýja, áður óþekkta braut í löggjafarstarfsemi. Samkvæmt því á Alþingi að gefa fulltrúum, sem það ákveður, hvernig skuli kosnir, vald til þess að dæma um, hvort ákveðið fyrirtæki eigi fyrir skuldum eða ekki, og ef fyrirtækið dæmist að eiga fyrir skuldum samkvæmt skyndimati ákveður Alþingi, að það skuli tafarlaust tekið til gjaldþrotaskipta.

Ég skal strax taka það fram, að Framsfl. álítur stórhættulegt fordæmi í því, að Alþingi taki sér vald til að dæma um verðmæti eigna einstakra manna og fyrirtækja, jafnvel þótt sérstökum aðiljum sé framselt valdið. Slíkt fordæmi gæti mjög auðveldlega, að Framsfl. áliti, opnað leið fyrir fleiri slíkum málum hér á Alþingi. Er óvandur eftirleikurinn í því efni. Íhaldið mundi t. d. ekki verða í vandræðum með að rökstyðja með slíku fordæmi ráðstafanir sínar til þess að koma á kné þeim fyrirtækjum, sem ekki fyndu náð fyrir þess augum, ef það kynni einhverntíma að komast í meirihlutaaðstöðu á Alþingi ásamt sínum fylgifiskum. Væri auðvelt að skipa hlutdræga menn til að rannsaka og framkvæma „skyndimat" á fjárhag fyrirtækja, sem valdaflokkum eru þyrnir í augum, og leysa þau síðan upp með úrskurði þessara aðilja. Þá er einnig mjög vafasamt, að ákveða skilyrðislaust með lögum, að ákveðið fyrirtæki skuli tekið til skiptameðferðar, jafnvel þótt það teljist ekki eiga fyrir skuldum á einhverju tilteknu augnabliki, miðað við skyndisölu eigna. Það getur verið hagkvæmt fyrir lánardrottna að fresta uppgjöri um skeið, ef boðin eru sérstök kjör, og til þess eru mýmörg dæmi, að svo hefir verið gert. Ennfremur fæ ég ekki betur séð en að ákvæði þessa frv. séu miðuð við það, að lánsstofnanirnar geti ekki tekið til greina innskotsfé eða nein önnur verðmæti, sem lögð væru fram til fyrirtækisins, sem frv. fjallar um, heldur skuli það tekið til skiptauppgjörs, hvað sem öllu slíku líði.

Framsfl. lítur svo á, að skuldamáli Kveldúlfs beri fyrst og fremst að ráða til lykta í bönkunum, eins og öðrum slíkum málum. Framsfl. hefir þá skoðun, að það verði fyrst og fremst að skipa yfirstjórn bankanna svo hæfum mönnum, að þeir reynist á hverjum tíma færir um að leysa þau viðskiptalegu vandamál, sem að höndum ber, á heilbrigðum grundvelli. Ef forráðamenn bankanna hinsvegar tækju eða ætluðu að taka þær úrlausnir í málum, sem Alþingi og meiri hluti þjóðarinnar ekki gæti sætt sig við, þá yrði að gera ráðstafanir til þess að hafa áhrif á úrlausn málanna með nýju vali

trúnaðarmanna Alþingis í bönkum, — trúnaðarmanna, sem trúandi væri til þess að ráða fram úr málunum eftir réttum, fjármálalegum rökum.

Eins og ég hefi nú lýst, er aðalatriði þessa frv., að Alþingi taki fram fyrir hendur bankanna í skuldamálum Kveldúlfs. Hafa menn gert sér ljósa þá ábyrgð, sem slíkri ráðstöfun fylgir? Hver ber ábyrgð á meðferð þrotabúsins undir þeim kringumstæðum? Ekki geta bankarnir gert það, þar sem þeir yrðu að hlíta fyrirsögn Alþingis um meðferð málsins. Ef frv. þetta yrði samþ., hvíldi ábyrgðin á framhaldsrekstri togaranna á Alþingi — á ríkinu. Í frv. er að vísu gert ráð fyrir því, að rekstrarlán til fyrirtækisins, á meðan á uppgjöri stæði, yrðu forgangskröfur — kæmu til greiðslu á undan kröfum núverandi lánardrottna, m. ö. o. að fyrirtækið yrði rekið á ábyrgð bankanna óákveðinn tíma. En geta menn yfirleitt gengið út frá því, að slíkt geti staðizt, þegar ákvörðunaraétturinn um það, hvort ganga skuli að fyrirtækinu eða ekki, er tekinn af bönkunum með lögum? Allt öðru máli væri að gegna, ef bankarnir gengju að, eins og venja er til. Sá aðili verður vitanlega að taka afleiðingunum, sem gerir ákvörðunina. Ef sú aðferð yrði notuð í skuldamálum Kveldúlfs, sem í frv. er ráðgerð, sé ég ekki annað en að ríkið — Alþingi — yrði að taka á sig ábyrgðina á meðferð og rekstri búsins.

Niðurstaðan af þessum aths. mínum við frv. það, sem hér liggur fyrir til umræðu, er sú, að Framsfl. er mótfallinn þessu frv. og mun ekki ljá því fylgi sitt. Fjármálabrögð Kveldúlfs verður að stöðva eftir bankaleiðum, eins og Framsfl. hefir lagt grundvöll að og bráðlega verður að vikið. Það mál verður að leysa þannig, að hvorstveggja sé gætt, hagsmuna bankanna, sem eru alþjóðareign, og þeirrar þjóðarnauðsynjar, sem á því er, að stöðva eyðslu og undandrátt Kveldúlfs á kostnað þjóðarinnar.

Ég verð að biðja hæstv. forseta að afsaka, þótt ég taki þessu næst þann kost nú við 1. umr. frv., að tala nokkuð almennt um það, sem í daglegu tali er kallað „Kveldúlfsmál". Það verður ekki hjá því komizt, að gera því máli skil við meðferð þessa frv., er hér liggur fyrir til umr. Framsfl. hefir mjög eindregið gagnrýnt framkomu þeirra, sem standa að h. f. Kveldúlfi. Hefir hvað eftir annað verið sýnt fram á það í blöðum flokksins, að jafnhliða því, að skuldir hlóðust á fyrirtækið, hafa út úr því verið dregnar stóreignir á nafn Thors Jensens. Jafnframt hefir kostnaður við yfirstjórn félagsins verið úr hófi fram, skuldirnar hlaðizt upp og fyrirtækið eigi reynzt megnugt að standa í skilum við bankana. Ennfremur hefir fyrirtækið lánað eigendum sínum, sem eru Thorsbæður, stórfé til persónulegrar eyðslu og til að byggja fyrir dýr hús. Þetta fé hefir verið lánað út úr fyrirtækinu tryggingaog vaxtalaust. Einnig hefir sú stefna bankanna, að halda áfram að lána þessu fyrirtæki, án þess að ráðstafanir væru gerðar til þess að fyrirbyggja slíka meðferð félagsins á lánsfénu, verið gagnrýnd í blöðum Framsfl. Hefir þessari gagnrýni verið fylgt fast eftir, sérstaklega síðasta ár, og má segja, að hún hafi náð hámarki sínu með grein eftir formann flokksins, Jónas Jónsson, sem hann ritaði í flokksblöðin, er hann nefndi: „Hingað og ekki lengra".

Þetta ástand varð ekki lengur þolað. Kveldúlfssukkið varð að stöðva, og bankarnir að knýja fram, að fyrirtækið gerði hreint fyrir sínum dyrum og sætti sömu meðferð og aðrir, er lán fá hjá bönkunum. Stjórnarflokkarnir hafa að vísu verið í minni hluta í bankaráði Landsbankans síðan árið 1934, að bændaflokksmennirnir, sem kosnir voru í bankanefndina með atkv. Framsfl., notuðu klækibrögð til þess að sölsa undir sig oddaatkvæðið í bankaráðinu. En jafnvel þótt svona stæði á, þá hefir Framsfl. verið ljós ábyrgð sín á úrslitum Kveldúlfsmálsins, þar sem flokkurinn er í stjórnaraðstöðu. Landsbankinn er þjóðbanki, og Alþingi hefir í raun og veru yfirstjórn hans í sínum höndum með milligöngu kjörinna fulltrúa. Fulltrúi Framsfl. í bankaráðinu og fulltrúi fjmrn. þar, form., sem skipaður er af mér, hafa líka haft opin augun fyrir þessu máli, og var það tekið til sérstakrar meðferðar í haust af bankaráðsformanninum, Jóni Árnasyni. Lýsti hann þá yfir því, að hann teldi ekki geta komið til mála að lána Kveldúlfi áfram, nema einhverjar stórfelldar ráðstafanir yrðu gerðar til bóta í viðskiptum félagsins, og studdist þessi skoðun formannsins við skýrslu um efnahag og rekstur fyrirtækisins, sem hann lagði fram í bankanum. Áður hafði Jón Árnason mjög oft vakið athygli á viðskiptum Kveldúlfs innan bankaráðsins og gert ítrekaðar tilraunir til þess að hafa heilbrigð áhrif á viðskipti bankans við þetta fyrirtæki, og síðast í ársbyrjun 1936 með því að koma fram þeirri samþykkt í bankaráði Landsbankans, að Kveldúlfi skyldi eigi lánað neitt nema til rekstrarins gegn veði í afla. Um svipað leyti og Jón Árnason gaf Landsbankanum sína skýrslu, ákvað fulltrúaráð Útvegsbankans að krefjast tryggingar frá Kveldúlfi fyrir skuldum hans við bankann eða greiðslu skuldarinnar að öðrum kosti.

Ég hefi fylgzt með skuldamálum Kveldúlfs undanfarið. Ég hefi talið það skyldu mína, þar sem um jafnstórt mál var að ræða fyrir bankana, ekki sízt þjóðbankann. Það hefir legið fyrir, og verið kunnugt þeim, sem mest eiga hlut að máli, að ef skuldamál Kveldúlfs fengju ekki þá afgreiðslu í þjóðbankanum, sem ríkisstjórnin teldi hæfilega, þá myndi það af hennar hálfu ekki látið afskiptalaust.

Thorsbræður hafa alltaf tekið með mikilli frekju undir alla þá gagnrýni, sem haldið hefir verið uppi gegn Kveldúlfi í blöðum Framsfl. Hafa þeir haldið því fram, að ekkert væri athugavert við rekstur fyrirtækisins eða framkomu sína í viðskiptum við bankana og slegið því föstu, að þessi gagnrýni væri aðeins pólitísk ofsókn. En eftir að Thorsbræður fundu það, að nú átti að taka þetta mál föstum tökum innan bankanna, treystu þeir sér sýnilega ekki til þess að skella með öllu skolleyrunum við kröfum þeirra um að þeir stæðu í skilum. En löngu eftir að málið var komið á skrið innan lánsstofnananna, var því haldið hiklaust fram af

þeim bræðrum, að allt væri málið tilkomið vegna pólitísra ofsókna og að viðskipti þeirra við bankana væru ekkert athugaverð. Gengu þeir jafnvel svo langt að halda því fram, að Kveldúlfur ætti miklu meira en fyrir skuldum, og Morgunblaðið taldi hann bezt stæða fyrirtækið í landinu! Jafnvel löngu eftir að málið hafði verið tekið fyrir á hreinum bankagrundvelli, gekk formaður „Sjálfstæðisflokksins", Ólafur Thors, svo langt að halda um málið æsingafund innan flokks síns, þar sem hann skoraði á „Sjálfstæðisflokkinn" að nota flokksaðstöðu sína og vald til þess að veita „viðnám" gegn réttmætum kröfum bankanna á hendur félaginu.

Svo kom þó, að Thorsbræður treystust ekki til að sitja auðum höndum. Þóttust þeir þá ætla að gera bönkunum tilboð til úrlausnar í málinu, tilboðið, sem nú er þegar orðið frægt að endemum um land allt. Þeir þóttust ætla að leysa vanskilamál Kveldúlfs h. f. með því að selja Landsbankanum jarðeignir Thors Jensens í Mosfellssveit með áhöldum og áhöfn fyrir 2 millj. og 50 þús. kr. Kveldúlfur átti að fá þessar eignir frá Thor Jensen fyrir áhvílandi skuldir, kr. 350 þús., og allar útistandandi skuldir Kveldúlfs, að nafnverði ca. kr. 900 þús., eða samtals fyrir ca. 1250 þús. kr. að nafnverði, en mismunurinn á kaupverði Kveldúlfs á jarðeignum og þeim 2 millj. kr., sem Landsbankinn átti að gefa fyrir eignirnar, eða ca. 800 þús. kr. átti að ganga til að lækka skuldir Kveldúlfs við bankann. Landsbankinn fékk 2 menn til þess að meta eignir þessar, þá Steingrím Steinþórsson, búnaðarmstj., og Pálma Einarsson, ráðun. Steingr. mat eignirnar á 948 þús., þó með þeim fyrirvara, að mjólkurverðið héldist óbreytt, en Pálmi Einarsson mat þær á rúmlega 1,7 millj. Samkvæmt þessu mati P. E. ætti ekki að vera örðugt að búa í Mosfellssveitinni — ekki eins örðugt og sumir flokksbræður P. E. vilja vera láta. Hver maður, sem nokkuð þekkir til, getur nú sagt sér það sjálfur, að mat Pálma Einarssonar nær engri átt, og að hitt mun sanni nær, að mat Steingríms búnaðarmálastjóra sé nálægt því rétta, og þýddi því þetta tilboð Thorsbræðra til Landsbankans sama sem rúml. einnar millj. kr. eftirgjöf á skuldum Kveldúlfs h. f.

Þetta var tilboðið, sem Thorsbræður vildu fá „Sjálfstfl." til að fylgja eftir, en veita viðnám gegn öllum öðrum kröfum bankanna, þar sem allar aths. um vanskil og óhæfilega fármeðferð þeirra bræðra væru af pólitískum toga spunnar. Sýnir þetta mætavel, hverskonar aðferðir yrðu viðhafðar til þess að gefa Kveldúlfi eftir skuldirnar, ef „Sjálfstæðisfl." mætti ráða undir handleiðslu Kveldúlfsmanna. Enda þarf ekki að leita raka í þetta fræga tilboð til þess að sannfærast um, hvað „Sjálfstæðisflokkurinn" vildi gera í Kveldúlfsmálinu. Það þarf ekki annað en að kynna sér frv. til laga um skuldaskil útgerðarmanna, sem „Sjálfstæðisflokkurinn" bar fram hér á Alþingi á sínum tíma, þar sem gert er ráð fyrir, að stórútgerðinni yrðu gefnar eftir skuldir í stórum stíl, og þá vitanlega Kveldúlfi ekki síður en öðrum. Það liggur því alveg ljóst fyrir, að ef „Sjálfstæðisflokkurinn" hefði meirihlutaaðstöðu á Alþingi, og það þótt einhver hluti hans kynni að kalla sig „Bændaflokk"!, myndi sú aðstaða verða miskunnarlaust notuð til þess að gefa Kveldúlfi eftir stórfé af skuldum sínum á kostnað almennings, annaðhvort beinlínis eða óbeinlínis, með því að láta þjóðbankann kaupa eignir Thorsbræðra langt yfir sannvirði, eins og tilboðið um jarðakaupin hefir gefið vísbendingu um. „Sjálfstæðisflokkinn" hefði áreiðanlega ekki klígjað við slíkri eftirgjöf til Kveldúlfs, á sama tíma og fjölskyldan, sem að honum stendur, hefði setið með stóreignir skuldalausar, sem dregnar hafa verið út úr fyrirtækinu áður en versna tók í ári. Því dæmalausa tilboði Kveldúlfsmanna, sem lýst hefir verið hér að framan, var auðvitað gersamlega hafnað, þótt hinsvegar enginn efist um, hvað orðið hefði, ef flokkur Ólafs Thors hefði ráðið yfir bankamálunum.

Þegar hér var komið málinu, munu Thorsbræður hafa verið farnir að sjá, að fast myndi verða tekið á málunum og engin tylliboð tekin til greina. Fyrirtækið myndi verða gert upp, hvað sem öllum slíkum tylliboðum liði. Thorsbræður munu og hafa verið farnir að gera sér grein fyrir því, að þeir myndu ekki hljóta neina sérstaka samúð landsmanna, þótt þannig yrði á málunum tekið eftir málavöxtum, ekki síst þar sem sannað var, að þeir höfðu dregið stórfé út úr fyrirtækinu til föður síns, meðan sæmilega gekk, en látið tapskuldirnar aftur safnast fyrir hjá bönkunum, þegar versna tók í ári. Framkomu þeirra bræðra mætti helzt líkja við síldarútgerðarmann, sem hefði gefið konu sinni eða föður allan gróða góðu áranna, jafnótt og hann féll til, en látið tapið síðan skella á lánardrottnunum. Slík aðferð er orðin of kunn og gagnrýnd til þess að hljóta samúð þjóðarinnar.

Eftir að málinu var þannig komið, gerðu Thorsbræður bönkunum annað tilboð. Bar það tilboð með sér, að þeim bræðrum var nú fullkunnugt, að ekki dygði annað en tjalda því, sem til væri, til þess að lagfæra fjárreiður fyrirtækisins og hag þess gagnvart lánsstofnunum, ef fyrirtækið ætti ekki að vera tekið til gjaldþrotaskipta þegar í stað. Þeir buðust því til að skila sem veðum til bankanna meginhlutanum af þeim eignum, sem dregnar höfðu verið út úr fyrirtækinu til Thors Jensens. Á móti þessu vildu þeir fá rekstrarlán og nokkurt stofnkostnaðarlán til síldarverksmiðju, er þeir hyggjast að reisa á Hjalteyri við Eyjafjörð, og höfðu þeir fengið leyfi til þeirrar byggingar hjá atvmrh., samkvæmt einróma meðmælum stjórnar síldarbræðslna ríkisins. Jafnframt vildu þeir fá lægri vexti af sínum eldri skuldum en áður höfðu verið reiknaðir.

Þetta tilboð var tekið til yfirvegunar af Landsbanka Íslands. Var mér um það vel kunnugt og fylgdist, fyrir milligöngu bankaráðsformannsins,með öllum gangi málsins. Eftir að þetta tilboð hafði verið nákvæmlega athugað, setti Landsbankinn Kveldúlfi h. f. úrslitakosti um viðskipti við bankann, og voru þeir í aðalatriðunum þessir:

a) Kveldúlfur h. f. skyldi veðsetja allar eigur sínar, fastar og lausar, fyrir skuldum sínum við bankana.

b) Thorsbræður og aðrir skuldunautar Kveldúlfs skyldu veðsetja fyrirtækinu eða bönkunum eignir sínar til tryggingar skuldum sínum við félagið.

c) Thor Jensen skyldi veðsetja bönkunum til tryggingar greiðslu á skuldum Kveldúlfs h.f. eftirtaldar eignir, sem munu vera allar fasteignir Thors Jensens og meginhluti lausafjár hans:

1) Allar jarðeignir Thors Jensens í Mosfellssveit með húsum, áhöldum og áhöfn.

2) Allar jarðeignir hans á Snæfellsnesi, Melshús á Seltjarnarnesi, lóðir í Reykjavík og Hafnarfirði, Haffjarðará með 4 húsum og íbúðarhús með lóð við Fríkirkjuveg 11 í Reykjavík.

Á þessum eignum mega þó hvíla á undan veði bankanna 350 þús. kr.

d) Að tveir sérstakir trúnaðarmenn frá Landsbanka Íslands hafi eftirlit með rekstri félagsins og hafi frjálsan aðgang að bókum þess og skjölum.

e) Að dregið verði úr öllum rekstrarkostnaði fyrirtækisins svo sem unnt er, m. a. með því, að framkvæmdastjórum sé fækkað í tvo.

f) Að engar fasteignir eða skip megi selja né kaupa nema með samþykki bankanna.

Gegn þessum skilyrðum myndi Landsbankinn veita félaginu rekstrarlán á þessu ári, eftir því sem hann teldi hæfilegt, gegn veði í framleiðsluvörum, og ennfremur lána 100—150 þús. kr. til greiðslu á vinnulaunum vegna byggingar síldarbræðsluverksmiðju á Hjalteyri, og sé lánið tryggt með 2 veðrétti. Félaginu heimilast að veðsetja Hjalteyrina með bræðsluverksmiðjunni með 1. veðrétti fyrir allt að £ 40.000—0—0— láni, sem félagið hefir tekið erlendis til að reisa verksmiðjuna, og veðsetja hana með 3. veðrétti til Willam Deacon's Bank, London, fyrir gömlum skuldum, að fjárhæð ca. 460.000 kr., enda fái bankinn þá ekki önnur veð fyrir þeirri skuld til viðbótar veði því, sem hann hefir haft í togaranum Agli Skallagrímssyni, síðan það skip var keypt.

Þetta voru þeir kostir, sem bankaráð Landsbanka Íslands ákvað að setja Kveldúlfi h.f. fyrir því, að áframhaldandi viðskipti við bankann gætu átt sér stað um eitt ár, ella lá ekki annað fyrir en að taka fyrirtækið þegar til gjaldþrotaskipta. Útvegsbankinn hefir einnig fyrir sitt leyti fallizt á þessa lausn.

Ég hefi minnzt á það hér að framan, að ríkisstjórnin hafði ótvírætt látið það í veðri vaka, að hún teldi sér ekki óviðkomandi, hvernig skuldamál Kveldúlfs h/f yrðu leyst, og ennfremur, að ég hafi fylgzt með skuldamálum þessum í bönkunum undanfarið. Þegar uppkastið lá fyrir að þeim úrslitakostum, sem ég nú hefi lýst, bar mér að taka ákvörðun um það, hvort ég vildi una við þessa lausn málsins eða neyta valds míns til þess að skjóta málinu til landsbankanefndarinnar, ef vera kynni, að hún liti öðrum augum á þetta en bankaráð Landsbankans, eða gera aðrar ráðstafanir til þess að hindra þessa lausn málsins. Eftir að hafa athugað þetta mál gaumgæfilega og borið mig saman við þingflokk framsóknarmanna og miðstjórn flokksins, ákvað ég að gera ekki tilraun til þess að hefta framgang málsins á þessum grundvelli og taka þar með á mig meðábyrgð á því, að þessi leið var valin í málinu. Mun ég nú færa nokkur rök fyrir því, að mér sýndist alveg einsætt að taka þann kost, er ég valdi.

Aðalatriðin í úrslitakostum bankans til Kveldúlfs h.f. eru hin nýju veð, sem sett skulu fyrir eldri skuldunum. Um það verður ekki deilt, eftir þeim upplýsingum, sem ég hefi fengið frá bönkunum og öllum, sem vel þekkja til, að þær eignir, sem þarna eru lagðar fram til veðsetningar fyrir skuldum Kveldúlfs h. f. væri ekki hægt að taka upp í skuldir Kveldúlfs, þótt hann yrði gerður upp nú þegar. Aðalatriði þessa máls er því það, að þarna er lagt fram nýtt verðmæti til tryggingar hinum eldri skuldum félagsins. Auðvitað má nokkuð um það deila, hvers virði þessar eignir eru, sem lagðar eru fram til veðsetningar, en um það verður aldrei deilt, að á íslenzkan mælikvarða er þar um stórfé að ræða, og skal ég nú gera örstutta grein fyrir mati á þessum eignum:

Allar eignir Thors Jensens í Mosfellssveit með húsum, áhöfn og áhöldum, samkvæmt mati Steingrims Steinþórssonar	948000,00
Jarðeignir á Snæfellsnesi, samkv. fasteignamati	291000,00
Lóðir í Reykjavík og Hafnarfirði, ásamt bletti á Seltjarnarnesi, samkvæmt fasteignamati	55900,00
Haffjarðará með húsum, að áliti kunnugra manna ca.	150000,00
Húseignin og lóðin nr. 11 við Fríkirkjuveg í Reykjavík, samkv. fasteignamati	149000,00
Alls eignir	1377000,00
Þar frá dragast áhvílandi skuldir	350000,00
Yrði þá verðmæti eignanna samkv. þessu til veðs	1027000,00

Nú mætti segja, að verðmæti Korpúlfsstaða og annara jarðeigna í Mosfellsveit myndi lækka, ef mjólkurverð lækkaði frá því sem nú er, en á móti kemur það, að fasteignirnar í Reykjavík og Hafnarfirði munu vera meira virði en talið er hér. En hvað sem um þetta er rætt fram og aftur, verður það aldrei fjærri einni miljón króna að verðmæti, að frádregnum skuldum Thors Jensens, sem boðið er fram til veðsetningar af eignum, sem áður hafa verið út úr Kveldúlfi dregnar, en ekki næst til, þótt gengið sé að Kveldúlfi nú þegar, þar sem þær voru dregnar út úr fyrirtækinu á þeim tíma, sem ekki var um deilt, að Kveldúlfur átti fyrir skuldum.

Þá er að gera sér ljóst, hverju bankarnir hætta aftur á móti við framhald rekstrarins um eitt ár, en það er skilyrðið fyrir að ná þessum veðum.

Lánið til síldarbræðslu á Hjalteyri getur ekki talizt verulegt áhættulán, þar sem fyrir því er 2. veðréttur í bræðslunni sjálfri og Hjalteyrar-

eigninni, og þar sem síldarbræðslustöðvar eru nú taldar einna arðvænlegust fyrirtæki hér á landi. Aðaláhættan fyrir bankana, sem ber að meta á móti veðunum, eru því rekstrarlánin til fyrirtækisins. Þá verður að aðgæta í þessu sambandi, hvort miklu meiri hætta sé á, að veita slík rekstrarlán til Kveldúlfs h.f. en að lána til annara, sem kynnu að hafa eignir Kveldúlfs í rekstri, því að vitanlega myndu bankarnir alls ekki komast hjá því að lána fé til starfrækslu eignanna, hver sem væri eigandi þeirra. Þetta getur verið deiluatriði, en því verður naumast haldið fram, að þessi mismunur geti orðið nema lítið brot af verðmæti nýju veðanna, þar sem meðal annars á að setja fullkomið eftirlit með öllum rekstri félagsins, framkvæmt af sérstökum trúnaðarmönnum, og bankinn skammtar þar að auki rekstrarfé og tekur veð í öllum afurðum.

Frá mínu sjónarmiði er nokkurnveginn sama, hvernig menn velta þessu dæmi fyrir sér. Útkoman verður á þann eina veg, að þessir úrslitakostir til félagsins verða miklum mun hagstæðari fyrir bankana heldur en það úrræði, sem sumir innan Alþfl. hafa viljað hallast að og gert er ráð fyrir í frv. því, sem fyrir liggur: Að fyrirtækið yrði gert upp nú þegar, án þess að skeyta nokkuð um þau verðmæti, sem bönkunum standa til boða. Mér er líka kunnugt um það, að meðal bankamanna, af hvaða flokki sem þeir eru, og að formanni Alþfl., sem er bankastjóri Útvegsbankans, ekki undanskildum, er enginn ágreiningur um það, að þessir kostir séu miklum mun hagkvæmari fyrir þá en uppgjör fyrirtækisins nú þegar.

Það var um tvennt að velja í þessu máli fyrir mig og Framsfl. Annarsvegar að taka afstöðu með úrslitakostum bankanna til Kveldúlfs, hinsvegar að neyða bankana með þingvaldi til þess að gera Kveldúlf upp þegar í stað, enda þótt auðsætt væri, að slíkt væri fjárhagslegt tjón fyrir bankana eins og málavextir voru. Ég var ekki í neinum vafa um, hvorn kostinn átti að taka. Ég sé ekki rökin fyrir því, að neyða bankana til að slá hendi á móti þeirri milljóninni, sem Kveldúlfsfjölskyldan hefir nú verið knúin til að skila aftur til tryggingar skuldum Kveldúlfs, neyða þá til þess að hafna eignum, sem Thorsbræður hafa réttilega verið gagnrýndir fyrir að draga út úr fyrirtækinu. Ég sé ekki rökin fyrir því, að gefa fjölskyldunni þessar eignir á kostnað lánsstofnananna, aðeins til þess að ryðja Kveldúlfi úr vegi á þessum vetri. Ég get ekki annað séð en ég hefði brugðizt þeirri skyldu minni, að gæta hags alþjóðarstofnunar í þessu máli, ef ég hefði lagt mig fram til þess að koma í veg fyrir þá lausn málsins, sem orðin er, og tekið ábyrgð á því, að Kveldúlfsmönnum væri gefin 1 millj. á kostnað þjóðarinnar. Framsfl. hefir með framkomu sinni í þessu máli þvingað Kveldúlf til að skila aftur þessum eignum og gert það mögulegt, að hann yrði settur undir öruggt eftirlit, og það mun ekki standa á flokknum að gera sitt til, að það eftirlit verði öruggt og heiðarlega framkvæmt.

Með vinnu sinni í þessu máli hefir Framsfl. byrjað á því starfi í bankamálum þjóðarinnar, sem honum var falið af nýafstöðnu flokksþingi. Því starfi mun haldið áfram og gagngerð endurskoðun framkvæmd. En þegar á þessu Alþingi mun flokkurinn beita sér fyrir lagabreytingum til þess að gera eftirgjafir skulda torveldari en nú og skapa samræmi innan yfirstjórnar þjóðbankans — á milli landsbankanefndar og bankaráðs.

Framsfl. er vanur að bera ábyrgð á lausn mála. Hann hikar ekki við að taka í hverju máli þá afstöðu, sem virðist réttust. Hann hefir enga löngun til að skjóta sér undan þeirri ábyrgð, sem á herðar hans er lögð með stjórnaraðstöðu og milliflokksafstöðu á Alþingi. Framsfl. hikar því ekki við að leggja afstöðu sína í þessu máli sem öðrum undir dóm þjóðarinnar, ef til þess kynni að koma. Hann mun aldrei vegna ótta við skilningsleysi kjósenda sinna eða vantausts á þroska þeirra kasta frá sér ábyrgð á stórmálum og reyna að koma henni yfir á aðra, til þess síðar í skjóli ábyrgðarleysis síns að gera sig góðan, eins og Alþfl. ætlar að gera í þessu máli. Af langri reynslu Framsfl. í ábyrgðarmikilli aðstöðu, er honum það ljóst, að enginn flokkur getur til lengdar verið fullábyrgur stjórnarflokkur og tekið þátt í stjórnarstörfum, nema sá, sem til fulls treystir kjósendunum að meta eftir rökum og þeirra vegna þorir að gera rétt.

Það linnir ekki árásunum á Framsfl. frá Alþfl. vegna afstöðu hans í þessu máli. Í blaði flokksins ægir saman ósannindum og aðdróttunum í garð okkar framsóknarmanna um fjárglæfra, byggðum á þessum ósannindum. Framsfl. tekur þessum árásum samstarfsflokksins með ró. Það hefir fyrr komið fyrir, að Framsfl. hefir heyrt óp andstæðinganna, bæði frá hægri og vinstri. En það hefir aldrei brugðizt, að kjósendurnir hafa haft vilja og getu til þess að meta málstað Framsfl. eftir málavöxtum, en ekki eftir gífuryrðum andstæðinganna, frá hvorri hliðinni, sem köllin hafa komið.

Hannes Jónsson: Herra forseti! Orsökin til þess, að frv. þetta um skiptameðferð í búi h/f Kveldúlfs er komið fram, er talin vera sú í 1. gr. frv., „að h/f Kveldúlfur skuldar Landsbanka Íslands og Útvegsbanka Íslands um 5 millj. kr., auk annara skulda, og að vanskil hafa orðið um langan tíma á greiðslu vaxta af skuldum þessum, að félagið hafi verið rekið með tapi nokkur undanfarin ár og telja má ólíklegt, að eignir félagsins muni nægja fyrir skuldum þess.“

Þetta eru ástæður fyrir því, að flm. vilja lögbjóða, að skipuð sé nefnd til að meta eignir Kveldúlfs og að bú hans verði því næst tekið til skiptameðferðar sem þrotabú, ef félagið á ekki fyrir skuldum, miðað við söluverð eignanna nú. Það eru með öðrum orðum *viðskipti Kveldúlfs við bankana*, sem eiga að knýja fram samþykki á þessu frv. *Engin ósk* hefir þó komið *frá bönkunum um þessa fyrirhuguðu* löggjöf.

Eins og allir vita, er það þó að lögum á valdi bankastjóra og bankaráðs hvers banka, að ákveða um einstakar lánveitingar úr bankanum, og skylda þeirra að gæta hagsmuna hans gagnvart lántakendum. Ef Alþingi fer að hlutast

til um viðskipti einstakra manna við bankana, án óska þeirra, hlýtur það að stafa af því, að það lítur svo á, að bankastjórnirnar hafi vanrækt skyldu sína. Með öðrum orðum, frv. er bein vantraustsyfirlýsing á stjórnir beggja bankanna. En það er vantraustsyfirlýsing á fleiri. Fjmrh. hefir yfirstjórn beggja bankanna í sínum höndum og getur gripið í taumana, ef honum finnst þörf, jafnvel rekið bankastjóra frá starfi. Er þetta frv. borið fram í samráði við fjmrh? Sé það ekki, er frv. *ennfremur* vantraustsyfirlýsing til fjmrh. Það virðist því með frv. vera farið aftan að siðunum, þar sem borið er fram frv. um skipti á búi Kveldúlfs *í stað þess, að bera fram vantraustsyfirlýsingu til fjmrh.*, rökstudda með því, að hann hafi vanrækt eftirlit sitt með bönkunum. Það getur ekki verið ætlunin, að Alþingi færi sjálft að hafa á hendi eftirlit með einstökum lánveitingum bankanna, a. m. k. væri sú hugsun algerlega óhæf. Þingið verður í því efni að treysta á trúnaðarmenn sína, bankaráðin og fjmrh., og ef það trúir þeim ekki, þá er það fjmrh., sem á að fara og nýr að koma í staðinn, sem þingið treystir betur til að kippa því í lag, sem aflaga þykir fara. Fleiri en ég munu telja vafasamt, að þetta sé meining flm. frv., og mun ég víkja að því síðar, hver hinn raunverulegi tilgangur þeirra er.

Það getur naumast hjá því farið, að í sambandi við þetta mál vakni menn til alvarlegrar umhugsunar um það, hvernig muni almennt ástatt um rekstur atvinnuvega þjóðarinnar. Eru fjárhagsástæður Kveldúlfs alveg sérstakt fyrirbrigði, sem á sér engan líka um lélega útkomu? Og ef svo er, hverjar eru ástæðurnar? Er félagið reist á þeim grundvelli, að vonlaust sé um fjárhagslega heilbrigða starfsemi, eða er stjórn þess svo ábótavant, að þangað megi rekja orsakir til þeirra fjárhagslegu örðugleika, sem fram eru komnir og verið hafa að skapast á mörgum undanförnum árum. Eða í öðru lagi: Er þetta aðeins spegilmynd af afkomu atvinnuveganna almennt í hlutfallslega stækkaðri mynd við það, sem þetta atvinnufyrirtæki er stærra en önnur? Og þá hlýtur sú spurning að vakna hjá öllum hugsandi mönnum, sem einhverja ábyrgðartilfinningu hafa: Hverjar eru orsakirnar og hvernig verður þeim rýmt úr vegi, svo að heilbrigt ástand geti aftur skapazt í atvinnumálum þjóðarinnar?

Það út af fyrir sig, að félagið er stórt, á marga togara og hefir rekið umfangsmikla fiskverzlun, getur ekki talizt neinn þrándur í götu hagkvæmrar útkomu í rekstri félagsins, a. m. k. ekki í augum þeirra manna, sem vilja hafa alla togaraútgerð undir einum hatti ríkisrekstrar. Enda eru þá meiri ráð til endurbóta og fullkomnunar á framleiðslutækjunum, meðferð framleiðsluvaranna og til nýrra markaðsleita. Hinsvegar má segja, að svona stórt atvinnufyrirtæki henti að mörgu leyti ekki voru litla þjóðfélagi, vegna þess að of margir freistast til að dansa í kringum þennan gullkálf. Máttur samtakanna ætti öllu frekar að birtast í samstarfi allra togaraeigenda, eins og hefir átt sér stað í fisksölusamlaginu. En því miður verður það að viðurkennast, að þessi samtök fengust ekki fyrir framsýni forgöngumannanna, heldur eru þau knúð fram af óhjákvæmilegri nauðsyn, og komu því seinna en æskilegt hefði verið, og hafa miklir fjármunir farið forgörðum af þeim ástæðum.

Um stjórn Kveldúlfs get ég að sjálfsögðu ekki dæmt til hlítar. En það hefi ég fyrir satt, að mikilsmetnir menn úr verzlunarstétt stjórnarliðsins telja a. m. k. einn framkvæmdastjóra Kveldúlfs úr hópi mikilhæfustu verzlunarmanna landsins. Að því hefir verið fundið, að framkvæmdarstjórum félagsins hafi verið greidd óhóflega há laun. Því hefir verið svarað á þá leið, að hlutfallslega væri framkvæmdarstjórn Kveldúlfs ódýrari en flestra annara útgerðarfyrirtækja meðal annars samvinnuútgerðarfélaganna. En hvað sem um þetta er, þá verður því varla neitað, að launin voru, hvað sem nú er, óhóflega mikil, og verður því ekki bót mælt með því að benda á annað, sem ekki er betra. Það getur og engum dulizt, að sú regla, sem áður gilti um laun skipstjóra, var svo gálausleg og gegndarlaus sem mest mátti vera. Jafnframt hóflausri launagreiðslu hvatti bráttóprósentukaupið til algerðs hirðuleysis um eyðslu veiðarfæra. Þetta gat að vísu gengið, meðan allt lék í lyndi í atvinnurekstrinum, en korn safnaðist ekki í hlöðurnar og skellurinn varð stærri en þurft hefði að vera, þegar tók að halla undan fæti. En þetta var ekki neitt sérstakt fyrir þetta eina útgerðarfyrirtæki. Svona mun það hafa verið hjá þeim flestum, ef ekki öllum. Nei, þótt ýmislegt hafi farið öðruvísi en æskilegt var í stjórn þessa atvinnurekstrar, þá hefir það ekki orðið afgerandi um afkomu hans, og margt af því, sem mest var ábótavant, er nú fært til betri vegar, þótt ennþá megi sjálfsagt gera þar á margar umbætur. Um skrifstofukostnað og forstjóralaun togaraútgerðarinnar segir Skipulagsnefnd atvinnumála í skýrslu sinni, bls. 488—489: „Þessi kostnaðarliður er því ekki svo hár og verður ekki lækkaður svo stórkostlega, að sú lækkun ein dragi langt til, að togaraútgerðin verði arðgæf, eins og nú horfir". Orsakanna að því ástandi, sem nú er ríkjandi í togaraútgerðinni, er því að leita á öðrum sviðum en þeim, sem útgerðarmennirnir hafa aðstöðu til að ráða úrslitum.

Ég skal nú sýna lítilsháttar fram á, hvernig ástandið er hjá togaraútgerðinni almennt, og geri ég ráð fyrir, að það verði ekki talin hlutdrægni frá minni hálfu, þótt ég í því efni styðjist aðalega við skýrslur og álit skipulagsnefndar atvinnumála. Ég get að vísu ekki farið langt út í þetta mál og aðeins stiklað á helztu atriðunum. Nefndin telur, að togaraútgerðin hafi í heild verið rekin með tapi 7 síðastl. ár, og á bls. 482—483 er allnákvæmur útreikningur á rekstrarafkomu togaranna 1934 og 1935. Fyrra árið sýnir yfirlitið halla á rekstrinum, að upphæð 775 þús. kr., og síðara árið er hallinn 1705 þús. kr. Og á öðrum stað færir nefndin rök að því, að heildarútkoma togaranna 1936 hafi verið svipuð árinu á undan, því að þótt tapazt hafi um 1. millj. kr. meira á fiskinum, hafi það unnizt upp á síldinni. Niðurstaðan verður því sú, að á þessum 3 síðustu árum hefir heildartap togaranna numið 4¼ millj. kr. Samkvæmt skýrslum milliþinganefndar í sjávarútvegsmál-

um frá 1934 er tap á rekstri togaranna talið sem hér segir: 1930 1528 þús. kr., 1931 2774 þús. kr. og 1932 1403 þús. kr. Árið 1933 er talið gefa svipaða útkomu og árið á eftir eða 775 þús. kr. tap. Verður því tap þessara fjögra ára 6,5 millj. kr. tap.

Ekki er heldur glæsileg afkoman hjá smábátaútveginum, þótt hann sé af mörgum talinn svara betri útkomu en togaraútgerðin. Í skýrslu um starfsemi skuldaskilasjóðs vélbátaeigenda til ársloka 1936 er ýmsan fróðleik að finna í þessu efni. Af 122 lántakendum eru aðeins 5, sem áttu eignir umfram skuldir. Sá bezt stæði skuldaði 83% af matsverði eigna sinna. Hinir 117 áttu ekki fyrir skuldum. Hjá þeim manni, sem skuldaði hlutfallslega mest, voru skuldirnar 986% af eignum, en að meðaltali voru skuldirnar rúmlega 158% af eignunum. Alls námu skuldir þessara útgerðarmanna 6008 þús. kr., og voru afskrifaðar um 2807 þús. kr., eða um tæp 47%. Afskriftin á lausu skuldunum varð þó margfalt meiri, eða að meðaltali 93½%. Minnsta afskrift lausra skulda var 46%, en mesta afskrift 98%.

Að sjálfsögðu hefir tap þessara smábátaeigenda verið miklu meira en hér kemur fram í vanskilum á greiðslum til kröfuhafa. Sparað fé hefur tapazt og fjármunir eyðzt.

En útgerðarmennirnir eru ekki einir um að bera tap af atvinnurekstri sínum. Bændurnir eiga líka sína sögu. Og í skuldaskilum þeirra við kreppulánasjóð runnu 8 millj. kr. út í sandinn. Þessi útkoma í rekstri tveggja aðalatvinnuvega þjóðarinnar eru staðreyndir, sem reynsla undanfarandi ára hefir dregið fram í dagsljósið. Það er vitanlegt, að nokkur mismunur er á rekstri hinna einstöku atvinnufyrirtækja. Örfáar undantekningar verða til þess að staðfesta regluna. Í togaraflotanum eru það helzt yngstu togararnir, sem hægt er að fleyta skammlítið áfram, og má vera, að það sé mest fyrir þær sakir, að of lítið sé ætlað til afskriftar og fyrningar. Enginn maður skyldi ætla, að á þessu ástandi verði bót ráðin með því, að taka einstöku atvinnufyrirtæki út úr heildinni og gera þau upp samkvæmt gjaldþrotalögunum; orsökin að meinsemdinni er jafnframt til eftir sem áður. Fyrirtækið skiptir um eigendur og verður væntanlega rekið áfram. Hinir nýju eigendur safna skuldum vegna taps á rekstrinum, og áfram sigla þeir hraðbyri inn í höfn óreiðunnar, sem fyrirrennarar þeirra sukku í.

Myndi nú nokkur menningarþjóð vera svo dáðlaus að halda að sér höndum og hafast ekki að, eftir að fullkomlega er ljóst, hvernig ástandið er? Hagfræðileg reynsluþekking er nú svo mikil í heiminum, að ástæðulaust er fyrir nokkra þjóð að fara alveg framhjá henni. Þessu hefir nú hæstv. ríkisstj. ekki heldur verið algerlega blind fyrir. Hún útvegaði sænskan hagfræðing skipulagsnefnd atvinnumála til aðstoðar. En hvorki n. né ríkisstj. bar gæfu til að notfæra sér starfskrafta eða störf þessa manns, svo að hagkvæmum notum kæmi í viðreisn atvinnuveganna. Hvar var meiri þörf umbóta en einmitt á þessu sviði? Var ekki jafn nauðsynlegt að finna ráð til þess, að koma þessum aðalatvinnuvegi vorum á starfshæfan grundvöll, eins og að stofna til nýrra atvinnugreina. Ég viðurkenni fúslega, að það er nauðsynlegt að efla sem fjölbreyttasta framleiðslu og iðnað í landinu. En hvað gagnar það, ef allri framleiðslu í landinu er bundinn sá baggi, sem hún fær ekki undir risið? Þetta var hinum sænska hagfræðingi vel ljóst. Hann undraðist, að atvinnuvegir þjóðarinnar þyldu þá raun, að teknir væru 30 aurar af hverri krónu, sem þeir öfluðu, með ranglátu gengi krónunnar, og lét hann fullkomlega í ljós, að slíkt myndi enginn atvinnuvegur þola til lengdar. En hvað hafa stjórnarflokkanir gert í þessu máli? Bókstaflega ekkert. Framsfl. telur, að innstæðueigendur tapi á gengislækkun, og sósíalistar bera ímyndaða hagsmuni verkamannastéttarinnar fyrir brjósti. En báðar þessar ástæður eru haldlausar, þegar á reynir, og munu menn sannfærast um það, áður en lýkur. Innstæðueigendum er því aðeins hagur að hágenginu að bankarnir, sem ávaxta innstæður þeirra, starfi á fjárhagslega heilbrigðum grundvelli. En ef atvinnuvegirnir hlaða árlega upp skuldum í bönkunum vegna árlegs rekstrarhalla, gæti svo farið, að innstæðueigendur vöknuðu um síðir við þann vonda draum, að innstæða þeirra væri ekki aðeins lækkuð í verði, heldur horfin með öllu — orðin einkisvirði — þetta hefir hent aðrar þjóðir, og því ætti það ekki að geta hent okkur líka? Þá hefði það eitt áunnizt með þessari gálausu fjármálastarfsemi, að þjóðin hefði sogazt með atvinnuvegunum niður í botnlaust fen fjármálaóreiðu og gjaldþrots og glatað fjárhagslegu og pólitísku sjálfstæði sínu, en landið orðið að fótaskinni einhverrar þeirrar þjóðar, sem hefir vilja og vit á að notfæra sér auðlindir þess betur en við bárum gæfu til. Og verkamönnunum getur aldrei stafað nein gæfa af stöðugu tapi atvinnuveganna, því að í það kjölfar fylgir aukið atvinnuleysi. Alstaðar er dregið úr framkvæmdum, sem unnt er, og þótt ríkisstjórn og bæjarstjórn reyndu að draga úr bölinu með atvinnubótavinnu, þá mundi það lítið stoða, því að auk þeirra manna, sem yfirgæfu framleiðsluna, bætast nú árlega á 6. hundrað manns í hópinn samkvæmt þeirri fólksfjölgun, sem verið hefir hjá þjóðinni undanfarin ár. Og einmitt fyrir hina tiltölulega öru fólksfjölgun er meiri þörf hér en víða annarsstaðar á útfærslu atvinnuveganna, verkamönnum er meiri þörf á stöðugri vinnu, sem skapar þeim öryggi um afkomu ársins, en háu tímakaupi, sem sú hætta fylgir, að geta orðið þá og þegar atvinnulausir.

Bændafl. telur það ekki hlutskipti sitt, að hanga í hælunum á einstökum framleiðendum, meðan þeir starfa eftir lögum landsins. Hitt vill hann styðja af öllum mætti, að fullkomið jafnvægi haldist milli fjárhagslegrar afkomu framleiðenda og annara stétta þjóðfélagsins. Í samræmi við þessa stefnu hefi ég flutt á tveimur síðustu þingum frv. um réttláta skráningu krónunnar. Allir hinir flokkar þingsins hafa sýnt þessu máli fullkomið tómlæti. Ég er búinn að vikja að afstöðu stjórnarflokkanna. Um Sjálfstfl. er það vitað, að hann er algerlega klofinn í málinu, þó að flokkurinn hafi verið að berja í þá bresti með því að þegja um málið. En slík af-

staða hjá stærsta flokki þingsins getur ekki staðizt lengi. Annaðhvort verður flokkurinn að taka hreina afstöðu í þessu máli eða hann hættir brátt að vera stærsti flokkurinn.

Ég veit, að fræðilega eru til fleiri en þessi eina leið til þess að koma atvinnulífi þjóðarinnar á heilbrigðan rekspöl, en þær munu allar reynast erfiðar í framkvæmd eða jafnvel óframkvæmanlegar. Það væri þó afsakanlegt, að stjórnmálaflokkarnir bentu á einhverja af þessum leiðum. Hitt er óforsvaranlegt, og ætti ekki að liðast neinum flokki, að koma ekki með neitt og neita öllu, sem til úrlausnar gæti orðið í þessu stærsta vandamáli þjóðarinnar. Því að ég geri ráð fyrir, að það vinnist þó við þetta þref um Kveldúlf, að mönnum verði það almennt ljósara en áður, að hér þarf skjótra úrlausna, ef ekki á allt að fara í kalda kol. Sérstaklega ber öllum þeim, sem telja sig fulltrúa framleiðenda, skylda til að benda á leiðir út úr ógöngunum. Reynir nú á þá, sem telja sig vera jákvæða í pólitíkinni, ef það er annað en mont eitt og karlagrobb. Og sósialistarnir ættu ekki að spila svo djarft spil, að leggja fjárhagslegt sjálfstæði þjóðarinnar í hættu fyrir það eitt, að koma sjálfstæðum einkaatvinnurekstri fyrir kattarnef. Með því ætti þjóðnýtingin — jafnvel í þeirra augum — að vera of dýru verið keypt.

Ég mun nú sýna fram á, hvernig afstaða stjórnarflokkanna hvors um sig er í þessu máli.

Þá ber fyrst að *minna á*, að *undanfarin árat*ug hefir Framsfl. skipað form. bankaráðs Landsbankans, og á þeim tíma er að mestu stofnað til skulda Kveldúlfs við bankann. Það fé virðist því hafa verið veitt með samþykki þessa flokks, ekki síst þegar tillit er tekið til þess, hve háttsettur þessi maður er í Framsfl. og hve mikils trausts hann hefir notið þar. Það ber heldur ekki á öðru en að sá bankastjórinn sem talinn er að hafa þar mest völd, hafi í öllu starfi sínu verið mjög að skapi Framsfl. A. m. k. er mönnum ekki úr minni liðinn hólgreinin sú hin mikla, sem ritfærasti maður Framsfl. skrifaði um hann fyrir nokkrum árum. Var tónninn þar allur líkastur því, sem tíðkast í almennum líkræðum. En þrátt fyrir þetta mikla traust, sem yfirstjórn bankans virðist njóta hjá forráðamönnum Framsfl., þá hafa verið hafnar svæsnar árásir á það fyrirtæki, sem bankinn trúði fyrir að ávaxta veltufé sitt framar öllum öðrum fyrirtækjum í landinu. Til þess að sýna, hve svæsnar þessar árásir hafa verið, ætla ég að leyfa mér að minna á nokkur ummæli Framsfl. *blaðanna um Kveldúlf*. Vitanlega er ekki tækifæri til að drepa á nema lítið eitt af því, sem fram hefur komið, því að svo má segja, að sjaldan hafi nú síðustu mánuðina komið svo út blað af dagblaði Framsfl., að ekki hafi eitthvað verið á Kveldúlf minnzt, og þá ætíð í sama dúr og hér verður gefið lítið sýnishorn af. Í vetur, þegar einn af forstjórum Kveldúlfs hélt fyrirlestur um árásir á fyrirtæki sitt, kom löng grein í Tímanum, er hét „Ólafur Thors segir sögu Kveldúlfs". Eftir útreikningi blaðsins í þeirri grein er komizt að þeirri niðurstöðu, að „skuldir Kveldúlfs umfram eignir ættu þá að vera a. m. k. 2½ millj. kr". Og um tilboð Kveldúlfs, sem nánar er rætt í greininni, segir svo: „Ef Landsbankinn tæki tilboði Kveldúlfs, væri það hnefahögg í andlit allra þeirra, sem er það alvara, að standa í skilum sem heiðarlegir menn, og svívirðing við alla þjóðina". Nýja dagblaðið hefir heldur ekki látið sitt eftir liggja með að láta fólkið vita, hverskonar hörmungarfyrirtæki Kveldúlfur sé. Eftir alla hina ágætu stjórn á Landsbankanum, sem búin er að vera í höndum Framsfl. í næstum áratug, segir Nýja dagblaðið 15. tbl. þ. á., að nú séu „bankar landsins að hugleiða það, hvernig þeir geti sloppið með minnst tjón út úr viðskiptunum við fyrirtæki Ólafs Thors". Og svo bætir blaðið við: „Og niðurstaða þeirra hugleiðinga — með hliðsjón af lögum landsins — getur tæpast orðið nema á einn veg". Hér er lesendunum ætlað að ráða grun í það, að endalok Kveldúlfs og viðskipti hans við bankann geti ekki orðið nema á einn veg, sem sé gjaldþrot fyrirtækisins og stórtöp fyrir bankann. Og eftir því sem lengra leið og árásir Alþýðublaðsins á Kveldúlf færðust í aukana, eftir því reyndi Nýja dagblaðið að fylgjast betur með og eftir því urðu ummæli þess um Kveldúlf og fjárhagslega aðstöðu hans til bankanna ákveðnari. Í 21. tbl. þ. á. segir, að það sé blygðunarlaus ósvífni af ÓTh að fara fram á það, að „eigendur" Kveldúlfs (sem blaðið hefir í gæsalöppum til að sýna, að eignarétturinn sé vafasamur) fái eftirgjöf, samanborið við aðra atvinnurekendur í landinu, og þegar blaðið fullyrðir jafnframt, að Kveldúlfur skuldi 2,5 millj. kr. framyfir eignir, þá er það gefið, að ekki liggi annað fyrir heldur en gjaldþrot og uppgjör samkv. skiptalöggjöfinni. Stjórnin á Kveldúlfi á líka að hafa sýnt, að full þörf sé á, að breytt sé til. Henni er þannig lýst í *einni greininni*: „Mikil laun oft fyrir enga vinnu, vaxtalaus lán til að eignast dýrustu íbúðir í bænum, og svo að segja allt, ætt og óætt, sem þarf í heimilið". Það er satt að segja engin furða, þótt nú fari blaðið bráðlega að krefjast eigendaskipta, enda virðist sú krafa vera sæmilega undirbyggð með þeirri lýsingu, sem það er búið að gefa á afkomu fyrirtækisins og stjórn þess. Í 24. tbl. Nýja dagblaðsins þ. á., tekur J. J. til máls á þessa leið: „Er ekki nokkuð dýrt að reka fyrirtæki á ríkiskostnað ár eftir ár með stórfelldri eftirgjöf af almannafé? Má ekki nota veltufé bankanna í atvinnurekstur, sem tapar minna en Kveldúlfur gerir undir núverandi yfirstjórn?" Og af því að hann svarar þessum spurningum játandi, gerir hann ráð fyrir eigendaskiptum með *þessum orðum*: „Því skipin verða látin ganga alveg hiklaust, þó að Kveldúlfur láti þau af hendi við lánardrottna sína".

Þannig verða kröfur Framsfl. alltaf ákveðnari um það, að Kveldúlfur verði gerður upp og skipin fái nýja eigendur og stjórn. Hámarki sínu ná skrifin um Kveldúlf í Nýja dagblaðinu 12. febr. síðastl., sama daginn og flokksþing framsóknarmanna var sett hér í bænum. Er sú grein eins og nokkurskonar stefnuskrá fyrir flokksþingið í Kveldúlfsmálinu. Skal ég með leyfi hæstv. forseta lesa úr henni eftirfarandi kafla til að sýna hverja afstöðu flokkssamkundan átti að taka í þessu máli:

„Þannig finnur þjóðin til. Ég þekki engan heiðarlegan eða óspilltan mann, sem lætur sér koma til hugar annað en skip og eignir Kveldúlfs verði að fá aðra húsbændur og aðra stjórn. Og menn eru nokkurnveginn sammála um, að það er ekki hið framkomna fjártjón eitt, sem er þjóðarmein. Ef til vill er sú spilling enn hættulegri, sem leiðir af því, að borgurum landsins sýnist eins og mestu óreiðumennirnir hafi mesta tiltrú. Þeim verði bezt til veltufjár. En þúsundum af duglegum og reglusömum atorkumönnum verði að neita um rekstrarfé, af því mörgu milljónirnar standa inni hjá sonum Thors Jensens í Reykjavík.

Þetta ástand verður að hætta. Dugandi menn á Íslandi láta ekki bjóða sér þá óvirðingu, sem í því felst, að gefa einu fjölskyldufyrirtæki allar þær milljónir, sem landið tók að láni erlendis til að vera varasjóður allra fjármálaviðskipta í landinu, og halda síðan áfram að leggja sparifé landsmanna í sömu hítina.

Vafalaust er allri þjóðinni orðið ljóst, hvað hér er um að ræða. Æfintýri Jensenssona er orðið of dýrt fyrir almenning í landinu. Leikur þessara dýrmætustu Dana, sem komið hafa til Íslands í 600 ár, eins og Bjarni Benediktsson segir, verður að enda eins og hið aldanska æfintýri í Landmandsbankanum, þegar þar var hreinsað til og byrjað nýtt og heiðarlegt starf."

Hér er þá svo komið, að heiðarleiki manna og æra er í veði, ef þeir fylgja ekki uppgjöri Kveldúlfs og eigendaskiptum á eignum hans. Og það er tæplega gerandi ráð fyrir, að nokkur framsóknarflokksmaður í landinu, og allra sízt þm. hans, fari að fórna því, sem eftir er af æru sinni og heiðarleik, á altari þeirra Jensenssona.

Ég veit ekki, hvort nokkur finnur samræmi í þessum skrifum og afstöðu flokksins nú. Ég finn það ekki. Hér er aðeins leikinn pólitiskur skollaleikur frammi fyrir þjóðinni til að sýnast. Ekkert um það hugsað, hvað það kostar, hvort rétt er farið með eða rangt, aðeins ef eitthvað er hægt að hafa upp úr því pólitískt.

Það er ekki síður eftirtektarverð framkoma sósíalista í þessu máli. Héðinn Valdimarsson hefir þar tekið forustuna í sínar hendur. En hafi honum verið nokkur alvara, þá hefir farið fyrir honum eins og Sveinn í Firði sagði öðru sinni, að hann hefir „brotið bát sinn í lendingu." Ef HV hefir nokkurntíma verið alvara í þessu máli, þá hefir hann álpazt til að taka meira mark á skrifum Jónasar Jónssonar frá Hriflu en honum var heppilegt, þegar hann söng í blöðum sínum nákvæmlega eftir sömu nótum og nú er gert í Alþýðublaðinu og kommúnistablaðinu um uppgjör Kveldúlfs. Ef HV hefir sjálfum verið alvara í þessu máli, þá hefir hann ekki búizt við, að JJ æti öll sín skrif ofan í sig og gengi með Eysteini Jónssyni fjmrh., Hermanni Jónssyni forsrh. og Jóni Árnasyni í sambandinu, formanni bankaráðs, í þessa flatsæng og samfélag við íhaldið, og allur Framsfl. aftan í þeim. Ef HV hefir nokkurntíma verið nokkur alvara í þessu máli, þá verður hann nú fyrir vonbrigðum, er Tímadótið og íhaldið skellir nú svo skyndilega hurðinni á nef honum, þegar hann fer að kíkja inn í þetta nýja brúðhjónaherbergi. En það einkennilega er, að HV hefst sjálfur ekkert að í þessu máli, fyrr en hann veit, að það er um seinan. Og þó HV sé þungur á sér, þá er hann ekki sá silakeppur, að hann komi of seint í sandinn, þegar hann vill róa til fiskjar. Hann gerir það a. m. k. ekki, þegar hann rær fyrir sjálfan sig. Ef HV hefði því verið nokkur minnsta alvara í málinu, þá hefði hann farið eins að í þessu máli eins og í öðrum málum og ekki hreyft því, fyrr en hann var búinn að gera um það samning við Tímaflokksráðh. fyrir fram. Hann vissi það ofurvel, að honum var ekki til neins að gera neina samninga við JJ. HV hefir sjálfur fyrir löngu sagt það um JJ, að hann væri ekki notandi „nema til skítverka í opposition." HV vissi því það, að hann gat notað JJ til þess að svívirða Thorsbræður og gamlan föður þeirra. En hann vissi það fyrir löngu, að hann var ekki notandi til annars. Því að hann veit það, sem allir þm. vita, að JJ er nú ekki orðinn annað hér á þingi en ómyndugur aumingi, sem ekkert er eftir af nema geðstillingin, sem allir þekkja. Þetta veit HV betur en nokkur annar. Og því bolaði hann honum burtu frá ráðherrastóli. Hinsvegar vissi HV vel, að núverandi ráðh. Tímafl. voru sósíalistum alltaf nothæfir sem verkfæri og undirlægjur. Þess vegna hefði hann, ef honum hefði verið hin minnsta alvara í málinu, átt að semja við þá. Og það því fremur sem öll skrif Tímamanna fram til þessara allra síðustu daga, gátu ekki skilizt öðruvísi en sem beint tilboð til Héðins um að hjálpa til að gera Kveldúlf upp. Héðni hefði því átt að vera í lófa lagið að fá samninga við Tímamenn, ef hann hefði viljað. Því að þótt Jóni Árnasyni hefði verið það á móti skapi, þar sem hann hefir verið formaður bankaráðs undanfarinn áratug, þá veit Héðinn það, að hann getur líka beygt hann, þegar á liggur. Þetta sýnir, að HV hefir alls ekki verið alvara með uppgjör Kveldúlfs, því að þá hefði hann á réttum tíma tekið í þá framréttu hönd, sem Tímamenn voru að bjóða honum til að fá að hanga við völdin. Þetta sýnir, að það er allt annað, sem fyrir HV vakir en uppgjör Kveldúlfs. Og hvað er það? Það er það, að HV er svo hygginn maður, að hann sér, að stjórnin er búin að kollsigla sig og að allt er að fara í kaldakol. HV er svo mikill fjármálamaður fyrir sjálfan sig, að hann sér, að nú er svo komið, að hér eru ekki nema tveir kostir fyrir hendi. Annar er sá, að breyta genginu til fullkomins réttlætis gagnvart atvinnuvegunum, en hinn er sá, að taka nýtt gengislán erlendis til þess að geta haldið við sömu súpunni áfram. HV veit, að Hambrosbanki í Bretlandi er búinn að handjárna núverandi fjmrh. svo, að ríkissjóður er þeim mun lakar staddur en Kveldúlfur, að hann getur ekki tekið erlend lán, þó að Kveldúlfur geti það. HV veit, að úr því að lánsmöguleikarnir eru útilokaðir, þá er ekkert annað fyrir hendi, ef atvinnuvegirnir eiga ekki að hrynja, en að breyta genginu í réttlátt horf. En þó að HV sjái það og viti sjálfur, að það er ekki um annað að gera, þá vill hann samt ekki vera í stjórnaraðstöðu, þegar taka verður til þess

ráðs. Þess vegna varð hann að finna upp einhverja ástæðu til að geta sagt Tímamönnum upp vinnuhjúasamningnum og rekið þá úr vistinni, áður en til þess kæmi. Menn voru farnir að leiða getum að því, hvaða tilefni HV mundi nota til þess. Sumir gizkuðu á, að það mundi verða vinnulöggjöfin, af því að forsrh. var búinn óvart að binda sig í því máli. En HV vissi ekki nema forsrh. mundi heykjast á því máli eins og öðru. Og þá var það tækifærið gengið úr greipum. En þá bauðst kaupmanninum HV *ágætt tækifæri til kaupskapar. Og það var að* taka upp verzlun við kommúnista. HV veit, að hinir gætnari menn í Alþfl. eru að hrynja af honum. Og því vildi hann kaupa sér nýtt fólk í staðinn. Og þá var handhægra að kaupa heilan stjórnmálaflokk en reyta inn einn og einn. Kommúnistafl. var fús til fylgis gegn því, að Héðinn styddi hann til þess að gera stjórnarbyltingu í Landsbankanum og þjóðnýta Kveldúlf. Og þó að kommúnistum hafi eitthvað fækkað, þá má ætla, að þeir ráði yfir allt að 3000 atkv., svo að HV þótti þetta góð kaup og koma sér vel til uppbótar í staðinn fyrir fylgi hinna gætnari flokksmanna, sem hann er að tapa. Það er þetta, sem fyrir HV vakir, með því frv., sem hér liggur fyrir. Það er ekki það, að gera Kveldúlf upp, því að þá hefði hann samið við Tímafl. fyrirfram, meðan þeir sungu sama lagið og Alþýðublaðið um Kveldúlf.

Það er eingöngu það, að sýnast framan í Kommúnistunum, til þess að tryggja sér enn betur atkvæði þeirra við næstu kosningar. Það er líka auðséð á blaði kommúnistanna þessa dagana, hvað olíu- og benzinkongurinn Einar Olgeirsson er ánægður með stéttarbróður sinn, Héðinn Valdimarsson. Þar kemst nú ekki hnífurinn á milli fremur en þeir væru orðnir einn líkami og ein sál. En hefir HV þá ekki ástæðu til að óttast um, að hann nái ekki aftur tangarhaldinu á *Tímaflokknum, sem hann ætlar nú* að segja upp allri vernd og stuðningi á yfirborðinu? Nei. HV þekkir sína! Og því þekkir hann Tímamenn. HV veit, að Tímaflokkurinn er orðinn eins og nagli, sem oft hefir bognað. Það er næstum sama, hvað oft hann er réttur upp, þá bognar hann samt alltaf upp á nýtt, þegar slegið er á hann. HV veit, að þó að Sjálfstfl. hafi nú rétt upp Tímaflokkinn að þessu sinni, þá þarf HV ekki annað en að slá á hann, til þess að hann bogni í áttina til socialista aftur. HV veit það vel, að til eru viss tryggðagrey, sem koma alltaf skríðandi að fótum húsbónda síns, hvernig sem þau eru barin.

Eins mun verða um Tímaflokkinn og húsbóndann HV. Hann á það alltaf víst, að fá þá aftur til fylgis, hvenær sem hann vill. Þessvegna gerir HV sér upp þessa reiði við Tímamenn, af því að hann veit sér það óhætt. Þess vegna leikur hann óhikað þennan skripaleik hér á Alþingi til að þóknast Kommúnistum og kaupa þá. Tímaflokkurinn mun alltaf koma skríðandi að fótum húsbónda síns aftur, þegar hann þarf á að halda.

Magnús Torfason: Ég er ekki kominn hér til að taka þátt í þeim kappræðum, sem hafa farið hér fram um þetta mál, seldur sakir þess, að ég á sæti í fulltrúaráði Útvegsbankans og hefi þess vegna ekki komizt hjá því, að hafa nokkur afskipti af þessu máli. Eins og menn vita, þá hefir Útvegsbankinn samþ. till. Landsbankans um að veita h/f Kveldúlfi greiðslufrest um sinn. Og ég vildi taka fram helztu ástæðurnar fyrir því, að fulltrúaráð Útvegsbankans hallaðist að þessu ráði.

Ég skal þá lýsa yfir því, að þessi tæpa eina millj., sem Útvegsbankinn á hjá h/f Kveldúlfi, það er ekki skuld, sem orðið hefir til fyrir a*ðeina Útvegsbankans, heldur er það gamalt erfðafé frá Íslandsbanka sálaða. Sú skuld hefir staðið* í stað síðan á þeirri tíð. Núverandi stjórn Útvegsbankans hefir þess vegna enga ábyrgð á þessari skuld, og þar af leiðandi skoðar hún sig a*ðeins sem innheimtumann þessarar skuldar. Af* því leiðir, að verkefni bankans verður það eitt að sjá hag bankans sem bezt borgið, og þá fyrst og fremst í svip að fá sem beztar tryggingar fyrir láninu. Að því hefir Útvegsbankinn unnið síðan í haust eftir beztu vitund. Og ég held, að mér sé óhætt að segja, að það sé sameiginlegt álit fulltrúaráðsins, að lengra verði ekki komizt í svip heldur en að ná þeim tryggingum, sem fengizt hafa með samningum Landsbankans við Kveldúlf h/f. Hinsvegar þykist fulltrúaráðið þess fullvisst, að ekki komi til mála, að bankinn hafi af þessum samningum neinn skaða. Miklu fremur má færa rök fyrir því, að bankinn muni hafa nokkurn hagnað af þeim, því að eins og menn munu hafa tekið eftir, sem hlustað hafa hér á útvarpsumræðurnar í kvöld, gildir þetta aðeins til eins árs. Ég tel þetta full rök fyrir samþykkt Útvegsbankans á samningunum, og ég get sagt það, að það er álit þeirra, sem kunnugastir eru þessum málum, að bankinn hafi ekki getað gert annað.

Því hefir verið haldið fram bæði í ræðu og riti, að Útvegsbankanum hafi verið í lófa lagið að gera h/f Kveldúlf *gjaldþrota; þetta er hreinasta* firra, byggð á misskilningi og ókunnugleika. Það er alveg víst, að það hefði legið glæpi næst eða verið hreinn glæpur, að fara þannig að ráði sínu. Ástæðurnar fyrir þessu get ég ekki tekið fram hér, en allir, *sem til þessa máls þekkja, munu* vera á sama máli og ég um þetta. Til skilningsauka skal ég þó benda á það, að Útvegsbankinn hefir aldrei gert neina kröfu til þess að hafa sérstakan trúnaðarmann til eftirlits með rekstri Kveldúlfs, og að því hníga sömu ástæður og þær, að bankinn hafði engin tök á að gera Kveldúlf gjaldþrota. Ég tel þetta fullnægjandi rök fyrir afstöðu bankans, og þarf ekki að fara fleiri orðum um það að svo stöddu.

Frá almennu sjónarmiði skal ég aðeins strika undir það, sem hæstv. fjmrh. sagði í upphafi ræðu sinnar, að þetta mál það væri fyrst og fremst bankamál. Það eru vitanlega bankarnir, sem hafa haft það á hendi og eiga að hafa það á hendi, að gera upp þau fyrirtæki, sem þeir hafa lánað fé til rekstrar. En að því er þetta mál snertir, þá er það sérstakt mál Landsbankans, og það er hans að ráða fram úr þessu. Hitt gegnir öðru máli, hvort ríkisstjórnin eða einhverjir aðrir treysta ekki Landsbankanum til að ráða fram úr málinu, svo að vel fari, en þá liggur það

eitt fyrir, að breyta um stjórn bankans. Ríkistj., sem hefir ábyrgð á þessu, breyti þá til og fái stjórn bankans þannig skipaða, að hún geti treyst á meðferð bankans á slíku máli fyrir sína hönd. Þetta tel ég, að sé sú eina rétta leið í málinu. En hinsvegar tel ég ekki rétt að fara að blanda þinginu inn í slíkt mál. Fyrst og fremst hefir þingið nóg að bera og í nógu að standa og nóga ábyrgð, þótt þetta gangi undan. Og svo vitum við líka, að þingið sem heild hefir ekki þá kunnáttu í þessum málum, sem þarf til þess að leysa það á heppilegan hátt. Það er einnig vitað, að slík mál sem þessi þurfa kaldrar og rólegrar athugunar við, og mega þar engar geðshræringar komast að. Auk þess þá er það mín persónulega skoðun, að það sé ekki hollt fyrir gjaldtraust landsins út á við, ef þingið færi að blanda sér í þetta mál. Ég læt mér nægja að lýsa þessu yfir, en hinsvegar skal ég játa það, að þetta frv. er ekki að ófyrirsynju fram komið. Ég er ekki í neinum vafa um það, að þetta frv. hefir stutt að því, að betri samningar fengust, og flutningur málsins hér á þingi hefir líka stutt að því, að mál þetta var fyrr leyst en ella hefði ef til vill orðið, en á því reið, að það yrði gert sem fyrst. Og sakir þess að ég tel, að frv. þetta hafi átt nokkurt erindi mun ég fyrir mitt leyti greiða því atkv. til 2. umr.

*Stefán Jóh. Stefánsson: Hæstv. fjmrh. taldi þessu frv. fyrst og fremst til foráttu, að gengið væri þar inn á nýjar brautir af löggjafarvaldinu og skapað hættulegt fordæmi, en þetta er ekki rétt fullyrðing hjá hæstv. ráðh. Hér er ekki um nýja breytingu að ræða, heldur má segja, að þingsagan hafi að geyma mál, sem kalla mætti fordæmi, og má þar nefna frv., sem borið var fram á þinginu 1930, þegar samþ. voru lög um Útvegsbanka Íslands h/f og Íslandsbanka, en í 1. mgr. 16. gr. þeirra laga er svo ákveðið, að ef Íslandsbanki verði ekki við skilyrðum 12. gr. þeirra sömu laga, „skal bú Íslandsbanka tekið til skiptameðferðar.“ En Íslandsbanki var hlutafélag, sbr. l. nr. 66 10. nóv. 1905. Það er glöggt tekið fram, að bú Íslandsbanka skuli tekið til skiptameðferðar, ef það fullnægi ekki vissum skilyrðum. Sé ég ekki, að það sé mikill munur á Íslandsbanka og Kveldúlfi, þar sem Kveldúlfur hefir ekki um langt skeið goldið skuldir sínar við bankana og þannig viðhaft greiðsludrátt eða greiðsluþrot, sem er að mörgu leyti sambærilegt við mál Íslandsbanka. — Annað dæmi, sem mætti nefna, eru bráðabirgðal. þau, sem Tryggvi Þórhallsson, þáverandi formaður Framsfl., gaf út árið 1931 um skiptameðferð á búi síldareinkasölu Íslands. Í grg. fyrir þeim bráðabirgðal., nr. 84 9. nóv. 1931, um skiptameðferð á búi síldareinkasölu Íslands, segir, að síldareinkasalan hafi orðið fyrir svo miklum töpum og óhöppum, að hagur hennar standi þannig, að eigi sé annað fyrirsjáanlegt en að bú hennar hlyti bráðlega að verða tekið til gjaldþrotaskipta, og taldi rn. því óþjákvæmilegt að gera þegar í stað ráðstafanir í þessa átt. Segir svo í 1. gr. þessara laga, sem síðan voru afgr. á Alþingi 1932 sem l. nr. 21 23. júní 1932: „Bú síldareinkasölu Íslands **skal** tekið til skiptameðferðar.“ Síldareinkasalan var lögþvinguð samvinna síldarútvegsmanna, sbr. lög nr. 61 1929 og l. nr. 60 1931. Hér var um einkafyrirtæki að ræða, og voru þó sett um það sérstök lagaákvæði. Ríkisvaldið tók sig meira að segja til og gaf út bráðabirgðal. um skiptameðferð á því. Það kom fram í umr. á þingi 1932, að að öllu athuguðu þótti sýnt að einkasöluna mundi fara að reka upp á sker, og þá þótti sjálfsagt að gera ráðstafanir til, að það yrði á sem eðlilegastan hátt. Formaður Framsfl. þóttist sjá, að búið væri að reka upp á sker, en forstjóri síldareinkasölunnar taldi ekki ástæðu til að taka það til skipta. Böðvar Bjarkan lögfræðingur skrifaði, er bráðabirgðal. komu út: „Eins og þá stóð, þegar fulltrúafundurinn í Rvík veittist að einkasölunni, var ekki kominn fram í henni neinn bannvænn sjúkdómur, og fjárhag hennar alls ekki svo komið, að það eitt út af fyrir sig þyrfti að leiða til hins sviplega dauðsfalls hennar.“ En þótt jafngætinn maður og hann segði þetta, gaf Framsfl. út bráðabirgðal. um skipti búsins. Það eru því vissulega til fordæmi fyrir slíkri íhlutun. Í umr. 1931 kom það fram, að ástæðan til að taka bú síldareinkasölunnar til skiptameðferðar væri einkum sú, að fyrirtækið mundi skulda um eina millj. umfram eignir. Ég vil segja, að sé það rétt, megi færa sömu rök fyrir uppgjöri Kveldúlfs, þar sem skuldir hans eru taldar um 1½ millj. umfram eignir, eftir skyndimati óvilhallra matsmanna.

Bæði hæstv. fjmrh. og Ólafur Thors lögðu áherzlu á það, að bankarnir ættu að ráða. Ekki réðu bankarnir um gjaldþrotaskipti síldareinkasölunnar, og var þó Landsbankinn lánardottinn hennar. Eiga bankarnir þá að ráða fjármálum þjóðarinnar án nokkurra verulegra afskipta, — bankarnir, sem ekki eru annað en eitt af tækjum þjóðfélagsins til að halda við þjóðskipulaginu? Nei, þeir eiga að vera undir stjórn löggjafarvaldsins og ríkisstj. á hverjum tíma, en ekki hafa neitt einræðisvald. Og virðist löggjafar- og ríkisvaldinu ástæða til, hafa þau rétt til að taka til sinna ráða gagnvart þeim, ef þeir t. d. láta fyrirtæki fá fé, sem engin von er um, að fái viðreisn. Íslandsbanki réð lengi. Hann hafði þá aðferð, að kasta sparifé almennings ár eftir ár í ólífvænleg fyrirtæki. Ég sé ekki betur en að þeir, sem berjast gegn þessu frv. og halda fram valdi bankanna, vilji halda áfram hinni gömlu fjármálapólitík Íslandsbanka, en slíkt er fjarri Alþfl., en tími er ekki til að fara út í það atriði.

Hæstv. fjmrh. lagði mikla áherzlu á hin framboðnu veð Thors Jensens, en þau munu vera allt of hátt metin og nær ½ millj. kr. virði en 1 millj., og ef hér á eftir eiga að koma útgerðarlán, sem óvíst er, að fáist öll, getur farið svo, að skuldirnar verði orðnar miklu meiri en hin framboðnu veð, ekki sízt þar sem þau verða farin að ganga úr sér. Vil ég í því sambandi minnast á það, sem Ólafur Thors, hv. þm. G.-K., sagði, að ekkert gæti hindrað góðan rekstur Kveldúlfs annað en pólitiskt ofbeldi. Þetta er fjarstæða. Fyrirtæki með slíka skuldahrúgu, að hver togari þarf að bera uppi árlega 60—70 þús. kr. í vexti af skuldum fyrirtækisins, án þess að rætt sé um fyrningar, getur aldrei haldið áfram til langframa án þess að hlaða upp auknum skuldum,

Þá sný ég mér að ræðu Ólafs Thors, hv. þm. G.-K. Kem ég þá fyrst að því, er hann veik sérstaklega að mér í ræðu sinni. Hann vildi halda því fram, að ég hefði misnotað stöðu mína sem bankaráðsmaður. Ég lýsi það hrein og bein ósannindi. Ég geri ráð fyrir, að þessi misnotkun, sem Ólafur Thors eigi raunverulega við, sé aðstaða mín í bankaráði Útvegsbankans, en þar hefi ég bæði fyrr og síðar verið að reyna að krefja inn vanskilaskuld Kveldúlfs við bankann, en það hefir því miður ekki tekizt. Þetta mun nú vera mín dauðasynd, sem ætti að hegna mér fyrir. Sami ræðumaður hefir margendurtekið: „Við eigendur Kveldúlfs". En hverjir eru eigendur Kveldúlfs? Það er ekki Ólafur Thors og bræður hans. Þeir, sem eiga hann, eru sparifjáreigendur á Íslandi. Þjóðin á Kveldúlf. Sparifé hennar er það, sem hann er rekinn fyrir og mun verða rekinn fyrir um skeið, og það er sparifé þjóðarinnar, sem er í eignum Kveldúlfs. Það er þjóðin, sem ber ábyrgð á rekstri Kveldúlfs, og á hennar baki skellur tapið, og það er hún, sem á að stjórna honum. En hverjir stjórna Kveldúlfi? Það gera Thorsbræður. Þeir stjórna og hafa stjórnað í skjóli bankavaldsins, sem vill setja sig yfir ríkis- og löggjafarvaldið. Og um það er barizt nú, hvort þeir menn, sem hafa kallað þetta fyrirtæki sitt, en ekki er þeirra, eiga að halda áfram að stjórna því, eða þeir, sem réttinn hafa í raun og veru til þess. Höfuðatriði þessa máls er: Á bankavaldið að vera sett yfir ríkis- og löggjafarvaldið og á Kveldúlfur að stjórna bankavaldinu. Þeir, sem vilja fylgja Kveldúlfi, vilja, að Kveldúlfur stjórni bankavaldinu og bankavaldið ríkisvaldinu, en ég álít, að bankavaldið eigi að hlíta landslögum, en ekki öfugt.

Eitt gullkorn var í ræðu Ólafs Thors, sem mér fannst annars vera bragðdaufur harmagrátur, kryddaður svæsnum og ósönnum ásökunum á einstaka alþýðuflokksmenn. En gullkornið er þetta: Átökin um Kveldúlf er ljót saga, sem þó hefir farið vel. — Það er satt, sagan er ljót. Hún er saga um það, hvort ein fjölskylda eigi að fara með eftir eigin geðþótta 5 millj. af sparifé almennings, nota þetta fé til framfæris fjölskyldunni og til þess að kaupa sér pólitísk völd, sbr. ræðu hv. þm. A.-Húnv. á síðasta þingi, þar sem hann beinir því til hv. þm. Snæf., að þeir bræður hafi notað völd sín til að kaupa sér kjördæmi. En þessi ljóta saga hefir ekki farið vel. Til þessa er hún sorgarsaga um fjármálaspillingu og óreiðu. En sagan er ekki enduð. Þó að þetta frv. nái ekki fram að ganga, mun sögunni halda áfram, og Alþfl. mun berjast fyrir því, að sagan fari illa fyrir fjármálaspillingunni og einræðinu, en vel fyrir þjóðina. En þau sögulok munu hv. þm. G.-K. ekki þykja æskileg.

Pétur Ottesen: Það fyrirbrigði, sem við horfumst í augu við, er að fram eru komnar till. um það á Alþingi, að taka alveg ráðin af stjórnendum beggja höfuðbanka landsins, Landsbankans og Útvegsbankans, bankaráðum og bankastjórum þessara stofnana, með því að það skuli fyrirskipað með lögum, að einn af viðskiptamönnum bankanna skuli, hvað sem tautar, verða gerður gjaldþrota og bú hans tekið til skiptameðferðar. Þetta fyrirbrigði, segi ég, er alveg einstætt í sinni röð.

Þetta fyrirbrigði er því undarlegra, þar sem það hefir verið ríkjandi skoðun á Alþingi, eins og löggjöf sú, sem sett hefir verið um rekstur bankastarfseminnar hér á landi, ber órækastan vottinn um, að svo sé bezt og heillavænlegast um þá hnúta búið, að pólitíska valdinu í landinu sé á hverjum tíma sem mest haldið frá því, að teygja fingur sína inn í bankareksturinn, því að það er vitanlega gagnstætt öllu skynsamlegu viti, að menn eigi í viðskiptum sínum við lánsstofnun slíka sem bankarnir eru, á nokkurn hátt að njóta þess eða gjalda, hverja pólitíska skoðun þeir kunna að hafa. Bankaviðskiptin eru allt annars eðlis.

Þá er þetta fyrirbrigði ekki síður alveg einstakt í sinni röð, og það svo, að því verður ekki til neins jafnað, — þegar það er skoðað í ljósi ýmsra opinberra ráðstafana, sem gerðar hafa verið hér á landi hin síðari ár og ég skal nú nokkuð drepa á.

Eins og alkunnugt er, hafa höfuðatvinnuvegir okkar Íslendinga, landbúnaður og sjávarútvegur, átt við mjög mikla erfiðleika að etja nú um nokkurt árabil, sem að langsamlega mestu leyti á rót sína að rekja til þess ósamræmis milli afurðaverðs og tilkostnaðar, sem þessir atvinnuvegir hafa búið við um alllangt skeið.

Árið 1933 var svo komið hag bændastéttarinnar, að það þótti og var alveg óhjákvæmilegt að gera á okkar mælikvarða stórfelldar ráðstafanir til þess að fyrirbyggja þann þjóðarvoða, að stór hópur bænda víðsvegar á landinu yrði að yfirgefa jarðirnar, sem þá hefðu orðið verðlausar og lagzt í eyði. Með kreppulánasjóðsstarfseminni fengu 2814 bændur lán úr sjóðnum, um 10 millj. kr., og af óveðtryggðum skuldum þessara bænda, sem voru alls 14100000 kr., voru felldar niður og afskrifaðar 8 millj. kr., eða 57%.

Á þessu sama ári og næsta ári fór fram athugun á hag og afkomu sjávarútvegsmanna, sem sýndi, að svo var nú hag þeirra komið, að allar eignir togaraútgerðarmanna voru 16219 þús., en skuldir 12481 þús. Skuldir 77% móti eignum. Allar eignir vélbátaeigenda hinsvegar 16200 þús. kr. Skuldir 14039 þús. Skuldir 86% móti eignum.

Á þinginu 1934 voru samþ. lög um skuldaskil vélbátaeigenda, og var fyrir síðustu áramót lokið uppgerð á hag þeirra bátaútvegsmanna, er sótt höfðu þá um lán úr skuldaskilasjóðnum, en þeir voru 122. Voru allar eignir þeirra rúml. 3,7 millj., en skuldirnar rúmar 6 millj. Af þessum 122 lántakendum voru það einir 5, sem áttu fyrir skuldum. En hinir 117 áttu ekki fyrir skuldum. Sá bezt stæði skuldaði 83% af matsverði eigna sinna, en hjá þeim, sem skuldaði hlutfallslega mest, voru skuldirnar 986% af eignum. Að meðaltali voru skuldirnar 158,38% af eignum. Niðurfelling eða eftirgjöf af skuldum þessara manna nam 2807499 kr. Minnsta útborgun til almennra kröfuhafa var 2%, mesta 54%, að meðaltali 6,40%. Svona var þá komið hag þeirra bátaútvegsmanna, er fengið hafa lán úr skuldaskilasjóði. Er nú í ráði að framlengja starfsemi skuldaskilasjóðsins sökum aðkallandi nauðsynjar.

Nú er í þann veginn að hefjast uppgerð á hag

þeirra útgerðarmanna, er gert hafa út línuveiðagufuskip, og er útkoman þar víst sízt betri. Nefnd sú, sem athugaði hag útgerðarinnar, hafði einnig gert tillögur um, að þeir, sem að stórútgerðinni standa, það er botnvörpungaútgerðinni, fengju og nokkurn stuðning með sama hætti og smærri útgerðin, en þm. Ísaf. beitti sér fyrir því í sjútvn., að meiri hl. á Alþingi synjaði þessum hluta útgerðarmanna um nokkurn stuðning, þrátt fyrir það þótt rannsóknin sýndi, að stórtöp höfðu orðið yfirleitt á togaraútgerðinni þá um nokkurt skeið og að útgerðin stóð þar af leiðandi mjög höllum fæti.

Hin erfiða afkoma atvinnuveganna og hallarekstur landbúnaðar og sjávarútvegs á undanförnum árum hefir víðar sagt til sín en í greiðsluvandræðum þeirra, sem að atvinnurekstrinum standa. Sveitar- og bæjarfélögin hafa þar sína sögu að segja. Til þess að gera tilraun til að greiða fram úr vandræðum þeirra var stofnaður nýr kreppulánasjóður. Í þessum sjóði hafa öll bæjarfélögin, að Reykjavík einni fráskilinni, fengið lán til greiðslu á skuldum, sem nemur 1½ millj. króna. 80 hreppsfélög af rúmum 200 hafa fengið 1100000 kr. lán og afskrifað af skuldum sínum 1216 þús. kr., og voru í allmörgum tilfellum eigi greidd nema 2% af framfærsluskuldum.

Þegar þær ráðstafanir, sem ég nú hefi lýst og gerðar hafa verið af hálfu þess opinbera til þess að styðja einstaklingana í baráttunni við þá örðugleika, sem að atvinnurekstrinum steðja, og svo sveitar- og bæjarfélögin, eru bornar saman við hinar fólskulegu hamfarir gegn útgerðarfélaginu Kveldúlfi, þá held ég, að öllum megi vera það ljóst, að þar stingur mjög í stúf og að það er sízt ofmælt, sem ég sagði áðan, að þetta fyrirbrigði er alveg einstætt í sinni röð.

Með fyrrnefndum ráðstöfunum er verið að reyna að koma í veg fyrir það, að þeir atvinnurekendur, sem komnir eru í greiðsluþrot, þurfi að missa atvinnutækin, og þá jafnframt koma í veg fyrir það, að svo og svo mikið af skipum, bátum og fasteignum komi undir hamarinn samtímis, sem vitanlega á kaupgetuleysistímum mundi valda algerðu verðhruni á þessum eignum. Þá er það og alveg ljóst af uppgerð á hag bændanna í Kreppulánasjóði og bátaútvegsmannanna í skuldaskilasjóðnum og lánveitingum úr þessum sjóðum, að þeir, sem höfðu á hendi stjórn þeirra, hafa litið svo á, og það alveg réttilega, að atvinnurekstrinum væri þrátt fyrir allt í langsamlega flestum tilfellum bezt borgið með því, að hann væri áfram í höndum hinna sömu manna, en snögg og viðtæk eigendaskipti mundu vera óheppileg og sízt til bóta. Það leiðir líka af sjálfu sér, að sú þekking, sem menn afla sér með langri reynslu við atvinnureksturinn, hvort það er heldur í sveit eða við sjó, hlýtur að skapa nokkurt öryggi gegn því, að mistök eigi sér stað eða óhöpp, þau sem á annað borð við verður ráðið. Í stjórn skuldaskilasjóðs vélbátaeigenda eru menn úr öllum þremur stærstu stjórnmálaflokkunum, þar á meðal formaður Alþýðusambands Íslands, Jón Baldvinsson. Það verður ekki annað séð en að þeir hafi verið alveg sammála um að fylgja þessari grundvallarstefnu í lánveitingum úr sjóðnum, sem meðal annars sést á því, að fjölmargir útvegsmenn fengu lán úr sjóðnum, þótt efnahagur þeirra leyfði ekki, að þeir greiddu kröfuhöfum nema 2% af óveðtryggðum skuldum. Þessir sömu menn fengu þá jafnframt fyrirheit um áframhaldandi rekstrarlán hjá bönkunum.

Með þessum ráðstöfunum, sem hér hefir verið lýst, og framkvæmd þeirra, er verið að gera tilraun til að veita viðnám, örva atvinnulífið, byggja upp, tryggja afkomumöguleika þjóðfélagsborgaranna.

Með hamförunum gegn útgerðarfélaginu Kveldúlfi er verið að rífa niður, höggva á erfiðum tímum og þegar verst gegnir skarð, stórt skarð, í atvinnu- og afkomumöguleika fjölda manna í þessu þjóðfélagi og þjóðarinnar í heild. Og svo gráðugur er vilji sósialistanna í þessu efni og niðurrifsæðið skefjalaust, að þeir skirrast ekki við að ætla sér að taka fram fyrir hendur bankaráða og bankastjóra í báðum höfuðbönkum landsins og knýja þar fram verknað, sem brýtur svo gersamlega í bág við allt það, sem gert hefir verið með framangreindum ráðstöfunum til þess að draga úr því böli, sem leitt hefir af taprekstri atvinnuveganna undanfarin ár. Þeim er það og ljóst, þessum niðurrifsmönnum, sem bera fram frv. um að gera Kveldúlf gjaldþrota, hvert regindjúp er staðfest milli þess og fyrrgreindra ráðstafana. Þess vegna hafa þeir talið það nauðsynlegt að undirbúa jarðveginn um allangt skeið, en það hafa þeir gert með þrotlausum rógskrifum í blöðum sínum um Kveldúlf og þá menn, sem að honum standa. Þessi blaðaskrif, og yfirleitt öll þessi herferð gegn Kveldúlfi, eru eitthvert allra viðbjóðslegasta fyrirbrigðið í íslenzku stjórnmálalífi. Af þeim, sem nokkuð þekkja til, er þessu vitanlega mætt með hinni dýpstu fyrirlitningu, en með slíkum síendurteknum skrifum, sem trúin á mátt og verkanir rógs og blekkinga framleiðir, eru sjálfsagt miklir möguleikar til að villa þeim sýn í bili, sem ekkert þekkja til, enda er á það treyst.

Einn meginþátturinn í herferðinni á hendur Kveldúlfi í blaðaskrifum og yfirleitt alstaðar, þar sem þessar rógstungur hafa verið að verki, er það, að reyna að telja mönnum trú um, að félaginu hafi verið illa stjórnað og því eigi að jafna það við jörðu. Eftir þeim kunnugleik, sem ég hefi á þeim mönnum, sem að Kveldúlfi standa, þá veit ég það, að þeim er lítið um það gefið, að borið sé lof á þá. En það er heldur ekkert umfram það, að þeim sé unnað sannmælis, þótt sagt sé, að allt þetta tal um það, að Kveldúlfi hafi verið og sé illa stjórnað, er ósannindauppspuni einn og ekkert annað, því að sannleikurinn er sá, að því félagi hefir þvert á móti verið vel stjórnað. Nægir í því sambandi að benda á það, að félagið er í upphafi byggt upp á útgerð eins togara, sem keyptur var fyrir lánsfé. En það óx brátt og dafnaði, og það svo, að á þeim árum, sem annars voru fyrir hendi skilyrði til þess, að útgerð gæti borið sig og blómgazt hér á landi, þá tók þetta félag þeim risaframförum, að verða stærsta útgerðar- og fiskverzlunarfyrirtæki landsins, og hafði auk þess í mörg ár eigin skip í millilandasiglingum. Það er og gott dæmi þess,

hve mikilsverður þáttur félagið hefir verið í atvinnulífi þjóðarinnar, að það hefir í 25 ár greitt í verkalaun milli 50 og 60 millj. kr. og 10 millj. kr. í skatta og útsvör á sama tíma. Þá ber það og ljósan vott um varfærni og hyggindi stjórnenda félagsins í afurðasölumálum, að árið 1919, þegar síldarútvegsmenn og síldarkaupmenn urðu fyrir mestu tjóni út af því, hvað þeir drógu lengi að selja síldina, þá var Kveldúlfur alveg sérstæður að því leyti, að hann var búinn að selja alla sína síld, áður en verðið féll. Kveldúlfur rak þennan áhættusama atvinnuveg síldarútgerðina, í 14 ár, án þess að verða nokkru sinni fyrir tapi. Þá voru og stjórnendur Kveldúlfs á þessum árum í fararbroddi um ýmsa nýbreytni í fiskverkun og fisksölu. Fyrstir Íslendinga urðu þeir til að reka síldarbræðslu. Þá urðu þeir fyrstir eða með þeim fyrstu til að taka upp húsþurrkun á fiski. Einnig urðu þeir fyrstir til að verka fisk fyrir Barcelonamarkað, en með þeirri verkunaraðferð fékkst 5—10 kr. meira fyrir hvert skippund fiskjar en ella. Það voru stjórnendur Kveldúlfs, sem urðu fyrstir þess hérlendra manna, að koma á sölu á fiski í Suður-Ameríku, sem féll að vísu aftur niður á tímibili sökum greiðslutregðu þar, en hefir nú verið endurreist af Sölusamlagi ísl. fiskframleiðanda. Fyrstu tilraunirnar hér á landi með hraðfrystingu fiskjar voru gerðar af Kveldúlfi og sölutilraunir með hann á erlendum markaði. Varði Kveldúlfur stórfé í þessar tilraunir, því að stjórnendur félagsins hafa frá öndverðu haft þá trú, að með þessum hætti væri opnuð leið til mikillar og hagkvæmrar fisksölu. Þegar harðnaði í ári fyrir útgerðinni, urðu þeir að draga saman seglin með þessar kostnaðarsömu tilraunir, en reynslan er alltaf að sýna það betur og betur, að þarna voru þeir á réttri leið. Nú er unnið að því af miklu kappi, að koma upp hraðfrystihúsum og vinna markaði fyrir fiskinn. Þá hefir Kveldúlfur sent út menn til að læra mál og nema háttu viðskiptaþjóðanna til fyrirgreiðslu við fisksöluna. Kveldúlfur var um mörg ár langstærsti fiskútflytjandi hér á landi og naut mikils trausts í því efni, þar á meðal S. Í. S., sem fól honum í fjöldamörg ár sölu á öllum fiski sambands kaupfélaganna. Sambúð stjórnenda Kveldúlfs og verkafólksins hefir frá því fyrsta verið hin bezta, enda er fjöldi af sama fólki ár eftir ár í þjónustu félagsins. Sýnir bezt álit ríkisstjórnarinnar á stjórnendum Kveldúlfs, að einn þeirra hefir verið valinn til að taka þátt í flestum milliríkjasamningum undanfarin ár.

Mér hefir nú þótt ekki einasta rétt, heldur sjálfsagt að láta þetta, sem ég nú hefi sagt um starfsemi Kveldúlfs, koma hér fram í þessum umr., því að í sannleika sagt hefir þýðing og gildi þessa félags fyrir ísl. atvinnulíf verið allt annað og meira en svo, að það verðskuldi ekkert annað en róg og níð og hverskonar svívirðingar. Og það verð ég að segja, að það kemur sannarlega úr hörðustu átt, að fyrir þessari rógs- og niðurrifsherferð skuli standa þeir menn, sem eru að reyna að telja sjálfum sér og öðrum trú um, að þeir séu velunnarar og forsvarsmenn verkalýðsins í landinu.

Þó að hagur Kveldúlfs hafi þrengzt stórum og þar orðið örðugleikar sökum stórtapa á útgerðinni, þá er það síður en svo, að þetta sé nokkurt einsdæmi með Kveldúlf. Þannig er þessu og farið með önnur togarafélög, togaraútgerðina í heild, og þá ekki síður aðra útgerð, eins og ég hefi áður lýst. Þetta er sorgarsaga útgerðarinnar hér á landi hin síðustu ár. En að ætla sér að kveða upp þann áfellisdóm yfir þeim, sem fyrir útgerðinni standa, að þeir séu óhæfir í þessari stöðu, þótt svona hafi farið, það nær vitanlega engri átt; það er bull og vitleysa.

Það er töluvert eftirtektarvert í fari þeirra eigenda Kveldúlfs, hvernig þeir snúast við þeirri auknu skuldasöfnun, sem leiðir af rekstrartapi útgerðarinnar; þá bjóða þeir fram sem viðbótartryggingu fyrir hinum auknu skuldum allar eignir föður þeirra. Þetta er ljós og órækur vottur um ábyrgðartilfinningu þeirra gagnvart lánveitendunum, og hér fara þeir mjög ólíkt að og sagt er, að þm. Ísaf., Finnur Jónsson, hafi ætlað að gera, þegar hann sá, að það fór að halla undan fæti hjá samvinnufélagi Ísfirðinga. Það er sagt, að hann hafi ætlað að smeygja af sér beizlinu, — en það sé vafasamt, hvort það hefir tekizt. En söm var hans gerð.

Þær ástæður, sem niðurrifsmennirnir bera fram og fóðra herferð sína á hendur Kveldúlfi með, eru upplognar frá rótum og einkisvirði. Hinar raunverulegu ástæður fyrir þessari niðurrifsherferð eru allt aðrar. Þær reyna þeir að vísu að dylja, en það er tilgangslaust.

Ástæðurnar eru tvær:

Eins og ég gat um áðan, beitti hv. þm. Ísaf., Finnur Jónsson, sér fyrir því á Alþingi, að ekkert skyldi gert, er togaraútgerðinni mætti að haldi koma. Nýjar og nýjar skattaálögur voru það, sem henni henti bezt. Þetta var allt að yfirlögðu ráði gert. Sósíalistarnir vilja allan einkarekstur feigan. Þeir vilja þjóðnýta hvern kopp og hverja kyrnu. Togarana fyrst og fremst. Þess vegna var það fangaráð, að þjarma að útgerðinni. Reyna að ganga af útgerðarmönnunum dauðum. Það gerði hægara fyrir um að koma ríkisrekstri á togarana. Ráðast fyrst á stærsta vígið. Þegar það var unnið, þá var hægara um vik síðar með það, sem minna var, en allt skyldi það fara sömu leiðina.

Þetta er nú önnur ástæðan.

En auk þessa þurftu niðurrifsmennirnir að beina skeytum sínum að þm. G.-K., Ólafi Thors, af öðrum ástæðum, sem sé þeim, að hann er nú Ólafur Thors, og svo af því, að hann er formaður Sjálfstfl. Þessar ástæður eru runnar af pólitískum rótum eingöngu — að ryðja braut ríkisrekstri togara og von um að geta gert Sjálfstfl. óleik.

Þetta er hin ástæðan.

Þá er að lokum rétt að athuga, hvaða menn það eru hér á Alþingi, sem standa fyrir þessari rógs- og niðurrifsherferð á útgerðarfyrirtækið Kveldúlf. Þar er í fararbroddi 2. þm. Reykv., Héðinn Valdimarsson, stólfótahertoginn frá 9. nóvember hérna um árið. Hvað hefir hann nú gert fyrir útgerðina? Hefir hann hætt fé sínu í útgerð til þess að afla lifibrauðs fyrir fólkið? Það fer víst lítið fyrir því. Hefir hann þá ekkert gert fyrir útgerðina? Jú. Hann hefir leigt sig erlendu okurfélagi til þess að mergsjúga vél-

bátaútgerðina með olíuokrinu. Skjólstæðingar hans og taglhnýtingar þora ekki opinberlega að bera blak af honum. Skipuð nefnd. Stakk henni svefnþorn — svaraði með nýrri hækkun á olíuverðinu. Þetta eru nú afrek hans í þarfir útgerðarinnar og þess mikla fjölda manna, sem á líf sitt og afkomu undir henni. Annar í röðinni er þm. Hafnf., Emil Jónsson. Hann hefir nú verið í þeirri aðstöðu í nokkur ár, að hann hefði átt að geta sýnt yfirburði bæjarútgerðarinnar á togurum fram yfir einkaútgerð. Hver er svo munurinn? Gulu seðlarnir eru máske órækasta dæmið, og svo það, að Emil Jónsson er sjálfur að leika hlutverk rottunnar, sem flýr hið sökkvandi skip. Þriðji í röðinni er 6. landsk., Jónas Guðmundsson. Hans reynsla af bæjarútgerðinni á togaranum í Neskaupstað er nú ekki eins löng og reynsla flokksbróður hans í Hafnarfirði, en þó máske nógu löng til þess að færa honum heim sanninn um það, að það er hægara að dæma aðra fyrir ónytjungsháttt í þessum efnum en að sanna það með bættri rekstrarafkomu undir bæjarútgerðarfyrirtæki. En Jónas Guðmundsson hefir verksmiðjurekstur umfram Emil. Hann flytur nú frv. um, að ríkið taki að sér greiðslu á 60 þús. kr. af láni, sem á verksmiðjunni hvíli, auk vaxtagreiðslu af því sem eftir er. Fjórði er þm. Ísaf., Finnur Jónsson. Hann er nú fyrirmynd allra fyrirmynda í útgerð og síldarsölu og svo því, að banna mönnum að veiða síld. Hann brýzt nú fastast um, næst stólfótahertoganum, í bjástrinu við að koma Kveldúlfi fyrir kattarnef, gera hann gjaldþrota. Sjálfur er þm. Ísaf., Finnur Jónsson, nýbúinn að fá uppgerð í skuldaskilasjóði fyrir sitt útgerðarfélag, þannig að hann hefir fengið 384500 kr. eftirgefnar og afskrifaðar af skuldum félagsins. Svo getur maður haldið áfram að telja liðið alla leið að hinum væntanlega guðfræðidósent, Sigurði Einarssyni, 9. landsk.

Ég hefi nú dregið upp dálitla mynd af þeirri bardagaaðferð, sem hér er viðhöfð, og sýnt fram á, hver er tilgangurinn með þessu alveg einstaka tiltæki. Það er nú sýnt, að sá stjórnmálaflokkur á Alþingi, sem að undanförnu hefir látið sósíalistana teygja sig langt úr hófi fram til fylgilags við sínar þjóðnýtingar- og ánauðaroksstefnur, ætlar nú að veita viðnám í þessu máli og spyrna fótum við þessari óhæfu, og er það vel farið.

Forsrh. (Hermann Jónasson): Hæstvirtur forseti! *Góðir hlustendur!* Ég *mun ekki taka* verulegan þátt í þessum umr. Það gerir hæstv. fjmrh., yfirmaður bankamálanna, af hálfu Framsfl. En formaður flokksins, Jónas Jónsson, á eins og kunnugt er sæti í Ed. og getur því ekki tekið þátt í þeim umræðum, sem fara fram hér í þessari háttvirtu deild.

Málefnið, sem hér liggur fyrir, Kveldúlfsmálið, er óneitanlega, ef það er skoðað í heild, mikið þjóðfélagslegt vandamál. Um afstöðu flokkanna til þessa máls eiga hlustendur nú að dæma. Mér virðist því þurfa að draga sem skýrast fram, hver sé afstaða hvers þingflokks til þess, hvernig leysa eigi þetta vandamál, og þau rök, sem þar standa á bak við.

Afstaða Sjálfstfl. hefir legið lengst fyrir, eða nú í nokkra mánuði, og hefir hún komið fram í blöðum flokksins og í tilboði því, sem formaður flokksins og einn af eigendum Kveldúlfs, Ólafur *Thors, gerði bönkunum í vetur um* skuldaskil félagsins. Ól. Thors lagði þá svo mikla áherzlu á réttmæti þessa tilboðs síns (og blöð hans tóku öll undir það), að hann hafði í hótunum um „viðnám", ef tilboðinu yrði ekki tekið tafarlaust. En þetta tilboð er tvímælalaust tilraun til einhverrar alvarlegustu fjárplógsaðferðar, sem menn hafa haft spurnir af. Formaður Sjálfstfl. vildi með tilboðinu koma því þannig fyrir, að Kveldúlfur keypti eignir Thors Jensens í Mosfellssveit fyrir rúml. 1 millj. 200 þús. kr. — Andvirði eignanna, auk 350 þús. kr., er á þeim hvíldu, átti Kveldúlfur að greiða Thor Jensen með útistandandi skuldum Kveldúlfs, 900 þús. kr. Eftir að Kveldúlfur hefði svo keypt Mosfellssveitareignirnar, átti bankinn að kaupa þær aftur af Kveldúlfi fyrir 2 millj. og 50 þús. kr. Á þennan hátt átti Kveldúlfur að greiða um 800 þús. kr. af skuldum sínum við bankana. En í þessu tilboði fólst meira, því að með því, að láta Kveldúlf framselja Thor Jensen útistandandi skuldir sínar, náði hann eignarhaldi á öllum húseignum sona sinna, og þeim var þar með bjargað út úr Kveldúlfssukkinu. Með þessu hefði því tekizt að draga húseignir bræðranna út úr Kveldúlfi til viðbótar því, sem áður var búið að draga á þurrt land.

Eins og menn sjá, er hið megnasta íhaldshandbragð á þessu tilboði, enda létu íhaldsblöðin óspart í ljós sína fullkomnustu ánægju yfir þessu tilboði og töldu það mikið hneyksli, ef því yrði ekki tekið. Og það leikur enginn vafi á því, að ef Sjálfstfl. hefði haft meiri hluta á Alþingi og í stjórn bankanna, þá hefði þessu tilboði verið tekið tafarlaust. Því að þetta tilboð er afstaða og vilji Sjálfstfl. eins og hann var, áður en Kveldúlfsmenn gegn vilja sínum voru þvingaðir inn á aðrar leiðir.

Síðara tilboð Kveldúlfs var neyðarráðstöfun, sem Kveldúlfur hefir orðið að gera gegn vilja sínum, vegna vinnu vinstri flokkanna í bönkunum og í blöðum og vegna þeirrar almennu fordæmingar, sem fyrra tilboðið hefir hlotið meðal almennings og tilraunin til þess að draga þessa einu millj. króna út úr fyrirtækinu, bræðrunum til persónulegs framdráttar og öryggis. Ég bið menn þó vel að athuga það, að þessu síðara tilboði var ekki heldur tekið af bönkunum, heldur *settir nýir úrslitakostir*, sem Kveldúlfur varð að ganga að.

Afstaða Alþfl. er að ýmsu leyti skýr á yfirborðinu. Hún er krafa um það, að Kveldúlfur sé gerður gjaldþrota, hvaða tilboð um tryggingar og skuldaskil, sem fram kunna að koma. Aðferðin, sem valin hefir verið af Alþfl., að bera fram um *þetta frv. á Alþingi, myndi, ef gjaldþrotið* væri framkvæmt á þennan hátt, skapa hættulegt fordæmi og leggja vopn í hendur andstæðinganna, ef þeir einhverntíma næðu völdunum í sínar hendur. Þessu hefir fjmrh. lýst mjög skýrt. Og afstaða Alþfl. er skiljanleg aðeins út frá því sjónarmiði, að Kveldúlfur sé slík þjóðfélagsleg *meinsemd, að hana beri að skera burtu tafarlaust, hvað sem öllu öðru líði*. En þetta sjónarmið fær ekki staðizt hjá Alþfl., þegar tekið er

tillit til þess, að fulltrúar flokksins, bæði í stjórn síldarverksmiðjanna og í ríkisstjórninni, hafa mælt með því mjög eindregið og leyft það, að Kveldúlfur byggði síldarbræðslustöð á Hjalteyri, ef aðeins væri fé fyrir hendi til að leggja í fyrirtækið. Ef leysa á þetta mál út frá því sjónarmiði, að Kveldúlfur sé þjóðfélagsleg ófreskja í atvinnumálum, þá fær það ekki með nokkru móti staðizt, að leyfa þessari sömu ófreskju að bæta við sig einum hausnum í viðbót, eins og alþýðuflokksmenn vildu gera í vetur. En ef leysa á málið á fjárhagslegum grundvelli fyrir bankana og ríkisheildina, þá er afstaða Alþfl. einnig full af mótsögnum. Engum dettur í hug, að Héðinn Valdimarsson eða nokkur annar alþýðuflokksmaður, sem stjórnaði fyrirtæki fyrir sjálfan sig eða aðra, myndi láta sér koma í hug að neita því, að taka við um einni milljón króna frá skuldunautunum til tryggingar skuldunum. Með því að leggja fram um eina milljón króna í nýjum veðum til tryggingar skuldum, gegn loforði frá bönkunum um rekstrarlán í eitt ár, tekur Kveldúlfur sjálfur á sig áhættuna af rekstrinum þennan tíma, í stað þess að láta bankana eða ríkið gera það, ef félagið yrði gert gjaldþrota. Ég get ekki séð nokkra ástæðu fyrir því hjá Alþfl., að berjast nú fyrir því, að verðlauna Kveldúlf fyrir frammistöðuna síðustu árin með því að gefa þeim Thorsbræðrum þessa einu milljón króna, sem þeir hafa verið knúðir til að bjóða fram í veðum.

Okkur framsóknarmönnum er það vel ljóst, að hjá mörgum mönnum í þessu landi er sú hugsun mjög rík, eftir þau kynni, sem þeir hafa fengið að fjármálastjórn Kveldúlfs, að eðlilegast sé að skera þá fjármálaóreiðu upp með rótum, svo sem alþýðuflokksmenn telja sig vilja gera, með því að heimta skilyrðislaust, að fyrirtækið verði gert gjaldþrota. Ef til vill er þessi skoðun ein af sterkustu rökunum, sem Alþfl. telur sig hafa í þessu máli, því að það er vitað, að stjórnmálaflokkum hættir stundum við að taka nokkuð mikið tillit til þess, sem þeir álíta, að sé vinsælt og líklegt til fylgis, án þess að athuga til fullnustu afleiðingarnar ofan í kjölinn. En þegar þetta mál er yfirvegað til hlítar, efast ég ekkert um, að afstaða Alþfl. í þessu máli er sú afstaða, sem Kveldúlfur óskaði helzt eftir, að fengi að ráða. Kveldúlfsmenn hafa verið þvingaðir til að bjóða fram tryggingar, og með því að bjóða fram þessa einu milljón, sem dregin hefir verið út úr fyrirtækinu, telja þeir sóma sjálfra sín og sóma flokksins vera borgið í augum almennings. Ef neitað væri að taka við milljóninni, væri einnig henni bjargað. Og mikið af þeim verðskulduðu óvinsældum, sem Kveldúlfur hefir bakað sér með fjármálabraski, væri einnig hægt að þurrka út eða láta menn gleyma þeim í bráð, með því að þyrla upp moldviðri um það, að Kveldúlfur hefði verið ofsóttur. En síðan væri opin leið til að nota milljónina, sem Alþfl. vill gefa Thorsbræðrum, til þess að koma upp nýjum rekstri, eins og hefir verið gert hvað eftir annað, sem væri algerlega óháður eftirliti bankanna og annara. Þessi yrði niðurstaðan, ef viðhorf Alþýðuflokksins fengi að ráða, og ég efast ekkert um, að hún væri að ýmsu leyti hin bezta fyrir Kveldúlfsmenn.

Afstaða okkar framsóknarmanna er alveg ákveðin og markviss. Umboðsmenn okkar í bönkunum og blöð flokksins hafa miskunnarlaust tætt niður afstöðu Sjálfstfl. í málinu, er fram kom í tilboði Kveldúlfs um sölu á Korpúlfsstöðum, sem ég hefi lýst hér að framan. Formaður flokksins hefir með skrifum sínum hrakið Kveldúlf og flokk hans skref fyrir skref. Kveldúlfur sá það og sjálfstæðismenn skildu það, að það var ekki stætt á tilboðinu frá í vetur, er þeir höfðu í hótunum um að veita „viðnám", ef því ekki yrði tekið. Það var vís dauði fyrir flokkinn í kosningum, ef forvígismenn hans drægju eina milljón króna út úr fyrirtækinu, áður en það yrði gert gjaldþrota (og vitanlega hefði það orðið, ef ekki hefði komið fram nýjar tryggingar). Það fann hvert mannsbarn á landinu, að andstaðan gegn þessu var orðin svo sterk, að ekki varð hjá því komizt að skila eignunum, til þess að reyna að bæta aðstöðu flokksins í málinu. Eftir kosningarnar myndi formaður Sjálfstfl. og flokkurinn, sem hann hefir á bak við sig, ef hann fengi aðstöðuna, að sjálfsögðu framkvæma þann vilja sinn, sem fram kom í fyrra tilboðinu, og láta koma til almennrar eftirgjafar, eins og flokkurinn hefir lýst yfir hér í þinginu, að hann vilji gera. Og afstaða Pálma Einarssonar ráðunauts, sem mat Korpúlfsstaði á 1,7 millj. kr., sýnir, að það stendur ekki á „bændaflokknum" að vera verkfæri íhaldsins í þessu máli frekar en öðrum.

Í fyrra tilboðinu í vetur er vilji Kveldúlfs og „Sjálfstæðisflokksins". Í síðara tilboðinu gætir áhrifanna af þunga almenningsálitsins, sem vinstri flokkarnir hafa skapað með því að skýra málið. Við framsóknarmenn sjáum ekki ástæðu til að gera að engu vinnu okkar manna í þessu máli. Við viljum hirða þessa einu milljón, sem nú hefir verið þvinguð aftur inn í Kveldúlf. Við viljum setja fyrirtækið undir eftirlit. Við sjáum um, að framkvæmdastjórunum verði fækkað og að Kveldúlfur megi hvorki kaupa né selja fasteignir né skip nema með leyfi bankanna. Ef fyrirtækið bætir ráð sitt og gengur vel, þá er það gott fyrir alla aðilja. En ef rekstur fyrirtækisins verður ekki lagfærður frá því, sem verið hefir, þá leiðir það af sjálfu sér til gjaldþrots, og þá verður að koma eignunum, þar á meðal nýju veðunum, í verð á hagkvæman hátt og láta þær skipta um eigendur. Þetta er sú leið, sem við framsóknarmenn viljum fara.

Stóryrði Alþfl. um það, að Framsfl. sé að semja við Kveldúlf, tekur náttúrlega enginn alvarlega. Því að það má svo sem nærri geta, hve Kveldúlfi er það ljúft, að verða að hrökklast frá fyrra tilboði sínu í vetur og vera kominn í þá aðstöðu, sem hann nú er í. En vegna stóryrða Alþfl. um „fjárglæfra" framsóknarmanna í sambandi við þetta mál, er rétt að segja það eins og það er, að þeir menn innan Alþfl., sem njóta þar mests trausts og virðingar, bæði innan flokksins og utan, eru sammála Framsfl. í þessu máli, þótt Alþfl. kalli það nú fjárglæfra! Þessi orð hitta því engu síður helztu forvígismenn Alþfl. — en vitanlega hitta þau alls enga, því að við rólega yfirvegun og skýringar á málinu er það næsta augljóst, hver afstaðan er hyggilegust í þessu máli. Og þessir menn innan Alþfl. eru

vissulega ekki sammála sínum flokki um það, þótt þeir hafi lent þar í minnihluta, að rétt sé, þegar búið er að koma Kveldúlfi í þessa sjálfheldu, að sleppa honum úr henni aftur, með því að gefa honum eina milljón króna á þann hátt, að neita að taka við henni, eftir að félagið hefir verið þvingað til að bjóða hana fram.

Ég hefi nú lýst þessari afstöðu flokkanna, og ég skal bæta því við, að ýmsir telja, að skýringuna á afstöðu Alþfl. í þessu máli sé að finna í því, að ætlunin sé að láta Alþingi taka fram fyrir hendur bankanna um lausn málsins, gera Kveldúlf gjaldþrota og taka atvinnutækin af honum. Hafi ríkið þá um leið með aðgerðum þingsins *tekið á sig siðferðislega skyldu til að reka fyrirtækið* og þar með sé komið á ríkisrekstri á miklum hluta togaraflotans. Ég skal ekkert um það segja, hvort þetta vakir fyrir Alþfl. eða ekki. En ég hygg, að ýmislegt annað valdi afstöðu flokksins í þessu máli. Það liggur að vísu ekkert fyrir um það nú á þessu stigi málsins, hvort ágreiningurinn um þetta mál veldur af hálfu Alþfl. samvinnuslitum flokkanna. En þegar talað er við ykkur, góðir hlustendur um land allt, þá eigið þið kröfu á að fá að vita, hvernig málavextir eru. Og þykir mér því rétt að segja það alveg eins og það er, að nokkurt útlit er fyrir, að þessi ágreiningur muni af hálfu Alþfl. valda samvinnu*slitum, sem að sjálfsögðu hefðu í för með sér* kosningar í sumar.

Yfirleitt hefir samvinnan milli flokkanna undanfarin ár verið góð. Það hefir verið unnið að mörgum hagsmunamálum fyrir bændur og verkamenn á þessu stjórnartímabili flokkanna. En þótt ráðh. Alþfl. hafi unnið með mjög miklum dugnaði að því, að koma til leiðar ýmsum nýjungum í framleiðsluháttum við sjávarsíðuna, þá hefir tap Spánarmarkaðarins aðallega komið þungt niður á þeim, er við sjávarsíðuna dvelja. A. m. k. 99 af hverjum hundrað landsmönnum myndu hiklaust, ef þeir hefðu verið um það spurðir fyrir nokkrum árum, hafa talið missi Spánarmarkaðar *hljóta að valda ríkisgjaldþroti hér*. Svo alvarlegum augum hefir verið litið á það mál. En þetta gífurlega tap höfum við orðið að þola einmitt þessi ár, og þrátt fyrir það höfum við komizt yfir erfiðleikana. Hinar nýju framleiðsluvörur hafa á ýmsan hátt fyllt upp skarðið. En þessar nýju vörur hafa eðlilega ekki á svo stuttum tíma getað valdið meira en vega á móti markaðstapinu og hinum mikla aflabresti á síldveiðunum 1935 og á þorskvertíðinni síðastl. ár. Menn verða að horfast í augu við það, að hvorki þessir né aðrir erfiðleikar verða yfirstignir nema með þrautseigri vinnu og þróun. En einmitt vegna þessara erfiðleika eru uppi háværar kröfur frá *kommúnistum, sem sífellt kynda undir á bak við* Alþfl.

Allir gætnir menn hljóta að sjá og skilja, að eins og ég sagði áðan, verður ástandið ekki bætt nema með áframhaldi vinnu og þróunar. En hjá kommúnistum og öðrum hinum óróleg ri mönnum ríkir sú skoðun, af ástæðum, sem ég hefi lýst, að ástandið verði lagfært með einhverskonar „bombum", eins og þeirri, sem virðist eftir sólarmerkjum að dæma eiga að kasta í þessu máli. En allir munu skilja, að þetta svokallaða Kveldúlfsmál getur aldrei orðið verulegt kosningamál. Allir vita, að það er óhugsandi, að Alþfl. geti fengið meirihluta á Alþingi til þess að þjóðnýta togarana, eins og samþ. var á síðasta flokksþingi hans. Það eina, sem gæti breytt verulega afstöðunni við kosningar, væri þá það, að Sjálfstfl. og „Bændaflokkurinn" fengju sameiginlega meirihlutaaðstöðu til þess að rifa niður þau umbótamál, sem unnin hafa verið á undanförnum árum, og gefa Kveldúlfi eftir skuldir sínar á þann hátt, sem lagður var grundvöllur að með fyrra tilboðinu í vetur, sem lýst hefir verið hér að framan.

En þótt Kveldúlfsmálið — eins og sýnt hefir verið *fram á — geti aldrei orðið kosningamál*, þá getur Alþfl. hæglega, af þeim ástæðum, sem ég skýrði frá, gert það að kosninga-„bombu". Við framsóknarmenn munum taka því. Við erum alltaf við því búnir, að ganga til kosninga, og þurfum til þess engar „kosningabombur". En við skulum vera viðbúnir, framsóknarmenn. Við skulum sýna andstæðingunum það ennþá einu sinni, að við erum það. Við munum í þessari viðureign, ef til kemur, leggja undir dóm kjósendanna þau mál, sem við höfum unnið að undanfarin ár, og málefnin, sem okkar stóra flokksþing lagði fyrir okkur að leysa og mörg eru nú komin fram hér á þingi í frumvarpsformi, þótt einhver þeirra kunni e. t. v. að stanza þar í bráð. Og við álítum einnig, að það sé mjög hollt fyrir landsmenn að hafa hliðsjón af þessu máli Kveldúlfs: Annarsvegar þeirri spillingu, sem lýsir sér í þeirri lausn, sem Sjálfstfl. vildi knýja fram með valdi og „viðnámi" — spillingu sem menn styðja með því að ljá þeim flokki atkvæði —— og hinsvegar afstöðu Alþýðuflokksins, það offors og það hófleysi, sem lýsir sér í hans lausn á málinu. Í þessu máli — einmitt í þessu máli — endurspeglast það jafnvægi, sem Framsóknarflokkurinn er yfirleitt í þessu þjóðfélagi.

***Hannes Jónsson:** Herra forseti! Það er áberandi við þessar umr., *hvað stóru flokkarnir leggja* mikið kapp á að átelja hver annan fyrir það mikla tap, sem orðið hefir í atvinnurekstri þjóðarinnar. Jafnaðarmenn átelja sjálfstæðismenn fyrir það tap, sem hefir orðið í einstaklingsrekstri, en sjálfstæðismenn átelja aftur jafnaðarmenn fyrir það tap, sem hefir orðið í samvinnuútgerð á Ísafirði og togaraútgerð í Hafnarfirði. Þessir flokkar hafa að því leyti alveg rétt fyrir sér, að atvinnuvegirnir hafa verið að tapa. En það hefir verið nær ómögulegt að aftra því, með hvaða fyrirkomulagi sem var, að slík töp kæmu fram. Og að því leyti hafa þessir flokkar rangt fyrir sér, þegar þeir gefa í skyn, að fyrirkomulagið hjá hverjum fyrir sig sé það, sem orsaki tapið. Slíkt þarf að hverfa úr stjórnmálalífi okkar Íslendinga. Við verðum að taka á málunum með meiri alvöru, reyna að finna hinar raunverulegu orsakir fyrir þeim töpum, sem orðið hafa í atvinnurekstri okkar, og útrýma þeim. Það er það eina heilbrigða stjórnmálalíf, sem við getum verið þekktir fyrir að styðja.

Ég hefi vikið að gengismálinu í þessum umr., og ég hefi á undanförnum þingum vikið að því, hve geysileg áhrif það hefir haft á afkomu at-

vinnuveganna, hversu ranglátlega hefir verið farið með gengisskráninguna. En eins og allir vita, þá er gengisskráningin þannig framkvæmd um langt skeið, að krónan hefir verið látin fylgja enska pundinu, án tillits til, hvernig enska pundið breytti gildi gagnvart gullinu. Enska pundið hefir verið fallandi síðan 1931. Englendingar ætluðu sér að halda pundinu rólegu gagnvart gullinu. Og þeim tókst það um tíma. En smátt og smátt kom í ljós, að það var atvinnuvegum þeirra ofurefli, og þá hættu þeir óðara og skráðu það eftir afkomu atvinnuvega þjóðarinnar. Þetta var það eina rétta. Við höfum farið öðruvísi að. Við höfum aðeins hugsað um að láta krónuna halda sér gagnvart enska pundinu. En alveg eins og gullgildi var ekki réttmætt mat á pundinu, getur krónan heldur ekki verið rétt metin, að miða hana bara við pundið. Við verðum eins og aðrar þjóðir að haga skráningu okkar gengis í samræmi við þá aðbúð, sem atvinnuvegirnir verða að búa við. Í þessu gengismáli hafa smátt og smátt opnazt augu alþjóðar fyrir því, að ekki megi lengur við þetta ástand una. Sérstaklega er þetta áberandi hjá þeim, sem mestan hita og þunga bera af atvinnurekstri þjóðarinnar. Og síðastl. ár hafa komið fram mjög háværar raddir, meðal annars frá útgerðarmönnum, um það, að breyta gengi krónunnar, lækka hana, svo að atvinnuvegirnir geti borið sig. Samskonar krafa hefir einnig legið fyrir frá bændum landsins. Og annar stjórnarflokkurinn, Framsfl., hefir annað veifið látið skína í það, að hann væri því samþykkur, að á þessu sviði væri létt af atvinnurekendum þeim byrðum, sem ranglát skráning krónunnar skapar þeim. En þeir hafa ekkert aðhafzt í þessu máli fyrr en nú á allra síðustu stundu, að því er séð verður, eða a. m. k. eru miklar líkur til, að þeir muni hrökklast úr völdum. Og þá fyrst borin fram brtt. um, að fjmrh. sé heimilt — ekki að honum skuli það skylt — að fela þeirri n., sem ætlazt er til, að skipuð verði til að rannsaka löggjöf landsins um banka og sparisjóði, að taka til sérstakrar athugunar, hvernig verðskráning ísl. krónu verði bezt fyrir komið eða að slíkri n. skuli það heimilt. Þarna reynir hæstv. stj. að láta það vera sem allra tvíræðast, hvernig afstaða Framsfl. er gagnvart þessu máli. Þar sem aðeins er um heimild að ræða til að taka þetta mál til athugunar, þá má svo að segja ganga út frá því sem gefnu, að ef það samstarf, sem nú hefir staðið um stund milli Framsfl. og sósialista, ætti að endurnýjast eftir nýjar kosningar, þá yrði n. ekki falið að gera neitt. Og þótt henni yrði falið að gera till. í þessu máli, þá myndi fara svipað og áður, þegar menn hafa verið skipaðir til slíkra starfa. Meðal annars er ekki dult farið með það í nál. Rauðku, sem kölluð er, að eina ráðið til viðreisnar sjávarútveginum sé leiðrétting á þessu ranga verðgildi krónunnar.

Annars er það að segja um málið, sem hér liggur fyrir, uppgjör Kveldúlfs, að það er nú augljóst orðið, að hér er ekki um neitt alvörumál að ræða. Það kom fram í ræðu hæstv. forsrh. áðan bending um það, að samstarfsflokkurinn mundi ekki vera á einu máli um afgreiðslu þessa máls. Og ég geri ráð fyrir, að honum sé nokkuð kunnugt um þær heimilisástæður, sem þar eru. Þetta fer líka saman við það, sem ég hefi áður haldið hér fram, að framkoma þessa frv. væri ekkert annað en skollaleikur, kærkomið tækifæri hjá þessum mönnum til þess að losna við ábyrgð á því, sem er að gerast í þjóðfélaginu, eða ef þeir tækju að sér að leiða þau mál til lykta, þá hefðu þeir 4 ár fyrir höndum, svo að ekki væri hægt við þeim að hrófla.

Afstaða Framsfl. er, eins og ég hefi bent á, alleinkennileg í þessu máli. Fram að þessum tíma hafa þeir haldið fram, að Kveldúlf ætti að gera upp, og enginn ærlegur maður léti hafa sig til þess að standa í vegi fyrir slíku uppgjöri. Hv. þm. S.-Þ. talaði í seinustu grein sinni meðal annars um það, að þetta æfintýri Jensenssona verði að enda eins og hið aldanska æfintýri Landmandsbankans, en það endaði, eins og allir vita, á þann hátt, að aðalbankastjórinn skaut sig, og aðrir bankastjórar og bankaráðsmennirnir voru dæmdir til hegningar. Hvort þessum orðum formannsins er beint til bankastjóranna og formanns bankaráðs, sem sýnist standa næst, eða einhverra annara, þá skiptir það út af fyrir sig ekki miklu máli, en þau sýna aðeins, hversu ríka áherzlu hann leggur á það, að Kveldúlfur verði gerður upp. Og mér sýnist, að það sé augljóst, eftir það sem fram er komið af hálfu stjórnarflokkanna, að þetta er aðeins leikur einn, — leikur, sem aðeins ábyrgðarlausir stjórnmálaskúmar geta leyft sér að heyja. Ef þjóðin er ekki búin að fá nóg af óstjórn og siðspillingu ráðandi meiri hl., þá ætti meðferð þessa máls að verða nægileg til þess, að hún veitti þeim hvíld og fæli öðrum að fara með stjórn landsins.

Ég mun fylgja þessu máli til n., því að ég treysti því, að við meðferð þess í n. komist menn enn betur að, hvernig ástatt er um fjárhagsafkomu atvinnuveganna, og að nauðsynlegar ráðstafanir verði að gera til að ráða þar bót á. En að öðru leyti mun ég ekki leggja lið til, að þessum skollaleik um þetta mál verði haldið áfram hér á Alþingi.

Forseti (JörB): Við þriðju umferð verður jafnað ræðutíma milli flokkanna. Alþfl. hefir hingað til notað 57 mín., Sjálfstfl. 63 mín., Framsfl. 58 mín. og Bændafl. 58 mín. Flokkarnir hafa því yfir að ráða í næstu umferð: Alþfl. 18 mín., Sjálfstfl. 12 mín., Framsfl. 17 mín. og Bændafl. 17 mín.

***Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson):** Herra forseti! Góðir tilheyrendur! Út af ræðu hæstv. forsrh. rétt áðan vildi ég segja það eitt, að það verður náttúrlega að fara sem fara vill um það, hvort skammt eða langt verður til kosninga. En ég þóttist kenna það á mæli hæstv. ráðh., að hann væri farinn að fá glímskjálfta nokkurn og kosningahroll. Honum varð tíðrætt um einhverjar kosningabombur af hálfu Alþfl. Hann getur a. m. k. huggað sig við það, að hann hefir ekki lagt til lítið af innmatnum í þær bombur. — Þá talaði hæstv. ráðh. um samkomulagið og sambúðina innan Alþfl. Vil ég gefa honum eitt gott ráð, og það er að hugsa um sín heimkynni og sitt heimili. Við í Alþfl. munum sjálfir gera út um sambúð og samvinnu þar.

Hann sagði í sambandi við það frv., sem hér er um að ræða, að ekki mundi Héðinn hafa slegið hendi á móti þeirri milljón, sem hér er í boði. Hygg ég svo, ef um milljón var að ræða. En ég býst við, að hæstv. forsrh. myndi ekki hafa verið fús til að gjalda eina milljón króna fyrir það, sem hér var í boði. Annað gefur ræða hans mér ekki tilefni til að taka fram, og ekki heldur ræða hv. þm. V.-Húnv., sem síðast talaði. Líkræðustúfurinn, sem hv. þm. Borgf. flutti yfir Kveldúlfi, líktist gamaldags líkræðu og gefur ekki sérstakt tilefni til andsvara, ekki heldur óhróðurinn, sem hann bar á flm. frv.

Því hefir verið haldið fram, ég ætla af tveimur mönnum í umræðunum, hv. þm. G.-K. og hæstv. fjmrh., að nú þegar væri búið að veita eða lofa byggingarleyfi fyrir verksmiðju á Hjalteyri. Þetta er fullkomið ranghermi, og er báðum kunnugt, að svo er. Kveldúlfi var lofað byggingarleyfi fyrir síldarverksmiðju á Hjalteyri, ef tilskilin gögn og skilríki væru fyrir hendi 28. febr. síðastl. En það reyndist ekki. En nú nýlega tjáði félagið, að skilríkin væru fyrir hendi og gæti það lagt þau fram. Þá var fram komið á þingi frv. um skiptameðferð Kveldúlfs, og svar mitt til félagsins var það, að meðan ekki væri ráðið um framtíð félagsins, sæi rn. ekki ástæðu til að taka tillit til beiðninnar. Og leyfið hefir ekki verið veitt.

Hv. þm. G.-K. heldur því fram í andmælum sínum, að um pólitíska ofsókn sé að ræða, sem sé algerlega án tilefnis, að því er snertir fjárhagsafkomu í rekstri Kveldúlfs, — félagið eigi vel fyrir skuldum, það bjóði nýjar stórtryggingar fyrir skuldunum, þrátt fyrir það þótt nægilegar eignir séu til fyrir þeim; yfirleitt sé starfsemin með mesta myndarskap og í ágætu lagi. Hverjum þykir sinn fugl fagur, og get ég skilið þessi orð af hálfu hv. þm. sem eins af eigendunum. Til samanburðar hefir hann svo tekið samvinnufélag Ísfirðinga og bæjarútgerð Hafnfirðinga, sem séu glögg dæmi þess, hversu takist stjórnin, þegar aulabárðar, sem enga „sérþekkingu“ hafa, eru að fást við útgerð; þar fer allt norður og niður, ef það er ekki farið það fyrir löngu. Hann sagði, að samvinnufélag Ísfirðinga hefði fengið eftirgefið af skuldum yfir 390 þús. kr., og útgerðin í Hafnarfirði skuldaði 500 þús. kr. á togara, hefði tapað 600 þús. kr. og eigi ekki fyrir skuldum. Hvað er nú sannleikurinn í þessu? Samvinnufélag Ísfirðinga fékk við skuldaskil ekki eftirgjöf á 397 þús. kr., heldur 378 þús. kr. En af þessum 378 þús. voru 84 þús. kr. framlög frá félagsmönnum sjálfum. Eftirgjafir voru því ekki nema 294 þús. kr., að meðreiknuðum vöxtum, eða ⅗ af því, sem Kveldúlfur, sem ekki hefir getað greitt vexti af skuldum sínum, hefir lánað Thorsbræðrum, sjálfum eigendunum. Af þessum 294 þús., sem skorti á, að samvinnufélagið greiddi að fullu skuldir sínar, ásamt öllum vöxtum, voru 118 þús. krónur skulda við Ísafjarðarkaupstað, sem að langmestu leyti var hluti af leigu eftir fasteignir, sem vafasamt er, hvað annars hefðu gefið af sér. Þar sem allt atvinnulíf á Ísafirði hrundi í rústir undir stjórn sjálfstæðismanna, þá varð að koma þar upp nýjum atvinnufyrirtækjum, til þess að fólkið gæti lifað.

Ég hygg, að samanburður við þetta félag sé ekki Kveldúlfi í vil, þegar þess er gætt, að Kveldúlfur sat að gróða veltiáranna, þegar samvinnufélagið hóf starfsemi, og var að dómi hv. þm. G.-K. stórauðugt félag á árunum 1924—'28, og allt var rekið með „sérþekkingu“ og hinum mesta „myndarskap“ og „manndómi“. En samvinnufélag Ísfirðinga byrjaði á þeim tíma, þegar erfiðleikar útgerðarinnar voru að byrja að marki. Þegar skuldirnar tóku fyrir alvöru að hlaðast á Kveldúlf, þá var samvinnufélag Ísfirðinga stofnað og með allt í skuld. Bátar félagsins, sjö að tölu, kostuðu um 420 þús. kr. auk allra annara nauðsynja til útgerðarinnar. Þær 176 þús. kr., sem lánardrottnar samvinnufélagsins, aðrir en Ísafjarðarkaupstaður, hafa tapað á félaginu, virðast vaxa hv. þm. G.-K. mjög í augum. Þetta er þó tap sjö báta í níu ár. Hygg ég, að hv. þm. G.-K. myndi þykja hagur Kveldúlfs góður, ef tapið hefði ekki numið meira að tiltölu á skipum Kveldúlfs þessi ár, úr því að honum finnst nú svo smátt til um skuldasúpu Kveldúlfs, svo mikil sem hún er og miklu hærri að tiltölu en hjá þessu félagi.

Um bæjarútgerð Hafnarfjarðar er það að segja, að togarar hennar voru keyptir á árunum 1931—'34 og hafa því starfað eingöngu á mestu erfiðleikaárum útgerðarinnar. Þar er skuldin nokkuð yfir 900 þús. kr. eða um 470 þús. kr. á togara. Tilsvarandi skuld hjá Kveldúlfi með sína sjö togara væri, eftir því sem mér reiknast, 3,2—3,3 millj. kr. Hygg ég, að það félag myndi einnig í því tilfelli þykjast vel stætt, ef skuldir þess væru ekki meiri en það, að viðbættu verði annara arðberandi eigna þess, svo sem Hesteyrarverksmiðjunnar. Það er grunur minn, að skuldir félagsins séu talsvert á þriðju milljón umfram þessa upphæð. Tap bæjarútgerðarinnar í Hafnarfirði sagði hv. þm., að hefði orðið 600 þús. kr. En þetta er ekki rétt. Þetta voru hin allra verstu ár útgerðarinnar, eins og ég hefi þegar tekið fram, og félag þetta, sem byrjaði eingöngu með lánsfé, tapaði í allt á þessum tveimur skipum 285 þús. kr. Ég hygg, að framkvæmdastjórar Kveldúlfs þættust stjórna með myndarskap sínu fyrirtæki, ef tapið hefði ekki verið meira á skip þeirra á þessum árum. Ég hygg þessi samanburður verði greinilega óhagstæður fyrir Kveldúlf, en ekki fyrir þá, sem hv. þm. G.-K. ber Kveldúlf saman við. Um laun forstjóra bæjarútgerðar Hafnarfjarðar er það að segja, að þau eru aðeins 6 þús. kr. á ári og ekkert þar fram yfir. Stjórn bæjarútgerðarinnar tekur engin sérstök laun.

Hv. þm. G.-K. hefir allmjög kvartað yfir því, að Kveldúlfur hafi verið rægður og affluttur af blöðum og fleirum undanfarið. En mig minnir nú, að stundum hafi sungið eitt og annað í blöðum „Íhaldsflokksins“ um bæjarútgerðina í Hafnarfirði og samvinnuútgerðina á Ísafirði. Hafa slík skrif a. m. k. ekki orðið til þess að styrkja kredit þessara fyrirtækja (nema kannske hjá þeim, sem taka ekkert mark á þessum blöðum). Það er víst, að starfsemi þessi, sem var neyðarráðstöfun, eftir að íhaldið var búið að leggja allt atvinnulíf í rústir, hefir verið rógborin meir en nokkur önnur fyrirtæki. En þessi félög hafa birt sína reikninga og ekki getað leynt þeim, eins og Kveldúlfur felur sína reikninga.

Þá hefir Ólafur Thors og fleiri viljað gera samanburð á skuldaskilauppgerð bænda og smáútgerðarmanna annarsvegar og því, ef Kveldúlfur væri tekinn til skiptameðferðar, hinsvegar. Annarsvegar er um að ræða að hjálpa þúsundum manna til þess að halda starfstækjum sínum, svo að þeir geti haldið áfram að skapa sér og sínum atvinnu. Ef atvinnutækin væru af þeim tekin, væri hvergi bjargar að leita fyrir þá, og væri það hin mesti hnekkir fyrir þjóðfélagið í heild. Því voru þessar kreppuráðstafanir gerðar, og það var rétt að gera þær. Um togaraútgerðina gegnir allt öðru máli. Það er ekki minnsta ástæða til að gera slíkar ráðstafanir til þess að tryggja atvinnumöguleika Thorsbræðra, til dæmis að taka. Þetta eru svo vel gefnir menn og prýðilega undir lífið búnir, að þeim ætti engin skotaskuld að verða úr því, að vinna sæmilega fyrir sér og sínum. Það, sem mest á ríður, er, að ekki truflist rekstur atvinnufyrirtækjanna, svo að fólkið, sem við þau vinnur, geti unnið fyrir sér. Það á að tryggja. Ég er reiðubúinn að taka upp samvinnu við hvern sem er um að veita togaraútgerðinni sem slíkri þá hjálp og fjárhagslega hreinsun, sem nauðsynlegt er, til þess hún komist á heilbrigðan grundvöll. En það á ekki að gera með því, að gefa núverandi eigendum togaranna allt að 5 milljónum, eins og gert var ráð fyrir í skuldaskilafrv. Sjálfstfl. Það er ekki þjóðfélagsleg nauðsyn, að Kveldúlfur og Alliance reki skipin, heldur er það þjóðfélagsleg nauðsyn, að skipin séu rekin til hagsbóta fyrir almenning, en ekki látin liggja við hafnargarðinn, þegar eigendunum þóknast. Ólafur Thors talaði um, að atvinnuvonir mörg hundruð eða jafnvel þúsund manna væru bundnar við það, að Kveldúlfi verði leyft að starfa, og fleiri hafa rætt um, hvað verkalýðurinn ætti Kveldúlfi mikið að þakka fyrir það, hvað hann hefði veitt mikla atvinnu. Þetta gefur mér tilefni til nokkurra athugana. Ég hefi hér skýrslu um úthaldsdaga Kveldúlfstogaranna á saltfisk, ísfisk og síld árið 1936. Samkvæmt henni virðast þessir 7 togarar hafa gengið samtals 1212 daga á árinu, eða til uppjafnaðar 173½ veiðidagur á hvert skip. Ég tek önnur 7 skip úr togaraflotanum, ekki þau hæstu, en þau, sem eru þó með þeim hærri. Þessi 7 skip hafa samtals 1920 úthaldsdaga, eða meira en hundrað veiðidögum fleira á hvert skip heldur en Kveldúlfstogararnir. Þessum skipum hefir þannig verið til jafnaðar haldið úti 3⅓ mánuði lengur yfir árið heldur en Kveldúlfstogurunum. Ég veit, að þeir, sem til þekkja, vita það, að afkoma þessara skipa hefir ekki verið verri heldur en Kveldúlfstogaranna, heldur sennilega heldur betri. Þetta sýnir, hvað mikil áherzla hefir verið á það lögð af þessu félagi, að halda uppi sem mestri atvinnu fyrir verkalýðinn.

Ég átti von á, að Ólafur Thors mundi gera grein fyrir fjárhag Kveldúlfs. En í stað þess tók hann þann kostinn, að skamma Héðinn Valdimarsson fyrir óliuokur og stirt skaplyndi, sem raunar er engin ný bóla. Hitt voru mér meiri vonbrigði, að hæstv. fjmrh. skyldi líka skjóta sér undan þessu. Hvorugur þessara manna mælti á móti þeim upplýsingum, sem Héðinn Valdimarsson gaf um skuldir Kveldúlfs, né því, sem um þetta segir í grg. frv. Má þess vegna ganga út frá, að skuldir Kveldúlfs séu ekki undir 5½ millj. króna nú. Þrátt fyrir þessa geysilegu skuld, sem nú er ráðgert að auka enn um eina til 1½ millj., eru andmælendur frv. á einu máli um, að óeðlilegt sé og ótækt, að hið opinbera, ríkisvaldið, hafi afskipti af þessu máli. Þeir segja, að þetta sé mál bankanna; þeir eigi einir að gera út um það, því að þeir hafi til þess mesta þekkingu og bezta aðstöðu, enda eigi þeir líka mest á hættu. Ég skal játa, að hér er um nokkuð óvenjulega leið að ræða, en hér er einnig um óvenjulegt fyrirbrigði að ræða, þar sem Kveldúlfur er. Það er ákveðið í landslögum, að ríkissjóður megi ekki skulda Landsbankanum meira en 1200000 kr. En það er víst, að Kveldúlfur skuldar Landsbankanum þrefalda eða fjórfalda þessa upphæð. Og einmitt einn af forstjórum Kveldúlfs er í bankaráði Landsbankans, settur þar af Sjálfstfl. Það má ekki heldur horfa eingöngu á erlendar venjur í þessu efni, því að þar eru bankarnir yfirleitt einkaeign og hætta því sínu eigin fé. Hér eru aftur á móti bankarnir að mestu leyti ríkiseign, og ríkið ber ábyrgð á öllum fjárreiðum þeirra. Þess vegna er eðlilegt og sjálfsagt, að ef hinu opinbera finnst of gálauslega farið af bönkunum, þá noti það vald sitt til þess að taka í taumana, ekki síst þegar þess er gætt, að þjóðin hefir nú þegar fengið að kenna á því, hvernig það gefst, að láta stóru skuldunautana stjórna bönkunum og svo aftur bankana að miklu leyti fjárhagsafkomu landsins. Það hefir oft verið talað um það, að ríkisskuldirnar væru orðnar þungbærar, og það með réttu, þar sem komnar eru hátt á þriðju milljón kr. árlegar greiðslur vaxta og afborgana. Það er því ekki úr vegi að athuga, hvernig allar þessar skuldir eru til komnar.

Árið 1921 var tekið lán í Englandi, 500 þús. sterlingspund, sem með núverandi gengi nemur um 11 millj. ísl. kr. Þar af fékk Landsbankinn 1960 þús. kr. og Íslandsbanki 6180 þús. kr., samtals 8140 þús. kr. Eftir var handa ríkissjóði 2860 þús. kr. Árið 1930 var svo aftur tekið lán í Englandi, að upphæð 540 þús. sterlingspund + 70 þús. sterlingspunda smálán, eða um 12 millj. ísl. kr. Af því fór til Búnaðarbankans 3600 þús. kr., Landsbankans 300 þús. kr. og til Útvegsbankans 1500 þús. kr., eða samtals til bankanna 8100 þús. kr. Hlutur ríkissjóðs nam þannig 3900 þús. Loks var enn tekið 500 þús. sterlingspunda lán í Englandi árið 1935, og af því fóru 3500 þús. kr. til Útvegsbankans upp í lán, sem ríkissjóður stóð í ábyrgð fyrir. Auk þessa voru á árunum 1926—'27 tekin 6½ millj. kr. lán í Danmörku til kaupa á bankavaxtabréfum, sem vegna fjárskorts bankanna þurfti að kaupa. Alls hefir ríkissjóður lagt fram til bankanna sem stofnfé, lán og önnur framlög 27 millj. 590 þús. kr., auk þeirrar 6½ millj. kr., sem fór til kaupa á bankavaxtabréfum. Þetta fé hefir ríkissjóður látið úti næstum allt síðan 1921 og að langmestu leyti vegna þeira tapa, sem bankarnir hafa orðið fyrir á viðskiptamönnum sínum. Til þess að sýna, á hverjum aðaltöpin hafa orðið, má benda á, að þegar Íslandsbanki fór á hausinn, skiptist tapið þannig samkvæmt mati:

Á 4 mönnum tapaðist yfir eina millj. kr., samtals	7,2	millj.	kr.
Á öðrum fjórum mönnum tapaðist 500—1000 þús. kr., samtals	3	—	—
Á 9 mönnum tapaðist 200—500 þús. kr., samtals	2,8	—	—
Og á 7 mönnum tapaðist 100—200 þús. kr., samtals	1	—	—
Alls tapaði Íslandsbanki þannig á 24 mönnum	14	millj.	kr.

En alls eru töp bankanna talin orðin um 35 millj. króna.

Þetta sýnir, að töpin hafa að langsamlega mestu leyti orðið á stærstu viðskiptamönnum þeirra — viðskiptamönnum, sem bankarnir hafa dregið von úr viti að gera upp í von um einhvern æfintýragróða þeim til bjargar eða af ótta við að láta töpin koma fram, þangað til þessir skuldunautar voru orðnir bönkunum sjálfum ofjarlar. Eitt slíkt fyrirbrigði virðist Kveldúlfur nú orðinn. Það lítur út fyrir, að bankarnir kveinki sér undan því leiðindaverki, að gera hann upp.

Það, sem Kveldúlfi er sérstaklega fundið til foráttu, er, að dregið hefir verið út úr atvinnurekstrinum stórfé, auk þess sem stjórn fyrirtækisins hefir verið óhæfilega dýr. Um þetta getur ekki farið tvennum sögum. Ólafur Thors hefir á Varðarfundinum 24. jan. metið Korpúlfsstaðaeignina með tilheyrandi verðmætum þannig:

Ræktað land	600—700	þús.	kr.
Annað landverð jarðarinnar	400—600	—	—
Hlöður og fjós	700	—	—
Gripir	150—200	—	—
Vélar og verkfæri	100	—	—
Mjólkurbú og mannaíbúðir	200	—	—
Alls samkvæmt lægsta mati hv. þm.	2150	þús.	kr.

Hvaðan hefir allt þetta fé verið tekið? Um það þarf ekki að spyrja. Það hefir vitanlega verið tekið úr Kveldúlfi, eins ½ miljónin í eftirlaun handa Thor Jensen, ½ milljónin, sem eigendurnir hafa lánað sjálfum sér, og það fé annað, sem þeir hafa tekið sér og sínum til afnota.

Ég sé að tími minn er búinn, og verð ég því að láta hér máli mínu lokið.

*__Pétur Halldórsson:__ Herra forseti! Hv. þdm. hafa nú hlýtt á umr. um þetta undarlega lagafrv. og mega vissulega teljast margs vísari af þeim. Þó er eitt, sem öðru fremur hefir orðið alveg ljóst af umr., og það er, að þetta frv. er flutt gersamlega að ófyrirsynju. Í fyrsta lagi er hér ekki um að ræða mál, sem getur eftir eðli sínu verið löggjafaratriði. Í öðru lagi liggur það ljóst fyrir, að þótt þessu væri ekki til að dreifa, þá er frv. þarflaust og fyrirfram dauðadæmt og ætti að takast út af dagskrá d., þar sem efni þess á ekki að neinu leyti við; það er tilefnislaust. Í þriðja lagi er það ljóst, að það er ekki tilgangur flm., að frv. verði gert að lögum. Það er framborið aðallega til þess að geta rutt úr sér fúkyrðum, og sá tilgangur er ekki heimill í sölum Alþingis. Það má segja, að það sé einstök misnotkun á tíma hv. d., að frv. er tekið til meðferðar. Það getur ekkert réttlætt þessa umr. annað en það, ef takast mætti að ljúka upp augum þeirra, sem sjá vilja, og eyrum þeirra, sem kunna að vilja heyra, fyrir ýmsu, sem nú er að gerast í þjóðlífinu og varðar alla landsmenn. Hvað er að gerast? Það er fyrst og fremst að gerast þetta, að þjóðin er, þrátt fyrir allar framfarirnar og vaxandi afskipti stjórnarvaldanna, sem hétu henni að sjá um velferð hennar með opinberum afskiptum og skipulagningu á öllum sviðum henni til hagsbóta, að verða fátækari og fátækari með hverju árinu sem líður. Henni líður ver með hverju árinu, sem líður frá því hin nýja stefna var upp tekin árið 1927. Hagur landsmanna og fyrirtækja þeirra versnar, og það svo ört síðustu árin, að það hlýtur að fara að valda hæstv. ríkisstj., Alþingi og öllum, sem vilja málefnum þjóðarinnar vel, hinni mestu áhyggju. Hver er hagur framleiðendanna í þessu landi? Hver er hagur bændanna? Þeir hafa barizt með þrautsegju við strit og áhyggjur, sem fara vaxandi ár frá ári, þar til svo var komið, að við sjálft lá, að mikill hluti bændastéttarinnar í landinu teldi baráttuna við erfiðleikana vonlausa. Og það er ekki nokkur vissa fyrir því, að sú hjálp, sem átti að veita bændum með kreppulöggjöfinni, komi að nokkru haldi. Hver er hagur útgerðarmannanna, hinna smærri? Þeir komust allflestir á vonarvöl undir verndarvæng þessarar skipulagningarstjórnar, og engar líkur virðast vera á því, að sú aðstoð, sem átti að veita þeim með l. um skuldaskilasjóð vélbátaeigenda, komi þeim að haldi, nema kannske rétt í bili.

Á allt þetta hefir þingmeirihlutinn hingað til horft með hinu mesta jafnaðargeði. Það vantar þó ekki, að það hafi verið bent á það á þessum árum, hvert stefnir, og margar tilraunir hafa verið gerðar til þess að benda ráðandi þingmeirihluta á, hvaða leiðir væru hugsanlegar úr þessum vanda. Nú á, að ráði sósíalista, ef þetta frv. nær fram að ganga, að svíkjast að þeim mönnum, sem staðið hafa undir þunganum af rekstri stærsta atvinnufyrirtækisins og glæsilegasta í landinu, og koma í veg fyrir, að þessi gróðurvænlegi vöxtur í atvinnulífi þjóðarinnar fái staðizt. Sósíalistarnir eru þó þeir menn í landinu, sem sízt hafa skeytt um eða krafizt þess, heldur miklu fremur staðið fastast gegn því, að atvinnufyrirtækin í landinu verði rekin með hagnaði. Ef það er nú vilji allra stjórnmálaflokka, eins og þetta bendir til, sem hér er að gerast, að nú verði tekin upp ný stefna og engum fyrirtækjum haldið uppi, sem ekki sýna hagnað, þá kann vel að vera, að hér sé rétt stefnt. En það skyldi enginn halda, að þessari kröfu verði fullnægt með því, að leggja stórfyrirtækin í landinu að velli. Ef einhver kann að halda þetta, þá er hann blindaður af vanþekkingu. Um það fyrirtæki, sem þessu frv. er stefnt að, er það á margra vitorði, að því hefir frá upphafi verið betur stjórnað en flestum slíkum fyrirtækjum í landinu. Þeir, sem því eru kunnugir, vita, að framkvæmdasamari, röskari og framsýnni forstaða hefir ekki þekkzt

við stjórn fyrirtækis á þessu landi. Um þetta mætti nefna fjölda dæma, en þau eru svo almennt kunn, að þarflaust er að fara að rekja þau hér. Þetta fyrirtæki hefir stuðlað að almennri velmegun, ekki síst hér í Reykjavík, um 25 ára skeið, og bæjarmönnum er vel kunnugt um það. Nú er því haldið fram, að ekki þurfi að óttast stöðvun á rekstri atvinnutækjanna vegna aðgerða þeirra, sem frv. fer fram á, að félagið verði með valdboði gert gjaldþrota. En þetta er hin argasta blekking. Það er örugglega víst, að ef það tekst, sem flm. þessa frv. hafa í huga, að stöðva fyrst útgerð Kveldúlfs og síðan annara stórútgerðarfyrirtækja í landinu, þá hverfa skip þessara fyrirtækja úr landi. Það fullyrði ég. Íslendingar munu þá ekki hafa af stórskipaútgerð til fiskveiða að segja fyrr en eftir langan tíma, jafnvel áratugi, þegar vesöld landsmanna og skortur hefir á ný kennt þeim að sameina vilja og krafta allra um það, að gera lífvænleg atvinnuskilyrði fyrir þessi tæki. En áður en að því kemur, að landsmenn hafa lært þetta að nýju, ef þeir hafa áður hrakið þennan atvinnurekstur úr landi, þá mun verða þröngt fyrir dyrum hjá mörgum í landinu, en þá fyrst og fremst í höfuðborginni, Reykjavík.

Ég veit, hvað Reykvíkingar segja um alla þessa herferð á hendur stórútgerð bæjarmanna. Ég þykist vita, að bæjarmönnum sé það öllum ljóst, að líf og velferð Reykjavíkurbæjar er að mjög verulegu leyti undir því komin, að hér verði hægt að halda áfram togaraútgerð. Og ég er viss um það, að allir þeir, sem unna velferð Reykjavíkurbæjar, hafa fundið til þeirrar alvöru fyrir bæjarfélagið, sem augljós varð, þegar svo var komið, að líf eða dauði helztu atvinnufyrirtækja bæjarbúa var að verða leiksoppur pólitískra loddara og fjandskaparmál geðofsamanns vegna pólitísks haturs hans á einum bæjarmanni. Þó að þetta tilræði við atvinnulíf bæjarins sé stöðvuð nú, af því að ekki eru nægilega margir sem fórna vilja heill bæjarfélagsins að óþörfu, þá vita Reykvíkingar af þessu, að þeir eiga framvegis yfir höfði sér þá hættu, sem hér var afstýrt um sinn. Þeir vita, að allra bragða mun verða neytt til þess að leggja höfuðatvinnuveg bæjarbúa í rústir. Landsmenn, og þá sérstaklega Reykvíkingar, verða að gera sér það ljóst, að takmark nokkurs hluta þeirra stjórnmálamanna, sem hér ríkja og heima eiga í þessum bæ, er að kosta því til, sem kosta þarf, jafnvel þótt það kosti fátækt, armæðu og erfiðleika fyrir alla bæjarbúa, til að fella þær stoðir, sem nú standa sterkastar undir atvinnulífi Reykvíkinga. Eina vonin er sú, að Alþingi, sem hér ber stóra ábyrgð, sjái það, að ef Reykjavík fellur, þá er um leið ríkið sjálft fallið.

*Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Ég heyri, að menn eru almennt hættir að kenna þm. við kjördæmi sín samkvæmt þingsköpum, og mun ég því einnig nefna þá nöfnum sínum við þessa umr.

Hannes Jónsson hefir haldið hér tvær ræður. Fyrri ræðuna álít ég bæði honum sjálfum og flokki hans til hneisu, að því leyti sem nokkuð getur orðið þeim flokki til hneisu. Ég ætla að minna hann á, að það er ekki langt síðan Ólafur Thors lýsti með fögrum orðum, að það væri Sjálfstfl. og þar með Kveldúlfsmenn, sem ætti hann sem þm., af því að hann kom honum inn á Alþingi. Þessi hv. þm. er samkvæmt því sennilega eina eign Kveldúlfs, sem ekki er veðsett, og þannig eina eignin, sem þetta hlutafélag getur ráðstafað án íhlutunar annara.

Hv. 2. þm. Reykv. spurði hér áðan, hvort fjmr. og dómsmrh. vildu bera ábyrgð á því, að Kveldúlfi yrði lánað áfram og engin rannsókn færi fram á rekstri þess fyrirtækis. Skildist mér hann í því sambandi gera ráð fyrir, að félagið sviki undan skatti. Ég verð að segja um þetta, að mér finnst nokkuð langt gengið, ef á að gera fyrirtæki upp aðeins til þess að geta komizt í bækur þess og litið eftir, hvort það hefir svikið undan skatti. Til þess er einfaldari leið, sem hv. þm. þekkir sem meðlimur í yfirskattanefnd Reykjavíkur. Honum ber að vaka yfir því, að ekki sé svikið undan skatti hér í bænum, og hafi hann rökstuddan grun í þessu efni, er skylda hans að senda kæru um það, og mun þá ekki verða á hana lagzt fremur en annað í því efni.

Það hefir verið vikið að afstöðu Jónasar Jónssonar í þessu máli, og vilja sumir telja þá niðurstöðu, sem fengin er í málinu í bili, í ósamræmi við skrif hans. Ég vil benda á það, að enginn einn maður í landinu hefir unnið eins mikið að því, að sukk Kveldúlfs er nú stöðvað, eins og einmitt Jónas Jónsson. Enginn einn maður hefir unnið eins mikið að því, að koma upp og koma í veg fyrir fjármálaóreiðu í landinu yfirleitt eins og hann. Hvað hefði verið sagt um Jónas Jónsson, ef hann hefði á sínum tíma unnið að því, að Gísli Johnsen, Sæmundur í Stykkishólmi og þeirra nótar fengju í friði að sitja eftir með stórar eignir, þegar fyrirtæki þeirra voru gerð upp, — eignir, sem þeir ella hefðu viljað bjóða fram upp í skuldir sínar? En það er einmitt þetta, sem þeir berjast nú fyrir, sem eru á móti afstöðu Framsfl. í þessu máli, að óreiðumönnunum sé leyft að komast undan með eignir, sem þeir hafa dregið út úr fyrirtækinu. Hvað mundi hafa verið sagt um Jónas Jónsson, ef hann hefði barizt slíkri baráttu fyrir þessa menn, sem hann er frægur fyrir afskipti sín af? En einmitt þessu eru þeir að berjast fyrir, sem eru á móti Framsókn í þessu máli, að óreiðumennirnir komist undan með þær eignir, sem þeir hafa ætlað sér að draga undan.

Þá hefir Alþfl. þótzt vera að bera kvíðboga fyrir því, að við værum ekki á línu flokksþingsins, sem haldið var í vetur, í þessu máli. Sannleikurinn er sá, að á flokksþingi Framsóknar voru engar samþykktir gerðar um þetta mál, en hinsvegar talsvert um það rætt, og þar kom fram einlægur vilji flokksmanna á því, að sukkið væri stöðvað. Ég lét þar svo um mælt, að ef haldið yrði áfram að lána Kveldúlfi án frekari tryggingu, eða félaginu gefið eftir af skuldum þess, myndi Framsókn grípa til þingvalds síns til þess að stöðva óreiðuna. Þetta er alveg í samræmi við framkomu flokksins í málinu hér á þingi. og Alþfl. þarf engan kvíð-

boga að bera fyrir því, að við getum ekki gert kjósendum okkar full skil fyrir gerðum okkar í þessu máli. Enginn á flokksþingi Framsóknar mun hafa verið á þeirri skoðun, að rétt væri að leyfa Kveldúlfi að sleppa við eina milljón til þess eins, að hægt væri að gera hann upp nú þegar.

Hv. 1. landsk. og hæstv. atvmrh. sögðu, að við framsóknarmenn héldum okkur fast við einræði bankanna. Mín ræða gaf ekkert tilefni til slíkra ásakana. Ég sagði, að Alþingi ætti að hafa áhrif á stjórn bankanna gegnum fulltrúaval í bankaráð, en taldi hinsvegar ekki viðeigandi, að Alþingi sjálft færi beinlínis að taka að sér þau skuldaskipti, sem bönkunum ber að annast. Afstaða mín í þessu máli er því ekki sú, að ég álíti, að bankarnir eigi að hafa algert einræði yfir fjármálunum, heldur sú, að ég hefi ekki séð ástæðu til þess að beita valdi mínu gegn þessari lausn þessa máls, vegna þess að ég álít hana rétta. Hér liggur því alls ekki fyrir að fara að draga inn í umræðurnar ágreining um vald Alþingis og bankanna.

Hv. 1. landsk. sagði, að ýms fordæmi væru fyrir því, að Alþingi hefði gripið fram fyrir hendur bankanna í svipuðum tilfellum. Hann nefndi sem dæmi uppgjör Íslandsbanka og Síldareinkasölunnar. En hvorugt þetta dæmi er hliðstætt. Íslandsbanki hafði lokað; lánardrottnarnir biðu við dyrnar, og bankinn gat ekki opnað aftur án ríkishjálpar. Síldareinkasalan var stofnuð af Alþingi, og því var það réttur aðili til að gera hana upp, hvenær sem var. (SE: Hver hefir stofnað Landsbankann?) Alþingi hefir ekki stofnað Kveldúlf.

Hæstv. atvmrh. vék að þeim orðum mínum, að loforð hans um að veita Kveldúlfi leyfi til að reisa síldarverksmiðju á Hjalteyri samrýmdist ekki stefnu Alþfl. í þessu máli nú. En mér skilst það alveg augljóst, að ef Kveldúlfur er sú ófreskja 22. marz, að óhæfa sé að veita slíkt leyfi, þótt fé sé fyrir hendi, þá geti hann ekki hafa verið neitt betri 28. febr. Það ber því allt að sama brunni um, að það eru þjóðfélagslegar en ekki fjárhagslegar ástæður, sem ráða afstöðu Kveldúlfs í þessu máli.

Hæstv. atvmrh. gaf hæstv. forsrh. það ráð að skipta sér ekki af högum Alþfl. Við erum ekki vanir að njósna um hagi annara flokka eða skipta okkur af heimiliserjum þeirra. En þegar málgagn flokksins kallar okkur glæframenn og svikara, þá verður okkur varla láð, þótt við segjum frá þeim sannleika, að ýmsir beztu menn flokksins hafa verið okkur sammála í þessu máli.

*__Hannes Jónsson__: Hæstv. fjmrh. minntist enn á kosningu mína í Vestur-Húnavatnssýslu, enda virðist sú kosning hafa farið svo á heilann á honum og samherjum hans, að þeir geta ekki um annað talað, þegar þeir eiga orðastað við mig.En ég get í þessu sambandi látið nægja að benda á það, að ég hefi undanfarið verið kosinn af meiri hluta kjósenda í kjördæmi mínu, af því að ég hefi fylgt þeirri stefnu, sem þeim hefir fallið betur í geð en stefna hæstv. fjmrh. og ég veit, að hann á enn eftir að reka sig á það. — Hæstv. fjmrh. sagði, að ég væri það eina, sem Kveldúlfur ætti nú eftir óveðsett. En ég held, að hæstv. fjmrh. ætti að tala sem minnst um veðsetningar, þar sem öllum er kunnugt, að hann er veðsettur upp fyrir haus, nema hvað kannske bláeyrun standa upp úr, svo að kommúnistar geti brugðið marki sínu á þau.

Hæstv. ráðh. svaraði engu orði því, sem ég sagði um ástand atvinnuveganna, né lét svo lítið að minnast á það, hvað hægt væri að gera til að kippa tveim aðalatvinnuvegum þjóðarinnar á heilbrigðan grundvöll. Hvílíkur fjmrh.! Hann veit nú að vísu, að hann er á förum úr sessi sínum fyrir fullt og allt. En í von um að finna náð fyrir augum sósialista eftir kosningar, talar hann til þeirra í þessu máli eins og hann sé að biðja fyrirgefningar á því, að hann er til. Ég veit ekki, hversu líknsamir sósialistar eru, en ég veit, að þeir fá ekki tækifæri til að sýna hæstv. fjmrh. þá linkind, að styðja hann eftir kosningar, hversu fegnir sem þeir vilja.

Um mat Pálma Einarssonar á eignum Kveldúlfs er það eitt að segja, að það er framkvæmt eftir beiðni bankastjórnarinnar, og hann mun bráðlega gera fulla grein fyrir áliti sínu. En það er full ástæða til þess að ætla, að mat hans sé ekki fjarri sanni, þegar miðað er við það, að hæstv. fjmrh. hefir sjálfur metið eina á, sem er eign Kveldúlfsbræðra, á 150 þús. kr.

Hæstv. atvmrh. hélt því fram, að sambærileg væru skuldaskil smábátaeigenda og bænda og uppgjör Kveldúlfs. Jú, það er rétt, að töp atvinnurekenda koma í ljós á báðum stöðunum, þótt Kveldúlfur verði auðvitað ekki gerður upp á sama hátt. En ég fæ ekki séð, að það verði fært bönkunum til ámælis, þótt þeir skirrist við að gera upp svo stór atvinnufyrirtæki sem Kveldúlfur er, ekki einungis vegna verkalýðsins í landinu, heldur einnig vegna hins erlenda gjaldeyris. Hann kvaðst vilja hjálpa rekstri togaranna í landinu, en ekki eigendum þeirra. Ég fæ ekki skilið, hvernig þetta má verða, nema hann vilji koma rekstri togaranna undir ríkið, enda mun sá vera tilgangurinn. Þess vegna halda sósialistar og samherjar þeirra kreppunni við í landinu með ranglátri gengisskráningu, því að á annan hátt treysta þeir sér ekki til þess að sannfæra þjóðina um nauðsyn eða réttmæti ríkisrekstrar. Þess vegna róa þeir að því öllum árum að eyðileggja einstaklingsframtakið á þennan hátt.

Hún er annars harla skopleg sú afstaða stjórnarflokkannna, að bregða hvor öðrum um fylgi við Kveldúlf á kostnað þjóðarinnar. Auðvitað er þetta ekkert annað en skollaleikur til þess að villa fólki sýn og reyna að græða á honum við kosningarnar. En þjóðin mun skynja af slíkum aðferðum máttleysi og úrræðaleysi stjórnarflokkanna til þess að bjarga atvinnuvegunum frá algerðu hruni og fela öðrum að gera það.

Hæstv. forsrh. hélt því fram, að ef Sjálfstfl. kæmist til valda við næstu kosningar með stuðningi Bændafl., myndi afleiðingin verða sú, að Kveldúlfi yrði veittar stórkostlegar eftirgjafir á skuldum hans. En afstaða Bændafl. í þessu máli er sú, og engin önnur, að hann vill láta togaraútgerðina borga skuldir sínar og trúir því,

að hún geti það. En hann vill, að þessum atvinnurekendum sem öðrum verði sköpuð skilyrði til þess að standa við skuldbindingar *sínar, jafnframt því sem nýrri og aukinni* framleiðslu verður gert kleift að þróast í landinu. Bændafl. litur svo á, að auka þurfi atvinnurekstrinn í hlutfalli við fjölgun fólksins, og þó heldur meira, til þess að bæta og jafna kjör fólksins í landinu. En nú hafa atvinnurekendum verið sköpuð þau kjör, að enganveginn helzt í horfinu, og því kjósa æ fleiri og fleiri þeirra að hverfa frá atvinnurekstri sínum og lifa á erfiði annara. Slíkt öfugstreymi hlýtur áður en langt um líður að leiða til algers hruns atvinnuveganna, sem ekki má verða og þarf ekki að verða, ef þjóðin gripur í taumana í tíma.

***Flm. (Héðinn Valdimarsson):** Ég vil fyrst víkja nokkrum orðum að ræðu hv. þm. G.-K. Hann reyndi að vísu ekki að svara mér neinum röksemdum, fremur en hans var von, en réðst á mig persónulega fyrir það, að ég hefði ekki vald á skapsmunum mínum, fyrir óhóf í einkalífi mínu o. s. frv. Það mun nú hafa komið fram í ræðum okkar, hvor beitti meiri fúkyrðum og *sýndi meiri vanstillingu á skapsmununum, og* ber ég það óhræddur undir almenning. Ég hefi enga tilhneigingu til þess að fara að bera saman einkalíf okkar, en vil aðeins varpa fram þeirri spurningu, að ef allt það fé, sem dregið hefir verið út úr Kveldúlfi til Kveldúlfsfjölskyldnanna, hefir ekki farið í óhóf — hvert hefir það þá farið? Ég sýndi fram á það, að fjárstraumurinn úr félaginu hefði runnið þangað jafnt og þétt öll árin, hvort sem félagið hefir grætt eða tapað. Þessar tölur verða birtar á prenti, og hreki hv. þm., ef hann treystir sér til.

Hv. þm. sagði, að ég hefði í yfirskattanefnd lagt á hlutafé félagsins og því talið það til eigna. Þetta er með öllu ósatt, því að ég taldi hlutaféð vera einkisvirði eins og nú. En benda má á það, að auk þeirra skulda Kveldúlfs, sem ég taldi upp, má telja allar þær ábyrgðir, sem Kveldúlfsbræður hafa gengið í fyrir pólitíska vini sína og velunnara, og dregið hafa stórfé út úr bönkunum.

Hv. þm. sagði að af uppgjöri Kveldúlfs hefði leitt stöðvun togaraflotans í vetur. Þetta er ekki annað en blekking, því að málið mátti afgreiða hér á þingi á 18 klukkustundum, og uppgjörið mátti framkvæma á örstuttum tíma, eins og bezt sást, er Íslandsbanki var gerður upp, af skilanefnd, sem ekki hafði dregið sér fé út úr fyrirtækinu.

Þá vil ég víkja nokkuð að þeim hæstv. forsrh. og fjmrh. Ég held, að þeim verði erfitt að sannfæra kjósendur sína eða aðra um það, að þeir hafi ekki tekið mál þetta vettlingatökum og að þeir séu hér að fylgja fram stefnu flokks síns. Þeir verja sig með því, að hér hafi náðst 1 millj. króna í viðbót að veði fyrir skuldum Kveldúlfs. En hvað er nú raunverulegt verð þessara veða? Enginn maður með fullu viti vill kaupa Korpúlfsstaði fyrir 940 þús. kr. *Þar getur enginn* rekið bú nema með miklu fjármagni, sem þá yrði að teljast tapað. Ég efast jafnvel um, að nokkur maður vildi taka við jörðinni, þótt honum væri gefin hún með áhvílandi skuldum. Og svo kemur hin mikla áhætta að lána fé fyrirtæki, sem allir vita, að tapað hefir síðan 1930 sem svarar andvirði eins nýtízkutogara á ári. Þetta er ranglæti gagnvart þeim mönnum, sem atvinnu hafa við togaraveiðar. Við höfum álitið, að ekki sé hægt að haga yfirstjórn fyrirtækisins eins og verið hefir, og að fyrst og fremst verði að koma Kveldúlfi á slíkan grundvöll, að rekstrinn geti borið sig.

Hæstv. fjmrh. er kunnugt um, að ekki hefði stoðað að bera málið undir Landsbankann, því að sjálfstæðismennirnir hefðu getað neitað að mæta á fundum n. og gert alla fundi hennar ólögmæta, svo að ekki hefði verið önnur leið en að leggja út á löggjafarbrautina, ef ekki hefði verið gengið að tilboðinu. Ráðgjafar Framsóknar höfðu áður undirbúið, að það yrði gert og Kveldúlfur gerður upp, eins og Alþfl. hafði krafizt. En þeir runnu á því, hvað sem valdið hefir, og er það skoðun okkar, að þar hafi komið til greina innra samband, sem er til milli Framsóknar og Sjálfstæðisflokksins.

Þá gaf hæstv. fjmrh. í skyn, að ég hefði talað um skattsvik Kveldúlfs eða framkvæmdastjóra hans. Ég hefi ekki minnzt á skattsvik. En ég sagði, að eftir tölum, sem menn hefðu getað komizt að um skattgreiðslur þeirra annarsvegar, en hlutabréfasölu og þvílíkt hinsvegar, hefði ekki verið hægt að láta þessu bera saman. Var því sjálfsagt að rannsaka, hvaðan fjárflótti sá stafar, sem orðið hefir.

En hæstv. fjmrh. veldur því, að þessu er ekki svo komið sem vera ætti, og er það því undarlegra, sem hann var áður skattstjóri og þekkti þessa reikninga og hafði tækifæri til að rannsaka þetta, eins og skylda hans var. Hann hefir enn tækifæri til þess.

Þá minntust þeir hæstv. fjmrh. og hv. þm. V.-Húnv. á kosningar. Við heyrum það nú hvarvetna af landinu, að Alþfl. hefir fylgi landslýðsins í þessu máli. Við höfum meira að segja heyrt, að margir framsóknarmenn og sjálfstæðismenn fylgi honum að þessum málum. Þjóðin fylgir stefnu Alþfl., sem er lýðræði í þessum málum, en ekki það ástand, að sambræðsla helztu manna framsóknar og sjálfstæðismanna ráði þar öllu.

Ólafur Thors: Það er ekki sérlega margt í ræðum hv. stjórnarliða, sem mér þykir ástæða til að andmæla, enda lítill tími til umráða. Þó mun ég víkja að einstökum atriðum, en hending ræður nokkru um, hvar niður er borið.

Héðinn Valdimarsson sagði, að ég hefði ekki svarað rökum í ræðu hans. Það voru ekki rökin, sem þá ræðu einkenndu, heldur persónulegur óhróður, illkvittni og nag. HV segir nú, að hann vilji alls ekki tala um einkalíf manna. Í frumræðu sinni byggir hann árásirnar, ekki aðeins á mig og bræður mína heldur einnig á foreldra okkar, á því, að við lifum í óhófi. Þegar ég svo svara og segi: Ég býð HV að bera saman einka*líf hans og mitt, — ég býð* HV að rökræða, hvað ein fjölskylda má eyða árlega, og þá jafnframt rannsókn á því, hvernig hvor um sig, hann og ég, lifum eftir þeim boðorðum,— ég býð allan þann einkalífssamanburð, sem HV óskar eftir

og telur máli skipta, þá kemur annað og alveg nýtt hljóð í strokkinn. HV, sem rökstyður eitt hið dæmalausasta endemisplagg, sem sézt hefir á Alþingi, nær eingöngu með persónulegum árásum, með árásum á einkalíf pólitiskra andstæðinga, þessi sami HV segist ekkert um einkalíf vilja tala, þegar minnzt er á hans eigin einkalíf og boðið upp á gagnrýni, rannsókn og samanburð. Hvers vegna? Það er vegna þess, að HV veit, að þegar spilin eru lögð á borðið, kemur í ljós, að sannleikurinn um hann er verri en lygin um mig.

Það er ákaflega aumingjalegt, að HV skuli nú vera að reyna að telja mönnum trú um, að hann hafi verið andvígur mati yfirskattanefndar á bréfum Kveldúlfs. Allir þekkja ráðríki HV, og því trúir þess vegna enginn, að hann hefði látið meta þau á milljón, ef hann hefði talið þau einkisvirði, eins og hann nú gefur í skyn. En annars er auðvelt að vita vissu sína í þessum efnum. Til þess þarf ekki annað en sjá bækur yfirskattanefndar. Engum dettur væntanlega í hug, að hagfræðingurinn HV láti breyta núlli í milljón, án þess að gera svo mikið sem aths., en frá honum sést hvergi slíkur stafur til andmæla. Með því má telja sannað, að hann er nú aðeins að reyna að skrökva sig út úr ógöngunum.

Ég skil vel, að HV telji sér fært að ráðast á okkur bræður út af því, að við með „ábyrgðum fyrir óviðkomandi menn" höfum „teflt fjárhag okkar í voða", eins og hann orðaði það. Skil og skil ekki. Það mun að vísu satt, að engin hætta er á því, að HV verði gjaldþrota af þeim ástæðum. Hitt er svo eftir að vita, hvort allur almenningur tekur harðara á þessu „afbroti" okkar bræðra en sumu því, sem segja má með sanni í sambandi við útgjöld HV.

Það eru bein ósannindi, sem HV sagði í sambandi við, hve langan tíma tæki að afgreiða þetta mál hér á Alþingi. Frv. er, sem kunnugt er ekki stjórnarfrv., og hver einasti þm. veit því, að hvert orð, sem ég sagði um afgreiðslu málsins, er í fullu samræmi við þingsköp, en staðhæfingar HV alveg staðlausir stafir.

Einnig fór HV með öllu rangt með allt, er laut að fjárhag Kveldúlfs. Hann hafði þar alls enga tölu rétta, og ekki svo mikið sem neitt nærri því rétta. Verður að vísu að játa, að í þeim efnum á hann sér þá afsökun, að vita ekki nema sumt af því sanna, en honum væri þá líka sæmra að tala minna. Læt ég í þessu sambandi nægja að minna á, að 3 skattstjórar, Einar Arnórsson, Helgi Briem og Eysteinn Jónsson, hafa látið athuga vandlega allar bækur Kveldúlfs, og m. a. allt, er gerðist í sambandi við eignatilfærslu í félaginu, og ekkert fundið við það að athuga.

Mikill spekingur er upp risinn á meðal vor, er HV getur nú frætt þjóðina á því, að þrátt fyrir það, að Kveldúlfur hefir tapað fé frá 1930, þá hafa eigendur félagsins þó fengið sér til lífsviðurværis frá félaginu og þannig étið af eignum félagsins. En hvað skyldu aðrir framleiðendur hafa gert? Skyldu ekki yfirleitt allir framleiðendur í landinu hafa orðið að auka skuldir framleiðslunnar með því að taka sér til lífsviðurværis af fé þess fyrirtækis, sem þeir eiga og starfa við? Það geta ekki allir, og vilja auk þess fæstir, lifa á olíuokri.

Þá er það mjög gáfuleg fjármálabending til Kveldúlfs, að lækka skuldir í hérlendum bönkum með erlendum lántökum, þ. e. a. s. ef nokkur væri svo vitlaus að lána fé í því skyni.

HV segir að forstjórar Kveldúlfs hafi litt sinnt till. fiskimálanefndar. Réttara væri að segja, að fiskimálan. hefði ekki nægilega kunnað að hagnýta sér heilræði forstjóra Kveldúlfs. Til hins ætlaðizt enginn, að hreinn viðvaningur á sviði útvegsmála, eins og HV, færi að kenna þeim, sem mikla reynslu hafa í þessum efnum.

Stefán Jóh. Stefánsson fann, að hann þurfti að reyna að bera hönd fyrir höfuð, en þar var máttlaus hönd. Hann hefir lapið í Alþýðublaðið allt, sem bankaráðsform. StJSt fékk að vita. Slíkt er gróft afbrot og verðskuldar þunga refsingu.

Stefán Jóhann nefndi saman og sem sambærilegt Kveldúlf og Síldareinkasöluna gömlu. Síldareinkasalan hafði allt af öllum og endaði með svo herfilegu gjaldþroti, að enda þótt hún í tvö ár hefði fengið alla síld fría, var hún samt gjaldþrota. Kveldúlfur hefir greitt 50—60 millj. kr. í verkalaun, 4—5 millj. í vexti, 9,1 millj. kr. í opinber gjöld, oftast greitt hæst kaup og veitt lengsta vinnu og alltaf greitt öllum sitt alveg tafarlaust. Það er ekki von, að alþýðuvinurinn StJSt viti þetta. Sú alþýða, sem hann elskar, þ. e. a. s. StJSt, hefir aldrei fengið neitt hjá Kveldúlfi, og fær þar aldrei neitt.

Það er viðbjóður, að heyra þessa þjóðfrægu eyðslu- og óhófsseggi, eins og HV og StJSt, sístagast á annara óhófi. Ég er seinþreyttur til vandræða, en kunni þeir sér nú ekki hóf hvað líður í slíkum mannskemmdum, skal ég fletta ofan af þeim, svo að um munar. Og það skal ég segja StJSt, að hann getur sparað sér hrakspár um Kveldúlf og okkur feðga. Ég treysti mér a. m. k. að lofa honum því, að sagan um okkur skal ekki enda verr en sagan um hann sjálfan og HV, að ekki sé fastar að kveðið. Það er að vísu hægt að safna auði með því að taka af ríkinu 100 þús. kr. fyrir lítið, eins og StJSt ætlaði að gera í sambandi við svensku lántökuna, sem mörgum er kunnugt um, en þetta og margt annað svipað er dýrgra fyrir sparisjóðsbókina en mannorðið.

Ég vek athygli á því, að Magnús Torfason sagði, að það „gangi glæpi næst að ganga að Kveldúlfi" og ennfremur: „blandi þingið sér í málið, er með því skert gjaldþol landsins út á við, en það eru landráð, eins og nú er komið fjárhag landsins." Þetta er nokkuð góð og tæmandi lýsing á ábyrgðarleysi sósialista, en ef til vill finnst þeim sjálfum, að það komi úr hörðustu átt, að þessi hv. þm. skuli kalla þá glæpamenn og landráðamenn, jafngott og verið hefir lengst af í þeirra vináttu.

Ég held, að Haraldur Guðmundsson ætti að láta niður falla allar tilraunir til varnar Finni Jónssyni og Emil Jónssyni. Slíkt fer illa í þess munni, sem reynir að ráðast á Kveldúlf, og væri þá nær, að HG reyndi að verja sjálfan sig út frá því sjónarmiði, er hann nú talar. Ég hefi hér nefnilega handa

á milli bréf frá Haraldi Guðmundssyni, sem þá var kaupfélagsstjóri í hinu alræmda kaupfélagi Reykjavíkur. Þar sést, að HG hefir ekkert flökrað við töpum, skuldum og eftirgjöfum. Skal ég leggja það bréf hér fram, ef HG gefur frekara tilefni til þess nú eða síðar.

HG segir, að ólíkt sé um smáútveginn og Kveldúlf. Segjum það. En hvers vegna má ekki láta nægja, að venjuleg landslög gangi yfir Kveldúlf? Því þarf að semja sérlög honum til falls, meðan öðrum er bjargað undan landslögum með sérstakri löggjöf?

Skyldi þetta ekki eiga eitthvað skylt við það, hverjir það eru, sem Kveldúlf eiga?

HG fór alveg rangt með útgerðardaga skipanna, svo að miklu munaði. Mun vera rétt, að þeir voru frá 173—270 daga. En hitt er víst, og það veit HG, að venjan er sú, að Kveldúlfur gerir lengst út og borgar a. m. k. eins hátt og sá, er hæst borgar.

Ég ráðlegg HG að tala sem minnst um Hjalteyrarverksmiðjuna. Framkoma hans í því máli er honum til mikillar minnkunar, enda þótt líklegt sé, að hann hafi þar þjónað illvilja annara, en ekki sínu eigin innræti.

Framsóknarmönnum þarf ég ekki mörgu að svara. Flest, sem Eysteinn Jónsson sagði, var rangt. Það var að vonum. Ekki af því, að hann hafi gert rangt í þessu máli, heldur af hinu, að blöð hans voru lengi búin að tala þannig um málið, að aðstaðan til að gera rétt var erfið, og hitt þó enn erfiðara, að segja satt og rétt frá öllu. Ég fyrirgef ráðh. orðin vegna verkanna. En leiðinlegt er það, að þá sjaldan Framsókn gerir rétt, skuli hún þurfa að þvo sig eins og eftir mannsmorð.

Bæði hæstv. fjmrh. og hæstv. forsrh. gáfu í skyn, eða jafnvel sögðu beinlínis, að Kveldúlfur hefði verið „knúður“ til að ganga að þeim kjörum, er að lokum samdist um. Þetta eru með öllu tilhæfulaus ósannindi. Að vísu er það rétt, að Thor Jensen lét fyrst falar til sölu allar jarðeignir sínar með áhöfn og öðru, er fylgir, í því skyni, að andvirðið gengi til að lækka skuldir Kveldúlfs. En hitt er líka rétt, að allt frá öndverðu stóðu eigur Thors Jensens til boða til tryggingar skuldum Kveldúlfs.

Það er meir en spaugilegt, þegar þessir herrar eru að tala um fjármálaóreiðuna í Kveldúlfi. Þetta er orðið slagorð, sem fávísum lýð og allsendis ókunnugum þessum málum er ætlað að trúa. Hjá Kveldúlfi hefir aldrei verið svo mikið sem skuggi af óreiðu, hvað þá meir. Svo koma mennirnir, sem eyddu 76 millj. kr. á 4 árum, mennirnir, sem lofa og prísa Kaupfélag Þingeyinga, og ætla að stimpla okkur sem óreiðumenn! og segja, að enginn hafi gengið betur fram í því, að stöðva sukkið í Kveldúlfi en Jónas Jónsson. Hann var þá líka maðurinn til þess. Nei, öllu má ofbjóða. Og svona tal sæmir sér vel í Speglinum, en fer mjög illa í sölum Alþingis.

Baráttunni um Kveldúlf er nú lokið með ósigri öfgamannanna.

Á henni hefir það unnizt, að upplýst er að fullu um vald kommúnista yfir HV.

HV hefir barizt hinni neikvæðu baráttu, barizt gegn því, að bankarnir mættu tryggja skuldir sínar, barizt gegn því, að hundruð manna á sjó og landi hafi góða atvinnu við þorsk- og síldveiðar togara Kveldúlfs, barizt gegn því, að reist verði ný síldarverksmiðja á Hjalteyri.

Hefði HV sigrað, ætlaði hann í nafni og umboði kommúnista að láta kné fylgja kviði og hætta ekki fyrr en einkaframtakið var brotið á bak aftur.

Við eigendur Kveldúlfs megum fagna þeim málalyktum, sem orðnar eru. Baráttan á hendur okkur hefir að vísu verið háð með fullkominni fyrirlitningu fyrir sannleikanum, persónulegu og pólitísku velsæmi. En að henni stendur aðeins fámennur hópur manna, sem æst hefir sjálfan sig upp til heiftar. Það er alltaf alvarlegt mál, ef stöðva verður starfsemi eins stærsta atvinnufyrirtækis landsins, ekki síst þegar atvinnuleysið er að verða versta böl alls almennings. En enn voveiflegri verða þó afleiðingarnar, ef þetta er gert að nauðsynjalausu og eingöngu í því skyni, að koma pólitískum andstæðingum á kné. Ef Kveldúlfur hefði fallið vegna þess, að hann var verr stæður en önnur útgerðarfélög, var það að vísu ógæfa öllum þeim mörgu, er þangað sækja lífsviðurværi. En að leggja félagið að velli þrátt fyrir það, að skuldir þess eru eftir atvikum mjög vel tryggðar, og eingöngu vegna þess, að tveir þm. Sjálfstfl. og bræður þeirra eiga félagið, hlaut að skapa hugarfar, sem allri þjóðinni stafar voði af.

Ég fagna þess vegna af heilum hug, að við höfum orðið ofan á í þessari baráttu. Ella er hætt við að ofsóknirnar hefðu skilið eftir mikla beiskju í hugum mjög margra manna, sem talið hefðu, að við hefðum verið lagðir að velli með lúalegum vopnum. Slík beiskja þeirra, sem finna sig miklum órétti beitta, er æfinlega hættuleg, og ekki síst ef hún er svo viðtæk, að hún nær til stærsta stjórnmálaflokks landsins, sem í þessu máli á samúð afarmargra pólitískra andstæðinga.

Það er sagt, að sá sé eldurinn heitastur, er á sjálfum brennur. Mér hefir þó ekkert illt á óvart komið í þessu máli. En mér hefir þótt vænt um að finna, að jafnvel í tölu þeirra manna, er gerzt hafa flm. þessa frv., eru menn, sem taka nærri sér að hafa þurft þess, og ég fagna því, að sú trú mín, að meðal pólitískra andstæðinga Sjálfstfl. séu menn, sem ekki láta stjórnast blint af pólitískum hagsmunum, hefir fengið nýja staðfestingu. Á þeirri gömlu trú og nýju reynslu byggi ég þær vonir, að þrátt fyrir einræðiskennt ofstæki og heift nokkurra manna, megi takast á hættunnar stundu að afstýra því, að alveg taumlaus og fyrirhyggjulaus heift drepi niður alla afkomumöguleika þjóðarinnar.

Það líður nú óðum að kosningum. Ef til vill verða þær í vor, en eigi síðar en næsta sumar. Við kosningarnar kemur í ljós mat þjóðarinnar á gerðum okkar. Ég öfunda Alþfl. ekki. Það getur að vísu verið, að lýðhylli Jóns Baldvinssonar og nokkurra annara ráðamanna flokksins telji mikið. En skuldamegin stendur 4 ára áætlunin svikin og sundurtætt, vaxandi atvinnu-

leysi og hækkandi skattar. Þetta verður þungbært. En þó hefir Alþfl. enn þyngri drösul að draga. Maðurinn, sem sjálft Alþýðublaðið í ógætni sagði, að gerzt hefði sekur um athæfi, sem þjóðin hefði viðbjóð á, maðurinn, sem samherjarnir í *Tímaflokknum kalla olíuokrara* og þjón erlends auðvalds, þessi maður, þessi kaldlyndi, eigingjarni, ríki tortryggilegi og tortryggði *olíusali er og verður banabiti flokksins.*

Eftir skyndimat kosninganna mun koma í ljós, að Alþfl. á ekki fyrir skuldum. Hann verður því þá væntanlega tekinn til gjaldþrotaskipta.

Ég legg til, að sjómenn fái sparifé HV í erlendum og innlendum bönkum og aðra fjármuni upp í olíuokrið, kommúnistar kroppinn. Fleira er þar ekki til skiptanna.

Þessu máli er nú lokið. HV hefir átt hægari leik en ég að undanförnu, eins og oft áður. Hans aðaláhyggjur hafa stafað af óvissunni um sigur ofsóknanna. Minar af því, að bjarga því, sem hann vill rífa niður, atvinnu minni og hundraða eða þúsunda annara.

Við sefum nú deilurnar og njótum páskahelginnar.

Stefán Jóh. Stefánsson: Hæstv. forseti hefir sýnt mér þá velvild, að gefa mér kost á, þar sem hér hafa frammi fyrir öllum landslýð verið bornar á mig rangar sakir, að leiðrétta það. Ég lýsi það hér með sem uppspuna frá rótum, að ég hafi ætlað að taka 100 þús kr. fyrir lán, er ég hafi ætlað að útvega fyrir ríkisstj., og það hlýtur að vera vísvitandi uppspuni.

***Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Út af síðustu ræðu hv. þm. G.-K. vil *ég lýsa yfir því*, að hann fór með algerlega rangt mál, og hv. þm. veit sjálfur, að hann sagði rangt frá. (ÓTh: Ég veit, að það *er satt*).

Það er eftirtektarvert, að á þeim sex klukkustundum, sem þessi mál hafa verið rædd hér, hafa engar tilraunir verið gerðar til að hrekja rök þau, er ég hafði fært fram fyrir því, að rétt hafi verið að láta sér lynda samninga bankans og Kveldúlfs.

Hv. 2. þm. Reykv. sagði, að ég hefði lagt til grundvallar mat Steingríms Steinþórssonar á eigum Thors Jensens, sem ekki væri miðað við rekstur og væri því of hátt. En Steingrímur Steinþórsson segist einmitt hafa metið Korpúlfsstaðabúið með hliðsjón af því, hvort líkur væru til, að það gæti svarað vöxtum af fé því, er í það hefir verið lagt, ef það sé rekið á hagfelldan hátt. Hann miðar því mat sitt við búrekstur. En ég tók það líka fram, að þetta væri allt miðað við núverandi mjólkurverð.

Hvernig sem þetta er togað til eða frá, er ekki hægt að mótmæla því, að ef gera hefði átt Kveldúlf upp, hefðu bankarnir orðið að neita tilboði, sem þeim var hagstætt.

Þá talaði hv. þm. um *stefnubreytingu* Framsfl. í þessu máli. Það er rangt, að hér sé um nokkra stefnubreytingu að ræða. Það hefir *alltaf* verið *stefna* flokksins, að stöðva sukk Kveldúlfs. En síðan það kom í ljós, að Thorsbræður vildu leggja að veði eignir föður sins, hefir alltaf verið gengið út frá því, að ganga yrði að slíku tilboði.

Hv. 2. þm. Reykv. *sagði*, að ég hefði haft tækifæri til að taka til athugunar skattamál Kveldúlfs, þegar ég var skattstjóri. Mér skildist það *hafa átt* að vera árin 1924 *og* '25, sem eitthvað hafi ekki verið hreint í pokahorninu hjá Kveldúlfi. Ég var ekki skattstjóri þá, heldur árin 1930—33. En ef hv. þm. álítur sig hafa ástæðu til þess, getur hann kært yfir þessu, og mun fjmrn. ekki leggjast á málið.

Ég get skilið, að hv. þm. G.-K. sé gramt í geði. Það er ekki ánægjulegt fyrir hann, að sannað hefir verið, að þeir Kveldúlfsmenn hafa verið hraktir þrep af þrepi og svo að síðustu algerlega króaðir inni. Ólafur Thors vildi gefa það í skyn, að ég og hæstv. forsrh. hefðum farið rangt með fyrra tilboðið, er þeir vildu láta eignir Thors Jensens upp í skuldir Kveldúlfs, þótt fyrir liggi sú staðreynd, að Landsbankinn átti að greiða um 2 millj. króna, og með þeim skilmálum átti Kveldúlfur að afhenda þessar eignir. Ég er ekkert hissa á því, þótt hv. þm. G.-K. þyki ekki gaman að láta hrekja sig þrep af þrepi af þessu tilboði, og verða að beygja sig undir þær kröfur, sem bankinn gerði, að þeir ekki einungis þurftu að láta allar þessar eignir að veði, heldur allar þær eignir, sem út úr fyrirtækinu höfðu verið dregnar. Það skiptir ekki einni heldur fleiri milljónum króna sá mismunur, sem er á þeirri lausn, sem Thorsbræður létu sér sæma að bjóða bönkunum, og þeirri lausn, sem Framsfl. knúði fram, og þótt Ólafur Thors *sé ánægður með það, sem gerzt hefir*, og sé ánægður með mismuninn á fyrsta og síðasta tilboðinu, þá vita allir, að það hefir orðið að rekja *þetta mál skref fyrir skref* til að ná þeirri niðurstöðu, sem nú er fengin. — Ólafur Thors vill láta líta svo út, að þetta fyrra tilboð hafi verið borið fram í gamni. Nei, því verður aldrei trúað, þótt einhverjir haldi því fram eftir á, að það sé í grini gert.

Mér virðist allt orðið benda til þess, að kosningar muni fara fram í vor, og út af því vildi ég segja að lokum, að í þeim kosningum verður ekki hægt að kjósa um stefnu okkar framsóknarmanna og Alþfl. í þessu máli, af því Alþfl. hefir ekki möguleika til að ná hreinum meiri hluta. En það er aðeins kosið um stefnu Framsóknarmanna annarsvegar og hinsvegar stefnu sjálfstæðismanna og fylgiflokks þeirra, er nefnir sig Bændafl., í þessu Kveldúlfsmáli. Það er aðeins tvennt að athuga í þessu sambandi, hvort eigi að hafa Kveldúlf á þeim stað, sem við höfum sett hann, eða hvort eigi að sleppa honum með eftirgjöfum, eins og gert mundi vera, ef Sjálfstæðisfl. kæmist í meiri hluta á Alþingi undir forustu þeirra Kveldúlfsmanna. Ef kosið er um *Kveldúlf á þessum grundvelli, eins og* ágreiningurinn liggur fyrir milli Alþfl. og Framsfl., þá getur það ekki orðið að almennu *kosningamáli*. Allir eru sammála um, að það verður aðeins kosið um það, hvort Sjálfstfl. með stuðningi Bændafl. eigi að fá meirihlutaaðstöðu á Alþingi eða hvort Framsfl. ætti að ná oddaaðstöðu á þingi, eins og verið hefir undanfarin 2 ár. Það er gefið mál, nú eins og við síðustu

kosningar, að kosningaúrslit mundu velta á því, hversu Framsfl. tækist að vinna í hinum einstöku kjördæmum sínum. Við vitum það vel, að ekki mátti út af bera við síðustu kosningar, til þess að Sjálfstfl. næði ekki meirihluta, og þannig mun það verða aftur, að kosningaósigur Sjálfstfl. og Bændafl. er kominn undir sigri Framsfl. Og þó menn slái harða brýnu um lausn Kveldúlfsmálsins, má enginn gleyma því, að hættan vofir alltaf yfir, að Íhaldsfl. nái meirihlutaaðstöðu á Alþingi. Þessu má enginn gleyma í kosningunum, þótt hrundið verði út í þær t. d. í sambandi við þetta mál eða eitthvert annað mál. Þetta er aðalatriðið í þessum kosningum, sem nú standa fyrir dyrum, hvað sem verður um þetta mál. Þá skulum við framsóknarmenn vera tilbúnir og við erum tilbúnir. Við kjósum á grundvelli þeirrar samþykktar, sem flokksþingið gekk frá í vetur. Við kjósum á grundvelli þeirra atvinnumála, sem hrundið hefir verið í framkvæmd á síðasta kjörtímabili.

Hannes Jónsson: Þar sem ég er síðasti ræðumaður hér í kvöld, skal ég reyna að stilla orðum mínum svo í hóf, að enginn þurfi að kvarta. Ég hefi í þessum umræðum bent á, að með þessu frv. er þessu Kveldúlfsmáli kippt úr höndum réttra aðilja. Ég hefi einnig upplýst, að töp Kveldúlfs eru bein afleiðing af gengi sjávarútvegsins á undanförnum árum, sem hin óeðlilega kyrrstaða hefir skapað. Ég hefi bent á ósamræmið í starfi framsóknarmanna og afstöðu þeirra til þessa máls, þótt fjmrh. vilji halda því fram, að um það verði barizt, hvort eigi að gera Kveldúlf upp eða ekki, eða hvort hann verði hafður á þeim grundvelli, sem framsóknarmenn hafa sett hann. Þá vil ég minna á það, að fyrst og fremst á núverandi stjórn sök á því, að atvinnuvegirnir geta ekki starfað á heilbrigðum grundvelli, með því að láta undir höfuð leggjast að gera þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar voru, til þess að atvinnuvegirnir gætu borið sig.

Ég hefi bent á óheilindi sósíalista í flutningi þessa frv. Þjóðin fær nú væntanlega tækifæri til að segja álit sitt um hæfileika núverandi stjórnar til að rétta við atvinnuvegi þjóðarinnar og meta gerðir þeirra í þessu máli.

Kjósendur munu sjá gegnum þá grímu, sem stjórnarflokkarnir hafa brugðið á sig til þess að dyljast við næstu kosningar, þótt Framsfl. biðli til beggja handa um kosningar. Bændafl. mun berjast fyrir hagsmunum framleiðenda bæði til lands og sjávar, og það er ljóst, að á velgengni þeirra byggist framtíð þjóðarinnar.

Kjósendur verða við því búnir að láta núv. stjórnarfl. fá hvíld frá störfum, ef til kosninga kemur í vor, því að þeir munu gera allt, sem þeir geta, til þess að útrýma þeim ágreiningi, sem nú hefir risið milli þeirra, til þess að geta verið við völd eitt árið enn. Ég sé ekki annað, ef til kosninga kemur í vor út af þessu máli, en að þá geti kosningin ekki gengið í þá átt, að til mála geti komið, að núverandi stjórnarflokkar geti setið lengur við völd. Þótt Bændafl. telji sér að meira eða minna leyti skylt að vinna fyrir framleiðendur, þá hafa hagsmunir þeirra ekki fengið að njóta sín undir forustu þessara flokka. Það er öllum kunnugt, að valdatilvera núverandi stjórnarflokka fékkst með hlutkesti norður í Skagafirði, og það væri ástæða til, að menn gættu þess, að slík óhamingja gæti ekki endurtekið sig í okkar þjóðfélagi, að þeir menn séu látnir hafa völdin, sem skilja við atvinnumálin í öðru eins flagi eins og þau nú eru í.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 27. fundi í Nd., 30. marz, var fram haldið 1. umr um frv.

Flm. (Héðinn Valdimarsson): Ég ætla að beina þeirri fyrirspurn til hæstv. forseta, hvort það sé leyfilegt fyrir hv. þm. G.-K. og hv. þm. Snæf. að greiða atkv. um þetta mál.

Ólafur Thors: Áður en hæstv. forseti svarar því, vil ég aðeins biðja hann að athuga, hvort aldrei hafi legið neitt hér fyrir hv. d. um ráðstafanir til að fyrirbyggja okur og því um líkt, sem hv. 2. þm. Reykv. hafi tekið þátt í atkvgr. um, og ef svo væri, að hann hafi gert það, mun vera til dæmi um, að hann hafi greitt atkv. í sjálfs sín sök, og mætti þá jafna því saman hér.

Thor Thors: Ég vildi aðeins beina þeirri fyrirspurn til hæstv. forseta, hvort hv. 2. þm. Reykv. getur greitt atkv. í þessu máli, þar sem það er vitað, að hann ætlar sér að komast í þá nefnd, sem skipa á samkv. frv.

Flm. (Héðinn Valdimarsson): Hér eru tveir hv. þm., sem báðir eru hluthafar í Kveldúlfi, og þó að þeir eigi í rauninni ekkert í félaginu, þá eru þeir þó framkvæmdarstjórar þess, svo að ég tel, að þetta mál skipti þá svo miklu bæði fjárhagslega og á annan hátt, að þeir eigi ekki að greiða atkv. um það samkv. þingsköpum.

Forseti (JörB): Ég býst við, að í þessu máli, og reyndar mörgum fleiri málum, sem borin eru fram í þinginu, kynni að vera hægt að koma með spurningar ámóta þeim, sem hér hefir nú verið varpað fram, svo að það kynni að leika nokkur vafi á þátttöku hv. þm. í atkvgr., ef fara ætti að viðhafa þesskonar athugun út í yztu æsar, og mér finnst þess vegna, að fyrirspurn hv. 2. þm. Reykv. að því er þetta mál snertir sé óþörf, því að þetta mál snertir ekki hv. þm. G.-K. og hv þm. Snæf. meira en ýms mál hafa fyrr og síðar snert ýmsa hv. þm., og sízt þegar athugaðir eru málavextir þessa máls, sem hér liggur fyrir, án þess að ég ætli nokkuð nánar að skilgreina það. Ég hirði því ekki um að fara frekar út í rökstuðning út af þessari fyrirspurn og vísa henni algerlega frá að öðru leyti en því, að ég tel þá hv. þm., sem hér um ræðir, eiga rétt á að greiða atkv. um þetta mál, eins og hv. þm. verða yfir höfuð að gera, þó að mál kunni að einhverju leyti að snerta þm. Það vita allir hv. þdm., að mörg mál, sem borin eru fram á þingi, snerta þm. meira og minna, og þó hefir engum dottið í hug hingað til að meina mönnum að taka þátt í atkvgr. um þessi mál, svo framarlega sem málefnin varða menn

ekki sérstaklega, þannig að þau snerti fjármuni þeirra, og um slík tilfelli geta ákvæði þingskapa átt við, en ekki um það, sem hér um ræðir. Mitt álit í þessu efni er því það, að þessir tveir hv. þm. hafi fullkominn rétt til að greiða atkv. í þessu máli.

Pétur Ottesen: Ég vil spyrjast fyrir um það, hvort það sé ekki skripaleikur að vísa málinu til nefndar.

Forseti (JörB): Það er komin fram uppástunga um nefndarskipun í málinu, og þarf því ekki að bollaleggja það frekar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16:14 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PÞ, SigfJ, SE, StJSt, ÞorbÞ, ÁÁ, EmJ, EystJ, FJ, GG, HannJ, HV, JG, MT, PZ, JörB.

nei: PHalld, PO, SK, TT, GÞ, GSv, GÍ, GTh, JakM, JJós, JÓl, JónP, JS, ÓTh.

3 þm. (BJ, BÁ, BB) fjarstaddir.

Till. um að vísa málinu til allshn. felld með 15:10 atkv., en till. um að vísa frv. til fjhn. samþ. með 16:3 atkv.

Á 43. fundi í Nd., 19. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 97, n. 332 og 350).

***Frsm. meiri hl. (Sigfús Jónsson):** Ég ætla ekki að hafa langa framsöguræðu í þessu máli. Það er búið að ræða það svo mikið, bæði í blöðum og hér í d., að ég álít, að frekari umr. muni hvorki skýra það frekar en orðið er né breyta þeirri afstöðu, sem hv. þm. í d. hafa tekið til þess.

Eins og segir í nál., eru nm. ekki sammála um, með hverjum hætti málið skuli afgreitt frá n. Einn þeirra var með frv., tveir vildu afgreiða það með rökstuddri dagskrá og einn virtist vera mótfallinn hæði frv. og hinni rökstuddu dagskrá. Meiri hl. lítur svo á, að þetta frv. sé ekki einungis óþarft, heldur og óréttlátt, þar sem með því sé verið að taka fram fyrir hendurnar á því umboðsvaldi, sem skipað er yfir málefni bankanna. Meiri hl. n. álítur, að það sé miklu heppilegra og áhættuminna fjárhagslega fyrir bankana, að fara eftir till. þess umboðsvalds, en hafa þá skiptameðferð á búi Kveldúlfs, sem frv. gerir ráð fyrir, að verði fyrirskipuð. Um þá liði hinnar rökstuddu dagskrár, sem lúta að leyfisveitingu til byggingar síldarverksmiðju á Hjalteyri, vil ég segja, að með því er ætlazt til, að sé leystur sá hnútur, sem hefir þar á runnið og ekki lítur út fyrir, að leystur verði öðruvísi. Enda verður leyfisvaldið að fá um það einhverja bendingu frá hv. d., hvernig hann skuli leystur. Ég skal ekki fara fleiri orðum um þetta, en meiri hl. fjhn. leggur til, að málið verði afgreitt með því, að hin rökstudda dagskrá verði samþ.

***Frsm. minni hl. (Stefán Jóh. Stefánsson):** Ég get tekið undir orð hv. 2. þm. Skagf., að þetta mál var svo rækilega rætt við 1. umr., að það væri að bera í bakkafullan lækinn að bæta við miklum umr. nú við 2. umr., ekki sízt þar sem þingsköp mæla svo fyrir, að við 2. umr. skuli einstakar greinar frv. ræddar, en frv. rætt almennt við 1. og 3. umr. Én ég vil aðeins minnast nokkrum orðum á hina rökstuddu dagskrá, sem meiri hl. fjhn. flytur.

Eins og segir í nál. mínu hafa einstök atriði frv. ekki verið rædd í n., og ég er mótfallinn hinni rökstuddu dagskrá, en meðmæltur því, að frv. verði samþ. eins og það liggur fyrir, enda var ég einn af flm. þessa frv. hér í d. Þar sem n. ekki ræddi einstök atriði frv., komu ekki fram till. til neinna breytinga á frv. sjálfu, en þótt Alþfl. vilji aðeins leysa málið á þeim grundvelli, sem frv. leggur til, hefðum við flm. getað tekið til athugunar breytingar á frv. sjálfu. Um einstakar gr. frv. skal ég ekki tala nú, en sný mér aðallega að hinni rökstuddu dagskrá, sem meiri hl. n. flytur. Sést á afstöðu meiri hl. n., að örlög þessa máls munu vera fyrir löngu ákveðin af meiri hl. á Alþ., sem sé framsóknarmönnum og sjálfstæðismönnum, og ræður það úrslitum þessa máls, að þeir ganga sameiginlega að því, eins og sýnt mun verða.

Höfuðröksemdirnar fyrir rökstuddu dagskránni eru tvær:

1. Að frv. sé óréttlátt vegna þess, að þar sé Alþ. að grípa fram fyrir hendurnar á bönkunum, en þeir séu nú búnir að semja við Kveldúlf um skuldaviðskipti hans. Við 1. umr. skýrðum við alþýðuflokksmenn frá því, að sýnilegt væri, að meiri hl. stjórnar aðalbanka landsins væri að gera samninga um eftirgjöf við þetta fyrirtæki, og þá væri sjálfsagt, að Alþ. tæki fram fyrir hendur bankans, af því að það áliti, að hann væri að fara inn á óheppilega braut. Það er engin fjarstæða og á engan hátt óréttlátt, að löggjafarvaldið grípi í vissum tilfellum fram fyrir hendurnar á stjórn bankanna, ef löggjafarvaldinu virðist stjórn þessara fyrirtækja ekki beita valdi sínu réttilega og á eðlilegan hátt, því að eins og ég gat um við 1. umr., þá eru bankarnir ekki annað en eitt af mörgum tækjum þjóðfélagsins til að styðja rekstur þjóðarbúskaparins, og yfir þeim stendur, sem öðrum, löggjafarvaldið. Það er fjarri lagi almennt tekið, að það sé ólögmætt, að löggjafarvaldið grípi fram fyrir hendurnar á fyrirtækjum eins og bönkunum, ef meiri hl. alþm. er þeirrar skoðunar, að bankarnir hafi ekki gert rétt. Það er ekki hægt með fullum rökum að draga í efa það almenna álit, að Alþ. eigi ekki nokkru sinni að grípa fram fyrir hendurnar á stofnunum eins og bönkunum, hvernig sem þær fara með sín mál. Slíkt væri alger fávizka og valdaafsal löggjafarvaldsins til fyrirtækja innan þjóðfélagsins. Fyrirtæki eins og bankarnir eiga að vísu að vera sjálfstæð, en ekki meira en svo, að þeir taki ekki ákvarðanir sem þessa, án þess að meiri hl. Alþ. sé sammála bönkunum um afgreiðslu málsins. En allar líkur benda raunar til þess nú, að Sjálfstfl. og Framsfl. séu bönkunum sammála um afgreiðslu þessa máls. Þeir ættu því ekki að rökstyðja ályktun sína með því, að óeðlilegt sé að grípa fram fyrir hendurnar á bönkunum, heldur með því, að bankarnir hafi

hegðað sér réttilega, og því ástæðulaust fyrir löggjafann að gera annað en að staðfesta og láta í ljós ánægju sína með stjórn bankans í afgreiðslu þessa máls, og rökstudda dagskráin yrði þá á þá leið, að þessir tveir flokkar lýstu ánægju sinni yfir gerðum bankanna í þessu máli. Alþfl. er sömu skoðunar og áður, að það hafi verið óviturlegt að ganga að slíkum samningum og heldur sér fast við meginatriði þess frv., sem hann hefir flutt.

2. Önnur röksemd hinnar rökstuddu dagskrár er sú, að hlutafélagið Kveldúlfur sé búinn að fá lán erlendis til að reisa síldarbræðslustöð á Hjalteyri, og þeir, sem standa að dagskránni, virðast telja það æskilegt og eðlilegt, að Kveldúlfur reisi þessa bræðslustöð. Það er atriði út af fyrir sig, sem athuga þarf rækilega, hvort eðlilegt er að reisa stóra síldarverksmiðju á Hjalteyri. En þegar það er í orði, að ríkið reisi e. t. v. síldarverksmiðju við Eyjafjörð, álítum við að fyrirtæki, sem við teljum, að vegna síns fjármálaástands eigi engan tilverurétt, eigi ekki að reisa verksmiðju þar og halda þannig áfram að starfa með sparifé landsmanna, sem bankarnir geyma.

Í því sambandi vil ég beina þeirri spurningu til hæstv. fjmrh., hvort með þessari rökst. dagskrá, sem hér liggur fyrir, það væri látið á vald ríkisstj., hversu stór þessi verksmiðja ætti að vera, þegar hún yrði reist. Og manni liggur nærri að skilja svo niðurlag hinnar rökst. dagskrártill., að það sé gert ráð fyrir, að stærð þessarar síldarverksmiðju verði svo mikil sem fjármagn hins útlenda láns hrekkur til að kaupa fyrir vélar og annað efni, sem kaupa þarf til verksmiðjunnar frá útlöndum. Það hefir heyrzt, að það hafi verið skilyrði fyrir láninu af hálfu breska lánveitandans, að það fé, sem hann lánaði hlutafélaginu Kveldúlfi í þessu skyni, því yrði öllu varið til innkaupa á þeim vörum, sem þyrfti að kaupa erlendis til verksmiðjunnar. Ef svo er, þá skilst mér, að það komi í ljós, að einhverjir aðrir lánardrottnar verði að lána verulegar upphæðir aðrar en gert hefir verið ráð fyrir sem lánum til Kveldúlfs, til þess að h/f Kveldúlfur geti reist þessa verksmiðju.

Það mun vera svo að segja á almannavitund, að í samningum þeim, sem gerðir hafa verið milli Landsbankans og h/f Kveldúlfs, þar hafi verið gert ráð fyrir, að Landsbankinn lánaði félaginu 150 þús. kr. til þess að reisa þessa síldarbræðsluverksmiðju á Hjalteyri. Ef nú fengið væri erlendis lán að upphæð 40 þús. sterlingspund og því ætti öllu að verja til innkaupa á vélum og byggingarefni, en aðrir lánardrottnar, og þá fyrst og fremst Landsbankinn sem höfuðlánveitandi til þessa fyrirtækis, ættu að lána félaginu það, sem á skorti, til þess að hægt væri að koma upp þessari verksmiðju, þá skilst mér, að lán Landsbankans til Kveldúlfs yrði að vera langtum hærra en 150 þús. kr. Ég kann ekki full skil á því, hversu mikill hluti af kostnaðinum við að koma upp slíkri verksmiðju sem þessari eru vinnulaun innlendra manna og innlent byggingarefni, og hve mikill hluti erlent byggingarefni. En ég ætla þó, að innlend vinna og byggingarefni sé æði miklu meiri hundraðshluti af byggingarkostnaði verksmiðjunnar en gert er ráð fyrir með því, að hafa þetta lán bundið við 150 þús. kr. En ef það kæmi í ljós, að h/f Kveldúlfur þyrfti að fá, við skyldum segja 250 þús. til 400 þús. kr. að láni hjá Landsbankanum eða innlendum lánardrottni, sem gert er ráð fyrir, að verði helzt Landsbankinn, þá fer enn berlegar að koma í ljós en við héldum fram í fyrstu, alþýðuflokksmenn, að þessi skuldaskil til Kveldúlfs eru ekki ýkja glæsileg. Ég vil sem sagt, að hæstv. fjmrh. upplýsi um þetta ef honum er unnt. Það er þörf á því, því að þetta mál er svo stórt, að allir landsmenn þurfa að vita, hvernig þetta er fyrirhugað fyrir framtíðina. Ef Landsbankinn á nú að lána h/f Kveldúlfi nokkuð mörg hundruð þús. kr. til byggingar á þessari verksmiðju á eftir erlendum lánum, m. ö. o. taka á sínar herðar ótryggasta hlutann af lánunum til verksmiðjunnar, þá virðist mér þetta fara nú að verða sæmilega litið glæsilegt, svo að talað sé varfærnislega um fjármálaspekulation þessara manna, sem virðast ráða úrslitum í þessu máli. En það kann að vera, að menn hafi ekki komið auga á þetta enn. En ég bið hv. þm. að vera þess minnuga, sem ég hefi nú sagt, og athuga svo eftir eitt ár eða svo, hvernig sakir standa í þessum málum hjá lánsstofnunum á Íslandi og h/f Kveldúlfi, og athuga þá einnig, hvort það hafi verið nokkurt þjóðráð, sem hnigið var að á vetrarþinginu 1937, að sporna við því, að h/f Kveldúlfur yrði gerður upp.

*Héðinn Valdimarsson: Ein af helztu ástæðum Framsfl. og þess hæstv. ráðh., sem aðallega hefir talað fyrir hans hönd í þessu máli, fyrir því, að gengið hefir verið á móti frv. því, sem við alþýðuflokksmenn höfum lagt hér fram um gjaldþrotaskiptameðferð á h/f Kveldúlfi, var sú, að Alþ. ætti ekki að skipta sér af þessu máli, heldur væri það hlutverk bankanna. Nú er það einkennilegt við þetta, að lokahnúturinn á öllum þessum samningamálum er einmitt riðinn hér á hæstv. Alþ. af Framsfl. og Sjálfstfl. sameiginlega, með því að samþ. þessa rökst. dagskrá, sem hér liggur nú fyrir. Eftir því, sem skýrt hefir verið frá, hefir h/f Kveldúlfur sett það að skilyrði til þess að ganga að samningum við báða bankana, að hann fengi verksmiðjuleyfi. Og með því að veita þetta verksmiðjuleyfi, sem meiri hl. þingsins vill veita með sinni rökst. dagskrá, þá eru raunverulega samningarnir látnir ganga í gildi. Svo að það er einmitt Framsfl., sem gengur inn á að láta Alþ. gera úrskurðinn um þetta mál, og finnst mér satt að segja, að minna hefði átt að tala um, að Alþ. hefði engin afskipti af þessu máli.

Þá er annað atriði. Hæstv. fjmrh. talaði mikið um það við umr. um þetta mál, að með þessari lausn málsins fengist 1 milljón kr. upp í skuld h/f Kveldúlfs. Nú ætla ég ekki að fara að sýna fram á það, sem ég hefi áður sýnt fram á, að hér er ekki um neina 1 millj. að ræða, heldur í mesta lagi ¼ millj., sem fæst upp í skuldir félagsins, en aftur á móti kemur mikil áhætta með auknum útlánum. Nú vil ég beina fyrirspurn til hæstv. fjmrh. í sambandi við þetta.

Hann hefir sagt, að Alþfl. væri á móti því, að þessi 1 millj. kr. gengi til Kveldúlfs. Á hvern hátt álítur hann, að eigi að innheimta þessa milljón? Álítur hæstv. ráðh., að það eigi að ganga að veðinu, sem Thor Jensen hefir gefið, eða ekki? Og ef á að gera það, þá hvenær? Hvort á að gera það einhverntíma á næsta ári eða eftir næstu áramót? Ég get bæði spurt hæstv. ráðh. um þetta sem fjmrh. og alþm. og sem yfirmann bankanna. Í öðru lagi vil ég spyrja hann um, hvort það sé satt, sem haft hefir verið eftir honum og ýmsum framsóknarmönnum, að það vaki fyrir flokknum að gera upp h/f Kveldúlf eftir næstu áramót, og hvort það sé tilgangur þeirra framsóknarmanna að gera það, hvort sem félagið hefir grætt, staðið í stað eða tapað, eða hvort með þessum gerðum, sem umboðsmenn Framsfl. hafa gert í samráði við bankann, eigi að vera bundinn endahnútur á þetta mál, hvernig svo sem gengur með rekstur og afkomu h/f Kveldúlfs, þannig að ekki verði meiri afskipti af því máli höfð af Framsfl. hálfu?

***Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson):** Ég vil taka undir það með hv. 2. þm. Reykv., að ef hin rökst. dagskrártill., sem fyrir liggur, verður samþ. í því formi, sem hún nú hefir, þá er það í raun og veru Alþ., sem gengur frá samningunum um skuldaskil Kveldúlfs til bankanna, því að mér skilst, að þeim sé þannig háttað, að þeir komi ekki í gildi, fyrr en um leið og leyfi er fengið til þess að byggja síldarbræðsluverksmiðjuna. En jafnframt vildi ég leyfa mér að vekja athygli hv. þd. á því, að í dagskrártill., eins og hún er orðuð, er um að ræða allt annað leyfi og að mér virðist miklu stærra leyfi til byggingar á síldarbræðsluverksmiðju heldur en h/f Kveldúlfur sótti um á síðastl. ári. Eftir því, sem mér hefir verið skýrt frá, er skilyrðið fyrir þessu 40 þús. sterlingspunda láni erlendis það, að nota verði það allt til innkaupa á erlendu efni til verksmiðjunnar, en að fé upp í annan tilkostnað verði að koma annarsstaðar frá, og þá sennilega að mestu eða öllu leyti frá Landsbanka Íslands. Upp í þetta er mér sagt, að fyrir liggi loforð frá Landsbanka Íslands um 150 þús. kr. lán. Ég skal nú ekki segja um, hvort þessi 150 þús. kr. hrökkva fyrir þeim innlenda kostnaði, sem leiðir af byggingu verksmiðjunnar, miðað við, að þau 40 þús. sterlingspund, sem fengin eru að láni erlendis, verði notuð að öllu leyti til innkaupa á efni til verksmiðjunnar. Hinsvegar hefir hæstv. fjmrh. tjáð mér, að h.f. Kveldúlfur telji hugsanlegt, að hægt verði að koma upp verksmiðju, sem gæti unnið úr 3600 málum síldar á sólarhring, með þeim 40 þús. sterlingspundum, sem fást að láni erlendis. En leyfisbeiðnin frá félaginu í haust var miðuð við það, að verksmiðjan gæti unnið úr aðeins 2400 málum á sólarhring. Stj. síldarbræðslna ríkisins, sem hefir verið með í ráði um að úthluta leyfum til bygginga síldarverksmiðja, mælti með því, að þetta leyfi yrði veitt í haust, með tilliti til þess, að skip félagsins, sem eru 7 að tölu, mundu nokkurnveginn samsvara þessari verksmiðjubyggingu, þannig að lítið þyrfti að kaupa til verksmiðjunnar af öðrum skipum. En það segir sig sjálft, að ef niðurstaðan yrði sú, að verksmiðjan yrði kannske fullum þriðjungi stærri en upphaflega var ráð fyrir gert, þá hlyti það að hafa sína sérstöku þýðingu. Nú þegar er búið að byggja 2 síldarbræðsluverksmiðjur við Eyjafjörð, á Krossanesi og á Dagverðareyri. Ef svo kæmi þriðja verksmiðjan við Eyjafjörð, þá er ákaflega mikil spurning, hvort þörf er á svo mörgum verksmiðjum á þessum stað, eða hvort ekki væri heppilegra að reisa nýja verksmiðju á einhverjum öðrum stað, ef á annað borð á að fara að reisa nýja síldarverksmiðju.

Mér þótti rétt að benda hv. þd. á þetta, áður en gengið er til atkv. um dagskrártill., þannig að hv. þd. gerði sér það ljóst, að það, að samþ. hana, getur þýtt, að reist verði samkv. henni miklu stærri verksmiðja en upphaflega var ráð fyrir gert, og að gera sér grein fyrir því líka, að hér getur verið um fleiri leiðir að ræða um það, hvar verksmiðjan verður reist.

Ef þessi dagskrártill. verður samþ., þá lít ég svo á, að með því sé beint svo fyrir lagt frá þessari hv. þd., að þetta leyfi skuli veita, þannig að ráðuneytið, sem þetta heyrir undir, hafi ekki annað að gera í þessu en að framkvæma vilja Alþ. í þessu efni, samkvæmt því sem stendur í þessari dagskrártill. Einmitt með tilliti til þessa þótti mér rétt og skylt að beina athygli hv. þdm. að þessari dagskrártill. Ég hefi ekki séð ástæðu til að koma með brtt. við dagskrártill., enda þótt ég sé andvígur henni, af því að ég hefi gengið út frá því, að um það séu þegar samningar meðal meiri hl. hv. þdm. að samþ. hana óbreytta. Hinsvegar, ef brtt. kæmi fram um stærð verksmiðjunnar, þá mundi ég greiða henni atkv. mitt.

***Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Ég mun ekki fara langt út í umr. um þetta mál, þó að ræður þeirra hv. 1. landsk. og hv. 2. þm. Reykv. gæfu tilefni til þess í raun og veru að endurtaka mikið af því, sem sagt hefir verið um þetta. En ég mun ekki fara út í það.

Hv. 2. þm. Reykv. gerði þá fyrirspurn til mín, á hvern hátt ætti að ganga að þessum veðum, sem Thor Jensen hefir sett fyrir skuldum h.f. Kveldúlfs, og hvenær. (**HV:** Hvenær ætti að innheimta þau fyrir Kveldúlf). Ég geri ráð fyrir, að hv. 2. þm. Reykv. viti það fyrirfram og þurfi því ekki að spyrja um það, að þau verða innheimt, þegar Kveldúlfur verður gerður upp, ef til þess kemur nokkurntíma. Og ég geri ráð fyrir, að ef hann yrði gerður upp, þá yrði það eftir ákvörðunum lánardrottna hans, sem það uppgjör færi fram, og að um þessi veð giltu svipaðar reglur og um önnur veð. Annars er ekki mitt að segja um það, hvernig bankarnir fara með þessi veð, sem þeir hafa fengið fyrir skuldum þessa félags, né heldur, hvenær bankarnir muni ganga að h/f Kveldúlfi. Það er bankanna að ákveða það, en ekki mitt. Hvort Kveldúlfur verður gerður upp eftir næstu áramót einhverntíma, það er á valdi bankanna. Og ef Alþ. vill hafa áhrif á þetta mál, þá verður það að gera það með því að ákveða, hvaða fulltrúar eigi að vera í banka-

stjórnum, en ekki með því að grípa fram fyrir hendur þeirra.

Þá spurði hv. 1. landsk. út af dagskrártill., hvernig ég liti á orðalag dagskrártill. um síldarbræðsluverksmiðjuna.

Ég lít á orðalag dagskrártill. þannig, að það sé gert ráð fyrir því, að atvmrh. veiti leyfi til þess að reisa verksmiðju, sem hægt sé að koma upp fyrir þau lán, sem nú liggur fyrir, að Kveldúlfur hafi fengið loforð um, og það ætla ég, að sé 40 þús. sterlingspund og 150 þús. ísl. kr. Hvað því viðvíkur, að hægt sé að byggja stærri verksmiðju heldur en gert var ráð fyrir, er leyfið var fengið í haust, nefnilega að hún gæti unnið úr 2400 málum á sólarhring, fyrir þetta fé, þá má vel vera, að svo sé. En ég lít svo á, að þótt hægt væri að hafa verksmiðjuna nokkru stærri en upphaflega var ráð fyrir gert, t. d. 1 þús. málum stærri, þá mætti gera það fyrir tiltölulega lítinn verðmun, því að þessi 1 þús. mála aukning á verksmiðjunni fæst fyrir minni tilkostnað en ef byggð væri sérstök verksmiðja fyrir það síldarmagn, sem þessari aukningu næmi. Og enn sem komið er, er ekki það mikið búið að byggja af síldarbræðsluverksmiðjum, að ég sjái neina ástæðu fyrir Alþ. að fara að setja félaginu stólinn fyrir dyrnar um þessa aukningu. Því að það getur ekki haft svo mikið að segja fyrir síldarsölu fyrir Norðurlandi, að ríkisverksmiðjunum geti stafað nokkur hætta af þessari aukningu frá því, sem atvmrn. hefir upphaflega gengið út frá og gefið leyfi fyrir. Þannig lít ég á þessi ákvæði, og þetta er ástæðan fyrir því, að ég fyrir mitt leyti er fylgjandi orðalagi dagskrártill. eins og það er.

Það hafa 2 hv. þm., þeir hv. 2. þm. Reykv. og hv. atvmrh., lagt nokkra áherzlu á það í ræðum sínum hér í hv. d., að með því að samþ. þetta verksmiðjubyggingarleyfi, sem um getur í dagskrártill., eða leggja svo fyrir, að það verði veitt, þá sé Alþ. að sletta sér fram í þessa skuldaskilasamninga, sem gerðir hafa verið við h/f Kveldúlf, og leysa þessi mál fyrir bankana. Þetta vita þeir báðir, að er ekki rétt. Það, sem hér er verið að gera, er að koma því til vegar, að h/f Kveldúlfur fái leyfi til að reisa síldarbræðslustöð, sem búið var að veita leyfi til að reisa, ef félagið hefði komið með fjármunina, sem til þess þurfti, fyrir 28. febr. síðastl. Hér er að vísu gert ráð fyrir, að hún verði nokkru stærri en upphaflega var ráðgert. En ástæðan til þess er sú, sem ég gat um, að Framsfl. sér enga ástæðu til að setja það á oddinn, hvort síldarverksmiðjan gæti brætt 500 eða 1000 málum meira á sólarhring en upphaflega var ákveðið. Með þessu er verið að leysa þann hnút, sem komið hefir á þetta bræðsluverksmiðjumál. Og það verð ég að segja, að hvað sem líður frv., sem hér liggur fyrir, um skiptameðferð Kveldúlfs, eða öðrum málum, þá er ég með því, að Alþ. ætti að veita slíkt leyfi eins og þetta, eins og málið liggur fyrir, þar sem búið er að leggja fram mikla vinnu til þess að útvega fjármuni til þess að reisa fyrir þessa verksmiðju, en að Alþ. ætti ekki að hanga í því, að þeir, sem hlut áttu að máli, komu nokkrum dögum of seint til að sanna, að þeir ættu þá peninga vísa, sem til þess þarf, að reisa verksmiðjuna.

Ég legg áherzlu á, að í dagskrártill. er ekki farið inn á valdsvið bankanna, því að að því leyti, sem hún felur í sér ákvarðanir, þá er það aðeins í þessu síldarbræðsluverksmiðjumáli.

*Hannes Jónsson: Ég var með því, að þetta frv. gengi til n., og var sú afstaða mín byggð á þeim grundvelli, að ég vonaðist eftir, að í gegnum störf n. yrði alþjóð það þó frekar kunnugt, hve mikil og brýn nauðsyn væri á því að rétta við nokkuð atvinnuvegi landsmanna. Ég skal nú ekki segja, að hve miklu leyti þetta hefir unnizt. En í þeirri dagskrártill., sem hér liggur fyrir, er það þó orðið ákveðið, að Alþ. á ekki að blanda sér inn í þetta mál á þann hátt, sem hv. flm. frv. ætluðust til, og ennfremur gefst nú tækifæri til að breyta þeirri ákvörðun, sem mér skilst, að hæstv. atvmrh. hafi verið búinn að taka viðkomandi leyfisveitingunni til síldarbræðsluverksmiðjubyggingarinnar. Þetta hefir, þótt lítið sé, miðað í þá átt, að standa ekki í vegi fyrir því, að þetta atvinnufyrirtæki geti komið upp heilbrigðri starfsemi hjá sér, sem að nokkru leyti geti lagzt undir starfsemi félagsins að öðru leyti. En í sambandi við þetta vil ég víkja þeirri fyrirspurn til hæstv. atvmrh., hvað hann ætli að sitja lengi í ráðherrastóli, eftir að Alþ. er búið að hafa þau gersamlegu endaskipti á hans afstöðu og ákvörðunum í þessu máli, sem það gerir með því að samþ. þessa rökst. dagskrártill., því að ég verð að telja, að hún sé þegar samþ. eða að þegar liggi fyrir samþykkt á henni, þar sem 2 aðalflokkar á Alþ. standa að henni. Ætlar hæstv. atvmrh. að láta sig það engu skipta, hvernig farið er með mál hans, hvernig farið er með ákvarðanir hans, hvernig svo sem þetta er keyrt ofan í hann? Ætlar hann samt sem áður að sitja áfram í ráðherrastóli og hirða laun sín með góðri lyst?

*Finnur Jónsson: Ég er ekki á sama máli og sumir hv. þm., sem talað hafa um þetta mál, að ekki sé ástæða til að ræða þetta mál, vegna þess að því séu þegar ákveðin forlög af 2 stærstu stjórnmálaflokkum þingsins. Ég álít þvert á móti ástæðu til að bæta nokkuð við þær útvarpsumr., sem fram fóru á dögunum um þetta mál, af því að þessu máli hafa verið ákveðin forlög af 2 stærstu stjórnmálaflokkum Alþ.

Ég álít, að þegar stærsta fjársvikamálinu, sem komið hefir verið upp hér á Íslandi, er ráðið til þeirra lykta, sem gert hefir verið, með samningum á milli 2 stærstu stjórnmálaflokka Alþ., þá sé ástæða fyrir þá, sem sjá óheilindin í þessu ráðabruggi, að leysa verulega frá pokanum, og að ekki sé einasta ástæða til þess, heldur skylda þeirra þm., sem sjá, hvílíkt ódæði hér er verið að fremja, að láta álit sitt í ljós. Það er vert að minna á það, að í umr. um þetta mál, var því alltaf haldið fram í blöðum Framsfl. hér í bænum, að úrslit þess væru algerlega í höndum Alþfl., í fyrsta lagi gegnum bankaráð og bankastjóra Útvegsbankans. En svo þegar fara á að reka endahnútinn á þá samninga, sem Framsfl. og Alþfl. höfðu gert með sér í þessu máli, — hvað gerist þá? Þá er fulltrúi Framsfl. ásamt Magnúsi Torfasyni látinn ganga í lið með íhald-

inu og bankastjórum Landsbankans um það, að ráða niðurlögum málsins. M. ö. o., þau svigurmæli um það, að úrslit þessa máls lægju í höndum alþýðuflokksmanna í Útvegsbankanum hafa sýnt sig að vera skrök ein og ekkert annað.

Þá var sagt, að samningarnir gætu strandað á því, að ekki fengist leyfi til að byggja síldarverksmiðju. Þá var og sagt, að það væri í höndum Alþfl. En hvað kom svo á daginn? Sameiginleg dagskrártill. frá Framsfl. og Sjálfstfl. um að leysa þetta mál með þingvaldi. M. ö. o.: Allar viðbárur Framsfl. um það, að úrslit þessa máls lægju í höndum Alþfl., hafa frá upphafi ekki verið neitt annað en hinar auvirðilegustu blekkingar. Því að þegar Alþfl. vildi ekki standa með Framsfl. að þessu fjármálahneyksli, þá hefir Framsfl. tekið málið í sínar hendur í bankaráði Landsbankans og Útvegsbankans og nú síðast hér á Alþ. Það hefir verið sagt af hæstv. fjmrh. og hv. 2. þm. Skagf., að það væri óréttlátt að taka þetta mál fyrir á Alþ., af því að það heyrði undir umboðsvald bankanna. En mér er spurn: Hvað mikil þarf fjármálaspillingin að verða hjá bönkunum, til þess að ástæða sé til þess, að áliti hæstv. fjmrh., að ríkisvaldið taki í taumana? Álítur hæstv. fjmrh., að engin sú fjármálaspilling geti verið til í bönkunum, að ástæða sé fyrir ríkisvaldið að taka í taumana? Ég veit ekki, hvernig hæstv. fjmrh. svarar þessari fyrirspurn, hvort hann svarar henni með eintómri loðmullu, eins og fyrirspurn hv. 2. þm. Reykv. Ég fyrir mitt leyti skil ekki í því, að hæstv. ráðh. standi hér upp aftur og segi, að það sé alveg sama, hvaða fjármálahneyksli bankarnir geri, Alþingi eigi ekki og megi ekki taka í taumana. Það vita allir, að eins og hv. 1. landsk. benti á, þá var þetta mál afgert fyrst og fremst af stjórnmálaflokkunum, en ekki bönkunum. Bankarnir tóku engar afgerandi ákvarðanir, fyrr en búið var að bera málið undir hæstv. fjmrh. fyrst og fremst, og það er vitað, að Framsfl. hélt bæði þingmannafundi og miðstjórnarfundi til þess að gera út um þetta mál. Málið var því fyrst og fremst afgreitt á pólitískum grundvelli, þótt hæstv. fjmrh. sýni ekki þann drengskap, að kannast við það. Það þarf enginn að segja mér annað en að þurft hafi átök innan Framsfl. til þess að knýja hv. þm. S-Þ. til að bjarga Kveldúlfi og fórna til þess heiðri sínum og flokksins. Það þarf ekki að segja mér, að ekki hafi þurft átök til þess að fá hv. þm. N.-Þ. til þess að fylgja þessari sömu ráðstöfun í bankaráði Útvegsbankans. Því að engir hafa haft eins sterk orð í þessu máli eins og þessir tveir hv. þm. Þeir hafa sagt í blaði sínu, að enginn heiðarlegur maður gæti verið á móti því, að skip Kveldúlfs skiptu um eigendur og að skuldasöfnun þessa fyrirtækis hjá Landsbankanum hætti. Ekki fyrst og fremst af peningaástæðum, heldur vegna þess siðferðilega ástands, sem af þessu leiddi. Og það er líka e. t. v. höfuðatriði þessa máls, sú óreiðukennd, sem áreiðanlega hlýtur að festast í vitund almennings, þegar óreiðumönnunum gengur bezt að fá lán í bönkunum. (TT: 5%!). Ég býst við, að hv. þm. Snæf. eigi við það, að Samvinnufélag Ísfirðinga greiddi skuldheimtumönnum sínum 5% við uppgjör skuldaskilasjóðs. En þetta var sú almenna greiðsla, sem eigendur vélbátanna greiddu kröfuhöfum. Og þó allir Kveldúlfsseppar gelti hér framan í mig (**Forseti hringir**), þá stöðva þeir mig ekki í því, sem ég ætla að segja um þetta mál. (ÓTh: Því er hv. þm. svona rauður í framan?). Af því að ég gekk á Kjöl í gær. — Ég vil benda á það, að Samvinnufélag Ísfirðinga var stofnað sem atvinnubótafyrirtæki á þeim tíma, er íhaldsmenn voru búnir að lýsa yfir, að ekki væri lengur hægt að reka útgerð á Ísafirði. Það hefir engin góðæri fengið til þess að safna sjóðum, og ekkert fé hefir verið dregið út úr því fyrirtæki í villubyggingar handa framkvæmdastjórum eða til þess að flytja til útlanda. Og allar skuldir samvinnufélagsins, sem strikaðar voru út, námu ekki eins mikilli upphæð eins og þessir skuldugustu framkvæmdastjórar skuldugasta fyrirtækisins á landinu skulda sínu félagi. Það hefir verið sagt hér á þingi hvað eftir annað, án þess að því hafi verið mótmælt, að Thorsbræður skuldi Kveldúlfi 500 þús. kr., en allar skuldir Samvinnufélags Ísfirðinga, þessa atvinnubótafyrirtækis, nema ekki einu sinni eins hárri upphæð og skuld hvers hinna þriggja framkvæmdastjóra Kveldúlfs, ef skuldin skiptist jafnt á milli þeirra. Og svo eru þeir að hamra á skuldum samvinnufélagsins, þessir mestu skuldaþrjótar í skuldugasta fyrirtæki landsins.

Út af því, sem hæstv. fjmrh. segir um fjármálahneyksli, langar mig til þess að segja það, að Framsfl. hefir bundizt föstu bræðralagi við Sjálfstfl. um það, að samþ. í gegnum pólitíska starfsemi það mesta fjármálahneyksli, sem gert hefir verið á Íslandi.

Það er greinilegt af því, sem nú er fram komið, að þegar þetta mál á sínum tíma var lagt fyrir flokkana, voru ekki öll kurl komin til grafar, því að nú upplýsir hv. 1. landsk., að erlenda lánið til hinnar nýju síldarverksmiðju á Hjalteyri megi ekki nota til annars en kaupa á erlendu efni og erlendum vélum. Af því er auðsætt, að það eru ekki 150 þús. kr., sem Landsbankinn verður að leggja fram til þessa fyrirtækis, heldur a. m. k. þrisvar sinnum 150 þús. kr. Það þýðir ekki að telja neinum trú um það, að ef keypt er efni og vélar í síldarverksmiðju utanlands frá fyrir 900 þús. kr., þá fari innlent efni og vinna ekki yfir 450 þús. kr. til slíkrar verksmiðjubyggingar. Af þessu er það auðsætt, að það er ekkert smáræðis fé, sem Landsbankinn verður að hætta þarna ofan á alla súpuna, sem fyrir er. Það er margsannað, að sú milljón, sem framsóknarmenn tala alltaf um í þessu sambandi, er ekki annað en blekking. Það vita allir, að Korpúlfsstaðaeignin rentar sig ekki fyrir meira en þær 350 þús. kr., sem á henni hvíla, og hinar eignirnar eru heldur ekki mikils virði (TT: 5%!). — Það getur vel farið svo, að Kveldúlfur greiði ekki einu sinni 5% af skuldum sínum, þegar hann loks verður gerður upp. — Ég álít, að Framsfl. sé þarna að gera að veruleika gamansögu, sem bankastjóri einn norður á Akureyri sagði einu sinni einum af viðskiptamönnum bankans. Hann sagði, að maður hefði komið inn í bankann og beðið um 250 kr. víxil. Ég spurði manninn svona hinseginn,

sagði bankastjórinn, hvaða ábyrgð hann hefði, þótt mér dytti ekki í hug að lána honum neitt. Hvað haldið þið, að maðurinn hafi sagt? Hann var svo ósvífinn að segja: Leggur ekki bankinn ábyrgðina til?

Þessa gamansögu um ósvífni eins norðlenzks sveitamanns er Framsfl. nú að gera að veruleika. Hann lætur Landsbankann leggja ábyrgðina til fyrir stærsta og skuldugasta atvinnufyrirtæki landsins (TT: 5%!). Ég veit ekki, hvað lengi hæstv. forseti ætlar að leyfa hv. þm. Snæf. að stagast á þessum 5%. Ég vildi mælast til, að hæstv. forseti veitti þessum hv. þm. áminningu, ef hann heldur áfram að trufla ræðu mína. (TT: 5%! — **Forseti:** Ég vil biðja hv. þm. að gefa hljóð og vera ekki að grípa fram í fyrir ræðumanni). Ég hélt, að hæstv. forseti leyfði ekki hv. þm. Snæf. að haga sér hér eins og hann væri á skrílsamkomu eða nazistafundi. (TT: 5%! — **Forseti hringir**). Það þykir ósvífni, ef sveitamaður kemur í Landsbankann og biður um 250 kr. víxil án trygginga. En það þykir svo sjálfsagt, að Framsfl. myndar um það fast bræðralag við Sjálfstfl., að landið í heild leggi til ábyrgðina fyrir skuldugasta fyrirtæki landsins. (TT: 5%!).

Ég verð að segja, að ég tel það illa farið, að Framsfl., sem hefir flokka mest látið skrifa um þá fjármálaspillingu, sem átt hefir sér stað í landinu, skuli í heild sem flokkur hafa lagt samþykki á þá mestu fjármálaspillingu, sem Alþingi ennþá hefir veitt samþykki sitt. (TT: 5%). Til upplýsingar fyrir þá hv. þm., sem kynnu að vita ekki, hvað kreppulöggjöfin hvílir þungt á bönkunum, skal ég benda á það, að kreppubréfaeign Landsbankans nemur 4—5 millj. kr. Það er mikið talað um, hvað kreppuhjálpin hafi orðið þungbær fyrir lánstofnanirnar, og með réttu. En allur þungi sveitakreppunnar og kreppu sveitar- og bæjarfélaga á landinu, sem á Landsbankanum hvílir, er þó ekki eins mikill og skuldir skuldugasta fyrirtækisins eins við Landsbankann. (TT: 5%!).

Því er haldið fram af Framsfl., að með því að veita Kveldúlfi leyfi til að reisa síldarverksmiðju á Hjalteyri hafi Alþfl. lagt dóm á það, að þetta fyrirtæki ætti að halda áfram að starfa. Þetta er alls ekki rétt. Þegar þetta mál var sent verksmiðjustjórn síldarbræðsluverksmiðja ríkisins til umsagnar, kom hún sér saman um það, að fyrirtæki, sem hefði eins mörg veiðiskip undir höndum eins og Kveldúlfur, væri nauðsyn á að eiga síldarverksmiðju á Norðurlandi. Ég fyrir mitt leyti, sem formaður verksmiðjustjórnarinnar, mælti með þessu leyfi, af því að ég lít svo á, að þótt skip Kveldúlfs og önnur atvinnutæki skiptu um eigendur, þá næði ekki neinni átt að tvístra þeim, heldur yrði fyrirtækið að halda áfram sem stórfyrirtæki, og þá væri því nauðsynlegt að hafa síldarbræðslu á Norðurlandi. Mín afstaða miðast því aðeins við það, að svona stórt útgerðarfyrirtæki eigi að hafa síldarverksmiðju, án tillits til, hver á það. En nú lít ég svo á, að með þeirri dagskrártill., sem nú sýnir sig, að hefir verið með í samningnum um að halda Kveldúlfi lifandi, sé gengið útfyrir þær till., sem verksmiðjustjórnin gerði í þessu máli, því að í dagskránni er stærð verksmiðjunnar aðeins takmörkuð við útlenda lánið, og getur hún því þýtt leyfi fyrir allt að 4000 mála verksmiðju. Ég fyrir mitt leyti mundi ekki telja fyrirtæki á stærð við Kveldúlf þurfa líkt því svo stóra verksmiðju, og ég býst við, að ef dagskrártill. er samþ., gæti farið svo, að bræðsluaukningin yrði helzt til mikil á einu ári, og Framsfl. sé þannig að koma hér upp hættulegum keppinaut fyrir síldarverksmiðjur ríkisins. (TT: 5%!). Ég mun því leggja fram brtt. á þá lund, að á eftir orðunum „af þeirri stærð, sem lánið hrekkur til" komi: Þó ekki stærri en svo, að hún vinni úr 2500 málum síldar á sólarhring. — Ég veit ekki, hvort búið er að binda menn svo flokksböndum, að samþ. verði dagskrártill. óbreytta, en ég vil alvarlega vara framsóknarmenn við því, að samþ. dagskrána, án þess að stærð verksmiðjunnar sé þar hæfilegum takmörkum bundin. (TT: 5%!). Ég veit ekki, hvað hv. þm. Snæf. hefir tekið mörg % af því, sem Kveldúlfur skuldar umfram eignir, til sinna persónulegu þarfa, en það er áreiðanlega meira en 5% (**ÓTh:** Sjáum til!) Ég sé ástæðu til að beina nokkrum orðum til hv. þm. Snæf., úr því að hæstv. forseti gerir það ekki, þótt hann sé nú orðinn svo viti sínu fjær af reiði, að varla sé á það bætandi. (**ÓTh:** 5% mætti nú bæta á!).

Ég vil, áður en ég lýk máli mínu, endurtaka það, að þetta mál hefir verið leyst á pólitískum grundvelli. Og ég vil ítreka þá spurningu til hæstv. fjmrh., — hvað mikil á fjármálaspillingin að vera í landinu, til þess að Alþingi hafi ástæðu til að grípa í taumana? (TT: 5%!).

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. frá FJ við rökst. dagskrána á þskj. 350 leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

***Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Mér heyrist á hv. þm. Ísaf. og fleiri jafnaðarmönnum hér í d., að þeim finnist þörf á að rétta sinn hlut eftir þær umr., sem farið hafa fram opinberlega um þetta mál, og get ég ekki legið þeim á hálsi fyrir það. Það er í rauninni ekki undarlegt eftir þær fréttir, sem borizt hafa viðsvegar af landinu um álit manna um afstöðu þeirra í Kveldúlfsmálinu. Það eru ekki aðeins framsóknarmenn, sem eru sammála lausn Framsfl. á þessu máli, heldur einnig fjöldi þeirra manna, sem öðrum flokkum fylgja, ekki sízt Alþfl. (**HV:** Þetta er ósatt, það munu kosningarnar sýna).

Hv. þm. Ísaf. gerði hér einkennilegan eldhúsdag á mig út af þessu máli, og ætla ég ekki að láta það fara þegjandi framhjá mér. Hann byrjaði með því að segja, að þetta væri stærsta fjársvikamál, sem nokkurntíma hefði fengið meðferð á Alþingi, og lausn þess væri ódæðisverk. Samkv. þessu er ég, eftir þær yfirlýsingar, sem ég hefi gefið í þessu máli, fjársvikari og ódæðismaður. Út frá þeim ummælum hans verður það, sem ég segi nú um þennan hv. þm. — Hv. þm. segir, að nálægt þessu fjársvika- og ódæðismáli hafi enginn alþýðuflokksmaður komið. Ég vil þá benda honum á það, sem allir vita,

að Jón Baldvinsson, forseti Sþ. og bankastjóri í Útvegsbankanum, var sem bankastjóri samþykkur þeirri lausn málsins, sem gerð var, þótt hann af flokksástæðum gerði ekki sérstaka till. um hana innan bankans. Hann getur því fengið sömu heiti og ég hjá hv. þm. Ísaf.

Þá hefir hv. þm. talað þannig um þetta mál, að mér skilst hann telja Kveldúlf þannig vaxið fyrirtæki, að það megi ekki á nokkurn hátt líta á það eins og annað atvinnufyrirtæki, þar sem það sé fjársvikafyrirtæki. En hvernig fór þá þessi hv. þm. að því, að mæla með því við atvmrh., að þetta fyrirtæki fengi að reisa síldarbræðslu á Hjalteyri, — þá verksmiðju, sem í dagskrártill. er gert ráð fyrir að veita leyfi fyrir? Í hans augum hefir þetta fyrirtæki þá ekki verið meiri ófreskja en það, að hann teldi forsvaranlegt að veita því þetta leyfi.

Eins og áður er sagt telur hv. þm. Ísaf. þetta mál stærsta fjársvikamál, sem nokkru sinni hefir komið hér fyrir, og hið mesta ódæðisverk, að mér skilst, að láta skuldasamning þann, sem bankarnir gerðu, ganga fram, án þess að Alþingi gripi í taumana. Nú hefi ég fyrir löngu lýst því yfir, að ég tek fyrir mitt leyti fulla ábyrgð á þeirri lausn þessa máls, sem fengizt hefir. Þess vegna hefir hv. þm. Ísaf. síðan stutt þann mann í ráðherrasæti, sem hann telur hafa framið hið versta ódæðisverk og staðið að fjársvikum. Hvernig stendur á þessu? Hvers vegna styður Alþfl. ráðh., sem tekur ábyrgð á stærsta fjársvikamáli, sem nokkurntíma hefir hlotið samþykki Alþingis? (HV: Hann hefir ekki verið studdur). Ekki hefi ég nú orðið var við annað. Að vísu hefir Alþfl. ákveðið samvinnuslit við Framsfl., en hafa menn tekið eftir því, að honum þykir ekki nægilegt að hafa þetta „fjársvikamál og ódæði“ til þess að byggja á samvinnuslitin, heldur er að telja mönnum trú um, að þau byggist á allt öðru, viðreisnarmálum sjávarútvegsins o. fl.? Því eru alþýðuflokksmennirnir að burðast við að tína til ýmislegt annað? Eru ekki fjársvik og ódæði nægileg ástæða til að slíta samvinnu við flokk, sem ábyrgð tekur á slíku?

Það þýðir lítið að viðhafa slík stóryrði sem hv. þm. Ísaf. hafði hér áðan, en sýna jafnframt í verkinu, að þau eru ástæðulaus. Ég vil bara benda mönnum á það ósamræmi, sem kemur fram í gerðum þessa hv. þm. annarsvegar, og þeim orðum, sem hann leyfir sér að viðhafa um þetta mál og mig hér í d. hins vegar.

Ólafur Thors: Það ætlast sjálfsagt enginn til þess af mér, að ég nú í þinglokin fari að eyða hinum dýrmæta tíma þingsins til að hirta þm. Ísaf. Hv. þm. var að tala um þá dæmalausu spillingu og það ógurlega fjársvikamál, sem hér væri á döfinni. En það er vitað um hann sjálfan, að hann hefir flekkóttari samvizku heldur en flestir þeirra manna, sem ganga lausir. Þessi maður er búinn í mörg ár að vera riðinn við málefni, sem e. t. v. verður bráðlega opinberað meira um heldur en hann kærir sig um. — Hann hefir verið í náinni samvinnu við og haft í sinni þjónustu menn, sem honum er vitanlegt að hafa á óheiðarlegan hátt tileinkað sér fé, sem ég efast ekki um, að hann hefir fengið sinn hlut af. Þetta ætla ég að láta nægja að segja hv. þm. og vil biðja hann að sofna rólega í nótt, ef hann hefir karlmennsku til, út frá hugleiðingum um fjársvik.

Annars er það úr hörðustu átt, þegar þessi hv. þm. fjargviðrast yfir því, að einstök atvinnufyrirtæki skulda, þar sem hann sjálfur hefir veitt forstöðu fyrirtæki, sem bágast er útleikið allra þeirra fyrirtækja, sem komið hafa nærri framleiðslu hér á undanförnum árum. Hans frammistaða samanborin við frammistöðu þeirra, sem hann er að ráðast á, er svo aumleg, að umvandanir hans hér á Alþingi eru ekki teknar hátíðlega. Og ekki tekur betra við, af spurt er um viðskiptasiðferði hans í sambandi við það fyrirtæki. Í fyrra hældi hann sér af því hér á Alþingi, að hann sem meðeigandi í Samvinnufélagi Ísfirðinga bæri persónulega ábyrgð á öllu því, sem félagið skuldaði. Hann bar fram þá fyrirspurn til mín, hvort ég gerði það sama, að því er Kveldúlf snerti. Ég svaraði því játandi. Ég hefi æfinlega staðið ábyrgur fyrir öllum skuldum Kveldúlfs. Þetta var í fyrra. En nú er svo komið um æru þessa þm., að þegar fyrirtæki hans er búið að fá 95% afslátt og 147 þús. kr. eftirgjöf á veðskuldum, og komið er til hans kasta að standa við sinn hlut af ábyrgð á þessum vesælu 5%, sem félagið greiddi, þá þverneitar hann, svo að kröfuhafar hafa neyðzt til að draga hann fyrir lög og dóm. Þegar svona maður talar um fjármálaspillingu í landinu, þá er von, að mönnum blöskri.

Ég álít líka fulla þörf á að rekja feril þessa manns og Kommúnistaflokksins í sambandi við sölu á frosnum fiski til Póllands. Ég vildi gjarnan heyra, hvað mikið af því þolir að sjá dagsins ljós. (GÞ: Ekki 5%).

Ég get tekið undir þau rök, sem hæstv. fjmrh. færði fram gegn þessum hv. þm.

Fyrir nokkrum mánuðum mælir hann sjálfur með því, að Kveldúlfi verði leyft að reisa síldarverksmiðju. En nú, þegar búið er að tryggja fé til þess, hamast hann gegn því. Slíka framkomu er að verja.

Þessi hv. þm. spurði, hversu mikil fjármálaspillingin þyrfti að vera, til þess að tekið yrði í taumana. Mig langar til að spyrja hann: „Hvað þarf fjármálaspillingin að vera á Alþingi, til þess að hann beri fram vantraust á þann ráðh., sem hann sjálfur telur, að ábyrgð beri á spillingunni? Ætlast hann til, að spillingin tvöfaldist, eða nægir kannske, að hún hækki um 5%, til þess að þessi beinakerling stjórnarliða geri skyldu sína og rísi gegn þessari spillingu með vantrausti á ráðh.? Það getur litið vel út meðal ókunnugra manna að tala eins og hv. þm. gerir um þau ódæði, sem hér eiga að hafa verið framin, en að gera það hér á Alþingi, þar sem allir þekkja hann, það er bara til að gera sig hlægilegan og ekki til neins annars.

Ég finn, að hv. þdm. langar meira og minna til, að ég hætti ekki við þennan hv. þm., tali lítið eitt meira við hann. En þetta er leiðinlegt verk, sem ég í mörg ár hefi hlíft mér við. Ég lagði eitt sinn í vana minn að hafa hann að skotspæni, en ég hefi satt að segja löngu hætt

því, því að ég finn, að viðureign við þennan hv. þm. hefir aldrei orðið neinum til sóma.

Vegna þess að hv. 1. landsk. lýsti því yfir við 1. umr. þessa máls, að ég færi með staðlausa stafi um hann í sambandi við fyrirhugaða lántöku í útlöndum, vil ég taka það fram, að það, sem ég sagði, var orði til orðs satt og rétt. Verið getur að erfitt sé að sanna þetta, en þeir skipta mörgum hundruðum, sem vita, að hv. þm. var í þeim erindum ytra, að rannsaka möguleika fyrir lántöku á Norðurlöndum, aðallega í Svíþjóð. Og hitt vita a. m. k. nokkrir menn, að ef úr lántökunni hefði orðið, ætlaði þessi þm. að taka 100 þús. kr. af ríkisfé fyrir vikið.

Þegar athuguð eru ummæli forseta Alþfl. um þá örðugleika, sem íslenzka þjóðin eigi framundan, og um þau úrræði, sem fyrir hendi eru til þess að ráða bót þar á, þá er það undarleg barátta, sem Alþfl. er að heyja hér, þar sem hann berst eftir mætti gegn því, að ný síldarverksmiðja verði reist hér á landi. Forseti Alþfl. sagði, að til þess að komast út úr ógöngunum væru sérstaklega tvær leiðir opnar. Önnur væri sú, að reisa nú þegar víðsvegar um land frystihús. Hin væri sú, að koma upp sem allra fyrst síldarbræðslustöðvum. Við sjálfstæðismenn höfum borið fram hér á þingi frv. um frystihús. Sósialistar hafa fyrir sitt leyti hindrað framgang þess máls. Um síldarbræðslustöðvarnar er það að segja, að enda þótt hæstv. atvmrh. og hv. þm. Ísaf. hafi báðir mælt með, að Kveldúlfur fengi að reisa síldarverksmiðju á Hjalteyri, þá gerir flokkurinn nú allt, sem hann getur, til að hindra það, og til vara, að verksmiðjan verði sem allra afkastaminnst. Þó berast Kveldúlfi nú hvaðanæfa tilboð, að ég segi ekki beiðni, um viðskipti með síld næsta sumar. Er þar til fyrst að nefna bæjarútgerðina í Hafnarfirði. (**EmJ**: Það er ósatt mál). Nei, það er dagsatt. Ásgeir Stefánsson framkvæmdarstjóri hefir setið dag eftir dag á ráðstefnu við forráðamenn Kveldúlfs til að reyna að koma á samningum um kaup á síld af skipum bæjarútgerðarinnar. En þrátt fyrir alla þá auknu möguleika, sem þessi síldarbræðslustöð mundi veita til kaupa á síld og þar með aukinnar atvinnu, þá berst nú Alþfl. með hnúum og hnefum gegn því, að hún verði reist. Er hægt fyrir nokkurn flokk að koma svona fram án þess að hafa af því bæði skömm og skaða? Ég hygg ekki. Ef Alþfl. hefði ástæðu til að halda, að Kveldúlfur yrði lagður niður, þá gæti þessi barátta haft eitthvert mark. En þar sem Alþfl. veit, að löggjafinn fæst ekki til að hindra þá samninga, sem fram hafa farið milli bankanna og Kveldúlfs, þá er með öllu óskiljanlegt, hvernig Alþfl. ætlar að rökstyðja háttalag sitt.

Baráttan gegn Kveldúlfi hefir byggzt á því, að hann eigi ekki fyrir skuldum, heldur muni bankarnir fá töp af honum. En þá er líka þeirra fengurinn allt, sem félagið græðir á hinni nýju verksmiðju, a. m. k. á meðan ekki er öruggt, að það eigi fyrir skuldum. Ef félagið aftur á móti gefst upp, þá get ég ekki séð, að það sé neitt þjóðartjón, þótt þessi verksmiðja standi norður á Hjalteyri og verði hagnýtt af þeim, sem taka við rekstri þessa félags. Það veit hvort sem er hver einasti maður, að ef Íslendingar væru þess megnugir, mundu þeir ekki aðeins byggja þessa verksmiðju, heldur margar fleiri víðsvegar kringum land.

Það, sem okkur ber því að gera hér á þingi, er ekki það, að hindra, að ný verksmiðja rísi hér upp. Okkur hefði fremur borið að gera einhverjar ráðstafanir til þess, að þeir síldarútvegsmenn, sem skip eiga, en hinsvegar ekki fjármagn til þess að kaupa veiðarfæri, til þess að hefja síldveiðar í sumar, fái einhverja hjálp til þess að eignast þessi veiðarfæri. Ég veit ekki nema, þótt í eindaga sé komið, að full ástæða sé til að athuga þetta. Fyrirsjáanlega bregðast þorskveiðarnar nú, samanborið við undanfarin ár, og það er auðsætt, að ekkert getur þá bjargað þjóðfélaginu frá þeim voða, að lenda í algerðri greiðsluþröng gegn erlendum lánardrottnum nema síldin og síldarafurðir. Þess vegna drýgir Alþingi glæp, ef það reynir að hindra aukningu þeirra möguleika, sem fyrir eru til þess að afla okkur þess gjaldeyris, sem okkur er lífsnauðsynlegt að fá, ef við eigum að geta staðið í skilum.

Ég endurtek það, að ég get á engan hátt skilið þessa afstöðu Alþfl. út frá öðru sjónarmiði en því, að hún stafi af heift og hatri í garð þeirra manna, sem eiga Kveldúlf, og því svo taumlausu, að þar fái ekkert annað að komizt.

Það er alveg rétt, sem hæstv. atvmrh. sagði, að ef sú rökstudda dagskrá, sem hér liggur fyrir, verður samþ., þá er þar með gefin heimild til að reisa stærri, ef til vill margfalt stærri verksmiðju, en í öndverðu var farið fram á. Ég geri mér vonir um, að hægt verði fyrir það fé, sem félagið hefir til umráða, að reisa verksmiðju með a. m. k. tveimur vélasamstæðum, sem er áætlað, að gætu unnið úr a. m. k. 5600 málum á sólarhring. Einnig er það rétt hjá hæstv. ráðh., að ef dagskráin er samþ. eins og hún liggur fyrir, þá hefir d. þar með gefið ráðh. bein fyrirmæli um, hvað hann eigi að gera í þessu efni, án hliðsjónar af því, hvað hann sjálfur óskar að gera, og ég tel, að hvorki hann né aðrir ráðh. geti hliðrað sér hjá að virða þennan þingvilja. Því er það rétt hjá hæstv. ráðh., að ef dagskráin er samþ., þá er honum skylt að veita leyfi fyrir verksmiðju, sem sennilega verður miklu stærri en í öndverðu var óskað leyfis um. Það er rétt, að félagið hefir yfir £ 40 þús. að ráða til að reisa hana, og hefir fengið loforð fyrir 150 þús. kr. og vilyrði fyrir, að það yrði hækkað, ef með þyrfti. Það kom sérstaklega til tals, eftir að það var ljóst, hversu gífurlega mikla tolla ber að greiða af þeim vélum og því efni, sem nota þarf til verksmiðjunnar, en tollarnir skipta mörgum tugum þúsunda.

Ég mun svo ekki leggja neina áherzlu á að fara í karp um þetta mál. Ég hefi gert grein fyrir afstöðunni eins og hún er frá minni hendi. Ég veit, að það er rétt, að örlög þessa máls eru ákveðin, og mig má gilda einu, hvort jafnaðarmenn sætta sig betur eða verr við það.

***Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson)**: Ég vil fyrst segja hæstv. forseta, að mig furðar á langlundargeði hans við þessar umr. (**ÓTh**:

Heyr á endemi). Já, það voru nú endemin meiri, þegar þessi hv. þm. fór að gerast fjármálatilhreinsari hér á þingi. Ég veit ekki, hvort það er hans bandamönnum að þakka.

Út af hv. þm. G.-K. vildi ég fyrst minnast á orð, sem hann lét falla við 1. umr. þessa máls, sem var útvarpað og enginn alþýðuflokksmaður átti kost á að svara. Hann lét sér sæma að bera það fram, að í minni tíð hefði Kaupfélag Reykvíkinga fengið 160 þús. kr. eftirgjöf. Ég segi ekki, að hann hafi gefið í skyn, að svo eða svo mikið af þessum þúsundum hafi runnið í minn vasa, en það mátti eftir orðum hans gera það sennilegt. Hann veit þó, að þetta var áður en ég tók við. Hann segir, að undir Haraldi Guðmundssyni hafi Kaupfélagi Reykjavíkur verið gefnar eftir 160 þús. kr. En hann veit, að ég tók við, eftir að þetta félag var gert upp. Og nú staðhæfir hann, að Stefán Jóh. Stefánsson hafi ætlað að hafa 100 þús. kr. út úr ríkissjóði, er hann fór utan fyrir nokkru, og það eftir að hæstv. fjmrh. hefir lýst yfir því, að þetta sé með öllu tilhæfulaust. Þannig stendur hann hér með fettum og brettum og guðsorðasvip og ber Finni Jónssyni á brýn óhæfa fjármálastj. á samvinnufélagi Ísfirðinga, og bróðir hans situr hér og virðist vera búinn að fá þessi „5%“ á heilann og grípur fram í án afláts, þrátt fyrir aðvaranir hæstv. forseta. Það er reyndar skiljanlegt, að þeim sárni svo þetta Kveldúlfsmál, að þeir gleymi jafnvel öllum mannasiðum. — Flest það, sem hv. þm. segir um Finn Jónsson, er hreinn þvættingur. En ef hann telur stj. samvinnufélags Ísfirðinga hafa verið svo áfátt sem hann lætur, þá getur hann krafizt rannsóknar á félaginu. En það gerir hann ekki, þegar út fyrir þinghelgina kemur. (GÞ: Hæstv. ráðh. gæti eins krafizt rannsóknar). Ég er ekki dómsmrh. Það er hægt að kæra til hvaða lögreglustjóra sem er.

Þessir hv. þm. horfa öfundaraugum til þeirra 5000 kr., sem Finnur Jónsson hefir fengið fyrir stj. síldarverksmiðjanna, og ætti það þó að vera óþarfi, með tilliti til þess beins, sem Landsbankinn hefir stungið að Kveldúlfi, því að þetta bein hefir þá undursamlegu náttúru, að þegar búið er að þrautnaga það og farið svo með það í bankann, bætist jafnótt kjötið á það. Ég skil, að þeim hljóti að vera sárt um beinið sitt, en þar fyrir ættu þeir að geta tamið sér siðaðra manna hátt.

Þá vil ég svara fyrirspurn hv. þm. V.-Húnv. um það, hve lengi ég ætli að sitja í ráðherrastóli, eftir að samvinnu stj.flokkanna hefir verið slitið. Alþfl. sér ekki ástæðu til, þó að til samvinnuslita hafi komið, að taka sinn mann út úr stj. nema því aðeins, að Framsókn geri slíkt hið sama. Ég veit, að hv. þm. G.-K. myndi gjarnan vilja taka við og sitja fram til næstu kosninga, því að lengur myndi hann ekki sitja. Hinsvegar hefi ég ekki trú á, að hann geti fengið nauðsynlegan meiri hl. bak við sig, sem til þess þarf, svo að sá draumur hans getur tæplega rætzt.

Forseti (JörB): Út af ummælum hæstv. atvmrh., sem þótti ég sýna furðu mikla þolinmæði, að líða þessar umr., vil ég geta þess, að ég ætla hv. þm. að kunna siðareglur, svo að ekki þurfi sífellt að vera að grípa fram í fyrir þeim. En ef hæstv. ráðh. hefir fundizt ég gera upp á milli hv. þm., þá vil ég eindregið mótmæla þeirri ásökun.

Umr. frestað.

Á 44. fundi í Nd., 20. apríl, var fram haldið 2. umr. um frv.

***Frsm. minni hl. (Stefán Jóh. Stefánsson)**: Ég get látið mér nægja stuttan ræðutíma, því að ég hefi ekki mikið fram að færa út af þeim umr., sem hér hafa orðið um þetta mál.

Þegar ég kvaddi mér hljóðs í annað sinn, var það aðallega til þess að gera áréttingu út af ræðu hæstv. fjmrh., en ég sé, að hann er ekki staddur hér í d., svo að ég get því að mestu leyti sleppt því. Auk þess fékk ég í ræðu hv. þm. G.-K. nokkrar upplýsingar um það atriði, sem mér þótti á skorta hjá hæstv. fjmrh. Það var um það, að fá ákveðið og skýrt fram í sambandi við byggingu síldarverksmiðjunnar á Hjalteyri, hvort ekki sé rétt, sem ég hefi heyrt, að brezka lánið hafi verið þeim skilyrðum bundið, að það væri eingöngu notað til kaupa á aðfluttum vörum til verksmiðjunnar. Ef svo væri, sem ég þykist hafa staðfestingu fyrir, þá hafði ég hugsað mér, að beina því til hæstv. fjmrh., hvort hann vildi stuðla að því sem yfirmaður Landsbankans, að hann lánaði það, sem á myndi vanta, til þess að verksmiðjan kæmist upp. Má gera ráð fyrir, að það yrði allmiklu meira en gert var ráð fyrir í upphafi. Nú hefir hv. þm. G.-K. upplýst, að Landsbankinn hafi lofað 150 þús. kr. láni til verksmiðjunnar og gefið vilyrði fyrir meira láni. Ætla ég, að með því sé sýnilegt, að Landsbankinn ætli að lána það, sem á vantar. En ég þykist þess fullviss, að það muni vera allmiklu meira en 150 þús. kr., ekki sízt eftir þeim upplýsingum að dæma, sem hv. þm. G.-K. hefir gefið, sem eru þær, að tollur á aðfluttum vörum, sem eiga að greiðast af ísl. lánum, muni nema tugum þúsunda. Brezka lánið yrði hart að 900 þús., og þá má mikið vera, ef ekki þyrfti að fá innanlands um 200—300 þús., en þá myndi um leið, eins og við alþýðuflokksmenn höfum alltaf búizt við, skuldir Kveldúlfs við Landsbankann vaxa allverulega. Ég vildi aðeins undirstrika þetta atriði, en tel ekki þörf á að fara inn á það frekar.

Ég skal geta þess, að hv. þm. G.-K. endurtók það við þessa umr., sem hann hafði sagt í útvarpinu um daginn við 1. umr., að ég hefði síðastl. ár farið utan til þess að reyna að fá erlent lán fyrir ríkisstj., sem næmi 50—60 millj. kr., og að því er mér skildist, átti aðalatriðið af minni hálfu að vera það, að reyna að fá mér 100 þús. kr. sem þóknun. Í viðurvist allra hlustenda lýsti ég því yfir, að þetta væri uppspuni frá rótum. Hæstv. fjmrh. staðfesti þessa sögusögn mína, en þrátt fyrir það heldur hv. þm. G.-K. þessu enn á ný fram í þingsölum. Ég endurtek það aðeins, að þessi saga er uppspuni frá rótum, og ég hefi ástæðu til að ætla, að hún sé vísvitandi uppspuni. Sú eina afsökun, sem hv. þm. getur haft fyrir þessum sögusögnum, er sú, að

hann sé búinn að endurtaka þessi ósannindi svo oft, að hann sé farinn að trúa þeim sjálfur. Annars hirði ég ekki um, eins og hv. þm. var að tala um, að vitna til guðs um mína frásögn í þessu máli. Ég tek hv. þm. ekki svo alvarlega, að slíks gerist þörf.

*Héðinn Valdimarsson: Ég vil geta þess, að við þá fyrirspurn, sem ég hefi gert til hæstv. fjmrh., hefir komið greinilega í ljós, að það fé, sem hann sagði, að myndi koma frá Thor Jensen til hlutafélagsins Kveldúlfs, kemur ekki undir öðrum kringumstæðum en Kveldúlfur yrði gerður upp. Í öðru lagi vildi hann ekkert í ljós láta um það, hvort Kveldúlfur yrði gerður upp, þótt hann héldi áfram að tapa sem svarar ½ millj.

Þau ummæli, sem hafa komið fram af hálfu hæstv. fjmrh., bæði hér á þingi og í Nýja dagblaðinu, um millj., sem búið sé að ná fyrir tilstilli Framsfl., eru ekkert nema blekking. Fyrir utan það, að upphæðin nemur ekki nema litlum hluta af þessu, þá er þetta aðeins trygging, en ekkert fé til félagsins.

Hv. þm. G.-K. talaði mikið um nauðsynina á því, að koma upp síldarbræðslustöðvum hér á landi. Það er að vísu rétt, að það er ágætt að auka síldarbræðsluna. Þó er allt bezt í hófi. Það er mál út af fyrir sig. Hitt er annað mál, hvort það eigi að vinna það til, að láta Kveldúlf halda áfram í sinni skuldaflækju og gefa honum leyfi og hjálpa til að reisa síldarbræðslustöð á Hjalteyri, sem þó er ekki betur undirbúin en svo, að það er ekkert fé til.

Þá er það eitt atriði enn, sem ég vil víkja að, það er viðvíkjandi þeim rógi, sem þessi þm. kom með í garð hv. þm. Ísaf. Orðbragð hans var svo sóðalegt, að ég get ekki verið að fara út í það. Hv. þm. gaf það í skyn, að það myndi vera samband á milli hv. þm. Ísaf. og kommúnistaflokksins, þar sem hv. þm. Ísaf. hefði sennilega fengið fé fyrir það að útvega kommúnistafl. einkaleyfi á útflutningi til Póllands. Þetta er vitanlega tilhæfulaus uppspuni. Fyrst og fremst hefir hv. þm. Ísaf. ekki haft nein afskipti af afgreiðslu útflutningsleyfa fiskimálan. til Póllands, hvorki hvað snertir frysta síld eða fisk. Hann hefir ekki komið á fund eða talað við einn einasta mann í n. um þetta. Í öðru lagi hefir kommúnistafl. ekki komið nálægt þessu firma, sem nefnist „Compensation Trade Co.“ Það vinna þar raunar tveir kommúnistar á skrifstofunni, en að flokkurinn hafi þar nokkra hlutdeild, hygg ég, að sé ekki. Þetta er álíka viturlegt og að segja, að Sjálfstfl. ræki öll fyrirtæki, sem sjálfstæðismenn eru starfandi við. Þetta firma fór síðastl. haust fram á að fá útflutningsleyfi á fiski til Póllands. Og eftir ýtarlega athugun á því, hvort fiskimálan. ætti að hafa þetta með höndum eða þetta firma, varð úr að veita því útflutningsleyfi með þeim skilyrðum, að aðrir fengju ekki að flytja út á meðan, til þess að spilla ekki fyrir markaðinum. Fiskurinn var borgaður með sæmilegu verði, að jafnaði 10 aura pr. kg., og fiskimennirnir voru ánægðir með það. Og þarna fannst nýr markaður, þótt ekki væri hann stór. Í febr. komu svo menn frá þessu félagi aftur til þess að fá útflutningsleyfi til Póllands næsta útflutningsár, og var þá um aukið magn á fiski og hraðfrystri síld að ræða. Þeir settu aftur það skilyrði, að þeir væru einir um hituna. Stóð á því í nokkurn tíma hjá fiskimáln., að gefa leyfi til þess, að þeir fengju að vera einir um þetta. En þegar það kom í ljós, að aðrir kærðu sig ekkert um þetta, var það samþ. Og verðið, sem greiða má fiskimönnum, hefir verið svo gott, að ég hygg, að enginn hiki við að selja fisk þangað. Nú hefir þetta félag auglýst eftir fiski, og ég hygg, að verðið sé það sama og áður. Síldin á að koma síðar. Þeir vilja um 300 tonn af fiski og 500 tonn af síld. Og þessi síld er einmitt Faxasíld, sem mest vandræðin hafa verið með. — Ég vil geta þess, að þeir, sem lögðu mesta áherzlu á það í fiskimálan., að þetta leyfi væri veitt, voru einmitt sjálfstæðismenn. Þar á meðal var Ólafur Björnsson frá Akranesi. Og ég hygg, að hv. þm. G.-K. geri það ekki eftir vilja kjósenda sinna að vera á móti þessu máli, því að bæði frá Keflavík og Njarðvíkum komu háværar kröfur um, að þetta væri leyft. Og það er ærið hart, að sá maður, sem þykist vera formaður útvegsmanna, skuli snúast á móti og saka þá, sem hafa veitt þeim stuðning, um að hafa þegið mútur. Slíkt er engum sæmandi, nema þessum þm.

*Sigurður Kristjánsson: Ég sé ekki hæstv. atvmrh. hér í d. Þegar ég kvaddi mér hljóðs, var það vegna þeirrar ræðu, sem hann flutti um þetta mál. Ég veit ekki, hvort ég gæti fengið hv. 1. landsk., sem hefir verið bendlaður við lántökur, til þess að reyna að fá hann lánaðan hjá Ed. Ég skyldi tileinka hv. þm. einhvern hluta af því, sem ég segi, t. d. 5%, ef hann gæti útvegað mér ráðh. til að hlusta.

Tilefnið til þess, að ég kvaddi mér hljóðs, var það, að hæstv. atvmrh. lýsti vanþóknun sinni á þessari dagskrártill., sem hér liggur fyrir. Mér kom þetta mjög á óvart og ekki sízt, þegar aðrir flokksmenn hans hér í d. fóru einnig að lýsa vanþóknun sinni á þessari till. Og mín undrun stafaði af því, að það hefir verið komið til mín og leitast fyrir um það, hvort ég myndi fáanlegur til þess að greiða dagskrártill. atkv. Ástæðan, sem færð var fyrir því var sú, að atvmrh. væri búinn að neita Kveldúlfi um byggingarleyfi fyrir síldarverksmiðju og að það myndi kosta hann að fara úr ráðherrasæti, ef frv., sem hér liggur fyrir, væri fellt. Og þetta átti þá að vera brú fyrir ráðh., til þess að hann gæti lafað í þessu sæti í tvo mánuði ennþá, að Alþingi fyrirskipaði honum að veita þetta byggingarleyfi.

Nú verð ég að láta mér þykja hvorutveggja jafnundravert, að ráðh., eftir ósigur sinn í því máli, sem hann hefir látizt gera að fráfararatriði og samningsslitum við Framsfl., ætli ekki að láta það varða því, að hann fari úr ráðherrasæti, og hitt undrar mig ekki síður, ef hann vill ekki kannast við það, að fyrir hann hefir verið leitað eftir því, að finna þessa lausn á málinu, til þess að hann gæti setið í þessu sæti eitthvað svolítið áfram. Ég vildi skýra frá þessu, af því að mér leiðist að hlusta alltaf á svona skýrslur, sem eru gefnar mót betri vitund, eins og það sé

bagalegt fyrir hæstv. atvmrh., að þessi leið hefir verið tekin í málinu, — leið, sem hans flokksmenn hafa verið að reyna að finna og fá menn til þess að samþykkja, til þess að hann gæti lafað í þessu sæti tvo mánuði enn.

Annars var það nægjanlegt tilefni til þess, að *ég segði nokkur orð, þegar hæstv. ráðh. fór síðar* að tala um, hvað hættulegast yrði í þessu máli. Og það var, að því er mér skildist, að félagið kynni að byggja stærri verksmiðju en svo, að hún gæti unnið úr 2—3 þús. málum á sólarhring. Mér skildist það á hæstv. ráðh. og hans flokksmönnum, að þeirra þátttaka í þessu máli væri einkanlega bundin við hagsmuni hinna svokölluðu vinnandi stétta, verkamanna og sjómanna fyrst og fremst. En ég vildi sjá þann verkamann eða sjómann, sem segði, að honum væri það helzt til meins gert, ef bætt væru skilyrðin fyrir því, að hægt væri að taka á móti meiri síld til vinnslu hér á landi en nú er. Það er undravert, hvað sumum mönnum helzt lengi uppi að leika tveim skjöldum, eins og þm. Alþfl., sem berjast á móti því, að atvinnan sé aukin í landinu, en berja sér svo á brjóst og segjast vilja opna nýjar leiðir til aukningar á atvinnu fyrir verkalýðinn. Slík hræsni er alveg óþolandi, einkanlega þegar á að fara að troða slíku inn í menn með fullri skynsemi.

Í umr. hér í gær hélt ég í fyrstu, að það mundi alls ekki verða um annað rætt en þessa dagskrártill. Ég gerði því ekki ráð fyrir að tala um önnur atriði. En hv. þm. Ísaf. leiddi þessar umr. inn á þá braut, að deila um Kveldúlf, og tók hann þar upp gamla rógburðinn, gömlu ósannindin og staðlausu stafina um starfsmenn þess félags. Af þessu spunnust allmiklar umr., svo að það hefði verið full ástæða til þess að taka málið *nú til meðferðar nokkuð almennt*. En hæstv. forseti hefir heldur mælzt til þess, að menn stytti mál sitt, og vil ég því gæta hófs í því, að lengja umr. Í annan stað sýnist mér eftir umr. í gær tæplega hægt að vera að auka á hrellingar hv. þm. Ísaf. Mun ég því fara lítið út í hans ræðu. Ég get þó ekki látið hjá líða að minnast ofurlítið á það, sem þessi þm. sagði um óreiðuna hjá Kveldúlfi. Fór hann um það hinum herfilegustu orðum, sem hafa verið töluð á Alþingi. Hann sagði, að þetta væri það grófasta og stærsta fjársvikamál, sem hér hefði þekkzt, og þeir, sem því hafa stjórnað, þar af leiðandi hinir grófustu og stærstu fjársvikarar. Þessi orð væru þung, ef þau kæmu ekki út úr þessum munni. En til marks um þá virðingu, sem þessi þm. nýtur, er það, að menn láta þessi orð sem vind um eyrun þjóta.

Í þessu sambandi vil ég segja það, að ég álít alveg einsdæmi framkomu Thors Jensens, sem hefir hoðið fram allar eignir sínar til tryggingar fyrir skuldum Kveldúlfs, sem honum vitanlega kemur ekkert við fjárhagslega. Þessi maður hefir þannig á gamals aldri fórnað öllum eignum sínum, og mun slíkt vera ákaflega sjaldgæft, en þó mun hitt enn sjaldgæfara, að því sé tekið með eins miklum dónaskap og af stjórnarflokkunum, sem í óeiginlegri merkingu hafa hrækt framan í þennan heiðursmann. Ég hygg, að það muni vera með jafnmiklum fádæmum og sú útreið, sem viðskiptamenn hafa fengið hjá því félagi, sem þm. Ísaf. hefir stjórnað. Ég hygg, að hv. þm. gæti ekki, þótt hann fengi ársfrest, leitað uppi einn einasta mann, af þeim þúsundum og tugum þúsunda, sem hann sagði, að hefðu verið sviknir um kaup hjá hlutafélaginu Kveldúlfi, sem ekki *hefir verið borgað, og það á réttum tíma*. En ég hygg líka, að hann gæti engan fundið, sem unnið hefði fast hjá því félagi, sem hann stjórnar, sem myndi vilja eða þora að bera það vegna heiðurs síns, að hann hefði fengið það, sem honum bar. Það er svo, að það hefir verið dregið af hlut hvers einasta manns, sem unnið hefir hjá félaginu, á sjó eða í landi. Ég get sagt hv. þm. það, og öllum öðrum, að ég hefi nýlega tekið á móti manni, sem hefir komið til mín oftar en einu sinni, bláfátækum manni, sem hefir unnið hjá félagi F. J. Hann var að biðja mig um það í sinni fátækt og eymd, að ég hefði milligöngu um það, af því hann var hér ókunnugur, að hann fengi einhverja atvinnu, sem hann gæti dregið fram lífið á, hjá Kveldúlfi. Meðal annara báginda sagði hann mér frá því, að hann hefði unnið hjá félagi Finns Jónssonar á Ísafirði. Hann kvaðst ekkert hafa upp á það að klaga frekar en aðrir, en það hefði verið haldið eftir hluta af kaupi sínu, sem sig náttúrlega munaði dálítið um, þótt það hefðu ekki verið nema nokkur hundruð kr., og af því fengi hann víst ekki neitt meir. Ég varð við tilmælum þessa manns og talaði um það við forstjóra Kveldúlfs, hvort þeir gætu látið hann hafa nokkra atvinnu, og þegar þeir heyrðu um hans ástæður, gerðu þeir það. Ég veit ekki annað heldur en hann sé að vinna sér fyrir aurum þarna nú, að baki sér með svikin frá félagi hv. þm. Ísaf., en framundan vonina um, að þetta margrógborna félag, Kveldúlfur, geti haldið í *honum lífinu* að einhverju leyti.

Það er enginn vafi á því, að þarna er mikill munur á, og það eru undur, að slík dirfska er til, sem hv. þm. Ísaf. hefir sýnt í þessu máli. Hann hlýtur að hafa það sér til málsbóta, að hann hafi ekki skilning né siðferðisþroska til þess að sjá, hver óhæfa framkoma hans í þessu máli er. Ég hefi ekkert ofsagt í þessu efni, en eitt er vansagt. Og það er, að einn maður hefir fengið allt sitt hjá samvinnufélagi Ísfirðinga, og e. t. v. rúmlega það, sem hann átti skilið. Það er forstjóri félagsins, en hann hefir líka haft eins mikið kaup eins og 10—20 sjómenn. Þegar félagið kom til skuldaskilasjóðs og það um uppgjör, var lagður fram 40—45 þús. kr. skuldalisti yfir skuldir félagsins við verkamenn og sjómenn. En þar sást engin skuldakrafa frá forstjóra félagsins; hann einn hafði fengið allt sitt greitt. Finnst ekki hv. þm. dálítlum tíma eyðandi til þess að hlusta á þær siðferðisreglur, sem þessi maður getur gefið okkur? Mundi ekki viðskipta- og fjármálalíf þjóðarinnar græða á því, að menn leggi niður fyrir sér þær reglur, sem hann hefir fyrir sínu framferði á þessu sviði?

Ég skal nú ekki eyða meiri tíma, en vil aðeins út af því, sem hv. 2. þm. Reykv. var að tala um, að hv. þm. Ísaf. væri saklaus af þeirri einu synd, sem á hann væri borin, sem sé að hafa átt þátt í þessum tunnuviðskiptum við Pólland, spyrja hv. þm., hvenær við megum eiga von á, að þessi

sæla fiskimálanefnd skili skýrslu um starf sitt. Við höfum nú beðið 2 ár eftir skýrslu þessarar n. Hún hefir tekið við hundruðum þúsunda úr ríkissjóði og geysimiklu fé annarsstaðar að, einkum frá útgerðinni, og við biðum eftir skýrslu um, hvernig öllu þessu fé hefir verið varið. Hvernig er þessu farið? Er. e. t. v. eitthvað óklárt við Póllandsviðskiptin og þetta einkaleyfi kommúnistanna þar, sem ekki má koma fram, eða hvaða kökkur stendur nú í hv. 2. þm. Reykv., sem þykist svo fljótur til að gefa skýrslur um hvaðeina? Ég óska, að fá þessu svarað. — hvað tefur skýrsluna frá fiskimálanefnd?

Forseti (JörB): Þetta er nú orðið mjög fjarri því efni, sem hér á að vera til umr., og vil ég biðja hv. þm. eftirleiðis að gæta meira hófs en verið hefir. (**SK:** Ég svaraði aðeins því, sem fram var komið).

***Finnur Jónsson:** Ég skal stytta mál mitt eins og ég get samkvæmt ósk hæstv. forseta, þótt ég fengi lítinn ræðufrið um þetta mál í gær. En þar sem umr. hafa nú snúizt öllu meira um mig og mín málefni heldur en það mál, sem fyrir liggur, þá hlýt ég að svara nokkrum orðum. Skal ég byrja á hv. 6. þm. Reykv., sem fyrir nokkrum árum er fluttur hingað til Reykjavíkur og stundar nú, að því er kallað er, skósveinsstörf hjá Kveldúlfi. Hann talaði um það, þessi hv. þm., hverrar virðingar ég nyti hér á þingi. Ég fyrir mitt leyti væri ekki ánægður, ef ég nyti ekki meiri virðingar og trausts í mínum flokki heldur en hv. 6. þm. Reykv. nýtur í sínum, og læt ég svo úttalað um það atriði.

Þá var hv. þm. að tala um þá fádæma útreið, sem viðskiptamenn samvinnufélags Ísfirðinga hefðu fengið. Nú vita menn ekki ennþá, hverja útreið viðskiptamenn Kveldúlfs fá á sínum tíma, þegar það fyrirtæki verður gert upp, því að einhverntíma rekur að því, að það verði gert upp, og því meira fé sem sökkt er í þá skuldahít, því verri útreið fá viðskiptavinir þess. Ég er ekki í minnsta vafa um, að mikið felst í þeirri ágætu lýsingu, sem einn af helztu mönnum Sjálfstfl. gaf á fjárhag Kveldúlfs með þessum frægu orðum: „7 milljónir, 7 koppar". Þetta er stuttorð og gagnorð lýsing, og þegar svo við þetta bætist 2—3 millj. ný lán, er ekki útilokað, að útkoman verði verri, þegar öll kurl koma til grafar, heldur en hjá atvinnubótafyrirtækinu á Ísafirði, þrátt fyrir þess erfiðu aðstöðu.

Hv. þm. var að gefa átakanlega lýsingu af fátækum atvinnulausum manni, sem komið hefði hingað til Reykjavíkur, verið áður illa meðhöndlaður af samvinnufélagi Ísfirðinga, en nú snúið sér til 6. þm. Reykv. og fyrir hans milligöngu fengið dýrðaraðstöðu í faðmi Abrahams hér í höfuðstaðnum. Þetta er vitanlega eins og sögurnar, sem sagðar eru á kristniboðsfundum, um góðu börnin, sem snúast til betra lífernis og hljóta laun sín fyrir, eins og hv. 6. þm. Reykv. líka gerir, þótt hann muni ekki ofhaldinn af.

Hv. þm. talaði um, að eini starfsmaður samvinnufélags Ísfirðinga, sem ekki hefði komið með kröfur á hendur félaginu fyrir vangoldnum launum, þegar skuldaskilin fóru fram, hefði verið framkvæmdastjórinn. Það var af þeirri ástæðu, að hvorki framkvæmdastjórinn eða aðrir skrifstofumenn félagsins gerðu yfir höfuð kröfur fyrir því, sem þeir áttu inni hjá félaginu. Þess vegna sjást engar kröfur frá mér í sambandi við skuldaskilauppgjörið, þótt ég ætti dálítið hjá félaginu, sem þó var minna heldur en ég hefði viljað.

Um siðferðisþroska minn og hv. þm. Ísaf. kæri ég mig ekki um að gera samanburð. Fjármálasiðferði þessa hv. þm. geta þeir dæmt um, sem fylgdust með því, hvernig hann skildi við á Ísafirði og hverskonar fjármálabrögð hann hafði þar í frammi, þegar hann fékk erfðafestuland hjá bænum, sem ekki var meira en 50—60 kr. virði, girti það að nokkru leyti með einum streng og sló svo út á það 17 þús. kr. lán í Útvegsbankanum. Þetta eru nú fjármálaviðskipti þessa manns við íhaldið.

Ég sný mér svo ekki frekar að þessum hv. þm. Hann er hér hvað eftir annað með glósur um mín fjármálaviðskipti, sem ég veit ekki til, að neinn hafi tapað á, en aftur á móti stendur hann þannig að vígi í þessum efnum, að hann býr í því veikasta glerhúsi, sem ég veit til, að nokkur maður búi í.

Þá sný ég mér að hæstv. fjmrh. Hann var að tala um afstöðu Jóns Baldvinssonar, forseta Alþýðusambandsins, í Kveldúlfsmálinu. Nú hefir Jón Baldvinsson, eftir því sem mér er sagt, verið spurður að því í bankastjórninni, hvernig hann vildi greiða atkv. í þessu máli, en hann vísaði til afstöðu Alþfl. í málinu, sem allir vita, að er andstæður þeirri lausn, sem hæstv. fjmrh. féllst á. Hæstv. ráðh. getur náttúrlega talað það, sem honum sýnist, um hvernig hjörtun og nýrun eru í Alþýðuflokksmönnum. Og ég get á sama hátt talað um það, hvernig sumir framsóknarmenn voru með flokkssamþykktum og harðfylgi kúgaðir til að greiða þessu máli atkv., þvert ofan í vilja sinn og það, sem þeir voru búnir að tala og skrifa um málið. Ég ætla ekki mikið út í þá sálma, en mig langar þó til að minna með örfáum orðum á afstöðu Jónasar Jónssonar. Allt, sem ég hefi sagt á þingi, öll þau orð, sem hæstv. fjmrh. fannst oftöluð hjá mér, eru reykur einn samanborið við það, sem Jónas Jónsson hefir sagt um þetta mál fyrr og síðar. Hann gekk svo langt, að hann sagði, að það hlyti að fara eins með þetta Kveldúlfsmál eins og Landmandsbankamálið í Danmörku, en eins og menn vita, endaði það á því, að einn af bankastjórunum skaut sig. Eftir þessum ummælum hv. þm. S.-Þ. verður ekki annað séð heldur en að hann hafi haft hlaðna skammbyssu í bakvasanum til þess að rétta að þeim mönnum, sem gera vildu á þessu máli aðra lausn en þá, að skip Kveldúlfs skiptu um eigendur. Hvað gengið hefir á innan Framsfl., áður en gamli maðurinn stakk byssunni í vasann aftur, veit ég ekki, en það hefir sjálfsagt ekki verið lítið.

Hæstv. fjmrh. var að tala um, hvers vegna ég hefði ekki borið fram vantraust á sig. Hann veit það ofurvel, og hann veit líka, að stjórnarsamvinnunni hefir nú verið slitið, m. a. út af þessu máli. Annars má athuga það, ef vantraust hefði komið fram á stj. eða hæstv. fjmrh. sér-

staklega, þá gat það ekki leitt til annara breytinga heldur en að hv. þm. G.-K. tæki sæti fjmrh., og þótt hæstv. fjmrh. hafi gert mjög rangt í þessu máli, mesta glappaskotið í sinni stjórnartíð, þá óska ég ekki eftir, að hv. þm. G.-K. komi í hans stað. Ég vildi fremur óska þessum unga og efnilega stjórnmálamanni þess (**Fjmrh**: Er ég nú allt í einu orðinn efnilegur?), að hann geti kveðið niður þau íhaldsöfl, sem illu heilli fengu hann til þess að ganga inn á þá óhæfu, sem lausn þessa máls er. Annars er vitanlega vandræðaaðstaða fyrir hæstv. fjmrh. og þá, sem yfirleitt vilja vinna að því, að útrýma fjármálaspillingu í landinu, og þau vandræði eru m. a. fólgin í því, að Framsfl. er milliflokkur, sem helzt vill aldrei stíga nema hálf spor.

Hæstv. fjmrh. sagði, að í þessu máli mundum við Alþýðuflokksmenn bera skarðan hlut frá borði við kosningarnar. Ég fyrir mitt leyti er ánægður með að láta dóm reynslunnar skera úr um þetta. En ég heyri, að hæstv. fjmrh. er þegar farinn að uppskera nokkuð af þeim þökkum, sem hann má vænta frá sjálfstæðismönnum í þessu máli. Hv. þm. G.-K. hefir verið orðinn mjög aðþrengdur í skuldasnörunni, þegar hæstv. fjmrh. tók ábyrgðina á að skera hann niður, en lifnaði þó fljótt við aftur, og mun honum fara eins og þjóðtrúin sagði um afturgöngurnar, að þeir, sem vaktir voru upp, áður en þeir voru fulldauðir, urðu ætíð verstir viðfangs. Þakkirnar, sem hæstv. fjmrh. fær fyrir að skera þennan hv. þm. niður úr skuldasnörunni, eru þær, að við 1. umr. þessa máls í gær sagði hv. þm. G.-K., að ég vildi lofa hæstv. fjmrh. að hanga lengur við völd, til þess að hann gæti stolið helmingi meira en hann væri búinn. (Forseti hringir). Ég geri ekki annað en taka upp það, sem hv. þm. G.-K. sagði um hæstv. fjmrh. hér í gær, og það kom þá ekkert við tilfinningar hæstv. forseta. Ég álít þessi orð hv. þm. G.-K. ómakleg og tilhæfulaus. Þótt ég sé ekki sammála hæstv. fjmrh. í þessu máli, þá tel ég það ósvífni af hv. þm. G.-K., þótt hæstv. fjmrh. skæri hann niður úr skuldasnörunni, að viðhafa þessi ummæli um verk hans í ráðherrasessi.

Hv. þm. G.-K. sagði, að ekki væri að vita, hvað Samvinnufélag Ísfirðinga entist lengi, þótt það væri nú búið að fá skuldaskil. Ég veit heldur ekki, hvað Kveldúlfur endist lengi með þessi nýju „skuldaskil“ sín, en ég veit, að ending Samvinnufélags Ísfirðinga styttist ekki vegna þess, að þeir, sem við það vinna, dragi fé út úr fyrirtækinu á óheiðarlegan hátt. Að öðru leyti er það um endingu Kveldúlfs að segja, að það fyrirtæki virðist ætla að endast, meðan Landsbankinn endist og lánstraust landsins, og á meðan þolinmæði Framsfl. við þetta mæta fyrirtæki endist.

Hv. þm. G.-K. var að tala um afskipti mín af síldarsölu, sem hann taldi, að hefði farið fram á óheiðarlegan hátt, mér skildist helzt í Póllandi, af hálfu síldarútvegsnefndar. Árið 1935 var ég ásamt hv. þm. Vestm. í síldarsöluerindum í Póllandi. Komumst við þá að því, að maður, sem selt hafði síld fyrir samlag íslenzkra matjesíldarframleiðenda, var genginn í þjónustu pólskra kaupenda, eftir að hafa komið í gegn sölu fyrir samlagið. Ég skal taka það fram, að maður þessi hafði aðeins eina sölu með höndum, fékk 1 % í sölulaun og var síðan úr þjónustu samlagsins. Okkur hv. þm. Vestm. þótti þetta þó óviðfelldið og reyndum að athuga, hvernig í þessu lægi. Maðurinn, sem þarna var um að ræða, skrifaði okkur bréf um þetta efni og gaf okkur á þessu útskýringu, sem við eftir atvikum gátum sætt okkur við. Og eftir að okkur tókst ekki að selja neina síld í Póllandi að þessu sinni, af því að ómögulegt var að komast að samningum við innflytjendur þar, áður en við fórum, gáfum við þessum manni heimild til að selja 10 þús. tunnur, ef hann gæti náð samningum um ákveðið verð. Við vorum sammála um það, hv. þm. Vestm. og ég, að þarna væri ekki um meira saknæmi að ræða en það, að við töldum rétt að gefa þessum manni færi á að selja aftur fyrir síldarútvegsnefnd eins og hann hafði gert fyrir matjessíldarsamlagið. Læt ég svo útrætt um þessa Póllandssölu.

Þá var hv. þm. G.-K. að tala um, að ég hefði ekki viljað taka persónulega ábyrgð á skuldum Samvinnufélags Ísfirðinga, eftir að það var gert upp. Nú er vitanlegt, að ég var ekki einn um þá ábyrgð, og flestir félagsmenn munu hafa litið svo á, að þeirra ábyrgð væri aflétt með þeim skuldaskilum, sem félagið fékk hjá skuldaskilasjóði vélbátaeigenda, því að annars væru þau gagnslaus. Ég býst við, að ef ég hefði mátt ráða, hefði ég viljað taka á mig minn hluta af þessari ábyrgð, en þar sem ég var ekki einn um þetta, gat ég vitanlega engu ráðið um það. En hv. þm. G.-K. var um leið að lýsa því, að hann bæri persónulega ábyrgð á öllum skuldbindingum Kveldúlfs. Ég býst við, að sú ábyrgð verði harla lítils virði, þegar hann og bræður hans skulda Kveldúlfi ½ millj. kr. sameiginlega. Þeir hafa með öðrum orðum tryggt það, að ef til þess kæmi, að gengið væri eftir þessari ábyrgð, þá væru þeir búnir að fá svo mikil lán hjá fyrirtækinu, að gott þætti, ef þeir gætu greitt einhvern hluta af sínum eigin skuldum.

Ég get ekki skilið svo við þetta mál, að ég minnist ekki á kröfu Kveldúlfs um að fá að greiða 5% vexti af öllum skuldum sínum. Það er ekki að furða, þótt þessi 5% séu nokkuð föst í höfðinu á þeim hv. þm. þessa fyrirtækis hér í d., þar sem þeir fóru þess á leit, að þeirra fyrirtæki eitt allra fyrirtækja á landinu fengi að greiða aðeins 5% vexti af skuldum sínum, þegar aðrir viðskiftavinir bankanna greiða 6%.

Út af ummælum hv. þm. G.-K., er hann var að bera mér á brýn margskonar fjárdrátt frá þeim fyrirtækjum, sem ég hefi verið við riðinn, get ég vitanlega ekki sagt annað en það, að þau eru algerlega ósönn. En ég skal gefa hv. þm. færi á að fá þetta rannsakað. Ég skal frammi fyrir öllum þingheimi gera honum það tilboð, að ég skal fara þess á leit við hæstv. dómsmrh., að hann láti fara fram opinbera rannsókn á öllum þeim fjárreiðum, sem ég hefi haft með höndum, og þeim fyrirtækjum, sem ég hefi veitt forstöðu, með því skilyrði, að hann geri það sama viðvíkjandi h. f. Kveldúlfi. Og ég skora hér með á hv. þm. G.-K. að taka

þessu tilboði mínu um gagnkvæma rannsókn, ef hann hefir nokkuð meint með aðdróttunum sínum í minn garð og þorir að standa við þær, og þá látum við rannsóknina fara fram tafarlaust. (ÓTh: Ég hugsa, að ég sanni þjófnað á hann einhvern næstu daga, og það rannsóknarlaust. — Forseti hringir).

Umr. frestað um stund, en var fram haldið síðar á fundinum.

Forseti (JörB): Umr. um þetta mál, sem er 6. dagskrármálið, hefir nú staðið í fullar 3 klst., og vegna skamms tíma sé ég mér ekki annað fært en að takmarka ræðutíma, og ég geri ráð fyrir, að hv. þm. geti hver um sig látið sér nægja 5 mínútur.

***Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Ég get vel látið mér nægja 5 mínútur.

Hv. þm. Ísaf. talaði hér fyrir hádegið í þessu máli og hélt þá nokkuð áfram þeim ádeilum, sem hann kom með á hendur Framsfl. í gær út af þessu máli. Hann sagði, að Framsfl., með afstöðu sinni í þessu máli, hefði verið að skera hv. þm. G.-K. niður úr skuldaólinni, eða einhvernveginn líkt þessu fórust honum orð. Ég held, að það liggi öllu nær að segja, að alþýðuflokksmenn, með sinni afstöðu í málinu, hafi viljað gera þetta, því að þeir vildu sleppa þeim, sem stóðu að Kveldúlfi, með þær eignir, sem þeir nú hafa sett til veðs fyrir skuldum fyrirtækisins, þannig að ef þeirra till. og afstaða hefði verið tekin til greina í þessu máli, þá hefðu aðstandendur fyrirtækisins setið eftir með eignirnar, sem veðsettar voru, en bankarnir orðið að sitja með skuldirnar ógreiddar.

Þá voru þeir hv. þm. Ísaf. og hæstv. atvmrh. að reyna að skýra það, hvernig á því stæði, að Alþfl. hefði ekki slitið samvinnu við Framsfl. undireins og afstaða Framsfl. var orðin ljós í þessu máli, og hvernig á því stæði, að hann og aðrir alþýðuflokksmenn hér hefðu stutt annan eins ódæðismann og mig, sem hv. þm. Ísaf. í ræðu sinni í gær óbeint hélt fram, að ég væri, í ráðherrastóli, eftir að ég tók þá afstöðu í Kveldúlfsmálinu eins og ljóst var, þegar útvarpsumr. fóru fram um það mál. Hæstv. atvmrh. og hv. þm. Ísaf. sögðu, að þeir hefðu verið að bíða eftir svörum Framsfl. viðkomandi ýmsum öðrum málefnum. En hvernig stóð á því, að þetta ódæði, eins og hv. þm. Ísaf. kallaði það, var ekki nægilegt eitt út af fyrir sig til þess að slíta vegna þess samstarfi við Framsfl.? Hvers vegna var ekki þetta stærsta fjársvikamál, sem komið hefir inn á Alþ., eins og hv. þm. Ísaf. orðaði það í einni ræðu hér, ekki nóg til þess að slíta stjórnarsamvinnu við Framsóknarflokkinn, þegar Framsóknarflokkurinn og ég sem fjmrh. hafði tekið þá afstöðu í þessu máli, sem kunnugt er um? Hvers vegna þurftu alþýðuflokksmenn að bíða eftir svörum um fleira? Enda þótt ekki hafi legið neitt fyrir skjallegt um afstöðu Framsfl., þá var ég ekki svo myrkur í máli í umr. um þetta mál, að nokkur þyrfti að vera í vafa um afstöðu mína og Framsfl. í heild í þessu máli.

Allir vita, að formaður Alþfl. var samþykkur þessari lausn á Kveldúlfsmálinu, sem bankarnir voru ásáttir um. Og þó að hv. þm. Ísaf. hafi í morgun reynt að snúa þessu í villu með því að taka það fram, að þessi hv. þm., formaður Alþfl., hv. 4. landsk., hefi ekki lagt til í sínum banka sem bankastjóri, að gengið yrði að þessum samningum, þá var rökstuðningur hans sá, að hann gerði ekki till. um samningana, af því að hans flokkur hefði tekið þá afstöðu, að vera á móti slíkum samningum, en ekki sá, að hann hefði tekið þá afstöðu sjálfur.

Af því að hv. þm. Ísaf. fór svo langt í að staðhæfa, að hér væri um stórkostlegt fjársvikamál að ræða og ódæði, þótti mér ekki hlýða annað en að sýna fram á ósamræmið hjá alþýðuflokksmönnum í þessu tvennu.

***Jóhann Jósefsson:** Ég vildi gera örfáar aths. við þann kafla í ræðu hv. þm. Ísaf., er snerti síldarsölu í Póllandi, sem við höfum komið nálægt báðir saman.

Hv. þm. Ísaf. sagði í sambandi við sölumann matjessíldarframleiðenda, sem var árið 1934 Fritz Kjartansson, að við hefðum komizt að því, þegar við árið 1935 vorum á ferð í Danzig og Gdynia, að þessi sölumaður, sem fékk sölulaun hjá matjessíldarútflytjendum, hefði fengið fé líka hjá félaginu Pol-Ísland, og að hann hefði gefið okkur þær skýringar á því, sem við hefðum getað sætt okkur við. Ennfremur sagði þessi hv. þm., að við hefðum verið sammála um að fela þessum sama manni frekari sölu fyrir síldarútvegsnefnd. Það er rétt, að við hv. þm. Ísaf. og ég, vorum saman árið 1935 í þessum erindum í Danzig og Gdynia, og líka er það rétt, að viðkomandi maður, sem hann nefndi, kom þar líka, þó ekki að minni tilhlutun. Ennfremur er það rétt, að mér var sýnt það af stjórnendum félagsins Pól-Ísland, sem sátu í Gdynia, að viðkomandi sölumaður hefði fengið nokkra tugi þúsunda í pólskri mynt greidda hjá þessu félagi. Kom mér þetta undarlega fyrir sjónir og sagði ég hr. Finni Jónssyni frá þessu, næst þegar við hittumst á eftir, sem var víst samdægurs. Nokkru síðar barzt okkur báðum bréf frá viðkomandi manni, sem líka var staddur þarna á staðnum, þar sem hann leitaðist við að gefa skýringar á því, hvernig á þessu stæði. En það, sem hv. þm. Ísaf. sagði um það, að við hefðum sætt okkur við þessar skýringar, þá er það ekki rétt, hvað mig áhrærir. Ég vildi ekki heldur fela honum frekari störf í þágu síldarútflytjenda. Ég vil taka það fram, að þó að ég væri með hv. þm. Ísaf. í Þýzkalandi við að semja um síldarsölu, taldi ég hann aðalsölumann, þar sem hann var formaður síldarútvegsnefndar. En til þess að taka af öll tvímæli um það, að ég hafi gengið inn á, að skýringar Fritz Kjartanssonar hafi verið viðunandi eða að ég samþ. að fela honum frekari sölu, vil ég segja það, að ég tilkynnti hr. Finni Jónssyni það bréflega, áður en við skildum, að ég, að fengnum upplýsingum, vildi ekki taka þátt í því að fela þessum manni nein störf fyrir síldarútflytjendur hér heima.

Skal ég svo ekki orðlengja um þetta meira. En ég vildi ekki láta það standa ómótmælt í Alþ.,

að ég hefði skrifað undir þetta allt saman eða verið því samþykkur. Hefi ég sagt í sem fæstum orðum afstöðu mína til þessa máls, en gæti vitanlega sagt miklu greinilegar frá þessu öllu. *En þar sem tíminn er takmarkaður, og þar sem ég álít, að aðrir hlutir í þessu sambandi skipti ekki máli við þetta tækifæri heldur en það, sem ég hefi tekið fram, þá læt ég við þetta sitja.*

***Ólafur Thors:** Aðeins örstutt aths. Ég hefi nú svo mikið um þetta mál talað, að ég er búinn að segja flest það, sem ég þarf um það að segja. Og þó að jafnaðarmenn hér í hv. d., þeir menn, sem sérstaklega sækja þetta mál af persónulegri óvild, séu með hnútukast og rangfærslu, sé ég ekki ástæðu til að fara nú að reka ofan í þá enn einu sinni sömu ósannindin og blekkingarnar, sem ég þegar hefi marghrakið. En út af þessu göfuga tilboði hv. þm. Ísaf., að hann væri fús að ganga undir rannsókn og dóm út af sínum gerðum, ef ég vildi gera það sama viðvíkjandi mínum gerðum, þá vil ég segja það, að ég skal hafa þetta boð hans hugfast og athuga það, ef til kemur. En ég ætla ekki að leita í því efni til manna eins og Ingólfs Jónssonar, rannsóknardómara rauðliða. Ég ætla að rannsaka mál hv. þm. sjálfur og vita, hvort ég get ekki hjálparlaust og ríkissjóði að kostnaðarlausu upplýst það, sem ennþá er ekki komið í dagsins ljós í hans málum.* Það getur verið, að það takist ekki, en þó er ég ekki vonlaus. En það, sem mig langar til að fá rannsakað, er það, hvaða þátt þessi hv. þm. á í því, sem gerzt hefir í sambandi við sölu síldar í Póllandi. Og ég fullyrði, að hér hafi verið um óheiðarleg viðskipti að ræða, þar sem fé hafi beinlínis ranglega verið haft af landsmönnum. Og hinsvegar vildi ég fá það upplýst, hvaða samband er á milli þessa verknaðar og þess, að hv. 2. þm. Reykv., formaður fiskimálan., hefir veitt kommúnistum einkaleyfi til sölu á frosnum fiski til Póllands. Þetta ætla ég að reyna að rannsaka, en veit náttúrlega ekki, hvernig það tekst. Ég hefi nú þegar nokkur gögn í höndum, sem ég hygg, að ég þurfi á að halda til þess að upplýsa þetta.

Að öðru leyti vil ég að lokum segja það, að afsakanir þær, sem hv. þm. Ísaf. bar fram fyrir því, að hann er að reyna að skjóta sér undan ábyrgð á þeim skuldum, sem félag það, sem hann stjórnaði, hefir ekki getað greitt nema 5% af og þessi sami hv. þm. miklaðist af á þinginu í fyrra, að hann stæði í ábyrgð fyrir, — þær afsakanir sem hann ber fram til þess að komast undan því, að standa við þessa ábyrgð og *láta lögsækja sig út af henni, eru haldlausar og sýna innræti þessa manns.* Annan daginn, þegar ég upplýsi, að ég sé ábyrgur fyrir skuldum míns félags, þá er hann *fljótur til að segja, að hann sé sjálfur ábyrgur um að standa við skuldbindingar síns félags.* En um leið og hann heldur, að einhver lagakrókur geti bjargað honum undan þeirri ábyrgð, þá reynir hann í skjóli þess lagabókstafs að forða sjálfum sér, en lætur þá lánardrottna, sem lánað hafa fyrirtækinu, sitja eftir með töpin. Þetta sýnir innræti, drengskap og viðskiptaheiðarleik þess auðvirðilegasta þm. á Alþingi Íslendinga.

***Héðinn Valdimarsson:** Það er einkennilegt fyrir málstað Sjálfstæðisfl. í þessu máli, að hann skuli láta mann eins og hv. þm. G.-K., sem er svo mikið riðinn við þetta mál fjárhagslega, *og með þeim ráðstöfunum,* sem hann hefir gert, vera aðalræðumann í þessu máli, og þó er það sannað, að þær ræður, sem hv. þm. flytur við umr. um málið, *koma hvergi nærri* málinu sjálfu, heldur eru ræður hans hin sviviðilegasta árás, sem heyrzt hefir á Alþ. í garð þeirra manna, sem hér eiga sæti á Alþ., án þess að nokkuð slíkt hafi komið í hans garð. Þetta er innræti hv. þm. G.-K. Það er vegna þess, að glerhús þessa hv. þm. er brotið, að hann kastar grjóti og sorpi í allar áttir.

Það, sem þessi hv. þm. sagði um afskipti mín í fiskimálan. af fisksölu nú í ræðu sinni, eru vísvitandi ósannindi. (Forseti hringir). Það eru vísvitandi ósannindi frá upphafi til enda, sem er sannað og sannanlegt með vitnisburði allra fiskimálanefndarmanna, enda getur hv. þm. ekki mótmælt einu einasta orði, sem af fiskimálan. er sagt um þetta. En hann endurtekur lygina samt sem áður. Hann gerir hið sama og nazistar í Þýzkalandi gera; ef þeir halda, að þeir með því móti geti komið sínum málum betur áfram, þá endurtaka þeir lygina *í þeirri von,* að þeir geti talið fólkinu trú um það að lokum, sem þeir ljúga að því. — Það stendur ekki steinn yfir steini í því, sem hv. þm. G.-K. hefir sagt um þetta mál. En þessi hv. þm. hefir af hatri og heimsku reynt að klína óhróðri á hv. þm. Ísaf., óhróðri, sem hann þykist finna í sambandi við annað mál, en kemur þessu máli, sem hér er til umr., ekkert við. Og þetta gerir hann til þess að leiða athygli manna í burt frá Kveldúlfi og því stóra hneyksli í sambandi við það mál, sem hann er að verja hér og Sjálfstfl. hefir gerzt meðsekur um, og hann hefir fengið Framsfl. til að hjálpa sér til að halda hlífiskildi yfir. Mun ég svo ekki fara frekar út í þessar sakir hér að sinni. Það mun gefast tækifæri og nógur tími til að ræða þetta síðar á öðrum vettvangi.

Hæstv. fjmrh. sagði, að það væri svo fjarri, að Framsfl. eða hann hefði skorið hv. þm. G.-K. niður úr hengingaról skuldanna; þvert á móti skildist mér, að hann hefði, að hans eigin áliti, reyrt enn fastar að. En það er ekki gengið að ½ milljóninni, sem Thorsbræður skulda Kveldúlfi. Það er ekki einu sinni búið að setja ákvæði um, að þeir borgi Kveldúlfi það, sem þeir skulda honum. Og svo er verið að tala um, að hv. þm. G.-K. standi í ábyrgð fyrir skuldum Kveldúlfs. Það er ekki verið að tala um að innheimta neina milljón ekki ¼ milljón handa Kveldúlfi. Nei, það á að halda þessu ástandi við og láta það ganga svona, — hver veit hvað lengi? Svo lengi sem Jóni Árnasyni og öðrum í bankaráði *lízt að gera Kveldúlf ekki gjaldþrota,* þó að bankarnir tapi á honum ár frá ári? Það á ekki aðeins að bæta við rekstrarlán til þessa óreiðufyrirtækis og 150 þús. kr. *láni til byggingar* síldarverksmiðju, heldur sennilega 450 þús. kr.

til þessarar verksmiðjubyggingar, svo að ég veit ekki, hver hefir hjálpað Kveldúlfi betur úr sínum vandræðum en einmitt hæstv. fjmrh.

Viðvíkjandi trausti á hæstv. fjmrh., þá er honum ákaflega vel kunnugt um það, að hann nýtur af hálfu Alþfl. hvorki trausts í þessu máli né öðrum málum, sem hæstv. atvmrh. hefir getið um í yfirlýsingu sinni fyrir hönd Alþfl. Hæstv. fjmrh. nýtur einskis trausts í þessum málum af hálfu Alþfl., og þess vegna verða samvinnuslit á milli stjórnarflokkanna.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Hv. 2. þm. Reykv. fór inn á eitt sérstakt atriði í skuldaskiptum Kveldúlfs, og það var það, að í þessum samningum milli bankanna og þessa félags væri ekki gert neitt ráð fyrir því, að bræðurnir, sem skulduðu Kveldúlfi, þyrftu að standa við sínar skuldbindingar gagnvart félaginu. Ég hygg, að hv. 2. þm. Reykv. viti, að þetta er alls ekki rétt, því að í samningunum er gert ráð fyrir því, að bræðurnir veðsetji eigur sínar fyrir þessum útistandandi skuldum félagsins. Ég býst nú við, að hv. 2. þm. Reykv. geti nú veitzt erfitt að borga allar sínar skuldir, t. d. á morgun. **(ÓTh:** Nei, Nei! Þetta er alls ekki rétt.)

Þá sagði hv. 2. þm. Reykv., að það væri sannað, að sennilega ætti að bæta við til þessa fyrirtækis 450 þús. kr. lán. Þannig eru nú þær fullyrðingar, sem Alþfl. viðhefir í þessu máli. Það er dálítið einkennilegur málflutningur að segja, að það sé sannað, að sennilega eigi að gera eitthvað, sem um er að ræða.

Annars vil ég segja hv. 2. þm. Reykv. það, út af því sem hann talaði um traust eða vantraust á mér og afstöðu Alþfl. til samvinnu um stjórn, að hvert mannsbarn veit það, að Alþfl. ætlaði að kljúfa samvinnuna á Kveldúlfsmálinu. En eftir að búið var að ráða til lykta því máli á þann hátt sem það var gert, og það varð upplýst fyrir þjóðinni, þá þorðu ekki alþýðuflokksmenn að slíta samvinnunni í tilefni af þessu máli einu saman; þessu ódæði, sem hv. þm. Ísaf. kallaði það, heldur urðu þeir að bæta við öðrum ágreiningsmálum til þess **(StJSt:** Þetta er ekki rétt). Þeir þorðu ekki að slíta samvinnunni, nema hún slitnaði á öðrum málum jafnframt.

***Finnur Jónsson:** Hv. þm. Vestm. hefir sagt frá Pólllandsviðskiptunum, og ber okkur í flestu eða öllu saman nema að því einu, að ég sagði, að þótt okkur báðum hefði þótt það nokkuð athugavert, þá hefðum við látið þennan sölumann fá 10 þús. tunnur til þess að vinna með nokkra daga, og hygg ég, að ég fari þar rétt með. Má vera, að hv. þm. Vestm. hafi talið með, að hann hafi ekki viljað láta þetta umboð standa nema vissan ákveðinn tíma. Ég sé því ekki ástæðu til að fara út í það frekar.

Viðvíkjandi hv. þm. G.-K. vil ég segja, að það kom augljóslega fram í ræðu hans, að hann þorir ekki að leggja Kveldúlf undir opinbera rannsókn. Ég hefi boðið honum, að við skyldum hafa kaup kaups um þetta. Hann þorir ekki að taka því, og má ég því fyrir mitt leyti við una, að því leyti að hann hefir opinberlega og fyrir öllum þingheimi borið ósigur í þessu máli. — Hann hélt áfram að tala um, að láta þyrfti rannsókn fara fram til þess að sanna mína óheiðarlegu framkomu. **Áður fullyrti hann** og sagði, að hann væri sannfærður um, að ég hefði gert mig sekan í ýmsu óheiðarlegu. M. ö. o., hv. þm. fullyrðir fyrst og bendir síðan á að þurfi að rannsaka það, sem hann hafði fullyrt um. Þetta er ekkert annað en sá venjulegi hundavaðsháttur, sem þessi hv. þm. sýnir í einu og öllu hér á þingi.

Þá sagði hann, að ég hefði dregið mig og mitt fé út úr ábyrgðinni fyrir samvinnufélag Ísfirðinga. Í því félagi er um sameiginlega ábyrgð á öllum skuldum félagsins að ræða, og því getur hvorki einn né annar tekið að sér þá ábyrgð, ef það er ekki vilji félagsins, þannig að ef stjórn félagsins álítur, að þetta sé dómstólaatriði, þá heyri þetta vitanlega undir hana, að segja til með, hvort svo sé eða ekki og hvort dómstólanir skuli skera úr því eða ekki.

En til áréttingar því, sem ég sagði um þennan vesalings fátæka mann, sem kom frá Ísafirði og hv. 6. þm. Reykv. lýsti, þá skal ég segja þá sögu til þess að sýna, hvernig Kveldúlfsvaldið er farið að nota sína aðstöðu. Hv. 6. þm. Reykv. sagði réttilega frá, að þetta hefði verið fátækur atvinnulaus maður fá Ísafirði. Hann var áður búinn að fara í Kveldúlf, og svo er honum vísað á kosningaskrifstofu Sjálfstfl. til þess að vita, hvort hann hefði réttan stimpil, svo að hægt væri að ganga úr skugga um, hvort hann mætti fá vinnu í Kveldúlfi.

Ég er víst búinn með minn tíma, en vil aðeins segja, að ég tel minum heiðri vel borgið, meðan hv. þm. G.-K. segir, að ég sé óheiðarlegur, og ég tel minum dugnaði vel borgið, meðan hann segir að ég sé óduglegur, því að allt, sem þessi hv. þm. segir, er ekkert nema blekkingar og lygi. (Forseti hringir).

Ólafur Thors: Það er skemmtileg tilhugsun fyrir þennan hv. þm., að hafa þannig fengið eilífðarheiðarleika- og dugnaðarvottorð, því að ég mun alltaf halda því fram, að hann sé óheiðarlegur og óduglegur. En lítill karlmennskubragur er á því, þegar hann er að reyna að snúa sig út úr því, hvers vegna hann hafi ekki viljað vera í ábyrgð fyrir skuldum útgerðarinnar á Ísafirði. Sú vörn hans var aumingjaleg, og ég veit, að hann ætlast naumast sjálfur til, að nokkur trúi því hér á þingi, að hann megi ekki borga ábyrgðirnar, nema félagar hans leyfi það.

Um verkamanninn, sem átti að hafa verið vísað á kosningaskrifstofu Sjálfstfl., þegar hann bað um vinnu í Kveldúlfi, skal ég taka það fram, að ég veit ekkert um þetta, en hitt veit ég, að það hefir aldei verið venja í Kveldúlfi, að spyrja um skoðanir. En það stappar nærri, að það veki hneyksli, þegar þessi maður, sem notar allt sitt vald sér og sínum flokksmönnum til pólitísks framdráttar, er að gera árásir á aðra menn fyrir slíkt athæfi.

***Héðinn Valdimarsson:** Hv. þm. G.-K. hefir lokið máli sínu, en ekki máli sínu um Kveldúlfsmálið, því að í ræðu sinni kom hann ekki

nálægt málinu, heldur var hann að tala um, hvernig litarhátt andstæðingar hans hefðu og fleira þesshátt, sem ég sé ekki, að komi þessu máli við.

Hæstv. fjmrh. var enn með þá blekkingu, að eina deilumálið milli flokkanna hafi verið Kveldúlfsmálið. Frá þessu hefir verið skýrt opinberlega, en þó held ég, að ég verði að endurtaka lítið eitt um það.

Það fóru fram samtöl milli n. úr báðum flokkum, eftir að sambandsþingi Alþýðusambandsins var lokið, um áframhaldandi málefnasamning milli beggja flokkanna, en fékkst ekki samkomulag um þau atriði, sem við alþýðuflokksmenn bárum fram, sem aðallega var viðreisn sjávarútvegsmálanna og uppgjör togaranna, þar á meðal Kveldúlfs, sem var skuldugasta félagið og mest reið á, að gert yrði upp, en engu síður hinna félaganna, Það var ósk Alþfl., að allt yrði tekið í eitt frv., uppgjör Kveldúlfs og hinna félaganna, því að hann áleit vera hægt að taka það allt í eitt frv., en þá gerði Framsfl. þá kröfu, að Kveldúlfur yrði tekinn sérstaklega, og var það aðallega vegna þess, að þeir héldu fram, að hvað sem öðrum togarafélögum liði, þá væri Kveldúlfur gjaldþrota. Síðan hefir málið gengið sinn gang, sem kunnugt er, og þetta er ástæðan til, að fyrst varð opinberlega kunnur ágreiningurinn milli flokkanna um Kveldúlfsmálið. En við vildum ekki láta hæstv. fjmrh. og flokk hans komast hjá að sýna, að ágreiningurinn var ekki eingöngu um Kveldúlfsmálið, heldur um sjávarútvegsmálin í heild. Þar af leiðandi höfum við haldið þessu máli áfram til þess að neyða Framsfl. til að taka afstöðu til raka sinna í þeirri n., sem hafði farið með þetta mál. Það er nú líka þannig komið, að það hefir sýnt sig, að ágreiningurinn hefir ekki verið um Kveldúlfsmálið eitt.

Ég vænti, að þessi stutta frásögn hafi flett ofan af blekkingarvef hæstv. fjmrh., svo að ekki þýði fyrir hann að fara að reyna að vefa hann á ný.

*__Fjmrh. (Eysteinn Jónsson)__: Það er aðeins út af þessum orðum hv. 2. þm. Reykv. Hann segir, að fram hafi farið samtöl milli flokkanna, eftir að þingi Alþýðusambandsins var lokið, bæði um Kveldúlfsmálið og fleiri mál. Ég skal endurtaka það, sem ég hefi sagt við útvarpsumr., að það voru engin mál rædd til úrslita milli flokkanna nema eitt mál, sem Alþýðusambandsþingið var með, en það var uppgjör togaraflotans og ríkisrekstur togara. Um það sögðum við, að við mundum aldrei eða okkar flokkur um það ræða. Önnur mál voru aldrei rædd til úrslita. Hitt er annað mál, að þótt ekkert af þessum málum, sem nú eru talin hafa valdið samvinnuslitum, komi fram, fyrr en ágreiningur hefir orðið um Kveldúlfsmálið, þá var Alþfl. kunnugt um, að Framsfl. mundi ekki geta fylgt þeim. Ágreiningurinn varð því um Kveldúlfsmálið, það vita allir vel. En svo eftir á, þá telja alþýðuflokksmenn höfuðnauðsyn að sýna á allan hátt fram á, að samvinnan hafi alls ekki strandað vegna ágreiningsins um þetta mikla fjársvikamál. En menn sjá, hvert ósamræmi er hér á milli, þar sem hv. þm. Ísaf. segir annarsvegar, að ég hafi ásamt Framsfl. framið hið versta ódæði með því að vera á móti þessu máli, og hinsvegar eru svo þeir, sem segja, að það hafi alls ekki verið vegna þessarar glæpsamlegu framkomu flokksins, að samvinnuslitin urðu.

*__Sigurður Kristjánsson__: Hv. þm. Ísaf. sagði, að ég hefði slegið bankann um 17 þús. kr. gegn veði, sem ekki hefði verið 60 kr. virði. Ég tel hér ómæt ómagaorð. En í sambandi við svona stórar sakir, þá vil ég koma með dálitla leiðréttingu. Ég átti land vestur á Ísafirði. Ég hafði varið nokkum hundruðum króna til að rækta það, og það var girt með einum virstreng. En Finnur Jónsson gat fengið bæjarstjórnina á Ísafirði til að taka þetta land af mér, þar sem ég hefði ekki girt það innan árs frá því að ég fékk yfirráð yfir því. Svona er þessi saga. Út á þetta land hefi ég aldrei fengið eins eyris lán, en ég lét það sem tryggingu fyrir skuld ásamt öðrum eignum.

Út af því, sem hann sagði, að Kveldúlfur hefði sent mann á kosningaskrifstofu til mín, þá er þess að geta, að ég er ekki á neinni kosningaskrifstofu, svo að til slíks getur ekki komið. En maðurinn, sem hann gat um, kom til mín þegar ég lá veikur um daginn, en ég veit ekki til, að heima hjá mér sé nein kosningaskrifstofa. Hann spurði mig vegna þess að ég hafði verið samborgari hans í 20 ár, hvort ég mundi ekki geta lagt gott til með sér, sem ég gerði. Hann sagðist ekki hafa getað fengið innieign sína hjá þessu félagi, sem hann hafði unnið hjá. En auk þess sagði hann, að til þess að hann hefði getað fengið þessa vinnu, hefði það loforð verið heimtað af sér, að hann kysi þennan mann. Ég hélt, að hv. þm. mundi ekki fara að standa hér upp til þess að vekja máls á þessu atriði, þar sem hans eigin aðstaða er svona. Og ég verð að efast um, að nokkur maður, sem unnið hefir hjá Kveldúlfi, hafi farið svo þaðan, að hann hafi ekki fengið vinnu sína þar að fullu greidda. Ég efast líka um, að nokkur maður hafi farið svo frá hans félagi, að það hafi ekki verið í vanskilum við hann.

*__Finnur Jónsson__: Ég vil taka það fram, að það voru ekki eingöngu alþýðuflokksmenn í bæjarstjórn Ísafjarðar, sem greiddu atkv. með, að erfðafestulandið á Ísafirði yrði tekið af hv. 6. þm. Reykv., heldur var það gert með shlj. atkv., af því að hann hafði ekki uppfyllt samninginn, og því var landið fallið undir bæinn. En þegar bæjarfógeti sá, sem þá var þar, flutti frá Ísafirði, urðu þar líka útibússtjóraskipti, og útibússtjórinn gerði ýmsar undarlegar fjármálaráðstafanir, og þar á meðal tók hann óunnið land af Sigurði Kristjánssyni sem veð fyrir 17 þús. kr. skuld. Þetta hefir hann viðurkennt, að hafi gerzt, að sumu leyti alveg eins og ég hefi skýrt frá, en að sumu leyti lítið eitt öðru vísi en ég hafði heyrt, þó að litlu muni.

Viðvíkjandi þessum manni frá Ísafirði vil ég taka það fram, að hann fór í Kveldúlf og talaði við Hilmar Thors og var sendur af honum

til Sigurðar Kristjánssonar. Ég hirði ekki að rekja það nánar, en ég segi þessa sögu til þess að sýna, hvernig er farið að nota Kveldúlfsvaldið hér á landi.

Hv. þm. segir, að ég geti ekki nefnt einn einasta mann, sem hafi unnið í Kveldúlfi og ekki fengið þar sín laun greidd, en það er þá bara af því, að fyrirtækið hefir ekki verið gert upp. En hvað yrðu þeir margir, sem tapa, þegar fyrirtækið verður gert upp, og það er engu síður tap, ef það lendir á allri þjóðinni en fáeinum einstaklingum. Ég hygg, að þegar Kveldúlfur verður gerður upp, þá lendi það á allri þjóðinni, og það verði sú stærsta skuldasúpa, sem sézt hefir síðan land byggðist.

***Jóhann Jósefsson:** Hv. 2. þm. Reykv. hreytti úr sér til sjálfstæðismanna hér í d., hvernig á því stæði, að við létum formann Sjálfstfl. standa hér sjálfan fyrir sínu máli. Hv. þm. ætti að vita, að þetta mál hefir verið rekið af honum og hv. þm. Ísaf. af svo óvanalegri persónulegri fólsku í garð formanns Sjálfstfl., hv. þm. G.-K. og bræðra hans, að það er eðlilegt, að þeir hafi orðið að snúast þar til varnar, af því að þeir hafa orðið fyrir svo hatramlegum árásum af hálfu þessara hv. þm. En hv. 2. þm. Reykv. þarf ekki að ímynda sér, að við séum hræddir við að ganga í berhögg við hann og hans skoðanir í þessu máli.

Hv. þm. hefir nú — ég veit ekki, hvort það hefir verið vísvitandi eða óafvitandi — í árás sinni á hæstv. fjmrh. flett ofan af tilgangi sínum og annara alþýðuflokksmanna með þessu frv. Hann sagði, að það hefði átt að vera upphaf að því, að gera upp allan togaraflotann, upphaf að gjaldþroti allra manna, sem að togaraútgerð standa. Tíminn er vel valinn. Það er hyggilegt hjá þessum herrum að ráðast á atvinnurekendurna á þessum erfiðustu tímum, benda á þá sem glæpamenn, óhófsmenn, vanskilamenn o. s. frv., eins og komið hefir fram við þessar umr., og hrópa: „Niður með þá. Og svo byggjum við ríkisútgerð á rústunum.“ Það er hægt, þegar svona stendur á, að koma glæpamannsnafni á svo að segja hvern einasta mann, sem við sjávarútveg fæst hér á landi, og enginn hýst við, að ríðið verði á garðinn, þar sem hann er lægstur. Þessir ofsafengnu menn, sem aldrei hafa lagt nokkurn eyri í togaraútgerð, geta auðvitað komið á erfiðleikatímum eins og þessum og bent á töp hjá þessum atvinnuvegi. Ég man ekki, hvaða óskapaorð það voru, sem þessi hálfbrjálaði þm. Ísaf. lét hér falla í gær. Hv. þdm. muna, hvernig sósialistar hafa talað í þessu máli. Það hefir verið eins og þeir ætluðu alveg að sleppa sér, alveg eins og engin vitglóra væri í hausnum á þeim og þeir sæju ekkert nema eldrautt. Og þegar þeir sjá, að þeir geta ekki ráðið niðurlögum Kveldúlfs og Péturs og Páls, þá ætla þeir bókstaflega að sleppa sér. En ég skal segja ykkur, minir herrar, að þótt þið talið hátt hér, þá trúir þjóðin ykkur ekki betur fyrir þessum málum en þeim, sem hafa hingað til við þau fengizt. Umr. þær, sem fram hafa farið hér, eru góð spegilmynd af því, hvernig fer, ef jafnaðarmenn fengju sínum vilja framgengt. Þá yrði það svo þing eftir þing, að þetta fyrirtæki yrði tekið í dag og annað á morgun til þess að koma þeim á kné. Þeir hafa lagt fram í frv.formi till. um að taka fram fyrir hendurnar á bönkunum og láta Alþingi grípa inn í, þegar því sýnist. En allir finna, a. m. k. allir þeir, sem reyna að líta eitthvað ofurlítið óhlutdrægt á málið, að hér er stefnt út á óheillabraut. En á það hefir verið bent af þeim, sem eru aðalsökudólgar sósialista í þessu máli, bæði hæstv. fjmrh. og fleiri, að ef bankarnir gæta ekki skyldu sinnar í þessum efnum, þá hefir Alþingi beina leið til að skipta um stj. í bönkunum. Það getur skipt um bankaráð, ef því líkar ekki, hvernig þeir menn standa þar í stöðu sinni, og sett aðra, sem það treystir betur.

Ég skal svo ekki lengja umr., sízt eftir að hæstv. forseti hefir gefið mér bendingu um að láta máli mínu lokið. En ég vildi ekki láta því alveg ósvarað, er hv. 2. þm. Reykv. stendur hér upp með frýjunarorð í garð okkar, sem að mestu leyti höfum setið hjá fram til þessa.

***Sigurður Kristjánsson:** Hv. þm. Ísaf. var að tala um allundarlegar tilfærslur, sem bankastjóri Útvegsbankans á Ísafirði hefði gert á mínum skuldum. Ég get upplýst, hvernig þessu máli er varið. Bankastjórinn sagði við mig, að hann teldi ekki tryggínguna nægja fyir skuldum mínum og vildi því fá veð í eignum, sem ég taldi þá sjálfsagt að veðsetja.

Þá vil ég geta þess, að það mun líklega rétt að láta skoða þennan mann. Hann var að tala um það, að maður hefði farið í Kveldúlf til Hilmars Thors, sem síðan hefði sent hann til mín. Ég veit ekki betur en að Hilmar Thors sé lögfræðingur hér í bæ og komi ekki í Kveldúlf. Sé ég því ekki betur en að rétt sé að láta fara fram skoðun á hv. þm.

ATKVGR.

Brtt. þm. Ísaf. við rökst. dagskrána á þskj. 350 felld með 19:8 atkv.

Rökst. dagskráin á þskj. 350 samþ. með 22:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JJós,JÓl, JónP, JS, ÓTh, PZ, PHalld, PO, SigfJ, SK, TT, ÞorbÞ, BÁ, BB, EystJ, GÞ, GSv, GÍ, GTh, HannJ, JakM, JörB.

nei: JG, PP, SE, StJSt, ÁÁ, EmJ, FJ, HV.

3 þm. (MT, BJ, GG) fjarstaddir.

Lagafrumvörp ekki útrædd.

1. Vörutollur.

Á 1. fundi í Nd., 15. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 54 15. júní 1926, um vörutoll (stjfrv., A. 8).

Á 6. fundi í Nd., 20. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Þetta frv. er undirbúið af tollstjóranum í Rvík í samráði við ráðuneytið. Eru í því ýms fyllri ákvæði í sambandi við tollinnheimtu en verið hafa í l., en breyt. á gjaldstiga tollsins eru engar gerðar í þessu frv.
Að svo mæltu legg ég til, að frv. verði vísað til 2. umr. og fjhn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til fjhn. með 19 shlj. atkv.

Á 31 fundi í Nd., 5. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 8, n. 180).

***Frsm. (Sigfús Jónsson):** Þetta frv. er flutt að tilhlutun hæstv. stj. og er samið af tollstjóranum hér í Rvík. Hann er vitanlega sá maður, sem mesta reynsluþekkingu hefir hérlendra manna á tollgæzlu og innheimtu tolla, og má því gera ráð fyrir, að frv. sé sniðið eftir því, hvað heppilegast þykir. Auk þess hefir þetta frv. verið sent til umsagnar bæjarfógetanna á Ísafirði og Seyðisfirði og tollgæzlumannsins á Akureyri, og bera umsagnir þeirra með sér, að þeir telja allir þær breyt. til bóta, sem í frv. felast, — að þær muni gera tolleftirlitið auðveldara og veita meiri tryggingu fyrir, að tollskyldum vörum sé ekki skotið undan tolli.

Eins og sjá má af frv. og grg. þess, eru með því sumsstaðar felld niður úr eldri l. ákvæði, sem talin eru úrelt og óþörf, og svo er einnig efnið fært til úr einni gr. í aðra, eftir því sem þykir bezt við eiga. Þetta hefir n. allt athugað, og hennar álit er, að frv. sé til bóta frá eldri lögunum. Leggur hún því til, að það verði samþ., þó með nokkrum breyt., sem birtar eru á þskj. 180.

1. brtt. er við 1. gr., um að orðin „athugasemd á" falli burtu. Þau virðast komin þarna inn af vangá, því að meiningin er, að farið sé eftir farmskránum, en ekki eftir aths. við þær. — B-liður sömu brtt. er um það, að á eftir orðunum „vörum hingað til lands" komi: Sé eigi tilkynnt á aðalfarmskránni, hvar vara verði flutt úr skipi, ber að greiða vörutollinn á fyrstu höfn, er skipið tekur hér á landi. Það hefir stundum verið ágreiningur um, hvar ætti að greiða vörutoll af vörum undir vissum kringumstæðum. Hafi vöru verið skipað upp annarsstaðar en á ákvörðunarstað, hefir oft verið tekinn af henni vörutollur þar, og svo e. t. v. aftur, þegar hún kom á ákvörðunarstaðinn, þannig að tollurinn hefir verið tvígreiddur. Hinsvegar hefir stundum ekki verið tekinn tollur af vörum, þar sem þær komu fyrst á land, og heldur ekki á ákvörðunarstaðnum, vegna þess að þar hefir verið álitið, að tollurinn hafi verið tekinn í hinum staðnum. Til þess að fyrirbyggja þennan rugling er ákveðið, að greiða skuli toll á ákvörðunarstað varanna, án tillits til þess þótt þeim sé skipað upp í bili annarsstaðar.

Þá er 2. brtt. A-liðurinn er um, að niður falli nokkrar línur í 2. gr. frv., sem hafa tvíprentazt, en b-liður sömu brtt. er um, að í stað orðanna „Á þeim sé greinilega tilgreint stykkjatal, merki og númer þeirra" komi: Á þeim sé greinilega tilgreint stykkjatal, merki og númer hverrar vörusendingar. Þetta „þeirra" á ekki við þarna, því að það virðist helzt vísa til farmsskránna í heild, en það er vitanlega númer og stykkjatal hverrar vörusendingar, sem átt er við.

Í 3. brtt. er aðeins um leiðréttingu á prentvillum að ræða.

Í 4. brtt. er tekið upp nýmæli, sem ekki var í vörutollslögunum áður, um að afgreiðslumenn skipa skuli skyldir að hafa til nægilegt húsrúm fyrir þær tollvörur, sem skipað er á land. Um þetta atriði var dálitill ágreiningur í n. Einn nm., hv. þm. G.-K., skrifaði undir nál. með fyrirvara, sem mun byggjast á þessu ákvæði. Gerir hann vafalaust sérstaklega grein fyrir sinni afstöðu.

5. brtt. er aðeins tvær smávægilegar leiðréttingar.

Sem sagt, n. hefir orðið ásátt um, að frv. væri til bóta, og mælir því með, að það verði samþ., en hinsvegar er vafi á fylgi eins nm. við eina af brtt., 4. brtt. n.

***Ólafur Thors:** Hv. frsm. gat þess réttilega, að ég hefði fyrirvara um fylgi mitt við þetta mál. Taldi hann það vera eingöngu út af 4.

brtt. n. Ég gerði að vísu sérstaklega aths. við þá brtt. í n., á þá lund, að ég vildi rannsaka betur, hvernig þeir menn, sem ákvæði brtt. snertir, myndu una við það.

En fyrirvari minn er um fylgi mitt við frv. í heild, og er, að því er snertir flest nýmæli þess, af svipuðum toga spunninn. Ég efa ekki, að frv. sé rétt spegilmynd af því, hvernig tollheimtunni verður á öruggastan hátt komið fyrir. Mér skilst, að frv. sé samið og athugað af kunnugustu mönnunum á þessu sviði, og sé yfirleitt ekki ástæðu til að vefengja, að með því sé bent á þá leið, sem ríkissjóðs vegna er æskilegust, ef eingöngu er miðað við það, með hvaða hætti gjöldin verða öruggast og bezt innheimt. En mér þótti hinsvegar ástæða til að bera málið undir þá menn, sem helzt eiga við fyrirmæli þessara laga að búa, til þess að fá þannig úr því skorið, hvort á meðal nýmæla frv. væri nokkuð það, sem þeir teldu vandkvæðum bundið í framkvæmdinni, og hvort með þeim eru ekki lagðar meiri kvaðir á menn heldur en nauðsynlegt er. Ég hefi sent frv. ýmsum aðiljum til umsagnar, en engin svör hafa borizt ennþá. Mun ég því ekki við þessa umr. gera ágreining um afgreiðslu málsins, en reyni að bera fram brtt. fyrir 3. umr., ef mér þykir sérstök ástæða til.

ATKVGR.
Brtt. 180,1.a—b samþ. með 19 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 180,2.a—b samþ. með 18 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 180,3.a—c samþ. án atkvgr.
3. gr., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt. 180,4 samþ. með 19 shlj. atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 180,5.a—b samþ. án atkvgr.
5. gr., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.
6.—11. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Á 32. fundi í Nd., 7. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 211).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 33. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 35. fundi í Ed., 9. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til fjhn. með 9 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

2. Vátryggingarfélög fyrir vélbáta.

Á 3. fundi í Nd., 17. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um vátryggingarfélög fyrir vélbáta (stjfrv., A. 17).

Á 4. fundi í Nd., 18. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti (JörB). Hæstv. atvmrh. mun hafa ætlað sér að mæla fyrir þessu máli, en þar eð mér hafa engar fregnir borizt um, að hann æski þess, að málið verði ekki tekið fyrir á þessum fundi og vísað til n., vil ég leyfa mér að taka það hér fyrir, og vænti ég þess, að hv. þm. hafi ekkert á móti því, að málinu verði vísað til 2. umr. Get ég heitið því, að við 2. umr. skal verða tillit tekið til þess, að málið hafi ekki verið rætt við þessa.

*__Pétur Ottesen:__ Þetta mál var afgr. á síðasta þingi með rökst. dagskrá, sem fól í sér, að breytingar þær, sem á því væru gerðar, virtust íþyngja í ýmsum greinum vátryggjendum, samanborið við þau skilyrði, er þeir byggju við nú. a. m. k. þeim, sem skipta við Sjóvátryggingarfél. Íslands. Voru mörg rök fram færð fyrir því, að þetta væri svo, og náðist því samkomulag um að fresta afgreiðslu málsins, en hinsvegar gengið út frá því, að málið yrði athugað á ný, áður en það yrði flutt inn í þingið aftur.

Nú skilst mér á grg., að frv. sé flutt óbreytt eins og skilið var við það á síðasta þingi. Þykir mér það miður farið, að svo skuli gengið á móti vilja hv. Nd. á síðasta þingi, að taka málið til athugunar að nýju, áður en það væri lagt hér fram, og reyna að finna annan og betri grundvöll að afgreiðslu þess, svo að kostur vátryggjenda yrði ekki gerður lakari en nú er hann. Vil ég því beina þeim tilmælum til n. þeirrar, sem fær málið til meðferðar og ég geri ráð fyrir, að verða muni sjútvn., að hún taki þetta til athugunar að nýju og kynni sér ástæður þær, sem til þess lágu, að málinu var vísað frá á síðasta þingi. Vænti ég þess, að hv. n. verði við þessum tilmælum, því að málið er mikils vert og þess, að frá því sé sem bezt og tryggilegast gengið, svo að ekki sé lengra gengið en þörf er á í því að íþyngja vátryggjendum, sem nú berjast í bökkum með sinn útgerðarrekstur.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til sjútvn. með 20 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

3. Afkynjanir, vananir o. fl.

Á 3. fundi í Nd., 17. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um að heimila í viðeigandi tilfellum aðgerðir á fólki, er koma í veg fyrir, að það auki kyn sitt (stjfrv., A. 10).

Á 8. fundi í Nd., 24. febr., var frv. tekið til 1. umr.

*Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson): *Ég mun* verða stuttorður um þetta mál, þó ekki vegna þess, að hér sé ekki um merkilegt mál að ræða, heldur sakir þess, að svo glögg grg. fylgir því, að þar *er litlu við að bæta. Þess eins vil ég* þó geta, að ég hefi heyrt ýmsa, sem málinu eru fylgjandi, halda því fram, að hér sé svo skammt gengið, að lítið verði bætt úr frá því, sem er. *Þetta tel ég ekki allskostar rétt, og mér finnst,* að þegar um slíkt nýmæli er að ræða sem þetta, þá sé réttara að ganga fyrst frekar of skammt en of langt.

Frv. *er samið af landlækni, og hefir verið* borið undir Læknafélag Íslands, sem ekkert hefir tjáð sig hafa við það að athuga. Jafnframt hefir það, vegna hinnar formlegu hliðar, verið *borið undir einn lögfræðiprófessorinn,* sem einnig hefir talið það í bezta lagi hvað þá hlið snertir. — Að öðru leyti en þessu vísa ég til grg. þeirrar, sem frv. fylgir, og vænti þess, að n. sú, sem *málið fær til meðferðar, leiti* til landlæknis áður en hún afgreiðir það frá sér.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til allshn. með 18 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

4. Tekjuöflun fyrir ríkissjóð.

Á 1. fundi í Ed., 15. febr., var útbýtt:

Frv. til l. um framlenging á gildi ýmsra lagaákvæða um tekjuöflun fyrir ríkissjóð (stjfrv., A., 2).

Á 7. fundi í Ed., 22. febr., var frv. tekið til 1. umr.

*Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Frv. þetta gerir ráð fyrir framlengingu allra þeirra lagaákvæða um tekjuöflun fyrir ríkissjóð, sem nú gilda, til loka þessa árs, annara en þeirra, sem framlengd eru með sérstökum lögum. Ég þarf ekki að hafa fyrir þessu máli langa framsögu. Það stendur auðvitað í sambandi við fjárlagafrv., og eins og sjá má við athugun á því, er ekki hægt að gera ráð fyrir, að komizt verði hjá að innheimta þessar tekjur á árinu 1938, nema því aðeins að menn vilji taka þann kostinn, að skera verulega niður fjárlögin, frá því sem nú er. Ég ætla sem sagt ekki að ræða þetta mál almennt við þessa umr., en vísa til þess, sem sagt verður um fjárlagaafgreiðsluna, þegar kemur að sjálfu fjárlagafrv. Vil ég mælast til, að frv. verði vísað til hv. fjhn. að aflokinni þessari umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til fjhn. með 9 shlj. atkv.

Á 23. fundi í Ed., 20. marz, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 24. fundi í Ed., s. d., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 2, n. 101).

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Fjhn. hefir athugað frv. þetta og borið það saman við lög þau, sem vísað er til í grg. frv., og eru þær tilvitnanir, sem vísað er til, réttar. Tveir nm., ég og hv. 4. landsk., mæla með því, að frv. verði samþ., en þriðji nm., hv. 1. þm. Reykv., mun leggja á móti málinu, enda þótt hann hafi skrifað nafn sitt undir nál. Við, þessir tveir, sem leggjum til, að frv. verði samþ., lítum svo á, að ríkissjóður megi ekki við því, að missa þær tekjur, sem hér er um að ræða. Þó að við tveir nm. mælum með frv., þá höfum við þó fyrirvara um 5. gr. þess og áskiljum okkur rétt til þess að bera fram brtt. við hana til 3. umr.

Þessi 5. gr. er um benzínskattinn og skiptingu hans á milli veganna. Í frv. eru gerðar nokkrar breyt. um skipt. á honum, frá því sem er í núgildandi fjárlögum, og það alveg án þess að nokkur grein sé gerð fyrir breytingunni. Þannig er t. d. tillagið til Austurlandsvegarins hækkað um 10 þús. kr., frá því sem nú er, tillagið til Geysisvegar er lækkað um 5 þús. kr., og sömuleiðis er lækkað um 5 þús. kr. tillagið til vega út frá Akureyri. Aftur á móti eru 2 nýir vegir teknir upp með 5 þús. kr. hvor, en það eru Vopnafjarðarvegur til Möðrudals og Ljósavatnsskarðsvegur.

Þetta tel ég ekki rétta skiptingu á þessu fé, því að ég lít svo á, að það ætti að ganga til þeirra vega, sem hafa almenna þýðingu fyrir stóra hluta af landinu, eins og t. d. Suðurlandsbraut og vegurinn yfir Holtavörðuheiði. Eða þá að öðrum kosti að láta það ganga til vega í nágrenni við þá staði, sem mikið *benzín* kaupa, eins og t. d. Rvík og Akureyri, ef á annað borð, að sett eru inn í þessi lög ákvæði um skiptingu þessara peninga, sem ég hefði talið eðlilegast, að ekki væri gert, heldur *væri í þessum lögum* aðeins ákveðið, að fé skyldi ganga til þjóðvega, og því svo skipt samkv. ákvörðun fjárlaganna. Má því vel vera, að ég beri fram brtt. um þetta við næstu umræðu, *og falli þá frá að bera fram* brtt. um skiptingu fjárins í greininni.

Mér þykir verra, að hæstv. stj. skuli ekki vera hér viðstödd, því að það hefði verið gott að fá upplýst, *hvernig á því stendur,* að breytt hefir verið til um skiptingu fjárins, frá því sem er í gildandi fjárlögum.

*Magnús Jónsson: *Það er rétt,* sem hv. frsm. sagði, að ég væri á móti frv. þessu. Að ég skrifaði undir nál., var aðeins til þess að spara pappír. Ég þarf ekki að vera fjölorður um afstöðu *mína* til þessa frv., því að ég er svo margbúinn áður að láta í ljós andstöðu mína bæði til benzínsskattsins o. fl. liða í því. Það var rétt hjá hv. frsm., að það er mjög óviðkunnanlegt, *hvernig benzínskattinum* er skipt, eins og t. d. það, að fella tillag til Sogsvegarins alveg niður, frá því sem nú er. Annars held ég, að skipting þessa fjár hafi litla þýðingu, ef það á að líðast,

að láta það í alla mögulega vegi út og austur. Það eðlilegasta væri að hafa alveg sérstaka úthlutun á þessu fé. — Um ákvæði 3. og 4. gr. skal ég ekki fjölyrða að þessu sinni, því að ég hefi svo oft talað á móti viðskiptagjaldinu a. m. k.

Umr. frestað.

Á 26. fundi í Ed., 23. marz, var fram haldið 2. umr. um frv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 10:2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HermJ, IngP, JJ, PHerm, PM, SÁÓ, ÞÞ, BSt, HG, EÁrna.

nei: JAJ, MJ.

MG, ÞBr greiddu ekki atkv.

2 þm. (GL, JBald) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

3. gr. samþ. með 9:2 atkv.

4. gr. samþ. með 8:4 atkv.

5. gr. samþ. með 10:2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÞÞ, BSt, HG, HermJ, IngP, JAJ, JJ, PHerm, SÁÓ,[1]) EÁrna.

nei: MJ, PM.

GL, MG, ÞBr greiddu ekki atkv.

1 þm. (JBald) fjarstaddur.

6. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 28. fundi í Ed., 30. marz, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

---

5. Bráðabirgðabreyting nokkurra laga.

Á 1. fundi í Ed., 15. febr., var útbýtt:

Frv. til l. um bráðabirgðabreyting nokkurra laga (stjfrv., A. 5).

Á 5. fundi í Ed., 19. febr., var frv. tekið til 1. umr.

***Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Ákvæði þessa frv. gera ráð fyrir, að frestað verði framkvæmd á eða breytt til bráðabirgða árið 1938 þeim lagaákvæðum, sem frestað var eða breytt til bráðabirgða með l., sem gilda fyrir yfirstandandi ár. Þó er felldur niður úr frv. einn liður, sem sé hámark það, sem sett var á styrk til verkfærakaupasjóðs árið 1937. Stafar það af því, að í hinum nýju jarðræktarlögum, sem samþ. voru á síðasta þingi, var sett sérstakt hámark á þennan styrk.

Ég sé svo ekki ástæðu til að gera frekari grein fyrir þessu máli, þar sem menn munu frá fornu fari kannast við alla liði frv., en ég leyfi mér að fara fram á, að því verði vísað til fjhn., að þessari umr. lokinni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til fjhn. með 9 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

6. Skemmtanaskattur og þjóðleikhús.

Á 1. fundi í Ed., 15. febr., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 56 31. maí 1927. um skemmtanaskatt og þjóðleikhús (stjfrv., A. 7).

Á 3. fundi í Ed., 17. febr., var frv. tekið til 1. umr.

***Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Það hefir borið nokkuð á því, að til þess að komast hjá að greiða skemmtanaskatt hafa verið stofnuð málamyndafélög, og þau félög síðan ákveðið, að til þess að menn gætu komizt á skemmtanir, sem félagið héldi, skyldu menn greiða svokölluð félagsgjöld. En oftast nær eru þessi „félagsgjöld" aðeins hluti af þeim eðlilega aðgangseyri að skemmtununum, og er þannig verið að komast hjá að greiða skemmtanaskatt. Á þessu hefir nokkuð borið víðsvegar. Gjaldheimtumenn hafa vakið athygli ráðuneytisins á þessu, ekki sízt tollstjórinn í Rvík, og hefir hann búið undir málið.

Ég óska, að málinu verði að umr. lokinni vísað til fjhn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til fjhn. með 9 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

7. Borgfirzka sauðfjárveikin (stjfrv.).

Á 2. fundi í Ed., 16. febr., var útbýtt:

Frv. til l. um varnir gegn útbreiðslu sauðfjárveiki (stjfrv., A. 15).

Á 4. fundi í Ed., 18. febr., var frv. tekið til 1. umr.

***Forsrh. (Hermann Jónasson):** Frv. það, sem hér liggur fyrir, er samhljóða bráðabirgðalögum þeim, er ég taldi nauðsynlegt að gefa út til að gera ráðstafanir til að hindra útbreiðslu fjár-

1) **SÁÓ:** Í trausti þess, að hv. landbn., sem hefir haft þetta mál til meðferðar, athugi þá skiptingu, sem minnzt er á í gr., á fé til veganna, segi ég já til 3. umr.

pestar þeirrar, er nú geisar um stór svæði landsins. Ég geri þó ekki ráð fyrir því, að frv. verði samþ. eins og það liggur hér fyrir, enda ekki þörf á því, því að nú getur þingið ákveðið um greiðslur úr ríkissjóði vegna ýmissa ráðstafana til hindrunar veikinni, þótt ekki væri það gert í bráðabirgðalögunum. Ég mun ekki tala almennt um málið við þessa umr., en óska þess, að því verði að henni lokinni vísað til landbn. Ég vil þó geta þess, að ef til vill hefði verið eðlilegra, að málið hefði verið borið fram í Nd., því að þar á sæti sá maður, hv. 2. þm. N.-M., sem einkum hefir haft ráðstafanir til hindrunar útbreiðslu veikinnar með höndum, en að sjálfsögðu er hann fús til að starfa í sambandi við landbn. þessarar hv. deildar og leggja öll gögn sín fyrir hana.

Þorsteinn Þorsteinsson: Ég vil beina þeirri fyrirspurn til hæstv. landbrh., hvort stjórnin hafi hugsað sér að bera fram fleiri sjálfstæð lagafrv. um þetta efni. Hér er um geysimikil verkefni að ræða, og því tel ég æskilegt og sjálfsagt, að slík frv. komi sem fyrst fyrir þingið, því að ekki mun veita af tímanum. Ég mun hér ekki fara út í einstök atriði þessa frv., en geri ráð fyrir, að það komi í mjög breyttri mynd frá nefndinni, eða a. m. k. með geysimiklum viðaukum.

***Forsrh. (Hermann Jónasson):** Ég býst ekki við því, að fram komi fleiri frv. frá stj. um þessa hlið málsins, en geri ráð fyrir, að upp úr þessu frv. verði samin þau lög, sem hv. þm. Dal. telur þörf á. Geri ég ráð fyrir, að hv. 2. þm. N.-M. starfi með nefndinni að meðferð frv., og jafnframt prófessor sá, er hefir haft rannsókn veikinnar með höndum.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til landbn. með 12 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

8. Fjárlög 1938.

Á 1. fundi í Sþ., 15. febr., var útbýtt:
Frv. til fjárlaga fyrir árið 1938 (stjfrv., A. 1).

Á 3. fundi í Sþ., 23. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Í fyrstu fjárlagaræðu minni, haustið 1934, lagði ég áherzlu á, að stj. liti á það sem eitt af sínum stærstu verkefnum, að bæta greiðslujöfnuðinn við útlönd. Þótt stj. vildi á engan hátt gera lítið úr þeirri þýðingu, sem fullur greiðslujöfnuður á fjárlögum og landsreikningi hefir fyrir þjóðarbúskapinn, þá varð þó að hennar áliti hitt að teljast aðalatriðið, að unnt væri að standa í skilum út á við og að vöruinnflutningur til landsins yrði ekki til langframa meiri en hægt væri að greiða með ársframleiðslu landsmanna. Í sambandi við þetta voru þegar á því þingi samþ. ný lög um gjaldeyrismálin, sem gáfu stj. heimild til þess að taka þau mál öðrum tökum en gildandi l. höfðu gert mögulegt. Í árslok 1934 var útlitið ekki glæsilegt. Greiðslujöfnuðurinn við útlönd var það ár óhagstæður um a. m. k. 10 millj. kr., og erfiðleikar á sölu íslenzkra afurða sívaxandi, einkum saltfisksins. Þótt það sé að vísu ekki venja, mun ég að þessu sinni byrja ræðu mína með því að gera grein fyrir viðskipta- og greiðslujöfnuðinum við útlönd síðastliðið ár og bera þá niðurstöðu saman við niðurstöðu ársins 1934, en það er síðasta árið, sem gömlu gjaldeyrislögin giltu.

Samkv. bráðabirgðauppgjöri hagstofunnar fyrir árið 1936 hefir innflutningurinn, að frádregnum vörum til Sogsvirkjunarinnar og rafveitunnar á Ísafirði, sem sérstaklega eru greiddar með erlendu lánsfé, numið um 39,540 millj. kr. Árið áður nam hann hinsvegar eftir sömu heimildum 41,9 millj. kr., en árið 1934 48,480 millj. kr. Hefir því á þessu ári tekizt að minnka innflutninginn um 9 millj. kr. frá því sem var árið 1934, en samtals á tveim síðustu árum um ca. 16 millj. kr. Útflutningurinn á síðastl. ári hefir samkv. bráðabirgðaskýrslunum numið um 48,230 millj. kr., en 1934 44,760 millj. kr. Hefir útflutningurinn því á árinu 1936 orðið um 3,5 millj. kr. hærri en 1934. Samkvæmt þessum tölum hefir útflutningurinn umfram innflutning árið 1936 numið um 8,7 millj. kr. En árið, sem núv. ríkisstj. tók við völdum, var innflutningur umfram útflutning rúmlega 3,7 millj. kr. Hefir því á þessum tveimur árum tekizt að bæta greiðslujöfnuðinn við útlönd um 12,5 millj. kr. Þar af hafa um 9 millj. kr. unnizt með því að beita innflutningshöftunum meira en áður, og 3,5 millj. með auknum útflutningi. Er rétt að athuga nokkru nánar einstaka liði útflutnings og innflutnings til þess að fá hugmynd um, hvaða ráðstafanir hefir þurft að gera til þess að ná þessum árangri. Ætla ég þá fyrst að minnast á innflutninginn.

Eins og kemur fram í fjárlagaræðunni fyrir árið 1934 og einnig 1935, var stj. það fyrirfram ljóst, að til þess að geta náð greiðslujöfnuði við útlönd með því útliti, sem þá var, þurfti verulegan niðurskurð á innflutningnum. En ég hygg, að hvorki stj. né öðrum hafi verið það fyllilega ljóst fyrirfram, hve mikið þurfti að beita innflutningshömlunum til þess að minnka innflutninginn um 9—10 millj. kr., eins og nú hefir tekizt. Koma þar ýmsar breyt. til greina, sem orðið hafa á verzlunarháttum þetta tímabil. Verðlag hefir hækkað, innflutningsþörfin aukizt o. fl. Sænska hagfræðingnum Lundberg reiknast svo til, að innflutningsþörfin vegna fólksfjölgunar í landinu aukist um nálega 700 þús. kr. árlega, og síðast en ekki sízt ber að minnast þess, að aukinn iðnaður í landinu, sem innflutningshöftin hafa átt mikinn þátt í að skapa, og breytingar á framleiðsluháttum, vegna þess að byrjað hefir verið á tilbúningi nýrra vara í stað hinna gömlu, sem markaðir hafa tapazt fyrir, hafa

krafið meiri innflutnings á vélum en nokkurn gat órað fyrir að óreyndu.

Vitað er af þeim, sem þekkja til, að árið 1932 var innflutningurinn lægri en hann hefir orðið fyrr og síðar um mörg ár. Stafaði þetta af því að nokkru leyti, að það ár var höftunum töluvert beitt, en eigi síður af hinu, að miklar vörubirgðir voru fyrir í landinu frá árunum 1930 og 1931, sem gerðu miklu auðveldara fyrir um minnkun innflutningsins. Það er þess vegna afarfróðlegt fyrir menn, sem vilja fá glögga hugmynd um, hve mikið innflutningshöftunum hefir raunverulega verið beitt til þess að ná þeim árangri, sem nú liggur fyrir, að bera innflutninginn 1932 saman við innflutninginn 1936. Ég hefi gert um þetta nokkurn samanburð og hefi skipt vörunum niður í 4 flokka, en haft „ýmsar vörur", sem eru í skýrslum hagstofunnar ósundurliðaðar, sér í hinum fimmta. Miða ég við endanlegar niðurstöðutölur frá 1932, en bráðabirgðatölur frá 1936, en bæti 7% við hvern lið, en um þá upphæð hækka skýrslurnar venjulega, þegar fulllokið er frágangi þeirra. Það skal tekið fram, að fimmti flokkurinn, „ýmsar aðrar vörur", er nokkru hærri nú en 1932, og stafar það af því, að stuðzt er við bráðabirgðaskýrslurnar, en þessi liður verður sundurliðaður nánar við endanlegan frágang. Við þessu er ekki unnt að gera, en það ruglar ekki þetta heildaryfirlit, svo að neinu verulegu nemi.

Í 1. flokki eru þær vörur taldar, sem innflutningshöftunum hefir aðallega verið beitt gegn. Þó tel ég þar með nýlenduvörur, sem höftunum hefir að vísu nokkuð verið beitt gegn, en þó ekki mjög. Innflutningur þessara vara hefir verið sem hér segir (talið í þús. kr.):

	1932	1936
Ávextir og grænmeti	1043	278
Vefnaðarvörur og fatnaður	3369	3351
Skófatnaður	883	770
Hreinlætisvörur	456	140
Hljóðfæri og leðurvörur	46	58
Klukkur og silfurvörur	37	48
Nýlenduvörur	1962	1565
Samtals	7796	6210

Ef við athugum þessa liði, sjáum við, að þeir eru undantekningarlaust lægri 1936 en 1932, og samtals hefir innflutningur þessara vara verið um 1,6 millj. kr. lægri 1936 en 1932. En vitanlega hefðu þeir átt að vera hærri, jafnvel þótt höftunum hefði verið jafnmikið beitt síðastl. ár og 1932, og stafar það af fólksfjölguninni og þar með aukinni innflutningsþörf. Þessi liður í skýrslunni sýnir því strax glögglega, að þurft hefir að beita höftunum mun meira á síðastl. ári, til þess að fá þá heildarniðurstöðu, sem varð, heldur en árið 1932.

Í öðrum flokki tek ég allar almennar vörur aðrar, sem höftunum hefir yfirleitt ekki verið beitt gegn og ekki er hægt að beita þeim gegn, svo að nokkru verulegu nemi. — Þessar vörur eru:

	1932	1936
Kornvörur	3381	3821
Byggingarefni	4657	6175
Útgerðarvörur	11528	11535
Landbúnaðarvörur	599	595
Einkasöluvörur	2205	2288
Pappírsvörur	1048	1348
Búsáhöld	819	858
Samtals	24237	26620

Það sýnir sig, að í þessum flokki hefir innflutningurinn hækkað um 2,4 millj. kr., og er það nokkuð meira en eðlileg hækkun vegna aukins mannfjölda. Er hækkunin aðallega á byggingarefnisinnflutningi.

Í þriðja flokk hefi ég sett vélar og varahluti og efnivörur til iðnaðar. Hefir innflutningur verið þessi:

	1932	1936
Vélar og varahlutir	1559	3476
Efnivörur til iðnaðar	1316	2563
Samtals	2875	6039

Hefir þessi flokkur hækkað síðan 1932 um hvorki meira né minna en 3,260 millj. kr., eða töluvert meira en tvöfaldast. Stafar þessi gífurlega aukning vitanlega beint af aukningu iðnaðarins og breyt. á framleiðslunni, m. a. auknum vélainnflutningi til verksmiðja, sem verið er að setja á stofn.

Í fjórða flokki eru rafmagnsvörur.

1932 voru þær fluttar inn fyrir 853 þús., en 1936 fyrir 2200 þús.

Hefir hækkunin þar orðið um 1,5 millj. kr. Veldur Sogsvirkjunin eðlilega þeirri hækkun að mestu.

„Ýmsar aðrar vörur" hafa hækkað úr 1,582 millj. í 3,464 millj. kr.

Heildarniðurstaða þessara athugana verður því sú, að höftunum hefir þurft að beita meira en nokkru sinni fyrr síðastl. ár, enda þótt heildarinnflutningur til landsins hafi einu sinni áður á síðari árum, eða árið 1932, orðið minni. En þessi skýrsla sýnir það einnig, að miklu stærri hluti af heildarinnflutningnum er nú almennar nauðsynjavörur og vörur til framleiðslunnar og annarra framkvæmda en árið 1932. Innflutningshöftin hafa því ekki einungis gert það gagn, að minnka stórlega innflutninginn til landsins, heldur hafa þau einnig orðið til þess, að gjaldeyririnn, sem þjóðin hefir yfir að ráða, hefir verið miklu betur notaður en áður.

Ef við athugum svo útflutninginn og breyt., sem á honum hafa orðið, og berum saman við árið 1934, sem er eðlilegast, vegna þess að það ár tók núv. ríkisstj. við völdum, og það er síðasta árið, sem útflutningur okkar var nokkurnveginn óheftur af innflutningstakmörkunum í markaðslöndunum, þá sjáum við, að á þessum tveimur árum hefir útflutningur á fiski hrapað niður um 9 millj. kr. Á móti því kemur, að síldarafurðir og aðrar sjávarafurðir, sem áður hafa verið fluttar út, hafa hækkað um ca. 6,1 millj. kr. og landbúnaðarafurðir hafa hækkað um ca. 3,6 millj. Þannig hafa hækkanir þessara afurða ríflega vegið upp lækkun fiskútflutningsins. En það, sem alveg hefir riðið baggamuninn um hækkun útflutningsins, eru hinar nýju afurðir, sem bætzt hafa á útflutningsskýrslurnar síðan 1934 og nema um 2,7 millj. kr. samtals. Er þar fyrst og fremst karfinn, harðfiskur, freðfiskur o. fl. afurðir.

Þannig hefir verið unnið að því eftir tveimur leiðum að ná greiðslujöfnuði. Með lækkun innflutningsins og hækkun útflutningsins. Árangurinn er betri en margir höfðu þorað að vona eftir þeim erfiðleikum, sem við hefir verið að eiga. Fullur greiðslujöfnuður hefir náðst á öðru ári hinna nýju gjaldeyrislaga.

Það er dálítið einkennilegt að sjá, hvernig hv. stjórnarandstæðingar, utan þings a. m. k., hafa tekið þessari niðurstöðu. Á meðan greiðslujöfnuðurinn var óhagstæður, lögðu þeir höfuðáherzluna á það í andófi sínu gegn ríkisstj., að hún hefði brugðizt fyrirheiti sínu um að vinna að fullum viðskiptajöfnuði við útlönd og ætti því í raun réttri að segja af sér, þar sem hún hefði ekki náð markinu í jafnmikilsverðu máli. En eftir að kunnugt varð um niðurstöðuna af viðskiptum síðasta árs, er svo að sjá sem andstæðingarnir leggi allt í einu ekkert upp úr hagstæðum viðskiptajöfnuði. Hefir jafnvel verið til þess vitnað, í því skyni að sanna þýðingarleysi þess, að viðskiptajöfnuðurinn væri hagstæður, að í móðuharðindunum hafi verið hagstæður viðskiptajöfnuður við útlönd!

Þá hefir því og verið haldið fram um skeið, að ráðstafanir ríkisstj. til að ná bættum viðskiptajöfnuði hefðu engu áorkað í þá átt, heldur væru síldveiðarnar eingöngu orsök hinnar hagstæðu útkomu. En eftir að sýnt hafði verið fram á, að síldveiðarnar, þótt vel gengju, hefðu ekki nándar nærri vegið upp hina stórfelldu lækkun saltfiskútflutningsins og að til þeirra væri ekki með nokkru móti unnt að rekja orsök þess að innflutningurinn hefði minnkað um 16 millj. kr. á tveimur árum, var horfið frá þeim málflutningi, en til þess gripið í staðinn, að telja lækkun innflutningsins einungis hafa orðið á kostnað vörubirgðanna í landinu. Þessu er haldið fram í dag. Hvað næst kemur, getur enginn gizkað á. Því er haldið fram, að vegna starfsemi innflutnings- og gjaldeyrisn. sé sérstaklega lítið til af útgerðar- og kornvörum. Því miður eru ekki til neinar glöggar skýrslur um vörubirgðir um hver áramót, en það vill til, að hægt er að sýna fram á það með ljósum rökum, að þetta hálmstrá andstæðinganna verður þeim ekki að verulegu haldi. Innflutnings- og gjaldeyrisn. hefir nefnilega aldrei neitað um innflutning á útgerðarvörum. Hún hefir því á engan hátt hamlað því, að útgerðarmenn höguðu innkaupum sínum á þessum varningi eftir efnahagsástæðum sínum og þörfum. Því má einnig bæta hér við, að um síðustu áramót munu hafa verið ónotuð gjaldeyrisleyfi fyrir útgerðarvörum, er námu um 4. millj. kr.

Um kornvörurnar er það að segja, að innflutningur þeirra 1936 var 20% meiri en árið 1932, en þá þurfti ekki innflutningsleyfi til að flytja slíkar vörur til landsins, og liggur því ekkert fyrir, er bendi til þess, að minni birgðir hafi verið til í landinu af kornvörum um síðustu áramót en venjulega.

Nú allra síðast hafa hv. andstæðingar þó nokkuð hopað frá þessum ásökunum, og í stað þess að halda því fram, að innflutningsleyfi hafi vantað, þá tala þeir um, að erfiðlega gangi að fá yfirfærðan gjaldeyri hjá bönkunum. Ég þykist vita, að það hafi ekki gengið erfiðlegar með yfirfærslur nú en í fyrra t. d., en auðvitað er langt frá því, að ástandið í þeim efnum sé enn komið á æskilegan grundvöll. Hver væri þá eðlileg ályktun af því? Vitanlega sú, að innflutninghöftunum hefði ekki verið beitt of mikið, heldur full lítið. En hvernig ætla hv. stjórnarandstæðingar að samrýma slíka gagnrýni hinum stöðugu ofsóknum, sem haldið er uppi gegn gjaldeyris- og innflutningsnefnd og mér fyrir það, að höftunum sé of mikið beitt? Halda hv. stjórnarandstæðingar, að meira væri nú til af gjaldeyri og greiðara um yfirfærslur til kaupa á nauðsynjavörum, ef innflutningshöftunum hefði verið beitt minna? Eða ef þau hefðu verið afnumin og allt látið skeika að sköpuðu, eins og virðist vera ótvíræður vilji hv. stjórnarandstæðinga, ef marka má málflutning þeirra?

Sannleikurinn í þessu máli er sá, að þrátt fyrir hina ýtrustu viðleitni stjórnarandstæðinga til þess að koma inn hjá mönnum hinu gagnstæða, þá finnst varla nokkur maður á landinu, sem á annað borð hefir óskerta ábyrgðartilfinningu, sem ekki viðurkennir, að það hefir verið óumflýjanlegt, að hafa innflutningshöftin, eins og ástandið í gjaldeyrismálum okkar hefir verið, og það er varla til svo hatrammur andstæðingur stj., að hann ekki viðurkenni það, sem áunnizt hefir í því að bæta viðskiptajöfnuðinn við útlönd. Ef um takmarkaðan gjaldeyri er að ræða, er vitanlega ekki nema um tvær leiðir að gera til þess að sjá um, að ekki verði meira flutt inn en gjaldeyririnn hrekkur til að greiða.

Önnur leiðin er sú, að beita innflutningshöftum eins og núv. ríkisstj. hefir gert. Með því móti er hægt að ná vissu marki, þ. e. a. s. með innflutningshöftunum einum saman er hægt að lækka innflutninginn, þangað til þarf að færa niður innflutning almennra neyzluvara. Komi til slíks, duga innflutningshöftin ekki ein út af fyrir sig. Hin leiðin til þess að forðast of mikinn innflutning, og það er sú leið, sem hv. stjórnarandstæðingar virðast vilja fara, er, að draga úr kaupgetunni innanlands, þannig að menn af þeim ástæðum geti ekki keypt meira af erlendum vörum en gjaldeyrir er til fyrir í landinu. Þetta mundi þurfa að framkvæmast með niðurskurði verklegra framkvæmda, samdrætti í útlánastarfsemi bankanna og þar af leiðandi minnkuðum framkvæmdum, og loks almennri launalækkun, ef verulega ætti um þessar ráðstafanir að muna. Þessa leið hefir stj. alls ekki viljað velja, vegna þess að hún myndi stórauka atvinnuleysið og skemma, ef ekki gereyðileggja, innlenda markaðinn fyrir framleiðendum og iðnrekendum og þrengja á allan hátt kosti almennings í landinu frá því, sem verið hefir. En einmitt af því, að stj. vildi ekki fara þessa leið, þá verður að viðhalda gjaldeyrishömlunum, meðan yfirfærsluörðugleikarnir haldast, til þess að fyrirbyggja, að aukin kaupgeta innanlands vegna ýmiskonar ráðstafana Alþingis verði til þess að örva kaup á allskonar varningi frá útlöndum, sem unnt er að vera án eða hægt að fá í landinu sjálfu. Meðan við eigum örðugt með að auka útflutninginn, mynda innflutningshöftin að minu áliti aðalgrundvöll þeirrar stjórnmálastefnu, sem

núv. ríkisstj. hefir fylgt frá því, að hún tók við völdum.

Eins og ljóst er af þeirri töflu, sem ég las hér áðan, um innflutninginn 1932 og 1936, þá hefir á síðastl. ári verið gengið svo nærri um niðurskurð á innflutningnum, að ekki verður lengra gengið nema með einhverjum víðtækari ráðstöfunum en sjálf innflutningshöftin eru. Er þess fastlega að vænta, að ekki þurfi til þess að grípa og að framkvæmd innflutningshaftanna á þessu ári þurfi ekki að verða strangari en menn neyddust til þess að hafa hana á síðasta ári. Verðlag fer nú hækkandi bæði á innfluttum og útfluttum vörum, og verður það ekki gert upp í skyndi, hvaða áhrif þær verðbreytingar hafa í heild sinni fyrir okkur, en almenn verðhækkun og aukin eftirspurn ætti þó að vera til hagsbóta fyrir okkur, þar sem við undir venjulegum kringumstæðum seljum meira en við kaupum.

Enginn má ímynda sér, að einhverju lokatakmarki sé náð, þótt tekizt hafi að halda í horfinu á síðastl. ári. Gjaldeyrir er til af skornum skammti. Vöruskuldir frá árinu 1934 og 1935 hafa íþyngt gjaldeyrisverzluninni, þannig að skuldir bankanna eru sízt lægri en áður. Fyrst um sinn verður þó að gera ráð fyrir, að ekki þurfi að beita innflutningstakmörkunum meira en í fyrra.

Ég mun nú ekki að sinni orðlengja frekar um viðskiptajöfnuðinn við útlönd, en að endingu vildi ég þó segja, að ef menn hefðu verið spurðir að því árið 1934, þegar fyrst fréttist um niðurfærslu fiskinnflutnings okkar til Spánar, hvernig þeir héldu, að íslenzka þjóðin þyldi algerða lokun Spánarmarkaðarins, og hvernig hér myndi verða útlits, ef að því ræki, þá er ég ekki í neinum vafa um svarið. Því var almennt trúað þá, og kom glöggt í ljós í umræðum þeim, sem urðu um óskir Spánverja um nýja verzlunarsamninga, að það væri í raun og veru óhugsandi, að þjóðin gæti staðizt slíkt áfall. Ég er sannfærður um, að háttv. stjórnarandstæðingar hefðu þá orðið í tölu þeirra, er þannig litu á málið. Nú á síðastl. ári fengum við engan gjaldeyri frá Spáni til þess að greiða vörur umfram það, sem við keyptum þaðan, og ekki einu sinni nóg til þess. Spánarmarkaðurinn var í raun og veru lokaður síðastl. ár. Þrátt fyrir það hefir þó viðskiptajöfnuðurinn orðið hagstæðari en hann hefir verið um mörg undanfarin ár.

Nú skyldu menn ætla, að þegar talað væri og ritað um aðgerðir stj. í þessum málum, þá væri tekið tillit til þessarar staðreyndar, sem fyrir tveim árum hefði áreiðanlega ein út af fyrir sig verið talin nægileg til þess að afsaka erfiða fjárhagsafkomu hjá þjóðinni í heild sinni, ríkissjóði og einstaklingum. En stjórnarandstæðingarnir telja sig ekki þurfa að taka tillit til þessa, því að öll þeirra gagnrýni á fjármálunum hin síðustu tvö ár hefir miðazt við það, að þjóðin hafi búið við góðæri og að allt hefði átt að leika í lyndi, ef ríkisstj. hefði ekki verið til þess að spilla fyrir. Þessi gagnrýni háttv. stjórnarandstæðinga dæmir sig sjálf, enda hefir hún minnkandi áhrif með hverjum deginum sem líður. Framleiðendurnir við sjávarsíðuna hafa orðið greinilega varir við það, að Spánarmarkaðurinn er svo að segja horfinn, þótt hv. andstæðingar stj. neiti að taka slíkar staðreyndir til greina. Allir, sem nokkurt skynbragð bera á atvinnulíf þjóðarinnar, eru í rauninni undrandi yfir því, hvað tekizt hefir að vega upp á móti þeim óskaplegu erfiðleikum, sem þjóðin hefir átt við að búa síðustu ár. Það er mjög langt frá því, að stj. og stjórnarflokkarnir á þingi hafi verið hér einir að verki. Það hefir tekizt að fá almenna þátttöku í því starfi, sem unnið hefir verið til þess að efla nýja framleiðslu. Það hefir tekizt að fá almenning til þess að sjá nauðsyn þess að minnka innflutninginn. Án þessa skilnings og þátttöku frá almenningi í þessum störfum hefði ekki verið hægt að ná tilætluðum árangri með ráðstöfunum stj. og þings.

Ég mun þá gefa yfirlit um afkomu ríkissjóðs síðastl. ár. Er það yfirlit gefið með sama fyrirvara og vant er, að tölurnar geta breytzt eitthvað við endanlegan frágang landsreikningsins, en væntanlega ekki svo að neinu nemi, og ekki þannig, að niðurstöður raskist til muna.

Rekstraryfirlit 1936.

	Tekjur	Fjárlög	Reikningur
2. gr.	Fasteignaskattur	380000.00	410878.00
	Tekju- og eignarskattur	1550000.00	1591138.00
	Hátekjuskattur	200000.00	200000.00
	Lestargjald af skipum	50000.00	59477.00
	Aukatekjur	620000.00	596337.00
	Erfðafjárskattur	50000.00	60672.00
	Vitagjald	470000.00	436971.00
	Leyfisbréfagjald	25000.00	19605.00
	Stimpilgjald	500000.00	544023.00
	Stimpilgjald af ávísunum og kvittunum	100000.00	65260.00
	Bifreiðaskattur	370000.00	373858.00
	Benzínskattur	250000.00	265000.00
	Útflutningsgjald	700000.00	660392.00
	Áfengistollur	1000000.00	1019970.00
	Tóbakstollur	1200000.00	1373789.00
	Kaffi- og sykurtollur	900000.00	1134350.00
	Annað aðflutningsgjald	80000.00	88920.00
	Flyt	8445000.00	8900640.00

Fjárlög 1938.

	Tekjur	Fjárlög	Reikningur	
	Flutt	8445000.00	8900640.00	
	Vörutollur	1250000.00	1382899.00	
	Verðtollur	1000000.00	1058093.00	
	Viðskiptagjald	750000.00	652949.00	
	Gjald af innlendum tollvörum	400000.00	446303.00	
	Skemmtanaskattur	120000.00	118309.00	
	Veitingaskattur	100000.00	73494.00	
	Samtals	12065000.00	12632687.00	
	÷ Endurgreiddar tekjur ... 170026.00			
	Hækkun á eftirstöðvum ... 124180.00		294206.00	
				12338481.00
3. gr. A.	Póstmál	53860.00	54200.00	
	Landssíminn	473000.00	512000.00	
	Áfengisverzlun	1200000.00	1585000.00	
	Tóbakseinkasala	600000.00	631000.00	
	Ríkisútvarp og viðtækjaverzlun	87000.00	23000.00	
	Ríkisprentsmiðjan	60000.00	55500.00	
	Ríkisvélsmiðjan	10000.00	20000.00	
	Bifreiðaeinkasalan	75000.00	50800.00	
	Raftækjaeinkasalan	50000.00	67500.00	
	Ríkisbúin	14000.00	21000.00	
				3020000.00
3. gr. B.	Tekjur af fasteignum	24650.00		23300.00
4. gr.	Vextir	515475.00		533000.00
5. gr.	Óvissar tekjur	50000.00		80000.00
		Samtals kr.	15277985.00	15994781.00

	Gjöld	Fjárlög	Reikningur
7. gr.	Vextir	1558500.00	1667953.00
8. —	Borðfé konungs	60000.00	600000.00
9. —	Alþingiskostnaður	250920.00	253005.00
10. — I.	Ráðuneytið og ríkisféhirðir	270746.00	316375.00
10. — II.	Hagstofan	58000.00	63686.00
10. — III.	Utanríkismál	145000.00	142133.00
11. — A.	Dómgæzla og lögreglustjórn	1277280.00	1372402.00
11. — B.	Sameiginlegur embættiskostnaður	284000.00	310609.00
12. —	Heilbrigðismál	688942.00	895123.00
13. — A.	Vegamál	1535302.00	1643147.00
13. — B.	Samgöngur á sjó	618000.00	710750.00
13. — C.	Vitamál og hafnargerðir	621750.00	614649.00
14. — A.	Kirkjumál	328120.00	385923.00
14. — B.	Kennslumál	1514567.00	1676599.00
15. —	Til vísinda, bókmennta og lista	196160.00	198690.00
16. —	Til verklegra fyrirtækja	3225225.00	3241883.00
17. —	Almenn styrktarstarfsemi	1539700.00	1487146.00
18. —	Eftirlaun og styrktarfé	321421.00	313542.00
19. —	Óviss útgjöld	100000.00	211547.00
		14593633.00	15565162.00
	Heimildarlög		2150.00
	Þingsályktanir		114448.00
	Væntanleg fjáraukalög		85184.00
	Sérstök lög		143861.00
			15910805.00
	Tekjuafgangur	684352.00	83976.00
	Samtals kr.	15277985.00	15994781.00

Eins og yfirlitið ber með sér, hefir niðurstaðan orðið sú, að afkoman á árinu hefir orðið lakari en gert var ráð fyrir í fjárlögum. Þegar fjárlögin fyrir árið 1936 voru samin, kom það mjög greinilega í ljós í þinginu, að menn töldu tekjurnar vera varlega áætlaðar miðað við útgjöldin, og líklegt, að afkoma ársins yrði ekki verri en fjárlög gerðu ráð fyrir. M. a. kom það greinilega fram hjá stjórnarandstæðingum í fjvn. og utan n., að þeir töldu tekjurnar óeðlilega lágt reiknaðar. Ég var hinsvegar ekki eins bjartsýnn um þetta atriði eins og sumir aðrir þm. Ég bjóst

við verulegri lækkun tollteknanna vegna niðurskurðar á innflutningi. Það hefir nú og komið í ljós, að þótt umframgreiðslur séu nú minni en a. m. k. undanfarin 12 ár, þá hafa tolltekjurnar ekki náð að vega þær upp, og útkoman því orðið lakari en fyrirfram var ætlazt til. Áætlunin um tolltekjurnar var að miklu leyti miðuð við tolltekjurnar árið 1932, og gerðu menn yfirleitt ekki ráð fyrir, að innflutningur tollvara gæti orðið lægri en hann var þá. En eins og yfirlitið um innflutninginn 1932 og 1936, sem ég hefi nú gefið hér á undan, ber með sér, þá hefir svo farið, að innflutningur tollvara hefir orðið ennþá lægri síðastl. ár en árið 1932. Af þessum ástæðum hafa tolltekjurnar orðið lægri en menn bjuggust við, og meira að segja lægri en ég bjóst við, sem þó leit á þetta mál nokkru dekkri augum en aðrir. Þetta er aðalorsök þess, að rekstrarafgangurinn hefir orðið mun minni en fjárlög ráðgerðu. Mun ég nú víkja nokkuð að einstökum liðum uppgjörsins.

Samkvæmt rekstrarreikningi hefir tekjuafgangurinn orðið um 83 þús. kr., og er þá búið að færa til útgjalda fyrningar á eignum ríkissjóðs. Til gjalda á rekstrarreikningi eru færðar 85 þús. kr., sem er skuld „yfirtekin" frá Mjólkurfélagi Reykjavíkur sem viðbótarstyrkur til mjólkurbús félagsins, og þótt sú fjárhæð sé færð á rekstrarreikningi til útgjalda, er varla réttmætt að telja hana með gjöldum, þegar afkoman er borin saman við niðurstöður annara ára, á sama hátt og ég dró frá hliðstæðar fjárhæðir, þegar ég gerði grein fyrir rekstrarafkomu ársins 1934. Beri menn saman rekstrarafkomu 5 síðustu ára, verður niðurstaðan þessi:

Árið 1932 rekstrarhalli 1,54 millj. kr.
Árið 1933 rekstrarhalli 0,063 millj. kr.
Árið 1934 rekstrarhalli 1,42 millj. kr.
Árið 1935 rekstrarafgangur 609 þús. kr.
Árið 1936 rekstrarafgangur (bráðabirgðauppgjör) ca. 160 þús. kr.

Það kemur því í ljós við þennan samanburð, að enda þótt rekstrarafgangur ársins 1936 hafi ekki verið eins mikill og gert er ráð fyrir í fjárlögunum, hefir afkoma ársins þó orðið verulegum mun betri en hin kreppuárin, að undanskildu árinu 1935. Skyggnist menn hinsvegar lengra aftur í tímann til samanburðar, þá kemur í ljós, að þetta er einnig bezta afkoma ríkissjóðs síðan árið 1929, að árinu 1935 undanskildu. Eins og sjóðsyfirlitið ber með sér, þá hefir vantað um 860 þús. kr. til þess, að allar afborganir af lánum ríkissjóðs gætu orðið greiddar af tekjum ríkissjóðs einum saman, og er það um 700 þús. kr. óhagstæðari niðurstaða en gert var ráð fyrir í fjárlögum. Þessi mismunur nemur þó ekki eins miklu og afborganir af lánum samanlagt, þannig að hagur ríkissjóðs hefir síður en svo versnað á árinu, eins og nánar mun verða gerð grein fyrir í sambandi við breyt. á skuldunum. Annars er það vitanlega rekstrarreikningurinn, sem sýnir það bezt, hvort afkoman hefir farið batnandi eða versnandi.

Við sjóðsyfirlitið er ekki hægt að miða, vegna þess að það fé, sem gengur til þess að endurgreiða eldri lán, fer vitanlega til þess að bæta hag ríkissjóðs. Þessar endurgreiðslur á eldri lánum hafa farið ört vaxandi síðustu árin, vegna þess að byrja hefir þurft afborganir af mörgum þeirra lána, sem fyrir voru, þegar núv. ríkisstj.

Sjóðsyfirlit.

Inn:	Fjárlög	Reikningur
Tekjur samkvæmt rekstrarreikningi	15277985	15994781
1. Fyrningar	289051	341000
2. Útdregin bankavaxtabréf og veðdeildarbréf	50000	82600
3. Endurgreiddar fyrirframgreiðslur	10000	4230
4. Endurgreidd lán og andvirði seldra eigna	155000	105904
Innborgað af innstæðu á hlaupar. nr. 2471 í Lb. vegna fiskimálasjóðs		365800
Greiðslujöfnuður	150697	864820
Samtals kr.	15932733	17759135
Út:		
Gjöld samkvæmt rekstrarreikningi	14593633	15910805
I. Afborgun lána:		
1. Ríkissjóður:		
a. Innlend lán	287400	317000
d. Dönsk lán	325000	325700
c. Ensk lán	316700	316930
2. Landssíminn	210000	210000
II. Eignaaukning ríkisstofnana		
1. Landssíminn	95000	124200
2. Ríkisprentsmiðjan	20000	20000
3. Ríkisvélsmiðjan	10000	18000
4. Ríkisútvarpið		30000
5. Vinnuhælið á Litla-Hrauni		10000
6. Búið á Reykjum í Ölfusi		20000
III. Til bygginga nýrra vita	65000	65000
IV. Lögboðnar fyrirframgreiðslur	10000	25700
Greiðslur til fiskimálasjóðs		365800
Samtals kr.	15932733	17759135

tók við, svo sem enska láninu frá 1930, lausaskuldunum, sem breytt var í fast lán 1935, og vega- og brúargerðaláninu frá 1933 og 1934. Er niðurstaðan nú orðin sú, að í stað þess að endurgreiðslur af lánum námu um 820 þús. kr. árið 1933, þá voru þær um 1,17 millj. síðastl. ár, eða 350 þús. kr. hærri.

Vitanlega væri það æskilegt, og það er markið, sem keppt er að, að ríkissjóður hafi jafnan svo ríflegan rekstrarafgang, að hann geti greitt niður skuldir sínar um samningsákveðnar fjárhæðir, án þess að taka til þess ný lán á móti, en til þess þarf rekstrarafgangurinn að vera yfir 1 millj. kr., og er sízt að undra, þótt erfitt sé að ná slíku marki, eins og nú standa sakir um niðurskurð innflutnings og þar með lækkun tolltekna ríkissjóðs.

Þá mun ég þessu næst gefa yfirlit um breyt. á skuldum ríkissjóðs síðastl. ár, fyrst um hækkanir og lækkanir, og síðan um lánin í heild sinni eins og þau voru í **ársbyrjun og árslok árið 1936.**

Breytingar á skuldum ríkissjóðs 1936.

Lán tekin á árinu:		
Landhelgissjóður	258770	
Búnaðarbankinn (víxill endurseldur Landsbankanum)	600000	
Handelsbanken	177600	
Jarðakaupalán o. fl.	92000	
Yfirtekið v/Skeiðaáveitunnar	348030	
— v/Mjólkurfélags Reykjavíkur	85000	
		1561400
Greidd lán á árinu:		
Lán ríkissjóðs og ríkisstofnana	1169630	
Lausaskuldir	99242	
		1268872
	Mismunur	292528
Afborganir af lánum, sem ríkissjóður greiðir ekki sjálfur	400464	
Skuldalækkun á árinu		107936
Kr.	400464	400464

Samanburður á skuldum 31. des. 1935 og 1936.

	Í árslok 1935	Í árslok 1936
Innlend lán	3649497	3880745
Dönsk lán v/ríkissjóðs	1726856	1401149
— — v/bankavaxtabréfakaupa	5843468	5698232
Ensk lán	32993532	32421374
Lausaskuldir	850195	1764122
Skuldir landssimans:		
Erlend lán	1485633	1285633
Innlend lán	221304	211304
Samtals	46770485	46662549

Eins og yfirlit þetta ber með sér, hafa skuldir ríkisins lækkað um 100 þús. kr. á árinu, en skuldir, sem standa í sambandi við afkomu ríkissjóðs, hinsvegar hækkað um 290 þús. kr. Er sú hækkun einungis vegna þess, að á árinu voru yfirtekin lán, sem hvíldu á Skeiðaáveitunni, samkvæmt heimild í lögum, sem hafa gilt um nokkur ár, og hefir raunar alltaf verið gengið út frá því, að þessi heimild yrði notuð. Á móti þessari ca. 290 þús. kr. skuldaaukningu ber svo að telja, að innstæður ríkissjóðs hjá ýmsum stofnunum, t. d. síldarverksmiðjunum, tóbakseinkasölunni, og svo nokkrar fyrirframgreiðslur upp í fjárveitingar næsta árs (ca. 100 þús kr.), gera meira en að vega upp þessa hækkun, og hefir hagur ríkissjóðs því raunverulega batnað á árinu.

Eins og áður er frá sagt, lækkuðu heildarskuldir ríkissjóðs um rúmar 100 þús. kr. á árinu, en breyt. í heild eru þær, að erlendu skuldirnar hafa lækkað um 1,065 millj. kr. en innlendu skuldirnar hækkað um 958 þús. kr. Nokkrum hluta erlendu lánanna hefir þannig verið breytt í innlend lán, en heildarlækkun skuldanna orðið minni en í fjárlögum var gert ráð fyrir.

Þá skal getið nánar tekna og gjalda. Tollar og skattar hafa reynzt samtals um 12,338 millj. kr., en voru áætlaðar 12,065 millj., eða reyndust aðeins meiri í heildinni en gert var ráð fyrir. Hefir heildarupphæðin reynzt nærfellt sú sama og í fyrra, þrátt fyrir það að nýir tekjustofnar hafa gefið um 1,1 millj. kr. Hafa eldri tollarnir því lækkað um ca. 1 millj. króna. Munar þar langmest um lækkun á vöru- og verðtolli. Vörutollurinn hefir lækkað frá því í fyrra um 267 þús. kr. og verðtollurinn um 300 þús. kr. Áfengistollurinn hefir lækkað um 250 þús. kr. Þessi lækkun á vöru- og verðtolli verður að nokkru leyti skiljanleg af þeim samanburði á

innflutningi, sem ég hefi nú þegar gert, en þó hljóta menn enn að undrast, að lækkunin skuli vera svona mikil frá því í fyrra, þar sem minnkun heildarinnflutningsins hefir þó ekki verið meiri en ca. 2 millj. kr. frá því 1935. Við nánari samanburð á innflutningi 1935 og síðastl. ár fæst þó skýringin. Það kemur í ljós, að innflutningslækkunin kemur einungis á þær vörur, sem mestan gefa tollinn, og á þær vörur kemur enn frekari lækkun til þess að jafna upp þá hækkun, sem verður árlega á innflutningi nauðsynlegustu varanna. Þannig nemur innflutningslækkunin á nokkrum tollhæstu vörunum, ávöxtum, vefnaðarvörum, skófatnaði, og nýlenduvörum, hátt á 3. millj. kr. síðastl. ár. Þessar vörur eru þær, sem mestan gefa verðtollinn og einnig mestan vörutoll, þar sem þær koma í hæsta vörutollsflokk.

Hér við bætist það, að af athugunum, sem tollstjórinn í Reykjavík hefir gert á innheimtu vörutolls síðastl. ár, kemur í ljós, að vörumagnið, sem innflutt hefir verið síðastl. ár, er í flestum tollflokkum minna en 1935, enda þótt fjárhæðirnar séu sumstaðar ekki lægri eða jafnvel hærri, og kemur þetta af þeirri verðhækkun, sem hefir átt sér stað á árinu. Allt hnígur þetta því í sömu átt og áður er bent á, að til þess að ná núverandi niðurstöðu um innflutninginn hefir orðið að beita innflutningshöftunum ennþá meira en menn reiknuðu með í fyrra, og meira en í fljótu bragði kann að virðast við athugun innflutningsskýrslnanna, og þessi niðurfærsla hefir bitnað á tolltekjunum.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fara nánar út í skýringar á einstökum tekjuliðum, en vil aðeins geta þess, að tekjustofnarnir, sem bættust við í fyrra, hafa gefið þær tekjur, sem við var búizt, nema nýja innflutningsgjaldið, sem hefir orðið 100 þús. kr. minna en ráð fyrir fyrir gert. Liggja til þess sömu ástæður og rýrnunar verðtollsins. Geta má þess í því sambandi, að háttv. stjórnarandstæðingar töldu í fyrra, að þetta gjald mundi gefa miklu meira í tekjur en áætlað var.

Þessar stórkostlegu breyt. á tolltekjunum og innflutningnum benda til þess, að það er alveg óhjákvæmilegt að breyta tollalögunum í samræmi við þá þróun, sem í þessum málum er á hverjum tíma.

Nú flyzt tilbúningur margra tollvara inn í landið, og verður þá eigi um flúið, ef ríkissjóður á að geta mætt þeim kröfum, sem sanngjarnlega eru til hans gerðar, að leggja toll á þessar vörur, enda þótt þær séu framleiddar hér, en ætla þeim þó að sjálfsögðu hæfilega tollvernd.

Því hefir óspart verið haldið fram, að núv. þingmeirihluti hafi aukið mjög álögur á landsmenn. Út af því þykir mér rétt að gefa eftirfarandi yfirlit um skatt- og tolltekjur ríkissjóðs frá 1933:

Árið 1933	10,986	millj. kr.
— 1934	11,843	— —
— 1935	12,259	— —
— 1936	12,338	— —

Á þessu yfirliti sést það glöggt, að síðan 1934, en það ár höfðu ekki áhrif nein af hinum nýju lögum um tekjur ríkissjóðs, sem sett hafa verið af núv. þingmeirihluta, hafa heildartekjur ríkissjóðs af sköttum og tollum hækkað um einar 500 þús. kr. og tæplega þó. Er það lítið meira en sem svarar eðlilegri hækkun vegna fólksfjölgunar í landinu. Á sama tíma hafa flest bæjarfélög og mörg sveitarfélög hækkað mjög verulega heildarálögur sínar, og það þarf ekki langt að sækja dæmi þess, að slík hækkun hafi numið milli 40 og 50% þetta tímabil. Þó mun ég ekki fara nánar út í það hér, en þessar samanburðartölur ætla ég, að sýni það, hve lítið er hæft í þeim fullyrðingum hv. stjórnarandstæðinga, að skattaálögur hafi í tíð núv. stj. verið hækkaðar um 5 millj. kr. eða meir, eins og þeir oftast telja.

Þá kem ég að útgjöldunum. Allar greiðslur úr ríkissjóði árið 1935 höfðu numið því sem næst jafnri fjárhæð og meðaltal útgjalda 5 undanfarin ár, eins og menn sennilega rekur minni til. Útgjöld á rekstrarreikningi 1936 eru hinsvegar tæpum 700 þús. kr. hærri en 1935. Stafar sú hækkun af hinum nýju greiðslum, sem ákveðnar voru á þinginu 1935. Má af þeim nefna: Til vegalagninga af benzinskatti 265 þús. kr., til hinna nýju trygginga ca. 300 þús. kr., til nýbýla ca. 180 þús. kr., til greiðslu hluta af vöxtum af fasteignaveðslánum bænda ca. 75 þús. kr., o. fl., o. fl. — mest til verklegra framkvæmda eða til styrktar atvinnuvegunum. Heildarhækkunin nemur þó ekki nærri því öllum þessum nýju greiðslum, þar sem sparnaður á eldri útgjöldum kemur þar á móti. Heildargreiðslur úr ríkissjóði, að meðtöldum afborgunum lána, eru tæpar 17 millj. kr., en voru rúmar 16 millj. kr. árið 1935. Kemur þar fram sama hækkunin, en þó lítið eitt meiri, vegna þess að afborganir lána voru nokkru hærri 1936 en 1935.

Þá kem ég að greiðslum umfram fjárlög. Heildargreiðslur samkv. rekstrarreikningi og sjóðsyfirliti hafa orðið 1,350 millj. kr. hærri en fjárlögin, og eru þá ekki taldar með þær 365 þús. kr., sem gengið hafa til fiskimálasjóðs, og ekki heldur 85 þús. kr. lánið, sem yfirtekið var vegna Mjólkurfélags Reykjavíkur, og er það í samræmi við fyrri samanburð um umframgreiðslu. Árið 1935 voru greiðslur umfram fjárlagaheimild rúmar 2 mill. kr., og voru það hlutfallslega lægstu umframgreiðslur, sem orðið höfðu í 10 ár. Hefir því á síðastl. ári enn miðað í þá átt, að minnka mismun á fjárlögum og landsreikningi um ca. 700 þús. kr., og hafa umframgreiðslur í heild sinni aldrei numið jafnlágri fjárhæð í síðastl. 12 ár, og hlutfallslega hafa þær aldrei verið lægri, a. m. k. ekki síðan 1920. Lengra aftur í tímann hefi ég ekki skyggnzt. — Verður hér þá getið helztu umframgreiðslnanna.

12. gr. hefir farið fram úr áætlun 206 þús. kr. Af því eru um 180 þús. kr. vegna rekstrar sjúkrahúsanna. Stafar þetta aðallega af því, að fjvn. dró 10% áætlaðan sparnað frá áætluðum „brúttó“ útgjöldum sjúkrahúsanna 1936, og nam það nærri 130 þús. kr. Tillögur lágu engar fyrir um það, hvernig þennan sparnað skyldi framkvæma, og þótt því væri á árinu mjög haldið að stjórn sjúkrahúsanna, að framkvæma sparnað svo sem unnt væri, hefir hann reynzt óframkvæmanlegur að áliti stjórnarnefndarinnar.

Kostnaður við vegamál fór um 108 þús. kr. fram úr áætlun. Er það aðallega kostnaður vegna

viðhalds, sem reyndist óframkvæmanlegt fyrir þær 650 þús. kr., sem til þess höfðu verið ætlaðar, og umframgreiðslur til brúargerðar. Þar að auki eru nokkrar umframgreiðslur til nýrra akvega, samtals um 15 þús. kr.

Strandferðaskostnaður hefir farið fram úr áætlun um 95 þús. kr. Það er nálega eingöngu um að kenna því tjóni, sem leiddi af strandi Súðarinnar, mest beint tjón við þátttöku í greiðslu sjóskaðans, og enn nokkurt óbeint tjón, vegna þess að taka þurfti skipið úr áætlunarferðum.

Kostnaður við fræðslumál hefir farið 132 þús. kr. fram úr áætlun. Stærsti liðurinn eru laun barnakennara, 56 þús. kr. Hitt er rekstrarkostnaður ýmissa skóla, sem hefir reynzt meiri en búizt var við.

Á 16. gr. hafa aðeins 16 þús. kr. verið greiddar umfram áætlun, en þó hafa ýmsir liðir farið fram úr áætlun um 180 þús. kr., en þar á móti kemur 140 þús. kr. sparnaður á framlagi til skuldaskilasjóðs vélbátaeigenda, sem stafar af því, að sjóðurinn þarf ekki að greiða afborganir af lánum sínum fyrr en 1937 og er því ekki féþurfi fyrr en nú á þessu ári. Helztu umframgreiðslurnar á 16. gr. eru 42 þús. kr. jarðabótastyrkur og kostnaður vegna harðinda á Norður- og Austurlandi, 85 þús. kr.

Óvíss útgjöld hafa farið 100 þús. kr. fram úr áætlun, og er það svipað og verið hefir undanfarin ár. Eru það margir smáir liðir, og sé ég ekki ástæðu til að rekja það hér.

Samkvæmt þingsályktunum hafa verið greiddar 114 þús. kr. rúmlega, og er aðalgreiðslan 100 þús. kr. til sundhallar í Reykjavík, sem greitt var samkvæmt þingsályktun frá haustþinginu 1933, þar sem þessu fjárframlagi var lofað, ef byggingu sundhallarinnar yrði haldið áfram. Samkv. væntanlegum fjáraukalögum hafa verið greiddar 85 þús. kr., þar af er kostnaður við konungskomu 50400 kr. og til þess að ljúka viðgerð á húsinu nr. 3 við Pósthússtræti, lögreglustöðinni, 13200 kr.

Samkvæmt sérstökum lögum hafa verið greiddar rúmlega 143 þús. kr. Stærsta upphæðin er mjólkurbússtyrkurinn, sem Mjólkurfélag Reykjavíkur fékk, 85 þús. kr., eins og áður er frá skýrt. Aðrir fjárhæðir eru margar, en svo jafnháar, að ekki tekur því að telja þær upp að sinni.

Ríkissjóður hefir gengið í nokkrar ábyrgðir á árinu, en allar hafa þær verið fyrir lánum teknum innanlands, nema ábyrgð á láni til rafveitu á Ísafirði, en um hana gilti gamalt loforð. Skuldir erlendis með ábyrgð ríkissjóðs hafa því áreiðanlega fremur lækkað en hækkað á árinu, þar sem afborganir af eldri lánum eru töluverðar. Ríkisstj. fékk á síðastl. hausti heimild til þess að ábyrgjast viðbótarrekstrarlán fyrir Landsbanka Íslands, allt að 2,5 millj. kr. Sú heimild var veitt vegna þess, hve iskyggilega leit út eftir vetrarvertíðina um viðskiptajöfnuðinn við útlönd, en það gleður mig og sjálfsagt alla, sem hafa unnið að þessum málum, að ekki hefir þurft að nota þessa heimild.

Þá hefir hér verið rakin afkoma þjóðarinnar út á við og afkoma ríkissjóðsins á síðastl. ári. Heildarsvipurinn á þessum málum ber það með sér, að allt hefir verið látið víkja fyrir þeirri nauðsyn, að ná greiðslujöfnuði við útlönd, og það með þeim árangri, að þrátt fyrir lokun Spánarmarkaðarins hefir greiðslujöfnuðurinn náðst. Til að ná þessu marki hefir orðið að beita mjög innflutningshömlum. Hefir það komið hart niður á tolltekjum ríkissjóðs og gert það að verkum, að afkoma hans er ekki eins góð og ætlazt var til, þótt hagurinn hafi þó batnað á árinu. Umframgreiðslur hafa orðið minni en nokkru sinni fyrr og erlendar ríkisskuldir lækkað allverulega. Það hefði verið auðvelt að láta tekjur ríkissjóðs verða meiri á árinu með því að slaka lítið eitt á innflutningshöftunum, t. d. hefði það getað áorkað miklu eitt út af fyrir sig, ef leyfður hefði verið innflutningur ávaxta eins og gert var árið áður, en það sjónarmið var ekki látið ráða úrslitum vegna þeirrar vissu, að það væri höfuðnauðsyn fyrir þjóðina, að rétta hag sinn út á við.

Fjárlfrv. fyrir árið 1938, sem hér liggur fyrir, er byggt á sama grundvelli og fjárlögin fyrir árin 1936 og 1937. Heildargreiðslur eru þó 290 þús. kr. hærri samkv. þessu frv. en gildandi fjárlögum, þar af er um 63 þús. kr. hækkun vegna laga um ríkisframfærslu sjúkra manna og örkumla, 45 þús. kr. vegna hækkunar á jarðræktarstyrk, 70 þús. kr. vegna barnafræðslunnar, sem að nokkru leyti stafar af hinum nýju fræðslulögum, og um 50 þús. kr. vegna framlags til lögregluhalds í Reykjavík, sem skylt er að inna af hendi lögum samkvæmt, þegar lögreglunni hefir verið fjölgað, svo sem nú er í ráði. Þá hafa afborganir lána hækkað um 60 þús. kr. Samkvæmt frv. er reiknað með 750 þús. kr. rekstrarhagnaði og gert ráð fyrir, að skuldir ríkissjóðs lækki á árinu um 1 millj. kr., og mætti það teljast mjög góð útkoma, ef því marki yrði náð. Afborganir fastra lána eru hinsvegar taldar um 1,407 millj. kr., og vantar því samkv. frv. um 400 þús. kr. til þess, að þær geti allar orðið inntar af hendi af tekjum ríkissjóðs. — Eins og ég gat um áðan, voru afborganir fastra lána ríkissjóðs um 820 þús. kr. árið 1933, en 1938 er gert ráð fyrir, að þær verði um 1,407 millj. kr., eða nálægt því 600 þús. kr. hærri en þær voru fyrir 5 árum. Þetta er þó ekki vegna skuldaaukningar hjá ríkissjóði, heldur vegna þess, að afborganir af eldri lánum hlaðast nú þungt á; verður varla gert ráð fyrir því, að þeim verði mætt með tekjum ríkissjóðs einum saman, nema þá að úr rætist með aukin viðskipti og auknar tolltekjur, frá því sem nú lítur út fyrir.

Tekjur eru í frv. mjög áætlaðar í samræmi við reynslu undanfarins árs, og verður að telja, að það sé fremur varlegt, en við því verður að búast, að gjöldin fari alltaf fram úr áætlun að einhverju leyti, og byggja nokkrar vonir á, að tekjurnar geri það líka. Ég lít þannig á, að þingið verði að fara mjög gætilega í því að bæta greiðslum í fjárlagafrv. þetta, nema unnt sé að gera það með innbyrðis tilfærslum og lækkun einhverra útgjaldaliða, sem í frv. eru.

Að lokum vil ég leggja áherzlu á það, að áfram verði haldið í þá átt, sem stefnt hefir, að binda sem flest af útgjöldunum við fastar hámarksupphæðir, því að eftir því sem fleira af gjöldunum er þannig bundið, verður afkoma ríkissjóðsins öruggari.

Því hefir óspart verið haldið fram, að fjármálastefna núv. ríkisstj. væri ekki sem heppilegust, og einkum fundið það til foráttu, að útgjöld ríkissjóðsins væru of há. Um það stendur nú engin deila, að ef lækka á útgjöld ríkisins frá því sem nú er, svo að nokkru nemi, þá verður það að vera á kostnað verklegra framkvæmda og þeirra framlaga, sem gengið hafa til atvinnuveganna, því að útgjöldin við sjálfan ríkisreksturinn verða vafalaust ekki mikið færð til lækkunar, hvaða stj. sem færi með völd. Það veldur að vísu örðugleikum fyrir þá, sem fara með þessi mál, að halda uppi ríflegum verklegum framkvæmdum og framlögum til atvinnuveganna, þegar tekjur hins opinbera fara lækkandi, en ég hygg, að það sé leitun á þeim manni, sem heldur því fram í alvöru, að það hefði verið heppilegra þessi 2 síðustu ár, að ríkissjóður hefði dregið stórkostlega úr framlögum sínum og þar með aukið erfiðleika almennings til viðbótar við örðugleika vegna aflabrests, harðinda og markaðsvandræða. Ég held, að það sé erfitt að gera sér grein fyrir því, hve vont ástandið hefði getað orðið, ef niðurskurðarstefnu hv. stjórnarandstæðinga hefði verið fylgt í stað þeirrar stefnu, sem haldið hefir verið af núv. stj. Ég er a. m. k. ekki síður sannfærður um það nú en þegar við undirbjuggum fyrstu fjárlögin, fyrir árið 1935, að við höfum valið þá stefnu í afgreiðslu fjárlaga, sem er hagfelldust fyrir allan almenning í landinu.

Jóhann Jósefsson: Það leiðir af sjálfu sér, að ekki verður hægt í þeirri hálftímaræðu, sem Sjálfstfl. er ætluð í þetta sinn, að gagnrýna þegar í stað þær fullyrðingar, sem fram komu í ræðu hæstv. fjmrh. Þær byggðust að mestu á miklum fjölda af tölum, sem eigi verða krufðar til mergjar, þótt þær heyrist einu sinni nefndar. Við sjálfstæðismenn álítum það hinsvegar hlutverk okkar sem andstöðuflokks, að nota þessa hálfu klukkustund, sem okkur er skömmtuð, til þess að ræða almennt við ríkisstj. um aðgerðir hennar á sviði fjármálanna. Og þó verður, að því er þetta snertir, sökum hins stutta tíma, sem hér er til umráða, að takmarka þetta við svo að segja nokkrar athugasemdir.

Þetta mun vera í fjórða sinn, að hæstv. núv. fjmrh. leggur fjárlagafrv. fyrir Alþingi. Á það var bent við sama tækifæri á síðasta þingi, þegar einn flokksmanna minna gerði aths. við fjárlagafrv. ráðh. fyrir árið 1937, að útgjöld ríkisins virtust stöðugt fara hækkandi í höndum hæstv. fjmrh., miðað við þær áætlanir um útgjöld, er kæmu fram í fjárlagafrumv. hans. Og taldist þá svo til, að sú hækkun, miðað við áætlanir í þingbyrjun, næmi 4,1 millj. kr. þau árin, sem þessi hæstv. ráðh. hefði haft fjármálin með höndum.

Hæstv. ráðh. virðist enn við samningu þessa fjárlagafrv., sem hér liggur fyrir, hafa reynzt þessari hækkunarstefnu sinni trúr, því að mér telst svo til, að samkv. frv. nemi hækkanirnar alls frá síðasta fjárlagafrv. hæstv. fjmrh. 701461 kr. Lækkanir aftur á móti 77161 kr. Og verður þá hækkunin frá síðasta fjárlagafrv. 624300 kr. Rekstrarútgjaldaáætlunin á fjárlagafrv. er nú 15,8 millj. kr. Að vísu er gert ráð fyrir, að um ¾ millj. kr. rekstrarafgangur verði af þessari upphæð, en telja má víst, að hækkanir Alþingis og umframgreiðslur muni nema a. m. k. þeim rekstrarafgangi, sem í frv. er áætlaður, og er því ekki leggjandi allt of mikið upp úr honum.

Nú er þess að gæta, að það er ekki svo sem að öll útgjöld ríkisins séu talin, þegar nefndar eru niðurstöður hins svonefnda rekstraryfirlits í þessu fjárlagafrv. Hér við bætast afborganir lána, sem nema 1407 þús. kr., aukningar ríkisstofnana, 143 þús., byggingar nýrra vita, 65 þús., og lögboðnar fyrirframgreiðslur, 10 þús. kr., eða samtals 1625000 kr. Nema útgjöldin þá samkvæmt sjóðsyfirlitinu 16715557 kr. Og enn eru hvergi nærri öll kurl komin til grafar, því að mikið er samt sem áður ótalið af raunverulegum útgjöldum ríkisins, t. d. kostnaður við landssíma, póst og útvarpið o. fl. ríkisstofnanir, sem ekki er talinn í rekstraryfirliti þessa frv. En þessi kostnaður nemur alls um 3½ millj. kr.

Það var árið 1931, að framsóknarstjórnin breytti til um fyrirkomulag á færslu landsreikningsins frá því sem áður var. Áður hafði kostnaður við stofnanir, sem ég nefndi hér að ofan, verið talinn með til útgjalda í hinum einstöku gr. fjárl., en nú var því hætt samkvæmt hinni nýju breytingu. Þessi breyting gerir að vísu stj. hægra fyrir um að láta fjárlögin líta sæmilega út á pappírnum og almenningi erfiðara að átta sig á útgjöldunum, en hinni raunverulegu niðurstöðu um útgjöld ríkisins í heild getur þessi bókfærslubreyting ekki haggað.

Væri útgjaldabálkur fjárl. settur upp á sama hátt nú og gert var fram að árinu 1931, en þá var póstur og sími t. d. taldir með samgöngumálum 13. gr. fjárl., og væru útgjöldin að öðru leyti áætluð eins og þau eru nú áætluð samkvæmt till. hæstv. fjmrh., þá næmu útgjöld þessa fjárlagafrv. um 20 millj. kr.

Fyrir 10 árum síðan, eða þegar fjárlagafrv. fyrir árið 1927 var samið, var af þáv. fjmrh. áætlað til allra útgjalda ríkisins 10,4 millj., eða um 10½ millj. kr. Nú er hin raunverulega útgjaldaáætlun, eins og ég hefi áður tekið fram, um 20 millj. kr. Hafa því útgjöld ríkisins að jafnaði aukizt um tæpa 1 millj. kr. á hverju ári á þessum síðustu 10 árum.

Þessu fjárlagafrv. fylgir skrá yfir starfsmannahald ríkisins, sem sýnir, að í launagreiðslur einar til starfsmanna ríkisins fara nú 5040557 kr., eða sem svarar um helmingur þeirrar upphæðar, sem ríkisstj. fyrir einum 10 árum síðan lét sér nægja að áætla til allra útgjalda ríkisins og ríkisstofnana. Þessi skrá um starfsmannahald og launagreiðslur hæstv. stjórnar mun þó tæplega vera að öllu leyti tæmandi.

En fáein dæmi nægja til þess að sýna, hversu geipilegar upphæðir fara nú orðið í launagreiðslur við ýmsar stofnanir ríkisins, þær sem núv. stj. hefir sett á laggirnar. T. d. nema launagreiðslur í áfengisverzlun ríkisins 139760 kr., í tóbakseinkasölunni 76660 kr., við ríkisútvarpið 131200 kr., við viðtækjaverzlunina 34660 kr. og við raftækjaeinkasöluna 65440 kr.

Ég vil þá lítillega minnast á fjáröflunarleiðir hæstv. ríkisstjórnar.

Eins og kunnugt er hafa núv. stjórnarflokkar

mjög haft það á oddi, að þeir vildu létta álögum af alþýðu manna. Og enginn vafi er á því, að fjöldi fólks hefir kosið alþýðuflokksmenn fyrir það, að þeir hafa ávallt talið það sitt stefnumál, að létta öllum tollum og öðrum óbeinum gjöldum af þjóðinni. Þeir hafa látið svo sem ekkert gjald til hins opinbera væri þeim eins mikill þyrnir í augum eins og tollarnir á neyzluvörunum. Ég mun síðar sýna fram á það, hversu langt þeir eru komnir frá þessari stefnu sinni og hversu geipilega kosningaloforð Alþfl. í þessu efni hafa verið svikin.

Á árinu 1934, þegar núv. stjórnarflokkar komust til valda, voru þjóðinni gefin tvöföld fyrirheit í þessu efni. Sósialistar lofuðu í 4 ára áætlun sinni að létta af tollum og beita aðallega beinum sköttum. Og þegar stjórnarflokkarnir gáfu síðan út sína sameiginlegu pólitísku trúarjátningu, er þeir kölluðu málefnasamning, var því þar fyrst og fremst yfirlýst, að byrðarnar — vitanlega útgjöld ríkisins — skyldu fyrst og fremst hvíla á háum tekjum og miklum eignum skattþegnanna. Samkvæmt þessu voru hinir svo kölluðu beinu skattar líka sleitulaust hækkaðir. Stj. var heimilað að innheimta aukreitis tekju- og eignarskatt fyrir árið 1934, sem námu 40% af hinum áður álagða tekju- og eignarskatti fyrir það ár, og sú heimild var notuð. Á þessu þingi, 1934, var svo enn haldið áfram í sömu átt og sett ný lög um tekju- og eignarskatt, og hvorttveggja hækkað til stórra muna. Það urðu nú að vísu ekki hátekjumennirnir einir, sem þessi l. náðu til, því að ákvæði l. náðu einnig til lægst launuðu mannanna í landinu.

Með þessum lögum voru hin gömlu tekju- og eignarskattslög frá 1921 og allir viðaukar og breyt. á þeim úr gildi numin. Hækkunin á tekjuskattinum var gífurleg samkvæmt hinum nýju lögum. Nokkur dæmi því til sönnunar skulu tilfærð.

Af 500 kr. tekjum nam hækkunin 66%. Af 2 þús. kr. tekjum nam hún 67%, af 6 þús. nam hún 110%, af 15 þús. 68% og af 50 þús. kr. og þar yfir nam hún 58%.

Eftirtektarvert er það, hve gífurleg hækkunin er á lægstu tekjunum, þar sem hún var 66% á þeim, en á hæstu tekjum, sem lögin gera ráð fyrir, 50 þús. kr. og þar yfir, er hækkunin þó ekki nema 58%. Eftirtektarverðast er þó það, að hækkunin er langmest á miðlungstekjum, 5—6 þús. kr. tekjum. Þar er hún yfir 100%.

Sé þetta athugað í sambandi við margendurteknar yfirlýsingar stjórnarflokkanna um það, að byrðarnar eigi að hvíla að mestu leyti á hátekjum og stóreignum, en aftur eigi að létta þær á lágtekjumönnum, verður nokkuð bersýnilegt ósamræmið milli loforða þeirra og framkvæmda. Með þessum sömu l. var eignarskatturinn yfirleitt hækkaður um 50%, og verður þar eins hins sama vart, að stjórnarliðið brýtur svo kallað „princip“ sitt alveg eins og við tekjuskattshækkunina. Þessi hækkun varð tiltölulega hin sama á smáeignum eins og stóreignum.

Það er engin tilviljun, að skattstiganum er hagað svo í þessum frv. stj. að hækkunin verður geipilegust einmitt á lágum miðlungstekjum. Það er nefnilega vitað, að þrátt fyrir hinar háværu kröfur stjórnarflokkanna um hátekjuskatt, að þessir svo kölluðu hátekjumenn eru varla til í landinu. Og þó að glepja megi alþýðu manna með þessu tali um hátekjumenn og gera skattránið á hendur hennar aðgengilegra á pappírnum með því að tala um hátekjumenn, hátekjuskatt o. s. frv., þá eru það bök þeirra manna, sem aðeins eru bjargálna og jafnvel berjast í bökkum um afkomu sína, sem mestur skattþunginn hvílir á.

Á þinginu 1935 var svo enn haldið áfram að hækka hina beinu skatta með l. nr. 128 31. des. 1935, er kölluð voru l. um bráðabirgðatekjuöflun til ríkissjóðs. Var tekjuskatturinn enn hækkaður um allt að 80%, og var talið, að sú hækkun út af fyrir sig mundi nema um 400000 kr. Annars færðu þessi lög fleiri álögur yfir á bak gjaldþegnanna, eins og síðar mun að verða vikið.

Með þessari síðustu hækkun tekju- og eignarskattsins komust beinu skattarnir svo hátt, að hvergi eru dæmi til annars eins.

Og þegar við þá bætast — sem nauðsynlega verður að vera — útsvörin á hvern og einn gjaldþegnanna, þá er óhætt að fullyrða, að dæmi til slíkra beinna skatta finnist hvergi hjá menningarþjóð annarsstaðar en hér.

Þessi skattastefna er ein út af fyrir sig næg til þess að hefta alla framþróun í atvinnurekstri, jafnvel þótt engir krepputímar væru.

Í þjóðfélagi, þar sem svo að segja engin auðsöfnun er til, en aðkallandi þörf bæði hjá landbúnaði, hjá sjávarútvegi og hjá iðnaðinum fyrir rekstrarfé, er það harla óviturlegt, að haga skattaálögum þann veg, að enginn sjái sér hag í því að safna fé eða spara, þar eð það er aðallega spariféð, sem bankarnir hafa að lána til atvinnuveganna, og svo að segja sé tekið fyrir hvöt manna til þess að ráðast í nokkrar framkvæmdir, með því, að atvinnurekandinn njóti að engu eða að sáralitlu leyti ávaxtanna af atorku sinni eða iðju, en verði hinsvegar að bera áhættuna.

Jafnframt þessum hernaði á hendur skattþegnanna gengst núv. stj. fyrir því, að þröngva kosti og auka byrðar bæjarfélaganna, án þess að sjá þeim fyrir neinum tekjum til að standast hin auknu útgjöld, og eru þau því þannig af valdhöfunum knúin til þess að gera sífellt frekari kröfur um fjárframlög til þeirra, sem í bæjunum búa. Af þessu leiðir, að útsvörin fara stórum hækkandi.

Í útvarpsumræðum þeim um stjórnmál, er fram fóru fyrir skömmu, var af hálfu sjálfstæðismanna sýnt fram á, að eftir gildandi tekjuskattslöggjöf og samkvæmt reglum um útsvarsálagningu hér í Reykjavík yrðu atvinnufyrirtæki, sem hefðu umfram 28 þús. kr. skattskyldar tekjur, að greiða af því, sem umfram væri þessar tekjur, 54% til bæjarfélagsins, og 44% til ríkisins. Og þó í viðbót 1% til ellitryggingar. Skattarnir mundu því nema á slíku fyrirtæki 99% af umræddum tekjum, en 1% félli í hlut þess, er teknanna aflaði.

Það mun nú fyrir löngu vera farið að vera alþýðu manna í þessu landi nokkuð ljóst, að beinu skattarnir koma niður, jafnvel beinlínis, á öllum þorra fólksins. Að þeir gera það óbeinlínis, er líka vitanlegt, þar sem þeir veikja aðstöðu

atvinnurekenda og gera þeim erfiðara fyrir að hafa fólk í vinnu. En hinn langi armur fjármálastjórnarinnar teygir sig nú til fleiri en hátekjumannanna eða atvinnutækjanna við innheimtu tekjuskattsins. Jafnvel hinir fátækustu verða að sýna skattpeninginn, og alþýðu manna um allt land verður það með hverjum deginum ljósara, að kenningar jafnaðarmannanna um það, að beinu skattarnir komi eingöngu niður á hátekjumönnum, eru hinar mestu falskenningar.

Nú er rétt að víkja nokkuð að því, hvernig hefir farið um loforð Alþfl. — það að létta af tollum á nauðsynjavörunum. Hæstv. ráðh. var nú í ræðu sinni að mótmæla því harðlega, að núv. stj. hefði hækkað tolla á nauðsynjavörum, en játaði þó jafnframt, að tekjur ríkissjóðs af tollum og sköttum 1936 hefði numið 12338 millj. kr., en áætlaðar hefði verið 12065 millj. kr., þ. e. 273000 kr. umfram, þrátt fyrir minnkandi innflutning. Hvað skyldu gjaldþegnarnir segja? Skyldu þeir ekki hafa orðið varir við neina hækkun?

Hafi þeim verið alvara að láta byrðarnar hvíla fyrst og þyngst á háum tekjum, eins og þeir orðuðu það, þá er hitt engu síður opinbert mál nú orðið, að þeir hafa ekki látið sér síður annt um að kroppa inn tekjur í ríkissjóð af lágum tekjum og lægstu tekjum allrar alþýðu. Um þetta bera vott hin mörgu lagaákvæði, sem stjórnarflokkarnir hafa samþ. síðan árið 1934, um margskonar og síhækkandi tolla og gjöld af neyzluvörum almennings, og aukin gjöld til hins opinbera fyrir þær þjónustur, sem bæði ríkir og fátækir verða þangað að sækja. Skal hér drepið á nokkur slík lagaákvæði:

Á haustþinginu 1934 eru hækkaðir tollar á allri innlendri tollvöruframleiðslu, frá 100 til 200%. Samtímis eru gerðar breytingar á tolllögunum og aðflutningsgjöld á tollvörum hækkuð frá 25 til 100%. Gjöld fyrir fógetagerðir, þinglýsingargjöld, dómsmálagjöld, uppboðsgerðir og því um líkt — allt hækkað um 25%. Og stimpilgjaldið er líka hækkað um 25%. Þá var og ennfremur innleitt nýtt stimpilgjald, hin svokölluðu greiðslumerki. Vitagjaldið var hækkað um 25% og tollur á tegrasi hækkaður að sama skapi.

Á þinginu 1935 var enn haldið áfram með það að hækka gjöld af nauðsynjavörum almennings. Ég minntist áðan á það, að í lögunum, sem kölluð voru bráðabirgðatekjuöflun til handa ríkissjóði og fólu í sér stórkostlega hækkun á sköttunum, hefði líka verið fyrir því séð, að hygla þeim gjaldþegnum, sem beinu skattarnir næðu ekki til. Með þeim lögum var lagður frá 2 til 25% aukaverðtollur á flestallar vörur, sem fólk daglega notar. Þarna voru taldar allar fatnaðarvörur og allar vefnaðarvörur, að undanskildum nokkrum tegundum, sem samkvæmt samningum við Breta gátu ekki þar fallið undir. Ennfremur voru skattlagðir búshlutir, hreinlætisvörur, smávarningur og því um líkt, sem öll heimili þurfa daglega á að halda, að ég ekki tali um ávexti og þvílíka hluti, sem stjórnarflokkarnir virðast líta á sem lúksusvöru.

Þá var benzínskatturinn tvöfaldaður úr 4 au. upp í 8 au. á lítrann á þessu sama þingi, og ennfremur breytt lögum um vörutoll, og hann látinn ná til nokkurra vörutegunda, sem hann ekki hafði áður náð til. Og að lokum var verðtollurinn hækkaður til stórra muna.

Hér hefir nú nokkuð verið lýst því, hvaða leiðir hæstv. stj. hefir farið til þess að ná fé í ríkissjóð, þótt eftir sé ennþá að minnast á hinar mörgu ríkiseinkasölur, sem núv. stj. hefir komið á stofn, eins og kunnugt er. Hvað beinu skattana snertir, þá er það vitað, að nú er svo langt gengið í þá átt til fjáröflunar, að jafnvel stjórnarflokkarnir munu sjá, að ekki verður lengra komizt. Og hvað tolla og gjöld á neyzluvörum almennings áhrærir, þá er þar skemmst frá að segja, að núv. ríkisstj. hefir sem engu létt af. Gengisviðauki á kaffi og sykri hefir að vísu verið felldur burt, en þar var tekið aftur með annari hendi það, sem gefið hafði verið með hinni, því að með viðskiptagjaldinu var 5% verðtollur aftur lagður á þessar vörur. Efni í tunnur, hampur og hampgarn hefir líka verið undanþegið aðflutningsgjaldi, en þá munu líka upptaldar vera tolllækkanir hæstv. stj. á aðfluttu vörunni. Hinsvegar hefir hæstv. ríkisstj. og þeir flokkar, sem að henni standa, stórhækkað tolla og gjöld á svo sem öllum nauðsynjavörum almennings, frá því sem áður var, með nýjum lagaákvæðum, sem ég hefi hér að framan nokkuð drepið á.

Álögurnar á aðfluttum varningi eru nú orðnar svo margskonar og með svo mörgum nöfnum, að það má heita að vera fræðigrein út af fyrir sig að vita um öll þessi gjöld. Hefi ég það fyrir satt, að samin hafi verið heil handbók, og hún hreint ekki lítil, handa tollheimtumönnum viðsvegar um land, þeim til leiðbeiningar við innheimtu aðflutningsgjaldanna.

Samkvæmt þeim frv., sem hæstv. stj. hefir lagt fyrir þetta þing, er svo að sjá, að hún sé ráðin í því að lögfesta til frambúðar alla skatta og tolla, þá sem hún á undanförnum 2 síðustu þingum hefir sótt svo fast að lögleiða, sumpart undir því yfirskyni, að aðeins um bráðabirgðatolla væri að ræða. Meðal annara slíkra frv., sem stj. leggur nú fyrir Alþingi til framlengingar, er frv. til l. um framlenging á gildi ýmsra lagaákvæða um tekjuöflun fyrir ríkissjóð. Það frv. fjallar um viðaukaverðtoll, álag á skemmtanaskatt, álag á tekju- og eignarskatt, nýtt gjald af innlendum vörum, viðskiptagjaldið svo kallaða, og loks benzínskattinn. Grg. fyrir þessu frv. er talsvert eftirtektarverð. Þar segir svo:

„Frv. gerir ráð fyrir framlengingu allra þeirra lagaákvæða um tekjuöflun til ríkissjóðs, sem nú gilda, til ársloka 1937, að undanskildum verðtollinum, en um framlenging hans er lagt fram sérstakt frv. Má ríkissjóður ekki við því að missa af tekjum af þessum ákvæðum, ef halda á uppi framlögum til atvinnuveganna og verklegra framkvæmda, sem fjárlagafrv. fyrir árið 1938 gerir ráð fyrir".

Hér er því beinlínis slegið föstu, að ef þingið vill ekki viðhalda öllum þeim sköttum og tollum, sem nú hvíla eins og drápsklyfjar á almenningi hér á landi, skuli það fyrst og fremst bitna á framlögum til atvinnuveganna og verklegra framkvæmda.

Ríkisstj. virðist ekki koma til hugar, að létta

megi af tollum, nema það komi þá beinlínis atvinnuvegunum í koll eða hinum svo kölluðu verklegu framkvæmdum. Fái hæstv. ráðh. ekki allt það fé í kassann, sem hann heimtar, samkvæmt framlögðum frv., á fyrst og fremst að varpa fyrir borð framlögum til atvinnuveganna og framlögum til verklegra framkvæmda. Að koma fram sparnaði á öðrum liðum virðist stj. eftir þessu ekki geta komið til mála.

Nú hefir stj. margsinnis verið á það bent af okkur stjórnarandstæðingum, að það eru atvinnuvegir þjóðarinnar, sem verða að bera, beint eða óbeint, hita og þunga dagsins af öllum sköttum og tollum, sem hið opinbera heimtar, hvern veg sem þeir eru teknir. Hæstv. fjmrh. virðist ekki hafa átt gott með að átta sig á, að svo sé, á undanförnum þingum, og samkvæmt því, sem enn er fram komið á þessu þingi; a. m. k. hefir hann verið ærið tregur til þess að kannast við þá staðreynd, að atvinnuvegirnir verði að bera gjöldin.

Þetta kom einna skýrast fram á þinginu 1935, þegar rætt var um hinar fjölmörgu nýju álögur, sem hæstv. ráðh. reyndi að gera aðgengilegri með því að láta í veðri vaka, að þetta ætti aðeins að gilda til bráðabirgða, og nú orðið er augljóst, að lítið hefir verið meint með. Um eitt slíkt frv., bráðabirgðatekjuöflun til ríkissjóðs, sem kölluð var, sagði hæstv. ráðh., að meginstofninn í frv. væri viðskiptagjaldið, en það er bara annað nafn á verðtolli, því að í því eru aukatollar frá 2 til 25% lagðir á fjöldamargar hinar helztu neyzluvörur og nauðsynjavörur, eins og landsmönnum er nú orðið kunnugt af reynslunni.

En þrátt fyrir það þó að ráðh. kannaðist við, að viðskiptagjaldið væri meginstofn frv., fullyrti hann eigi að síður, að þetta gjald íþyngdi ekki framleiðendum, vegna þess að nokkuð margar vörutegundir, sem beint eru notaðar til framleiðslunnar, sluppu við að falla undir þetta gjald. Flestum öðrum mun vera ljóst, að gjöld á neyzlu- og nauðsynjavörum, hverju nafni sem þær nefnast, gera vöruna dýrari, og eins hitt, að þessar vörur þurfa framleiðendur jafnt og aðrir landsmenn að kaupa handa sér og sínum, og allur aukinn dýrleiki þeirra torveldar afkomu framleiðandans og kemur harðara niður á framleiðendum en öðrum, vegna þess að þeir hafa oft menn í vinnu, sem óhjákvæmilega gera hærri kaupkröfur, þegar dýrtíð eykst. Ennfremur geldur framleiðandinn oft hluta af kaupinu með því að fæða verkamenn sína.

Vitanlega getur það nokkuð afsakað hæstv. ráðh. í þessu efni, að hann hefir sjálfur enga þekkingu af eigin reynslu á kjörum framleiðenda. Það hefir ekki fallið í hans hlutskipti að hafa önnur afskipti af framleiðendum eða yfir höfuð af atvinnuvegum landsins en þau, að ná af þeim skatti í ríkissjóð. Og má vel vera, að þetta sé orsök þess, að honum virðist ósýnna um það en flestum öðrum, að skilja erfiðleika atvinnuveganna og framleiðslunnar.

Nú er fróðlegt að athuga, hvaða áhrif haftastefna hæstv. stj. og skattapólitík hennar hafa haft á atvinnumöguleika verkamannsins.

Skráðir atvinnuleysingjar voru í Rvík:

1934	554
1935	703
1936	690
1937	936

Miðað við byrjun febrúar ár hvert, 80% hækkun frá 1934.

Í þessu sambandi má geta þess, að það er talið víst, að hér í Rvík séu nú í aðsigi kauphækkunarkröfur hjá verkamönnum vegna vaxandi dýrtíðar og atvinnuleysis. Stóran þátt í þeirri dýrtíð eiga hinar takmarkalausu tollaálögur ásamt verzlunarófrelsi, sem í landinu ríkir.

Hér á landi ríkir nú haftastefna í algleymingi. En meðal nágrannaþjóða vorra er nú svo litið á, að haftastefnan sé böl, og gangast hinir beztu menn meðal Norðurlandaþjóðanna og nálægra þjóða fyrir því nú, að auka verzlunarfrelsi sem unnt er. Hæstv. stj. virðist vera talsvert upp með sér af að hafa náð því, sem kallað er greiðslujöfnuður. Er þar átt við það, að innflutningnum hafi verið haldið niðri svo mikið, að hann hafi ekki orðið meiri en útflutningurinn, og þar að auki hafi verið nægilegt fé afgangs til þess að inna af hendi hinar svo kölluðu ósýnilegu greiðslur, en þær voru af hæstv. ráðh. taldar í ræðum hans á fyrri þingum 7—8 millj. kr.

Stj. segist nota innflutningshöftin til þess að koma á þessu jafnvægi, sem kallað er, greiðslujöfnuðinum við útlönd. Og þetta á að vera landsmönnum uppbót fyrir öll óþægindin, allan dýrleika vörunnar og vöruskortinn, sem af innflutningshöftunum leiðir.

Útfluttar íslenzkar afurðir námu á síðasta ári eftir bráðabirgðaskýrslum hagstofunnar 48,2 millj. kr., og innflutningurinn nam 41631000 kr. Búast má nú við, að innflutningurinn reynist mun meiri, sennilega allt að 45 millj. kr. við endanlegt yfirlit, samkv. reynslunni síðastl. ár. Þá var innflutningurinn talinn 42 millj. kr. samkv. bráðabirgðauppgerð, en reyndist 45,6 millj. kr., þegar endanlega var upp talið. Þetta lítur út fyrir að vera, þegar á það er litið frá því sjónarmiði, að greiðslujöfnuðurinn sé fyrir öllu, ekki óglæsileg niðurstaða. En eftir er að athuga, hvaða þátt hæstv. ríkisstj. og verkfæri hennar, innflutningsnefnd, eiga í þessu. Þegar það hefir verið athugað, er það sýnt, að ríkisstj. hefir hér ekki unnið fyrir neinu hrósi.

Innflutningsleyfi voru sem sé veitt á þessu sama ári fyrir rúmum 50 millj. kr., og hefðu þau öll verið notuð, þá hefði vantað 2 millj. kr., til þess að viðskiptajöfnuður næðist, og allt að 10 millj. kr., til þess að greiðslujöfnuður næðist.

Hvers vegna varð þá innflutningurinn ekki meiri en 41,5 millj. kr., þegar innflutningsleyfi voru gefin út fyrir yfir 50 millj. kr.?

Ástæðurnar eru sjálfsagt fleiri en ein, en mikinn þátt í þessu mun þó eiga það jafnvægisleysi, sem hjá n. er á veitingu innflutnings- og gjaldeyrisleyfa.

Það er vitanlega engin hjálp í því fyrir þann, er flytja þarf inn vöru, þótt hann fái innflutningsleyfi, ef honum er samt sem áður neitað um gjaldeyrisleyfi.

Það er sama n., sem hvortveggja leyfin veitir,

og fyrir því er þetta ósamræmi í leyfisveitingunum enn einkennilegra. Svo er og mögulegt, að einhverjir hafi ekki notað að fullu þau leyfi, er þeir hafa fengið, og bendir þetta á, að það sé rétt, sem andstæðingar hinnar skefjalausu haftastefnu hafa haldið fram, sem sé, að ekki sé eins hættulegt að hafa innflutninginn nokkru frjálsari en nú er hann eins og stjórnin heldur fram.

En þegar litið er á þá upphæð í heild, sem innflutningsleyfi hafa verið veitt fyrir, er það augljóst, að hæstv. stj. hefir með þeim út af fyrir sig ekki skapað eða efnt til jafnaðar á greiðslum við útlönd slíðastl. ár.

Þá er athugandi, að það er alls ekki einhlítt til velfarnaðar þjóðinni, að greiðslujöfnuður á pappírnum náist við útlönd í árslok.

Til álita hlýtur hér að koma, hvernig honum er náð og hvernig ástæður þjóðarinnar eru að öðru leyti. Þó að vér hefðum ekki náð greiðslujöfnuði um áramótin, en ættum gjaldeyri eða gjaldeyrisgildi til þess, og ennfremur til þess að standa straum af kostnaði venjulegs innflutnings, miðað við þarfir þjóðarinnar, eftir því sem hann fellur til, eða hefðum eðlilegan forða af þeim vörum fyrirliggjandi, sem mestu varðar, að til séu í landinu, væri þjóðin nú betur á vegi stödd heldur en raun ber vitni um þrátt fyrir greiðslujöfnuðinn, sem svo mjög er gumað af. Hér er nú svo ástatt, að nauðsynjavörur allar eru á þrotum í landinu, engar birgðir fyrirliggjandi af þeim vörum, sem allur almenningur óhjákvæmilega þarf til lífsins. T. d. skýrði útvarpið frá því á dögunum, að í einu þorpi vestanlands hefði orðið að loka skóla og kirkju vegna kolaleysins, og almennur skortur væri einnig á annari nauðsynjavöru. Hér í Rvík eru svo litlar eldiviðarbirgðir fyrir hendi, og hafa verið síðan fyrir áramót, að menn hafa rétt haft til daglegra þarfa.

Svona er þá ástatt með nauðsynjavörubirgðir landsmanna, þær sem inn þarf að flytja.

Ofan á þetta bætist svo það, að allar vörur hafa stigið stórkostlega í verði síðustu mánuðina, og verða landsmenn nú að greiða miklu meira fyrir þessar vörur, sem þeim hefir verið meinað að afla sér í tíma, áður en aðalverðhækkunin dundi á.

Og enn ber eins að gæta, þegar meta skal raunverulega þýðingu þess greiðslujafnaðar, sem hæstv. stj. þykist hafa náð, og það eru þær birgðir af óseldri íslenzkri vöru, sem til eru í landinu um áramótin.

Um síðustu áramót lágu hér fiskbirgðir fyrir a. m. k. 4 millj. kr. minna en við áramótin 1935—1936.

Þetta m. a. sýnir bezt, hversu lítið er að byggja á þeim greiðslujöfnuði á pappírnum út af fyrir sig, sem hæstv. stjórn telur sig hafa náð.

Ástandið er því miður allt annað en glæsilegt, landið vörulaust, að telja má, afskapleg dýrtíð í hönd farandi og vaxandi atvinnuleysi í landinu.

Stjórnarflokkarnir lofuðu að létta sköttum og tollum af almenningi.

Efndirnar hafa orðið þær, að þeir hafa lagt drápsklyfjar af álögum á alla landsmenn.

Þeir lofuðu að auka atvinnu í landinu, en atvinnuleysið eykst með hverju ári, síðan þeir tóku við stjórn landsins.

Þeir lofuðu að létta undir með atvinnuvegum landsmanna, en með geipilegum sköttum og höftum hafa þeir lagt á atvinnuvegina þær byrðar, er þeir fá ekki undir risið.

Og enn hefir hæstv. ríkisstj. fyrirheit á reiðum höndum til þings og þjóðar, en það kveður bara við annan tón nú heldur en gerði fyrir kosningarnar 1934.

Stjórnin gefur þjóð og þingi nú það fyrirheit, að ef ekki séu samþ. og framlengdir allir tollar og allir skattar, sem nú hvíla á þjóðinni, þá skuli það bitna beinlínis á atvinnuvegunum og verða til niðurskurðar verklegra framkvæmda.

Það er með þessu fyrirheiti, að hæstv. fjmrh. leggur nú fyrir Alþingi gjaldahæsta fjárlagafrv., sem nokkur fjmrh. nokkru sinni hefir lagt fyrir Alþingi.

Minn tími er nú víst búinn, en ég vil geta þess að lokum, að útvarpsreglurnar meina það, að við sjálfstæðismenn tölum meira hér. Verður því ekki unnt fyrir mig að gera frekari aths., þó að tilefni gefist til.

*Þorsteinn Briem: Herra forseti! Hæstv. fjmrh. byggði mjög upp ræðu sína sem árás á stjórnarandstæðinga, og verð ég því ofurlítið að svara honum.

Þegar ég hlustaði á ræðu hæstv. fjmrh. áðan, kom mér í hug stjórnmálamaðurinn Pótemkin. Pótemkin var ráðamaður og gæðingur Katrínar II. Rússadrottningar og réð þar mestu í ríkinu um skeið. Þegar hann vildi festa sig sem bezt í sessi, fékk hann drottninguna til að ferðast um þá hluta ríkisins, sem hann stjórnaði. Á þeirri ferð báru hvarvetna við í fjarska fögur sveitaþorp og reisuleg bændabýli eða borgir með verksmiðjum og turnbyggingum. Allt þetta hafði Pótemkin látið reisa frá grunni. Meðfram vegunum stóðu svo á viðkomandi stöðum bændur og borgarar og önnur alþýða, allt saman prúðbúið fólk, sællegt og ánægjulegt. Svo vel leið fólkinu undir hans stjórn. Allt var þetta áranguur hinnar ágætu og glæsilegu stjórnar Pótemkins. En þessi ágætu bændabýli, þessi fögru sveitaþorp og borgirnar með verksmiðjunum og turnbyggingunum voru raunar bara leiktjöld, sem Pótemkin hafði látið gera og reisa upp til að villa drottningunni sýn. Sællega fólkið og ánægða, það voru ekki landsins vinnandi stéttir, heldur málalið Pótemkins sjálfs, sem hann flutti milli viðkomustaðanna, þar sem leið drottningarinnar lá um.

Af þessum tiltektum er Pótemkin frægur orðinn í veraldarsögunni. Og sagan endurtekur sig. Nú er það hæstv. ríkisstj. og málpípur hennar, sem grípa til Pótemkins ráðanna og tildra upp sífelldum leiktjöldum til að villa liðsmönnum sínum og þjóðinni sýn um aðgerðir sínar að því að bæta afkomu landsins. Ein síðustu leiktjöldin, sem eiga að sýna afrek hæstv. fjmrh., eru það, að það sé **hans** verk, að fengizt hefir þessi viðskiptajöfnuður við útlönd. Það er nú látið heita svo, að það hafi ekki áður þekkzt, að við-

skiptajöfnuður hafi verið hagstæður, jafnvel í vondum árum.

Ég hefi þó ekki úr þeim Pótemkins herbúðum heyrt upp á síðkastið neitt sérstakt hrós um þá stj., sem sat að völdum í ársbyrjun 1933, og skilaði hún þó hagstæðum viðskiptajöfnuði, svo að útflutt vara var hálfri 11. millj. kr. hærri en innflutt árið á undan, og það þrátt fyrir það, þó að háv. ríkisstj. tæki við undir þeim markaðshorfum út á við, að kjötmarkaðurinn var þá í bili raunverulega lokaður í aðalmarkaðslöndunum, bæði Bretlandi og Noregi. Söluhorfur með sjávarafurðir voru á þá lund, að saltfiskurinn var að komast niður undir 50 kr. skippundið, þegar háv. stj. tók við völdum í júlíbyrjun 1932.

Þrátt fyrir þetta tókst þó eigi aðeins að opna aftur markaðinn fyrir landbúnaðarvörurnar, þótt lágur væri, heldur og með atbeina fisksölusambandsins að hækka fiskverðið, svo að útflutt vara varð 10½ millj. kr. meiri en innflutt. — Það sama ár gat Landsbankinn minnkað skuldir sínar við útlönd um 2 millj. kr. En hvað hafa skuldir bankanna við útlönd minnkað mikið á síðastl. ári? Hefir ekki aðstaða þeirra til útlanda versnað æði mikið á 2. millj. kr. síðastl. ár? En viðskiptajöfnuður bankanna segir ekki síður til um hina raunverulegu afkomu en inn- og útflutningsskýrslur.

Árið 1933 er hið eina ár, sem fyrrv. stj. ber fulla ábyrgð á, með því að það var hið eina heila ár, er hún sat að völdum. Það ár var viðskiptajöfnuðurinn við útlönd einnig hagstæður, og það nokkru betur en árið 1935, sem mikið hefir verið af gortað. Og þá hafði aðstaða bankanna gagnvart útlöndum einnig batnað. Á engu ári síðan 1928 hafa skuldir þjóðarinnar við útlönd minnkað eins mikið og það ár. Samkv. skýrslu hagstofunnar hafa erlendu skuldirnar 1933 minnkað um nær 4 millj. kr. að skráðu gengi, en nær 3 millj. kr. að gullgengi það ár, en samkv. útreikningi skipulagsnefndar atvinnumála í hinni stóru bók, sem nú er nýútkomin, hafa útlendu skuldirnar minnkað um 12⅘ millj. kr. eftir „vörugengi", sem hún svo kallar. Á engu öðru ári síðan 1922 hafa breyt. á erlendum skuldum þjóðarinnar verið hagstæðari en verzlunarjöfnuðurinn að „duldum" greiðslum meðtöldum. Og þó tönnlast hæstv. fjmrh. stöðugt á því, að hagurinn sé stöðugt að batna fyrir sínar aðgerðir.

Þá þykir honum ekki lítil framförin í því, hve miklu minna sé nú eytt framyfir það, sem fjárlög gera ráð fyrir, en í tíð fyrrv. stj. — Um rekstrarafkomu ríkissjóðs á því ári (1933) er til óvefengjanlegt plagg, sem er landsreikningurinn fyrir það ár, sem sýnir 62 þús. kr. betri afkomu en fjárl. það ár gerðu ráð fyrir. — En bráðabirgðayfirlit hæstv. fjmrh. í fyrra sýndi, að þrátt fyrir hinar gífurlegu skattahækkanir og þrátt fyrir hinn gífurlega óvænta áfengisgróða stj., þar sem hún seldi vín fyrir meira en sem svarar landverði allra jarða í 5 sýslum landsins, þá varð rekstrarútkoman samt 150 þús. kr. lakari en gert var ráð fyrir í fjárl. fyrir það ár, og hefir orðið enn lakari á síðastl. ári. Þó eru ekki, eins og vita má, nærri öll útgjöld komin fram, þegar bráðabirgðayfirlitið er samið. Þó var á árinu 1935 fært miklu meira af útgjöldum þess árs aftur fyrir sig á reikning ársins á undan en venja hefir nokkru sinni verið áður. Venjan er að loka reikningi hvers árs hjá ríkissjóði í marz næsta ár á eftir, en 1935 var sá háttur á hafður, að verið var að færa útgjöld inn á reikning ársins á undan fram á hásumar, og nemur síðasta upphæðin, sem þannig er ranglega færð á reikning ársins á undan, mörgum tugum þúsunda. Á þennan hátt tókst núv. hæstv. ríkisstj. að láta bráðabirgðayfirlitið fyrir árið 1935 líta betur út, en reikningur ársins 1934 varð auðvitað þeim mun óhagstæðari. Þetta gerði núv. ríkisstj., vegna þess að hún tók fyrst við völdum í júlí 1934, og þóttist hún því sjá leik á borði að kenna fyrrv. stj. um allan greiðsluhalla á því ári. En af áðursögðu er ljóst, að núv. hæstv. ríkisstj. verður að bera sinn hluta af ábyrgðinni á afkomu ársins 1934, þar sem hún sat ekki aðeins um helming þess árs sjálf að völdum, heldur notaði sér óvenjulegt og villandi reikningsuppgjör til þess að gera útkomu ársins 1934 lakari en hún í raun og veru var, til þess að geta heldur fegrað sínar fjaðrir á næsta ári á eftir.

Þegar núv. hæstv. ríkisstj. er að reyna að koma af sér sínum hluta ábyrgðarinnar á árinu 1934 og fegra sínar fjaðrir síðan með því, að bera sig saman við það ár, þá er skotið framhjá marki. Það er auðvitað aðeins einn þátturinn í því Pótemkinsleiktjaldatildri, sem núv. hæstv. ríkisstj. reynir að villa mönnum sýn með, ef unnt væri með því að bjarga sér í augum fjöldans.

Sama er að segja um viðskiptajöfnuð þessa síðastl. árs. Hann er að vísu hagstæður, en hann er 4 millj. kr. óhagstæðari en árið 1932. En hvernig er þessi hagstæði viðskiptajöfnuður til kominn? — Hann er ekki því að þakka, að innflutningsnefndin hafi ekki veitt leyfin. Hún hefir veitt innflutningsleyfi fyrir miklu meira en inn var flutt. Viðskiptajöfnuðurinn er þannig til kominn, að bankarnir sáu sér ekki fært að yfirfæra meiri gjaldeyri fyrir nauðsynlegum innkaupum á síðari hluta ársins. Aðstaða bankanna gagnvart útlöndum hefir versnað á síðastl. ári, eins og hagtíðindin bera vott um. Þjóðin stóð því gagnvart útlöndum eins og maður, sem fær ekki meiri úttekt í viðskiptareikning sinn fyrr en eftir ársuppgjörið um nýjár.

Þeir, sem eru miðaldra menn og meira, þeir muna þá dagana, þegar útlenda selstöðuverzlunin neitaði fátækum bændum um alla úttekt síðustu mánuði ársins, af því að skuldin mátti ekki hækka meir fyrir nýjárið, en lét svo sömu bændur fá vörur með hækkuðu verði eftir nýjár. Við þessa sömu aðstöðu hefir þjóðin búið síðustu mánuði næstl. árs; hún gat ekki fengið meira út í útlendu búðinni, þ. e. a. s., það var ekki hægt að yfirfæra fyrir meiri innflutningi fyrr en eftir nýár, og það þrátt fyrir það þó að ríkisstj. hefði selt heilt herskip úr landi, sem bætir þó viðskiptajöfnuðinn um mörg hundruð þús. kr., þó að það færi ekki fyrir helming kostnaðarverðs, en ríkisstj. hefir, eins og hæstv. fjmrh. upplýsti, eytt öllu andvirði þessa herskips með því að taka það að láni úr landhelgissjóði. Vegna þess að ekki var hægt að yfirfæra meiri gjaldeyri, verður þjóðin að sæta hækkaða verðinu

eftir nýjárið, eins og fátæki bóndinn í gamla daga. Með þessu móti varð viðskiptajöfnuðurinn síðastl. ár hagstæður á pappírnum, þó að sýnilega vanti 2 millj. a. m. k. til þess, að greiðslujöfnuður við útlönd hafi náðzt, eins og líka viðskiptajöfnuður bankanna erlendis ber vott um. Þess vegna verður það undarlega fyrirbrigði, að innflutningurinn er stórum mun minni en sem nemur þeim innflutningsleyfum, sem innflutningsnefndin hefir veitt.

Hæstv. fjmrh. hefir alveg sérstakt lag á því að búa til á sjálfan sig dyggðir úr vesaldóminum. Þegar Hambrosbanki í Lundúnum bannaði honum að taka meiri lán og setti það sem skilyrði fyrir síðustu lántöku, að hann lofaði því skriflega, að hann stæði við það, þá tekur hæstv. fjmrh. að hrósa sér fyrir það hástöfum, að nú hafi ríkisstj. algerlega breytt um stefnu. Þegar hæstv. fjmrh. fór sjálfur til Bretlands og talaði við brezkan bankamann, þá bar hann ekki verr hryggbrotið en það, að þegar hann er kominn heim, lætur hann skrifa um sig, að nú hafi ríkisstj. tekizt að koma í veg fyrir alla skuldasöfnun erlendis. Og þegar innflutningurinn verður verulegum mun minni en útflutningurinn, af því að ekki var hægt að yfirfæra meira og þjóðin fékk ekki meiri úttekt í útlöndum fyrr en eftir nýjársuppgjörið, þá ræður hæstv. fjmrh. sér ekki fyrir monti, af því að þetta sé sér að þakka og innflutningsnefnd. En hvernig hefði útkoman orðið, ef bankarnir hefðu yfirfært fyrir öllum þeim innflutningsleyfum, sem innflutningsnefndin hefir veitt? Það er upplýst, að ef innflutningsleyfin hefðu að fullu verið notuð, þá hefði viðskiptajöfnuðurinn orðið óhagstæður um álíka margar millj. og árið 1934. Það eru því hrein Pótemkinsleiktjöld, sem verið er að villa fólki sýn með, þegar hinn hagstæði viðskiptajöfnuður er þakkaður hæstv. fjmrh. og innflutningsnefnd hans. Að útflutningurinn varð í meðallagi þrátt fyrir fiskileysi að vetrinum, var að þakka hinum óhemju síldarafla; en það mun nú álíka smekklegt að þakka hæstv. fjmrh. fyrir hann eins og þegar kónginum var þakkað fyrir góða veðrið í gamla daga.

Ég efast ekki um, að innflutningsnefnd hafi neitað um leyfi fyrir ýmiskonar óþarfa, og hún má hafa mína þökk fyrir það. En hún hefir ekki neitað um eða takmarkað innflutning á skaðlegasta óþarfanum, þar sem vínið er. Ríkisstj. hefir hennar vegna enn getað selt brennivín og annað áfengi fyrir landverð 5 sýslna, eins og síðastl. ár. Ríkisstj. hefir hennar vegna getað komið vínunum þangað, sem helzt var atvinnan og hinum vinnandi landslýð bárust helzt peningar í hendur fyrir störf sín. Hún hamlaði ekki ríkisstj. frá að selja fólkinu, sem fór til Siglufjarðar, áfengi, sem nam yfir bezta bjargræðistímann á 2. þús. kr. að meðaltali á dag af þeim vinnupeningum, sem sjálfsagt hefði verið full þörf fyrir, þegar heim kom og harðnaði á með haustinu.

Ég veit, að hæstv. fjmrh. talar hér á eftir og segir, að vín séu leyfileg vara skv. landslögum og því megi ekki takmarka þau. En ég vil spyrja: Er ekki t. d. þakjárnið líka leyfileg vara að lögum? Og mátti þá ekki takmarka innflutning á víni eins og á því, úr því að nauðsyn þótti að takmarka svo innflutning á því, að þegar þökin voru að fjúka af hlöðunum í ofveðrinu í sept. síðastl., þá var a. m. k. í einu héraði ekki nokkur þakplata fáanleg í allri sýslunni? Ekki er því þó hægt við að bera, að við höfum neyðzt til að kaupa vín af Spánverjum, því að þeir hafa lítið keypt af oss síðastl. ár, eins og allir vita; við höfum keypt nær 30% meira af þeim en þeir af okkur síðastl. ár. Minnst af sterku vínunum mun og vera keypt frá Suðurlöndum.

Það þarf ekki annað en að líta í suma búðargluggana hér í Rvík til að sjá, að enn er nóg flutt inn af sumum óþarfanum. Og það þarf ekki annað en að tala við suma iðnaðarmennina hér í Rvík, sem ekki hafa getað fengið leyfi hjá innflutningsnefnd fyrir nema helmingi þess, sem þeir þurftu til starfs síns, en hafa hinsvegar oft getað keypt sér nægileg innflutningsleyfi af öðrum, til þess að sjá, hve innflutningsnefndinni hafa verið tilfinnanlega mislagðar hendur, því að það var þó ekki tilgangurinn með innflutningsnefndinni, að skapa sérstaka atvinnugrein fyrir milliliði í innflutningsleyfum. Á þennan hátt er sýnilegt, að innflutningsnefndin missir allt taumhald á innflutningnum, þegar innflutningsleyfin ganga kaupum og sölum frá einum til annars, og nefndin getur ekkert vitað um, hvar leyfin lenda að síðustu. Þetta hefir líka sýnilega orðið svo síðastl. ár, þar sem innflutningur hefir verið leyfður fyrir stórum meira en bankarnir gátu yfirfært. Er þetta þeim mun óafsakanlegra, sem innflutningsnefndin hafði brennt sig á þessu sama soði í fyrra, þegar vörur, sem innflutnings- og gjaldeyrisleyfi var fengið fyrir, voru settar fastar á skipaafgreiðslunum hér í Rvík af sömu ástæðu, til stórhnekkis fyrir viðskiptatraust Íslendinga erlendis. Það leiðir af sjálfu sér, að þegar innflutningsnefnd heldur ekki betur á en þetta og skapar nýja milliliði, sem hún hefir ekkert vald yfir, þá gengur þetta að meira eða minna leyti út yfir nauðsynjavörurnar, sem hafa verið að hækka í verði síðan í haust. Þetta varð og átakanlega okkar hlutskipti á síðustu mánuðum ársins. Menn gátu ekki keypt útgerðarvörurnar fyrir áramót eins og þeir þurftu. Menn gátu ekki einu sinni byrgt sig að kolum til útgerðarinnar, þó að þau væru sihækkandi og séu nú þegar hækkuð um 20%. Og við gátum ekki dregið nema það allra minnsta að okkur af þeim nauðsynjum, sem nú hafa stigið á erlendum markaði, sumar jafnvel 50—60%. Rúgmjöl hefir stigið á erlendum markaði um 56%, miðað við fobsölu, sykur um 25% og kaffi um 37% frá því í september. Hverju ætli það muni alla þjóðina, að þurfa nú að kaupa með hækkaða verðinu, móts við það, ef hún hefði getað fengið út meiri vetrarforða í haustkauptíð, en ekki þurft að bíða fram yfir uppgjörið um nýjár? Hverju ætli það muni alla þjóðina á okkar daglega brauðefni, rúgmjölinu, sem hefir hækkað um 56%? — Ætli það hefði ekki verið eins gott að takmarka eitthvað innflutninginn á vininu, sem flutt var norður í beztu vinnustöð landsins í sumar og selt þar fólkinu jafnóðum og það vann sér eitthvað inn? Og ætli það hefði ekki líka mátt takmarka eitthvað leyfin til

þeirra, sem seldu þau aftur? Ætli það hefði ekki líka mátt takmarka eitthvað innflutning á tóbaki og margvíslegum óþarfa sem hér sést í búðum, til þess að ögn væri hægt að draga meira að sér af því óhjákvæmilega og allra nauðsynlegasta, sem var að hækka í verði með haustinu og nú hefir stórum hækkað?

Bóndi einn skrifar mér fyrir skemmstu, að í kaupfélaginu, sem hann verzlar við, hafi mjöltunnan hækkað um þriðjung. Hann þarf ekki að ásaka kaupfélagið sitt fyrir það, því að það hefir sjálfsagt ekki fengið að flytja inn vöruna, fyrr en verðið var hækkað, en hann getur minnzt hæstv. fjmrh. fyrir það, að hann hefir eytt óskertum sínum hluta af hinum dýrmæta gjaldeyri landsmanna í tóbak og áfengi, þegar meiri var þörfin að draga að sér hinar óhjákvæmilegustu nauðsynjavörur, er þær fóru að hækka í verði erlendis.

Að hagur þjóðarinnar sé að batna, það sýna útlendu skuldirnar. Þær komust aftur niður í 74 millj. kr. árið 1933, en eru nú skv. skýrslu skipulagsnefndar atvinnumála orðnar fullar 100 millj. kr. Að hæstv. ríkisstj. sé að hefja viðreisn, það eru bara leiktjöld, sem hún og gæðingar hennar tildra upp.

Ein leiktjöldin, sem þessi Pótemkinstjórn tildrar upp í fjarska fyrir landsfólkinu, er það, að hún sé að uppfylla loforðin fyrir kosningar um að útrýma atvinnuleysinu. En þessi leiktjöld henta nú bezt í fjarska meðal þeirra, sem ekkert þekkja til atvinnuleysisins í kaupstöðunum. Þeir, sem vilja kynnast raunveruleikanum, geta lesið atvinnuleysisskýrslurnar. 1. maí síðastl. voru atvinnuleysingjarnir hér í Rvík orðnir 720; þeim hafði fjölgað um 530 manns frá því 1. maí 1934, þegar ástandið átti að vera sem voðalegast, en þá voru þeir 190. Og enn hefir þeim fjölgað. Við síðustu talningu voru þeir komnir upp í 936 hér í Rvík einni saman. Hvað þeir eru í hinum kaupstöðunum, vantar mig skýrslur um, en ef marka má þær fréttir, sem útvarpið flutti nýlega um ástandið í þorpi einu á Vestfjörðum, þar sem loka varð skóla og kirkju vegna eldsneytisvandræða og þar sem fólkinu lá við sulti af skorti, þá virðist svo sem atvinnuleysinu sé þar ekki með öllu útrýmt. Það skartar að vísu allvel svona á leiktjöldum, að kalla sig stjórn hinna vinnandi stétta, en það er ekki gagn að einu saman skrautinu, þegar staðreyndirnar eru hinsvegar, og þær segja vissulega annað.

Þá skal vikið að því fjárlfrv., sem hér liggur fyrir. Eins og menn vita, hafa útgjaldaáætlanir fjárl. farið síhækkandi í tíð núv. hæstv. stj., og nú nemur útgjaldaáætlun á sjóðsyfirliti nær hálfri 17. millj. kr.

Þessi hækkun hefir að miklu leyti verið varin með því, að áriðandi væri að áætla útgjöldin nógu hátt, til þess að eigi yrðu umframgreiðslur framyfir það, sem stæði í fjárl. — En reynslan sýnir, að það hafa orðið umframgreiðslur fyrir því, þó að fjárl. væru hærri en áður gerðist. T. d. námu umframgreiðslur á árinu 1935 á 3. millj. kr. þrátt fyrir hin háu fjárl., og nú heyrðist manni, að bráðabirgðayfirlitið kæmi ekki nákvæmlega heim við fjárl. síðasta ár. Nú gerir hæstv. fjmrh. enn ráð fyrir hækkuðum útgjöldum á fjárl. Ætla mætti, að mestur hluti þeirrar hækkunar kæmi þá fram í auknum framlögum til atvinnuveganna og verklegra framkvæmda, en það er síður en svo.

Ég skal aðeins drepa á nokkra liði viðvíkjandi landbúnaðinum og verklegum framkvæmdum í sveitum til að sýna þetta. Eins og menn muna, felldi hæstv. stj. niður lögbundið framlag til ræktunarsjóðs 45 þús. kr. Þetta hefir ekki verið lagfært. Hún lækkaði lögboðið framlag til búfjárræktarinnar um 10 þús. kr. Þetta hefir ekki verið lagfært. Hún lækkaði framlög til sandgræðslu um 13 þús. kr., og það hefir ekki heldur verið lagfært. Hún lækkaði framlag til sýsluvegasjóðanna um ca. 50 þús. kr., og nú á enn að vega í þann knérunn. Þá lækkaði hún framlagið til áburðarkaupa niður í þriðjung þess, sem áður var, og hún lækkaði framlagið til Búnaðarfélags Íslands og búnaðarsambandanna um 20 þús. kr. Ekkert af þessu hefir verið lagfært á því fjárlagafrv., sem hér liggur fyrir. En í þess stað eru í þessu frv. færð niður framlög ríkissjóðs til ýmsra framkvæmda í sveitum. T. d. hefir framlagið til sýsluveganna enn verið lækkað um 22 þús. kr. Framlagið til brúargerða er lækkað um 20 þús. og framlagið til nýrra akvega á þjóðvegum landsins lækkað um 88 þús. kr. Hvað hefir þá hækkað? Ýmsir styrkir á 17. gr. hafa verið hækkaðir, og skal hér ekki um það rætt. Það, sem stingur meira í augun, er hin mikla hækkun í skrifstofukostnaði og launagreiðslum til ýmsra starfsmanna, gamalla og nýrra, skv. nýútunguðum lögum og stjórnarráðstöfunum. Nema þær hækkanir aðeins á sjálfum fjárl. á milli 150 og 160 þús. kr. við lauslegan samanburð. Ofan á þetta er svo heimildin til að fjölga dómurum í hæstarétti, en í það munu fara um 20 þús. kr. árlega.

Um nýjar persónulegar launauppbætur ætla ég ekki að ræða; aðeins verður það að teljast óvenjulegt, að einn nýr embættismaður á að fá persónulega launaviðbót strax á fyrsta ári, áður en reynsla er fengin, og það þó að embættisveitingin þætti mjög orka tvímælis og væri beinlínis gegn áskorunum bæjarstjórna og hreppsnefnda, sem mannsins áttu að njóta, og alþýðu manna víðsvegar af landinu. En það eru ekki launagreiðslur til hinna föstu starfsmanna á launalögum, sem mest stinga í augun, heldur eru það launagreiðslurnar og starfsmannafjölgunin í hinum nýrri stofnunum ríkisins. Kostnaður við útvarpið er nú með áætlaðri fyrningu á 5. hundr. þús., þó að vextir og afborganir komi ekki til greina, enda virðist svo sem sumum sé þar vel borgað lítið starf. Áfengisverzlunin hér í Rvík hefir 37 manns í sinni þjónustu og greiðir þeim 140 þús. kr. í laun, þar af eru ýmsu „lausafólki", sem fjárlögin svo kalla, greiddar 25 þús. kr. Það er yfir 40 þús. kr. hærra en laun allra sýslumanna og bæjarfógeta á landinu. Innflutningsnefndin og starfslið hennar fær rúmar 74 þús. í laun; það eru að vísu 18 menn, að riturum og vélriturum meðtöldum, en þessi laun samsvara líka sem næst öllum ríkissjóðslaunum 137 barnakennara í lægsta launaflokki. Hin nýja tryggingarstofnun ríkisins fer nú þegar

með sömu laun og 10 sýslumenn og bæjarfógetar. Fiskimálanefnd þarf með aðstoðarmönnum milli 60 og 70 þús. í laun fyrir utan annan kostnað, og síldarútvegsnefndin er þar hálfdrættingur. Bifreiða- og raftækjaeinkasölurnar komast hér ekki af með minna en 80 þús. kr. í laun. Og ein landsins minnsta stofnun, sem sett var á laggirnar nú síðastl. sumar, þarf nú þegar ekki minna en 25600 kr. í laun og annað eins í annan kostnað. Það er svonefnd Ferðamannaskrifstofa ríkisins. Hún hefir að vísu ekki nema 4 starfsmenn, forstjóra, „landkynni", ef ég kann að nefna það, og svo skrifstofustjóra og bréfritara, en þeir 4 hafa sömu laun og allir kennarar Eiðaskóla, Hólaskóla og Hvanneyrarskóla, að skólastjóralaununum og bústjórnarlaununum meðtöldum öllum til samans.

Ef maður tæki nú í eitt félag þessi tvö yngstu reifabörn hæstv. ríkisstj., ferðamannaskrifstofuna og raftækjaeinkasöluna, og bætti svo við aðeins þessum 5 nefndum, sem skýrslan er um aftan við fjárl., þá eru þar á fóðrum nýir launamenn upp á 322 þús. kr., eða rétt um 50 þús. kr. dýrari menn en allir kennarar háskólans, menntaskólans í Rvík og menntaskólans á Akureyri, stýrimannaskólans, vélstjóraskólans, Eiðaskólans og bændaskólanna beggja, að öllum skólastjórum meðtöldum til samans, og þó hafa ýmsir þessara manna bein og bitlinga og heil embætti þar fyrir utan. En þess er líka að gæta, að í þessum og því líkum nýlaunamannaflokki eru mennirnir, sem eru ánægðir með núv. hæstv. ríkisstj., menn sem hæstv. stj. getur notað til að reisa upp leiktjöldin að hætti Pótemkins, menn sem hæstv. ríkisstj. getur flutt á milli og sýnt, hvar sem er á landinu eins og Pótemkin, þegar hún vill sýna drottningu sinni, þjóðinni, hve vel hún haldi þegna sína og láti sér annt um ríki sitt.

***Jónas Guðmundsson:** Ég skal ekki þreyta hv. þingheim með því að endurtaka hina glöggu skýrslu hæstv. fjmrh. Í skýrslunni kom það greinilega fram, að fjárlfrv. þetta er að öllu leyti í aðalatriðum eins byggt og fjárlfrv. fyrir árið 1937, sem sett var með fullu samkomulagi stjórnarflokkanna. Heildartekjur ríkissjóðs eru áætlaðar um 100 þús. kr. lægri en í fyrra, og heildarútgjöld eru áætluð um 200 þús. kr. lægri. Er því ekki um verulegar breyt. að ræða. Vil ég því ekki eyða tíma í að ræða einstakar gr. frv. En ég vil nota þær fáu mínútur, sem mér eru ætlaðar, til að minnast á nokkur atriði í ræðum tveggja síðustu ræðumanna, hv. þm. Vestm. og hv. 10. landsk.

Bæði í blöðum andstöðuflokka stj. og eins nú við þessar umr. hefir starfsmannaskrá ríkisins verið talin bera vitni um, að meira sé greitt í kaup fyrir störf við ríkisstofnanir síðan núv. stj. tók við. Ég skal taka fram, að sú nýbreytni, að láta starfsmannaskrá fylgja fjárl., var tekin upp með fullu samkomulagi núverandi stjórnarflokka. Eru þessar skýrslur í alla staði sjálfsagt plagg með fjárl. til að sýna, hve miklu fé er eytt í launagreiðslur. Er það því ekki ámælisvert, heldur ættu allir að vera stj. þakklátir fyrir að hafa tekið upp þessa skýrslugerð. Meðan sjálfstæðismenn voru við völd, vantaði slíka skrá, og varð því að fara óraveg til að fá upplýsingar um þetta mál.

Hv. síðustu ræðumenn töldu, að um 5 millj. kr. væru nú greiddar af ríkinu í ýmiskonar starfslaun, og er þetta rétt, svo langt sem það nær. En vitanlega ber að flokka þessa upphæð eftir stofnunum. T. d. fer 1 millj. og 345 þús. til stofnana, sem eru óháðar ríkinu í raun og veru, og náttúrlega voru flestar þessar stofnanir til, áður en núv. stj. tók við, og greiddu þær þá meira í starfslaun en nú. Stærst þessara stofnana er landssíminn.

Þá eru önnur fyrirtæki, n. ýmsar og stj., sem núv. stjórnarflokkar hafa að nokkru leyti sett á laggirnar, en hafa líka að nokkru leyti verið til áður, eins og t. d. síldarbræðsla ríkisins. Er því algerlega villandi að halda því fram, að núv. stj. hafi hækkað launagreiðslurnar upp í 5 millj. kr. Mér þykir t. d. skorta á, að ekki skuli vera til skrá yfir launagreiðslur fisksölusamlagsins, sem í starfi sínu er sambærilegt við mjólkursölusamlagið, t. d. En það veldur því, að stj. hefir þar ekki með launagreiðslur að gera. En þar eru starfslaun upp undir 200 þús. kr. Af því sést, hvað er að byggja á skrafi sjálfstæðismanna um að þeir óski eftir niðurfærslu á launagreiðslum ríkisins.

Þá minntist hv. þm. Vestm. á, að Alþfl. hefði talað um það fyrir kosningar, að lækka tolla á nauðsynjavörum, en hækka beinu skattana. Hann komst að þeirri niðurstöðu, að annað atriðið hefði flokkurinn þó ekki svikið, að hækka beinu skattana, því að þeir væru hér hærri en í nokkru öðru Evrópulandi, þar sem hann þekkti til. Hann sagði, að flokkurinn hefði ætlað sér að lækka tolla á nauðsynjavörum, og er það rétt. En Alþfl. er ekki svo blindur að setja þá kröfu ofar því, sem á hverjum tíma er nauðsynlegt þjóðarheildinni, því að stjórnarflokkarnir verða að gera sér far um að tryggja þjóðarbúskapinn svo vel, að þjóðarheildin biði ekki tjón. Þó að flokkurinn hafi orðið að slá nokkuð af þeim kröfum, sem hann hefir sett fram í pólitiskri agitation, mun hann síðar þegar tímarnir batna, ekki síður vinna að því að lækka tollana en hann hefir nú unnið að hækkun beinu skattanna.

Þá minntist hv. þm. á hinar voðalegu fjármálaráðstafanir stj. Hæstv. fjmrh. benti á, að heildartekjur ríkissjóðs eru nú hærri en þegar stj. tók við. Og hann sýndi fram á, að þjóðin borgar ekki eyri meira í tolla og slíkt nú en áður. Að vísu stendur þjóðin verr að vígi nú en þá, en þó er ekki meira af henni tekið. Þetta er því skraf út í loftið. En stjórnarflokkarnir hafa hinsvegar notað skatta þá, sem ríkissjóður hefir tekið, til að vinna gegn hinu mikla böli, atvinnuleysinu. Þeir sjá, að það er engin leið til að lækka skattana nema því aðeins, að skornar séu niður opinberar framkvæmdir eða lækkaðir ýmsir styrkir til slíkra framkvæmda. Sjálfstæðismenn hafa oft verið beðnir að benda á, hvað þeir vilji, að lækkað sé af álögum þessum, en þeir hafa aldrei getað bent á neitt, sem máli skipti. Brtt. þeirra við fjárl. hafa nær eingöngu verið um lækkun á framlagi til verklegra framkvæmda, því að enginn treystir sér til að leggja

til, að lækkað verði framlag til heilbrigðismála, menntamála eða dómgæzlu og lögreglustjórnar, enda gerðu sjálfstæðismenn á sínum tíma tilraunir til að auka þann kostnað að verulegum mun. En þetta eru aðalútgjöld ríkissjóðs, auk verklegra framkvæmda. Þeir myndu vafalaust líka vilja draga úr tryggingarkostnaðinum, en það yrði varla vinsælt, eins og sést á því, að 20 þús. manns skuli þegar fyrir áramót hafa greitt iðgjöld sín í Reykjavík einni. Sýnir þetta, að tryggingarnar eru vinsælar meðal fólksins og að það skilur gildi þeirra.

Auk þess má geta þess, að eitt af því, sem Alþfl. er sérstaklega ákærður fyrir, er það, að hann hafi viljað vinna það til, svo að tryggingunum yrði komið fram, að leggja aðflutningsgjald á nauðsynjavörur, sem fátækur almenningur notar sér til matar. En Alþfl. sá, að ekki var hægt að rýra tekjur ríkissjóðs svo, að þetta fé væri tekið frá honum. Alþfl. hefir aldrei fylgt pólitík hv. 10. landsk. og hans líka, að krefjast stöðugt aukinna útgjalda, án þess að benda á leiðir til að afla fjár til þeirra. Ég man bara eitt tilfelli, þar sem hv. 10. landsk. hefir jafnframt bent á fjáröflunarleið. Það var, þegar hann vildi taka nokkuð af vegafé, til þess að byggja fyrir hlandforir uppi í sveit.

Báðir þessir hv. ræðumenn minntust á skortinn í kaupstöðunum. Þeir minntust á það, að fyrir nokkrum kvöldum hefði verið frá því sagt í útvarpinu, að á Bíldudal væri hvorki til matvæli né eldiviður. Dettur nú þessum mönnum í hug að halda því fram, að þetta sé fyrir aðgerðir ríkisstj.? Þeir hafa báðir gengið fram hjá aðalatriðinu, sem er hinn mikli aflabrestur, sem orðið hefir mörg undanfarin ár. Eða vita þessir menn ekki, að afli á Vestfjörðum, Austfjörðum og jafnvel Faxaflóa, hefir verið svo margfalt minni heldur en nokkru sinni áður. Er það stj. að kenna? Og vita þeir ekki, að viðskipti vor við aðrar þjóðir hafa verið færð í þær viðjar, að vart er mögulegt að snúa sér við? Þeir gengu sem sagt báðir fram hjá því, sem er aðalatriðið, en það eru erfiðleikarnir á viðskiptum vorum við útlönd og hagnýtingu framleiðslunnar úr sjónum. En hvorugur minntist á þetta, ekki einu sinni hv. þm. Vestm., sem maður hefði þó getað gert þá kröfu til. Ég vænti þess ekki af hv. 10. landsk., því að hann sér aldrei neitt nema landbúnað og bændur. En hv. þm. Vestm. hefði átt að minnast á þetta og skýra, hvernig þessum erfiðleikum ætti að mæta.

Hv. þm. Vestm. sagði, að stjórnarflokkarnir hefðu lofað að létta af sköttum, en þeir hefðu þyngt þá; þeir hefðu lofað að minnka atvinnuleysið, en þeir hefðu aukið það; þeir hefðu lofað að létta undir með atvinnuvegunum, en þeir hefðu íþyngt fyrir þeim. Ég hefi í því, sem ég hefi sagt, að nokkru svarað þessum ásökunum, en meginsvarið verður vitanlega að felast í því viðhorfi, sem á hverjum tíma verður til að uppfylla þau gefnu loforð, og ég hika ekki við að segja það, að stjórnarflokkarnir hafa gert allt, sem í þeirra valdi hefir staðið, til þess að uppfylla þessi loforð. Atvinnuleysið í landinu hefir minnkað, frá því sem áður var. Atvinnuleysisskráningarnar, sem hv. þm. Vestm. minntist á, eru enginn mælikvarði fyrir því, hvað atvinnuleysið var áður en stjórnarflokkarnir tóku við völdum, vegna þess að það er vitað, að bæði hér í Reykjavík og annarsstaðar komu menn ekki til skráningar, þar eð þeir vissu, að það hafði enga þýðingu. Nú vita þeir aftur á móti hið gagnstæða. Þeir vita, að stjórnarflokkarnir vinna að því að leysa atvinnuleysisvandræðin, og því koma menn til skráningar, og því er skráningin nú sú rétta, en eins og hún var áður, var hún ekkert nema kák. Það getur líka hver maður sagt sér sjálfur, hvort það ekki hefir áhrif á atvinnuleysið í landinu, að nú er varið 6 millj. kr. úr ríkissjóði beinlínis til verklegra framkvæmda og ýmsrar styrktarstarfsemi við atvinnurekstur landsmanna. Hefðu sjálfstæðismenn haft ráðin, þá er vafalaust, að þetta fé hefði ekki verið svona mikið, vegna þeirrar stefnu, sem þeir fylgja í atvinnumálum, sem er sú, að einkaframtakið sjái að sem mestu leyti fyrir atvinnurekstrinum í landinu. Þeir hefðu því ekki tekið ríkisfé til þess að létta róðurinn í þessu efni. Hefðu þeir gert það, þá hefðu þeir verið ósamkvæmir sinni stefnuskrá, sem byggist á því, að láta einstaklingana sjálfa sjá fyrir atvinnulífi landsmanna. Þessi sami hv. þm. sagði, að stj. hefði ekki létt undir með atvinnuvegunum, heldur íþyngt þeim með sköttum. En það er á fleiri vegu hægt að létta undir með atvinnuvegunum heldur en að létta af þeim sköttum. Og ég veit ekki til að nokkru sinni hafi verið gerðar stórfelldari tilraunir heldur en einmitt nú í tíð núverandi stjórnarflokka til þess að greiða fyrir smáútvegsmönnum um land allt og létta byrðar þeirra. Það hefir verið stofnaður skuldaskilasjóður vélbátaeigenda, til þess að létta skuldir þeirra, veita þeim hagkvæm lán og losa þá við skuldir, sem þeir urðu að dragast með á sínum atvinnurekstri. Þetta gleymdi hv. þm. Vestm. að minnast á. Hann gleymdi líka að minnast á það, að fyrir aðgerðir stjórnarflokkanna hefir margskonar nýbreytni verið tekin upp í verkun, útflutningi og hagnýtingu sjávarafurða, sem nú þegar hefir sýnt það, að með breyttu fyrirkomulagi má draga að verulegu leyti úr þeim vandræðum, sem þjóðfélagið mun komast í við það, að saltfisksalan stöðvast. Eins er það fyrir beinar aðgerðir stjórnarflokkanna, að síldarútvegurinn gat á síðastl. ári skilað jafnglæsilegum árangri og raun er á, því að ef þeir hefðu ekki beitt sér fyrir auknum síldarverksmiðjuiðnaði í landinu, hefði það gull ekki komið inn í landið, sem kom fyrir síldarafurðirnar. Allt þetta gleymdi hv. þm. Vestm. að minnast á, þegar hann hélt sína skörulegu ræðu áðan.

Ég skal svo ekki þreyta þingheim með lengri ræðu. Hv. 10. landsk. finnst mér ég aldrei þurfa að svara neinu. Afstaða hans og hans flokks er þannig hér á Alþ., að það er eiginlega enginn, sem getur tekið tillit til hans. Meðferð hans á öllum málum er sú, að heimta og heimta eingöngu fyrir landbúnaðinn, en aldrei fyrir neitt annað, og koma aldrei með neinar till. til þess að mæta þeim auknu útgjöldum, sem þessi heimtufrekja myndi hafa í för með sér, ef henni væri að nokkru sinnt. Ég þykist því ekki þurfa að fara fleiri orðum um ræðu hans.

*Ásgeir Ásgeirsson: Ég ætla að segja hér nokkur orð í tilefni af þeim samanburði, sem nú hefir verið gerður á síðasta ári og árinu 1934 og að nokkru leyti árinu 1932. Ég skal játa það, að á árunum 1932—1934 var rekstrarhalli hjá ríkissjóði. Sá rekstrarhalli nam að meðaltali þessi 3 ár 1¾ millj. kr. á ári. En 2 síðustu árin, 1935—1936, mun aftur hafa orðið rekstrarafgangur hjá ríkissjóði, sem þó ekki mun hafa numið meira að meðaltali heldur en 300 þús. kr. á ári. Meðaltalsmunurinn á þessum 2 síðustu árum og 3 árunum þar áður er þess vegna um 1½ millj. kr. En þessi munur er minni heldur en sá munur, sem var á áfengistekjunum á árunum 1934 og 1935, því að sá munur mun hafa verið á þessum 2 árum um 1 millj. og 700 þús. kr. Nú var þessi ráðstöfun, afnám bannsins, að vissu leyti ópólitísk ráðstöfun, sem af tilviljun var gerð á árinu 1935 á fyrsta ári núverandi stj. Ef þessi breyting, afnám bannsins, hefði verið gerð á árinu 1932, þá er útlit fyrir, að þetta hefði allt verið jafnt, og ef þessi breyting væri ekki um garð gengin enn þann dag í dag, þá er útlit fyrir, að allt hefði líka verið jafnt á þessum 6 árum. — Auk þessa þá er sannarlega ástæða til að geta þess, að hin fyrstu ár, sem ég var fjmrh., fengust engir viðbótartollar né viðbótarskattar. Stjórnmálin í landinu voru komin í það öngþveiti, að stöðvunarvald Ed. gat hindrað alla nýja skatta og tolla, hversu nauðsynlegir sem þeir þó voru í byrjun kreppunnar. Ég hygg, að Ísland sé eina ríkið í álfunni, sem ekki hefir hækkað sína skatta og tolla á fyrstu árum kreppunnar. Frá þessu stafar vitanlega, að útkoman var 1931—1934 ekki betri heldur en þetta, sem ég hefi nú sagt. Síðasta stj. áorkaði meðal annars því að leysa íslenzku þjóðina úr þessu öngþveiti. Sú stj. leysti kjördæmamálið á þann hátt, að það opnuðust aftur möguleikar til að leggja á nýja skatta og tolla miðað við þarfir ríkissjóðs. Þessa starfs okkar nýtur nú núverandi stj. Það, sem við gerðum í þessu efni, kom ekki okkur til stuðnings, heldur þeirri stj., sem nú situr. Og hvað viðvíkur hinum nýju tollum og sköttum, þá hefi ég fyrir mitt leyti jafnan fylgt núverandi stj. til að koma þeim á. Ég hygg því, að þegar litið er til allra orsaka, þá sé munurinn á þessum árum, 1932—1934, og svo hinum 2 árunum, 1935—1936, ekki svo mikill. Það sama kemur fram, þegar litið er á verzlunarjöfnuðinn. Framsfl. hefir nú haft fjmrh. frá 1928 til þessa dags. Á árunum 1928—'31 er meðaltalsafgangur á verzlunarjöfnuðinum rúmlega 100 þús. kr. Á árunum 1932—'34, sem ég ber ábyrgð á, er meðaltalsafgangur á verzlunarjöfnuðinum 3 millj. og 200 þús., og á þessum 2 síðustu árum mun hann vera eitthvað tæpar 4 millj. kr. Á þessu meðaltali, 3200 þús. kr. og 3900 þús. kr., munar ekki miklu, a. m. k. ekki meira en því, sem maður getur búizt við af breyttri löggjöf um innflutning til landsins. Og ef ég á nú að standa fyrir utan þennan hóp, og aðeins má reikna með öðrum framsóknarfjmrh. á árunum 1928—'36, þá er meðaltalsafgangurinn á verzlunarjöfnuðinum á árunum 1928—'32 og 1935—'36 1600 þús. kr., sem er 2 millj. kr. lægri meðaltalsjöfnuður heldur en á þeim árum, sem menn vilja, og það ekki að ástæðulausu, láta mig bera ábyrgð á. Ég held þess vegna, að minir gömlu og góðu flokksmenn græði heldur á því að telja mig með í hópnum í þessu sambandi, og að það sé ekki einasta vafasamt, heldur algerlega rangt, að ég einn beri ábyrgðina á árinu 1934. Það vill oft verða svo, að ár, sem bæði eru kosningaár og um leið stjórnarskiptaár, verða heldur dýrari ríkissjóði, heldur en önnur ár, og ég veit, að núverandi hæstv. ráðh. fírtast ekki af því, þó að ég segi, að þeir hafi verið ógætnari á síðari hluta ársins 1934, þegar þeir störfuðu, eftir því sem þeir sjálfir segja, upp á mína ábyrgð, heldur en 2 síðari árin. A. m. k. kemur þetta bert fram á verzlunarjöfnuðinum, því að hann var í ágúst, þegar við létum af völdum, mjög áþekkur því, sem hann var í ágúst 1935, þegar núverandi stj. var búin að sitja í eitt ár. Ef verzlunarjöfnuðurinn 1934 hefir verið verri en 1935, þá er það því síðari hluta ársins 1934 að kenna. Stj. hefir því annað hvort ekki strax byrjað að beita því valdi, sem hún fékk í ágúst 1934, eða þá að hún hefir ekki ráðið við innflutninginn frekar heldur en við hefðum gert, ef við hefðum haldið áfram út það ár. Ég hygg því, að það sé nokkuð bert, að um þetta ár eigi að vera bræðrabylta, og að við komumst ekki lengra í réttlátri skiptingu á útkomu þess árs, að því er snertir verzlunarjöfnuðinn. Ég vil auk þess geta þess, að þetta ár, 1934, var í upphafi heldur sæmilegt, og oft er það svo, að útkoman verður lakari á þeim árum, sem byrja sæmilega og enda illa, heldur en á þeim árum, sem eins og 1936 byrja illa, en enda vel. Þetta gerir oft þann mun, sem stj. er vorkunn, að þær sjá ekki fyrir.

*Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Ég kemst nú ekki til á þessum stutta tíma að minnast á nema fátt eitt af því, sem ég vildi.

Hv. þm. V.-Ísf. ætla ég að segja það, að ég ætla ekki að fara út í neinn mannjöfnuð okkar í milli út af þeim niðurstöðum, sem fyrir liggja um árið 1934, en hitt vil ég þó segja honum, að ég get ekki fallizt á að skipta árinu bróðurlega á milli okkar. Til þess tel ég, að of miklu hafi verið ráðið um afkomu þess, þegar núv. stj. gat áhrif á það haft. — Hvað því viðvíkur, sem hv. þm. sagði, að afkoma ríkissjóðs á árunum 1932—'34 hafi verið svo slæm, af því að honum hafi verið neitað um tekjuöflun, þá er það alveg það sama og ég hefi alltaf haldið fram. Ég hefi aldrei beint ásökun minni til hans persónulega, heldur til Sjálfstfl., sem ekki vildi ganga inn á þá skyldu, sem honum bar, að afla ríkissjóði tekna. Þetta hefi ég talið höfuðástæðuna fyrir því, hvernig þessum málum var þá háttað.

Hvað því viðvíkur hjá hv. þm. V.-Ísf., að hin betri útkoma nú sé aðeins áfengisverzluninni að þakka, þá má það vel vera að tölur hv. þm. í þessu sambandi hafi verið réttar, en hitt er náttúrlega vitað fyrir því, að ef ekki hefði verið von á þessum auknu tekjum, þá hefði annaðhvort verið reynt að skera niður á fjárl. fyrir þessari upphæð eða reynt að afla annara tekna í staðinn.

Þá vil ég leyfa mér að leiðrétta það hjá hv.

10. landsk., að á landsreikningnum 1934 hafi verið óréttilega færð útgjöld til þess að gera útkomu þess árs hagstæðari. Ég skora á hann að gera frekari grein fyrir þessu síðar, en hann mun ekki geta fundið þessum orðum sínum stað frekar en svo oft áður.

Þá var þessi sami hv. þm. að tala um innflutning áfengis á síðastl. ári, en hefir honum aldrei dottið það í hug, að meðan hann var ráðh. 1932—'33 var flutt inn áfengi og tóbak fyrir svo að segja alveg sömu upphæð og síðastl. ár? Hefir hv. þm. aldrei dottið í hug, að hann þyrfti að gera grein fyrir þessu? Hann veit þó, að samkv. þeirri afgreiðslu, er áfengismálið fékk, er skylt að flytja inn áfengi, ef ekki á að brjóta gegn þjóðarviljanum. Hv. þm. segir, að hægt hefði verið að kaupa vörubirgðir og forðast verðhækkun, ef ekki hefði verið flutt inn áfengi, en hann hefir víst aldrei athugað það, að gjaldeyrir sá, sem farið hefir í áfengiskaup á síðastl. ári, er innan við 400 þús. kr. Heldur nú hv. þm., að hægt hefði verið að kaupa miklar vörubirgðir fyrir þann gjaldeyri?

Ég sagði í minni fyrri ræðu, að ýmislegt hefði verið reynt til þess að koma í veg fyrir, að menn viðurkenndu þann árangur, sem náðst hefir í viðskiptunum við útlönd, en nú hefir komið nýtt upp á teninginn. Nú þykjast hv. 10. landsk. og hv. þm. Vestm. ætla að sanna það, að innflutningshöftin hafi ekki verkað í þessa átt, af því að leyfi hafi verið gefin fyrir miklu hærri upphæð heldur en enn hefir verið flutt inn fyrir. Það vill nú svo vel til, að ég get afsannað þetta. Það er rétt, að innflutningsleyfi hafa verið gefin fyrir meira en inn hefir verið flutt, en við skulum nú athuga, hvaða innflutningsleyfi þetta eru. Það eru aðallega innflutningsleyfi fyrir útgerðarvörum og öðrum slíkum nauðsynjavörum. Og nú ætla þessir hv. þm. að halda því fram, að þessi leyfi hafi ekki verið notuð vegna gjaldeyrisskorts. En ég ætla, að allir viti, að gjaldeyririnn er alltaf látinn ganga til hinna brýnustu nauðsynja, enda hefir hér ekki verið neinn skortur á þessum vörum. Ég veit ekki, hvort þessir hv. þm. trúa þessu sjálfir, sem þeir eru að segja, en hitt er víst, að þeir, sem á þessar umr. hlýða, trúa þessu ekki, því að þeir vita, að innflutningsleyfi fyrir útgerðarvörum hafa ekki verið látin liggja vegna gjaldeyrisskorts, heldur vegna þess, að menn hafa beðið um riflegri leyfi heldur en þeir þurftu að nota. Gjaldeyrisnefnd hefir jafnan fylgt þeirri reglu, að veita nægileg innflutningsleyfi fyrir útgerðarvörur, til þess að menn gætu ekki núið henni um nasir, að hún veitti ekki leyfi fyrir því, sem verður að teljast til hinna brýnustu nauðsynja.

Þá var hv. þm. að óskapast yfir því, að ekki hefði verið keypt nægilega mikið af vörum, áður en verðhækkunin skylli á. Það má vel vera, að það hefði verið betra ástand nú, ef við ættum meira af íslenzkum og útlendum vörubirgðum í landinu. Ég verð að segja, að ég tek það sem traustyfirlýsingu til mín, að þessir menn hafa orðið fyrir vonbrigðum í því, að á síðasta ári hefir ekki tekizt hvorttveggja, bæði að ná fullum greiðslujöfnuði og safna fyrir birgðum af innlendum framleiðsluvörum og erlendum nauðsynjavörum. Og þetta allt virðast þeir hafa búizt við, að við gætum gert á sama ári og Spánarmarkaðurinn lokaðist að fullu. Á þessu hlýtur þessi málflutningur þeirra að byggjast, ef þeir vilja ekki láta heimfæra hann undir blekkingar af lélegustu tegund. Hann hlýtur að byggjast á því, að þeir telja, að illa hafi verið staðið í ístaðinu, að þetta skuli ekki allt hafa tekizt, bæði að safna birgðum og ná greiðslujöfnuði. Og hver væri svo afleiðingin af þeirri gagnrýni, sem hv. þm. Vestm. kom með? Hún væri sú, að innflutningshöftunum hefði verið of lítið beitt. En nú höfum við orðið fyrir sérstökum ofsóknum og árásum fyrir það, að þeim hafi verið of mikið beitt.

Ég teldi gott, ef hv. þm. Vestm. og hv. 10. landsk. hefðu haft tíma á eftir, svo að hægt hefði verið að heyra, hvernig þeir vilja samrýma þessa gagnrýni og það, sem flokkar þeirra hafa sagt og talað um framkvæmd innflutningshaftanna daglega.

Hv. 10. landsk. talaði um það hér áðan, að 1933 hefðu skuldir bankanna lækkað út á við, og þakkaði hann samsteypustjórninni það, en síðara árið hefðu skuldirnar aukizt. Það er rétt, að síðara árið jukust skuldirnar út á við. En það var ekki fyrir það, að viðskiptahalli hefði orðið á árinu, heldur fyrir hitt, að á þessu ári voru greiddar ýmsar lausar vöruskuldir frá fyrra ári, og það íþyngdi gjaldeyrisverzluninni. En af hverju var þetta? Það var af því, að fyrra árið fór fram stór lántaka erlendis, og lánsféð var flutt inn til bankanna og þess vegna batnaði aðstaðan. En á síðara árinu var ekkert erlent lánsfé flutt til bankanna, svo að þeir urðu að láta sér nægja þann gjaldeyri, sem féll til fyrir útfluttar vörur.

Ég verð að segja, að ég get verið ánægður út af fyrir sig með þá gagnrýni, sem komið hefir fram frá hv. stjórnarandstæðingum á niðurstöðu viðskiptanna við útlönd, því að þar með hefir gefizt tækifæri til þess að gefa upplýsingar um mismuninn á leyfum og innflutningi og leiðrétta ranghermi, sem haldið hefir verið uppi í blöðum andstæðinganna, án þess að tækifæri hafi gefizt til þess að leiðrétta það í útvarp.

Hv. þm. Vestm. talaði um útgjöld ríkissjóðs og tekjur hans, og talaði jafnframt um, að öll kurl kæmu ekki til grafar á landsreikningunum. Hv. 6. landsk. svaraði því, sem hann sagði um skattana og tollana, og líka því, sem hann sagði um launin, en því er ósvarað, sem hann sagði um útgjöld ríkissjóðs. Hann sagði, að þau kæmu ekki öll til greina á fjárlfrv., því að útgjöld síma og pósts væru ekki talin með ríkisútgjöldunum, heldur væri aðeins talinn hagnaðurinn af þessum stofnunum. Ég veit, að hv. þm. er það kunnugt, að í engu menningarríki þekkist það, að annað sé fært á heildarreikninginn en annaðhvort tekjur eða gjöld. En rétt til þess að sýna mönnum, hve mikil fjarstæða þetta er, þá þarf ekki annað en benda á, að ef fylgja ætti þessari reglu, þá ætti að gera reikninga bæjarsjóðs Rvíkur þannig úr garði, að ekki aðeins ætti að telja útgjöld bæjarsjóðs, heldur líka útgjöld hafnarinnar, rafmagnsveitunnar, vatnsveitunnar, hitaveitunnar, sundhallarinnar og ann-

ara opinberra fyrirtækja, sem bærinn rekur. Það sjá allir, að þetta er annaðhvort misskilningur eða sagt gegn betri vitund að það sé eðlileg reikningsfærsla, að hafa þetta þannig.

Ég er nú búinn með minn tíma. En það, sem mér finnst einkenna ræður andstæðinganna nú eins og áður, er, að þetta eru allt neikvæðar ræður. Það er ómögulegt að botna neitt í því, hvernig þessir menn ætla að skipa þessum málum, ef þeir hefðu vald til þess. Hv. þm. Vestm. talaði móti öllum sköttum og tollum. Ef eftir þessu væri farið og engin ný lög kæmu í staðinn, þá yrðu tekjur ríkissjóðs ekki yfir 12 millj. kr. Dettur nokkrum í hug, að þó að Sjálfstfl. færi með völd, að hann kæmist af með 12 millj. kr. ríkistekjur? Það dettur yfirleitt engum í hug, að hægt sé að skera niður 4 millj. kr. á fjárl., og hvað þá heldur, að hægt sé að gera það, án þess að skera niður fjárframlög til verklegra framkvæmda og tillög til atvinnuveganna, eins og hv. þm. Vestm. vildi halda fram.

ATKVGR.
Frv. vísað til fjvn. með 25 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

9. Gjaldeyrisverzlun o. fl.

Á 3. fundi í Nd., 17. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 11 9. jan. 1935, um gjaldeyrisverzlun o. fl. (þmfrv., A. 22).

Á 6. fundi í Nd., 20. febr., var frv. tekið til 1. umr.

***Ólafur Thors:** Þetta frv. er samhljóða frv., sem hv. 6. þm. Reykv. og ég fluttum á síðasta Alþingi. Þá horfði, a. m. k. um skeið, þannig fyrir málinu, að allar líkur virtust benda til þess, að það mundi ná fram að ganga. Að endingu varð það þó svo, að málið kom hingað til Nd. aftur frá Ed. með þeim annmörkum, að við flm. töldum ekki hag að lögfesta það eins og það þá lá fyrir, en hinsvegar ekki aðstaða til þess þá í þinglokin að fá því breytt í viðunandi horf. Frv. er nú flutt að nýju, í trausti þess, að hv. þm. geti fallizt á, að það, sem fram á er farið með ákvæðum frv., sé í fyrsta lagi sanngirnis- og réttlætiskrafa útveginum til handa og í öðru lagi ekki háð neinum þeim annmörkum, sem út af fyrir sig geri nauðsynlega andstöðu gegn málinu.

Höfuðefni frv. er það, að útgerðarmönnum skuli vera heimilt að ráðstafa þeim erlenda gjaldeyri, sem fæst fyrir útflutningsvörur þeirra, sem þeir þurfa til greiðslu á þeim vörum, sem þeir sjálfir nota til sinnar útgerðar. Og ætlazt er til, að ráðh. setji nánari fyrirmæli um gjaldeyrisverzlunina og að í þeirri reglugerð geti þá verið þau ákvæði, sem þurfa þykir til þess að fyrirbyggja, að nokkur misnotkun geti átt sér stað í þessu efni.

Ég get að öðru leyti vísað til þeirra umr., sem á síðasta þingi fóru fram um þetta mál. Málið var þá allýtarlega rætt frá ýmsum sjónarmiðum. Sé ég því ekki, á þessu stigi málsins, ástæðu til þess að láta því fylgja lengri grg., en mælist til, að því verði, að umr. lokinni, vísað til 2. umr. og fjhn.

***Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Framsaga hv. frsm. gefur ekki tilefni til þess að ræða þetta mál mikið við þessa umr., enda var málið mikið rætt á síðasta þingi. Mín skoðun var þá sú, að ekki væri fært að samþ. frv. eins og það liggur fyrir nú. Og mín aðaltill. var, að ef eitthvað ætti í þessu að gera, þá yrði það að vera í því formi, eins og frv. var í, þegar það kom frá Ed.

Sé ég ekki ástæðu til að fara út í þetta nánar að svo komnu. En ég vildi aðeins óska, að hv. fjhn. athugi málið mjög gaumgæfilega og óska að eiga tal við þá hv. n. áður en hún gefur út álit um málið.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til fjhn. með 24 shlj. atkv.

Á 33. fundi í Nd., 8. apríl, var útbýtt nál. frá minni hl. fjhn., á þskj. 244, en frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

10. Alþýðutryggingar (frv. GSv o. fl.).

Á 5. fundi í Nd., 19. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 26 1. febr. 1936, um alþýðutryggingar (þmfrv., A. 25).

Á 8. fundi í Nd., 24. febr., var frv. tekið til 1. umr.

***Flm. (Gísli Sveinsson):** Herra forseti! Eins og grg. frv. ber með sér, þá teljum við flm. þess, að nú þegar á fyrsta ári alþýðutryggingarlaganna sé það fullkomlega komið í ljós, að almenningur sé óánægður með þau. Það út af fyrir sig mun engum koma á óvart, þar sem lögunum var hraðað svo mjög í gegnum þingið í fyrra, eins og menn muna. Þessi mikli lagabálkur var lagður fyrir þingið 1935, og eins og menn muna, ekki fyrr en komið var langt fram á þingið, sem ekki var háð fyrr en seint á árinu. Þm. gafst því ekki kostur á að athuga málið sem skyldi, hvað þá að hægt væri að leita álits almennings um það. Einn flokkur þingsins, jafnaðarmannaflokkurinn, hafði leitað álits verkalýðsfélaga úti um land um málið, en sá galli var á, að lagabálkurinn sjálfur var aldrei sendur, heldur voru félögin aðeins spurð um álit þeirra á málinu yfirleitt. Svör þeirra munu hafa verið á ýmsan hátt, en þó munu þau yfirleitt hafa talið málið nauðsynjamál og tjáð sig stefnunni fylgjandi. En að sjálfsögðu gátu þau ekki áttað

sig á, hvernig lögin myndu verka fyrir almenning, þegar þau fengu ekki að sjá sjálfan lagabálkinn. Þessari sömu aðferð hefir Alþfl. beitt með annað mál, sem síðar á eftir að koma honum í koll.

Þegar svo mál þetta kom til meðferðar í þinginu, var ekki við það komandi, að spyrja mætti fólkið í landinu um málið. Þannig var felld hér í d. rökstudd dagskrá um að vísa því til kjósenda til frekari athugunar. Var þó á það bent í rökstuðningi fyrir dagskrártill., að málið hefði komið frá mþn. svo seint á þinginu, að þm. hefðu ekki einu sinni haft tíma eða tækifæri til þess að athuga þennan stóra og margþætta lagabálk, hvað þá heldur fólk úti á landi. Virtist þetta ekki ósanngjörn krafa, þar sem hér var um mál að ræða, sem ekki aðeins snerti hvert heimili á landinu, heldur og hvert mannsbarn í landinu. Að óreyndu hefði maður haldið, að þeir flokkar, sem telja sig lýðræðisflokka, hefðu viljað gefa almenningi — þeim almenningi, sem íþyngja átti — tækifæri til þess að athuga, hvað hér væri á ferðinni. Nei, engu slíku var sinnt. Þvert á móti var málið knúð áfram með hinni mestu hörku, — þeirri sömu hörku, sem oft er beitt hér af núv. stjórnarflokkum, þegar þeir eru að knýja fram vafasöm mál. Sumir kaflar þessa mikla lagabálks voru jafnvel knúðir fram með sérstökum þrælatökum, og á ég þar við kaflann um atvinnuleysistryggingar, sem annar stjórnarflokkurinn var í raun og veru búinn að lýsa sig á móti, og enda þótt hann yrði að greiða atkv. með honum, þá dugði það jafnvel ekki. Til þess að koma honum í gegn, voru því ýms brögð viðhöfð.

Eins og ég tók fram í upphafi máls míns, þá hefir óánægjan gegn lögum þessum stöðugt magnazt, og það jafnt meðal manna úr öllum flokkum. Menn hafa komizt að raun um, að mikið af því, sem lögunum var talið til gildis, var blekking ein. Það er ekki hægt að rísa undir þeim byrðum, sem á almenning eru lagðar. Að heimta breyt. á þessum lögum er því eitt af því, sem samþ. hefir verið á nær hverjum einasta þingmálafundi, alveg án pólitískrar flokkaskiptingar.

Þó að frv. það, sem hér er til umræðu, um breyting á alþýðutryggingarlögunum, sé borið fram af stjórnarandstæðingum, er langt frá, að það geti talizt flokksmál. Og hvað mig snertir, þá flyt ég það fyrir hönd héraðs míns, sem krefst þess mjög ákveðið, að fá breyt. á þessum margumræddu tryggingarlögum.

Eins og sjá má af grg., þá höfum við sleppt hér að sinni að gera breytingar á III. kafla laganna, sjúkratryggingunum. Kemur það til af því, að við, sem erum úr héruðum utan kaupstaðanna, teljum, að till. til breytingar á honum eigi að koma frá fulltrúum kaupstaðanna, þar sem kaflinn snertir nær eingöngu kaupstaðina. Eins og sjá má á frv., þá teljum við flm. þess ekki ástæðu til að hafa í l. þann kafla alþýðutryggingarl., sem ég taldi, að þvingað hefði verið í gegnum þingið með þrælatökum, kaflann um atvinnuleysistryggingar, því að það hljóta allir að vera á einu máli um það, að þau lagaákvæði, sem þar standa, séu ekki til bóta eins og þau eru a. m. k. Enda hefir það sýnt sig, að þeir, sem þvinguðu kaflа þennan inn í lögin, hafa ekki treyst sér til að láta ákvæði hans koma til framkvæmda. Hvað snertir okkur stjórnarandstæðinga, þá teljum við ekki tímabært að leiða í lög slík ákvæði sem þar eru. Mótmæli þau, sem við bárum fram gegn þessu á síðasta þingi, voru ekki hrakin þá, og skal ég því ekki fara að endurtaka þau hér nú. Annars þykist ég vita, að stj. hefði reynt að framkvæma þennan kafla l., eins og annað, ef hún hefði treyst sér.

Mig rekur minni til þess, að undir umr. um þetta í fyrra léti hæstv. atvmrh. orð falla um það, að ákvæði þessa kafla væru ekki eins góð og hann og Alþfl. hefði óskað. Þetta þýðir ekkert annað en það, en að þau séu þó ekki eins fáránleg eins og vænta hefði mátt úr þeim herbúðum. En frv. leggur til, að V. kafla sé algerlega sleppt úr löggjöfinni. Það efni, sem sá kafli fjallar um, var með öllu óundirbúið til þess, að hægt væri að setja um það löggjöf, enda hefir stj., sem þó hefir sjálf knúið fram þessa löggjöf, ekki séð sér fært að framkvæma ákvæði þessa kafla.

Án þess ég ætli mér að fara að skýra einstök atriði frv., því um þau vísa ég til grg., þá vil ég geta þess um þær endurbætur, sem frv. felur í sér og bornar eru fram eftir óskum almennings, jafnt úr öllum flokkum, að tilgangur þeirra er, að létta þær þungu byrðar, sem lögin leggja á allan almenning í landinu, og í annan stað, að gera aðgengilegri hlunnindi þau, sem lögin eiga að veita fyrir þá, sem þeirra eiga að njóta. — Hvað snertir bráðabirgðaákvæði VI. kafla er einnig með till. frv. leitazt við að bæta hlut gamalmenna frá 60 til 67 ára og jafnframt að leiðrétta það ranglæti, sem bæjar- og sveitarfélögunum er gert með l., þar sem þau eru beinlínis rænd vöxtunum af sínum ellistyrktarsjóðum, sem enginn efar þó, að séu þeirra óskoruð eign. Frv. lætur haldast það form l., að sjóðir þessir séu reikningsfærðir og geymdir hjá lífeyrissjóði Íslands, þ. e. a. s. höfuðstóll þeirra, en það má ekki minna vera en að bæjar- og sveitarfélögin fái að njóta þessara sjóða sinna sem eignar óáreitt, þar sem líka vextir sjóðanna eiga eingöngu að ganga til lífeyrissjóðs eftir sem áður, en einungis sem tillag frá sveitarsjóðunum, eins og vera ber. Annars eru lögin eins og þau nú eru dálitið tvístig. Á 82. gr. er helzt að skilja, að vextirnir eigi að koma upp í tillög hreppanna, því að þar er sagt, að sveitarstjórnir eigi að gefa skýrslur um, hve mikill hluti vextirnir séu af tillögum hreppanna, en á 79. gr. má aftur á móti skilja, að vextir ellistyktarsjóðanna eigi að reiknast með í tillagi lífeyrissjóðs Íslands. Eftir þessum ákvæðum 79. gr. hefir tryggingarstjóri úrskurðað, að vextirnir eigi að teljast með í tillagi lífeyrissjóðs. Það er þó ekki svo að skilja, að ellistyrktarsjóðirnir séu sama og sveitarsjóðir. Þessum sjóðum hefir verið haldið algerlega aðskildum frá fjárhag sveitarfélaganna og eingöngu notaðir í sínum ákveðna tilgangi, enda er það almennt álit um allt land, hvað sem reikningshaldi þessara sjóða líður, hvort það er hjá líf-

eyrissjóði eða ekki, því að það skiptir ekki miklu máli, að þessi vaxtataka lífeyrissjóðs sé beinlínis rán frá hreppunum. Þær breyt., sem frv. fer fram á í þessu efni, eru því krafa alþjóðar. Á því þingi, sem lögin voru samþ., lofaði hæstv. atvmrh. við umr. í hv. Ed. að taka til athugunar, hvort ekki fengist samkomulag um að breyta þessum ákvæðum, en þrátt fyrir þessi ummæli hæstv. ráðh. var það látið niður falla að breyta þeim, og síðan lögin voru samþ., hefir liðið eitt þing án þess þessu væri kippt í lag. En betra er seint en aldrei, og væri vel, ef nú fengist samkomulag um að endurbæta l. Að öðru leyti gengur frv. út á það, að létta á gjöldum almennings til lífeyrissjóðs. Um það fjallar 5. gr. frv., en þessi gjöld hafa orðið almenningi hinn mesti ásteytingarsteinn og ánauð, sem hann hefir kraumað undir. Menn sjá ekki fram á, að l. veiti þeim það í aðra hönd, sem réttlæti þessar þungu álögur og þeim hefir verið lofað. Fólkinu í verkalýðsfélögunum gengur illa að átta sig á því, að tilgangurinn sé sá, að rýja það inn að skyrtunni, og að ekkert sé látið í móti koma í fyrirsjáanlegri framtíð. Þessi gjöld eru svo há á öllum almenningi í landinu, að önnur opinber gjöld, sem innheimt eru samtímis, hverfa svo að segja í mörgum tilfellum samanborið við þessi. Er því ekki nema eðlilegt, að menn spyrji, hvað og hvers vegna.

Þá er einnig í frv. lagt til, að ýmsum ákvæðum l. sé breytt og þau gerð auðveldari í framkvæmd og réttlátari, eins og t. d. aldurstakmark gamalmenna, sem styrks eiga að njóta, en verða nokkuð hart úti gagnvart l. eins og þau eru.

Að lokum vil ég geta þess, að frv. gerir ráð fyrir nokkrum lagfæringum á slysatryggingarkaflanum, sem eru nauðsynlegar og réttlátar, um dánarbætur eftirlifandi ekkils eða ekkju, sem misst hefir maka sinn af slysum, og eins um bætur til eftirlifandi foreldra eða foreldris fyrir barn sitt á sama hátt, ef þau eða það hefir framfært barnið og systkyni þess í ómegð. Eins og lögin eru úr garði gerð, gera þau ekki ráð fyrir slíkum sárabótum, þótt foreldrar missi stuðning við fráfall barns á þennan hátt, og þótt vitað sé, að barnið hafi haldið uppi heimili foreldra sinna og yngri systkyna, þrátt fyrir það þótt heimilið væri rekið á nafni foreldranna. Þessi ákvæði frv. eiga að leiðrétta það hróplega ranglæti, sem l. hafa hér gert á eldra og betra fyrirkomulagi, með því að ræna það þeim rétti, er það áður hafði. Vænti ég, að samkomulag geti um þetta orðið hér á hv. Alþingi, og eins um það, að lagfært verði á einhvern hátt það, sem miður hefir farið í þessum efnum á því eina ári, sem lögin hafa gilt.

Það er vitað mál, að menn úr öllum flokkum eru sammála um, að breyta þurfi l. þessum, og vænti ég því, að takast megi að fá samkomulag um frv. þetta. Óska ég svo, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. allshn.

***Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson):** Ég mun ekki svara ýtarlega þessari ræðu hv. flm., en vil aðeins geta þess, að ríkisstj. hefir lagt drög að því, að lagt verði fyrir þetta þing frv., til breytinga á tryggingarlöggjöfinni. Forstjóri tryggingarstofnunar ríkisins hefir unnið að því nú um skeið, að undirbúa og semja þetta frv., og er það væntanlegt eftir nokkra daga. Hefir verið beðið eftir endanlegum niðurstöðum af starfsemi tryggingarstofnunarinnar á liðnu ári, sem sjálfsagt þótti að byggja endurskoðun á.

Ég tók það fram á síðasta þingi, að mér væri þá þegar ljóst, að allmikilla breyt. væri þörf á þessari löggjöf, í fyrsta lagi af því, að hér væri um algert nýmæli að ræða hér á landi, og í öðru lagi af því, að ég taldi, að þessa tryggingarlöggjöf bæri frekast að skoða sem grundvallarlöggjöf undir annari löggjöf, er síðar þyrfti að koma, jafnóðum og reynslan segði til. Nú hefir verið lagt fram hér í hv. d. frv. til breyt. nokkurra á tryggingarlöggjöfinni, en ég vona, að það verði tekið aftur, er hitt kemur fram, eða einstök atriði úr þessu frv. kannske felld inn í hitt, ef ástæða þykir til. Ég vil því biðja þá n., sem væntanlega fær frv. til athugunar, að afgreiða ekki þetta frv., fyrr en hitt er komið fram, svo að athuga megi bæði frv. í sameiningu.

Annars gaf ræða hv. frsm. fullkomið tilefni til andsvara. Hann talaði mikið um almenna óánægju yfir því, að ekki skyldi vera samþ. till. þeirra Sjálfstæðismanna á þingi 1935, um að fresta framkvæmd l. Ég held, að hér sé gert meira úr en efni standa til. Enda þótt framkvæmd l. hefði verið frestað um eitt ár eftir þeirri till., þá hefði ekki hjá því farið, að ýmsir agnúar hefðu komið fram við reynsluna fyrst í stað.

Hvað viðvíkur hinni miklu óánægju, sem hv. þm. taldi vera í sínu kjördæmi yfir gjaldahækkun vegna tryggingarlaganna, þá hygg ég, að það hljóti einnig að vera nokkuð orðum aukið. Mér er ekki kunnugt um aðra hækkun á gjöldum í sveitum en lífeyrissjóðsgjaldið, sem vera mun 3 til 5 kr. á mann! Ég á því bágt með að trúa sögum hv. þm. um þá logandi óánægju, sem var á honum að skilja, að ríkti í hans kjördæmi.

Ég sé, að í frv. þessu er lagt til, að iðgjöld til lífeyrissjóðs verði lækkuð. Um þá till. er ekki nema gott að segja út af fyrir sig, ef bent væri á eitthvert betra ráð til tekjuöflunar fyrir lífeyrissjóð, en þar sem það er ekki gert, er öldungis víst, að lækkun iðgjaldanna hlyti að leiða til minnkandi hlunninda fyrir þá, sem tryggðir eru, en út í hin einstöku atriði frv. ætla ég ekki að fara að þessu sinni.

Ég get á það fallizt, að frv. þessu verði vísað til hv. allshn., en ég vil endurtaka þá ósk mína til n., að hún afgreiði ekki frv. fyrr en hún fær það frv. til meðferðar, sem ég hefi getið um.

***Flm. (Gísli Sveinsson):** Herra forseti! Ég gat ekki um það í flutningsræðu minni, að vera mundi í undirbúningi hjá ríkisstjórninni eða á vegum hennar frv. til breytinga á tryggingalöggjöfinni, enda þótt ég ætti þess nokkra von, að svo mundi vera, og vildi ég mega vona, að það gengi í líka átt og frv. það, er hér liggur fyrir.

Það er nú komið í ljós, þótt ekki sé langt liðið á þingið, að fulllangur dráttur ætli að

verða á þessu máli frá hendi stjórnarinnar eða tryggingarstjóra. Það virðist ætla að verða eins með þessa stofnun og sumar aðrar þessar nýju ríkisstofnanir, að þó þar sýnist vera nógur mannskapur að starfi, þá ganga verkin ekki vel að sama skapi. Ennþá er ekki farið að greiða úr lífeyrissjóði það fé, sem greiða ber eftir þeim skýrslum, sem sveitarstjórnir hafa verið krafðar um og þær sendu stofnuninni síðastliðið haust. Hvað veldur? Hvað dvelur tillögin frá lífeyrissjóði? Hvers vegna fær almenningur ekki þau hlunnindi, sem hann á heimtingu á? Sveitastjórnirnar hafa lagt fram þær skýrslur, sem þær voru krafðar um, og þær hafa tilkynnt greiðslur hreppanna, sem tillög lífeyrissjóðs á að leggjast á móti, en ekki á að útborgast til gamalmennanna, fyrr en tillagið úr lífeyrissjóði er komið í hvern hrepp. Þetta verða þó hrepparnir að gera, því að fólkið getur ekki beðið, og svo er enn óvíst, hvort tillag lífeyrissjóðs verður jafnhátt tillögum hreppanna, því að ekkert kemur frá lífeyrissjóði, hvað sem veldur. Það er að sjá, að hér fylgist fyllilega að form og framkvæmd. Hæstv. ráðh. hefir ekkert fram að bera í þessu máli nema einhverjar till. frá tryggingarstofnuninni. Það er að heyra svo, að hann sé ekki mikið inni í málinu; hann segir, að l. hafi ekki haft í för með sér neina gjaldahækkun úti um sveitirnar. Það er dálítið hart, að hæstv. ráðh. skuli ekki fylgjast betur með í þessu efni. Það væri í sjálfu sér ekki svo alvarlegt, þótt óánægja ríkti í einu kjördæmi út af þessum l., en hún er miklu almennari. Óánægjan er um allt land. Það mætti spyrja hvern af hv. þm. sem er; allir hafa sömu sögu að segja úr sínum kjördæmum. Ef þeir vildu segja satt, þá gætu þeir ekki annað en viðurkennt það, að almenningur stynur undir þessum gjöldum, sem hæstv. ráðh. heldur, að ekkert hafi hækkað. Og þó eru þau nú 5 kr. á hverja einustu manneskju, en voru áður 3 kr. fyrir karla og 1.50 kr. fyrir konur. Þetta er gífurleg hækkun, og það er ekki óþekkt fyrirbrigði, eins og ég tók áðan fram, að gjöld þessi yfirgnæfi sumsstaðar alla aðra skatta, og verði jafnvel margföld við þá. En hæstv. ráðh. hefir sýnilega ekki kynnt sér þetta atriði og ber ekki sérlega mikla umhyggju fyrir þessari alþýðu, sem hann þykist vera ráðh. fyrir, ef hann heldur, að það sé í hæsta lagi óánægja með þessi lög í einu kjördæmi. En úr því hæstv. ráðh. vefengir þetta, vil ég benda honum á að fara um landið og kynna sér þetta, og hann mun komast að raun um, að þetta er svona, og það er síður en svo, að það sé flokksmál. Það er nú svo, að þegar komið er að þröskuldi hvers manns og hann krafinn um að borga fyrir einhver hlunnindi, sem hann sér, að ekki eru nein hlunnindi, eða koma a. m. k. ekki í bráð, þá er eðlilegt, að menn kveinki sér undan slíku. En það er þetta, sem þeir vara sig ekki á, að þótt takist að leggja á tolla, sem alþýðuflokksmenn telja svívirðileg gjöld, þá kveinkar alþýðan sér, þegar komið er við hana eins og með þessum lögum.

Ég hefi alltaf gengið út frá því sem gefnu, að við það, að gjöldin til ellitrygginganna lækka, þá rýrni þær tekjur, sem tryggingarnar hafa. Þegar svo hæstv. ráðh. spyr, hvar eigi að taka fé til þess að mæta þeirri rýrnun, þá er tvennt til, hvorutveggja getur komið til greina. Þegar menn vilja og geta ekki staðizt slíkar álögur, þá verða tekjurnar að rýrna, og það, sem koma átti á móti, verður að rýrna líka. Ég þori að fullyrða, að almenningur kýs það heldur. En hitt er, að til þess að mæta þessari rýrnun komi tillag frá ríkissjóði.

Ég sé nú þrátt fyrir allt, að hæstv. ráðh. er í svo miklum vanda í þessu máli, að hann hefir fengið tvo samherja sína til þess að tala við út af þessu máli. En upp úr þessum „conference" mætti ætla, að hann gæti svarað einhverju af þeim rökstuddu fullyrðingum, sem ég hefi borið fram.

*Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson): Hv. þm. V.-Sk. kvað mig hafa sagt rangt frá þeirri gjaldahækkun, sem orðið hefði á almenningi vegna alþýðutryggingalaganna. — Ég sagði, að hækkun á gjöldum karlmanna hefði orðið úr 3 kr. upp í kr. 5,00, en gjöld kvenna voru lægri; það vissu allir hv. þm., og þurfti því ekki að taka það fram. Hinsvegar kemur mér ókunnuglega fyrir sjónir það, sem hv. þm. sagði, að stj. bæri að álasa fyrir það, að ekkert væri búið að greiða út af tillagi lífeyrissjóðs í ár. Þetta er fjarri öllum sanni. Hvert einasta hrepps- og bæjarfélag, sem óskaði eftir að fá greitt fé úr sjóðnum, fékk það eftir þeim skýrslum, sem fyrir lágu, og áhættulaust þótti að greiða út. En skýrslur um heildarframlag voru ekki komnar fyrr en um miðjan febrúar, svo að ekki var hægt að ákveða hlutfallslega greiðslu úr lífeyrissjóði á móti hreppunum. Þess vegna var ekki hægt að ákveða heildarframlag úr lífeyrissjóði á móti framlagi bæjar- og sveitasjóðanna. En eftir upplýsingum frá tryggingarstjórn lætur nærri, að hlutfallið verði um 75% á móti því, sem sveitar- og bæjarfélögin hafa lagt fram. Meira hefir verið lagt fram til ellilauna af hálfu bæjar- og sveitarfélaga heldur en nemur framlagi lífeyrissjóðs, og er ekki nema gott um það að segja. Hinsvegar hafa orðið mjög leiðinleg mistök á framkvæmd þessara laga, þar sem borið hefir á tilhneigingu hjá sveitar- og bæjarfélögum til að létta af sér fátækraframfærslunni, sem ekki snertir það efni, sem lögin fjalla um, með því að fá styrk úr lífeyrissjóði á móts við það, sem kallað er fátækraframfærsla.

Um innheimtu lífeyrissjóðsgjaldanna er ekki hægt að segja með fullri vissu ennþá, en það er enginn vafi, að það, sem lífeyrissjóði hefir borið að greiða, hefir verið greitt, þegar um hefir verið beðið og fullnægjandi skýrslur hafa legið fyrir hendi.

*Stefán Jóh. Stefánsson: Enda þótt ég geri ráð fyrir, að ég fái sem um í allshn. að fjalla um þetta mál, þá finnst mér, að ég verði að gefnu tilefni, bæði í framsöguræðu hv. þm. V.-Sk. og í grg. frv., að láta nokkur almenn orð fylgja þessu máli, áður en það fer til n.

Það er uppistaðan í grg. og ræðu hv. þm. V.-Sk., að þessi lög hafi strax í upphafi orðið svo illræmd, að slíks séu fádæmi um nokkra aðra

lagasetningu, og að þau í annan stað hefðu verið svo illa undirbúin, að með eindæmum væri. Hvorutveggja þetta er gripið úr lausu lofti. Ég þykist þess fullviss af nokkurri kynningu, sem ég hefi haft af þessu máli, að lögin séu síður en svo óvinsæl, jafnvel þótt menn finni á þeim ýmsa galla. Ég hefi átt kost á að hlusta á umr. um þetta mál milli fulltrúa verkamanna alstaðar að af landinu, sem voru á alþýðusambandsþinginu á síðastl. hausti. Þeir voru allir á einu máli um, að það hefði verið eitthvert mesta framfarasporið, sem stigið hefði verið með lagasetningu, þegar lögin um alþýðutryggingarnar voru sett. En hitt kom og í ljós í þessum umr., að margir fulltrúarnir höfðu sitt hvað út á lögin að setja, og töldu ýms ákvæði laganna þess eðlis, að þau þyrftu endurbóta við. En eins og hæstv. atvmrh. drap á áðan, þá var engum það betur ljóst en þeim, sem stóðu að þessari lagasetningu, að það mundi þurfa að breyta l., áður en langt liði. Það kom til af þeirri ástæðu, að hér var ráðizt inn á ný svið, sem voru óþekkt í íslenzkri löggjöf. Það var því gefið, að hvenær sem þessi lög vóru sett, og hversu mikill undirbúningur sem viðhafður hefði verið um setningu þeirra, þá hlaut reynslan að leiða það í ljós, að á þeim þyrfti að gera ýmsar breytingar. Það er nú svo um löggjafana og jafnvel hv. þm. V.-Sk., þó að hann sé fjölfróður og margvitur, þá á lífið fleiri tilbrigði til en hann og við, sem fáumst við löggjafarmálin, erum færir um að sjá á hverjum tíma, og ekki hvað sízt, þegar farið er inn á ný og óþekkt svið, eins og með þessi lög. Ég vil því mótmæla fyrir mitt leyti þessum fullyrðingum um óvinsældir laganna og slæman undirbúning.

Að öðru leyti þykir mér rétt í því sambandi að benda á það, að þegar að því er fundið, að alþýðutryggingalögin hafi verið lítið undirbúin, þá koma flm. þessa frv. fram með breytingar, sem voru þess eðlis, að það var sýnilegt, að þeir gerðu sér enga grein fyrir þeim afleiðingum, sem þær hefðu haft í för með sér. Ellitryggingabátturinn í alþýðutryggingalögunum var byggður á útreikningum tryggingafræðingsins Brynjólfs Stefánssonar. Ellitryggingasjóðsgreiðslan og aldurstakmarkið var miðað við að koma á fullkomnum tryggingum, þegar stundir liða fram. Ellitryggingarnar voru byggðar á fræðimannlegri athugun þess manns, sem hafði sérþekkingu til að bera í þessu máli. En flm. þessa frv. gerbreyta út í loftið þeim grundvelli, sem lagður var með alþýðutryggingalögunum að því er snertir ellitryggingar. Þeir leggja sem sé til, að nefskatturinn verði lækkaður úr 7 kr. í 5 kr. og úr 5 kr. í 3 kr., og í öðru lagi, að gjald af skattskyldum tekjum greiðist aðeins ½% í staðinn fyrir 1%. Í þriðja lagi er lagt til, að iðgjaldagreiðsla á aldrinum 60—67 ára falli niður. Þetta er stórmikill tekjumissir fyrir ellitryggingarnar. En þar við er ekki látið sitja, því að lagt er til, að aldurstakmarkið til að fá ellilaun, verði fært úr 67 árum ofan í 65. Nú vil ég ekki segja, að þetta sé ekki æskilegt, — en því ekki að gera sér grein fyrir, hvernig það mundi verka, hvort hægt væri að framkvæma nokkrar ellitryggingar, ef þessu yrði breytt? Það er meginveilan hjá flm., sem eflaust hafa góðan vilja á því, að breyta lögunum í réttlátara horf frá þeirra sjónarmiði. Þeir gæta þess ekki, að ellitryggingarnar eru byggðar á fræðilegum grundvelli, sem þeir hugsa sér að breyta með nokkrum pennastrikum án þess að gera sér grein fyrir þeirri röskun, sem það mundi valda. Þess vegna kemur það illa við að segja, að alþýðutryggingarnar hafi verið illa undirbúnar, þegar þessir sömu menn koma með breytingar, sem sýnilega eru fluttar út í bláinn, svo að ekki sé sterkara að orði komizt.

Annars furðar mig á því, úr því að hv. flm. þessa frv. fóru að flytja breyt. við alþýðutryggingarlögin, að þeir skyldu ekki koma inn á það atriði, sem var höfuðágreiningsatriðið milli alþýðuflokksmanna og framsóknarmanna annarsvegar og fulltrúa Sjálfstfl. hinsvegar, sem var sjúkratryggingarnar. Fulltrúar Sjálfstfl., hv. þm. Snæf. og hv. 8. landsk., voru okkur sammála um nauðsyn á setningu ellitryggingalaganna, en þeir vildu ekki koma á sjúkratryggingum og lögðu til, að þeim hl. laganna yrði frestað. En við sjúkratryggingunum hrófla ekki hv. flm. þessa frv., jafnvel þótt ástæða væri til að ætla af þeirri reynslu, sem fengin er, að þær þyrftu ekki hvað minnstrar athugunar við. Ég sé ekki ástæðu til á þessu stigi málsins að fara út í einstök atriði frv., en vildi ekki láta það fara í gegnum þessa umr. án þess að benda á þessi atriði. Hinsvegar mun það verða athugað í allshn. og þó að ég álíti, að frv., eins og það er, nái ekki nokkurri átt, mun ég samt greiða atkv. með því til 2. umr. Til allshn. munu koma fleiri breyt. við alþýðutryggingalögin og mun þá þetta frv., sem hér liggur fyrir, verða athugað í því sambandi.

***Flm. (Gísli Sveinsson):** Herra forseti! Ég get verið fáorður um flest af því, sem fram hefir komið. Ég vil aðeins bæta við það, sem ég hafði að athuga við mál hæstv. ráðh., þar sem hann talaði um, að við flm., og yfirleitt okkar flokkur, værum að hamra á því, að hér væri um brot á þingræði og lýðræði að ræða. Það er vorkunnarlaust að hafa rétt eftir það, sem prentað er í grg. frv., og eins það, sem prentað er í hinni rökstuddu dagskrá, sem við fluttum á þinginu 1935, og í hvorugu tilfellinu er talað um brot á lýðræði og þingræði, heldur beinlínis sagt, að það, að vilja ekki bera þetta mál undir þá aðilja, sem það kemur niður á, sé ekki samkv. réttum lýðræðisreglum. Ef hæstv. ráðh. hefir aðrar reglur um lýðræði heldur en þær, að láta fólk vita um — og greiða atkvæði um í vissum tilfellum — það, sem er að gerast í mikilvægum málum þjóðarinnar, þá væri gott að fá að heyra þær reglur. En að öðru leyti er eðlilegt, að hæstv. ráðh. vilji tala um lýðræði á sérstakan hátt, því að hans flokkur er kominn út á nokkuð hála braut í því efni.

Þá vil ég víkja máli mínu til hv. síðasta ræðumanns, hv. 1. landsk. Þó að hann þættist ekki ætla að tala um málið sérstaklega, þá hnigu hans orð nokkuð að einstökum atriðum málsins. Hann talaði um fullyrðingar í grg. og líka í ræðu minni, að þessi löggjöf hefði þegar

í upphafi orðið alræmd. Það hefi ég ekki sagt, en að vissu leyti má segja, að hún hafi orðið illa þokkuð eins og hún var borin fram á þingi, sérstaklega vegna þess, að það varð þegar bert, að hamra átti hana í gegn. Að því er það snertir, sem hæstv. ráðh. sagði, að málið hefði fengið nægan undirbúning, þá er það að segja, að það fékk ekki heldur nægan undirbúning af hálfu þeirrar n., sem átti að fjalla um málið, og á þinginu gafst ekki heldur kostur á að athuga það sem skyldi.

Þetta mál hefir og fleiri hliðar heldur en hina fræðilegu útreikningshlið, og þá kem ég að því atriði í ræðu hv. þm., þar sem hann vildi halda fram, að við bærum hér fram frv. út í bláinn og á sandi byggt. Ég gat þess í tilsvari til hæstv. ráðh., að við hefðum eðlilega gengið út frá því, að vegna lækkunar á gjaldinu hyti jafnframt að rýrna það, sem á móti kæmi. En almenningur, sem rís undir þessum byrðum, telur eðlilegt, að rýrnunin verði síðar bætt með greiðslu úr allsherjarstofnun landsmanna, sem sé ríkissjóði. En hér kemur ekki til greina neinn nýr útreikningur. Það er einfalt mál, að rýrnunin kemur fram á sínum tíma hlutfallslega við það, sem tekjurnar eru rýrðar, og í skrá, sem fylgir þessu máli, er það gefið, hvernig þetta verkar.

Þá skildi hv. þm. sízt í því, að við skyldum koma með breyt. á ellitryggingalögunum, en ekki sjúkratryggingalögunum. En hann verður kannske fyrstur til að koma með breyt. til þess að milda þau gjöld, sem af sjúkratryggingunum leiða. En ég tók það nægilega fram, að við, sem flytjum þetta frv., tækjum einkum þau atriði, sem snertu fólk út um land, en ætluðum kaupstaðafulltrúunum að bera fram breytingar við þau atriði, sem snertu fólk í kaupstöðum landsins. Nú er hv. þm. svo framarlega settur í þessum bæ og yfirleitt í málum landsins, að hann hefði, í staðinn fyrir að ávíta okkur fyrir að koma ekki með nægilegar breyt. í þessu efni átt að koma með breyt. sjálfur, þar sem hann sagði, að öllum forgöngumönnum þessa máls hefði verið ljóst, að þessum lögum þyrfti bráðlega að breyta. Og að sjálfsögðu erum við fúsir til að styðja hverjar þær breyt., sem við sjáum, að eru til bóta. — En hinu trúi ég mátulega, að hann hafi glöggar fregnir frá alþýðunni, verkamönnunum, að allir séu ánægðir og lofi þessi lög. Að vísu játaði hann í öðru orðinu, að þó hefðu komið fram óánægjuraddir, og tel ég það trúlegt.

*Stefán Jóh. Stefánsson: Ég þarf litlu að svara hv. 1. flm. þessa frv. út af þeim orðum, sem hann beindi til mín. Þó vil ég taka fram nokkur atriði.

Mér skildist sem hv. þm. vildi draga úr sínum miklu fullyrðingum um óvinsældir laganna. (GSv: Enganveginn). Úr því að hv. þm. vill ekki við það kannast, þarf ekki að draga úr því, sem ég sagði, að þær fullyrðingar hefðu verið miklar um óvinsældir laganna, enda þarf ekki annað en lesa upphaf grg., úr því að við það er staðið, sem þar er sagt. Ég leyfi mér enn á ný að segja, að þetta sé gersamlega órökstudd fullyrðing, sem ég þykist hafa alveg eins mikla ástæðu til þess að dæma um eins og þessi hv. þm., einmitt að gefnu því tilefni, sem ég lýsti yfir í fyrri ræðu minni, því að fulltrúar frá verkalýðsfélögunum í landinu hafa hér í haust látið í ljós einróma skoðun á því, að það hafi verið framfaraspor í íslenzkri löggjöf, þegar alþýðutryggingalöggjöfin var sett. Þetta er hægt að sanna með vitnisburði þeirra fulltrúa, er þingið sátu. Þessi hv. þm. hélt því fram, að frá öndverðu hefði ekki mátt nefna, að nein breyt. yrði gerð á þessari löggjöf. Þetta er rangt. Því var lýst yfir af fleirum en mér, sem ræddu um þetta mál, þegar löggjöfin var samþ., að það væri alveg gefið mál, að af þeirri reynslu, sem fljótlega skapaðist við beitingu laganna, hlyti að koma í ljós, að það þyrfti að gera breyt. á þeim, og þær breyt. hefði þurft að gera að fenginni reynslu, þó að dagskrártill. hv. andstæðinga hefði verið samþ. og frestað hefði verið að setja lögin í þinginu 1935, eins og gert var, því að hversu miklar hugleiðingar og vangaveltur, sem átt hefðu hér stað í sambandi við setningu þessara laga, þá hefði ekki verið auðið að sjá fyrirfram, hvað reynslan hefði leitt í ljós, þegar farið var að framkvæma lögin.

Að því er snertir það, sem hv. þm. sagði um sjúkratryggingarnar, þá nægir mér að vísa til þess, sem ég sagði í fyrri ræðu minni, að mig undraði, að engin breyt. á þeim skuli vera fram komin, fyrst farið var að hrófla við lögunum á annað borð, fyrir þá sök, að hv. fulltrúar Sjálfstfl. í þessari hv. deild virtust hafa mest að athuga við setningu sjúkratryggingalaganna og atvinnuleysistryggingakaflans í alþýðutryggingunum, en lýstu sig hinsvegar fylgjandi setningu ellitryggingalaganna.

*Thor Thors: Ég þarf ekki að þessu sinni að blanda mér mikið inn í umr., þess mun síðar gefast kostur. En vegna þess að hv. 1. landsk. hefir tvisvar í ræðum sínum vikið að afstöðu okkar fulltrúa Sjálfstfl. í hv. allshn. til tryggingamálsins, hefi ég kvatt mér hljóðs.

Það er rétt hjá honum, að við vorum sammála hv. andstæðingum okkar um nauðsyn og réttmæti ellitrygginga út af fyrir sig, en við sáum þó nokkra galla á frv. og áttum þátt í því í allshn., að leiðréttir voru ýmsir þeir gallar, sem upphaflega voru á frv. Við höfum nú orðið þess vísari, frá því að lögin komu til framkvæmda, að ýms ákvæði á sviði ellitrygginganna hafa mjög orðið til þess að ala á óánægju almennings. Við höfum fengið þær fregnir víða af landinu, og ég fyrir mitt leyti ekki aðeins úr mínu kjördæmi, heldur einnig ýmsum öðrum, að þau gjöld, sem lögð eru á einstaklingana til þessara trygginga, eru of há, eins og nú árar yfirleitt hjá fólkinu í landinu. Við vitum, að þetta fólk á mjög örðugt með að inna þessi gjöld af hendi. — Það er of sterkt til orða tekið hjá hv. 1. landsk., að brtt. raski að öllu grundvelli ellitrygginganna og sé flutt út í bláinn. Hér er vitanlega ekki um annað að ræða en það, hvernig eigi að fylla það skarð, sem þarna hefir skapazt, — hvernig eigi að ná inn því fé, sem þarna vantar, ef þessar till. ná fram að ganga, til

þess að hin upphaflegu hlunnindi ellitryggingaanna nái fram að ganga.

Hv. 1. landsk. þarf ekki að undra svo mjög afstaða okkar sjálfstæðismanna gagnvart sjúkratryggingunum, sem sættu miklum andmælum upphaflega frá sjálfstæðismönnum í allshn. Við afgreiðslu alþýðutryggingalaganna var afstaða okkar sjálfstæðismanna í allshn. upphaflega sú, að eins og nú væri komið hag almennings í kaupstöðunum, þá væri þetta óvinsælt mál, þar sem gjöldin til sjúkrasamlaganna væru ofvaxin almenningi. Það kom á daginn, að þetta var rétt, enda neitar því enginn, að sjúkratryggingarnar hafa upphaflega orðið óvinsælar einmitt vegna þess, að gjöldin til þeirra voru hærri en almenningur átt kost á að inna af höndum. Það hafa borizt fregnir um þetta víða af landinu, og þeir, sem kunnugir eru í Rvík, vita, að almenningur kvartar undan þessum háa nefskatti, og ekki sízt ættu þeir, sem standa framarlega í Alþfl., eins og hv. 1. landsk. að hafa fundið greinilega til þess. En ástæðan til þess, að brtt. við sjúkratryggingarnar eru ekki fram bornar með þessu frv., er sú, eins og að nokkru leyti kom fram í ræðu hv. þm. V.-Sk., að þetta mál er nú til endanlegrar athugunar hjá þeim mönnum innan okkar flokks, sem kunnugastir eru framkvæmd sjúkratrygginga hér í bæ. Þær brtt. munu koma fram síðar á þinginu, og þegar þær eru fram komnar og eins þær aðrar breyt., sem væntanlegar eru frá tryggingastofnun ríkisins, þá fyrst liggur þetta þannig fyrir, að við getum rætt lið fyrir lið út í æsar.

***Pétur Ottesen:** Það er þakklætisvert, að nú skuli koma fram viðurkenning þeirra manna, sem fastast stóðu á móti því, að komið yrði fram leiðréttingartillögum á alþýðutryggingalögunum, þegar þau lágu hér fyrir til umræðu á síðasta þingi, á málstað okkar, sem breyt. vildum gera, því að því fer svo fjarri, að þeir undrist, að nú koma fram breyt. á þessari löggjöf, að þeir blátt áfram furða sig á því, hve litlar breyt. koma fram, því að hv. 1. landsk. er hissa á því, að í þessum breyt., sem hér liggja fyrir, eru ekki neinar breyt. á sjúkratryggingunum. Ég skal aðeins minnast á þetta litilsháttar, því að þótt óánægjan hafi að sjálfsögðu fyrst og fremst komið fram í kaupstöðunum, þar sem lögin fólu í sér beina fyrirskipun um það, að þessar tryggingar skyldu þegar teknar upp þar, þá hefir líka komið fram óánægja í kauptúnunum út af ákvæðum sjúkratryggingalöggjafarinnar. Þannig er t. d. á Akranesi. Þar var þegar látin fara fram atkvgr. meðal kauptúnsbúa um það, hvort ganga ætti undir þessar tryggingar. Við atkvgr. var þetta felit, og var þess vegna ekkert við því að gera, þar sem yfirlýsing manna fekkst um það, að þeir vildu ekki undir þetta ganga. Nú er það svo, að á Akranesi hefir nú um áratug verið starfandi sjúkrasamlag, sem byggist á þeirri löggjöf, sem gilti, þangað til þessi lög voru sett. Nú var það vitanlega ekki meining kauptúnsbúa, að falla frá því að hafa sjúkrasamlag, heldur óskuðu þeir eftir að starfa áfram á sama sjúkrasamlagsgrundvelli í stað þess að ganga undir nýju ákvæðin. Þess vegna var það, að þeir fólu mér að fara þess á leit við ríkisstj., að þeir fengju að halda nokkrum styrk úr ríkissjóði til sinnar sjúkrasamlagsstarfsemi. Ég skrifaði svo ríkisstj. fyrir þeirra hönd og fekk blákalda neitun um það, að þeir fengju nokkurn styrk, nema því aðeins að þeir gengjust undir nýju lögin. Þeir hafa nú samt frekar kosið að starfa með sitt sjúkrasamlag með sínu eigin fjárafli án styrks úr ríkissjóði, en vitanlega er þeim mjög nauðsynlegt að fá breytt þessum kafla löggjafarinnar, þannig að þeim verði heimilaður nokkur styrkur úr ríkissjóði, án þess þó að þeir þurfi að ganga undir ákvæði þessara laga. Að ég hefi ekki þegar komið með breyt. í þessa átt, stafar af því, að ég hefi heyrt óánægjuraddir um framkvæmd laganna og bjóst því við, að það mundi koma fram sérstök breyt. á þessum kafla l. Þess vegna var það, að ég flutti ekki brtt. um þetta efni, og hefir þetta skýrt komið fram hjá hv. 1. flm. þessa frv., þar sem þess er fyrst og fremst getið í grg., og auk þess hefir hann tekið það fram, að borin verði fram brtt. um þetta efni.

Það hefir verið reynt að hrekja það, sem fram kom hjá hv. 1. flm., að það væri mikil óánægja úti um sveitir landsins út af þeim kafla alþýðutrygginganna, sem fjallar um ellitryggingarnar. Ég held, að það sé ekki ómaksins vert fyrir hv. 1. landsk. eða hæstv. atvmrh., að vera að reyna að mótmæla því, að þessi kafli laganna hefir líka valdið mikilli óánægju, enda kom það fljótt í ljós, þegar farið var að „praktisera“ þessa löggjöf þannig, að þann hluta ellitryggingasjóðsins, sem var alveg skýlaus eign hreppanna, átti að taka af þeim, og í stað þess, að þeir höfðu notið óskorað vaxtanna af þessum hluta sjóðsins, þá áttu þeir að kaupa vextina af þessum eigin sjóðum sínum með því að leggja fram ekki aðeins helming, heldur eftir því, sem nú er komið á daginn, allmiklu meira en helming á móti því, sem þeir áttu að fá. Við meðferð þessa máls hér á þingi leit ég alls ekki svo á, að löggjöfin fæli þetta í sér. Orðalagið um þetta er alls ekki ákveðið, en þessi merking hefir nú verið lögð í það, bæði af hæstv. ríkisstj. og stjórn tryggingamálanna, svo að það er ekki um það að villast, hvernig búa á að einstökum sveitarfélögum, að því er þetta atriði snertir. Það hefir líka valdið óánægju, að ellistyrktarsjóðsgjaldið hefir verið hækkað. Það mátti heyra á hv. 1. landsk., að honum fannst það smámunasemi hjá mönnum, að vera að gera veður út af þessari hækkun, en ég er hræddur um, að hann þekki ekki hinar erfiðu kringumstæður manna, sem ekki hafa annað sér til lífsviðurværis en það sem þeir geta aflað sér með sínum atvinnurekstri, en það er náttúrlega vorkunnarmál af hálfu þeirra manna, sem lifa kóngalífi af náð hæstv. ríkisstj., þótt þeir eigi ekki gott með að átta sig á því, hversu þröngt er í búi hjá bændum. — Ég ætla svo ekki að fjölyrða frekar um þetta, enda hefir hv. 1. flm. gert hreint fyrir sínum dyrum, að því er snertir tilgang okkar flm. með því að bera þetta frv. fram.

***Jónas Guðmundsson:** Það er nú orðið fámennt hér í d. og ekki helmingur af hv. flm. frv.

viðstaddur, svo að það er í rauninni þýðingarlítið að ræða þetta, en í ræðu hv. þm. Borgf. og hv. þm. V.-Sk. kom fram eitt atriði, sem ég held, að ekki hafi verið minnzt á, hvorki af hæstv. atvmrh. né hv. 1. landsk., en það var um eignarrétt sveitarfélaganna yfir gjöldum ellistyrktasjóðanna og það, að hreppsnefndirnar skuli ekki fá úthlutað úr þeim sjóðum áfram eins og verið hefir. Þetta er ofureinfalt mál, því að í l. stendur, að sveitar- og bæjarstjórnir skuli auglýsa úthlutun til þeirra, sem eru 67 ára og eldri, og þeirra, sem sækja um örorkubætur. Ef slík umsókn kemur, þá verður styrk úthlutað, og þá gengur kannske allt það fé, sem þessi sjóður á, til þessarar úthlutunar, en berist engin slík umsókn, — til hvers er þá umráðarétturinn yfir þessum sjóðum? Þegar umsókn liggur fyrir, þá er það skylda sveitarstjórnanna að leggja fé fram, en komi hinsvegar engin umsókn, þá þarf ekkert fé, og þá kemur ekki til úthlutunar.

Ég vil leyfa mér að leggja spurningu fyrir hv. þm. V.-Sk. Hvað ætlar hann að gera við þetta fé, ef engin umsókn kemur? Hvað ætlar hann að gera við vexti af sjóðunum í þeim hreppum í hans sýslu, þar sem engin umsókn kemur, eða ef vextirnir eru meiri en það fé, sem úthluta þarf handa þessum mönnum? Nú vita allir, að í öllum hreppum landsins eru gamalmenni, sem þurfa á þessum styrkveitingum að halda, og þar af leiðandi kemur hluti gömlu ellistyrktarsjóðanna beinlínis heim í hreppana á þann hátt, sem gert er ráð fyrir í l. Ég vil biðja hv. þm. að svara greinilega, hvað hann ætlar að gera við peningana, ef engin umsókn berst. Ætlar hann að leggja þá við höfuðstól eða nota þá öðruvísi í þarfir sveitafélagsins? Komi umsókn, þá þarf peninga til úthlutunar, en liggi engin umsókn fyrir, þá þarf enga úthlutun.

*Flm. (Gísli Sveinsson): Herra forseti! Að gefnu tilefni verð ég að segja nokkur orð, ekki sízt þar sem beint hefir verið til mín fyrirspurn, en áður en ég svara henni vil ég geta þess, sem mér láðist áðan, viðvíkjandi því, sem hæstv. ráðh. sagði um fátækraframfærið, þar sem hann var hissa og taldi ekki rétt, að sveitarstjórn léti fátækraframfærið nokkuð koma við sögu við úthlutun til einstakra gamalmenna. Undrun hæstv. ráðh. á þessu er því einkennilegri, sem sjálf lögin taka það beinlínis fram, að það sé einn aðalkostur þeirra, að sveitarstjórnirnar ættu með þessu að losna sem mest við fátækraframfærið. Nú kemur hæstv. ráðh. fram, sem er ótrúlega illa að sér í því, sem löggjöfin hljóðar um, og flaskar mjög verulega á þessu atriði. Það væri gaman að sjá hann gefa út auglýsingu um, að nú mætti enginn, sem er á fátækraframfæri, koma til greina, og sjá, hvernig honum tækist að verja það eftir ákvæðum laganna og fullyrðingum þeirra, sem lögunum fylgja. Það er sjálfsagt, að þeir, sem eru á þessum aldri, og þó þeir séu á fátækraframfæri, eiga samkv. ákvæðum laganna að fá styrk, og það er það, sem gerir það að verkum, að menn sætta sig að sumu leyti betur við lögin en ella.

Þá vil ég spyrja hv. 1. landsk., hvers vegna forsprakkar Alþfl. og verkalýðsfélaganna hafa ekki í ýmsum kauptúnum látið ganga til atkv. um sjúkratryggingarnar. Það er bókstaflega hægt að sýna fram á það sumstaðar á landinu, að þeir hafa ekki þorað það, enda er það svo í einu stærsta kauptúninu hér sunnanlands, að það hefir verið fellt að ganga að lögunum.

Þá kem ég að fyrirspurn hv. 6. landsk. Mig furðar á því, að hann skuli koma fram á síðustu stundu alveg eins og álfur úr hól, þótt merkilegt megi virðast, sérstaklega þar sem hann hefir áður verið nokkuð með í sveitarstjórn þar, sem hann áður átti heima. Það undrar mig, að hann skuli ekki vita, hvernig reglurnar um úthlutun ellistyrktarsjóða eru. Hann spyr, hvað ég eða aðrir mundu gera, ef engin umsókn kæmi. Að engin umsókn komi, er svo sjaldgæft, að segja mætti, að það gæti komið eins og einu sinni fyrir á 10 árum í einum hreppi. Þar sem þetta er nú svona sjaldgæft tilfelli, þrátt fyrir allt það, sem gert er til þess af hálfu flokksbræðra hv. þm., að fá fólkið til að sækja um opinbera hjálp, þá tæki það engu tali, að gera fyrirspurn á Alþingi um það, hvað gera ætti í slíku tilfelli. Komi engin umsókn, þá verður vitanlega ekkert fé veitt, og það ætti ekki að vera nein goðgá. Vilji fólkið ekki fá þennan styrk, sem að lögum á að úthluta, þá er ekkert við því að segja, þá er féð ekki veitt, og það er engin goðgá, því að féð leggst við sinn sjóð, og svo seinna, þegar umsóknir koma, verður fé úthlutað. Þannig hefir það t. d. verið í þau 18 ár, sem ég hefi verið sýslumaður, að það hafa aðeins komið fyrir 1—2 tilfelli, því að annað var tekið aftur, og það var með ráði gert, því að þá voru ekki í þeim hreppi gamalmenni, sem töldu sjálfa sig þurfa styrk, en næsta ár komu í þeim hreppi því fleiri óskir um, að það yrði úthlutað, og það vakti enga sérstaka eftirtekt, og sízt að það þyrfti að breyta löggjöfinni vegna þess. Þetta er ofur einfalt. Nú skal ég fræða hv. þm. á því, sem hann og fleiri virðast ekki skilja, að í raun og veru er það svo samkvæmt þessum l., að það er ekki skylt að veita styrk úr sveitarsjóði, nema því aðeins að sveitarstjórn telji, að styrksins sé þörf. Sumir telja, að öll gamalmenni, sem komin eru yfir vissan aldur, eigi rétt á ellistyrk, en 81. gr. l. sker úr um þetta. Þar segir, að sveitarstjórnir úthluti þeim gamalmennum styrk, svo fremi að hún telji, að þau hafi þörf fyrir hann. Þar sem þessir gallar hafa komið fram á l., þá höfum við leyft okkur að leggja til, að þetta verði lagfært.

Umr. frestað.

Á 9. fundi í Nd., 25. febr., var fram haldið 1. umr. um frv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til allshn. með 18 shlj. atkv.

Á 41. fundi í Nd., 17. apríl, var útbýtt nál. frá minni hl. allshn., á þskj. 357, en frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

11. Landaurar og verðlagsskrár.

Á 6. fundi í Nd., 20. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um landaura og verðlagsskrár (þmfrv., A. 26).

Á 9. fundi í Nd., 25. febr., var frv. tekið til 1. umr.

*Flm. (**Jón Pálmason**): Ég get verið stuttorður um þetta frv., bæði vegna þess, að það lá fyrir síðasta þingi, og í grg. frv. er tekið fram svo að segja aðaltilgangur þessa frv. Mér og öðrum hv. flm. er fullljóst, að það er brýn þörf, að hafa ákveðinn grundvöll til að styðjast við um það, hverjar raunverulegar breyt. eru á þeim verðmætum, sem framleiðsluhagur landsins byggist á, og hvernig breyt. eru frá ári til árs, en eins og nú standa sakir, er fyrirkomulag á samningu verðlagsskrár Íslendinga þannig, að hún gefur ekki rétta mynd af því, sem henni er ætlað að gefa.

Þetta frv. stefnir í þá átt, að tryggja öruggari grundvöll í þessum efnum, og er leitazt við að ná því takmarki, að þetta verði miklu meira notað í viðskiptalífinu heldur en gert hefir verið nú á síðustu árum, síðan farið var að miða allt við peninga, án alls tillits til þess sambands, sem á hverjum tíma hlýtur að vera á milli framleiðsluvara landsins og annars í viðskiptalífi landsmanna.

Ég sé ekki ástæðu, ef engin andmæli koma fram við 1. umr. gegn þessu frv., að fara nánar út í málið, en legg til, að því verði að umr. lokinni vísað til 2. umr. og fjhn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til fjhn. með 17 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

12. Skipaviðgerðir.

Á 6. fundi í Nd., 20. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um framkvæmd viðgerða á íslenzkum skipum (þmfrv., A. 28).

Á 9. fundi í Nd., 25. febr., var frv. tekið til 1. umr.

*Flm. (**Páll Þorbjörnsson**): Ég get verið stuttorður um þetta frv. Það var borið fram á síðasta þingi, en náði þá ekki fram að ganga. Fylgdi því þá ýtarleg grg., og er vísað til hennar nú. Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða um frv. á þessu stigi málsins, en get aðeins vísað til grg. frv. og þeirra umr., sem þá fóru fram um það. Vil ég óska eftir, að frv. verði vísað til 2. umr. og til iðnn.

*Ólafur Thors: Hv. 1. þm. Rang. gerði aths. við frv. þetta í fyrra, er það var hér til umræðu. Af því að hann er nú ekki viðstaddur, sökum þess að hann varð að fara á fund annarsstaðar, vil ég í hans stað gera nokkrar aths. við frv.

Það hlýtur auðvitað að vera sameiginlegt áhugamál allra, að halda allri þeirri atvinnu sem unnt er inni í landinu, hvort sem um viðgerðir skipa eða annað er að ræða. Um það eru allir sammála. En ég vil vekja athygli á því, að ef það er gert að skilyrðislausri skyldu, að láta viðgerðir skipa allar fara fram hér á landi, svo framarlega sem ekki er lífsháski að sigla skipinu til íslenzkrar hafnar, þá getur þetta í mörgum tilfellum orðið ný og veigamikil kvöð á sjávarútveginn, svo þung, að ef til vill getur þetta hreint og beint orðið til að **minnka** atvinnuna í landinu við sjávarútveginn. Það er staðreynd, að viðgerðir á skipum hérlendis eru oft miklu dýrari en erlendis, enda þótt útgerðarmenn hafi oftast reynt að láta gera við skip sín hér á landi.

Útvegurinn býr við mjög þröngan kost, eins og bezt sést, ef það er aðgætt, að frá árunum fyrir stríð hefir kaupgjald þrefaldast, kola- og saltverð tvöfaldast og allt annað, sem til útgerðarinnar þarf, margfaldast í verði, en fiskur hinsvegar í lægra verði en þá. En hinsvegar er afli meiri en áður fyrir vaxandi tækni skipstjóra og sjómanna. En jafnframt hafa skattar farið sihækkandi, og nú á enn að leggja nýja kvöð á útveginn til þess að halda atvinnu við viðgerðir skipa í landinu sjálfu.

Þess verður að gæta, að viðleitnin til að koma á fót íslenzkum iðnaði og styrkja hann hefir þegar komið mjög þungt niður á sjávarútveginum. Þótt ég vilji ekki gera lítið úr þessari viðleitni, verða menn þó að sjá um það, að hinn nýi atvinnurekstur, iðnaðurinn, drepi ekki niður annan meiri, hvort sem á það er litið frá sjónarmiði heildar eða einstaklinga. En iðnaðurinn hefir þegar lagt þær kvaðir á sjávarútveginn, að hann verður að kaupa sumar notaþarfir sínar dýrara verði en hann hefði orðið að gjalda fyrir þær erlendis. Og auk þess má ekki gleyma því, að þegar búin er til vara í landinu, sem áður hefir verið keypt frá markaðslöndum vorum, þrengist þar að sama skapi markaðurinn fyrir útflutningsvörur vorar.

Ég hefi áður bent á það, hversu hag útgerðarinnar er komið. Allt, sem til hennar þarf, hefir margfaldazt í verði, en fiskverð hefir lækkað. Útgerðin er komin í kröggur. Hið opinbera hefir ekkert gert til að draga úr þeim, en sífellt aukið á þær með sköttum og gert notaþarfir hennar dýrari með vernd fyrir iðnaðinn. En þessari vernd má ekki beita í fullkominni blindni, heldur verður jafnframt að taka tillit til annara atvinnuvega.

Ég skal ekki segja, hvort slík löggjöf sem þessi er nauðsyn vegna þeirra manna, sem atvinnu hafa á hérlendum skipasmíðastöðvum. Ég held

þó ekki. Ekki a. m. k. að því er aðalviðgerðarstöðvarnar snertir, hvað sem ríkissmiðjunni líður. En mér er kunnugt um, að verkstæðin Hamar og Héðinn hafa til þessa haft nóg að gera. Ég held því, að frv. réttlætist ekki af þeim ástæðum. Ég vænti þess því, að n. hrapi ekki að þessu máli og líti ekki eingöngu á það frá sjónarmiði þess aðilja, sem hv. 3. landsk. ber fyrir brjósti.

*Flm. (Páll Þorbjörnsson): Ég get ekki gefið fullkomna skýrslu um atvinnuleysi í stétt þeirra manna í landinu, sem atvinnu hafa af viðgerðum skipa í landinu, en ég veit, að hv. þm. G.-K. er vel kunnugt um, að mikið hefir verið rætt og ritað um atvinnuleysi meðal járniðnaðarmanna, enda hefir það verið mikið, og líka hjá Hamri og Héðni, sem hafa orðið að segja fólki upp tímunum saman, vegna þess að verkefni hefir vantað. Hv. þm. G.-K. sagði, að ekki væri gert ráð fyrir öðrum undantekningum í frv. en þeirri, að lífsháski væri að sigla skipi til íslenzkrar hafnar. En í 5. gr. er gert ráð fyrir fleiri undantekningum. Þar er gert ráð fyrir því, að ef vafi leikur á því, að hægt sé að láta framkvæma viðgerð hér á landi, eða ef ágreiningur verður um verð, skuli skipseigandi eða vátryggjandi eigi skyldur til að láta fara fram viðgerð hér á landi nema eftir úrskurði gerðardóms. Ég hygg, að þessi gerðardómur sé svo samansettur eftir frv., að allir megi vel við una. Gerðardóminn eiga að skipa: einn fulltrúi skipseiganda, einn tilnefndur af vátryggjanda, Félag járniðnaðarmanna í Reykjavík tilnefni einn og forstjórar skipasmiðjanna einn, en skipaskoðunarstjóri ríkisins skal vera sjálfkjörinn oddamaður. Veit ég, að hann muni verða talinn óhlutdrægur í þessum efnum. Mér heyrðist hv. þm. G.-K. gera ráð fyrir því, að hér væri eingöngu átt við fiskiskip. En hér er talað um íslenzk skip yfirleitt, enda hefir verið mikil óánægja með það, að viðgerðir og viðhald annara íslenzkra skipa, t. d. skipa Eimskipafélagsins, hefir farið fram erlendis. Að skipum þess hefir aldrei verið unnið handtak, þau hafa jafnvel ekki verið máluð hér.

Það er alls ekki tilætlun mín að iþyngja útveginum með þessu. Eins og ég sagði og sýndi fram á í fyrra á þingi, er það álit margra, að vafasamt sé, hvort viðgerðir, sem fara fram innanlands, þurfa að vera nokkru dýrari. Og þótt nokkur verðmunur kynni að verða, þá verði viðgerðirnar betur framkvæmdar hér en erlendis og meira að ósk eigendanna. Það hefir komið fyrir, að skip, sem hafa verið „klössuð" erlendis, hafa orðið að leita viðgerðar, er þau komu í íslenzka höfn.

Ég er sammála hv. þm. G.-K. um það, að æskilegt er, að n. líti á málið frá báðum hliðum. Ég fyrir mitt leyti myndi ekki hafa á móti því, að um málið væri fjallað í tveim nefndum.

*Ólafur Thors: Ég hefi litlu að svara hinni hógværu ræðu hv. 3. landsk. Hann kvaðst ekki vilja íþyngja sjávarútveginum, en bera járniðnaðarmenn og skipasmíðastöðvar fyrir brjósti. Ég get að sumu leyti aðhyllzt þetta sjónarmið hans, en tel ekki tímabært, að þetta mál nái nú fram að ganga, eins og á stendur fyrir útveginum. Annars get ég beðið með þær aths., sem ég annars gæti enn gert við frv., þangað til það kemur úr nefnd.

*Emil Jónsson: Þetta mál ber nú nokkuð óðrusvísi að en ég ætlaði. Mál þetta lá fyrir síðasta þingi, og síðan hefir Skipulagsnefnd atvinnumála athugað það eftir föngum og aflað sér um það allra gagna frá útvegs- og iðnaðarmönnum, eins og sést í áliti n. Það var tilætlunin, að n. léti flytja frv. um þetta efni, að vísu í nokkuð annari mynd en frv. hv. 3. landsk.

Sú atvinna, sem hér er um að ræða, er mikil, og því fullkomin ástæða til að reyna að tryggja landsmönnum hana eins og hægt er. En munurinn á frv. n. og frv. hv. 3. landsk. er sá, að í því frv., er hér liggur fyrir, er skilyrðislaust gert ráð fyrir, að viðgerðir á skipum fari fram hér, en við ætlumst til, að innlendum skipasmíðastöðvum sé jafnan gefinn kostur á að framkvæma þessar viðgerðir og fái þær að öðru jöfnu. Annars mun ég ekki ræða um þetta frekar að sinni, þar sem frv. mun fara til iðnn., þar sem ég á sæti. En ég vil taka það fram, að ég fylgi aðal„principi" frv. — að þessi atvinna verði dregin inn í landið, eftir því sem hægt er.

Hv. þm. G.-K. hélt því fram, að útveginum væri íþyngt með iðnaðinum, með því að hann væri neyddur til þess að kaupa innlendar vörur. Hann gat þess þó ekki, hvaða iðnvarningur það væri, sem útgerðin keypti hærra verði en hún fengi þær erlendis. Þær vörur innlendar, sem útgerðin kaupir af þessu tagi, eru vörpur og veiðarfæri, og ég held, að verð á þeim standist alveg samanburð við verðið á erlendum veiðarfærum. Það er því ekki rétt að vera að tala um, að iðnaðurinn sé að sliga útgerðina, enda hefir gjaldeyrisnefnd fylgt þeirri reglu, að veita innflutningsleyfi á þeim útgerðarvörum, sem eru ódýrari erlendis.

Það sannar auðvitað ekki neitt, þótt ekki séu margir menn atvinnulausir hjá skipasmíðastöðvunum, því að þegar viðfangsefni vantar, eru mennirnir látnir fara. Þeir eru auðvitað ekki látnir ganga atvinnulausir á verkstæðunum.

Ég vil að lokum láta þá ósk í ljós, að hv. þdm. komi sér saman um að ganga svo langt í þessu efni sem þeir sjá sér fært.

*Garðar Þorsteinsson: Mér heyrðist hv. flm. segja, að ef ekki fengist samkomulag um verð á viðgerð, ætti það mál að fara í gerðardóm. En þetta er nokkuð óljóst, því að í 5. gr. stendur:

„Nú vill eigandi skips, umboðsmaður eða vátryggjandi láta fara fram viðgerð á skipi, en ekki næst samkomulag um verð á viðgerðinni eða hann dregur í efa, að fullnægjandi viðgerð fáist hér á landi, og neitar af þeim sökum að gera samning um viðgerðina við hérlenda skipasmiðju, og er honum þá eigi að síður óheimilt að senda skipið til annars lands til viðgerðar, nema því aðeins, að hann hafi áður fengið álit sitt staðfest með úrskurði gerðardóms."

Hvaða álit er það? Að ekki fáist samkomulag um verð á viðgerðinni, eða um það, að ekki fáist gert við skipin á viðunandi hátt hér á landi?

Auðvitað er átt við hið síðara. Ég vil benda hv. flm. á það, ef meiningin er, eins og hann virðist gefa í skyn, að náist ekki samkomulag, þá skuli vátryggjandi leggja málið í gerðardóm, að það vantar þá ákvæði í frv. um það, hvernig þá skuli með fara, — hvort gerðardómurinn skuli ákveða verðið og vátryggjandi svo vera skyldur að hlíta því. Því að það er tvennt ólíkt, að aðrir menn eru látnir segja til um það, hvort hægt sé að fá viðgerð á skipunum, og hitt, að þeim sé veitt vald til að slá því föstu, hve mikið greiða skuli fyrir viðgerðina. Og auk þess yrði það spursmál, hvort verkstæðið væri skylt til að hlíta þeim úrskurði.

*__Ólafur Thors__: Aðeins nokkur orð út af ræðu hv. þm. Hafnf. Mér þótti nokkuð bera á því hjá honum, sem ég hefi reyndar áður veitt athygli, að það muni vera ofarlega í hans huga að verða framarlega eða helzt fyrstur að marki í því kapphlaupi, sem háð er af sumum mönnum um það, að vera sem ljúfastir í orðum í garð iðnaðarins, hvað sem líður gerðunum. Hann kvað mig hafa sagt, að sjávarútveginum hafi verið mjög íþyngt vegna friðinda til handa iðnaðinum. Ég sagði reyndar, að ráðstafanir, sem gerðar hafa verið iðnaðinum til framdráttar og ég tel í sjálfu sér góðar, hafi íþyngt sjávarútveginum. Í fyrsta lagi með því, að sjávarútvegurinn er neyddur til að kaupa nokkuð af sinni notaþörf hérlendis, án þess að geta leitað samkeppnitilboða erlendis, því að það er bannað með gjaldeyrisráðstöfunum til verndar innlendum iðnaði. Mér er a. m. k. sagt af útvegsmönnum í minu kjördæmi, og ég held, að sama sé álit útvegsmanna á Akranesi, í Vestmannaeyjum og líklega um allt land, að það sé, að heita má, ómögulegt að fá fluttar inn línur og net, en þessar vörur er hægt að kaupa allmiklu ódýrar erlendis en hér á landi. Og ég man, að á þingi því, er útvegsmenn áttu með sér í fyrravetur, var ein aðaltill. sú, að þeim væri ekki meinað að kaupa net og línur frá útlöndum. — Þetta var eitt sjónarmiðið.

En ég get dregið fram annað sjónarmið. Ef aukning íslenzks iðnaðar færir með sér aukna dýrtíð í landinu, sem líklegt er, að ekki verði hjá komizt, og allir eru víst reiðubúnir að horfast í augu við að vissu marki, þá hlýtur þetta vitaskuld að lenda að miklu leyti á sjávarútveginum. Og það eru fleiri stoðir en iðnaðurinn einn, sem renna undir atvinnulíf landsins. Eftir því sem fólkið þarf að kaupa vörur sínar dýrara verði, eftir því aukast kröfurnar á hendur útveginum.

Í þriðja lagi ber að athuga það, að er við förum að búa til margar vörutegundir, sem við höfum ekki áður framleitt, þá þýðir það, að við getum minna selt af þeim vörum, sem við höfum hingað til framleitt fyrir erlendan markað. Er því mikil ástæða fyrir Íslendinga, sem hafa framfleytt sér á sölu til útlanda, að hafa hugfast það sjónarmið, að hver sú vara, sem framleidd er innanlands handa landsins börnum, dregur úr sölumöguleikum á útflutningsvörum okkar. Menn hafa haft of einhliða sjónarmið gagnvart eflingu innlends iðnaðar. Það er auðvitað gott að vilja efla slíkan atvinnurekstur, en afleiðingar þess hafa þó enn ekki verið skoðaðar ofan í kjölinn. Verð ég því að vara við að leggja stöðugt meiri og meiri viðjar á útveginn, auk þess sem allar framkvæmdir eru stöðvaðar, þar sem það er að koma í ljós, að þjóðin mun súpa seyðið af þeirri stefnu.

*__Flm. (Páll Þorbjörnsson)__: Hv. 8. landsk. vakti eftirtekt á 5. gr. frv. Það er vitanlega erfitt fyrir mig og mína líka að deila við hann um lagaskýringar. Það brennur líka oft við, að lögfræðingarnir, sem hafa það að atvinnuvegi að fjalla um l., eftir að þau hafa verið samþ., eru ekki alltaf sammála um, hvern skilning beri að leggja í hverja lagagr., og í sjálfu sér liggur þeirra atvinna e. t. v. mest í því, að vera ósammála um þetta. En af því að hér er mikið um lögfræðinga í d., vænti ég, að frv. fái hér nauðsynlegar skýringar, svo að það verði ekki síðar ásteytingarsteinn. Vona ég jafnframt, að brtt. þær, sem koma kunna frá þeim, verði frekar miðaðar við það, að bæta frv. en hitt.

En út af því, sem fór á milli þeirra hv. þm. Hafnf. og hv. þm. G.-K., vildi ég segja nokkur orð. Hv. þm. G.-K. sagði, að verðhækkun skapaðist innanlands við það, að við hættum að kaupa útgerðarvörur erlendis, og að línur og net, framleidd á Íslandi, væri dýrari en útlend. Ennfremur, að hér væri orðið ógerningur að fá þessar vörur frá útlöndum. Við þessu verður að segja, að það hlýtur að vera krafa, að eitthvað sé gert til að fyrirbyggja, að okrað sé á þessari innlendu framleiðslu. Mér er kunnugt um, að þorskalínur eru nú dýrari en áður var, og dýrari en hægt er að fá þær frá Noregi. En ástæðan fyrir þessu er sú, að einungis er hægt að snúa sér til eins aðilja um slík kaup. Ég get í þessu sambandi vakið athygli á því, að útvegsbændur í Vestmannaeyjum hafa komið sér upp netagerð, og hefi ég fyrir mér orð kunnugra um það, að þeir geti selt þorskanet sambærilegu verði við það, sem greiða verður fyrir net frá Noregi. Vörur þær, sem áður voru fluttar inn frá útlöndum, eru nú oft framleiddar hér af einum aðilja einungis, og dýrleikinn er ekki fyrst og fremst að kenna hinni innlendu framleiðslu, heldur hinu, að þessir einstöku aðiljar hafa tök á að okra á framleiðslunni.

*__Emil Jónsson__: Ég hefi litlu við það að bæta, sem hv. flm., hv. 3. landsk., hefir sagt, en vildi aðeins svara hv. þm. G.-K. út af þeim þrem atriðum, sem hann taldi valda því, að útgerðin bæri skarðan hlut frá borði miðað við iðnaðinn. Í fyrsta lagi, að innlend framleiðsla til útgerðarinnar væri seld dýrara verði en erlend. Í öðru lagi, að innlendur iðnaður skapaði aukna dýrtíð í landinu, sem kæmi niður á útgerðinni. Og í þriðja lagi, að minna yrði framleitt innanlands og selt á erlendum markaði af þeim vörum, sem við hefðum aðallega flutt út hingað til. — Um fyrsta atriðið er það að segja, að hv. þm. mun hafa nokkuð rétt fyrir sér um það; margir halda því fram, að svo sé, en oftast mun þetta þó vera ósannað mál, t. d. um botnvörpugarnið, sem togarar nota. Ég hefi t. d. séð því haldið fram í

Morgunblaðinu, að net þau, sem framleidd eru í Vestmannaeyjum, séu ekki dýrari en þau, sem flutt eru inn frá útlöndum. Og þegar menn halda því fram, að þessar innlendu vörur séu dýrari en erlendar, þá mun það venjulega af því, að þeir hafa ekki kynnt sér málið. Fellur þá um sjálfa sig hin staðhæfingin, að þessi innlendi iðnaður skapi aukna dýrtíð, ef framleiðsla hans er ekki dýrari en erlend framleiðsla. Þá er síðasta atriðið, að með því að við framleiðum fleira innanlands, verði minna hægt að selja af okkar fyrri framleiðsluvörum. Er þetta hæpin röksemd. Það hefir sýnt sig, að saltfiskframleiðslan getur brugðizt, og er þá ógurleg hætta fyrir þjóðina fólgin í því, að verða að byggja lífsafkomu sína á þessari einu sölugrein að mestu. Er þá skynsamlegra að flytja framleiðsluna heldur yfir á fleiri greinar, jafnvel þótt það kostaði, að fyrrnefnd framleiðslugrein takmarkaðist nokkuð. Hættulegast af öllu er fyrir okkur að binda okkur algerlega við framleiðslu einnar vörutegundar og verða svo að standa uppi sem glópar, ef þessi vara selst ekki.

Hv. þm. sagði, að ég tæki þátt í kapphlaupinu um að tala fagurlega í garð iðnaðarins, og vildi jafnframt gefa í skyn, að ósamræmi væri þar milli orða og efnda. En út úr orðum hans sjálfs skín einmitt það dæmalausa vantraust á möguleikum til íslenzks iðnaðar, sem alltaf hefir einkennt sjálfstæðismenn hér í d. Stundum halda þeir því fram, að innlendi iðnaðurinn sé dýrari en sá erlendi, stundum, að hann sé verri, en stundum, að hér sé ekkert hægt að framleiða. Þetta vantraust er okkur skaðlegt. Það tefur ekki einungis fyrir því, að framleiðslan sé flutt inn í landið, heldur veikir það líka trúna á okkur sjálfa, og er það ef til vill skaðlegast fyrir flokk, sem kallar sig Sjálfstfl. og segist leggja mikið upp úr því, að vera sjálfum sér nógur.

*Ólafur Thors: Hv. þm. Hafnf. byggði andmæli sín gegn minni ræðu á því, að það væri ósannað mál, að innlendi iðnaðurinn hefði aukið dýrtíðina í landinu, eða hvort ástæða væri til að ætla, að hann yrði dýrari en erlend framleiðsla, þar sem hún væri ódýrust. Þó að ég hafi ekki sjálfur reynslu um kaup á netum og línum, veit ég það þó frá útgerðarmönnum sunnan með sjó, að þær eru hér talsvert dýrari en þær eru ódýrastar annarsstaðar. Og ég hefi ekki ástæðu til að rengja þessa menn. — En hvort sem þetta er nú sannað eða ósannað mál, vil ég spyrja hv. þm., hvort honum þyki líklegra, að rétt sé, ef rökrétt hugsun fær að njóta sín hjá honum? Myndi honum þykja líkur til, að vara yrði ódýrar framleidd hér á landi en þar, sem framleiðsluskilyrði eru bezt, þegar þess er gætt, að við búum við óhæfilega dýrt lánsfé, en öll framleiðsla hér byggist yfirleitt á lánsfé, og þegar það er ennfremur athugað, að við verðum að notast við óæfða krafta og litla reynslu? Eru ekki líkur til, að við verðum að sætta okkur við, að slík framleiðsla verði hjá okkur dýrari en hjá þeim þjóðum, sem njóta beztra skilyrða?

Auk þeirra vara, sem ég hefi áður nefnt, hefi ég heyrt, að t. d. sé íslenzkt smjörlíki allmiklu dýrara en það, sem ódýrast er erlendis.

Hv. þm. beindi til mín og okkar sjálfstæðismanna áminningum út af vantrú okkar á innlendum iðnaði. Innan Sjálfstfl. er það eðlilega misjafnt, hverjar vonir menn gera sér um möguleikana fyrir íslenzkum iðnaði, og mun svo vera í öllum flokkum. Meðan reynsla er ekki komin á um svo fjölþætt mál, er eðlilegt, að skoðanir séu misjafnar, þar sem menn hugsa sjálfstætt. Það er vitanlega varasamt að vantreysta sér mjög, en hitt er engu síður varhugavert, að treysta sér um of. Ég álít fyrir mitt leyti og án þess, að ég sé þar að mæla fyrir munn Sjálfstfl., því að innan hans er trú manna á innlendum iðnaði misjöfn, að varasamt sé að stiga of ört skrefin í þessum efnum. Er ég hræddur um, að það geti orðið til þess, að ýmsir verði fyrir vonbrigðum. Vil ég benda mönnum á, að það orkar mjög tvímælis um ýmsan iðnað, hvort hann getur borið sig hér, þegar verzlun er aftur orðin frjáls. Ég álít það ekki stefnu framtíðarinnar, að Íslendingar fari að brjóta kol norður á Tjörnesi, í stað þess að kaupa þau þar, sem þau fást ódýrust. Ég álít það ekki stefnu framtíðarinnar, að Spánverjar komi hingað til að veiða fisk, í stað þess að kaupa hann af okkur. Ég held, að Íslendingar eigi einmitt að stunda fiskveiðarnar sjálfir, og það alveg jafnt, þótt innilokunar- og haftapostulinn, hæstv. fjmrh., gangi hér um d. hlæjandi. Hin stefnan, stefna hæstv. fjmrh., er stefna fortíðar og dauða og er nú að drepa niður íslenzkan sjávarútveg. Ég álít, að það sé vont og skaðlegt, að íslenzkur iðnaður mæti vantrausti, og jafnskaðlegt, að hann mæti oftrausti, en ég tel eðlilegast, að hann mæti skilningi, og ég vil geta sýnt honum þann skilning. Það kann að orka tvímælis, að ég sjái rétt í þessu máli, en það vil ég, að menn skilji, að ég el ekki í brjósti neinn kala til innlends iðnaðar né vil vitandi vits sýna honum nokkurt óverðskuldað vantraust.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til iðnn. með 20 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

13. Talstöðvar í skipum.

Á 6. fundi í Nd., 20. febr., var útbýtt:

Frv. til l. um talstöðvar í íslenzkum skipum (þmfrv., A. 29).

Á 9. fundi í Nd., 25. febr., var frv. tekið til 1. umr.

*Flm. (**Páll Þorbjörnsson**): Það er löngu orðið viðurkennt, að tæplega verður kosið á öllu heppilegra öryggistæki fyrir mótorbáta heldur en talstöðvar. Á. m. k. er ekki kunnugt um tæki, sem eru jafn kostnaðarlítil, en veita þó jafnmikið öryggi eins og þessar talstöðvar. Nú er það ekki svo, að þessi tæki séu eingöngu öryggistæki í bátum, heldur veita þau ýmsan

stuðning við fiskveiðarnar, sem bezt má marka af því, að það þykir nú tæplega gerlegt að fara á síldveiðar norður fyrir land á bezta tíma ársins, nema hafa talstöðvar í bátunum. Þetta er fyrst og fremst vegna þess, að bátarnir, sem hafa talstöðvar, geta haft samband hverjir við aðra og fengið fréttir úr landi og því um líkt. Ennfremur má benda á, hve mikill munur það er fyrir báta, sem eru með veiðarfæri sín úti í sjó, ef vél bilar, að geta kallað upp annaðhvort önnur skip eða stöð í landi og beðið um hjálp. Ég veit, að þess eru nokkuð mörg dæmi, þótt ekki sé komin löng reynsla á þessar stöðvar, að fyrir þær hefir verið hægt að bjarga mörgum skipum og þeim mannslífum, sem þar hafa verið innanborðs, og ennfremur, að bátar hafa friast við venjulegt veiðarfæratap eingöngu fyrir, að þeir höfðu þessar stöðvar.

Nú eru komnar talstöðvar í um rúma 100 báta, og beiðnir liggja fyrir um talstöðvar í um 50 báta. Eftir upplýsingum frá landssímastjóra eru líkur til, að þeirri eftirspurn verði fullnægt á þessari vertíð. Þá eru komnar talstöðvar í um 150 vélbáta. Eftir því, sem mér hefir verið tjáð, þá munu vera komnar talstöðvar í þvínær hvern bát í verstöðvunum hér við Faxaflóa. En aftur eru aðrar verstöðvar, þar sem er langt í land, að þessu verði fullnægt. T. d. er svo í Vestmannaeyjum. Þar eru aðeins örfáir bátar, sem hafa talstöðvar. Eigendur bátanna eiga þó ekki sök á þessu, heldur hafa stöðvarnar ekki fengizt ennþá, þrátt fyrir þótt þær hafi verið pantaðar fyrir rúmu ári síðan. Ég skal ekki segja, hver ástæðan er til þess, að svona drægt hefir gengið að fá þær til landsins, en það er önnur ástæða, sem nokkru ræður um það, hve seint hefir gengið að fá þessar stöðvar í bátana. Það er sá kostnaður sem þær hafa í för með sér. Eftir þeim upplýsingum, sem ég hefi aflað mér, þá mun uppsetningarkostnaður fyrir eigendur bátanna hafa verið frá 400—600 kr. Þetta er kostnaður við uppsetningu á loftneti, lömpum, „batterium“ og öðru slíku. Eitthvað svipaður þessu mun rekstrarkostnaðurinn hafa verið. Landssíminn hefir átt allar þessar stöðvar og leigt þær fyrir 120 kr. á ári. En landssíminn hefir gert kröfu til þess, að stöðvarnar væru tryggðar fyrir um 1200 kr., og iðgjald af þeirri upphæð mun hafa numið rúmlega 100 kr. á ári. Ennfremur hafa bátarnir orðið að greiða ríkisútvarpinu 30 kr. á ári í afnotagjald. Mér finnst það nú alveg óviðeigandi, að ríkisútvarpið sé að taka afnotagjald af þessum tækjum, sem eru ætluð til alls annars en þau viðtæki úti um land, sem krafizt er afnotagjalds af. Þess vegna gerði ég ráð fyrir í frv., að afnotagjaldið yrði fellt niður. Ennfremur geri ég ráð fyrir því, að landssíminn eigi stöðvarnar eftir sem áður og leigi þær út þannig lagað, að hann fái sitt til baka, en græði ekki meira og minna á því. Því til tryggingar er svo fyrir mælt, að leigan skuli ákveðin fyrir eitt ár í senn af þar til skipaðri matsnefnd, sem í eiga sæti landssímastjóri, einn fulltrúi frá Slysavarnafélagi Íslands og annar frá Fiskifélaginu. Þar með er tryggt, að leigan verði ekki skrúfuð upp.

Þá vil ég geta þess, að eftir því sem mér telst til, eru nær því 240 vélbátar á stærðinni frá 15 til 100 smálestir í landinu. Eftir þeim upplýsingum, sem ég gat um áðan, eru komnar stöðvar í um 150 vélbáta, svo að það verða um 90 bátar, sem þessi lög koma til með að ná til.

Ég hefi ekki enn getað fengið nægilegar upplýsingar um það, hvert sé raunverulegt verð þessara stöðva, en ég hefi þó getað hlerað utan að mér, að stofnkostnaður þeirra fari ekki yfir 800 kr.

Þá vildi ég geta þess, sem kemur fram í þessu frv., að Bátaábyrgðarfélag Vestmannaeyja hefir boðizt til þess að lána bátaeigendum sem svarar því, er kostar að setja upp svona stöðvar í byrjun, og ennfremur að sjá um að tryggja stöðvarnar endurgjaldslaust. Mér telst svo til, ef önnur vátryggingarfélög gera það sama, sem mér skilst þau verði að gera til þess að bjóða viðlíka kjör, og ef afnotagjaldið til útvarpsins yrði fellt niður, að þá mundi mega draga frá árlegum rekstrarkostnaði um 130 kr. En hvort annar rekstrarkostnaður getur færzt niður til muna, skal ég ekki segja.

Ég veit, að það er mikill áhugi fyrir því bæði hjá útgerðarmönnum og sjómönnum, að talstöðvar komi sem fyrst í vélbátaflotann. Ég sé því ekki ástæðu til að ætla, að frv. sæti neinum mótbárum frá þeim aðiljum. — Ég vil svo óska þess, að frv. verði vísað til sjútn. að aflokinni þessari umr.

*Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson): Ég get verið sammála hv. flm. þessa frv. um það, að þess er mikil nauðsyn, að talstöðvum sé komið í báta af þessari stærð. Hinsvegar er ég hræddur um, að ekki sé nægilegt það ákvæði, sem hér er gert ráð fyrir í frv., að hvert skip, sem er stærra en 15 smálestir, skuli hafa talstöð, nema samtímis séu gerðar aðrar ráðstafanir, því að eftir því, sem ég hefi ástæðu til að ætla, er ekki viðbúið, að hægt verði að koma því í kring á svona skömmum tíma. Eftir því, sem ég bezt veit, eru talstöðvar komnar í 110 báta af þessari stærð og nokkra báta undir 15 smálestum. Nú eru 30 stöðvar í smíðum, og eru þá komin 140 skip yfir 15 smálestir, sem hafa talstöðvar um borð. Ég hefi ekki nákvæma tölu yfir þá báta, sem eru yfir 15 smál. að stærð, því að í skýrslum Fiskifélagsins er miðað við 12 smál. (PÞ: Þeir eru um 240). Eftir þeim upplýsingum, sem ég hefi fengið, ættu þeir að vera öllu fleiri. En ég ætla, að það séu um eða yfir 100 bátar, sem þyrftu að fá stöðvar.

Ég vildi mælast til við þá n., sem fær þetta frv. til meðferðar, að hún fengi til viðtals póst- og símamálastjórann, sem er þessu máli kunnugur. Ég geri ráð fyrir, að það ætti ekki að taka mörg ár, að koma talstöðvum í öll vélskip af þessari stærð, ef landssímanum er heimiluð nóg fjárveiting til þess, en það er ekki unnt að gera það á einu ári.

*Jóhann Jósefsson: Það er víst óhætt að segja, að eitt að þeim beztu öryggistækjum, sem skip hafa, séu loftskeytatækin og taltækin. Vitaskuld verður það bezt til öryggis, að útbúnaður bát-

anna sé sem öruggastur, þótt lengi megi benda á, að þetta og þetta sé gott til frekara öryggis. En hitt er áreiðanlegt, að það út af fyrir sig, að geta látið til sín heyra, hefir oft komið að gagni og hefir mikla þýðingu.

Það hefir verið upplýst í þeim ræðum, sem fluttar hafa verið bæði af hv. flm. og hæstv. ráðh., að það er kominn sá útbúnaður, sem frv. fer fram á, í miklu meira en helminginn af *þeim skipum, sem hér koma til greina.* Þessi útbúnaður er þegar kominn í 108 skip, og fyrir liggja pantanir hjá landssímastjóra, eftir því sem mér er skýrt frá, á 50 til 60 tækjum. Þegar þær pantanir eru afgr., þarf ekki að skylda þá, sem þessi tæki fá, með lögum, því að þeir hafa þá gert sínar ráðstafanir, áður en frv. kom til greina. Þegar það er afgr., er hægt að gera ráð fyrir, að 150 skip af 250 væru búin að fá tæki. Það væru því eftir 100 skip, sem þessi lög ættu að ná til.

Nú er þess að geta, hvað er mikið létt undir með mönnum að fá taltæki samkvæmt þessari lagaskyldu. Ég skal sýna fram á, að það er ekki mikið létt undir eftir þessu frv. Landssíminn leigir bátunum tækin sjálf. Landssími Íslands byrjaði á því fyrir 3 árum síðan, sem mjög er *virðingarvert, að smíða hentug tæki í íslenzka* fiskibáta, sem nota mætti til þess að tala við land og milli báta. Þeir, sem landssímanum stjórna, veittu því athygli, að í stórum skipum, sem hingað koma, var slíkur útbúnaður ekki mjög dýr. Þess vegna lét landssímastjóri gera tilraun með að smíða tæki með hæfilegu verði og stærð í íslenzka fiskibáta. Í þrjú ár hefir þessu verið svo vel tekið af íslenzkum bátaeigendum og fiskimönnum, að nú eru tæki komin í 108 skip, og þar að auki yfir 50 í pöntun. Það er því augljóst, að það er engin tregða hjá bátaeigendum og sjómönnum að sinna þessu máli. Ég get bætt því við, að það er sennilega komið miklu lengra hér á landi að svona litlir bátar hafi taltæki, heldur en hjá nágrannaþjóðum okkar, eftir þeim fregnum, sem *ég hefi bæði frá Færeyjum og Noregi.*

Í grg. fyrir þessu frv. er sagt frá því m. a., að nokkuð treglega gangi að fá taltæki leigð hjá landssímanum, og það hefði tafið fyrir, að menn fengju tæki eins og þeir vildu. Ég geri ráð fyrir, að hér sé skýrt dálítið skakkt frá að því leyti, að ekki er sagt, vegna hvers landssíminn afgreiðir ekki tækin *eins ört og beðið er um.* Ég tel mig hafa eins mikla reynslu og hv. flm. í þessu máli, því að ég hefi verið milligöngumaður við útvegun á nokkuð mörgum tækjum, en ég býst við, að hann hafi ekki haft mörg til meðferðar. Ég get borið landssímanum það, að hann hefir ekki tekið treglega í þetta mál, heldur þvert á móti. Bæði ég og aðrir, sem ég hefi vitað að hafa pantað tæki, hafa mætt hinni mestu lipurð. Hitt er annað mál, að landssímanum hefir gengið erfiðlega að fá útlent efni, því að vitaskuld eru þessi tæki sett saman úr útlendu efni, en þeir erfiðleikar hafa ekki stafað af neinni tregðu af hálfu gjaldeyris- og innflutningsnefndar, heldur af þeim eðlilegu hömlum, sem á innflutningi er, og svo af gjaldeyrisskorti í landinu. Það liggja t. d. nú sem stendur tvær sendingar á afgreiðslu skipanna, sem bankarnir hafa ekki getað lánað gjaldeyri til að borga. Þetta eru sendingar til landssímans, sem í eru stykki til að búa til úr tæki. Það kemur sér bagalega, að bankarnir skuli ekki geta lánað gjaldeyri til þess að leysa inn þessar sendingar. En það er engin tregða í þessu máli af hálfu landssímans. Það þykir mér skylt að leiðrétta, vegna þess að ég hefi verið talsvert við þessi mál riðinn, að því er snertir Vestmannaeyjabáta.

Hv. flm. skýrði frá því, að Bátaábyrgðarfélag Vestmannaeyja hefði samþ. á aðalfundi sínum að styðja þetta mál. Þetta er rétt, en hv. flm. sagði þar ekki nema hálfan sannleikann. Honum er sýnilega meira í mun, ég vil segja *að grípa á lofti þessa hugmynd og koma henni* á þingskjöl heldur en að athuga, hvað virkilega lá fyrir í málinu, eins og ég nú hefi upplýst um afskipti landssímans af málinu. Það liggur því þannig fyrir, að því er snertir Bátaábyrgðarfélag Vestmannaeyja, að í Vestmannaeyjum eru komin taltæki í 11 báta, og eru það aðallega bátarnir, sem fara á síldveiðar. Svo var málið rætt í stjórn Björgunarfélags Vestmannaeyja, og framkvæmdarstjóri þess fór á fund Bátaábyrgðarfélagsins að minu undirlagi og annara í stjórn Björgunarfélags Vestmannaeyja. Fékk hann þar samþ. till. þess efnis, að Bátaábyrgðarfélagið skyldi styðja 20 báta til þess að fá sér tæki, með því að lána þeim 400 kr. upp í stofnkostnað, og ennfremur með því að greiða vátryggingu þá, sem landssíminn heimtar af þessum tækjum. *Og það var ekki einasta,* að Björgunarfélag Vestmannaeyja stæði að þessu, heldur líka félagið Eykyndill. Hv flm. þessa frv. hefir hvergi nærri þessu máli komið, heldur grípur hann á lofti það, sem gerðist á fundi Bátaábyrgðarfélags Vestmannaeyja, og vill gera þetta að lagaskyldu. Okkur var ljóst, og er ljóst, að það er ekki þægilegt að koma þessu öllu í kring á einu ári, bæði vegna þess, að landssíminn getur ekki af tekniskum ástæðum, og heldur ekki af gjaldeyrisástæðum, uppfyllt allar pantanir í einu. Mér skildist líka á hæstv. ráðh., að hann byggist við, að frv. þyrfti athugunar við í þessu efni, og að ekki mundi hægt að koma öllu í kring í einu. Það, sem fyrir mér og stjórn Björgunarfélags Vestmannaeyja vakti, var, að af fjárhagslegum ástæðum þyrfti að gera ráðstafanir *til þess að gera mönnum kleift að eignast* þessi tæki, og það var þess vegna, að Bátaábyrgðarfélag Vestmannaeyja gerði þessa samþ.

Þetta frv., sem hér liggur fyrir, leggur þá skyldu á herðar hverjum báteiganda, sem á bát eða skip, sem er yfir 15 smálestir að stærð, að hafa svona tæki í því, jafnvel þótt báturinn fari *alls ekki* á sjó, eftir því sem mér skilst á orðalagi frv. Með þessu frv. er engin tilraun gerð til þess að létta af mönnum þeim kostnaði, sem af þessu leiðir, nema 30 kr. gjaldinu til útvarpsins, og er það þó ekki nema fjöður á fati af þeim útgjöldum, sem þessi taltæki hafa í för með sér. Samkv. því, sem hv. flm. sagði, þá er kostnaðurinn við niðursetningu taltækja í bát frá 400 til 600 kr., og árlegur kostnaður eitthvað svipaður. Mér þykir þetta nokkuð losaralega

frá skýrt. Eftir hans áliti, leikur kostnaðurinn við uppsetning tækjanna í hvern bát á 800—1200 kr. Það, sem ég hefi komizt næst í þessu efni. er, að rafvirki sá, sem löggiltur er í Vestmannaeyjum, hefir gefið þær upplýsingar, að stofnkostnaður að viðbættu því gjaldi, sem greiða verður árlega — en það er 120 kr. —, myndi verða um 900 kr. á bát. Og hér í Reykjavík hefi ég staðreynt að þetta er rétt, á því, sem ég hefi orðið að borga fyrir uppsetningu á þessu. Ég veit, að sá kostnaður einsamall er um 200 kr., en þar við bætist móttökutæki. En taltæki og móttökutæki er sitt hvað. Taltæki eru það, sem landssíminn leggur til og tekur 120 kr. í leigu fyrir. En báturinn verður að sjá sér fyrir móttökutæki og öðru því, sem talið er í uppsetningarkostnaði. Þessi taltæki eru venjuleg stofutæki, en þau eru bæði of fín og of dýr og ekki nærri nógu sterk, svo að árlegur viðhaldskostnaður á þeim er hjá mörgum bátum nokkuð mikill. Nú ætlar landssíminn að gera tilraun til þess að smíða tæki með hliðsjón af mótorbátum, því að það er sérstaklega erfitt fyrir mótorbáta að varðveita dýr og vönduð tæki, sem ætluð eru til þess að nota inni í húsum, en ekki úti á sjó. Verkfræðingur símans hefir sagt mér, að hann búist við, að þessi tæki, sem landssíminn ætlar að láta smíða, muni kosta 400 kr. Uppsetningarkostnaður er eftir mati hv. flm. frv. 400—600 kr., og telur hann þá að sjálfsögðu móttökutæki með. Ég hygg, að óhætt sé að segja, að hann sé 600 kr. Í Vestmannaeyjum er hann talinn af rafvirkjanum þar 700 kr. En þótt hann sé talinn 600 kr., þá er það mjög há upphæð.

Þá er leigan til landssímans, en frv. fjallar líka um hana. Það er gefið í skyn, að leigan eigi að verða lægri en hún er nú. Í frv. er sagt í 4. gr. á heldur slæmu máli, að leigan skuli ákveðin fyrir eitt ár í senn og miðað við, að landssíminn sleppi skuldlaus. Nú er þess að gæta, að þessi leiga, sem landssíminn tekur fyrir tækin, hefir verið prófuð. Fiskifélagið hefir sett nefnd til þess fyrir ári síðan, og hún komst að þeirri niðurstöðu, að leigan væri sanngjörn. Ég sé því ekki, að hægt sé að lofa mikilli niðurfærslu á þessari leigu, þó að þetta frv. verði samþ. Þá er líka upptalið allt, sem aflétt verður af mönnum samkv. frv.

Hv. flm. er að tala um í grg., að Bátaábyrgðarfélag Vestmannaeyja hafi styrkt þetta, eins og ég hefi nú staðfest, að það ætlar að greiða iðgjaldið, en það stendur ekki í frv., að það eigi að verða lögskylda fyrir Vátryggingarfélag Vestmannaeyja eða önnur félög, heldur leggst það á eigendur bátanna samkv. frv. Ég álít, að það þurfi að taka til athugunar í n., að reyna að létta undir með stofnkostnaðinn, því að annars leggur frv. skyldu á herðar eigenda þessa 90—100 báta, sem hafa ekki enn fengið tæki, því það skyldar þá til að kaupa í bátana tæki, sem baka þeim á fyrsta ári a. m. k. 600 kr. í útgjöld, og þar að auki er leigan 120 kr. til landssímans og er töluvert þungur baggi. Frv. gerir ekki ráð fyrir nokkurri annari afléttingu en þessum 30 kr. til útvarpsins, en það leggur á þá skyldu, að ráðast í þennan kostnað.

Ég tók eftir því, að hv. flm. talaði um, að þetta mál færi til sjútn., sem er líka eðlilegt, og þykist ég vita, að sjútn. verði við tilmælum hæstv. ráðh. um að bera sig saman við landssímann um þetta efni. Og þá kemur vitanlega til greina í enn ríkari mæli þörfin á því, að bera sig saman við ríkisstj. um það, hvað hún vilji gera til þess að létta undir með stofnkostnaðinn, því að hann er aðalatriðið. Ef ekkert er létt undir með stofnkostnaðinn, þá er lítil hjálp í því að samþ. þetta frv., enda hlýtur hv. flm. að sjá það. En verði hinsvegar gerðar ýtarlegar ráðstafanir til þess að bátaeigendum verði ekki nema lítið íþyngt með gjöldum, þótt þeir fengju sér tækin, þá er sjálfsagt að skylda þá til þess að hafa þau. Annars er það sýnilegt af undirtektum þeim, sem þetta mál hefir fengið hjá bátaeigendum úti um land, að menn hafa haft alla viðleitni í frammi til þess að nota þá hjálp, sem landssíminn hefir boðið, til þess að koma þessum tækjum í bátana, því að þau eru komin í yfir 100 skip, og pantanir liggja fyrir á tækjum í um 50 af þeim 250 bátum, sem þarna koma til greina.

*Flm. (Páll Þorbjörnsson): Mér kom að sönnu ekki á óvart þessi niðurbælda gremja hjá hv. þm. Vestm. út af því, að ég skyldi voga mér að flytja þetta frv., og sérstaklega þó, að það skuli vera á svo slæmu máli, að það hneyksli þennan sérstaklega góða íslenzkumann. Honum varð nokkuð tíðrætt um grg. þessa frv. og byrjaði á að hneykslast á því, að ég hafi sagt í grg., að það muni hafa gengið nokkuð treglega að fá þessar stöðvar hjá landssímanum. Hann vildi leggja það svo út, að ég væri með þessu að hnýta í landssímastjóra, en svo er alls ekki. Mér var ekki beinlínis kunn ástæðan fyrir því, að pantanir hafi orðið að bíða a. m. k. heilt ár, eða hvernig stendur á því, að t. d. Vestmannaeyingar, sem mér er kunnugt um, að ekki hafa haft minni áhuga fyrir því en aðrir, að fá þessi tæki í sína báta, eru aðeins búnir að fá tæki í 11. báta, eins og hv. þm. tók fram, en í sumum öðrum veiðistöðvum eru tæki komin í hvern bát. Það er síður en svo, að ég haldi því fram, að landssíminn hafi tafið málið viljandi.

Þá fannst hv. þm. sérstök ástæða til þess að bæta við upplýsingum um stuðning Bátaábyrgðarfélags Vestmannaeyja, sem honum fannst ófullnægjandi hjá mér. Ég hafði ekki heyrt um forsögu þessa máls og sá ekki ástæðu til þess, þótt hún kynni að vera einhver, að fara að leita fyrir mér um það, hver átti till. á fundi Bátaábyrgðarfélagsins um þetta. En ég skal upplýsa það hér, svo að hv. þingheimur og aðrir heyri, að ástæðan fyrir því, að hv. þm. Vestm. tók sér það svo nærri, að ekki var nánar greint frá þessu, er sú, að hann er ekki í stjórn Bátaábyrgðarfélagsins, en í stjórn Björgunarfélags Vestmannaeyja, og það, sem honum gramdist, er, að hans virðulega nafn skuli ekki nefnt í grg. fyrir þessu frv.

Þá hefir hv. þm. orðið tíðrætt um ýmsa kostnaðarliði í sambandi við frv. Ég sagði, að uppsetningar- og rekstrarkostnaður væri frá 400—600 kr. Ég hefi stuðzt við upplýsingar,

sem ég hefi fengið frá ýmsum mönnum, sem hafa haft spurnir af þessu eða látið setja tækin upp. Mér hefir einnig verið tjáð af mönnum í Vestmannaeyjum og annarsstaðar, að það væri allmikill munur á því, hver uppsetningarkostnaðurinn væri. Hv. þm. Vestm. upplýsti, að rafvirkinn í Vestmannaeyjum — en hann hefir einokunarrétt í þessu efni — tæki 700 kr. fyrir uppsetningu. En aftur á móti taldi hv. þm., að kostnaðurinn væri 600 kr. Þarna munar strax 100 kr. Annars mun hann vera minnstur í Rvík. Þeir menn, sem hafa meiri reynslu í þessu efni en bæði ég og hv. þm. Vestm., telja, að hann leiki á 600 kr. og allt niður í 450 kr., og fer það eftir því, hvort þarf að kaupa mikið af lömpum eða önnur óhöpp koma fyrir. Hv. þm. sagði, að Fiskifélagið hefði sett nefnd á laggirnar til þess að prófa, hvort leigan, 120 kr., væri sanngjörn, og nefndin hefði komizt að þeirri niðurstöðu, að hún væri það. Ég vil geta þess, að lengst framan af, og sennilega allt fram á þennan dag, hefir þessi smíði á talstöðvum hjá landssímanum verið tilraunasmíði, sem af eðlilegum orsökum hefir orðið ákaflega dýr, og dýrari en þetta þarf að vera og mun verða í framtíðinni. Hv. þm. Vestm. upplýsti, að landssíminn hefði tekið sér fram um að byrja á byggingu stöðva, sem væru heppilegar, hvað stærð og annað snertir fyrir íslenzka báta. Það hefir eðlilega orðið kostnaðarsamt að byrja þessa smíði og prófa sig áfram. Ég hefi leitað mér upplýsinga um þetta mál, vegna þess að ég hefi haft nokkur afskipti af öryggismálum sjómanna. En ég skal gera hv. þm. Vestm. það til geðs að geta þess, að mér hefir ekki verið falið að útvega stöðvar í báta í Vestmannaeyjum, en það er sennilegt, að hann hafi átt einhvern þátt í því. Mér er líka kunnugt, að svo óánægðir voru menn út af því, hvað það gekk seint að fá stöðvarnar, að það þótti ekki einhlítt að hafa þennan hv. þm., heldur var framkvæmdarstjóri Björgunarfélagsins sendur út af örkinni til þess að fá einhverju áorkað í þessu máli.

Í sambandi við kostnaðinn var hv. þm. að tala um móttökutækin. Ég vil nú benda honum á, að þótt það hafi verið svo fram að þessu, að algengir stofumóttakarar hafi verið notaðir í bátana og landssíminn ekki gert annað en byggja talstöðvar, þá hefir það komið til orða hjá landssímanum að sambyggja þetta, bæði taltækin og móttakarana.

Nú kem ég að því, sem kom fram í ræðu hæstv. atvmrh., og raunar líka í ræðu hv. þm. Vestm., en það er, hvaða möguleiki sé á því, að gera þetta á einu ári. Ég tel, að það muni vera í kringum 90 stöðvar, sem þarf að útvega. Ég hefi ástæðu til að ætla, að það muni vera hægt að fá tæki, hvort sem það er frá útlöndum, eða tæki, sem fela hvorutveggja í sér, bæði móttakara og taltæki, sem ekki þurfa að kosta yfir 1000 kr. Ég hefi fyrir mér nokkuð góðar upplýsingar um, að það muni vera auðsótt mál, að fá þessi tæki frá þekktri erlendri verksmiðju, og ekkert mun vera því til fyrirstöðu, að gjaldfrestur fengist um nokkuð langan tíma. Maður sá, sem ég talaði við, taldi sennilegt, að ekki þyrfti að greiða þetta fyrr en eftir 3—4 ár. Ég tel því ekki ástæðu til þess að óttast um það, að fyrir ríkisstj. sé í of mikið ráðizt, þó að byggðar séu 90—100 stöðvar.

Þá vildi hv. þm. Vestm. gera lítið úr frv., sem hans var von og vísa. Hann hefir haldið því fram, að þessar stöðvar komi, hvort sem er. Ég sveigi hvergi að því í grg. frv., að ég vantreysti útgerðarmönnum, að þeir svo fljótt sem auðið er útvegi sér þessi tæki. Hitt er og alkunna, að menn eru misjafnir, og það, sem einn gerir fljótt og vel, er annar tregur til. Við þekkjum frá síðustu þingum, hvílíka baráttu það hefir kostað að fá í lög leitt, að íslenzk fragtskip, sem sigla landa milli, hafi slík öryggistæki. Ég verð að segja, að þetta frv. inniheldur ákvæði um fleira en það eitt, að skylda báta til þess að hafa talstöðvar. Ég vil beina þeirri fyrirspurn til hv þm., hvort hann geti hugsað sér, að það geti gengið, að 250 fiskibátar við strendur landsins væru komnir með talstöðvar, og engin hemill væri á notkun þeirra eða reglur, sem fylgja ætti. Það er nauðsynlegt, þegar talstöðvar eru komnar í hvern bát, að þá sé viss tími, sem hlusta á, svo tækin komi að einhverju gagni.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fara lengra út í þetta mál að sinni. Ég skil vel, hvað hv. þm. Vestm. var að fara með ræðu sinni. Hann þurfti að fá útrás fyrir innibyrgða gremju, sem hann hefir væntanlega haft gott af að losna við.

*Jóhann Jósefsson: Mér er það vel ljóst, að þegar 200—300 bátar hafa talstöðvar, þá þarf að setja reglur um, á hvaða bylgjulengd þær eigi að starfa. Það er síður en svo, að ég vilji bera á móti því, enda veit ég, að landssíminn hefir látið það í ljós, að slíkar reglur þyrfti að setja, og frvgr. sú, sem talar um þær reglur, er náttúrlega í fullu gildi. Hitt var mér ekki ljóst, að það hefði vakað fyrir hv. flm., að fara að breyta til, eins og hann lýsti yfir, og panta tækin smíðuð frá útlöndum, enda gefur frv. ekkert í skyn um, að það sé tilætlunin. Hafi það verið ætlun hv. þm., þegar hann samdi frv., þá geri ég ráð fyrir, að réttara hefði verið að láta það koma fram einhversstaðar. Það hefir líklega runnið upp ljós fyrir honum, fyrst þegar hæstv. atvmrh. var að benda á, að það væri ef til vill torvelt fyrir landssímann að uppfylla kröfur frv. allar í einu.

Að öðru leyti þarf ég ekki að svara hv. 3. landsk. frekar í þessu máli, enda sýndi hann ekki fram á, að ég hefði farið með rangt mál í einu einasta atriði í ræðu minni, og heldur ekki þar, sem ég sýndi fram á, að með þessu frv. væri ekkert gert til þess að létta kostnaðinn á bátaeigendum við að hafa þessar talstöðvar, nema till. um að 30 kr. gjaldið til útvarpsins falli niður. Það sjá allir, hvað mikil hjálp er í því, þegar stofnkostnaðurinn er samt 600—700 kr. Í seinni ræðu sinni var hv. þm. að tala um það, að ef horfið væri að því, að kaupa hin útlendu tæki, þá væri kostnaðurinn 1000 kr. Ef á að leggja þetta á bak fátækra bátaeigenda, sem ekki hafa haft tök á því, að panta tæki, er lítil hjálp í þessum 30 silfurpeningum, hvort sem kostnaðurinn er 700 kr. eða 1000 kr.

Um gremju í mér þarf hv. þm. ekki að tala. Ég hefi enga ástæðu til þess að vera gramur yfir gangi þessa máls. Ég veit, að þessi 20 tæki, sem ég og björgunarfélagsstjórnin höfum pantað, verða afgreidd frá landssímanum undir eins og það er mögulegt. En ef hv. þm. vill greiða fyrir þessu máli, þá ætti hann að snúa sér til þeirra, sem hafa umráð yfir gjaldeyri, svo að landssíminn geti innleyst efnið í tæki þau, sem eiga að fara til Vestmannaeyja, en efnið bíður, á meðan ekki fæst gjaldeyrir til þess að leysa það inn. Landssíminn er reiðubúinn að smíða úr efninu, þegar það kemur. Það er sjálfsagt, að bent sé á, að sú hjálp, sem frv. hefir inni að halda, er svo vesæl, að það verður að gera stóra bragarbót í sjútn., þegar málið kemur þar til meðferðar.

ATKVGR.

Frv. visað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til sjútvn. með 17 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

14. Útflutningsgjald af sjávarafurðum.

Á 7. fundi í Nd., 22. febr., var útbýtt:

Frv. til l. um afnám útflutningsgjalds af sjávarafurðum (þmfrv., A. 30).

Á 10. fundi í Nd., 26. febr., var frv. tekið til 1. umr.

***Flm. (Ólafur Thors):** Þetta frv. hefir nú verið flutt á tveimur síðustu Alþ., og var í þau skipti gerð ýtarleg grein fyrir því. Hygg ég því, að ástæðulaust sé að þessu sinni að fara að rekja, svo nokkru nemi, þau grundvallarrök, sem flm. þess styðjast við.

Það er svo kunnugt, að hver einasti maður, sem komin er til vits og ára, hvað þá heldur hv. þm., veit, að sjávarútvegurinn á við mjög bágan fjárhag og þröngan að búa. Hitt er vitað líka, að það er a. m. k. óvíða — og ég held jafnvel hvergi — að útflutningur nokkurs lands sé skattlagður, nema hér á Íslandi. Ennfremur hefir Alþ. með l. frá þinginu 1934 gengið inn á þá braut að afnema útflutningsgjald af nokkrum hluta af útflutningsvörum landsmanna, nefnilega landbúnaðarafurðum. Því var þá þegar hreyft, að ef lagt væri inn á þessa braut, þá mundu eðlilega rísa kröfur um það, að útflutningsgjaldinu yrði einnig létt af sjávarafurðum. Því var þá haldið fram, og það mun reynast satt, að til langframa muni ekki verða hægt að standa í gegn þeirri kröfu. Hvorki útvegsmenn, bændur eða aðrar stéttir landsfólksins munu álíta það eðlilegt, að létt sé þessu gjaldi af landbúnaðarafurðum, en jafnframt heimtað af sjávarafurðum, þegar það er upplýst, að sjávarútvegurinn gengur jafnvel verr en landbúnaðurinn, og er óþarfi að fjölyrða um það.

Ég veit nú, að þau rök, sem hér verða færð gegn þessu frv., munu verða þau sömu og áður, að ríkissjóður megi ekki við því að missa þessar tekjur. Það á náttúrlega við talsvert að styðjast. En það verður jafnan svo um öll frv. og allar samþ., sem fyrir Alþ. liggja, að deilt er um það, eða a. m. k. að sitt sýnist hverjum um það, hvað leggja beri mesta áherzlu á. Það vita nú allir hv. þdm., að fjárl. fara hækkandi ár frá ári; sumpart mun sú hækkun vera vegna eðlilegra ástæðna, t. d. þess, að fólki fjölgar í landinu. En sumpart stafar hækkunin af því, að nýir gjaldaliðir bætast við. Að þessu sinni ætla ég ekki að ræða um það, hversu nauðsynleg þessi nýju útgjöld eru. En ég hygg, að ég fari með margra manna mál, þegar ég held því fram, að þau séu í sjálfu sér hvorki þjóðinni nauðsynleg né gagnleg, heldur hitt, að þau séu svo óbærileg, að heita megi, að þau séu að sliga framleiðendurna.

Ég hlýddi á síðari hluta útvarpserindis, sem nú alveg nýskeð var flutt í umboði n. þeirrar, sem í daglegu tali nefnist Rauðka. — Ég vil biðja hæstv. forseta að afsaka þetta nafn; ég á nefnilega við skipulagsnefnd atvinnumála. — Hr. Arnór Sigurjónsson flutti þetta erindi, og skýrði hann svo frá, að það væri sameiginleg krafa skipulagsn., að útflutningsgjaldinu yrði létt af sjávarafurðunum. Ýmislegt annað gat hann um í erindinu, sem var til stuðnings okkar máli, flm. þessa frv., sem ég sé samt ekki ástæðu til að ræða nú. Hinsvegar var og ýmislegt í erindinu, sem ég taldi ekki rétt, eða var a. m. k. ekki samkvæmt minni skoðun. Ef nú svo er komið, að skipulagsn. atvinnumála, sem er alveg flokkslega skipuð, einskonar flokksnefnd stjórnarflokkanna, telur, að brýna nauðsyn beri til að létta þessu gjaldi af sjávarútveginum, og ef n. kveður jafnákveðið og sterkt að orði um það eins og Arnór Sigurjónsson, þá leyfi ég mér nú að vænta þess, að þetta frv. fái að ganga greiðlegar gegnum þingið heldur en raun ber vitni um afgreiðslu þessa máls á undanförnum Alþ. Ég dreg ekki í efa, að góður hugur margra hv. þm. hafi fylgt máli þessu á undanförnum Alþ., enda þótt hv. þm. hafi ekki séð sér fært að vera með því. En ég hygg, að sívaxandi þrengingar útvegsins ættu að geta riðið þann baggamun, sem áður hefir verið á um tilhneigingar manna, annarsvegar til þess að fylgja þessu máli og hinsvegar spekt við þær flokkslegu ákvarðanir að vera andvígur þessu máli. — Ég vænti, segi ég, að sívaxandi þrengingar útvegsins megi nú ríða þennan baggamun. Þess vegna geri ég mér von um, að skipulagsn. atvinnumála telji svo brýna og óumflýjanlega nauðsyn, að gjald þetta verði afnumið.

Skal ég svo ekki láta frv. fylgja fleiri orð af því að mál þetta er margrætt hér á Alþ. og efni frv. og aðstæður öllum þingheimi kunnar. — Legg ég til, að frv. þetta verði, að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og sjútvn..

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Í þau tvö skipti, sem frv. samhljóða þessu hefir verið flutt á Alþ., hefi ég mælt gegn því, að það væri samþ., eingöngu frá sjónarmiði ríkissjóðs, sem sé því,

að eins og háttað er um afgreiðslu fjárl., þá getur ríkissjóður ekki misst þær tekjur, sem hann hefir haft af útflutningsgjaldinu af sjávarafurðum. Ég mun síðar en svo beita mér á móti því, að þetta frv. gengi til n. Þar fær málið athugun, og eitt af því, sem þyrfti að athuga í sambandi við það, er það, hvort nokkur möguleiki er á því að lögbjóða aðra tekjustofna í staðinn fyrir þetta gjald, ef fella ætti það niður, því að eins og ég hefi tekið fram, getur ríkissjóður ekki verið án teknanna af þessu gjaldi, án þess að eitthvað, sem gefur tilsvarandi tekjur, komi í staðinn. (Raddir af þingbekkjum: Þessu frv. ætti að réttu lagi að vísa til fjhn., því að hér er um mikið fjárhagsatriði fyrir ríkissjóð að ræða).

*Flm. (Ólafur Thors): Sumum hv. þdm. finnst náttúrlega eðlilegt, að fjhn. fái þetta mál til athugunar. En að undanförnu hefir samskonar málum og þessu verið vísað ýmist til landbn. eða sjútvn., eftir því, hvort um sérhagsmuni landbúnaðarins eða sjávarútvegsins hefir verið að ræða í þessu efni. Þess vegna legg ég nú til, að málið fari til sjútvn. En jafnframt vil ég beina því til hv. sjútvn., að ef hún ætlast til þess, að fjhn. fjalli um málið, þá taki hún (sjútvn.) málið þegar fyrir, strax og hún hefir fengið það í hendur, og sendi málið svo fjhn. hið fyrsta til athugunar.

Treysti ég hv. sjútvn. til að bera svo góðan hug til þessa máls — og veit, að hún er vel kunnug málinu —, að hún láti það fá skjóta og góða afgreiðslu.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til sjútvn. með 17 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

15. Fiskveiðasjóður Íslands (frv. SK o. fl.).

Á 3. fundi í Sþ., 23. febr., var útbýtt frá Nd., **Frv. til l. um fiskveiðasjóð Íslands** (þmfrv., A. 31).

Á 10. fundi í Nd., 26. febr., var frv. tekið til 1. umr.

*Flm. (Sigurður Kristjánsson): Það ber líkt að um þetta mál og mál það, sem rætt var hér nú næst á undan, að það hefir verið flutt oft áður en nú. Það hefir verið flutt af sömu flm. og það er nú flutt, á þrem undanförnum Alþ. Er það því nú flutt í 4. sinn. Það er að sönnu rétt að geta þess, að frv. er ekki alveg óbreytt. Það hafa verið gerðar ýmsar smábreyt. á því vegna breyttra aðstæðna. En aðalefni frv. er alveg hið sama og verið hefir. Frv. er byggt á þeirri skoðun, að jafnmikilvirkan atvinnurekstur eins og sjávarútvegurinn er megi ekki bresta algerlega stofnlánsfé innanlands. En það má svo að orði kveða, að þessum mikilvirka atvinnuvegi sé alls ekki að neinu leyti — ég segi alls ekki að neinu leyti — séð fyrir stofnlánum. Það má nú kannske segja, að frá þessum orðum mínum megi draga það, að fiskveiðasjóður er þó starfandi. En eins og hv. þdm. er kunnugt, þá hefir hann svo að segja algerlega staðið í stað, síðan hann var endurskapaður með l. frá 1930. Og auðvitað var stofnun sjóðsins þá ekki annað en lagasetning, að heita mátti, um það, hvernig hann skyldi verða til. En sjálfur sjóðurinn varð vitanlega ekki til með þeim l. á þann hátt, sem hann á að verða, ef hann á að verða starfhæfur. Hann var stofnaður þá með þeim eignum, sem gamli fiskveiðasjóðurinn átti, sem var mjög lítilfjörlegt fé. En með l. var svo gerð ráðstöfun til þess að honum skyldi aukast fé, svo að hann gæti fullnægt hlutverki sínu.

Ég vil skjóta því hér inn í, að fallið hefir burt af vangá nafn eins af flm. þessa frv., hv. þm. Vestm. Er það annaðhvort pennafeil eða prentvilla.

Hlutverk sjóðsins er vitanlega það, að sjá fiskveiðaflota landsmanna fyrir nægilegum stofnlánum. Og eftir hugmynd okkar, núverandi flm. frv., þá á sjóðurinn ekki aðeins að geta séð fiskveiðaflotanum fyrir nægum stofnlánum, heldur verður hann að hafa svo mikið fé til umráða, að hann geti einnig lánað fé til þeirra fyrirtækja, sem hafa það hlutverk, að umskapa sjávaraflann og gera úr honum verðmæta útflutningsvöru.

Það er alveg óþarfi fyrir mig að vera að ræða hér um mikilvægi sjávarútvegsins. Það yrði ekki annað en endurtekning, enda hygg ég, að varla sé um það skiptar skoðanir. En það er alveg víst, að sjávarútvegurinn getur ekki orðið það, sem hann hefir að nokkru leyti verið og verða þarf fyrir landið og landsmenn, nema því aðeins að hægt sé fyrst og fremst að sjá honum fyrir fé til eðlilegrar aukningar veiðiskipaflotans og til þess, að veiðiskipafloti landsmanna geti á öllum tímum verið í nýtízku horfi, og í öðru lagi til þess, að með hjálp sjóðsins geti jafnhliða risið upp iðnaður, sem umskapað geti sjávaraflann í þær verðmætustu og seljanlegustu vörur, sem úr honum er unnt að vinna fyrir heimsmarkaðinn. Það er vitanlega ekki auðvelt að segja um það fyrirfram upp á eyri, hvað þetta fé þarf að vera mikið. En það er nú samt hægt að fara dálítið nærri um fyrri liðinn, af því að til er nokkurnveginn yfirlit yfir það, hve mikið fé liggur í skipastóli landsmanna. Eftir því ætti að mega reikna nokkurnveginn út, hvað mikið fé þarf til þess að halda þessum flota í nýtízku horfi og auka við hann eftir eðlilegum þörfum. Hitt er nokkuð erfiðara, að gera sér grein fyrir, hvað mikið stofnfé þarf til þess að koma á fót þeim iðnfyrirtækjum, sem eiga að vinna þær verðmætustu vörur, sem hægt er, úr sjávarafurðunum.

Ég vil taka það fram, þótt þess gerist e. t. v. ekki þörf, að við flm. þessa frv. teljum okkur ekki vera hér að koma fram með neina nýja hugmynd. Við erum aðeins að flytja eldri hug-

mynd og færa hana til nokkuð meiri fullkomnunar. Með lögum þeim um fiskveiðasjóð, sem nú gilda og orðin eru um 7 ára gömul, er beinlínis stofnað til þess, að fiskveiðasjóður verði a. m. k. þess megnugur, að endurnýja fiskveiðiflotann, því að það er gert ráð fyrir, að sjóðurinn skuli efldur svo, að hann komizt, að því er manni skilst á tiltölulega skömmum tima, upp í 8 millj. kr. Til þess að auka og efla sjóðinn er fyrst og fremst með lögunum sjálfum ákveðið, að ríkissjóður skuli leggja sjóðnum til eina milljón kr. Ennfremur að taka skuli gjald af öllum útfluttum sjávarafurðum, er renni til sjóðsins. Maður verður nú að skýra frá, hvernig þessi lög hafa verið framkvæmd. Það er því nauðsynlegra að skýra rétt og hispurslaust frá því, þar sem það er farið að verða nokkuð títt, að Alþingi samþ. lög, sem sumpart þykir ekki fært að framkvæma, og sumpart, að því er virðist af ásettu ráði, er látið vera að framkvæma. Á þessu er sjálfsagt að gera breytingu, — þá breytingu, að það geti ekki komið til mála, að Alþingi sé gersamlega hundsað á þennan hátt, þegar það gefur stjórninni sín fyrirmæli.

Eins og ég sagði áðan, er í l. um fiskveiðasjóð frá 1930 fyrst og fremst mælt svo fyrir, að greiða skuli sjóðnum eina millj. kr. úr ríkissjóði. Var strax gefin út reglugerð, sem mælti svo fyrir, að þetta yrði greitt á 10 árum þannig, að ríkissjóður greiddi 100 þús. kr. á ári. Þrátt fyrir það er sjóðurinn ekki farinn að sjá einn einasta eyri af þessari milljón. Að sönnu er til sú smuga, að í reglugerðinni er bætt við, að framlagið skuli að fullu greitt 1. júlí 1941. Þessa átyllu hefir ríkisstj. notað til þess að vanrækja gersamlega þessa greiðslu. En það ætla ég, að hver einasti maður skilji, að þessi greiðsla hefði ekki verið vanrækt þannig ef ekki hefði einmitt verið mikil tilhneiging hjá þeim ríkisstjórnum, sem setið hafa á þessu tímabili, í þá átt að vanrækja mál sjávarútvegsins. Svo margar greiðslur hafa farið fram úr ríkissjóði, bæði samkvæmt lögum, þingsályktunum og sumpart utan lagaheimilda, og það svo stórfelldar greiðslur, að það mun sennilega enginn trúa því, að vanrækslan í þessu efni hafi eingöngu stafað af getuleysi.

Um hitt atriðið, að auka stofnfé sjóðsins með hlutdeild í útflutningsgjaldi af sjávarafurðum, hefir farið ákaflega svipað. Það er við því að búast, að ef ríkisstj. og Alþingi er ekki nógu vakandi fyrir nauðsyn þess, að sjávarútvegurinn sé ekki á sandi byggður, þá verði hann undir í samkeppninni við ríkissjóðinn sjálfan um það útflutningsgjald, sem fært þykir að leggja á útfluttar sjávarafurðir. Enda hefir það verið svo, að fiskveiðasjóður hefir ekki fengið nema að mig minnir ⅛% af verði útflutningsins, þegar ríkissjóður hefir fengið 1½% til sín. Af þessu leiddi svo það, að fiskveiðasjóður varð að reyna að slá sér lán. Hann fékk frekar dýrt lán, 5½% lán, og þegar sjóðurinn fer að taka á sig áhættu af útlánum, hækkar þetta þannig, að sjóðurinn lánar að sönnu út með 6% vöxtum, en þar við bætist ¼%, sem kallað er áhættugjald, og 1% af lánsupphæðinni, sem kallað er lántökugjald, svo að í raun og veru kosta lánin nokkuð á 7%. Nú var það svo á tímabili a. m. k., að meðal mjög margra, kannske alls almennings, var álitið, að það eina, sem þyrfti til þess að hjálpa atvinnuvegunum, væri nægilegt lánsfé. En síðustu ár hafa fært mönnum heim sanninn um það, að atvinnuvegirnir hafa jafnvel ekki annað en bölvun af lánsfé, sem ekki er við hæfi atvinnurekstrarins. Það er víst, að stofnlán, sem sett eru í fyrirtæki eins og þau, er ég tala hér um, og lán til landbúnaðarins mega alls ekki vera dýr; þau mega sennilega ekki fara fram úr 4%. Nú er engin leið að hafa svo ódýr lán, ef lánsstofnanir eiga að afla fjárins með lánum frá öðrum. Einasta leiðin til þess, að fiskveiðasjóður geti lánað með bærilegum kjörum, er þess vegna sú, að hann starfi eingöngu með eigið fé. Það hefir orðið nokkur ágreiningur um þetta, sem m. a. kemur fram í þeim frv. um fiskveiðasjóð, sem borin hafa verið fram af öðrum en okkur flm. þessa frv., því að í þeim tveimur frv. um fiskveiðasjóð, sem lágu fyrir síðasta þingi, var gert ráð fyrir, að sjóðurinn starfaði mikið með lánsfé. Stjórn sjóðsins hefir nú sagt álit sitt um þessi frv., og má ætla, að það sé gert að mjög yfirlögðu ráði, því að sjóðstjórnin var afarlengi að athuga málið. Og hún sker ákaflega einarðlega úr um það, að það sé ekkert vit í að ætla sjóðnum að starfa með lánsfé. En ef hann á að starfa með eigin fé, sjáum við flm. eigi til þess aðra leið en þá, sem ég hefi drepið á, en hún er sú, að sjóðurinn fái að eflast fyrst og fremst af því framlagi úr ríkissjóði, þótt lítilfjörlegt sé, sem honum er tilskilið með lögum, og svo í öðru lagi af útflutningsgjaldi sjávarafurða. Við höfum því lagt til, að helmingur af núverandi útflutningsgjaldi sjávarafurða gangi til fiskveiðasjóðs, en gerum jafnframt ráð fyrir, að útflutningsgjaldið til ríkissjóðs verði algerlega fellt niður. Ef tækist að fá sjóðinn efldan á þennan hátt gæti hann eingöngu starfað með eigin fé, og þá teljum við vafalaust, að með gætilegum reglum um útlán gæti sjóðurinn veitt lán fyrir 4—4½%.

Frv. þau um fiskveiðasjóð, sem við þessir sömu flm. höfum flutt á undanförnum þingum, hafa að sönnu ekki verið felld. En þau hafa ekki heldur náð fram að ganga, og af því mætti sjálfsagt ályktа, að nokkur mótstaða sé gegn málinu. Vil ég ekki heldur neita, að ég lít svo á. En eins og ég tók fram, munu nú flestir verða að viðurkenna það, að sá atvinnuvegur, sem stendur undir jafnmiklum byrðum eins og sjávarútvegurinn, sem heldur uppi meira en nokkur annar atvinnurekstur í landinu atvinnulífi, sem er á beinan og óbeinan hátt mesta tekjulind ríkissjóðs og aðalundirstaðan undir afkomu ríkisins og landsmanna út á við, — að hann ætti í sjálfu sér, slíkur atvinnuvegur, að njóta almennrar velvildar, og menn ættu að sjálfsögðu að leggja sig í líma til þess að sjá honum borgið. Og ég skal ekki efast um, að það sé almennt vilji manna. En hvað er það, sem aðallega tryggir afkomu þessa atvinnurekstrar? Það má segja, að eitt af því sé okkur óviðráðanlegt, nefnilega hvort nokkrir vilja

kaupa afurðir hans. En hitt, sem er höfuðatriðið, er það, sem ég talaði um áðan, að tryggja það, að skipastóllinn sé á hverjum tíma í nýtízku horfi, og í öðru lagi, að hægt sé að vinna úr sjávaraflanum þau mestu verðmæti, sem úr honum verða unnin og útgengilegust eru á erlendum markaði. Við það vinnst ekki aðeins það, að miklu meiri erlendur gjaldeyrir skapast, heldur verður það líka höfuðundirstaðan undir atvinnulífinu í landinu. Þótt svo mætti nú virðast eftir þeirri tregðu, sem verið hefir á því, að fá þessu máli framgengt, að nokkuð skorti á skilning Alþingis á mikilvægi málsins, þá eru nú nokkur líkindi til, að eftir þá löngu nótt skilningsleysisins sé nokkuð að rofa til. Vil ég í því sambandi vitna til þess sama, er flm. næsta máls á undan vitnaði til, erindis, sem ég heyrði flutt í útvarpinu í gærkveldi um sjávarútvegsmál landsins. Það var flutt í umboði þeirrar n., sem að lögum heitir skipulagsnefnd atvinnumála og í eru eingöngu stuðningsmenn núverandi stjórnar. Mér þótti á vissan hátt merkilegt að heyra, að það merkasta, sem boðberi þessarar n. hafði fram að færa í þessu mikilvæga máli, var einmitt einskonar útdráttur úr nokkrum frv., sem við sjálfstæðismenn höfum flutt á Alþingi. Hann sagði í fyrsta lagi, eins og hv. þm. G.-K. vitnaði til áðan, að það væri krafa n., að útflutningsgjald af sjávarafurðum yrði fellt niður. En hitt þótti mér ekki síður mikilsvert, að hann taldi það vera höfuðbjargráð smærri útvegsins frá sínu sjónarmiði, og þá um leið, að því er manni skilst, sjónarmiði n. og þeirra flokka, sem að henni standa, að gera rekstraraðstöðu útvegsins hagstæðari með hagkvæmum vöruinnkaupum til útgerðarinnar. Þetta er tekið upp úr frv., sem við sjálfstæðismenn höfum flutt á tveimur undanförnum þingum um rekstrarlánafélög smáútvegsmanna. En um stórútgerðina sagði aftur þessi umboðsmaður stjórnarflokkanna, að mikilvægasta atriðið væri endurnýjun flotans, að séð væri um, að fiskiflotinn gæti endurnýjazt, svo að hann væri alltaf í nýtízkuhorfi. Þetta er í rauninni í fáum orðum sagt efni þess frv., sem við flytjum hér nú. Og af því ég efast ekki um, að þessi maður hefir ekki talað ábyrgðarlaust, heldur farið þarna með skoðun samstarfsmanna sinna í n. fyrst og fremst, og að öllum líkindum líka þeirra flokka, sem að n. stóðu, þá ætla ég, að mér sé leyfilegt að draga af orðum hans þá ályktun, að það séu orðin nokkur sinnaskipti þessu máli í vil innan stjórnarflokkanna, þannig að þetta frv. megi nú eiga von á greiðri götu gegnum þingið.

Ég hirði eigi um að fara út í nein einstök atriði frv., né heldur að endurtaka nema sem allra minnst af því, sem áður hefir verið sagt við flutning málsins, og því ætla ég eigi að hafa þessi orð fleiri. En ég vil gjarnan gera að mínum orðum, og þá niðurlagsorðum í þetta sinn, niðurlagsorð þess manns, sem í gærkveldi var talsmaður stjórnarflokkanna um sjávarútvegsmál í útvarpinu, en hann komst svo að orði, að ef sjávarútvegurinn fengi að njóta jafnréttis við aðra atvinnuvegi í landinu, þá mundi hann geta blómgazt ekki síður en þeir, og ennfremur, að á afkomu sjávarútvegsins ylti að langmestu leyti afkoma þjóðarinnar.

Að lokinni þessari umr. óska ég, að málinu verði vísað til hv. sjútvn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv og til sjútvn. með 18 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

16. Vinnudeilur.

Á 8. fundi í Nd., 24. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um vinnudeilur (þmfrv., A. 36).

Á 11. fundi í Nd., 27. febr., var frv. tekið til 1. umr.

*Flm. (Thor Thors): Þetta frv. var borið fram á síðasta þingi, og var þá nokkuð rætt, svo að það er hv. þdm. að mestu kunnugt.

Það ætti ekki að þurfa mörg orð um það að hafa hér, að okkar þjóðfélagi er það ekki óviðkomandi fremur en nokkru öðru þjóðfélagi, hvernig málefnum verkamanna og vinnuveitenda er komið. Ágreiningsmál þessara stétta snerta mjög velferð þjóðfélagsins, og við meðferð á þeim málum verður að koma til greina sjónarmið þjóðfélagsins, og þau verða að vera sett ofar öllum öðrum sjónarmiðum.

Það hefir farið svo hjá öllum þjóðfélögum, að borgararnir hafa skipzt í stéttir, og milli þeirra hefir myndazt hagsmunaágreiningur. Annarsvegar hafa skipazt vinnuveitendur, en hinsvegar vinnuþiggjendur. Einnig hér á landi hefir þessi hagsmunaágreiningur komið fram, sem hefir leitt af sér vinnustöðvun þjóðfélaginu til tjóns. Ég ætla ekki hér að ræða nauðsyn þjóðfélagsins á því, að láta mál þessi til sín taka; sú nauðsyn er viðurkennd um allan heim, og hafa flestar þjóðir hafizt handa í þeim efnum. Á Norðurlöndum hefir verið sett á ýtarleg vinnulöggjöf, bæði í Danmörku, Noregi og Svíþjóð, og einnig í Finnlandi. Í Englandi hefir verið sett ströng vinnulöggjöf, sem á rót sína að rekja til allsherjarverkfallsins 1936. Í Frakklandi hefir sömuleiðis verið sett ströng vinnulöggjöf af samfylkingarstjórn sósialista og kommúnista. Sú vinnulöggjöf mælir fyrir um lögþvingaðan gerðardóm, sem ákveður vinnukjörin. Í einræðislöndunum, Ítalíu, Þýzkalandi og Rússlandi, eru vinnustöðvanir bannaðar af einræðisherrum þeirra ríkja.

Það er eðlilegast, að við förum að dæmi Norðurlandaþjóða í þessum efnum, því að þær þjóðir eru okkur skyldastar, enda höfum við á fjölmörgum sviðum löggjafarinnar farið að þeirra ráðum. Í þeim löndum virðast allir ábyrgir stjórnmálaflokkar hlynntir vinnulöggjöf. Einasti flokkurinn í þeim löndum, sem lýsir sig andvígan vinnulöggjöf, eru kommúnistar,

en hinir flokkarnir taka ekkert tillit til gagnrýni þeirra á þeim efnum.

Frv. það, er hér liggur fyrir, er í aðalatriðum sniðið eftir vinnulöggjöf þessara ríkja, og er ekkert tekið upp í frv., sem ekki finnst í vinnulöggjöf Norðurlanda og allir flokkar þeirra landa, að kommúnistum undanskildum, viðurkenna, að reynzt hafi til heilla.

Frv. er í þrem köflum, og vildi ég víkja nokkrum orðum að hverjum kafla fyrir sig.

I. kafli er almenns eðlis og fjallar um vinnusamninga, verkföll og verksvipting. Í 1. gr. eru ákvæði um skriflega vinnusamninga. Ennfremur ákvæði um það, að réttarágreining út af gerðum samningum eigi að leggja fyrir ákveðinn dómstól. Eins og kunnugt er, getur komið upp tvennskonar ágreiningur milli vinnuveitenda og verkamanna. Annar ágreiningurinn er réttarágreiningur, um það, hvað standi í gerðum samningi. Sá ágreiningur á að koma fyrir óhlutdrægan dómstól. Hinn ágreiningurinn er hagsmunaágreiningur. Við þeim ágreiningi er nokkuð hreyft í þessum kafla. Þó eru aðiljar látnir halda sínum rétti til vinnustöðvunar og verksviptingar, en skorður settar við því, að ekki verði í slíkum ágreiningstilfellum gripið til örþrifaráða. — Við samningu þessara ákvæða í I. kafla er stuðzt við samskonar ákvæði í Danmörku, sem byggð eru á hinni svokölluðu septembersamþykkt 1899, er var einskonar stjórnarskrá, er Danir þá báru gæfu til að setja eftir hinar langvinnu vinnudeilur, er voru þar í landi. Í þessum ákvæðum er gert ráð fyrir ákveðnum meirihluta í viðkomandi félagsskap til þess að ákveða vinnustöðvun eða verkbann og tiltekinn frestur í slíkum tilfellum.

II. kafli frv. er um sáttatilraunir í vinnudeilum. Alþingi hefir áður viðurkennt, að rétt sé, að það opinbera taki að sér það hlutverk að leita um sættir í þeim efnum, áður en vinna er stöðvuð. Um það efni fjalla lög nr. 55 frá 1925, um sáttasemjara ríkisins, og voru þau lög góðu heilli sett. Þessi kafli frv. er um sama efni, en aðstaða sáttasemjaranna til þess að hindra eða jafnvel stöðva verksviptingar og verkföll er nokkuð bætt. Frv. gerir ráð fyrir einum ríkissáttasemjara og þremur héraðssáttasemjurum. Skal ríkissáttasemjarinn vera búsettur í Reykjavík, en hinir á Ísafirði, Akureyri og Seyðisfirði. Þessum mönnum er gert að skyldu, að fylgjast með þeim vinnudeilum, er rísa eða útlit er fyrir að rísi, milli vinnuveitenda og verkamanna, og vinna að því að jafna þær deilur eftir þar til settum fyrirmælum. Eru ákvæði þessa kafla samin með hliðsjón af samskonar lagaákvæðum í Danmörku og Noregi.

III. kafli frv. er um vinnudómstól Íslands, sem ákveðið er, að þessir aðiljar skipi: Hæstiréttur þrjá fulltrúa og vinnuveitendafélag Íslands og Alþýðusamband Íslands sinn fulltrúann hvort. Þessi dómstóll á að hafa það eitt verkefni með höndum, að skera úr réttarágreiningi um það, hvort samningar hafa verið rofnir eða ekki milli vinnuveitenda og verkamanna. Ég vil taka það skýrt fram, að þessi dómstóll er óskyldur gerðardómi, sem ákvarðar um vinnukjör, heldur á hann úr því að skera, hvort ágreiningur milli nefndra aðilja um gerða samninga er á rökum byggður eða ekki.

Aðalefni frv. er í sem fæstum orðum þetta: Vinnuveitendur og verkamenn og félög þeirra eru viðurkenndir jafnréttháir aðiljar. Í öðru lagi eru ákveðnar reglur settar um vinnusviptingar og verkföll með stofnun vinnudómstóls, sem sker úr öllum ágreiningi milli áðurnefndra aðilja út af gerðum samningi um vinnu. Í þessu efni sem öðrum hér, er reynsla Norðurlandaþjóðanna tekin til fyrirmyndar, og hún er sú, að þessar þjóðir allar telja nauðsynlega löggjöf um slíka vinnudómstóla. Ég vil því fullyrða, að hér er á ferðinni nauðsynjamál, sem er bæði réttlátt og þjóðhollt.

Við flm. þessa frv. erum reiðubúnir til samvinnu við andstöðuflokkana hér á þingi um allar sanngjarnar brtt. við frv., en ég vil vona eindregið, að málið fái fullnaðarafgreiðslu á þessu þingi. Ég vil benda á það, að hæstv. forsrh. talaði á síðasta þingi vingjarnlega um málið, og ennfremur, að hv. 1. þm. Árn., sem átti sæti í allshn. á síðasta þingi, flutti þá till., er var samþ., um skipun mþn. til þess að athuga þessi mál. Má þess fastlega vænta, að einhver árangur af starfi þeirrar n. komi fyrir þetta þing, og þar sem líka nýafstaðið flokksþing Framsfl. hefir beinlínis skorað á fulltrúa sína á Alþ. að vinna að því, að sett verði þegar á þessu þingi vinnulöggjöf, þá sýnist svo sem afstaða hv. þm. Framsfl. sé mjög ákveðin gagnvart þessu máli. Alþfl. á þingi hefir aftur á móti verið dálítið hikandi í málinu. Hv. 2. þm. Reykv. sagði þó á síðasta þingi, að rétt væri að setja réttláta vinnulöggjöf, og síðan hefir síðasta flokksþing Alþfl. gert samþ. um þetta mál, sem að vísu er nokkuð óskýr, en þar er þó fallizt á, að n. verði falið að undirbúa þetta mál, og af því sést, að þessi flokkur vill a. m. k. ekki vísa málinu frá. Því er þess að vænta, þegar málið er búið að fá slíkan undirbúning sem þennan, að stjórnarflokkarnir óski eftir, að málið nái fram að ganga í einhverri mynd. Reynir þá á, hvort meira mega sín heildarhagsmunir þjóðfélagsins eða hagsmunir einstakra flokka eða stétta. Ég álít, að reynsla Norðurlandaþjóðanna sýni, að það er nauðsynlegt og heillaríkt að setja lög, er fyrirbyggja eða draga úr ágreiningi í vinnumálum. Vinnustöðvanir eru oftast báðum aðiljum til tjóns, og alltaf þjóðfélaginu til tjóns. Því er það, að þjóðfélagið vanrækir sínar skyldur, bæði gagnvart sér og þeim aðiljum, sem hlut eiga að máli, ef það freistar þess ekki, að koma í veg fyrir vinnustöðvun, þegar hún er í aðsigi. Og vegna farsællar reynslu frændþjóða vorra í þessum efnum vil ég mega vænta þess, að Alþingi beri giftu til að leysa nú þetta mál.

*__Héðinn Valdimarsson:__ Það er vitanlegt, af hvaða rótum þetta frv. er runnið. Það er aðeins framhald af þeim tilraunum að hindra samtakamátt Alþfl., sem íhaldsflokkurinn alltaf hefir verið að framkvæma. Þetta frv. hefir svo sem áður komið fram, en það má segja að það sé nú með meinlausara móti. En það er flutt fyrir Vinnuveitendafélag Íslands, samið frá

sjónarmiði vinnuveitenda, og því er ekki að búast við, að fulltrúar Alþfl. samþykki það eins og það liggur fyrir. Frv. þetta var rætt á síðasta þingi, og hefi ég engu við það að bæta, sem við alþýðuflokksmenn lögðum þá til þessa máls. Síðan hefir verið haldið flokksþing fyrir Alþýðusamband Íslands, — þetta félag, sem telur um 12 þús. manns, meirihlutann af öllum vinnulýð í landinu, a. m. k. við sjóinn, þar samþykktir, sem alþýðuþingið gerði um þetta mál, voru þess efnis, að því aðeins væri rétt að setja á vinnulöggjöf, að hún tryggði betur rétt og aðstöðu verkamannanna en nú er. Þingið taldi þó rétt að setja mþn. til þess að athuga þetta mál, eins og nú hefir verið gert af hæstv. atvmrh. Í þessari n. eru Guðmundur Guðmundsson lögfræðingur, Sigurjón Á. Ólafsson alþm., Gísli Guðmundsson alþm. og Ragnar Ólafsson lögfræðingur. Þessi n. hefir starfað síðan og viðað að sér allmiklu af gögnum um þessi mál, og ekki eingöngu frá Norðurlöndum, heldur frá ýmsum öðrum löndum, t. d. Englandi og frá alþjóðavinnumálaskrifstofunni í Genéva. Það er því ekki að búast við, að málið sé leyst af hendi í fljótum hasti. Það er í raun og veru ekki það smámál, að það sé nægilegt að setja sig niður og þýða svo og svo mikinn bálk úr dönskum lögum og bæta smámunum inn í, eins og virðist hafa vakað fyrir flm. þessa frv. Það verður að taka þá sérstöku staðhætti, sem hér eru á Íslandi, til greina og athuga þann mikla mun, að hér á landi hefir mestur hluti þeirra, sem í verklýðsfélögum er, aðeins lausavinnu, í staðinn fyrir að meirihluti verkalýðsins í nágrannalöndunum, þar sem svona löggjöf er sett, vinnur í verksmiðjum. Þess vegna verður að samræma þessa löggjöf íslenzkum staðháttum.

Þess hefir verið vænzt af verklýðsfélögunum, að Alþingi fari ekki að setja slík lög, nema þau séu vandlega athuguð áður og þessari stétt manna gefist kostur á að athuga þá löggjöf, áður en gengið er frá henni, eins og gert hefir verið með löggjöf, er snertir aðrar atvinnustéttir, t. d. bændur. Fulltrúum verkamanna og verkamönnum finnst rétt, að þeir setji verð á sína vinnu, — séu ekki skyldaðir til þess að vinna með öðrum kjörum en þeir eru ánægðir með. Verkfallsrétturinn er einn helgasti réttur verkamannsins í landinu, og hann mun aldrei þola, að hann sé af honum tekinn.

Við alþýðuflokksmenn munum að sjálfsögðu athuga þetta frv. eins og það liggur fyrir, en leggjum aðallega upp úr því, að sú n., sem starfar að þessu máli, geti lokið störfum; þá verður þetta mál tekið til vandlegrar athugunar.

Það hefir verið vikið að því af blöðum sjálfstæðismanna, að þeir ættu engan fulltrúa í þessari n. En mér finnst það ástæðulaust, þar sem þetta frv. er borið fram af þeim sem þeirra skoðun í málinu, og varla við því að búast, að þeir telji ástæðu til þess að vera í n. til þess að koma með önnur sjónarmið heldur en þeir þegar eru búnir að koma með.

*Forsrh. (Hermann Jónasson): Við þessa umr. málsins mun ég ekki tala langt mál um vinnulöggjöf.

Það er eðlilegt, að þetta mál hafi verið borið fram á hv. Alþingi, og get ég endurtekið það, sem ég sagði í fyrra, að það er mjög æskilegt, að þessu máli sé hreyft. Það, sem staðið hefir í vegi fyrir því, að vinnulöggjöf hafi verið komið á hér, er tvímælalaust, hve lítill áhugi virðist hafa verið hjá báðum aðiljum málsins, — hjá báðum næstum jafnt — fyrir því að leysa þetta mál. Það er þess vegna ávinningur, þegar kemur fram vilji hjá öðrum aðiljanum til þess að leysa þetta mál. Hins vegar er hér um að ræða eitthvert stærsta hagsmunamál milli þessara stétta, kaup og kjör verkamanna, og því eðlilegt, að þessu frv., sem kemur fram og samið er af öðrum aðiljanum, sé mætt með mikilli athugun frá hinum, svo að ekki sé meira sagt. Nú sýnir það sig, að Alþfl., sem heldur ekki virðist hafa haft mikinn áhuga fyrir þessu máli, hefir lýst yfir, að hann vildi taka þetta mál til athugunar og úrlausnar. Það, sem raunverulega veltur á nú, er ekki áhugaleysið, sem ríkt hefir í þessu máli í mörg ár, heldur, að nú verði náð samkomulagi um, á hvern hátt þetta mál verði leist. Þar sem aðiljar þessa máls eru sammála um, að það sé þörf á að leysa málið, þá ætti það samkomulag að vera nægur grundvöllur undir það, að unnið yrði af báðum aðiljum að því, að finna samkomulagsgrundvöll í málinu. Það þarf tæpast að draga rök að því, að þeirrar lausnar er þörf fyrir þjóðfélagið, og fyrir báða aðilja raunverulega jafnmikil, því að það er vitað, að það hefir orðið báðum aðiljum til hagsbóta, þar sem tekizt hefir að leysa málið með samkomulagi, eins og t. d. í Danmörku. Það ætti líka að takast að finna samkomulagsgrundvöll, þar sem nú liggur fyrir mjög verulegt starf frá hendi þeirrar n., sem skipuð var til þess að athuga þetta mál. Ég hygg, að sú n. hafi þegar unnið verulega mikið starf, sem getur verið til stuðnings og undirbúnings fyrir þá, sem starfa að þessu máli. Ég vænti þess vegna, að hv. allshn. taki við þessu máli með þeim ásetningi, að vinna að því með gaumgæfni.

*Flm. (Thor Thors): Ég get í raun og veru látið mér vel líka þær umr., sem fram hafa farið um þetta mál. Hæstv. forsrh. hefir tekið þessu máli með skilningi og velvild, eins og áður, og hv. 2. þm. Reykv. tók heldur mjúklega á málinu. Maður verður að láta sér skiljast það, að maður í hans aðstöðu verður að líta til hægri og vinstri. Jafnframt því, sem hann gerir gælur við málið, þarf hann að hreyta í það ónotum og þá, sem málið bera fram. Það er skiljanlegt, að hann verði að gera það, til þess að koma sér vel við báða þá arma, sem deila innan Alþfl..

Hv. 2. þm. Reykv. byrjaði með ónot um það, að þetta frv. væri áframhaldandi tilraunir vinnuveitenda til þess að skerða verkalýðssamtökin.

Hann sagði þó að vísu, að þetta væri sú mildasta tilraun, sem fram hefir komið. En hann leyfði sér að halda fram, að frv. væri eingöngu borið fram til þess að koma á takmörkunum á samtakamætti alþýðunnar. Hann veit það afarvel, að þær takmarkanir, sem þetta frv. setur,

ná alveg jafnt til beggja aðilja. Það er um takmarkanir að ræða fyrir því, að skella á vinnustöðvun alveg undirbúningslaust, en þær takmarkanir ná alveg eins til verksviptinga vinnuveitenda eins og til verkfalla verkafólksins.

Hv. þm. staðhæfði, að þetta væri eingöngu tillögur atvinnurekenda, sem hér koma fram. Máli þessu til skýringar vil ég nokkuð víkja að því, hvern undirbúning það fékk innan sjálfstæðisflokksins. — Það var árið 1931, að þetta mál var rætt í félagi ungra sjálfstæðismanna í Reykjavík, og 1932 var samþ. ákveðin till. á sambandsþingi ungra sjálfstæðismanna um, að svipuð vinnulöggjöf og gildir á Norðurlöndum skyldi undirbúin hér. Á Alþingi 1934 hreyfði ég þessu máli innan þingflokks sjálfstæðismanna, og á flokksfundi þeirra var svo skipuð n. til þess að undirbúa þetta mál. Þá barst okkur boð um það, að vinnuveitendur væru að undirbúa till. um þetta í samræmi við þau lög, er giltu um þetta efni á Norðurlöndum. Við hnigum að því ráði, að bíða eftir þessum till. Við tókum þær svo í okkar hendur, fórum yfir þær, breyttum þeim að mörgu leyti og bárum svo fram það frv., sem hér liggur fyrir.

Við mundum að sjálfsögðu sem þingflokkur ekki hafa litið við að bera fram frv., ef okkur hefði fundizt, að hér væru eingöngu teknir til greina hagsmunir annars aðiljans.

Ég hefi margsinnis bent á það, og skora á hv. 2. þm. Reykv. að hrekja það, að nokkuð það sé í þessu frv., sem ekki er fullt samkomulag um milli ábyrgra stjórnmálaflokka á Norðurlöndum. Þegar svo er frá þessu frv. gengið, er vissulega ekki hægt að staðhæfa, að verið sé að bera fram einhliða till. annars aðiljans.

Hv. 2. þm. Reykv. vék að þeirri einkennilegu samþykkt alþýðuflokksþingsins, þar sem því er lýst yfir, að engin vinnulöggjöf skuli sett, nema hún verði til þess að auka og tryggja rétt verkalýðsfélaganna. Ég vil spyrja hv. þm.: Hvað er hægt að hugsa sér meiri rétt verkalýðsfélaganna heldur en þau hafa nú? Og hvað er hægt að hugsa sér meiri rétt vinnuveitenda heldur en þeir hafa nú, þegar þeir vilja skella á vinnustöðvun? Hver einasti atvinnurekandi er sjálfráður, hvenær hann segir verkamönnum upp, og hvert verkalýðsfélag getur stofnað til verkfalls hvenær sem því sýnist. Hvað er hægt að hugsa sér meiri rétt í þessu tilfelli? Og hvað er hægt að hugsa sér meira skipulagsleysi heldur en á sér stað á þessu sviði þjóðlífsins?

Hv. þm. var að tala um, að hver verkamaður ætti að eiga rétt á að ákveða kjör sín. Það er ætlazt til þess samkvæmt þessu frv. Hin viðkvæmu orð hv. þm. eru því töluð út í bláinn. Réttur verkamannanna til þess að gera verkfall helzt, þó að þetta frv. verði samþ.

Ég get svo látið mér vel líka, að hv. þm. er það langt kominn, að hann vill athuga málið. Hann vill taka það til yfirvegunar og athugunar, svo að ég noti hans eigin orð, en hann taldi ýmsar breytingar nauðsynlegar. Ég skal fúslega viðurkenna, að við höfum getið þess, flm. þessa máls, að við værum reiðubúnir til þess að taka hverri skynsamlegri brtt, sem fram kæmi í málinu.

Hæstv. forsrh. talaði hlýlega í garð þessa máls, og er það í fullu samræmi við það, sem hann hefir áður sagt. Ennfremur í samræmi við þá samþykkt, sem flokksþing framsóknarmanna gerði í þessu máli, en hún er svo ákveðin, að ekki verður um villzt. Með leyfi hæstv. forseta vil ég taka upp fyrsta atriðið úr þeirri samþykkt:

„Flokksþingið felur fulltrúum flokksins á Alþingi að vinna nú þegar að setningu nýrrar vinnulöggjafar á þeim grundvelli: . . .“

Svo eru til tekin nokkur atriði, sem öll felast í okkar frv.

Eftir orðum hæstv. forsrh. og með tilliti til þessarar samþykktar æðsta valds Framsóknarfl. getur ekki verið um það að villast, að þetta mál á að ná fram að genga á þessu þingi. Ég vil svo með tilvísun til ræðu hæstv. forsrh. endurtaka það, að við erum reiðubúnir til þess að taka öllum sanngjörnum brtt. — Ég vil svo mælast til þess, að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og allshn.

*__Héðinn Valdimarsson__: Ég verð að segja það, að ég er ekki betur að mér um málefni Alþfl. en það, að mér er ekki kunnugt um neina deilu, sem eigi sér stað innan Alþfl. (__JakM__: Þá er að læra betur.), svo að orð hv. þm. Snæf. koma mér undarlega fyrir sjónir.

Ég hefi sagt það, að ég ætli ekki að ræða einstök atriði frv. að neinu verulegu ráði við þessa umr., en ég veit, að hv. flm. eru því vel kunnugir, að verkalýðurinn í landinu er fjandsamlegur þessu frv. eins og það liggur fyrir, og það mun ekki vera hægt að fá samþykkt í einu einasta verkalýðsfélagi með þessu frv. Það mun því þykja óréttmætt af Alþingi að setja löggjöf um þetta efni, sem verkalýðurinn væri alveg á móti. Hitt er annað mál, að það væri sjálfsagt hægt að útbúa löggjöf, sem verkalýðurinn gæti verið ánægður með, en það er ekki að búast við, að löggjöf, sem kemur frá þessum mönnum, eigi vinsældum að fagna.

Hv. 1. flm. var að tala um jafnrétti, sem fælist í frv., um verkföll og verksviptingu. Hvaða jafnrétti er það? Það er bannað að gera verkfall nema með fyrirvara, en það er ekki bannað að gera verksviptingu, það er aðeins bannað að kalla það verksviptingu. T. d. ef togaraeigendur leggja togurunum, vegna þess að þeir vilja fá lækkað kaupið, þá segjast þeir bara ætla að hætta að gera út, en í raun og veru er það verksvipting, þó að það heiti ekki því nafni. Á þennan hátt kemur ójöfnuður á milli aðilja á ýmsan hátt. Það er eins og ég drap lauslega á í fyrri ræðu minni, að með þessu frv. er verið að auka rétt vinnuveitendafélaganna, því að satt að segja er hann ekki svo mikill sem stendur, en ef þetta frv. yrði að lögum, fengju vinnuveitendafélög miklu meiri rétt, en að því er snertir verkalýðsfélögin, gengur það út á að takmarka rétt þeirra. Hinsvegar væri eðlilegt að taka vinnulöggjöf til rækilegrar athugunar, ekki aðeins hvenær ætti að gera verkföll, heldur hvernig hægt er að tryggja afkomu verkamanna yfirleitt, t. d. um 8 st. vinnutíma o. s. frv. Vinnulöggjöf hefir verið tekin upp á þennan

hátt í mörgum löndum með fullu samþykki verkalýðsfélaganna. Annars geri ég ráð fyrir, að þetta mál fái sína meðferð í n., og þá verði líka tekið til athugunar, að hve miklu leyti verður hægt að leggja til grundvallar þá rannsókn, sem mþn., sem skipuð var til að rannsaka þetta mál, hefir innt af hendi. En ég fyrir mitt leyti álít, að bezt sé að haga málinu þannig, að það verði ekki til lykta leitt, nema verkalýðsfélögin fái að segja sitt álit um það, eins og nú er farið að leita til annara atvinnustétta með löggjöf, er þær snertir, t. d. eins og kjötsölulögin og mjólkurlögin voru borin undir bændur. Þannig á að fara með verkamennina, til þess að þessi mikli fjöldi þjóðarinnar verði ekki borinn ofurliði.

*Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson): Ég held, að það væri tvímælalaust ákaflega mikið glapræði, ef mjög væri hrapað að því að setja löggjöf um þetta efni. Það geta allir verið sammála um það, að ef löggjöf er sett um þetta efni gegn vilja verkalýðssamtakanna, þá yrði það meira til ills en til góðs. Þess vegna tel ég sjálfsagt, að áður en löggjöf þessa efnis er sett, sé hún undirbúin svo vel sem föng eru á og jafnframt leitað um hana álits félagsskapar verkalýðsins í landinu, til þess að tryggja það að hann hafi fengið á henni hinn rétta skilning.

Mér skildist á 1. flm. þessa máls, hv. þm. Snæf., að hann teldi það mæla með þessu frv., sem hér liggur fyrir, að það væri í höfuðatriðum sniðið eftir löggjöf Norðurlandaþjóðanna, og eins og hann orðaði það, þá væru allir ábyrgir stjórnmálaflokkar á Norðurlöndum sammála um þá löggjöf. Ég hygg, að þetta sé of freklega til orða tekið. Ég veit ekki betur en að þessi löggjöf á Norðurlöndum sé frumsmíð og að henni sé breytt frá ári til árs. Fyrir fáum vikum voru felld úr vinnulöggjöf Dana hin svokölluðu tugthúslög, sem höfðu gilt frá því 1926 eða 1927, og ég veit ekki betur heldur en í Svíþjóð hafi setið n. á rökstólum í mörg ár til þess að athuga þessi mál og gera till. til endurbóta, þar sem reynslan hefir sýnt, að endurbóta væri þörf. Ég hygg því, að nauðsynlegt sé að athuga þetta mál vel, áður en svona löggjöf er sett, þar sem við höfum ekkert að byggja á hjá okkur í þessu efni, því að það eina, sem liggur fyrir þessu máli viðkomandi eru lögin um sáttasemjara ríkisins. Auk þess er að því að gæta, að það er fjarri öllum sanni, hversu góð og fullkomin sem löggjöf Norðurlandaþjóðanna er í þessu efni, að ætla að taka hana upp nokkurnveginn óbreytta. Atvinnuhættir og atvinnulíf er að mörgu leyti frábrugðið þar og hér, a. m. k. sérstaklega að því er snertir Danmörku og Svíþjóð. Meiri hluti þeirra, sem þessi lög ná til þar, vinna í föstum iðngreinum eða a. m. k. atvinnugreinum, þar sem vinna er miklu fastari heldur en hjá okkur. Hjá okkur er mest um lausavinnu í bæjum og þorpum og hjá sjómönnum, sem ýmist eru ráðnir upp á hlut eða kaup á stærri og smærri skipum.

T. d. hefir réttilega verið á það bent af hv. 2. þm. Reykv., að þótt bönnuð sé verksvipting af hálfu atvinnurekanda, þá er erfitt að fá úr því skorið, hvenær um slíkt sé að ræða, t. d. ef togaraútgerðarfélög koma sér saman um að hætta að gera út, en telja það ekki heppilegt að kalla það verksviptingu. Vitanlega verkar það á mennina, sem eiga að starfa á skipunum, alveg eins og verksvipting, en dómstóllinn kemst ekki þar að, a. m. k. ekki að óbreyttum þessum lögum.

Ég hefi að sjálfsögðu ekkert á móti því, að þessu máli verði vísað til n. og það athugað sem bezt, en ég vil mælast til þess, að það verði ekki afgr. frá þinginu, fyrr en fyrir liggur álit frá þeirri mþn., sem nú starfar að undirbúningi svona löggjafar. Ég get sagt það án þess að fullyrða — þó að ég álíti, að miklar líkur bendi í þá átt —, að það sé ekki trúlegt, að hægt sé að ljúka undirbúningi þessa máls svo fljótt, að hægt verði að koma því í gegn á þessu þingi. Ég álít rangt af hæstv. Alþingi að hrapa að þessu máli, og verði slík löggjöf sett gegn vilja verkalýðsins, verður hún frekar til ills en til góðs.

*Flm. (Thor Thors): Mér þótti það spaugilegt, þegar hv. 2. þm. Reykv. kannaðist ekki við neina baráttu innan Alþfl. og verkalýðsfélaganna milli tveggja arma. Ég veit, að hv. þm., sem ennþá kemur nokkrum sinnum á Dagsbrúnarfundi, a. m. k. þegar eitthvað þykir liggja við, hefir orðið var við ýmislegt frá öðrum arminum. (HV: Heldur hv. þm., að kommúnistar séu innan Alþfl.?) Kommúnistafl. er innan Alþýðusambandsins, og alþýðuflokksþingið hefir boðið alla kommúnista velkomna inn í verkalýðssamtökin til samfylkingar þar. Hv. 2. þm. Reykv. ætti að vita það, að starf hans hefir upp á síðkastið nokkuð snúizt að því, að gera þennan arm innan alþýðusamtakanna máttlausan, með því að koma á sérstöku trúnaðarmannaráði innan Dagsbrúnar, sem þannig er frá gengið, að hv. 2. þm. Reykv. getur ráðið þar lögum og lofum. Þá vék hv. þm. að því, að verkalýðurinn væri mjög andvígur þessu frv. Það bar nokkuð á því í fyrra, að andmæli komu til þingsins frá ýmsum verklýðsfélögum vegna þessa máls. Þau andmæli komu fram vegna áróðurs kommúnista. Alþfl. þorði ekki að gera neitt í málinu og lét þetta afskiptalaust. Kommúnistar fengu á frumstigi málsins tækifæri til að spilla svo fyrir því, að það má vel vera, að það verði til þess að tefja eðlilegan og nauðsynlegan framgang málsins. Þar gerðu leiðtogar Alþfl. sig seka um mjög svo vítavert ábyrgðarleysi, ef þeir á annað borð vilja telja sig þingræðislegan sósíalistaflokk í líkingu við sósíalistaflokkana á Norðurlöndum. Þegar sósíalistaflokkarnir á Norðurlöndum hafa unnið sigur, þá telur aðalmálgagn Alþfl. íslenzka það sinn sigur, vegna þess að þeirra flokkur sé alveg eins. Þetta mál er einn af prófsteinunum á það, hverskonar flokkur hinn íslenzki Alþfl. er.

Hv. þm. og raunar hæstv. atvmrh. líka töldu að hér væri bara sá munur, að verkföllin væru að jafnaði bönnuð, nema að undangengnum löggildum undirbúningi, en verksviptingu væri hægt að skella á. Þetta er misskilningur. Þegar vinnustöðvun er framundan á aðra hvora hlið,

þá er sáttasemjara, samkvæmt II. kafla laganna, skylt að skerast í leikinn. Þennan ótta alþýðuflokksmannanna má algerlega gera að engu, með því að kveða skýrt á í lögunum um það, hvað sé verkfall og hvað verksvipting.

Hv. þm. vék að því, að hann væri reiðubúinn til að kveða á með lögum um kjör verkalýðsins. Þar er hann einmitt kominn inn á það svið, sem verkalýðurinn er mest andvígur, sem sé að löggjafarvaldið láti sig skipta hagsmunamál verkalýðsins. Við erum því hinsvegar andvígir, að löggjöfin láti nokkuð til sín taka eiginleg hagsmunamál verkalýðsins.

Báðir þessir forráðamenn Alþfl. töluðu um það, að þeir vildu, að þetta mál yrði lagt fyrir verkalýðsfélögin í landinu. Ég veit ekki betur en að þing Alþfl. hafi þegar fjallað um þetta mál, og ég veit ekki betur en að allir aðalforvígismenn Alþfl. eigi sæti hér á þingi, og þeir ættu að vera færir um að ákveða, hvað gera skuli í þessu máli. Þessi ósk, að leggja málið að nýju fyrir verklýðsfélögin, er aðeins tilraun til að gera þetta mál að eilífðarmáli. En ég verð að segja, að ég hygg, að það væri hagkvæmast fyrir Alþfl. að leysa þetta mál á þeim tíma, sem hann hefir jafnmikinn íhlutunarrétt um löggjöfina og nú. — Hv. þm. vitnaði til þess, að aðrar stéttir þjóðfélagsins væru að spurðar, þegar mikil hagsmunamál væri á ferðinni. Hvað var gert við bændastéttina í fyrra á þessu þingi? Fengu bændur að fjalla um jarðræktarlögin? Ég hygg ekki. Það komu fram eindregnar till. um það, að jarðræktarlögin yrðu ekki ákveðin, fyrr en hagsmunasamtök bænda, Búnaðarfélag Íslands, fengju að fjalla um það. En það mátti ekki heyra það nefnt. Svo má ekki setja löggjöf um þetta mál, fyrr en verkalýðsfélögin hafa fjallað um það! Þess er að vænta, að það komi skýrt í ljós, hver hugur alþýðusambandsstjórnarinnar er í þessu máli, því að það vita allir, að hún er einfær um að segja til í þessu máli.

Hæstv. atvmrh. taldi nauðsynlegt, að ekki yrði hrapað að setningu þessarar löggjafar. Ég er honum sammála um það, og tel rétt, að fyrst um sinn sé beðið eftir till. þeirrar mþn., sem starfar að þessu máli, en sé það hins vegar ljóst, að sú n. sé sett á laggirnar einungis í þeim tilgangi, að eyða málinu á þessu þingi, þá verður að reka eftir því á eðlilegan hátt.

Hæstv. atvmrh. vildi draga það í efa, að það væri réttmæli hjá mér, að allir ábyrgir stjórnmálaflokkar á Norðurlöndum væru sammála um vinnulöggjöfina. Ég fullyrði, að svo sé um öll aðalákvæði þessa frv. Hinsvegar er það vitað, að það er einstaka ákvæði um vinnulöggjöf Norðurlanda, sem verið hefir deilt um milli einstakra flokka þar; t. d. hefir hið svokallaða tugthúsákvæði norsku og dönsku laganna verið deilumál milli flokka. En þetta ákvæði er ekki til í frv. því, sem hér liggur fyrir. Við vildum sneiða hjá þessu ákvæði, því að við vissum, að það yrði til þess að vekja óþarfa deilur, og við vissum einnig, að framkvæmd slíks ákvæðis yrði mjög slælega framfylgt í okkar þjóðfélagi. En með tilliti til þess samkomulags, sem ríkir milli stjórnmálaflokka Norðurlanda um þetta mál, vil ég vísa til greinar, sem birtist í Alþýðublaðinu, því að sú grein var ekki skrifuð af ritstjóranum, heldur af ungum hagfræðingi. Hann skýrir frá því, að sósialistiskir hagfræðingar á Norðurlöndum hafi nýlega haldið fund til þess að ræða ýms mál verkalýðsins. Einn daginn var rætt um vinnulöggjöfina. Svo er að sjá á greininni, að allir þessir sósialistisku hagfræðingar hafi verið sammála um nauðsyn slíkrar vinnulöggjafar, en ágreiningur var um það, hvort verklýðsfélögin gætu nokkurntíma sætt sig við gerðardóm. Sumir af hagfræðingunum vildu halda því fram, að það gæti verið verkalýðnum til góðs í einstökum tilfellum að hafa gerðardóm, en um setningu slíkrar almennrar vinnulöggjafar var enginn ágreiningur hjá þeim.

Að því er snertir afskipti verkalýðsforingjanna á Norðurlöndum af vinnumálunum, má minna á, hvernig danski jafnaðarmannaforinginn, Stauning, hefir gripið inn í vinnudeilur. Hann hefir jafnvel látið stöðva vinnudeilur með sérstökum lögum, sem sett voru á einni nóttu í danska þinginu, og hann hefir beitt sér ákveðið fyrir því, að lögreglan væri látin skerast í leikinn til þess að sjá um, að vinna gæti gengið eðlilega fyrir sig. Hæstv. atvmrh. gat þess, að okkar atvinnulíf væri að mörgu leyti ólíkt því, sem á sér stað á öðrum Norðurlöndum. Þetta er rétt. Okkar atvinnulíf er miklu háðara árstíðum heldur en atvinnulíf nágrannaþjóðana, og þetta sjónarmið ber að hafa til hliðsjónar, þegar gengið verður frá þessari löggjöf, en um það atriði, eins og öll önnur, sem til bóta mættu verða, erum við fúsir til samkomulags.

*Héðinn Valdimarsson: Það er náttúrlega rétt, að það er óþarft að fara til verklýðsfélaganna til þess að fá álit þeirra um frv. hv. þm. Snæf., því að það er vitað, að öll félögin, sem á annað borð hafa nokkuð skipt sér af þessu máli, eru á móti því. Um það er ekki ágreiningur innan félaganna. Flestir vita, að það eru ekki allt alþýðuflokksmenn, sem í verklýðsfélögunum eru, þótt hv. þm. Snæf. viti það ekki, og jafnvel sjálfstæðismennirnir í verklýðsfélögunum hafa ekki treyst sér til að bera blak af þessu frv. innan félaganna, enda geri ég ekki ráð fyrir, að þetta frv. verði samþ. eins og það er borið fram, heldur muni verða lögð til grundvallar vinna þeirra n., sem starfað hefir að þessu máli, og þá geri ég ráð fyrir, að fram komi ýmislegt í málinu, sem alls ekki hefir verið borið undir félögin, en eðlilegt er, að þeirra álits sé leitað um.

Viðvíkjandi því, sem hv. þm. sagði um Dagsbrún í þessu sambandi, vil ég aðeins leiðrétta orð hans, sem voru villandi. Það, sem gert hefir verið í Dagsbrún, er, að það hefir verið komið á þingræði í félaginu, og á sama hátt og t. d. fulltrúarnir hér á þingi ræða ýms mál fyrir þjóðina, þannig er trúnaðarmannaráðið í Dagsbrún, sem er kosið af meiri hl. félagsmanna, enda hefir kosning þeirra sýnt, hvað verkamenn vilja sjálfir í þessu efni. En ég skil vel, að sjálfstæðismönnum, sem eru ekki þingræðismenn, heldur einræðismenn í raun og veru, sé ekki vel við, að vilji félagsmanna geti ráðið, eins og nú er í Dagsbrún.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 17: 4 atkv. og til allshn. með 20:1 atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

17. Atvinnubótavinna og kennsla ungra manna.

Á 10. fundi í Nd., 26. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um atvinnubótavinnu og kennslu ungra manna (þmfrv., A. 39).

Á 12. fundi í Nd., 2. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 13. fundi í Nd., 3. marz, var frv. aftur tekið til 1. umr.

***Flm. (Gunnar Thoroddsen):** Það orkar ekki tvímælis, að atvinnuleysið er eitt mesta böl nútímans. Atvinnuleysið hefir gert vart við sig um allan heim meira eða minna, og höfum við Íslendingar komizt í kynni við það eins og stórþjóðirnar. Ég þarf ekki að fara mörgum orðum um þau áhrif, sem atvinnuleysið hefir á fjárhagslega afkomu manna og lífskjör, hversu lamandi það verkar á hugarfar þeirra og sálarlíf. Áhrif atvinnuleysisins eru að sjálfsögðu mjög alvarleg fyrir heimilisfeður, sem verða að lifa á sinni vinnu, en þótt það sé iskyggilegt fyrir þá, sem hafa fyrir öðrum að sjá, þá verður því ekki neitað, að það er eitt af því háskalegasta, sem kemur fyrir unga menn, að vera atvinnulausir. Vonleysi þeirra og kjarkleysi, sem orsakast af atvinnuleysinu, mannspillir unglingunum og leiðir til margskonar athafna, sem þjóðfélaginu eru háskalegar. Atvinnuleysið er almennt mjög háskalegt, en atvinnuleysi unglinga er eitt hið allra háskalegasta. Ég skal ekki fara um það mörgum orðum, hverjar afleiðingar það hefir í för með sér, en ég vil þó geta þess, að talið er fullsannað, að glæpsamleg afbrot í hinum ýmsu þjóðfélögum séu mjög í hlutfalli við atvinnuleysi unglinga. Og þótt margar ástæður liggi að sjálfsögðu til glæpsamlegra afbrota yfirleitt, þá er atvinnuleysi ungra manna ein hin stærsta ástæða.

Frá þessu sjónarmiði er það frv. flutt, sem hér liggur fyrir. Hér á landi hefir verið gerð tilraun til þess að draga úr atvinnuleysi almennt með atvinnubótavinnu. Ætla ég, að til þess hafi verið á síðasta ári varið hálfri millj. kr. úr ríkissjóði, en gegn atvinnuleysi ungra manna þarf nokkuð aðrar ráðstafanir. Það þarf ekki aðeins að útvega þessum ungu mönnum atvinnu og kaup, það þarf að hafa áhrif á uppeldi þeirra, veita þeim bæði bóklega og verklega fræðslu í sambandi við þá vinnu, sem þeim er í té látin. Þær ráðstafanir, sem gerðar eru í þessu efni vegna ungra manna, þurfa því að vera nokkuð með öðrum hætti en hinar almennu ráðstafanir, og við það er frv. okkar miðað.

Ég vil svo með fáum orðum skýra frá aðalefni frv. Í 1. gr. er bæjarstjórnum veitt heimild til þess að halda uppi að vetarlagi vinnu fyrir atvinnulausa pilta á aldrinum 14—18 ára, og skal kennsla vera samfara vinnunni. Út af þessu vil ég sérstaklega taka það fram, að okkur þótti rétt að miða þessa heimild aðeins við kaupstaði fyrst um sinn. Auðvitað getur þó í stærri kauptúnum verið full þörf fyrir slíka heimild, og það er alls ekki tilgangur okkar flm., að útiloka kauptúnin, heldur hitt, að vegna þess, hve lítil reynsla enn er fengin í þessu efni, fannst okkur ekki rétt að taka þetta svo vítt, fyrr en reynslan sýnir, að það sé heppilegt. Í frv. er til þess ætlazt, að tveir umsjónarmenn annist þessar framkvæmdir á hverjum stað, annar valinn af atvmrh., en hinn af viðkomandi bæjarstjórn. Bóklega kennslan samhliða vinnunni skal vera í reikningi og íslenzku fyrst og fremst, og svo í leikfimi og verklegu námi, og mun ég síðar koma að því. Eins og áður er sagt, á þessi vinna og nám að ná til unglinga á aldrinum 14 til 18 ára, og er ætlazt til, að 16 til 18 ára unglingar sitji fyrir. Hvað snertir kostnaðinn af þessum ráðstöfunum, þá má hann verða allt að 1 kr. fyrir hvern íbúa kaupstaðarins. Mundi það verða í Reykjavík 35 þús. kr. á ári og í öðrum kaupstöðum landsins í hlutfalli við mannfjölda.

Um efni frv. ætla ég ekki að fara fleiri orðum að svo stöddu. Það má öllum vera ljóst, hversu mikil þörfin er. Ég ætla með örfáum orðum að skýra frá þeirri reynslu, sem fengin er í þessu efni. Ég ætla, að fyrsta tillaga um ráðstafanir vegna atvinnulausra unglinga hafi komið frá bæjarstjórn Reykjavíkur. Á fjárhagsáætlun bæjarins fyrir árið 1935 var sett upphæð allt að 3 þús. kr. í því skyni að bæta úr atvinnuleysi fátækra unglinga. Var þegar á því ári hafizt handa og skipaðir til að sjá um framkvæmdir tveir umsjónarmenn, annar af bæjarstjórn Reykjavíkur, en hinn af atvmrh. Þessi starfsemi hefir staðið í tvö ár, og hefir verið til hennar varið 26 þús. kr. hvort árið, sem að hálfu hefir verið greitt af ríkinu, en að hálfu af bæjarsjóði. Vinna þessi og kennsla hefir farið fram að vetrinum og byrjað í nóvember. Bóklega fræðslan hefir verið 2 stundir annan hvern dag og farið fram í vélstjóraskólanum, og svo hefir verið 2 stunda kennsla annan hvern dag í barnaskólanum fyrir þessa unglinga. Að því er vinnuna snertir, þá var fyrra veturinn unnið að undirbúningi skógræktar, en í vetur er unnið við íþróttavöllinn í Skerjafirði. Þeir unglingar, sem vinna, fá í kaup k. 4,08 á dag og vinna 3 klst.; hafa þeir kaup samkvæmt taxta verkalýðsfélaganna, kr. 1,36 á klst. Um vinnu þessa sóttu í haust 140 unglingar. Var í byrjun helmingur þeirra tekinn í vinnuna, en síðar hefir verið bætt við, og nú eru þeir um 100 alls. Ég skal geta þess, að því er snertir hámarksákvæðið í 6. gr. frv., 1 kr. fyrir hvern íbúa viðkomandi kaupstaðar, að það getur verið nokkurt álitamál, hvort það er hæfilegt. Í Reykjavík mundi það þýða verulega hækkun, ef notað væri til fullnustu, en vel má vera, að það sé of lágt hámark fyrir aðra kaup-

staði, en við settum þetta takmark ekki hærra til þess að geta fremur vonað, að málið gengi fram. Ég vil svo að lokum lýsa því yfir, að ég treysti hv. þdm. til þess að sjá nauðsyn þessa máls og ljá því það fylgi, er það á skilið. Óska ég svo, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og menntmn.

*Stefán Jóh. Stefánsson: Um þetta frv. er í rauninni ekki annað en gott eitt að segja, en þó má benda á það, að sú heimild, sem um getur í 1. gr. frv., er að sjálfsögðu fyrir hendi og hefir verið framkvæmd, áður en þetta frv. kom fram, eins og hv. flm. gat um. En annars var það aðeins eitt lítið atriði í ræðu hv. þm., sem gaf mér tilefni til þess að standa upp, því að mér finnst rétt að leiðrétta það í ræðu hv. þm., að það hafi verið bæjarstjórnin í Reykjavík, sem á sínum tíma byrjaði framkvæmdir á atvinnubótavinnu fyrir unga menn. En sannleikurinn er sá, að frumkvæðið að þessu kemur frá stjórn Alþýðusambandsins, með bréfi til hæstv. atvmh. á árinu 1935, þar sem þess er óskað, að úr ríkissjóði væri veitt einhver upphæð til atvinubóta fyrir unga menn og stúlkur, gegn því að bæjarstjórn Reykjavíkur veiti þar fé á móti, og þetta varð til þess, að hæstv. atvmrh. ritaði bæjarstjórninni og kvaðst mundu leggja fram nokkra upphæð úr ríkissjóði í þessu skyni gegn framlagi af hálfu bæjarstjórnarinnar. Bæjarstjórnin tók þessu vel, og síðan hefir þetta verið framkvæmt. Þetta skiptir í sjálfu sér ekki miklu máli, en það er þó rétt, að það komi fram, hvert er upphaf þessa máls hér í Reykjavík.

Annars er líka rétt að minna á það, að hv. 9. landsk. hefir á tveimur undanförnum þingum flutt frv., sem gengur í líka átt, þó að það sé að sumu leyti nokkru fyllra en þetta frv., og nú flytur sá þm. á ný frv., sem að nokkru leyti er undirbúið af sambandi ungmennafélaganna hér á landi, sem á síðustu tímum hafa látið þetta mikla alvörumál nokkuð til sín taka og vilja stuðla að því með samtökum sínum, að bæta úr atvinnuleysi ungra manna, sérstaklega í kaupstöðum. Einmitt nú þegar þetta mál er á ferðinni, er verið að dreifa hér út sérprentun af fróðlegri og ágætri ritgerð eftir Aðalstein Sigmundsson um atvinnuleysi æskunnar. Þar sem hér eru nú á döfinni tvö frv. um sama efni, þá ættu þau að geta orðið grundvöllur að því, að hægt verði að leysa þetta mál á yfirstandandi Alþ. með viðunandi löggjöf, og þar sem að því frv., sem nú er til umræðu, standa fimm sjálfstm., þá má gera ráð fyrir, að sá flokkur vilji nú eitthvað fyrir málið gera, og þar eð vitað er um afstöðu Alþfl. til málsins, þá vil ég mega vænta þess, að það takizt að setja um þetta löggjöf, sem gæti orðið grundvöllur að merkilegum framkvæmdum til þess að hjálpa og leiðbeina atvinnulausum æskumönnum og gefa þeim kost á einhverri atvinnu og fræðslu um leið. Ég vil því í sjálfu sér fagna þessu frv. og vona, að það dragist nú ekki lengur að leysa þetta mál. En það hefir því miður verið svo, að á tveimur undanförnum þingum hefir ekki verið nægilegur skilningur af hálfu hv. þm. um að setja löggjöf um þetta efni, þar sem frv. hv. 9. landsk. hefir verið tekið fremur kuldalega á Alþingi undanfarið, en ég vil vænta þess, að það hafi orðið einhver breyting á hugum hv. þm., sérstaklega þegar staðreyndirnar blasa nú við sjónum okkar um land allt, en ekki sízt í kaupstöðunum.

*Flm. (Gunnar Thoroddsen): Ég get auðvitað ekki annað en lýst yfir ánægju minni yfir undirtektum hv. 1. landsk., en hinsvegar þykir mér nauðsynlegt að gera nokkra aths. út af hans málflutningi. Hann vill eigna Alþýðusambandinu frumkvæði þessa máls. Ég vil benda hv. þm. á það, að á fjárhagsáætlun Reykjavíkurbæjar fyrir árið 1935, sem var samin í árslok árið 1934, er sett 3000 kr. fjárveiting til þess að halda námskeið fyrir atvinnulausa, fátæka unglinga. Þetta var framkvæmt á þessu ári, og þær einu framkvæmdir, sem gerðar hafa verið í þessum efnum hér í bæ, eru einmitt gerðar af bæjarstjórn Reykjavíkur, svo að það er ljóst, að það er bæjarstjórn Reykjavíkur, sem átti frumkvæðið að öllum framkvæmdum í þessu máli. Þess vegna er það óþarfi hjá hv. 1. landsk., að vera að tala um það, að þess megi vænta, að Sjálfstfl. fylgi þessu máli, því að hann hefir þegar frá upphafi, sérstaklega í bæjarstjórn Reykjavíkur, sýnt, að hann hefir verið fylgjandi þessu máli, og ekki aðeins það, heldur hefir hann haft forgöngu í málinu, eins og ég tók fram áðan.

Að því er snertir frv. hv. 9. landsk., þá er það satt, að á þinginu 1935, m. ö. o. eftir að þessi heimild var sett í fjárhagsáætlun Reykjavíkur, flutti þessi hv. þm. frv. um námskeið fyrir atvinnulausa unglinga. Frv. var vísað til menntamn., sem ég átti þá sæti í. N. klofnaði, og hv. 9. landsk., hv. þm. V.-Ísf. og ég vorum sammála um að mæla með þessu frv., en einhvernveginn orsakaðist það þannig af hálfu stjórnarflokkanna, að þeir tryggðu málinu ekki framgang á þinginu, svo að þetta frv. hv. 9. landsk. var felt við 2. umr. Án þess að ég vilji bera fram ásakanir í garð hv. 9. landsk., sem flutti þetta mál og ég ætla af fullum heilindum, þá verð ég að láta í ljós undrun mína yfir því, að hann, hv. 1. landsk., og aðrir hv. þm. Alþfl. skyldu ekki búa betur um hnútana en svo, að þeirra eigin samherjar gætu lagzt á málið og drepið það við 2. umr.

Ég vil svo að endingu taka undir ósk hv. 1. landsk., að þetta frv., sem flutt er af okkur fjórum sjálfstæðismönnum, og frv. hv. 9. landsk., sem samið er af sambandi íslenzkra barnakennara, geti orðið grundvöllur að einhverjum ráðstöfunum til úrbóta fyrir atvinnuleysi unglinga, en mér þótti rétt að gera þessar aths. og undirstrika það, að fyrstu framkvæmdir þessa máls voru einmitt gerðar af hálfu sjálfstæðismanna í bæjarstjórn Reykjavíkur.

*Stefán Jóh. Stefánsson: Ég þarf litlu við að bæta það sem ég sagði áðan. Ég vil aðeins undirstrika þá staðreynd, að það var ekkert gert í þessu máli í bæjarstj. Reykjav. til neinna framkvæmda, fyrr en bréfið kom frá atvmrh., en

það átti rót sína að rekja til afskipta Alþýðusambandsins á sínum tíma. Annars skiptir þetta litlu máli. Ég gat þess í minni fyrri ræðu, að ég gerði mér vonir um, að við framkomu þessa frv. hefðu orðið hvataskipti hjá sumum hv. þm. til þess máls, af því að mér er það kunnugt, að frv. hv. 9. landsk. á tveimur undanförnum þingum fór einmitt til menntmn., og í þeirri n. átti sæti borgarstjórinn í Reykjavík, hv. 5. þm. Reykv. og hann lagði gegn málinu í n., ásamt hv. 2. þm. Árn., ef ég man rétt, og þar sem form. bæjarstjórnarinnar í Reykjavík hefir lagt gegn löggjöf um málið á undanförnum þingum, þá er ástæða til að ætla, að um hvataskipti sé að ræða, ef allur Sjálfstfl. fylgir þessu máli, og það er að sjálfsögðu ástæða til að fagna þessum sinnaskiptum borgarstjórans.

*Flm. (Gunnar Thoroddsen): Út af ummælum hv. síðasta ræðumanns um það, að ástæða væri til að fagna sinnaskiptum borgarstjórans, vil ég mælast til þess við hv. 1. landsk., að hann reyni að beita áhrifum sínum til þess að hafa áhrif á Framsfl. og fá hann til að fylgja málinu, því að hann var á móti málinu 1935 og felldi það.

Ég sagði í minni síðustu ræðu, að ég efaðist um heilindin af hálfu Alþfl. í þessu máli, vegna þess að hann, sem vitanlega er ráðandi flokkur í stjórninni, hafði ekki getað knúið sinn samstarfs- og undirlægjuflokk, Framsfl., til þess að ganga inn á þetta mál. Ég vil því beina þeirri áskorun til hv. 1. landsk., að hann og Alþfl. reyni að hafa áhrif á Framsfl., til þess að hann verði fylgjandi þessu máli.

Ég vil svo að lokum lýsa yfir ánægju minni út af því, að svo virðist sem Sjálfstfl. og Alþfl. séu sammála í þessu máli, og þess vegna má vænta þess, að málið fái viðunanlega úrlausn þegar á þessu þingi.

*Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson): Ég vil taka undir það, sem hv. 1. landsk. sagði, að það væri ánægja að þeim sinnaskiptum, sem virðast hafa orðið hjá Sjálfstfl. Mér er kunnugt um, að það var nokkur tregða á því, að meiri hluti bæjarstjórnar gengi inn á að hefja þessa vinnu, og það var ekki fyrr en loforð lá fyrir frá ríkisstj. um framlag, að bæjarstjórnin samþ. það. Síðan hefir verið samvinna um þetta, og á síðasta ári voru veittar 46000 kr., og er það 11 þús. kr. hærra en í þessu frv. Til Sogsvegarins hafa verið lagðar 15000 kr. úr ríkissjóði og 5000 kr. úr bæjarsjóði, og til atvinnuleysis ungra manna hér í Reykjavík 13000 kr. úr ríkissjóði og 13000 kr. frá bæjarsjóði.

Ég tel rétt að geta þess, sem gert hefir verið í þessu máli, um leið og því er hreyft hér; annars mun það koma í ljós í þeirri n., sem fær málið til athugunar, og vil ég vænta þess, að það verði góð samvinna um málið, svo að það fái viðunanlega lausn.

*Flm. (Gunnar Thoroddsen): Hæstv. atvmrh. sagði, að síðasta ár hefði verið veittar 46000 kr. í þessu skyni, m. ö. o., að frv. væri raunverulega afturför frá því sem verið hefir. Ég vil vekja athygli á því, að í þessum 46000 kr. felst hluti af atvinnubótafénu, þannig að ungir menn hafa verið látnir vinna sérstaklega fyrir atvinnubótafé ríkis og bæjar, en þetta frv. lætur sjálfa atvinnubótavinnu ungra manna vera fyrir utan sitt verksvið, en fer hinsvegar fram á atvinnubótavinnu og kennslu í sameiningu, og til viðbótar við þessar 35000 kr., sem þetta frv. gerir ráð fyrir, má vitanlega veita eitthvað af atvinnubótafénu í heild til vinnu fyrir unga menn. Þannig tók bæjarstjórn Reykjavíkur sér fyrir hendur árið 1935 að leggja fram fé til vegalagningar frá Sogsveginum upp að Vellankötlu, norðaustanvert við Þingvallavatn, með því skilyrði, að unglingar úr Reykjavík fengju vinnu.

Ég vil aðeins geta þess til þess að undirstrika það, að þetta frv. er ekki afturför heldur einmitt framför frá því, sem verið hefir, því að það, sem varið hefir verið í þessu skyni til kennslu og atvinnubótavinnu í sameiningu fyrir unga menn hér í Reykjavík síðustu tvö ár, er 26000 kr., en samkvæmt þessu frv. er lagt til að veita 35000 kr. í þessu sama skyni. En hitt er annað mál, hve miklu af þessari ½ millj. kr. er varið til unglinganna sérstaklega.

*Emil Jónsson: Ég ætla að segja nokkur orð út af því, sem hv. flm. sagði síðast.

Þetta frv. er ekki framför, heldur vissulega afturför. Í sinni frumræðu tók hv. þm. það fram, að það nægði að athuga hámarksákvæðið í n., en nú virðist mér hann telja þetta atriði framfarir, frá því sem verið hefir. Ég skal nú ekki fara út í frv. að öðru leyti, þó að mér finnist ekki margt í því umfram það, sem þegar er til, því að þetta frv. er eiginlega aðeins heimild til þess að halda áfram því starfi, sem nú er þegar hafið á ýmsum stöðum á landinu.

Í Hafnarfirði hefir verið unglingavinna með sama fyrirkomulagi og frv. gerir ráð fyrir og verið hefir hér í Reykjavík. Til þessarar vinnu eru ætlaðar 10000 kr., því að við skrásetningu ungra atvinnulausra manna kom í ljós, að það voru ekki færri en 60 manns, sem þurftu vinnu, en fyrir þessa upphæð var ekki hægt að taka nema 40, því að það var meira en nóg til þess að nota þessa upphæð. En ef sett verður hámarksákvæði í þessu efni, þá má ekki veita meira en 3700 kr. í þessu skyni í Hafnarfirði, svo að framlagið minnkaði beinlínis um 6300 kr. frá því, sem nú er.

Ég vil því vænta þess, að þetta atriði verði tekið til athugunar í n., því að eins og frv. er nú, er smærri stöðum bannað að hafa þessa starfsemi með höndum eins og undanfarið, því að það þýðir t. d. ekkert fyrir okkur í Hafnarfirði að leggja út í þessa starfsemi á þann hátt sem þetta frv. gerir ráð fyrir, með 3700 kr., því að af þeirri upphæð þyrfti að kosta kennara og verkstjóra og ýmislegt fleira, sem til starfsins þarf, svo að það þarf meira fé til þessarar starfsemi en 1 kr. á mann, sem frv. gerir ráð fyrir.

*Thor Thors: Þar sem ég er einn af flm. þessa máls og átti þátt í undirbúningi þess, þá vil

ég leiðrétta ýmislegt, sem fram hefir komið í þessum umræðum.

Það er ekki ástæða fyrir Alþfl. að fagna sinnaskiptum sjálfstæðismanna í þessum efnum, þetta er annað mál en það, sem hv. 9. landsk. hefir borið fram. Að vísu er hans frv. um sama efni, en það er miklu losaralegra og óákveðnara en þetta frv., og má marka það á því, að ýmsir hv. þm. sem eru þessu frv. fylgjandi, hafa greitt atkv. gegn frv. hv. 9. landsk. Þetta frv. er byggt á þeirri reynslu, sem skapazt hefir hér í Reykjavík undanfarin ár og meiri hluti bæjarstjórnar Reykjavíkur átti frumkvæðið að, eins og hv. flm. tók fram. Það hefir sýnt sig að það, sem gert hefir verið í þessu máli, enda þótt það hafi verið of lítið, hefir haft mjög heilla-vænleg áhrif bæði á þá, sem þessa hafa orðið aðnjótandi, og eins má segja fyrir bæjarfélögin og þjóðfélagið í heild, enda hefir þjóðin ekki látið þetta mál fara fram hjá sér. Hver þjóð hefir tekið þetta mikla vandamál til meðferðar og skipað því með löggjöf. Allar hinar Norðurlandaþjóðirnar hafa gert það á undanförnum árum.

Það þarf ekki að segja mörg orð um þetta í viðbót við það, sem hv. 1. flm. hefir þegar tekið fram. Það er öllum kunnugt, að atvinnuleysi meðal ungra manna er eitthvert hættulegasta atvinnuleysið fyrir þjóðfélagið. Þetta frv. er eiginlega meir borið fram til þess að koma málinu á stað hér á þinginu, heldur en sem endanleg tilhögun í málinu. Ég vil segja, að mér finnst nauðsynlegt, að inn í þetta frv. sé tekin heimild fyrir kauptún víða um land til þess að reka slíka atvinnubótavinnu, eins og frv. gerir ráð fyrir, að kaupstöðum sé heimilað. Enda þótt mest hætta stafi af atvinnuleysi unglinga, þar sem fjölmennt er, sérstaklega hér í Reykjavík, þá er það vitað mál, að einnig í kauptúnum landsins stafa vandræði af því, að unglingarnir hafa ekkert fyrir stafni. Jafnaðarmenn halda því fram, að hér sé ekki um nýtt mál að ræða, því að þetta hafi þegar verið framkvæmt. Þetta er rétt að því leyti, að þetta frv. er byggt á þeirri reynslu, sem fengizt hefir hér í Reykjavík, en með frv. er öðrum kaupstöðum borið sama framlag úr ríkissjóði og Reykjavík hefir fengið.

Hv. þm. Hafnf. segir, að hér sé um að ræða afturför, því að Hafnarfjörður hafi lagt fram miklu meira fé í þessu skyni heldur en gert sé ráð fyrir í frv. Hv. þm. Hafnf. veit vel, að Hafnarfjörður getur lagt allt það fé fram, sem hann vill, þó að þetta frv. nái fram að ganga, því að það skyldar aðeins ríkissjóð til þess að leggja fram ákveðið tillag. Núna er ríkissjóður ekki skyldur til þess, og það er því undir velvild ráðh. komið, hvort lagt er fram fé úr ríkissjóði á móti, en ef þetta frv. nær fram að ganga, er ríkisstj. skyldug til að leggja fram þetta ákveðna tillag, sem frv. nefnir. Ef Hafnarfjörður vill verja 100000 kr. í þessu skyni, þá er það frjálst fyrir bæjarstjórnina þar, en ríkissjóður hefir ekki aðra og frekari skyldu en að leggja fram það framlag, sem ákveðið er í 6. gr. frv., en hinsvegar get ég verið hv. þm. Hafnf. sammála um, að það er a. m. k. athugandi, hvort þetta framlag, sem frv. ráðgerir, er ekki of lítið, og ég vil vænta þess, að sú n., sem fær þetta mál til meðferðar, taki það til athugunar, og sérstaklega vil ég benda á, að þetta framlag, sem miðað er við 1 kr. á hvern íbúa, er of lágt í kauptúnunum. Í kauptúnum með 500 íbúa, og þau eru nokkur, sem hafa þann íbúafjölda, er of lágt að leggja aðeins 500 kr. fram í þessu skyni.

Og ég vildi með tilliti til þess, sem ég hefi áður sagt, beina því til hv. menntmn., sem væntanlega fær frv. til meðferðar, að hún athugi, hvort ekki sé nauðsyn á að hækka þetta framlag.

*Sigurður Einarsson: Af því að talsvert hefir borið á góma í þessum umr. frv. um skylt efni, sem ég hefi borið fram á 2 undanförnum þingum, þá er ástæða til að taka það fram, að um það frv. á það nákvæmlega við, sem hv. þm. Snæf. sagði, og hann hefir lært af umr. um þetta mál, að það var borið fram til að koma málinu á rekspöl frekar en að þar væri um endanlegar till. að ræða. Þar var ætlazt til, að komið skyldi upp námskeiðum, þar sem lögð væri stund á bæði bóklegt og verklegt nám.

Það var eitt atriði í ræðu hv. þm. Snæf., sem ég sé ástæðu til að vekja athygli á. Þetta frv. er borið fram, segir hann, til þess að skylda ríkissjóð til að gera eitthvað í þessum málum, en mitt frv. var borið fram til þess að skylda bæjarfélögin til að gera eitthvað, ef ríkissjóður skuldbyndi sig fyrir sitt leyti. Þetta er mergur málsins. Það eru nokkrir ungir menn í Sjálfstfl., sem alltaf þykjast vera að vinna fyrir unga menn, sem bera þetta mál fram. En af því að mitt frv., sem ég flutti í fyrra, þótti koma of mikið við pyngju bæjarfélags Reykjavíkur, þá snerist forseti bæjarstjórnar, hv. 5. þm. Reykv., á móti málinu og gerði sitt til þess, að það næði ekki fram að ganga. Hv. þm. Snæf. var að tala um, að mitt frv. væri losaralegt; þetta er rétt, því að eins og ég tók áðan fram, þá var frv. borið fram til þess að koma málinu af stað frekar en það væri á nokkurn hátt endanlegar till. Sjálfstæðism. bera það blákalt fram, að þeir hafi hrundið þessum málum af stað með því að hefjast handa um framkvæmdir í þessum málum í Reykjavík. Þetta er algerlega rangt. Sjálfstfl. hreyfði ekki þessu máli, fyrr en hann var knúinn til þess með bréfi, sem hæstv. atvmrh. skrifaði bæjarstjórn Reykjavíkur. Ég vil taka undir það hjá hv. 1. landsk., að þess megi vænta, að með framkomu þessa frv. komi skriður á þetta mál, þar sem meirihlutavilji virðist vera orðinn fyrir að leysa málið á viðunandi hátt. Ef sú lausn ekki fæst, hlýtur það að stafa af því, að sá vilji meirihlutans er ekki svo sterkur sem þeir vilja vera láta til þess að gera eitthvað í þessu máli. — Ég tel ekki ástæðu til að fara að gera frekari samanburð á mínu frv. og þessu; það gefast eflaust nóg tækifæri undir meðferð málsins til að athuga það nánar. Ég sé ekki ástæðu til að taka neitt sérstaklega upp hanzkann fyrir Framsfl. hér í hv. d.; til þess ættu nógir að vera. En ég vildi beina því til hæstv. forseta, hvort hann telji það leyfilegt og sæmilegt að óvirða og svívirða heilan þingflokk

með því að kalla hann undirlægjuflokk og öðrum miður viðeigandi nöfnum. Ég vildi yfirleitt mega vænta þess fyrir mitt leyti, að sú regla verði tekin upp, að tala virðulega um þingflokka, og að þeir séu ekki að ástæðulausu kallaðir allskonar skrípanöfnum.

Forseti (JörB): Ég vil vænta þess, að þau kaun, sem kunna að hafa skapazt í gær, séu nú gróin, og þætti mér leitt, ef ég hefði valdið þessum hv. þm. sársauka. Undir hitt get ég tekið hjá hv. síðasta ræðumanni, að hv. þm. stilli svo ummælum sínum í hóf, að engan hneyksli.

***Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson):** Ég get verið hv. þm. Snæf. sammála um það, sem hann tók fram í ræðu sinni, að einmitt hættulegasti þáttur atvinnuleysisins sé atvinnuleysi unglinga. Hinsvegar get ég ekki verið honum sammála um það, að eftir þessu frv. sé hverju bæjarfélagi í sjálfs vald sett, hversu mikið þau leggja til þessara mála. — Ég vænti þess, að hæstv. forseti hafi ekki á móti því, þó að ég víki örlitið að einstökum gr. frv. Í 6. gr. segir: „Bæjarsjóður og ríkissjóður bera að hálfu leyti hvor kostnað við þessar ráðstafanir. Heildarkostnaður árlega má ekki samanlagt verða hærri en sem svarar 1 krónu á hvern íbúa viðkomandi kaupstaðar samkvæmt síðasta manntali".

Það hljóta allir að sjá, að það er bein afturför, að binda svo hendur bæjarstjórnanna, að þær megi ekki verja meira fé í þessu skyni heldur en til er ætlazt eftir frv. I frv. er ætlazt til, að fé þetta til atvinnubóta unglinga sé veitt umfram venjulegt atvinnubótafé. Það virðist í þessu frv. kveða talsvert við annan tón heldur en venja hefir verið hjá sjálfstæðismönnum, þegar um fjárframlög til atvinnubóta hefir verið að ræða og ég vænti þess, að hv. sjálfstæðismenn minnist þessara umr., þegar farið verður að greiða atkv. um fjárframlög til atvinnubóta. Má þá ef til vill vænta þess af þeim, að þeir, öfugt við það, sem þeir hafa gert, greiði nú atkv. með till. um hækkun á þessum lið, en komi ekki með lækkunartill. við hann, eins og venja þeirra hefir verið.

***Bjarni Bjarnason:** Ég lít svo á, að ekki sé ástæða til eltast við það, þó að einstaka þm. sendi flokkum hnútur, sem ekki skipta neinu máli. Hinsvegar verður það að vera einkamál hv. þm., hvað þeir geta lagt sig niður við. — Það kom fram hjá hv. 11. landsk. þetta, að við framsóknarmenn hefðum verið undirlægjur jafnaðarmanna í þessu máli. Þetta er aðeins endurtekning á því, sem blöð þessa hv. þm. hafa tönnlazt á ár eftir ár og við höfum ekki eytt tíma eða blaðarúmi til að svara. En af því að þetta er nú vakið upp hér, þá vildi ég benda hv. 11. landsk. á það, að í Vísi getur hann lesið um það, hvernig jafnaðarmenn séu undirlægjur okkar framsóknarmanna, en í Morgunblaðinu, og þó einkum í vikuútgáfu þess, Ísafold, sem send er út um sveitirnar, getur hann í flestum blöðum lesið um það, að við framsóknarmenn séum svo og svo miklar undirlægjur jafnaðarmanna.

Það neitar því enginn, að innan vébanda þess máls, sem hér liggur fyrir, eru ýms merkileg atriði, sem nauðsyn er á, að sé íhuguð. En þetta mál hefir fram að þessu verið algerlega vanhugsað af flm. þess, og sennilega af þingheimi yfirleitt. Þetta leyfi ég mér að fullyrða, eftir að hafa hlustað á umr. um þetta mál og eftir að hafa átt sæti í n. hér í Nd., sem hafði málið til meðferðar. Það var af þessum ástæðum, sem ég var andvígur málinu á þingi í fyrra. Mér þótti málið of vanhugsað og vildi láta athuga það betur. Ég held, að það sé ekki of djúpt tekið í árinni hjá mér, að sú hlið þessa máls, sem að bóklega náminu sneri, hefði verið mjög framkvæmanleg í sambandi við gagnfræðaskólana. Það er búið að leggja svo mikið fé til þeirra mála, og er árlega veitt, að búast hefði mátt við, að eitthvað hefði mátt styðjast við *einmitt þá skóla til þess að leysa þessa hlið* vandræðanna. Eins og menn sjá, liggja hér fyrir 2 frv. um þetta sama efni. Annað heitir frv. til l. um atvinnubótavinnu og kennslu ungra manna, en hitt heitir frv. til l. um ráðstafanir vegna atvinnulausra unglinga. Hv. sjálfstæðismenn, sem í fyrra voru á móti frv. hv. 9. landsk., koma nú með hið fyrra frv., sem að vísu er nokkru fyllra en frv. hv. 9. landsk. var, en þó á engan hátt svo, að þeir hefðu ekki getað stutt frv. hv. 9. landsk. og breytt því í það form, sem þeim líkaði. Þetta sýnir það ljóslega, að þeir flokkar, sem mest ráða í kaupstöðum, eru að keppast um að leysa þetta mál; þeir vilja báðir hafa heiðurinn af því. Hvað er þá eðlilegra en að við, sem vitum, að við höfum minna fylgi í kaupstöðunum, viljum lofa þeim að bítast um þetta mál, og reyna fyrst um sinn að sjá, hvort þeir eru menn til þess að leysa það. Ég skal fúslega játa það, að ég vildi verða til þess að ljá góðum till. í atvinnubótamálinu fylgi mitt. En ég tel sem sagt heppilegast að lofa þessum flokkum, sem mest fylgi hafa í bæjunum, að spreyta sig á að leysa þetta vandamál, sem fyrst og fremst er mál kaupstaðanna.

***Thor Thors:** Hv. 9. landsk. vildi halda því fram, að við sjálfstæðismenn hefðum mikið af honum lært á undanförnum þingum. Ég veit, að þessi hv. þm. hefir mikinn hug á því að verða kennari, en ég vil vara hann við að hefja kennslu, áður en til hans er kallað. Ég fyrir mitt leyti mun ekkert af honum læra og get ekkert af honum lært. — Hv. þm. vildi gera lítið úr þessu frv. okkar, af því að hér væri aðeins um heimildarlög að ræða. En ef maður lítur á það frv., sem hann sjálfur hefir flutt, þá er það ekkert annað en heimildarlög. Hv. þm. vildi skopast að því, að við flm. játum það fúslega, að hér sé ekki um neinar endanlegar till. að ræða, heldur tilboð um að taka málið til athugunar. Ég sé ástæðu til að taka það fram, að einn af þeim mönnum, sem vildi, að þetta mál næði fram að ganga í fyrra, var einmitt hv. 11. landsk., svo að um sinnaskipti hjá honum getur ekki verið að ræða, eins og hv. 9. landsk. vildi vera láta. Annars ætti hv.

þm. að beina ákúrum um skilningsleysi á þessu máli til sessunauts síns, hv. 2. þm. Árn., sem áður hefir orðið til þess að hindra framgang þessa máls og nú í sinni síðustu ræðu virðist vera nákvæmlega eins íhaldssamur. Ég vildi því beina því til hv. 9. landsk. að byrja sitt trúboð innan sinna eigin flokka, en láta aðra bíða. (ÓTh: Það mundi þá verða einskonar heimatrúboð.)

Hv. 2. þm. Árn. vildi verja andstöðu sína gegn málinu með því, að halda því fram, að málið væri óhugsað. Það er nú ekki meira óhugsað en svo, að 2 ára reynsla á slíkri starfsemi sem þessari liggur fyrir í Reykjavík og hefir þar orðið til ómetanlegra bóta, þótt á byrjunarstigi væri. Aðgerðir bæjarstjórnar Reykjavíkur í þessum málum hafa haldið mörgum unglingum frá illum verkum og skapað þeim athvarf. Það er því ekki einungis rangt, að málið sé óhugsað, heldur er það reynt og hefir reynzt vel.

*Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Ég verð að segja það, að hér er deilt dálítið öðruvísi á okkur framsóknarmenn heldur en þegar við erum á fundum úti um sveitir. Þá er okkur fundið það til foráttu, að við séum allt of leiðitamir við okkar samstarfsmenn, Alþfl. Nú heyri ég hinsvegar hér, að hv. sjálfstæðismenn segja, a. m. k. sumir þeirra, og ég heyrði ekki betur en að hv. 11. landsk. segði það líka, að það sé flokksmál Sjálfstfl., að koma þessu máli fram. Og nú erum við framsóknarmenn helzt ásakaðir fyrir íhaldssemi í því, að leggja fram fé til atvinnubóta fyrir unglinga. Mér kemur það undarlega fyrir, að flokksmaður Sjálfstfl. reynir að pína sem mest fé út til atvinnubóta fyrir unga menn í kaupstöðum. Og mér virðist það koma mjög svo þvert við þá stefnu, sem eftir orðum sjálfstæðismanna úti um land má ráða, að sé ríkjandi í þeim flokki.

Það er enginn vafi á því, að þetta mál, atvinnuleysi ungra manna yfirleitt, og ekki sízt við sjávarsíðuna, er mikið vandamál. Og ekki er sízt vandasamt að ákveða, ef eitthvað er gert til að leysa það vandamál, hversu langt á að fara í því, að halda uppi atvinnubótavinnu fyrir þessa menn. Ég hefi ekki athugað þetta mál svo vel, að ég treysti mér við þessa umr. að taka afstöðu til þess. Ég hygg þó, svona fljótt á litið, að bezt muni vera að láta ráðstafanir þær, sem eiga að vega upp á móti atvinnuleysinu meðal ungra manna í kaupstöðum, líkjast meira fræðslustarfsemi en atvinnubótavinnu. Því að ég óttast mjög afleiðingarnar af því, ef fyrstu kynni unglinga af verulegu starfi eigi að vera þau, að ganga í þá atvinnubótavinnu, sem líkist þeirri atvinnubótavinnu, sem hér hefir verið haldið uppi. Það má ásaka mig fyrir íhaldssemi fyrir það, ef menn vilja.

Ég óttast það kapphlaup, sem menn gera sig seka um í sambandi við þetta mál, til þess að vaxa í augum unga fólksins, með því að telja sig bjóða því gull og græna skóga með atvinnubótavinnunni í kaupstöðunum. Ég óttast afleiðingarnar af þessu kapphlaupi, sem stjórnmálaflokkarnir virðast hafa tekið upp í þessu sambandi. Ég álít mjög litla ástæðu til að byrja á kapphlaupi í þessu efni.

Það, sem ég vildi sérstaklega benda á í þessu sambandi, er, að mér virðist einkennilega mikill tvískinnungur koma fram hjá sjálfstæðismönnum í þessu efni, þar sem þeir annarsvegar halda fram, og það mjög fast, þar sem það þykir henta, að við séum óeðlilega leiðitamir við alþýðuflokksmenn um að halda uppi atvinnubótavinnu. Og svo erum við hinsvegar hér á Alþ. ásakaðir um íhaldssemi í að leggja fram fé í þessu skyni. En ég geri ráð fyrir, að Framsfl. taki til athugunar bæði þessi frv., sem komin eru fram um þetta mál. Og ég hygg, að mér sé óhætt að segja, að það sé ekkert minni vilji innan þess flokks en innan annara flokka á að leysa þetta vandamál á skynsamlegum grundvelli. Hygg ég, að e. t. v. finnist jafnvel meiri ábyrgðartilfinning í sambandi við þetta mál innan okkar flokks, og virðist mér sá grunur minn hafi staðfestst af umr. þeim, sem ég nú hefi heyrt. Því að það er vandasamt að hitta á það rétta í þessu sambandi, þannig að ráðstafanir þær, sem nauðsynlegar kunna að vera og gerðar verða, verði ekki til þess að draga unglingana óeðlilega frá eðlilegu atvinnulífi.

*Sigurður Einarsson: Ég skil ekkert í því, þegar hv. þm. Snæf. ætlar að fara að vinna það til, þessu máli til framdráttar, á kostnað þess, sem áður hefir verið fram borið hér í hv. d., að gera lítið úr því frv., sem aðrir flytja um þetta mál, fyrir þá sök, að það sé frv. til heimildarlaga. Ég veit ekki betur en að þó að þessi hv. þm. þykist lítið hafa lært af mér í þessu máli, þá hefir hann þó a. m. k. lært það, að hafa þetta frv. sitt líka heimildarlög. Það er því ekki ástæða fyrir hann að gera lítið úr a. m. k. þessum lærdómi sínum í sambandi við mitt frv. En eins og heyrzt hefir við þessar umr., ber málflutningur sjálfstæðismanna meiri vott um pólitískt ergelsi heldur en hitt, að þeir viti sig svo sterka í málinu. Nú vita menn, að þetta ergelsi hefir verið króniskur sjúkdómur í stærri spámönnum Sjálfstfl. En að hinir smærri spámenn þess flokks væru líka alteknir af honum, hefði maður ekki getað búizt við. En hv. þm. vill gera lítið úr mínu frv. um þetta efni á undanförnum þingum. Þó vill hann bera í bætifláka fyrir sitt frv. og telur, að það sé ekki endanleg till. Það er pólitískt ergelsi, þegar hann segir, að ég sé að montast yfir mínum frv. Ég vitnaði til ummæla, sem um þau féllu á undanförnum þingum. Ég hefi í framsöguræðum mínum tekið greinilega fram í bæði skiptin, að hér væri að ræða um till., sem ræddi fyrst og fremst um það, sem von kynni að vera um að koma áleiðis í þessu máli, í öðru lagi miðaði að því að koma málinu á rekspöl, og í þriðja lagi beuti á nauðsynina á að gera eitthvað fyrir atvinnulausa unglinga.

Hæstv. ráðh. lét svo um mælt, að honum virtist bezt að láta ráðstafanir, sem gerðar kunna að vera til þess að bæta úr því vandamáli, sem atvinnuleysi unglinga er, koma fram í fræðsluformi. Vil ég þá leyfa mér að benda honum á það, að fræðsluformið var svo að segja

hið ráðandi form í till. þeim, sem fólust í frv. mínu, og er enn í því frv., sem ég nú hefi flutt um þetta. Ég vænti þess vegna, að mitt frv. eigi ekki andstöðu að mæta hjá hæstv. fjmrh., heldur eigi hauk í horni þar, sem hann er.

Þá ætlaði hv. þm. Snæf. að lokum að leysa Gordionshnútinn um það, hverjum það hefði verið að þakka, að haldið hefði verið uppi þeirri atvinnubótavinnu fyrir unga menn hér í Reykjavík, sem gert hefir verið, og kvað þar upp úr með það, að bæjarstj. Reykjavíkur væri þannig skipuð, að sjálfstæðismenn réðu þar öllu; þar væri ekkert gert, sem Sjálfstfl. ekki vildi. Og hann lýsti því yfir hér í d., sem við alþýðuflokksmenn höfum oft sagt, að í bæjarstj. Reykjavíkur ríkir hið mesta gerræði og einræði, sem nokkur stj. hefir leyft sér að viðhafa. En jafnvel þessi flokkur sá ekki þetta nauðsynjamál, fyrr en honum var ýtt af stað með bréfi atvmrh. um þetta mál, eins og margtekið hefir verið fram og aldrei hefir verið hrakið.

*Guðbrandur Ísberg: Ég skal ekki blanda mér mikið inn í umr. um þetta mál.

Ég tók eftir því, að hæstv. fjmrh. sló því hér fram, og mér virtist hann hafa það eftir einhverjum ræðumönnum, að þetta mál væri flokksmál Sjálfstæðisfl. Mér er ekki kunnugt um, að svo sé, né að það hafi verið gerðar neinar flokkssamþykktir um það innan þess flokks, að allir þm. þess fl. fylgdu þessu máli. Annars er þetta mál þannig vaxið, frá mínu sjónarmiði skoðað, að hér sé að ræða um einskonar sjúkdómslækningu. Við vitum, að við eigum við atvinnuleysi að búa í kaupstöðum landsins, ekki aðeins fullorðinna manna, heldur einnig unglinga. Þetta frv. á að ráða nokkra bót á böli atvinnuleysisins, að því er unglingana snertir. Bæjarstj. Reykjavíkur hefir með aðstoð ríkisins haldið uppi slíkri atvinnu. Sú vinna hefir gefizt vel, sem er yfirlýst og viðurkennt. Og það er í fullu samræmi við stefnumál og venjur Sjálfstæðisflokksins að fylgja því, sem vel hefir reynzt. Og að því er þennan sjúkdóm snertir, þá er vitanlega ekki um fylgi við slíkar ráðstafanir að ræða lengur en þeirra er þörf. Við höfum líka það atriði fyrir augum, að þetta kostar bæjar- og ríkissjóð fé, og þeim krófum til bæjar- og ríkissjóðs verður að stilla í hóf.

Það eru þessi 3 sjónarmið, sem ég hefi í þessu máli og hafa fengið mig til þess að vera meðflm. að þessu frv., að fyrst og fremst er hér um aðkallandi þörf að ræða, og í öðru lagi liggur fyrir reynsla um ráðstafanir í þessu efni, sem hafa gefizt vel. Og í þriðja lagi, að frv. þetta, sem hér liggur fyrir, geymir ákvæði, sem tryggja, að krófur þær, sem gera má eftir því til ríkissjóðs og bæjarsjóðs, geta ekki orðið takmarkalausar. Um þær takmarkanir í frv. má vitanlega deila, hvort þeim megi hagga til. En ef þær verða felldar alveg eða að verulega miklu leyti úr frv., gæti það orðið til þess, að ég sæi mér ekki fært að greiða atkv. með málinu.

*Jóhann Jósefsson: Ég hefði varla búizt við, að um þetta mál yrðu verulegar deilur við fyrstu umr. Það sýndist vera svo hóflega af stað farið í frv. um fjárframlög og annað af hálfu ríkis og bæja, að maður hefði ekki búizt við sérstökum ákúrum frá hæstv. fjmrh. um eitthvert ábyrgðarleysi út af því, að þetta frv. er fram borið. Ég finn það helzt að þessu frv., þó að ég sé einn meðflm. þess, að mér þykja vera heldur lítil fjárframlögin, sem þar eru ákveðin. Um það atriði var mikið rætt milli okkar flm. Það varð að samkomulagi, að flytja frv. eins og það er, en vitanlega hafa flm. óbundnar hendur um að koma fram með till. til eflingar þeim fésjóði, sem undir þessum framkvæmdum á að standa. Það er einkennilegt, þar sem það er vitað, að menn innan Sjálfstfl. eru einmitt sá hluti þjóðarinnar, sem að mestu leyti stendur fyrir atvinnu landsmanna, að svo miklu leyti sem hún er rekin fyrir reikning einstakra manna og félaga, að flm. þessa máls skuli fá sérstök skútyrði frá hæstv. ráðh. fyrir að koma fram með þessar mjög svo hóflegu till., á þeim erfiðu tímum, sem nú standa yfir, til þess að reyna að leysa vandamál unga fólksins í kaupstöðum landsins, sem nú veit ekki, hvað það á við tímann að gera. Það er einnig einkennilegt, að skútyrði skuli koma til okkar sjálfstæðismanna frá alþýðuflokksmönnum fyrir þetta frv., sem eiginlega aldrei sjá nein lifandi ráð í þessu efni, nema að lifa og deyja upp á kóngsins náð, og aldrei dýfa hendi sinni í kalt vatn til þess sjálfir að leggja fé sitt eða lánstraust í hættu til þess að halda uppi atvinnu á neinum stað. Ég álít að okkur sé eins heimilt og alþýðuflokksmönnum hér á Alþ. að koma fram með skynsamlegar till. til þess að leysa vandamál atvinnuleysis ungra manna, og það jafnvel þó að hv. 9. landsk. hafi hreyft eitthvað till. í þessu efni.

Annars geta þeir, sem sjálfir hafa staðið í sporum atvinnulausa unglingsins á sínum tíma, bezt fundið til með þeim hóp unglinga hér á landi, sem sér fram á heldur dapra framtíð út af atvinnuleysi. Þegar ég var unglingur, var það eitt mesta áhugamál mitt að komast í atvinnu einhversstaðar. En þó var það ólíkt þá, hvað fleiri vegir stóðu opnir fyrir mönnum utan lands og innan til þess að bjargast áfram, heldur en nú. Þess vegna er mjög nauðsynlegt, að reyna að gera eitthvað á fleiri en einu sviði til þess að leysa þetta vandamál.

Hæstv. fjmrh., sem var að tala um ábyrgðartilfinningu sjálfstæðismanna í þessu máli, bar helzt kviðboga fyrir því, að málið væri þannig fram borið, að mér skildist, að framkvæmdum á lausn þess yrði þannig hagað, að draga mundi menn frá sjálfu atvinnulífinu, og varaði við því, að ganga of langt í þá átt. Þetta var svo skýrt af hv. 9. landsk. þannig, að ráðh. hefði viljað leggja aðaláherzluna á fræðsluhlið málsins. Það þýðir, að mér skildist, svona á leikmanns íslenzku það, að hafa þetta meira í skóla- og kennsluformi en minna í vinnu- og atvinnuformi. Um það kunna að vera deildar skoðanir, og sjálfsagt þarf hér hvorutveggja til að koma. En ekki get ég tekið undir það með hæstv. fjmrh., að hér sé nokkur hætta á því, að unglingar verði, með framkvæmdum ákvæða þessa

frv., dregnir frá sjálfu atvinnulífinu. Ég get því miður ekki tekið undir þetta. Það er nú svo komið fyrir atvinnuvegum þessa lands, og það ekki hvað minnst fyrir atbeina manna eins og hæstv. fjmrh. og annara stjórnarvalda, að atvinna, bæði fyrir yngri og eldri, er sífellt í hnignun í landinu. Svo að það er sízt af öllu hætta á því, að þó að hundruð, og mér liggur við að segja þúsund, af ungum mönnum væru að einhverju leyti teknir upp á arma hins opinbera, annaðhvort samkvæmt þessu frv. eða því frv., sem lagt hefir verið fram af hv. 9. landsk., eða einhverjum lögum, að það geti nein hætta stafað af því, þó að ungum mönnum verði séð fyrir atvinnu á þann hátt, vegna þess, hve ömurlega er komið atvinnuástandinu í landinu.

Hér hefir verið talsvert um það metizt, hvort einhver byrjun frá hendi atvmrh. hafi upphaflega hrundið af stað undirbúningi og framkvæmdum til þess að sjá ungum mönnum fyrir atvinnu hér í Reykjavík, og ólíkir dómar á það lagðir. Ég hefi ekki fylgzt með þeim atburðum. Ég veit ekki, hvar þessi hugmynd hefir komið upp fyrst. En eitt er víst, að bæjarstj. Reykjavíkur hefir framkvæmt þetta mál. En hæstv. atvmrh. ætti að hafa það hugfast, að þó að það sé nauðsynlegt og gott að rétta við það ófremdarástand, sem atvinnubjargráð landsmanna eru komin í, þá ætti fyrsta boðorð landsstjórnarinnar að vera, að hjálpa atvinnuvegum landsmanna, því að með því verður bezta atvinnubótin framkvæmd, ekki eingöngu fyrir þá yngri menn í landinu, heldur einnig fyrir þá, sem ekki lengur geta talizt ungir.

Að svo mæltu vil ég vonast til þess, að sú hv. n., sem fær málið til meðferðar, geti annaðhvort afgr. það með þeim umbótum, sem ég teldi, að það þyrfti, eða þá, ef fleiri till. liggja hér fyrir og komið verður á framfæri við hv. d., að málið í heild fái þann byr hjá hæstv. Alþ., að ekki lendi við það eitt, að deila um, hverjir hafi fyrstir komið með þetta mál á dagskrá, eða um hitt, hvort sjálfstæðismenn yfir höfuð megi hreyfa svona máli eða ekki, heldur geti Alþ. orðið sammála um skynsamlega og viðunandi lausn á málinu.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til menntmn. með 19. shlj. atkv.

Á 39. fundi í Nd., 15. apríl, var útbýtt nál. frá 1. minni hl. menntmn., á þskj. 312, en frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

18. Atvinnulausir unglingar.

Á 11. fundi í Nd., 27. febr., var útbýtt:

Frv. til l. um ráðstafanir vegna atvinnulausra unglinga (þmfrv., A. 42).

Á 13. fundi í Nd., 3. marz, var frv. tekið til 1. umr.

***Flm. (Sigurður Einarsson):** Í grg. þessa frv. er skýrt frá því, hvernig það er til orðið. N. frá fulltrúaþingi sambands íslenzkra barnakennara hefir samið frv. í öllum aðalatriðum ásamt forseta U. M. F. Í. Þó er frv. ekki flutt eins og það kom úr höndum n., heldur gerði ég lítilsháttar breyt. á því, sem ég sé ekki ástæðu til að gera grein fyrir sérstaklega.

Frv. er á þá leið, að skylt skuli að skrá tvisvar á ári alla unglinga innan tvítugs aldurs í öllum kaupstöðum og þorpum landsins. Þessi skráning er ætlazt til, að fari fram vegna þess, að enginn kostur er að vita með vissu, hverjir, hve margir eða hvar þeir eru, sem þessu frv. er ætlað að ná til, nema þessi skráning fari fram.

Í 2. gr. frv. er kveðið á um, að 14—20 ára unglingum, sem hafa ekki atvinnu, skuli gefinn kostur á viðfangsefnum af hálfu hins opinbera og á kostnað ríkis og bæjar- eða sveitarfélaga. Svo er nánara um það ákveðið í frv., að hver unglingur skuli fá kennslu og undirbúning undir það starf, sem hann er líklegastur til. Ég vil fullvissa hv. þm. um það, að n., sem samdi frv., lagði mikla vinnu í að athuga, hverjar starfstegundir gætu hér komið til mála, og hefir svo komið sér saman um að benda á þá starfsliði, sem í frv. standa. Í fyrsta lagi er hér talað um opinbera skóla. Erlendis er það víða svo, bæði í Danmörku og víðar, að mönnum, sem ella yrðu styrkþurfar, er gefinn kostur á að verja þeim styrk, sem þeir annars yrðu óhjákvæmilega að fá, til náms í opinberum skólum, T. d. taka lýðháskólar á Norðurlöndum þannig hópa af atvinnulausum mönnum. — Þá er næsti liður, sem gerir ráð fyrir sjálfboðavinnu að framkvæmdum til almenningsheilla. Er það hugsað þannig, að unglingum sé gefinn kostur á að vinna þjóðnýt störf, sem vitað er, að ekki yrðu framkvæmd að öðrum kosti og ekki tekin fyrir eða komið áleiðis fyrir fé, sem varið er til framkvæmda. Þá er þriðji liðurinn, að fólk fái að nema handavinnu eða smáiðnað, sem gæti síðar orðið því að gagni, ekki eingöngu við hvaða starf sem er, heldur einnig að sú kunnátta gæti skapað því atvinnu í þeirri grein. Þá er verklegt sjómennskunám eða nám við búnaðarskóla. Það er hugsað þannig, að þegar frv. kæmi til framkvæmda, yrðí komið upp vinnustöðvum fyrir handavinnu og smáiðnað, svo og skólaverstöðvum. Er fyrst og fremst höfð í huga skólaverstöð við Faxaflóa. Hjá öðrum þjóðum er mikil reynsla fengin um slíkt verklegt nám. T. d. eru víða sjóskátar; það eru skátar, sem temja sig við ýmis nytjastörf á sjó. Þá er gert ráð fyrir að koma upp kennslubúum í grennd við þá staði, þar sem starfa á samkvæmt þessum l. Þar gætu æskumenn unnið landbúnaðarvinnu, sem oft gæti orðið þeim eftir á til lífsframfæris.

Þegar litið er á þennan ramma, sem dreginn er um fyrirhugaðar framkvæmdir, þá sést, að það er ekki lítið, sem gert er ráð fyrir, að gera þurfi og gera skuli. Það er svo mikið, að bæði þeim, sem sömdu þetta frv., og eins mér, sem flyt það, er fullljóst, að það þýðir ekki að snara slíku frv. inn í þingið og ætlast til, að ríkis-

sjóður taki á sig þann kostnað, sem leiðir af framkvæmd þess, ofan á önnur útgjöld, sem við vitum, að ráðstafað er til annara þarfa og ekki þar á bætandi. Ég held, að svo framarlega sem taka á á þessu máli með alvöru, þá verði um leið og gert er ráð fyrir þessum útgjöldum, að benda á tekjuöflun á móti. Nú er í 3. gr. bent á tekjuöflunarleiðir. Er þar lagt til, að stofnaður verði sjóður til þess að standa straum af þessum ráðstöfunum. Gert er ráð fyrir því í fyrsta lagi, að sjóðurinn fái ⅛ af því fé, sem *ríki og bæir veita til atvinnubóta*. Þetta er ekki sett út í loftið. Þó að ekki liggi fyrir fulltæmandi skýrsla um atvinnuleysi ungra manna, þá er það rökstuddur grunur þeirra manna, sem samið hafa frv., að þegar litið er á heildarupphæð atvinnubótafjárins, þá mætti sanngjarnlega veita ⅛ af því til atvinnubóta handa unglingum. Þess er einnig að gæta, að með þeim ráðstöfunum, sem hér er gert ráð fyrir, er leitazt við að gera að nýtum starfsmönnum unglinga, sem annars mætti gera ráð fyrir, að yrðu atvinnulausir áfram. Og hversu mikill hagur þjóðinni er að því, að komið sé í veg fyrir, að starfsvilji og starfskraftar farí forgörðum, þarf ekki mörg orð um. — Þá er b-liðurinn, sem ég get búizt við, að mæti andstöðu, og það ekki að ástæðulausu. Það er svo mælt fyrir, að ¼ % af atvinnutekjum þeirra manna, sem hafa yfir 3000 kr. atvinnutekjur á ári, skuli verja í þessu skyni. *Hér er um nýjan skatt að ræða; og* það þýðir ekkert að vera að nefna það öðru nafni. Nú er þetta vitanlega mál, sem liggur fyrir til athugunar. Eigum við að ráðast á atvinnutekjur manna til þess að hrinda þessu máli áleiðis, eða eigum við að haga því einhvernveginn öðruvísi? Ég er tilbúinn að taka öllum vinsamlegum upplýsingum og bendingum. Ég álít, að þetta eigi að vera eitt af því, sem n., sem um málið fjallar, eigi að taka til rækilegrar athugunar, og síðan taka fullnaðarákvörðun um það. Þetta er ekki sett þarna af því, að flm. og höfundum frv. sé ekki alveg ljóst, að nú þegar sé mikið lagt á tekjur manna. Það er bara þetta, að þegar ný þörf kallar að, sem menn ekki með neinu móti sjá sér fært að fullnægja með því fé, sem fyrir hendi er, þá verður að meta það, hvort þessi þörf sé það rík, að rétt sé að leggja nýjar álögur á menn til þess að bæta úr þeirri þörf. *Og ég álít, að hér sé svo rík þörf*, að atvinnutekjur manna eigi ekki að vera friðhelgar, þegar afla skal fjár í þessu skyni. — Þá er gert ráð fyrir, að lagt sé 10 aura stimpilgjald á alla aðgöngumiða að kvikmyndasýningum og dansskemmtunum á þeim stöðum, sem starfsemi vegna atvinnulausra unglinga fer fram á. Þetta mundi verða langstærsta tekjugreinin. Það er nú að vísu svo, að kvikmyndasýningar eru einhverjar alþýðlegustu skemmtanir. En enginn vafi er á því, að kvikmyndasýningar verða aldrei taldar beinar lífsnauðsynjar. Maður, sem fer í kvikmyndahús með sig, börn sín og heimili sitt, telur sig aflögufæran með það fé, sem til þess þarf. Þess vegna er lagt til að skattleggja þessar skemmtanir, þó að ég hinsvegar vilji ekki telja það hreinan óþarfa. En það er kunnugt mál, að kvikmyndasýningar hér á landi gefa verulegan ágóða. Væri þarft, ef unnt væri, að setja ákvæði um, að skatturinn lenti ekki eingöngu á þeim, sem kvikmyndahúsin sækja. Það liggur fast í grun mínum, að þetta gjald mætti líka lenda á þeim sem reka þessi fyrirtæki. — Þá er gert ráð fyrir tekjum af þeim stofnunum, sem þessi lög gera ráð fyrir. Er engin ástæða til að telja þetta fjarstæðu, þegar að því er gætt, að fjárveitingavaldið hefir á undanförnum árum verið að byggja skóla í stórum stíl og þar með talið sig *vera að vinna að þurftarmálum uppvaxandi* kynslóðar. Er því engin ástæða til að álíta það fjarstæðu, að atvinnulausir unglingar fái einhvern hliðstæðan styrk frá fjárveitingavaldinu.

Ég sé ekki ástæðu til að fara mörgum orðum um stjórn þessa sjóðs og hvernig fyrirkomulagið er hugsað. Það er mál, sem n. tekur að sjálfsögðu til athugunar, og gefst mönnum þá kostur á, að láta álit sitt uppi. Ég gæti vel ímyndað mér, ef það þætti miklu skipta, að eitthvert annað fyrirkomulag kæmi til greina, en að sjálfsögðu álít ég, að framkvæmdum og stjórn sjóðsins sé vel fyrir komið í höndum þeirrar n., sem gert er ráð fyrir í frv., þar sem lagt er til, að einn nm. skuli valinn eftir till. Alþýðusambands Íslands og annar eftir till. U. M. F. Í., en atvmrh. skipi oddamann. Ég held nefnilega, að sá vilji, sem hefir komið fram í ungmennafélögum landsins til þess að sinna þessu þarfa *máli, sé ekki lítils virði*. Ég efast um, að löggjafinn og fjárveitingarvaldið geti, þegar samtök verkalýðsins eru frá tekin, átt von á betri samherja en ungmennafélagsskapnum til þess að benda á viðfangsefni og styðja mál.

Ég skal svo ekki hafa framsöguræðu mína lengri. Auðvitað er margt, sem taka þarf til athugunar, sem ég hefi ekki minnzt á né heldur kemur fram í frv. Hér er um svo víðtækan grundvöll að ræða í þessu frv., þannig að í trú á það, að eitthvað þurfi að gera, er hægt, á grundvelli þessara l. eða innan takmarka þeirra, að búa til þann ramma, sem byggja mætti framkvæmdir á til bráðabirgða.

Svo ætla ég að vænta þess, að þetta mál fái góðar undirtektir hér í hv. d. og menn vilji yfirleitt gera það, sem auðið er, til þess að koma því áleiðis, og ég geri það að till. minni, að frv. verði vísað til menntamn.

***Thor Thors:** Það hefir þegar verið rætt svo mikið um þetta mál hér í dag í sambandi við annað frv. um svipað efni, að óþarft er að hafa um það mörg orð. Allir eru sammála um nauðsyn þess, að eitthvað sé gert til þess að bæta úr ástandinu í þessum efnum. Og þá getur vitanlega í því sambandi þetta frv. eins og annað komið til athugunar. Það er sjálfsagt að taka því vingjarnlega, og ég vænti þess, að hv. menntmn. beri saman þessi 2 frv., sem um málið eru fram komin, og svo komi frá henni ákveðnar till. til úrbóta á þessu sviði.

Enda þótt ég ætli ekki að ræða einstakar gr. frv., vil ég þó vekja athygli á þeirri hugmynd, sem kemur fram í 6. gr. þessa frv., að stofna skuli til sjálfboðavinnu fyrir atvinnulausa unglinga við þjóðnytjaverk. Svipað frv. og þetta

hefir verið til umr. hjá okkur í Sjálfstfl. En við erum ekki komnir svo langt með það, að við treystum okkur til að bera það fram enn. Við erum yfirleitt því hlynntir, að reist verði einhver slík stofnun. En við höfum orðað þetta nokkuð á annan veg; talað um vinnuskóla fyrir unglinga, en ekki viljað binda þetta eingöngu við atvinnulausa unglinga, heldur gefa öllum unglingum kost á að sækja þessa vinnuskóla, til þess að fá þar þjóðfélagslegt uppeldi og temja sér líkamlega vinnu. Ég vil mælast til, að hv. menntmn. taki þetta atriði til yfirvegunar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til menntmn. með 21 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

19. Rekstrarlánafélög.

Á 4. fundi í Sþ., 1. marz, var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um rekstrarlánafélög (þmfrv., A. 50).

Á 13. fundi í Nd., 3. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 14. fundi í Nd., 4. marz, var frv. aftur tekið til 1. umr.

***Flm. (Sigurður Kristjánsson):** Þetta mál er flutt hér í þriðja sinn, svo að ég get sparað mér að halda langa framsöguræðu, því að það eru sömu þm. nú til þess að taka á móti málinu eins og verið hefir áður. Málið er þannig til komið, að árið 1933 var samþ. hér till. um að fela ríkisstj að undirbúa ýms mál fyrir sjávarútveginn, m. a. eins og stendur í 6. lið, að undirbúa rekstrarlánastofnanir fyrir bátaútveg landsmanna. Meiningin var þá að koma á fót sérstökum lánsstofnunum til þess að sjá bátaútvegi landsmanna fyrir rekstrarfé. Við meðflm. minn lentum í n., sem hafði þetta til meðferðar, ásamt Kristjáni Jónssyni, erindreka Fiskifélags Íslands, og við athugun á þessu atriði þáltill. komust við að þeirri niðurstöðu, að ekki væri þörf á og jafnvel óviðeigandi að stofna sérstakar rekstrarlánastofnanir fyrir nokkurn hluta sjávarútvegsins, þar sem hér starfar banki, sem fyrst og fremst hefir það hlutverk, að sjá sjávarútveginum fyrir rekstrarfé, sem sé Útvegsbanki Íslands, og það er líka vitað, að mikið af starfsemi Landsbankans fer í sömu átt, en hinsvegar er það vitanlegt, að bankarnir, og raunar allir lánveitendur, eiga ákaflega erfitt með að kynna sér það um hvern einstakling í þjóðfélaginu, sem kynni að hafa einhvern atvinnurekstur, hvort hann hefir skilyrði til þess að standa í skilum eða jafnvel hverja þörf hann hefir fyrir lánsfé, og af þessu hefir leitt það, að bankarnir hafa orðið að lána á þann hátt, að myndazt hafa einskonar milliliðir um lánveitingar, þannig, að þeir hafa lánað mönnum, sem þeir þekktu, eða stofnunum. En þessu hefir vitanlega fylgt nokkur kostnaður, og fylgir sérstaklega nú, fyrir þá, sem nota þessa milliliði, og að því leyti er þetta óhagstætt. Þegar við fluttum málið í fyrsta skipti, gerðum við nokkra grein fyrir því, hve geysimiklu útgerðarvörur eru dýrari á einum stað en öðrum allt eftir staðháttum og því, hvernig menn standa að vígi með að fá þessar vörur beint til sín þaðan, sem þær eru ódýrastar. Ég tók eftir því í einu erindi, sem flutt var í útvarpið um sjávarútvegsmál, að vísu ekki af sjávarútvegsmanni eða manni, sem kunnugur er þessu af reynslu, en erindið var þó flutt í umboði skipulagsnefndar í atvinnumálum, og mig minnir, að ræðumaður segði, að n. hefði komizt að þeirri niðurstöðu, að milliliðakostnaðurinn fyrir smærri útvegsmenn væri svo mikill, að hann næmi um 50% álagningu á útgerðarvörum. Það er þetta, sem okkur flm. sýndist fyrst og fremst að gera þyrfti tilraun til að bæta úr. Við þessir þremenningar, sem ég gat um áðan, sömdum fyrst frv. um þetta efni og sendum till. okkar til ríkisstj., því að við vorum ekki þingskipaðir, heldur stjórnskipaðir, og atvmrh. kom með þetta frv. til sjútvn. þessarar deildar á þinginu 1934 og fór fram á, að n. flytti frv. fyrir ríkisstj., en það atvikaðist samt þannig, að það voru ekki nema við tveir, ég og hv. þm. Vestm., sem vorum við því búnir að taka flutning málsins að okkur, og má það vera einkennilegt, að það skyldu verða báðir stjórnarandstæðingarnir í n., sem urðu til þess að taka að sér flutning frv. fyrir stj. — Við fluttum frv. aftur á þinginu 1935, en eins og kunnugt er, var meðflm. minn að frv. ekki nema fyrri hluta þingsins, og af þeim ástæðum féll flutningur málsins niður. Ég hefi ekki orðið var við, að frv. hafi eiginlega mætt verulegri mótstöðu í þau tvö skipti, sem það hefir legið fyrir, en það hefir atvikazt svo, að það hefir verið seint á ferðinni og ekki náð afgreiðslu.

Með þessu frv. er reynt að gera það tryggt, að lánsstofnanir geti trúað þessum félögum fyrir rekstrarfé og geti haft fullkomið eftirlit með því, að þær tryggingar, sem settar eru, séu í raun og veru fyrir hendi, svo að lánsstofnunin þurfi ekki að eiga þar meira á hættu en þó að hún láni einum einstakling. Það er einnig reynt að tryggja það með ákvæðum þessa frv., að ekki gangi svo með þessi rekstrarlán, eins og oft hefir viljað ganga með smærri útvegsmenn, sem nú hafa aðgang að lánsstofnununum, en það er vitað, að þessir útgerðarmenn hafa nú á síðari árum verið að dragast með gamla skuldabagga, og margir hafa keypt sín fyrirtæki algerlega í skuld eða eru a. m. k. búnir að safna skuldum, sem ekki nema minna en útgerðin sjálf, og þegar menn þurfa að borga, eins og verið hefir, af þessum lánum milli 6 og 7%, og jafnvel yfir 7%, og það er jafnvel svo komið, að á þeim stöðum, sem eru lakast settir, eru mjög há tryggingargjöld, sem geta komizt allt upp í 8%, þá er svo komið, að

menn þessir verða, auk þess sem þeir verða að borga útgerðina og standa í skilum með afborganir af eigninni, að borga í þessi vaxtagjöld annað útgerðarverð á 6—7 árum. Vegna þessara skulda hefir það gengið svo fyrir mörgum, að þegar þeir fá rekstrarlán, þá hafa þeir látið meiri eða minni hluta af því til þess að bæta fyrir gamlar syndir, til að greiða eitthvað af gömlum skuldum, og verða þess vegna síðar að fá útgerðarvörur í skuld, svo að þeir eru eiginlega engu betur komnir með reksturinn, þó að þeir fái þessi rekstrarlán, ef þeir skella þeim í vangoldnar skuldbindingar. Það eina, sem þetta breytir, er að útgerðin er ekki í það skipti tekin af þeim.

Ég hefi orðið lítilsháttar var við það, að Útvegsbankanum og Landsbankanum virðist vera lítið um þetta frv., og líklega líta þessar lánsstofnanir svo á, að eftir því sem þær séu neyddar til að lána fleiri mönnum, eftir því aukist þeirra áhætta, og draga þetta sennilega af því, að þeir hafa stundum flaskað á því, að lána lítið þekktum mönnum, mönnum í mikilli fjarlægð, sem ekki hefir verið hægt að rannsaka til fulls, hvernig ástæður hefðu til þess að standa í skilum, og ef til vill hefir þar brostið aðstöðu til þess að hafa eftirlit með því, hvernig menn fóru með aflann, sem átti að verða til þess að lúka rekstrarláninu. En ég held ekki, að þessi hræðsla lánsstofnananna sé á rökum byggð, og það gætu þær séð, ef þær athuguðu, hvert fyrirkomulag ætlazt er til, að verði á þessum lánum. Það er áreiðanlega víst, að það liggur að langmestu leyti, eins og nú er, á bönkunum, hvort sem bankarnir hafa þar færri eða fleiri beina viðskiptamenn, og eftir því sem verr fer um aflabrögð og það, að halda þeim til lúkningar á rekstrarlánunum, eftir því fara bankarnir verr út úr þessu, og ég held einmitt, af því að þetta frv. stefnir að því, að auka að miklum mun aðstöðuna til eftirlits með því, að lánin geti greiðzt, og líka með því, hverjum er öruggt að lána og út á hvað er lánað, þá eigi það í heild að auka að miklum mun öryggi lánsstofnananna, a. m. k. að því er snertir, að auka öryggið fyrir því, að rekstrarlánin, sem veitt eru, fari til rekstrarins, en ekki til óskildra hluta, í greiðslu gamalla skulda, og eins það, að lántakandi sé háður eftirliti um það, að hann láti andvirði aflans ganga, að því leyti sem honum ber, til lúkningar rekstrarláninu.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fara um þetta fleiri orðum, en vil leggja til, að málið fari til 2. umr. og sjútvn.

***Finnur Jónsson:** Ég vil aðeins gera smáaths. við ræðu hv. 6. þm. Reykv. Þetta frv. var á sínum tíma sent til sjútvn. þessarar hv. d. með tilmælum um, að n. athugaði, hvort hún vildi taka það til flutnings. N. sendi það svo til umsagnar Útvegsbankanum og Landsbankanum, og fékk þá umsögn frá báðum bönkunum, að þar sem ekki væri bent á neina nýja leið í frv. til þess að afla rekstrarfjár handa útveginum, þá væri þetta frv. mjög lítils virði eða einskis virði fyrir sjávarútveginn, þannig að það myndi alls ekki ná tilgangi sínum. Af þeim ástæðum var það, sem þáv. meiri hl. sjútvn. taldi ekki ástæðu til að flytja þetta frv. inn í þingið. Hitt er það, að ef hægt væri að finna einhverja nýja leið í því, að útvega útgerðarmönnum nauðsynleg rekstrarlán, þá væri það í sjálfu sér þarft og nauðsynlegt, en að setja frv. í gegnum þingið aðeins til málamynda er ekkert annað en að gera gys að nauðsynlegri þörf sjávarútvegsins í þessu efni. Ef til vill væri hægt í meðferð málsins í þeirri n., sem fær þetta mál, að koma einhverju því formi á þetta, að það gæti orðið að gagni, og það væri þá rétt, en eins og sakir standa virðist þetta frv. ekki vera annað en nafnið tómt. Það mætti benda á það í þessu sambandi, að það væri sérstaklega nauðsynlegt, að jafnhliða því, sem útvegað væri rekstrarfé, þá yrði gert meira en nú er gert til þess að koma vörum útgerðarmanna í verð, jafnóðum og þær veiðast, því að eftir því sem umsetningin er örari, því minna rekstrarfé þarf útvegurinn, og fyrir þá, sem vilja taka þessa leið, er augljóst að styðja ber að því, að auka bæði veiði og útflutning flatfiskjar, sem selst jafnóðum, þannig að margir þeirra báta, sem annars mundu stunda saltfiskveiðar, gætu breytt veiðiaðferðinni og stundað veiði á þeim fisktegundum, sem seljast nokkurnveginn jöfnum höndum og þær veiðast. Sem stendur er það svo, að saltfiskurinn liggur jafnvel allt árið, og stundum lengur sumt af honum, svo að það er bersýnilegt, að því lengur sem saltfiskurinn liggur, því meiri verður þörf útvegsins fyrir aukið rekstrarfé. En einmitt þessi leið, að beina útgerðinni meira í þá átt, að veiddar séu þær fisktegundir, sem seljast jafnharðan, verður til þess að bæta úr þeirri rekstrarlánaþörf, sem annars hvílir á útveginum. Ég segi þetta til þess að benda mönnum á það, þegar frv. um dragnótaveiði í landhelgi kemur aftur til umræðu, að einmitt með því, að gera verulega breytingu á þeim ákvæðum, sem nú gilda um þetta, er hægt að létta mikið undir með rekstrarlánaþörf útvegsins.

***Flm. (Sigurður Kristjánsson):** Út af því, sem hv. þm. Ísaf. sagði, vil ég geta þess, að það er rétt, að hæstv. ráðh. bað n. um að flytja frv., en það veltur náttúrlega ekki mikið á því, hvor okkar hefir réttara fyrir sér í þessu efni. Hann mætti hér á fundi hjá okkur og hafði engan fyrirvara um það, en annars er það áreiðanlega víst, að það var ekki álit bankanna, sem olli því, að frv. komst ekki lengra áleiðis. Það er óþarft að fara út í það, fyrst og fremst veit ég ekki, hvort nokkur af þeim, sem skárust úr leik um flutning frv., hafa haft svo mikla trú á óskeikulleik bankanna um það að dæma um þetta, og svo var álit bankanna vægast sagt mjög lélegt; í því voru sáralítil rök eða engin. Eina atriðið, sem var á þá leið, að það mátti teljast rök, var einmitt það, að þeir þóttust ekki sjá, hvað þetta gæti aukið möguleika bankanna til þess að hafa nýtt rekstrarfé. En þetta atriði er byggt á misskilningi, alveg eins og hjá hv. þm. Ísaf. Rekstrarféð er lagt fram af

bönkunum, en það hefir bara verið sú skipun á þessu, að einstakir menn hafa fengið miklu meira rekstrarfé heldur en fyrir sinn eiginn útveg og gerzt svo kaupendur að aflanum að meira eða minna leyti, en síðan komið var á samsölu á fiski landsmanna, er þetta fyrirkomulag óþægilegt og óþarft. Ég efast um, að bankarnir þurfi að hafa að nokkrum mun meira fé til útlána, þótt þetta fyrirkomulag kæmist á, en það er svo, að bankarnir ganga með vissan ótta við slíka nýbreytni og lífsmark hjá útveginum, af því að þeir hafa á þessum erfiðu árum orðið fyrir miklum áföllum af útgerðinni. En hinsvegar hafa svör bankanna við þeim erindum, sem sjútvn. sendi þeim til umsagnar, ekki orðið þeim til mikils hróss, svörin voru þannig, að það er rétt um það bil, að það sé sæmileg fyrir bankana sú afgreiðsla, sem þau mál hafa fengið. Þau hafa komið seint og þar að auki mjög léleg, það tók, held ég, 2—3 ár að toga út álit frá stjórn Útvegsbankans um nýju löggjöfina um fiskveiðasjóðinn, og með allri virðingu fyrir stjórn þessara stofnana og þeirra starfsemi að öðru leyti, þá er ekki hægt annað en að segja, að afgreiðsla þeirra á þeim málum, sem sjútvn. hafa snert, er ekki til neinnar fyrirmyndar.

Mér hefir eiginlega ekki enn skilizt, hvers vegna hv. þm. Ísaf. getur verið á móti þessu frv., því að ég kalla það ekki nein rök, að segja sem svo, að það sé að gera gys að útveginum, að setja þetta mál fram til málamynda. Ég veit ekki til, að það standi til að hafa það til málamynda. Það hefir staðið til frá upphafi, að það gæti komið útveginum að gagni, og ég geri ráð fyrir, að við flm. getum fært rök fyrir því, að það er tilætlunin, að það verði að gagni.

Ég vil svo að lokum, af því að ég gerði það ekki áðan, rifja það upp fyrir hv. þdm., að hér er ekki á ferðinni neitt persónulegt mál okkar flm., því að þessar óskir um rekstrarlán eru svo almennar og margendurteknar af hálfu útvegsmanna, að það er aðeins eðlilegt, að gerðar séu tilraunir til þess að bæta úr því. Þeir væru varla með þessar sífelldu óskir og umkvartanir, ef þeir fyndu ekki, að þarna kreppir skórinn að, og það er skylt að athuga a. m. k., hvort óskirnar eru á rökum reistar, og í öðru lagi, hvort ekki er hægt að bæta úr því, sem þeir óska eftir að lagfært sé, og ég vil gera mér vonir um, að það verði reynt, ekki síst vegna þess, að skipulagsnefnd hefir komizt að þeirri niðurstöðu, að bátaútvegsmenn verði að borga 50% álagningu á útgerðarvörum, og ég get ekki skilið, að frá þessu sé skýrt í þeim tilgangi, að telja mönnum trú um, að þetta sé eðlilegt og heppilegt, enda tók sá fram, sem erindið flutti, að það væri að sinni hyggju mikilsverðasta atriðið til hjálpar bátaútvegsmönnum, að finna leið til að skapa þeim skilyrði til þess að fá útgerðarvörur með vægara verði en nú væri. Okkar uppástunga getur einmitt fullnægt þessu, sem hann telur mest um vert, og því vænti ég, að þeir menn a. m. k., sem standa að þessari n., muni ekki snúast gegn málinu á fyrsta stigi þess.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til sjútvn. með 19 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

20. Raufarhafnarlæknishérað.

Á 4. fundi í Sþ., 1. marz, var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um Raufarhafnarlæknishérað (þmfrv., A. 52).

Á 14. fundi í Nd., 4. marz, var frv. tekið til 1. umr.

***Flm. (Gísli Guðmundsson):** Á síðasta Alþ. flutti ég frv. um Raufarhafnarlæknishérað. Það náði þá ekki fram að ganga, það varð ekki útrætt.

Ég hefi nú fyrir endurtekna beiðni íbúa í þessu héraði leyft mér að flytja frv. um þetta efni aftur. Ég hefi þó breytt frv. nokkuð frá því, sem það var í fyrra þannig, að ég geri ekki ráð fyrir því, að sérstakt læknishérað verði stofnað þar, fyrr en landlæknir mælir með því. Í öðru lagi hefi ég tekið upp í frv. bráðabirgðaákvæði um, að ef þetta kemst ekki í framkvæmd, þá sé séð svo um, að settur sé læknir þar 4 mánuði ársins eða rúmlega þann tíma, sem síldarvertíðin stendur yfir. Af ýmsum ástæðum er þess sérstaklega þörf, að læknir sé þar þann tíma, enda geri ég ráð fyrir að mönnum sé það ljóst, þegar þeir athuga, að þarna er verksmiðja og fjöldi skipa leitar þangað, oft með veika eða lasna menn, sem þurfa á læknishjálp að halda.

Ég sé svo ekki ástæðu til að hafa mörg orð um þetta mál, því það er svo einfalt. Ég læt nægja, að vísa til grg. fyrir frv., og sérstaklega til þess fylgiskj., sem er bréf til Alþ. frá þeirri nefnd, sem á sínum tíma var falið að vinna að þessu máli.

Ég leyfi mér svo að óska þess, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til allshn. með 20 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

21. Bændaskólar (frv. BÁ og PZ).

Á 12. fundi í Nd., 2. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um bændaskóla (þmfrv., A. 54).

Á 14. fundi í Nd., 4. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Bjarni Ásgeirsson): Frv. þetta er flutt af okkur hv. 2. þm. N.-M. fyrir hönd hæstv. ríkisstj. Þótt þetta sé vandameira mál en það, sem ég talaði fyrir hér áður, þá má segja svipað um þetta og það, að löng framsöguræða er ekki nauðsynleg, því að hin langa grg. fyrir frv. skýrir nákvæmlega efni þess, og geri ég ráð fyrir, að hv. þm. hafi kynnt sér hana eða muni gera það.

En í fáum orðum sagt er aðalefni frv., að auka að stórum mun frá því, sem nú er, verklega námið á bændaskólunum Til þess að koma þessu betur við, þá er hér ákveðið, að bæta einu misseri inn í skólatímann, sem hingað til hefir verið tveir vetur. Nú er ætlazt til, að hann verði 3 misseri, og sumarið milli námsvetranna verði aðallega notað til verklegrar kennslu og að nokkru leyti síðari veturinn.

Ég skal nú ekki fara langt út í sögu bændaskólanna hér á landi. Eins og kunnugt er, var bændafræðslan frá 1890 og til aldamóta aðallega verkleg kennsla. Skólarnir voru þá heldur fásóttir og virtust ekki vera þess umkomnir, að veita því lífi inn í störf og menntun bænda, sem nauðsyn þótti til á þeim tíma. Menn voru orðnir leiðir á þessu fyrirkomulagi, svo að 1906—1907 var hafin gerbreyting á skólafyrirkomulaginu, þannig að upp frá því voru skólarnir mestmegnis bóklegir fræðsluskólar. Þó að nauðsynlegt hafi verið að auka bóknámið, þá mun þó hafa verið of langt gengið í að færa niður hina verklegu fræðslu. Fyrst eftir að þessi breyting varð eftir aldamótin, jókst aðsóknin stórum. Ein aðalástæðan var vafalaust sú, að þá var litið um almenna alþýðuskóla, svo að margir leituðu til bændaskólanna til þess að afla sér almennrar menntunar, sem þeir gátu ekki aflað sér í öðrum skólum. Það hefir líka sýnt sig, að fjöldi þessara manna hefir að námi loknu farið í aðrar starfsgreinir en landbúnað. Eftir að héraðsskólunum fjölgaði, hefir nokkur hluti þeirra manna, sem fóru í bændaskólana til þess að sækja þangað almenna menntun, farið í þá, svo að þörfin fyrir þá hlið bændamenntunarinnar hefir ekki verið eins rík í skólunum og áður. Það hefir líka sýnt sig, að fyrst eftir að héraðsskólarnir komu upp, dró úr aðsókninni að bændaskólunum, því að menn fengu ekki hjá bændaskólunum það, sem þeim var sérstaklega nauðsynlegt að fá, ef þeir ætluðu að búa sig undir búskap, en það var alhliða upplýsing og kennsla, bæði í bóklegum og verklegum efnum. Það skilja allir, sem þekkja til íslenzks landbúnaðar, að það, sem fyrst og fremst hefir staðið honum fyrir þrifum í ýmsum þeim nýjungum, sem menn hafa viljað koma á, er, að verklegu kennsluna í þeim greinum hefir vantað. Þó að bóklega námið sé gott með öðru, þá er það fyrst og fremst verkleg kunnátta, sem er undirstaðan undir því, að bóndinn geti verið bóndi

Menn hafa nokkuð lengi fundið til þess, að þörf var á að auka verklega námið og kennsluna við bændaskólana, og á þinginu 1928 flutti ég ásamt hv. 7. landsk., þáv. þm. Skagf., frv. til breyt. á bændaskólalögunum, til þess að bæta nokkuð úr þessu og auka verklega námið. Þetta frv. fékk ekki byr í þinginu, og við höfum ekki hreyft því síðan. En sú breyt., sem hér er farið fram á á bændaskólunum, fer einmitt í þessa átt, sem ég hefi gert hér að umtalsefni, að auka að miklum mun verklega námið í skólunum og auka starfsemi skólabúanna með því að gera hana meiri og fjölbreyttari en hún nú er, svo að bændaefnin geti átt kost á að taka þátt í ýmsri þeirri starfsemi, sem bóndanum er nauðsynlegt að hafa kunnáttu í. Meðal annars má nefna, að það er tekið fram í l., að fara skuli fram tilraunir og kennsla í loðdýrarækt og ýmsum öðrum nýjungum, sem mestar vonir standa nú til í íslenzkum landbúnaði.

Ég skal ekki fara út í einstakar gr. frv. Það mun verða gert í n. og við síðari umr., en legg það fyrir eftir þennan formála, og legg ég til, að því verði vísað til landbn. að umr. lokinni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til landbn. með 20 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

22. Hlutabréfakaup í Útvegsbankanum.

Á 14. fundi í Nd., 4. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um kaup á hlutabréfum í Útvegsbanka Íslands, h/f (þmfrv., A. 63).

Á 17. fundi í Nd., 9. marz var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 20. fundi í Nd., 17. marz, var frv. aftur tekið til 1. umr.

***Flm. (Jóhann Jósefsson):** Ég hefi leyft mér enn á ný að koma fram með till. í frumvarpsformi til þess að leitast við að fá Alþingi til þess að sýna á þennan eða annan hátt einhverja sanngirni þeim sparifjáreigendum, sem á sínum tíma lögðu fram helming innstæðna sinna í Íslandsbanka til viðreisnar honum, en var svo síðar tekið í hlutabréf handa Útvegsbankanum. En þau hlutabréf svara eigendunum engum arði og eru ekki veðhæf. Hér er því lagt til, að reynt sé að gera bréfin veðhæf, og ennfremur, að þau svari vöxtum á borð við sparifé. Frv. um þetta efni hefir sætt hér andmælum áður, en það út af fyrir sig tel ég ekki vera ástæðu til þess að láta niður falla kröfur um rétt þessara fjáreigenda, og það því síður, þegar þess er getið, að á sama tíma, sem sparifjáreigendur við Íslandsbanka voru að leggja fram helming inneigna sinna, voru sparifjáreigendur við Landsbankann verndaðir alveg á sérstakan hátt af löggjafarvaldinu, og nokkru seinna var hið sama gert við sparifjáreigendur við Útvegsbankann. Þótt að sjálfsögðu megi um það deila, hvort skylda hafi verið fyrir þessa

menn, sem hér eiga hlut að máli, að leggja hið umrædda fé fram, þá finnst mér þó sanngjarnt, að hlutur þeirra sé eitthvað réttur, og Alþingi er sá rétti aðili, sem ber að snúa sér til um þetta.

Ég mun svo ekki fjölyrða öllu frekar um þetta nú, en vísa til þskj. 287 frá 1934 um öll frekari rök fyrir þessu máli. Að umr. lokinni óska ég, að málinu verði vísað til fjhn.

*Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Frv. þetta hefir verið áður hér í þinginu, og mælti ég þá gegn því, eins og ég geri enn. Þeir, sem á sínum tíma lögðu fram sparifé sitt til hlutafjárkaupa í Útvegsbankanum, gerðu það á sama tíma og ríkissjóður og ýmsir erlendir kröfuhafar lögðu fram mikið fé til sömu hluta. Ég sé því enga ástæðu til þess að fara að taka þessa einstaklinga sérstaklega út úr og veita þeim ákveðin friðindi. Væri það gert, yrði ekki hjá því komizt, að bæta a. m. k. hinum erlendu kröfuhöfum eitthvað upp. Annars var það svo, að sparifjáreigendur við Íslandsbanka vissu ofurvel að hverju þeir gengu, þegar þeir lögðu fram fé þetta. Þeir hafa því engan kröfurétt á hendur ríkisvaldinu vegna þessara hluta.

Því hefir verið haldið fram sem rökum fyrir þessum kröfum, að á sama tíma og innstæðueigendur við Íslandsbanka hafi lagt fram helming af sparifé sínu til viðreisnar bankanum, hafi ríkisvaldið tekið ábyrgð á innstæðum manna við Landsbankann. Ég fæ ekki séð, að þetta sé nein röksemd, því að menn voru og eru vitanlega alveg sjálfráðir um það, hvar þeir geyma sparifé sitt. Þeir, sem því trúðu Íslandsbanka betur fyrir fé sínu en Landsbankanum, mega því alveg sakast um þetta við sig sjálfa. Ég vil svo að síðustu óska þess, að frv. þetta nái ekki fram að ganga

*Flm. (Jóhann Jósefsson): Það kemur mér ekkert á óvart þó að hæstv. fjmrh. mæli á móti frv. þessu, það hefir hann gert fyrr um frv. um sama efni. Það er töluvert annað að mæla gegn frv. í þessu skyni, eða mæla gegn því, að þessir umræddu menn eigi nokkurn rétt til uppreisnar í þessu efni. En það var ekki hægt að finna annað út úr orðum hæstv. ráðh. en að hann teldi þá engan rétt eiga til neinnar hjálpar eða aðstoðar í þessu máli. Það má vel vera, að svo kunni að vera, að frá lagalegu sjónarmiði hafi þessir menn, sem var þröngvað til þess á sínum tíma, að leggja fram helming af sparifjárinnstæðum sínum við Íslandsbanka, engan eða takmarkaðan rétt. En í þessu sambandi virðist mér, að fleiri sjónarmið en aðeins hin lagalegu eigi og að geta komið til greina. Á það má t. d. líta, að þetta umrædda sparifé, sem eigendur lögðu fram til viðreisnar Íslandsbanka, var að þeim forspurðum tekið og lagt í Útvegsbankann. Annars virðist mér líka, að hér á Alþingi eigi engu síður að taka tillit til sanngjarnra ástæðna en lagalegs réttar. Það er Alþingis að meta sanngjarnar kröfur og ákveða þeim lagalegan rétt, ef þær eru þess verðar. Hér stendur nú einmitt þannig á, að um miklar sanngirniskröfur er að ræða, sem auk þeirra raka, sem áður hafa verið færð fram, byggjast á því, að ríkið hefir fyrr og síðar tekið ábyrgð á sparifjárinnstæðum manna, svo að þær ekki töpuðust. Líka ber og á það að líta, að það var beinlínis fyrir aðgerðir Alþingis, að sparifjáreigendur við Íslandsbanka þurftu að tapa nokkru af fé sínu þar. Hvort það hafi verið rétt, að láta þá tapa, skal ég ekki deila um, en hinu vil ég óhikað halda fram, að þeir, sem fyrir því urðu, að verða fórnarlömb í þessu tilfelli, eigi sanngirniskröfu um að fá einhverjar uppbætur.

Hæstv. fjmrh. hélt því fram, að hér gætu fleiri komið til greina, og nefndi því til sönnunar, að bæði ríkissjóður og erlendir bankar hefðu lagt fram fé til kaupa á hlutabréfum í Útvegsbankanum. Það er alveg rétt, að ríkissjóður lagði fram fé til þess að stofna Útvegsbankann, — en er það kannske ekki hann, sem hefir öll ráð yfir bankanum? Ég veit ekki betur en að svo sé. Hinir minni hluthafar hafa engin, og hafa aldrei haft nein, áhrif á stjórn bankans. Ríkissjóður hefir þar því bæði töglin og hagldirnar. Þetta út af fyrir sig ætti því að vera ein ástæðan til þess, að eitthvað væri gert fyrir hina minni hluthafa. — Þá minntist hæstv. ráðh. og á, að væri farið að hjálpa hinum minni hluthöfum, þá myndu hinir erlendu gera samskonar kröfur. Þetta er ef til vill teoretiskt rétt, að erlendu hluthafarnir gætu gert kröfur um einhverjar uppbætur sér til handa. En ég veit bara ekki betur en að þeir hafi gert ýmsar kröfur í þessu efni, en þær hafa bara ekki verið heyrðar.

Að endingu vil ég svo vekja athygli á því, að það hefir jafnan verið gerður mikill munur á inneignum manna við bankana, hvort féð er sparifé eða ekki, sést þetta og bezt á því, að t. d. hér hefir ríkisvaldið ekki séð sér annað fært en að vernda sparifjárinnstæður manna við alla banka landsins. Erlendis er það algengt, að ríkisvaldið geri ýmsar ráðstafanir til þess að vernda sparifé manna, og er það af öllum talið óumflýjanlegt, því að afkoma þjóðanna er svo mikið undir því komin, að fólkið spari fé.

Ég vil svo að endingu mælast til þess, að hæstv. fjmrh. endurskoði aðstöðu sína til þessa máls, því að þó að hann geti ekki fylgt frv. í þessu formi, þá veit ég vel, að hann hlýtur að geta fundið aðrar leiðir, sem að gagni mættu verða fyrir þessa menn. Það myndi t. d. mikil bót, þó að ekki væri annað en að bréfin væru gerð veðhæf. Þetta vænti ég, að hv. n., sem málið fær til meðferðar, taki til athugunar, til þess að þær 2 millj kr. a. m. k., sem hér ræðir um, þurfi ekki að teljast með öllu glataðar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18:3 atkv. og til fjhn. með 17 shlj. atkv.

Á 37. fundi í Nd., 13. apríl, var útbýtt nál. frá minni hl. fjhn., á þskj. 287, en frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

23. Byggingarsamvinnufélög.

Á 15 fundi í Nd., 6 marz, var útbýtt:
Frv. til l. um byggingarsamvinnufélög (þmfrv., A. 73).

Á 17. og 18. fundi í Nd., 9. og 10. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 19. fundi í Nd., 15. marz, var frv. enn tekið til 1. umr.

***Flm. (Gísli Guðmundsson):** Mál þetta, sem er á þskj. 73, felur í sér nokkra breyt. á gildandi lögum um byggingarsamvinnufélög og gerir ráð fyrir, að felld verði saman í eitt l. nr. 71 frá 23. júní 1932 og lög nr. 41 frá 19. júní 1933, ásamt þeim breytingum, sem í frv. felast.

Ég skal í stuttu máli gera grein fyrir, hvaða breytingar er hér farið fram á. Ég vænti, að hv. dm. geti fallizt á, að þær séu yfirleitt til bóta á l. frá því, sem þau hafa verið. Fyrsta breytingin, sem þetta frv. felur í sér, er um það, að í hverjum kaupstað eða kauptúni skuli vera aðeins eitt byggingarsamvinnufélag. Kosturinn við það, að hafa aðeins eitt byggingarsamvinnufélag á hverjum stað, er fyrst og fremst sá, að það má gera ráð fyrir, að starfsemin öll fái meiri festu, ef aðeins er um einn félagsskap að ræða á staðnum, heldur en ef fleiri félög eru. Reynslan hefir sýnt, að síðan þessi lög voru samþ., þá hafa t. d. hér í Rvík, þar sem þessi starfsemi hefir aðallega verið undirbúin, verið stofnuð ýms slík félög; sum þeirra hafa verið mjög smá, og sýnilega aðeins mynduð með það fyrir augum, að byggja fyrir þá, sem í félaginu eru á þeim tíma, sem það var stofnað, en ekki um verulega framtíðarstarfsemi að ræða. Ég hygg, að starfsemi sumra félaganna hafi ekki orðið nein. Það fyrirkomulag, sem mér virðist eðlilegt á þessu, er, að það sé einn félagsskapur í hverjum kaupstað eða kauptúni, sem þessa starfsemi hafi með höndum og njóti þeirra hlunninda, sem hið opinbera veitir. Slíkt félag myndi væntanlega verða þekkt stofnun utanlands, sem hefði miklu meira lánstraust og möguleika til þess að útvega starfsfé heldur en mörg smáfélög gætu haft. Það er þá um leið tilgangurinn, að slík félagsstarfsemi verði ekki aðeins augnabliksstarfsemi, sem rísi upp kringum nokkrar byggingar, heldur verði þetta framtíðarstarfsemi í viðkomandi kaupstað eða kauptúni. Hinsvegar verður að tryggja, um leið og slík ákvæði eru sett, að aðeins eitt byggingarsamvinnufélag sé á hverjum stað, að þeir verði ekki fyrir óréttri, sem nú þegar hafa gengið í slík félög. Þess vegna eru líka ákvæði í þessu frv, sem koma í veg fyrir það. Þau eru á þá leið, að gert er ráð fyrir því, að það félag, sem fyrst var stofnað eða fyrst hóf starfsemi, sé það félag, sem starfar áfram, en félagsmenn annara félaga, sem til eru á staðnum, hafi rétt til að ganga í þetta félag og komi inn í það í þeirri röð, sem þeir gengu inn í það félag, sem þeir voru upphaflega í, svo að það verði tryggt, þótt menn verði að skipta um félag, að þeir missi ekki neins í af þeim rétti, sem þeir höfðu fengið við að ganga í annað félag. — 2. brtt. er um að fella niður stofnsjóðsgjaldið, sem ætlað var til þess að standast rekstrarkostnað. Þetta ákvæði er óþarft, því að eigendur húsanna standa sjálfir straum af þessum kostnaði. — Í 3. till. er gert ráð fyrir þeirri breyt., sem miðar að því, að innan byggingarsamvinnufélaga í hverjum kaupstað eða kauptúni geti verið sérdeildir. Í l. frá 1933 er ákveðið, að hver sérdeild sé mynduð í sambandi við einstök lán, sem tekin eru til bygginga. Í þessu frv. er ákvæði um, að slík sérdeild geti kosið sér sérstaka stjórn.

Hér er að lokum brtt. þess efnis, að þeir menn gangi fyrir um að fá byggt í félaginu, sem ekki hafa yfir ákveðnar tekjur eða eignahámark. Það var ákvæði um það í eldri l., og það virðist ekki óeðlilegt, að eitthvert hámark sé þar, þannig að þeim sé síður hjálpað á þennan hátt, sem ætla má, að geti komizt af af eigin rammleik án þess að vera í slíkum félagsskap.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að fara um þetta fleiri orðum. Ég legg svo til, að málinu verði, að lokinni þessari umr., vísað til 2. umr. og allshn., því að í þeirri n. hygg ég, að málið hafi verið áður.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til allshn. með 20 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

24. Bæjargjöld í Vestmannaeyjum.

Á 16 fundi í Nd., 8. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 40 19. júní 1933, um breyt. á l. nr. 23 15. júní 1926, um bæjargjöld í Vestmannaeyjum (þmfrv., A. 74).

Á 20. fundi í Nd., 17. marz, var frv. tekið til 1. umr.

***Flm. (Jóhann Jósefsson):** Þetta frv. er hér fram borið samkv. ósk bæjarstj. í Vestmannaeyjum og fer fram á það, að framlengd verði um eitt ár núgildandi lagaheimild um vörugjald til bæjarsjóðs þar.

Hv. þdm. eru kunnar frá fyrri þingum þær ástæður, sem liggja til grundvallar fyrir þessu frv., og sé ég ekki ástæðu til að endurtaka þær hér, en vísa aðeins til þeirra. Ég vil svo leyfa mér að óska, að frv. verði vísað til hv. fjhn. að lokinni þessari umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til fjhn. með 18 shlj. atkv.

Á 35. fundi í Nd., 10. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 74, n. 245).

***Frsm. (Ólafur Thors):** Fjhn., eða þeir af nm., sem voru viðstaddir á fundi þegar þetta mál var tekið til afgreiðslu, hafa orðið sammála um að mæla með því við hv. d., að frv. verði samþ. óbreytt. Þetta mál er svo þekkt af hv. dm., að óþarft er að fara að endurtaka þau rök, sem margsinnis hafa verið talin hér. Einn nm., hv. 2. þm. Skagf., skrifaði undir nál. með fyrirvara, og mun hann gera grein fyrir ástæðunni til þess, ef honum finnst ástæða til. Ég vil vekja athygli á því, að við fáum ekki séð, að Vestmannaeyingar geti komizt af án þeirra tekna, sem frv. gerir ráð fyrir. Vil ég leggja áherzlu á, að frv. fái greiðan gang gegnum þingið.

***Jónas Guðmundsson:** Ég vil nota tækifærið og gera fyrirspurn til fjhn. um afgreiðslu þess máls, sem ég flutti fyrir nokkru. Hvaða afgreiðslu hyggst n. að veita því máli? En ef það verður afgr. óbreytt, er í raun og veru óþarft að samþ. frv. eins og þetta, sem nú liggur fyrir, því lögin, sem nú gilda fyrir Vestmannaeyjar, gilda til ársloka 1937, svo að þótt þingið verði rofið nú, mun það koma saman aftur fyrir áramót og afgreiða mál þau, sem ekki vinnst tími til að afgreiða nú.

Viðvíkjandi frv. vil ég segja, að það er eins með Vestmannaeyjar og önnur kauptún og kaupstaði landsins, að ekki er sjáanlegt, að þau komist af án þess að þingið greiði fyrir afkomu þeirra. Mun ég því á þessu stigi málsins greiða atkv. á móti frv., því það er ekki sanngjarnt, að þingið afgreiði þetta frv., sem gefur einum kaupstað landsins friðindi umfram hina um tekjuöflun sína, þegar búið er að flytja í þinginu frv. um aukna tekjuöflun fyrir alla kaupstaði landsins. Sé ég enga ástæðu til að láta sum bæjarfélög hafa tekjur, sem engin önnur hafa, og í öðru lagi sé ég enga ástæðu til að samþ. þetta frv. nú, þar sem þing kemur saman fyrir áramót. En ef það verður samþ. til 3. umr., mun ég flytja brtt., sem gerbreytir því svo, að það geti náð til allra kaupstaða og kauptúna landsins.

***Jóhann Jósefsson:** Ég þakka hv. n. fyrir, að hún vill greiða fyrir þessu máli. En út af ræðu hv. 6. landsk. vil ég taka fram, að á undanförnum árum hefir Alþ. viðurkennt, að viðvíkjandi vörugjaldi hefðu Vestmannaeyjar séraðstöðu. Um þörf Vestmannaeyjakaupstaðar fyrir, að ekki rýrist tekjur hans, ætti ekki að þurfa að fjölyrða við mann úr Alþfl., því svo opinbert er, hvernig málgögn þess flokks hafa lagt sig í líma með að gera sem augljósast, hve Vestmannaeyjar væru fjárhagslega illa staðar; en ég skal ekki vekja gamlar deilur um það mál. En mér finnst það raunalegur endir á starfi þeirra hv. þm., sem ríkisstj. skipaði í milliþingan. til að finna leið fyrir aukna tekjuöflun bæjar- og sveitarfélaga, að þeir skuli ekki láta sér nægja að standa tvístraðir um sínar till., heldur leggist á móti því, að bæjarfélög fái að halda þeim tekjustofnum, sem þau hafa haft áður.

Vona ég svo, að d. leyfi frv. að halda áfram.

***Stefán Jóh. Stefánsson:** Þegar þetta mál var afgr. í fjhn., kom ég ekki á fund fyrr en meiri hl. n. var búinn að samþ. frv. Ég kom í lok fundarins og gat þess þá, að mín afstaða væri mörkuð af því, hvað þingið vildi gera til fjáröflunar fyrir sveitarfélögin í landinu. Get ég tekið undir orð hv. 6. landsk., að veita þurfi fleiri kauptúnum og kaupstöðum aukna tekjustofna, en halda því ekki uppi áframhaldandi, að eitt sveitarfélag hafi forréttindi. Hvað viðkemur sérstöðu Vestmannaeyja vegna legu sinnar, þá eru það víst mörg bæjarfélög, sem hafa ekki síður þörf aukinna tekna. Mín afstaða er hin sama og undanfarin þing. Ég er á móti því að veita Vestmannaeyjum einum þennan rétt til tekjuöflunar, en ég mundi, sem neyðarúrræði, ganga inn á svipaðar leiðir til tekjuöflunar fyrir önnur bæjarfélög. Legg ég því á móti frv. óbreyttu, en hins vegar mun ég taka til íhugunar þær brtt., sem kunna að koma frá hv. 6. landsk. eða öðrum, sem gera þessa heimild almennari. Enda sé ég enga þörf að afgreiða málið í neinu snarkasti, því að annaðhvort verður þetta þing mun lengra en það er orðið og mun þá afgreiða fjárlagafrv., og verður þá tími til að afgreiða heildarlöggjöf fyrir tekjuöflun sveitar- og bæjarfélaga, eða, ef þingið verður rofið, þá kemur það aftur saman fyrir áramót, og þá verður líka nægur tími til að afgr. þessi mál, bæði fyrir Vestmannaeyjar og önnur bæjarfélög.

***Frsm. (Ólafur Thors):** Ég hefi nú heyrt tvo jafnaðarmenn segja skoðun sína á þessu máli. Ég veit, að vel má finna frambærileg rök, í einu formi eða öðru, til að vera á móti þessu máli og tefja fyrir gangi þess. Það verður það, sem sker úr um hugarfar manna til þess kaupstaðar, sem hér á hlut að máli, hvort menn vilja flýta fyrir að bæta úr þessari nauðsyn hans á þann hátt, sem hér liggur fyrir, eða menn vilja finna svo og svo margar ástæður til að vera á móti því.

Ég vil benda á, að þótt svo færi, að þing, sem kæmi saman í haust, tæki þetta mál til meðferðar á viðtækara grundvelli, þá er í fyrsta lagi óséð, að því þingi frekar en öðrum tækist að komast að endanlegri niðurstöðu, svo lögfest yrðu ákvæði, sem bættu úr þörf annara bæjarfélaga á sama sviði. Þótt það mætti takast, eru það heldur engin andmæli gegn því, að þetta frv. verði samþ., því þá verður í mesta lagi hægt að segja, að þetta frv. hafi verið óþarfi, en skaðlegt verður það aldrei. Fyrir mér vakir það eitt, að Vestmannaeyjar komast ekki af án þessara tekna, en hinsvegar er engin trygging fyrir því, að á þingi, sem saman kann að koma næsta haust, náist samkomulag um allsherjar löggjöf í þessu efni. Það er eftirtektarvert, að þótt milliþingan. hafi starfað að þessu máli, þar sem menn frá 3 stjórnmálaflokkum áttu sæti, þá hefir árangurinn orðið sá af þeirri tilraun, að hver höndin rís upp móti annari þegar í þingið kemur. Ég fer því fram á, að þeir sem vilja létta erfiðleika kaupstaðanna, samþ. þetta frv. og flýti fyrir gangi þess í gegn um þingið. Sé ég svo ekki ástæðu til að rökræða

það frekar. Ég veit, að finna má frambærilegar ástæður til að vera á móti því, en það bætir ekki úr þörfinni.

*Jóhann Jósefsson: Ég ætla aðeins að segja örfá orð, því ekki er ástæða til að ræða þetta mikið. Hv. 1. landsk. kvaðst ekki mundu fráhverfur vörugjaldinu, ef þinginu ynnist tími til að setja heildarlöggjöf um málið, en það hefir þingið haft í rikulegum mæli síðan störfum milliþinganefndar lauk; það hefir haft nægan tíma til að fá heildarlöggjöf setta. Það er ósamkomulag, sem hefir valdið því, að engin löggjöf hefir verið sett, þ. e., að nefndarmenn standa á öndverðum meiði. Hafa þeir flutt talsvert ólíkar till. sinn í hvorri d. um tekjuöflun fyrir bæjar- og sveitarfélög.

Ég vil ekki bera á móti, að það sé rétt hjá hv. 1. landsk., að ýms önnur bæjarfélög hafi eins mikla þörf fyrir auknar tekjur, en það er sízt betra. Eins og ég drap á áðan, þá fara Alþýðuflokksmenn líklega nærri um þörf Vestmannaeyjabæjar á auknum tekjum. Sé ég ekki, að sú afstaða hv. 6. landsk. sé mjög skynsamleg, að fyrst ekki fáist löggjöf fyrir öll bæjar- og hreppsfélög, þá sé bezt, að við drepumst líka. Vona ég fastlega, að þetta mál nái fram að ganga, því þótt heildarlöggjöf yrði sett um aukna tekjustofna fyrir bæjarfélög mundi það aðeins útiloka framkvæmd þessara ákvæða og lögin falla úr gildi. Það er engin hætta í því falin fyrir þingið að samþ. þetta frv., en það getur orðið til mikils baga fyrir þann kaupstað, sem hlut á að máli, ef svo verður ekki gert.

*Jónas Guðmundsson: Það hefir skinið út úr ræðum þeirra sjálfstæðismanna, að það væri af einhverju slæmu hugarfari til Vestmannaeyjakaupstaðar, að ég og aðrir Alþfl.menn værum andvígir þessu frv. Þegar þetta frv. hefir verið hér á þingi áður, höfum við alltaf greitt atkv. með því, einmitt með sömu rökum og hv. þm. Vestm. færði fyrir því nú; að ekki væri betra, að allir kaupstaðirnir væru jafnaumir. En nú fá sjálfstæðismenn í Ed. tækifæri til að sýna hugarfar sitt til annara kaupstaða og sveitarfélaga á landinu, og er meira um það vert en þótt þeir eigi að sýna hugarfar sitt til Vestmannaeyjakaupstaðar, sem er eini kaupstaðurinn á landinu fyrir utan Reykjavík, þar sem þeir eru í meiri hl. Þeir hafa greitt atkv. með þessari tekjuöflun fyrir Vestmannaeyjar, en hafa ekkert sinnt um það, þótt öðrum bæjarfélögum hafi verið synjað um samskonar leyfi. Það er auðséð, að þeir, sem hafa greitt atkv. með því þing eftir þing, að Vestmannaeyjar héldu þessum tekjustofni, eins og við Alþflmenn höfum gert, gera það ekki af slæmu hugarfari til þess kaupstaðar, að neita að gera það nú, heldur af því, að reynslan er búin að skera úr um það, að engin alvara fylgir því tali sjálfstæðismanna, að þeir vilji bæta úr tekjuþörf bæjar- og sveitarfélaga. Báðir þm. Sjálfstfl., sem nú hafa talað, hafa talað um till. mþn., sem hafa verið lagðar fyrir þingið. Bæði þau frv., sem nm. hafa borið fram, munu gefa bæjar- og sveitarfélögum miklar tekjur fram yfir það, sem þau nú hafa, ef þau yrðu að lögum. En þeim frv., sem n. hefir lagt mikið starf í að undirbúa, hefir verið þannig tekið af þingm., sem hér eiga að fjalla um málið, að ég ber blákalt fram, að sjálfstæðismenn hafi gert það, sem þeir geta, til að skemma fyrir þeim.

Einn þm. sagði, að hver hendin hefði verið upp á móti annari í milliþn. eftir að inn á þingið hafi komið. Þetta er rangt. Frv. eru flutt tvö, sitt í hvorri d., vegna þess, að hv. 1. þm. Eyf. áleit rétt að gefa þm. í báðum d. kost á að sjá, hvað n. hefði gert, og gefa þeim tækifæri til að sýna hugarfar sitt til þess atriðis, sem mestu máli skiptir, en það er réttur annara kaupstaða til að fá samskonar tekjustofna og Vestmannaeyjar. Það er til að vita um hina raunverulegu afstöðu þm. til þessa atriðis, að ég endurtek fyrirspurn mína til hv. form. fjhn., hvenær megi vænta þess, að frv. það, sem ég hefi borið fram, komi úr n., svo að þinginu gefizt kostur á að segja álit sitt um það mál.

Ég skal ekki endurtaka þau rök, sem ég hefi fært gegn því, að þetta frv. verði samþ. En þó að þingið, sem kemur saman í haust, geti ekki afgr. nein heildarlög fyrir tekjuöflun bæjar- og sveitarfélaga, þá getur það framlengt þessi lög um eitt ár. Endurtek ég því enn, að engin ástæða er til að samþ. þetta frv. nú.

Páll Zóphóníasson: Ég get raunar fallið frá því að fá orðið, því hv. 6. landsk svaraði öllu því, sem gaf mér tilefni til að biðja um orðið. Það voru þau ummæli hv. þm. G.-K., að það skæri úr um hugarfar manna til Vestmannaeyjakaupstaðar, hverja afstöðu þeir tækju í þessu máli. Ég vil mega mótmæla því fyrir mína hönd og ég hugsa flestra þm., að afstaða þeirra til mála markist af því, að þeim sé vel eða illa við einhverja sveit eða bæ eða mann. Það, sem skiptir máli í frv., er það, að útsvar, sem á að leggjast á eftir efnum og ástæðum, á ekki nema að litlu leyti að leggjast á þannig, heldur að mestu að takast sem skattur af öllum vörum, sem fluttar eru í höfn, svo að allir, sem þurfa að nota vörurnar, verða að greiða hann. Ef þetta ákvæði væri sett fyrir kaupstaði og kauptún almennt, gæfist þeim, sem þar búa, tækifæri til að láta menn úr öðrum sveitarfélögum, sem verða að kaupa vörurnar, borga útsvör sín. Við þessu má auðvitað segja, að Vestmannaeyjar hafa hér nokkra sérstöðu vegna legu sinnar, því að fáir kaupa þar vörur aðrir en íbúar eyjanna, og getur það því helzt gengið þar. Að ég mun greiða atkv. á móti þessu frv., er ekki af neinum illvilja til Vestmannaeyja. Það kemur ekki til mála. Afstaða mín markast aldrei af því í neinu máli, að mér sé vel eða illa við hlutaðeigandi staði eða menn, heldur til málefnanna, sem um er að ræða, og áhrifa þeirra á heildina.

*Garðar Þorsteinsson: Mér finnst afstaða hv. 6. landsk. og þeirra jafnaðarmanna nokkuð einkennileg í þessu máli og þeim málum yfirleitt, sem snerta tekjuöflun kaupstaða og sveitarfélaga. Það er sannanlegt, að þessir 3 menn í

milliþn., sinn úr hverjum flokki, hafa ekki getað komið sér saman um að flytja sameiginlegt frv. Það var Sjálfstæðisfl. einn þingflokkanna, sem nær óskiptur fylgdi málinu. Það er einkennilegt, að hv. þm. stjórnarflokkanna skuli vera að breiða yfir sig slíka hræsnisblæju, eins og hv. 6. landsk. hér áðan. Þeir þykjast vilja hjálpa sveitar- og bæjarfélögum til þess að ná auknum tekjum og koma fram með málamyndafrumv. í því skyni, en hjálpa svo hverjir öðrum til að drepa það niður. Sannleikurinn er sá, að þeir ættu allir að skammast sín, hver sem betur getur, fyrir afstöðu sína í þessu máli. (Forseti hringir). Það verður að athuga það, að þessir flokkar, sósialistar og Framsókn, hafa haft fullkomna aðstöðu til þess mörg undanfarin ár að leysa þetta mál. Þeir hafa fengið áskoranir frá nær öllum kaupstöðum og mörgum hreppsfélögum um þetta efni, en þeir hafa aldrei gert neina alvöru úr því að hjálpa kaupstöðunum til að fá neinn fastan tekjustofn. Framsóknarmenn láta það líklega ráða í þessu efni, að þeir hafa þann mann í stjórninni, sem með fjármálin hefir að gera og hugsar mest um það, að þær tekjur, sem menn geta af hendi látið, renni í ríkissjóð, en ekki til sveitar- og bæjarfélaga, og því er svo komið, að það er varla nokkurt bæjarfélag á landinu, sem getur staðið undir sínum skuldbindingum. Ég veit ekki betur en hv. þm. Hafnf. beri sig hér mjög aumlega yfir því, að hans bæjarfélag skuli ekki geta fengið meira lán úr kreppulánasjóði. Það er búið að fá 75 þús. kr., og vantar annað eins. Af hverju er þetta? Er það ekki af því, að bæinn vanti auknar tekjur? Þyrfti hann að greiða sínar skuldir með gulum seðlum, sem ómögulegt er að fá greidda og ekki eru einu sinni 25% virði, eða fá viðbótarlán upp undir 100 þús. kr. í kreppusjóði, ef hann hefði nægar tekjur? Nei, forráðamenn bæjarins mundu ekki standa hér með tvær hendur tómar, ef einhverjir tekjumöguleikar væru fyrir hendi. Það er einkennilegt, að þessir hv. þm. skuli setja sig á svo háan hest, að reyna að koma í veg fyrir, að það eina bæjarfélag, sem sérstöðu hefir í þessu efni, fái að halda tekjustofni, sem það hefir haft í mörg undanfarin ár. Það er alls ekki til að auka möguleikana fyrir því, að afgr. verði heildarlöggjöf um þetta efni fyrir önnur sveitar- og bæjarfélög. Það leysir ekki það mál, þó Vestmannaeyjar falli líka undir þá kapítólu, sem Hafnarfjörður er í. Ég held því, að ef hv. 6. landsk. hefir meint nokkuð með því, að hann vildi afgr. heildarlög um þetta efni, þá sé sterkast fyrir hann að hjálpa fyrst Vestmannaeyjum til þess að halda þessum tekjustofni, og nota það svo sem ástæðu fyrir því, að hinir kaupstaðirnir eigi að fá það sama. Annars er sama hvað oft hv. þm. segist bera heill bæjarfélaganna yfirleitt fyrir brjósti; það þarf ekki annað en að líta til afstöðu flokks hans á síðustu þingum til þess að sjá, að hann meinar ekkert með slíku.

***Sigfús Jónsson:** Út af fyrirspurn hv. 6. landsk. um það, hvenær mætti vænta frv. hans um tekjur sveitar- og bæjarfélaga frá fjhn., vil ég taka það fram, að ég get ekki sagt um þetta upp á dag. Þa eru skiptar skoðanir um málið í n., og ég geri ráð fyrir, að þó hún færi að skila málinu frá sér þannig, mundi það ekkert greiða fyrir göngu þess gegnum þingið, heldur verða til þess að vekja deilur, sem e. t. v. mundu stöðva málið til lengri tíma. Í öðru lagi er það vitað, að fyrir hv. Ed. liggur frv. um sama efni. Álítur n. rétt að bíða þangað til það frv. verður afgr. til þessarar d. og athuga þá bæði frv. í sameiningu, ef ske kynni, að sú lausn fengist þá á málinu innan n., sem heppilegt sýndist að leggja fyrir hv. d.

Viðvíkjandi því, að ég hefi skrifað undir nál. með fyrirvara, vil ég segja það, að ég hefi greitt atkv. með þessu máli á undanförnum þingum af því, að ég tel Vestmannaeyinga hafa sérstöðu í þessu efni, þar sem þeir einir bera þau gjöld, sem þeim er hér leyft að leggja á sig. Þeir geta a. m. k. ekki nema að örlitlu leyti lagt þau gjöld yfir á aðra. En fyrirvari minn nú er við það bundinn, að ef líkur væru til, að frv. um tekjur sveitar- og bæjarfélaga næði fram að ganga, og sett yrði þannig heildarlöggjöf um þetta efni, þá álít ég þetta frv. óþarft. En ennþá sem komið er eru litlar horfur á, að svo verði á þessu þingi, og mun ég því greiða atkv. með þessu frv. til 3. umr. a. m. k.

***Jónas Guðmundsson:** Hv. 8. landsk. sleppti sér hér á tímabili áðan, og er það ekki annað en það, sem maður á að venjast stundum, þegar hann fær köstin. Viðvíkjandi því, sem hv. þm. var að tala um afgreiðslu þessa máls á fyrri þingum, vil ég segja það, að hann ætti að setja sig betur inn í hana heldur en æsingaræða hans áðan bar vott um. Afgreiðsla þessa máls í fyrra var sú, að felldur var út úr frv. kaflinn um vörugjaldið, en tollaálagið, sem gert var ráð fyrir, að yrði 5% og sveitirnar fengju, var hækkað upp í 15% og látið renna til kaupstaðanna líka. Það var því ekki um það, hvort útvega ætti tekjur, heldur um leið til að afla þeirra, sem ágreiningur varð, og svo er nú. Ég hefi verið á móti tollgjaldinu, en til samkomulags í mþn. gekk ég inn á að hafa það 5%. Nú ber ég frv. mþn. fram hér, einmitt til að sjá. hvernig sjálfstæðismenn snúast við því, en margir þeirra hafa flutt frv. um svipaðan tekjustofn fyrir einstaka kaupstaði. Því hygg ég rétt, og vil beina því til hv. form. fjhn., að fá tekna afstöðu hér í d. til vörugjaldsins. Hv. Ed. er búin að taka afstöðu til þess, og ef hv. Nd. tekur sömu afstöðu, eru fengnar hreinar línur, hvorug d. vill þá heimila vörugjaldið almennt. En í þessu máli eru ekki til nema tvær leiðir, að heimila vörugjaldið, eða hækka tollálag það, sem gert er ráð fyrir í frv. hv. 1. þm. Eyf., svo að verulega muni um það. Þarf það þá að hækka meira en upp í 15%; það mun ekki veita af að hafa það 25—30%.

Þetta finnst mér greinileg afstaða til þessa máls. Því vil ég skora á hv. fjhn. að láta frv. mitt koma til atkv. í hv. d., til þess að fá úr því skorið, hvort afstaða hennar er sú sama og Ed. Þangað til skal ég gjarnan liggja undir því ámæli hv. 8. landsk., að ég vilji ekkert

fyrir þetta mál gera. Ég verð bara að benda honum á, að ekki hefir hann gert meira í þessu efni. Ég átti frumkvæðið að því, að þetta vörugjald var tekið upp í frv. mþn., og ég bar frv. fram án þess að hafa til þess stuðning alls míns flokks. En hvað hefir hv. 8. landsk. gert? Ég ætla, að hann hafi ekki einu sinni borið fram frv. um þetta gjald fyrir Siglfirðinga eina, en mínar till. eru miðaðar við alla kaupstaði landsins.

*Garðar Þorsteinsson: Út af síðustu orðum hv. 6. landsk. vil ég benda á það, að það var fullkomlega á valdi stjórnarflokkanna að afgreiða frv. eins og það kom frá mþn. Það sýnir bara, að þessir menn hafa engan áhuga á að leysa þetta mál, því vitanlega gat mþn. ráðið, hverja afgreiðslu málið fékk. Það þýðir ekki fyrir sósíalista að láta málið rísa upp á næsta þingi og segjast vilja leysa það, þegar þeir eru búnir að neyta atkvæðisréttar síns til þess að gera frv. að engu.

Umr. frestað.

Frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

25. Gengisskráning.

Á 7. *fundi í Sþ., 16. marz, var útbýtt frá Nd.:* **Frv. til l. um gengisskráningu** (þmfrv., A. 78).

Á 22. fundi í Nd., 19. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 41. fundi í Nd., 17. apríl, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 20 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Umr. frestað.

Á 42. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til frh. 1. umr.

Flm. (Hannes Jónsson): Herra forseti! Nú þegar útvarpsumræður hefjast um gengismálið, vil ég byrja á því, að gera stuttlega grein fyrir aðalefni frv. til l. um gengisskráningu, sem hér er til umr. og ég er flm. að.

Gert er ráð fyrir, að skipuð verði þriggja manna n., sem hafi á hendi skráningu á gengi erlends gjaldeyris. Landsbanki Íslands tilnefnir einn mann í n., og er hann formaður hennar. Hinir tveir skulu tilnefndir af Búnaðarfélagi Íslands og Fiskifélagi Íslands, sinn frá hvoru félagi. Gengi hins erlenda gjaldeyris skal n. skrá með tilliti til þess, að höfuðatvinnuvegir þjóðarinnar, landbúnaður og sjávarútvegur, fái endurgreitt tilkostnaðarverð fyrir útflutningsvörur sínar. N. hefir rétt til að krefjast upplýsinga hjá stofnunum og einstökum mönnum um allt það, er henni þykir þörf á til að geta ákveðið meðaltalstilkostnaðarverð þeirrar vöru, sem seld er á erlendum markaði. Á þennan hátt er aðalvaldið um skráningu gengisins fengið í hendur fulltrúum frá tveimur aðalatvinnuvegum þjóðarinnar, landbúnaði og sjávarútvegi, undir yfirstjórn þjóðbankans. Þessum aðiljum ætti að vera bezt trúandi til að finna hið rétta jafnvægi í atvinnu- og viðskiptalífi þjóðarinnar, sem öll framtíð hennar og velmegun byggist á.

Ég mun nú í fáum dráttum gera nokkra grein fyrir gangi þessara mála síðustu árin eða síðan heimsstyrjöldinni miklu lauk.

Á stríðsárunum fór allt atvinnulíf, viðskipti og fjármálastarfsemi úr réttum skorðum. Afleiðingar þeirrar byltingar komu fyrst verulega í ljós, eftir að stríðinu lauk. Vitanlega var mjög mismunandi ásatt í þessu efni hjá hinum einstöku þjóðum. Þær, sem höfðu tekið þátt í hildarleik ófriðarins, voru með flakandi sárum, en mismunandi mörgum og djúpum. En þær þjóðir, sem utan við stóðu, höfðu orðið fyrir mismunandi áhrifum heimsviðskiptanna og höfðu mismunandi árvekni og þekkingu á því, að stýra fram hjá hættulegustu skerjunum. Á Norðurlöndum mun Svíum hafa tekizt þetta bezt, enda standa þeir nú nágrönnum sínum langtum framar, hvað afkomu atvinnuveganna snertir og um almenna velmegun.

Þegar í stríðsbyrjun fylgdu Íslendingar mörgum öðrum þjóðum í því, að hverfa frá gullinnlausn seðlanna, og hefir svo verið æ síðan. Með hverju ári sem leið fór verðlag hækkandi eða gildi peninganna lækkandi. Þetta hvatti til aukinna framkvæmda, og allt sýndist leika í lyndi. Tvö síðustu árin var þó mjög þrengt að atvinnuvegum landsins með viðskiptahöftum stórþjóðanna og óhagstæðu verðlagi framleiðsluvaranna móts við innfluttar vörur. Þegar þessum höftum létti í lok stríðsins, haustið 1918, færðist nýtt líf í allar framkvæmdir. Verðlag framleiðsluvaranna hækkaði og náði bráðlega jafnvægi við verðlag erlendra vara, og í ársbyrjun 1919 mun íslenzka krónan hafa verið í jafnvirði við gull. En Adam var ekki lengi í Paradís. Þjóðin ætlaði sér of mikið. Og enginn varð til þess að benda á hættuna. Krónan fór þegar að falla, og hélt áfram að falla þangað til í árslok, að hún var komin niður í 71,76% af gullverði. Undir árslokin 1919 fór að minnka eftirspurn á íslenzkum afurðum, og var reynt að halda uppi verðinu með því, að draga söluna fram á árið 1920. En það fór öðruvísi en ætlað var. Á árinu 1920 byrjaði hið mikla verðhrun og breiddist síðan út um allan heim. Verð framleiðsluvaranna lækkaði stórkostlega, og varð verðlag þeirra mjög óhagstætt í samanburði við verð innfluttu varanna, og ekki bætti um það verðfall, sem varð á hinum óseldu framleiðsluvörum frá fyrra ári. Krónan fór hraðfallandi, og var í nóv. komin niður í 50% af gullverði. Árið 1921 er haldið uppi hækkandi gengi, og er það orðið síðari hluta ársins 58% af gullverði. Árið 1922 er enn haldið uppi hækkandi gengi. 60,28% af gullverði í ársbyrjun, 66,27% af gullverði í árslok. Strax í ársbyrjun 1923 fellur krónan og heldur áfram að falla fram til 13.

marz 1924, en þá er hún skráð á móti £ 33,95. Meðalgengi sterlingspunds í marzmánuði er 33,49, og gullgengi krónunnar er þá aðeins 47,72%.

Á árunum 1919—1922 er allt á reiki og engin föst stefna tekin. Gengisfallinu 1919 var varla veitt eftirtekt. Danska krónan var það ár í jafngildi við íslenzku krónuna. Það eitt létu flestir sér lynda. En á árinu 1920, þegar íslenzka krónan er farin að ganga kaupum og sölum undir verði dönsku krónunnar, fóru menn fyrst að vakna. Var ekki trútt um, að sumum fyndist hér vera framin svik gagnvart íslenzku þjóðinni. Föst gengisskráning hefst ekki fyrr en í júlímánuði 1922, og þá tekin upp sú stefna, að reyna að fylgja sterlingspundinu, eins og raunar var gert að mestu leyti árið áður. Sterlingspundið var hækkandi gagnvart gulli, en þá hækkun þoldi ekki íslenzka krónan.

Kaup og sala á erlendum gjaldeyri utan við bankana við talsvert hærra verði heldur en skráða gengið sýndi eykst og margfaldast, og fór svo, að Landsbankinn sá sig neyddan til að fella gengi krónunnar í ársbyrjun 1923, og var þá sterlingspundið skráð á 28,50, og helzt það þangað til í júní—júlí, að krónan er enn felld og pundið skráð á 30,00. Vegna vaxandi eftirspurnar á erlendum gjaldeyri fer íslenzka krónan enn lækkandi, þangað til hún nær lágmarki sín 13. marz 1924, eins og ég hefi áður sagt.

Á þessu tímabili er uppi talsvert ákveðin skoðun um það, að krónan verði að hækka upp í sitt upphaflega gullgildi eða a. m. k. verða ekki lægri heldur en krónur hinna Norðurlandaþjóðanna. Mun hin fyrsta hugsun í þessu efni aðallega verið sprottin af metnaði fremur heldur en umhyggju fyrir hagsmunum einstaklinga eða þjóðarinnar í heild. Það er sérstök ástæða til að veita þessu eftirtekt sökum þess, hve margvíslegum breytingum forsendur þeirra manna taka, sem vilja hækka eða halda uppi óeðlilega háu gengi peninganna.

Á Alþingi er þetta mál fyrst flutt árið 1923, og eru nú hagsmunir innstæðueigenda mjög bornir fyrir brjósti. Þá er og talað um, að gengishækkun létti greiðslu erlendra skulda. Till. til þál. um hækkun krónunnar í upprunalegt gullgengi náði ekki samþykki þingsins. En frá 1923 til 1931 var á hverju þingi hreyft við þessu máli, en á mismunandi grundvelli og með mismunandi forsendum.

Á tímabilinu frá 13. mars 1924 til 27. okt. 1925 er sú stefna ráðandi í gengismálinu, sem varð mjög áhrifarík um alla afkomu atvinnuveganna í landinu. Á þessu tímabili hækkaði krónan gagnvart sterlingspundi þannig, að frá því að vera skráð á 33,95 er pundið 27. okt. 1925 skráð á 22,15. Á sama tíma hækkar sterlingspundið gagnvart gulli úr 88% í rúmlega 99%. Hækkunin á krónunni móti gulli verður því talsvert meiri heldur en hún var gagnvart pundinu, eða úr 47,72% í 81,41% af gullverði. Á sama tíma sem sterlingspundið hækkar gagnvart gulli um 12%, hækkar íslenzka krónan um 70%.

Það má nú vera flestum ljóst, hvaða feiknaörðugleika þessi gífurlega gengishækkun hefir leitt yfir atvinnuvegi landsins, enda varð mörgum þetta þegar í upphafi ljóst. Og það eina, sem bjargaði því, að ekki fór allt í rústir þá þegar, og um leið var notað sem ástæða fyrir hækkuninni, var nokkur hækkun framleiðsluvaranna, sérstaklega landbúnaðarafurða, framúrskarandi gott árferði og aflasæld. Það gat ekki farið vel að stýra eftir þessum óvenjulegu ástæðum fyrir bættri afkomu atvinnuveganna inn á brautir hágengisins, enda kom það strax í ljós á árinu 1926. Framleiðslan var sett í spennitreyju, sem ekki leyfði eðlilegan vöxt og þroska. Og þó keyrir fyrst algerlega um þverbak um og eftir 1930. Mótstöðukraftur framleiðenda var gersamlega þrotinn, og þeir flutu út á fen skulda og óreiðu, eins og þjóðin hefir fengið að heyra af þeim útvarpsumræðum, sem hér hafa farið fram á Alþingi í vetur.

Hvað mundu nú aðrar þjóðir hafa gert? Hvað gerðu Englendingar? Á árinu 1925 hófst gullinnlausn sterlingspundsins. Danir fylgdust með og nokkrar aðrar þjóðir. Í Noregi var gullinnlausn ekki tekin upp fyrr en 1. maí 1928. Englendingum var það mikið áhugamál að halda pundinu í gullgildi. Þeir höfðu þar mikilla hagsmuna að gæta. Allar inneignir þeirra erlendis skiptu tugum milljarða sterlingspunda, og allar stríðskuldir þeirra við Bandaríkin voru í gulltryggðum dollurum. En samt var gullinnlausnin upphafin í Englandi 21. sept. 1931, og pundið fellt um 22%. Og enn hefir það fallið svo, að gildi þess gagnvart gulli er nú neðan við 60%.

Hvers vegna hafa nú Englendingar farið svona að? Það var af þeirri einföldu ástæðu, að atvinnuvegirnir þoldu ekki hið háa gengi, og með samtaka vilja þjóðarinnar er sterlingspundið sjálft látið finna jafnvægið í viðskipta- og atvinnulífi þjóðarinnar. Við Íslendingar förum öðruvísi að. Við hnýtum okkur blindandi aftan í aðra þjóð. Gengi peninga okkar er ekki skráð eftir innri þörf, heldur eftir því ástandi, sem nú er ríkjandi í viðskipta- og atvinnulífi Englendinga.

Andstæðingar réttlátrar gengisskráningar hafa á undanförnum árum hrökklazt úr einu víginu í annað. Þeir byrjuðu á því, að tala um þann sjálfsagða metnað, sem þjóðin ætti að hafa í því, að hækka gengi krónunnar. Þessi ástæða er löngu horfin, og nú dettur engum í hug, að nokkru sé fórnað fyrir þann metnað, og allra síst eftir að Englendingar féllu frá gullinnlausn 1931. — Hagsmunir sparifjáreigendanna var næsta vígið. Nú er mönnum farið að skiljast það, að hagsmunir þeirra eru svo nátengdir afkomu atvinnuveganna, að ekki verður á milli skilið. Sparifjáreigendum er enginn greiði gerður með því, að innstæður þeirra týnist í töpum atvinnuveganna. Þau töp gætu orðið svo mikil, að innstæðurnar færu veg allrar veraldar. A. m. k. ætti mönnum að vera minnisstætt, hvernig fór með Íslandsbanka og innstæður manna þar. Það er eftirtektarvert, að síðan 1931 og til ársloka 1935 höfðu innstæður í sparisjóðum aukizt um 25%, meðan stórfelld töp eru að sliga atvinnuvegina. Hvernig eru þessar innstæður tryggðar? Gæti ekki svo farið, að sagan endurtæki sig og þessar innstæður týndust í skuldatöpum bankanna að meira eða minna leyti, ef ekkert væri

aðhafzt. Og enginn hreyfir neinni óánægju yfir því, að innstæður manna hafa rýrnað að verulegu leyti síðan 1931 vegna verðfalls sterlingspundsins. — Síðasta vígið eru hagsmunir verkamanna og launamanna. Fulltrúar verkamannanna í Englandi hafa séð betur en stéttarbræður þeirra á Íslandi. Þeim varð það strax ljóst, að því aðeins gat verkamönnunum vegnað vel, að atvinnuvegirnir gætu tekið við þeim og veitt þeim örugga atvinnu, þótt það kostaði hækkandi verðlag fyrir neytendur og framleiðendur. Þetta eru jafnaðarmenn hér farnir að sjá líka, þótt þeir fari hægt og geri ófullnægjandi till. í þá átt. En að þessu mun ég víkja síðar.

Fyrir dómstóli þjóðarinnar skal ég nú leiða nokkur vitni í máli þessu og byrja þá á Framsfl. Mun formaður hans sennilega fús að staðfesta framburð flokksins með eiði, ef krafizt verður.

Í „ávarpi til þjóðarinnar", sem birtist í „Tímanum" 26. marz 1934 bendir flokkurinn á nokkur verkefni, sem hann segist ætla að leysa, ef hann fengi til þess atkvæðamagn hjá kjósendum. Þar stendur m. a.:

„Að láta fara fram ýtarlega rannsókn um viðhorf aðalatvinnuveganna (landbúnaðar og sjávarútvegs) til gengismálsins og ákveða síðan verðgildi krónunnar í sem fyllstu samræmi við niðurstöðu þeirrar rannsóknar."

Og á nýafstöðnu flokksþingi Framsfl. var samþ. svo hljóðandi till.:

„Flokksþingið ályktar að Framsóknarflokkurinn beiti sér fyrir því, að skipuð verði n. til að athuga, á hvern hátt því verði bezt fyrir komið, að gildi peninga verði framvegis miðað við framleiðsluvörur landsmanna í stað þess að fylgja peningagengi annara þjóða. Sé lögð áherzla á, að n. skili áliti og tillögum sem fyrst."

Sem nokkurskonar fskj. með þessum ávörpum flokksins mætti sennilega taka álit sænska hagfræðingsins Lundbergs, sem árið 1935 var fenginn til þess að leiðbeina stj. út úr þeim ógöngum, sem þjóðinni hefir verið siglt í. Hann segir, þar sem hann víkur að gengismálinu, m. a.: „Rökræður leiða að sjálfsögðu skjótlega að mismunandi ráðum um fyrirkomulagsatriði, skipting á tekjum o. s. frv., þar sem ólík pólitísk viðhorf hljóta að gera vart við sig. En þótt þetta sé óhjákvæmilegt, hygg ég, að áður en að þessum efnum sé komið, sé um að ræða stórt sameiginlegt svæði, þar sem beita megi viðræðum, er ólitaðar séu af stjórnmálaviðhorfi, en reistar séu á vísindalegum grundvelli. Og slík greinargerð er nauðsynleg til þess að fá nokkurt vit í stjórnmálaumræðurnar, er á eftir hljóta að koma."

Ennfremur segir hann: „Fjárhagsvandræði Íslands eru skyldari vandkvæðum landanna, sem miða gjaldeyri sinn við gullgildi — Frakklands, Sviss, Hollands og Þýzkalands. Þau glíma við, hvernig jafnvægi í viðskiptalífinu við aðrar þjóðir verði haldið, þrátt fyrir gjaldeyri, sem er of hátt metinn."

Ennfremur segir hann, að hér hafi verðmæti útfluttra afurða lækkað um 40—50% frá 1929 til 1935. Í hverju öðru landi en Íslandi hefði þetta leitt til afarmikillar kauplækkunnar, en hér hafi kaupið ekki lækkað, heldur jafnvel hækkað.

Enn segir hann: „Eins og drepið hefir verið á, er hið lága erlenda verð að nokkru leyti fólgið í því, að útflytjendur fá minna fyrir hinn erlenda gjaldeyri, er þeir afla, heldur en hann er landinu virði. Afleiðingin er, að bæði landbúnaður og útvegur eru að miklu leyti reknir með tapi. ... Við þetta bætist enn hitt, sem drepið hefir verið á um innflutninginn, að mikils er um vert að koma á verðhækkun á íslenzkum framleiðsluvörum í hlutfalli við erlendar."

Og að lokum segir hann: „Menn fá mikið meira í raunverulegum verðmætum með því að verja gjaldeyrinum beint ytra en með því, að flytja hann heim og selja þar fyrir íslenzkar krónur, vegna þess að núverandi viðurkennt verð hans er lægra en hið raunverulega verð. Auk þess skekkist öll lánveitingastarfsemi; hún verður ekki starfræn að því leyti, að veitt sé fé til ríkis- eða einkafyrirtækja, er beri arð, heldur verður hún óstarfræn, er fé fer til þess að greiða töp, sem stafa af háum launum og lágu verði erlendis. Bankarnir fjötrast í frosnum lánum, sem afskrifa verður."

Maður skyldi ætla, að allt, sem Framsfl. hefir sagt um þessi efni, og það, sem hann hefir við að styðjast frá þessum sænska hagfræðingi, væri nægilegt til þess, að hann léti frekar frá sér heyra í málinu heldur en hann hefir hingað til gert. Þó er ekki örgannt um, að hann hafi látið nokkuð til sín heyra í þessu efni. Nú þegar séð er, að stj. hlýtur að hrökklast frá völdum, sendir flokkurinn frá sér þáltill. inn í þingið um skipun mþn. til að endurskoða bankalöggjöf landsins, þar sem segir m. a.: „Jafnframt er fjmrh. heimilt að fela n. sérstaka athugun á því, hvernig verðskráning íslenzkrar krónu verður bezt fyrir komið." Og í grg. þessarar till. stendur: „Engin ábyggileg rannsókn hefir heldur farið fram á því, hvaða gengi væri hæfilegt, miðað við vöruverð, framleiðsluverð og þarfir atvinnuveganna yfirleitt, þótt ekki hafi vantað staðhæfingar, lítt eða ekki rökstuddar, um þetta efni." Þetta er það eina, sem Framsfl. hefir borið fram viðvíkjandi gengismálinu. Eftir að fyrirsjáanlegt er, að flokkurinn muni hrökklast frá völdum, sendir hann frá sér þessa þáltill.

Þá vil ég leiða hér fram annað vitni, hv. þm. V.-Ísf. Hann lét, að því er mér er sagt, nokkur orð falla um gengismálið við umr. hér í gærkveldi, og ég hefi áður deilt nokkuð við hann um þetta mál. Ég hefi heyrt, að hann muni taka þátt í þessum umr., og ætla ég þá að gefa honum tækifæri til þess að glíma við sjálfan sig. Í 63. tölubl. af Tímanum árið 1931 segir hann: „En um framleiðslu og afurðaverð féll allt áframhaldandi á ógæfuhlið." — Þetta er í Englandi. Hann er búinn að skýra frá, hvernig samsteypustjórnin snerist við fjárhagserfiðleikunum þar í landi. — „Traustið brast, og erlendar kröfur um innlausn skuldbindinga streymdu inn yfir Lundúnabankana. Þá var það, að Englandsbanki og Bretastjórn gerðu tillögu um afnám gullinnlausnar á seðlum, og núverandi foringi jafnaðarmanna, Henderson, reis upp í þinginu og mælti með tillögum stjórnarinnar um ráðstafanir gegn yfirvofandi hættu, þótt afnám gullinnlausnar þýddi hækkandi verðlag jafnt

fyrir neytendur sem framleiðendur. Það verður gleggst á krepputímum, að þessir tveir aðiljar eiga sameiginlegra hagsmuna að gæta. Afurðir landanna og sala þeirra er undirstaðan undir öllu, hvað sem líður deilunni um skiptingu arðsins. Þegar litlum eða engum arði er lengur að skipta, fallast hagsmunirnir í faðma, og þá er þörf sameiginlegra átaka um að blása því lífi í atvinnuvegina, að a. m. k. verði einhverju að skipta milli svangra manna og arðlauss fjármagns.“ Hann segir ennfremur: „En þegar heimskreppan leggur viðjar sínar um öll lönd, þá beygja Englendingar sig heldur en að brotna, og engum stjórnmálaflokki þeirra kemur til hugar að nota ástandið í flokkslegu eiginhagsmunaskyni. Englendingar hafa tekið skjótar ákvarðanir um fjárlög og gengi, og með því aukið álit sitt sem ein hin þroskaðasta þjóð í stjórnmálalegu tilliti.“ Ennfremur segir hann: Englendingar hafa kippt stoðum gullsins undan gjaldeyri sínum um hríð, og látið pundið sjálft prófa eðlisþyngd sína á úthafi alþjóðaviðskiptanna.“ Og svo endar hann greinina með þessum orðum: „Það er eitt víst þótt sumum kunni að þykja það harður boðskapur, að kreppunni léttir ekki á annan hátt en með hækkandi verðlagi og þarafleiðandi fjörkippum í lömuðum atvinnuvegum.“

Nú geta landsmenn gert það upp við sjálfa sig, hvort þeir vilja heldur trúa Ásgeiri Ásgeirssyni sem ráðh. 1931, sem er fullvitandi um þá ábyrgð, sem á honum hvílir, eða Ásgeiri Ásgeirssyni, hv. þm. V.-Ísf., sem gengur nú á biðilsbuxunum fyrir framan herbúðir sósíalista, þótt hann sé nú allvel genginn úr hárum eftir ekki lengra samstarf við þá.

Þá vil ég enn leiða til vitnis þá sósíalistana. Þeir hafa að undanförnu barizt fast gegn allri leiðréttingu á gengismálunum. Nú bera þeir fram frv. á þskj. 131 um verzlunarráðuneyti, utanríkisverzlun og eftirlit með verðlagi. Í 16. gr. þess er komizt svo að orði: „Verzlunarráðuneytinu er heimilt að innheimta gjald af öllum innflutningi til landsins, er getur orðið allt að 15% af innkaupsverði, mismunandi eftir vöruflokkum, og ákveður ráðuneytið gjaldið fyrir hvern flokk til eins árs í senn. Skal af því stofnaður verðlagssjóður, sem varið skal þannig ...“ Svo er talið upp, til hvers á að verja þessum sjóði, og er 3. liður þeirrar upptalningar þannig:

„Til verðuppbótar til framleiðenda, og má verja allt að einum þriðja þess, eða 15% innflutningsgjaldsins, til uppbótar á verð útfluttra sjávarafurða, en ⅔, eða 30% innflutningsgjaldsins, skal varið þannig, að verðlag innlendrar vöru á innlendum markaði geti lækkað móts við verðlag erlendrar vöru, án þess að framleiðendur beri minna úr býtum.“ Hér koma sósíalistar fram með ráðstafanir, sem verka nákvæmlega eins og gengislækkun gagnvart neytendunum, en ekki nema að litlu leyti gagnvart útflytjendunum. Aðeins lítinn hluta af innflutningsgjaldinu á að nota til að bæta upp verð sjávarafurða, en landbúnaðinum er alveg sleppt; bændurnir eiga aðeins að bera byrðarnar af þessari dulbúnu gengislækkun, en ekki njóta hagnaðarins af henni.

Ég hefði gjarnan viljað leiða ennþá eitt vitni úr Sjálfstfl., en hann hefir ekki mikið látið til sín heyra. Ég vil þó benda á, að frá útgerðarmönnum hafa komið nú í vetur ákveðnar áskoranir um gengislækkun. Voru þær samþ. á fundi fiskframleiðendafélagsins með langsamlegum meiri hluta atkv. Og ýmsir af leiðtogum og starfandi mönnum Sjálfstfl., þar á meðal formaður flokksins, hafa barizt vel fyrir þessu máli. Formaður flokksins barðist t. d. vel móti gengishækkuninni 1924 og 1925.

Háttvirtir þingmenn! Góðir tilheyrendur! Ég hefi nú skýrt þetta frv. mitt um gengisskráninguna. Ég hefi gefið stutt sögulegt yfirlit yfir gang gengismálsins frá stríðsbyrjun. Ég hefi sýnt, hvernig andstæðingar réttlátrar gengisskráningar hafa hrökklazt úr einu víginu í annað og eru nú að veikjast í vörninni í því síðasta. Ég hefi einnig rifjað upp ýmis ummæli innlendra manna og útlendra, sem ég tel einna bezt hafa kynnt sér gengismál okkar.

Mér hefir verið það mikið áhyggjuefni undanfarin ár og því meira, sem lengra hefir liðið, hve erfið er og hefir verið afkoma aðalatvinnuveganna, landbúnaðar og sjávarútvegs. Báðir atvinnuvegirnir hafa um mörg ár verið reknir með stórfelldu tapi. Báðir hafa þeir orðið að fá stórfellda uppgjöf skulda. Það, sem er allra alvarlegast, er þó, að þeir **eru enn** báðir reknir með tapi, og fólkið flýr frá atvinnurekstrinum. Þetta vita allir og viðurkenna, jafnvel skipulagsnefnd atvinnumála (sbr. skýrslu bls. 186, 188 og 494). Sumar af þeim ástæðum, sem þessu valda, eru okkur óviðráðanlegar, svo sem sölutregða erlendis fyrir afurðir okkar, en sumar getum við ráðið við. Það er engin vafi, að aðalatvinnuvegirnir hafa beðið stórtjón af því, að þeir hafa ekki fengið fullt verð fyrir erlenda gjaldeyrinn, sem útfluttu afurðirnar hafa lagt fram. Ég hefi styrkzt í þessari skoðun við álit sænska hagfræðingsins Lundbergs, sem telur, að við fáum 40% of lágt verð fyrir hann. Ég hefi talið mér skylt að gera mitt til að ráða bót á afkomu atvinnuveganna. Ég hefi því borið fram þetta frv. þing eftir þing. Ég get búizt við, að eitthvað í því mætti betur fara til að ná því marki, sem því er ætlað. Þeir, sem betur kunna, munu betur gera. Öllum till., sem til bóta horfa, mun ég taka með þökkum. Ég hefi viljað knýja þingið til að taka málið til alvarlegrar íhugunar og afgreiðslu, en hinir flokkarnir hér á þingi, sem aldrei sitja á sáttshöfði, hafa verið sammála um að þegja þetta mál í hel. Ég hefi því orðið að fá útvarpsumræður til þess að knýja þá til umr. um málið. Það, að koma rekstri atvinnuveganna á fjárhagslega tryggan grundvöll, er **mál málanna**, sem allt velgengi þjóðarinnar byggist á. Bændafl. stendur óskiptur að þessu máli. Hinir flokkarnir hafa ekki að mínum dómi bent á öruggari leið til lausnar en ég hefi gert hér. Ég legg því óhræddur mál mitt undir dóm þjóðarinnar og skora á alla áheyrendur að kynna sér málið sem bezt og fylgjast með afstöðu flokkanna. Atvinnuvegirnir verða að komast á réttan kjöl. Ég sé ekki aðra beinni leið til þess en hér er bent á, en „heilsa með fögnuði vagninum þeim, sem eitthvað í áttina líður.“

Sigurður Einarsson: Herra forseti! Góðir áheyrendur! Hv. þm. V.-Húnv. segir í ræðu sinni, að Bændafl. standi óskiptur að þessu máli. Það fer vel á því, að það sé Bændafl., sem að málinu stendur, og sýnir vel, að mannamunur er ekki átakanlegur í flokknum, þar sem hann stendur óskiptur að öðru eins máli. En þá er líka upptalið hið óskipta fylgi málsins. Íhaldsflokkurinn er klofinn í málinu; stórútgerðarmenn og stórframleiðendur vilja gengislækkun, en verzlunarlýðurinn, sem flokkinn fyllir, og sá hlutinn, sem á að sjá um að veiða atkv. verkamanna og sjómanna fyrir Íhaldið, vill ekki gengislækkun. En óskipta andstöðu á þetta mál meðal allrar alþýðu í landinu, meðal sjómanna, verkamanna, iðnaðarmanna, smáframleiðenda til sjávar og sveita.

Alþfl. hefir enga dul dregið á afstöðu sína til þessa máls. Hann er því hreinandvígur. Til þess liggja þau rök, er nú skal greina:

1. Krónulækkunin hlyti að leiða til þess, að öll verkamannasamtök landsins mundu rísa upp sem einn maður og krefjast kauphækkunar sem lækkuninni nemur.

2. Krónulækkunin myndi þannig leiða til stórfelldra deilna innanlands, sem mundi verka lamandi á atvinnulíf og alla framleiðslu landsmanna.

3. Krónulækkunin myndi ennfremur mjög verða til þess, að auka dýrtíðina, spenna upp verð á öllum útlendum varningi, sem mjög mundi íþyngja öllum almenningi við sjávarsíðuna.

4. Sú dýrtíðaraukning lendir einnig þegar í stað óhjákvæmilega á bændum, vegna þess að þeir eru stærri kaupendur á erlendum markaði en þeir eru seljendur.

5. Krónulækkunin stefnir til alvarlegs hruns á innanlandsmarkaðinum, sem tekur nú ca. ⅝ af allri landbúnaðarframleiðslunni og geldur fyrir hana betra verð en unnt er að fá á útlendum markaði.

6. Alþjóðareynsla sýnir, að gengislækkuninni hljóta að fylgja kauplækkanir, og er það þegar margviðurkennt í umr. um gengismál hér á Alþingi. Með gálauslegum gengislækkunum og stöðugu brölti með gengi íslenzku krónunnar er verið að mana út í vinnustríð og kaupdeilur, ekki einungis verkamenn, heldur og alla starfsmenn, svo að vinnufriði landsins mundi verða stórhætta búin. Þetta er frá þjóðhagslegu sjónarmiði stór ábyrgðarhluti og hið mesta glapræði.

Alþfl. vill efla framleiðslumöguleika bænda og verzlunarsamtök, svo að þeir beri sem allra mest úr býtum fyrir vinnu sína og afurðir. En hann vill ekki gera það með því, að gera gjaldmiðil landsmanna að dulbúnum fjandmanni bænda og verkamanna í landinu, til þess að bjarga við milljónaskuldum stórútgerðarinnar. Alþfl. hefir bent á önnur ráð haldkvæmari til þess að koma stórútgerðinni á heilbrigðan framtíðargrundvöll. Þau eru réttlátari og traustari til nota fyrir þjóðina. Flm. þessa frv. látast bera það fram vegna bændanna. Þeir gera það vegna hinnar sokknu stórútgerðar, hvort sem þeir gera sér grein fyrir því eða ekki, hvort sem þeir sjá yfir afleiðingar þess og eðli eða látast ekki sjá það. Með þessu er verið að gera krónuna, hinn sameiginlega verðmæli landsmanna, að nokkurskonar flæðarmús, sem dregur gullið undir nokkra örfáa, en aðrir verða að sama skapi fátækari. Kjörorð Alþfl. er „hin heiðarlega króna", sem er réttlátur verðmælir milli landsmanna, ekki óheiðarleg króna, sem svíkst aftan að yfirgnæfandi meiri hluta þjóðarinnar og gerir afstöðu hans ennþá verri, krónan, sem er dulbúinn þjónn örfárra einstaklinga, til þess að bæta við þann, sem hefir, og taka frá þeim, sem ekki hefir.

Ég skal, ef mér vinnst tími til síðar í kvöld, gera dálitla grein fyrir þeirri gleðilegu verðhækkun, sem orðið hefir á landbúnaðarafurðum á erlendum markaði síðari árin, vegna þess meðal annars, að straumurinn stefnir yfirleitt til verðhækkunar á viðskiptum um landbúnaðarafurðir og almennar neyzluvörur. Benda má aðeins á það, að samkvæmt bráðabirgðatölum hagstofunnar námu landbúnaðarafurðir, seldar erlendis 1936, 7 millj. 294 þús. kr. Freðkjöt seldist þá á 0,91 kr. kg. til jafnaðar, en 0,64 1932. Saltkjöt 0,85 kr. kg. 1936, en 0,54 kr. 1932. Samanlögð vorull hvít og haustull 2,24 kr. kg. 1936, en 1,08 kr. 1932. Gærur saltaðar 4,88 kr. stk. 1936, en 1,43 kr. 1932, og samkvæmt upplýsingum hagstofunnar um sölu á þessu ári hefir þó orðið verðhækkun frá þessu verði, gærur t. d. selzt á 6,56 kr. til jafnaðar. Þetta er afargleðilegt. En að því má gæta, að þessi straumbreyting í verðhækkunarátt, sem hér kemur fram sem hagnaður bændanna, kemur einnig fram í því, sem kaupa þarf frá útlöndum. Þetta bitnar að sjálfsögðu á bændum meðfram. En hjá þeim hefir þó verðhækkun á innlendum og erlendum markaði orðið samferða. En á verkamönnum, sjómönnum og starfsmönnum er ekki sliku til að dreifa. Þeir hafa orðið að taka á sig byrðar verðhækkunarinnar einnar saman.

Ég hefi bent á þetta af því, að ég lít svo á, að það hæfi ekki jafnalvarlegu máli eins og þetta er, að ræða það öðru vísi en frá sjónarmiði þjóðfélagsheildarinnar allrar. Ég geri ráð fyrir þeim drengskap hjá öllum þorra manna, að hann áliti, að krónan, hinn sameiginlegi verðmælir landsmanna, eiga að vera heiðarleg króna, sem deili kjörum svo réttvíslega sem auðið er að gera það með gengisráðstöfunum. Og þá hlýtur allur almenningur að taka það til mjög rækilegrar íhugunar, sem nú var sagt, og ekki fallast á, að réttmætt sé að hrapa að því, að steypa yfir sig öllum þeim þjóðfélagslega vanda, sem af stórfelldri krónulækkun myndi leiða, og sífelldu brölti með verðgildi krónunnar, þegar það er einnig tekið með í reikninginn, að sá hagnaður, sem verið er að troða í menn, að þeim fljóti af slíkum ráðstöfunum, er að mestu blekkingar einar og barnaskapur, þegar frá eru teknir örfáir einstaklingar. En þó að Alþfl. einn allra flokka hér á landi hafi tekið upp stefnuna, að viðhalda hér í landinu hinni heiðarlegu krónu, þá leiðir engan veginn af því, að hann hljóti alltaf og undir öllum kringumstæðum að vera á móti breytingum á verðgildi krónunnar. Þvert á móti, það leiðir af þessari afstöðu hans, að hann mun jafnan beita sér fyrir því, þegar veru-

legs og hættulegs ójafnvægis fer að gæta í þeim efnum, sem hægt er að miðla með peningalegum ráðstöfunum og verðgildisráðstöfunum, að þá verði þær ráðstafanir einmitt gerðar. Það er það, sem felst í stefnunni „heiðarleg króna á Íslandi". En þó að ekki væri tekið tillit til nema þess eins, hve neyzluvörur landsmanna hafa hækkað mikið, þær sem keyptar eru á erlendum markaði, og svo hins, hve gleðileg hækkun hefir orðið á landbúnaðarafurðum erlendis síðan 1934, jafnframt því sem afurðasöluskipulagið innanlands hefir og stórlétt undir með bændunum, þá væri af þeim orsökum einum óforsvaranlegt gáleysi að hrapa að krónulækkun nú. Það væri aðeins frá því sjónarmiði óréttmætt. Og þar við bætist svo það, sem áður er greint um örðugleika þá, er slíkar ráðstafanir mundu valda á öðrum sviðum, um þann hreinlmyndaða ágóða, sem það mundi veita bændum landsins í heild, og þá þungu byrði, sem það mundi baka þeim sjálfum að sumu leyti og öðrum vinnustéttum landsins, öllum undantekningarlaust. Það er aðeins einn hópur manna, sem græðir á krónulækkun. Allir aðrir tapa. Þeir einir tapa ekki, sem reka stórfyrirtæki, kaupa vinnu annara í stórum stíl, borga stór stofnlán og mikil vinnulaun í lágum krónum. Í þeim hópi er enginn verkamaður, enginn sjómaður, enginn verzlunarþjónn eða skrifstofumaður, enginn kennari, enginn starfsmaður hins opinbera og sárfáir bændur. Og þessum mönnum má ekki gleyma. Þeir eru svo óendanlega mikið fleiri en hinir. Og Alþfl. vill einmitt með þessari afstöðu sinni undirstrika það, að hann er í öllum greinum fús til að stuðla að aukinni kaupgetu meðal bænda. En hann vill ekki gera það með aðferðum, sem taka frá bændum með annari hendinni það, sem gefið er með hinni, eins og hér er stuðlað að. Í öðru lagi ekki með því að stofna til þjóðfélagslegra vandræða og stórdeilna, eins og hér er einnig gert. Flokkurinn vill gera þetta með því að halda áfram á þeirri braut, sem þegar er hafin, í styrkveitingum allskonar til eflingar landbúnaðinum, í skipulagningu afurðasölunnar o. s. frv.

Hver áhrif mundi niðurfærsla á verðgildi íslenzkrar krónu hafa fyrir aðrar atvinnustéttir? Ég hefi þegar að nokkru lýst þessu í því, sem ég hefi sagt hér á undan. Það mundi verða til þess að skapa mjög mikla dýrtíð í landinu umfram þá, sem skapazt hefir af verðhækkuninni á útlendum mörkuðum. Þessi dýrtíð mundi mylja niður kaupgetu verkamanna og allra þeirra, sem taka kaup sitt í peningum. Það mundi draga úr verzluninni innanlands, brjóta niður þann markað, sem bændur eiga nú innanlands, skapa óvissu og erfiðleika, viðskiptatregðu og vandræði. Afstaða okkar gagnvart útlöndum mundi ekki breytast um hársbreidd, fyrir utan þann skaða, sem það kynni að skapa oss og álitshnekki, að vera að braska með gjaldmiðilinn fram og aftur frá einum tíma til annars.

Það er alkunnugt mál og óhrekjanleg staðreynd, að mikil eða tíð röskun á verðgildi gjaldeyris í einhverju landi er ákaflega varhugaverð ráðstöfun, sem allar þjóðir telja sér skylt að gera aðeins með hinni mestu gætni, kapplausri forsjá og nærgætni. Það er æfagömul reynd, að þegar verðgildið er búið að vera svo eða svo um langt árabil, þá er komið innra jafnvægi í hagkerfi þjóðarinnar, sem er mjög viðkvæmt og getur valdið gífurlegu tjóni, ef á því eru gerðar gálauslegar raskanir. Ég vara menn við því, að láta kosningahjal og rómantiska gengisdrauma villa sér sýn um það.

Afstaða bændaflokksmannanna í þessu máli minnir mig á söguna um negra einn, sem ólst upp á meðan þrælahald var ekki afnumið í Bandaríkjunum. Líkingin á vel við, því að Bændafl. er líka í ánauð hjá Sjálfstfl. og hefir, því miður, enga von um frelsi. Þessi negrapiltur sá fáa daga glaða, og tilbreytingin í mat var ekki önnur en sú, að hann fékk sírópsslettu í skál á sunnudögum. Þessi vesalingur var svo einfaldur, að hann dreifði sírópinu um allan skálarbotninn. Þá hélt hann, að þetta væri meira síróp. Árangurinn varð sá, að hann náði sírópinu miklu verr úr skálinni en ella myndi hafa orðið.

Á nákvæmlega sama hátt fara hv. þm. Bændafl. að í þessu máli. Þeir haga sér eins og hinn ánauðugi svertingjapiltur, er þeir líta á kaupeyri íslenzku þjóðarinnar og hversu með hann skuli fara. Krónulækkun þeirra er í eðli sínu hliðstæð athöfn þeirri, er pilturinn dreifði sírópinu út um alla skálina. En ef þjóðin ætti að búa við aðferð svertingjapiltsins í gjaldeyrisákvörðunum sínum, þá mundi hún fljótlega verða vör við það á hinn sárasta hátt, að það eru þeir einir, sem halda hinum dökka pilti í ánauð, sem græða á fyrirkomulaginu, alveg eins og það var í Bandaríkjunum. Svertingjapilturinn vissi ekki um ánauð sína né hve úrræði hans til að drýgja sírópið voru fánýt. Forvígism. Bændafl. hér á þingi látast ekki vita um sína ánauð og langar ekki í neitt frelsisstríð. Þá dreymir um að geta unnið kosningar þær, sem fyrir dyrum standa, fyrir eiganda sinn og með hans tilhjálp, þótt það kosti jafnfákænar aðgerðir í viðkvæmustu og vandasömustu málum þjóðarinnar eins og meðferð svertingjadrengsins á sírópinu sínu.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Þetta frv. má að sjálfsögðu telja fram komið í framhaldi af þeim fullyrðingum bændaflokksmannanna í blöðum og annarsstaðar, að með gengisskráningu krónunnar einni saman sé unnt að sjá hag framleiðendanna borgið. Það þurfi ekki annað en breyta gengi peninganna, lækka það, til þess að fyrir öllum þeirra hag verði séð til hlítar. Í frv. þessu eiga, að dómi bændaflokksmanna, að felast ákvæði, sem tryggi það, sem á þeirra máli nefnist réttlát gengisskráning. Ef dæma á eftir þeim umræðum, sem farið hafa fram hér í þinginu undanfarið og annarsstaðar, þá virðist gengisskráningin vera það mál, sem Bændafl. telur auðveldast að þyrla upp ryki um, og þykist flokksbrot þetta hafa mikla tröllatrú á lækkun krónunnar. Þess vegna hefðu menn fulla ástæðu til að ætla, að í meðferð þessa stórmáls, og eina málsins, sem flokkurinn virðist sjá, hefði flokkurinn sýnt einhverja alveg sérstaka röggsemi. Þessu virðist þó ekki vera til að dreifa í meðferð málsins. Frv. þetta kemur fyrst fram á þingi, þegar heill mánuður er liðinn frá þing-

byrjun, eða 16. marz. Og þá virðist flm. þó ekki hafa lagt meiri áherzlu á framgang málsins en svo, að 3 dögum síðar, hinn 19. marz, er það tekið út af dagskrá eftir hans eigin ósk, og fyrst nú, 17. apríl, rúmum 2 mánuðum eftir þingbyrjun, er það til 1. umr. Nú mætti e. t. v. ímynda sér, að hv. flm. hefði sína afsökun í því, að málið væri mjög vandasamt, og að hann hefði því þurft langan tíma til að undirbúa það. En þegar nánar er að gáð, er frv. þetta ekkert annað en endurprentun á frv. um sama efni, sem þessi sami hv. þm. hefir flutt á undanförnum þingum! Þessi málsmeðferð öll af hálfu flm. sýnir raunverulega mætavel, hvað liggur á bak við allt tal þeirra bændaflokksmanna um gengislækkun, og um gengislækkun sem aðalúrræði fyrir bændastéttina. Þeir hafa ekki áhuga fyrir framkvæmd málsins, heldur því, að geta skrafað um það og kastað fram órökstuddum fullyrðingum, sem alls ekki eru samboðnar jafnvandasömu máli.

Hvernig eru þá ákvæði þessa merkilega frv., sem eiga að tryggja hag framleiðendanna og vera þess megnug, að láta framleiðsluna bera sig? Ég vil nú fara um þau nokkrum orðum, og af því að ýms ákvæðin eru nokkuð óljós, óska eftir nánari skýringum frá hv. flm., og vona ég, að hann firrtist ekki við. — Samkvæmt 1. gr. frv. á sérstök nefnd að hafa með höndum skrásetningu á erlendum gjaldeyri. Formaður n. á að vera tilnefndur af Landsbanka Íslands, en hinir tveir nm. af Búnaðarfélagi Íslands og Fiskifélagi Íslands, sinn af hvoru félagi. Þessir 3 menn eiga að hafa alræðisvald í þessum málum. Enginn umboðsmaður ríkisvaldsins á að koma þar nærri, og á það sjálfsagt að vera tryggingin fyrir því, að hæfilega sé séð fyrir kosti framleiðendanna. Kem ég nánar að því í sambandi við önnur atriði, hvaða trygging muni vera í slíkri tilnefningu fólgin.

Aðalatriði frv. verður að telja, að sé í 2. gr., þar sem svo er ákveðið, að erlendan gjaldeyri skuli skrá með tilliti til þess, að höfuðatvinnuvegir þjóðarinnar, landbúnaður og sjávarútvegur, fái endurgreitt tilkostnaðarverð fyrir útflutningsvörur sínar. Þetta er sá grundvöllur í málinu, sem nefndin með alræðisvaldinu á að starfa á. Með þessu á sýnilega, að dómi hv. flm. og Bændafl., öllu að vera komið í gott horf. En skyldu nú ekki vera ærið mörg atriði, sem ráðstafa þarf, áður en slíkt væri tryggt, þrátt fyrir þessi ákvæði. — Það er þá fyrst, að ef gengið á að vera miðað við það, að framleiðendur fái endurgreitt tilkostnaðarverð, þá þarf að ákveða, og það á þessi nefnd sennilega að gera, hvert sé tilkostnaðarverðið, eða m. ö. o., hvert sé framleiðsluverð útflutningsvaranna. Skyldi þetta nú ekki geta orðið ærið erfitt hlutverk? Til þess að hægt sé að ákveða þetta, þurfa ekki einungis að liggja fyrir greinilegar skýrslur um allan beinan kostnað við framleiðsluna, kaupgjald og annað þess háttar, sem gera verður ráð fyrir, að unnt sé að afla skýrslna um, heldur einnig, hvað framleiðandinn sjálfur á að bera úr býtum fyrir sína fyrirhöfn, sína vinnu við framleiðsluna, m. ö. o., áður en framleiðslukostnaðurinn verður ákveðinn, þarf nefndin að ákveða, hverjar séu eðlilegar þarfir framleiðendanna. Skyldi nú ekki geta orðið ágreiningur um þetta atriði? Ætli það sé nú alveg víst, að með þessari 2. gr. laganna yrði tryggt, að hlutur framleiðendanna verði ekki fyrir borð borinn? Ég þykist vita, að tryggingin eigi að liggja í því, að meirihlutavald n. á að vera hjá framleiðendunum í gegnum fulltrúa frá Fiskifélagi Íslands og Búnaðarfélagi Íslands. En það er ekki úr vegi að minnast á það hér, að menn hafa séð koma fram mismunandi skoðanir á því, hverjar væru verðlagsþarfir framleiðendanna, og það frá þeim mönnum, sem a. m. k. þykjast vera fulltrúar framleiðenda á Alþingi og annarsstaðar og telja sig bera hag þeirra mjög fyrir brjósti. Það þarf ekki lengra að leita þessu til sönnunar en í hin alkunnu dæmi um álit þeirra Jóns Sigurðssonar á Reynistað og Þorsteins Briems, áður en þeir komust í stjórnarandstöðu, um það, hvað bændur þyrftu að fá fyrir kjötið, til þess að búreksturinn bæri sig. Annar áleit, að þeir þyrftu að fá 40 aura fyrir kg., en hinn áleit engrar verðuppbótar þörf, ef þeir fengju 70 aura fyrir kg. Þessar voru nú kröfurnar fyrir hönd bændanna þá, þótt nokkuð öðruvísi kveði nú við, af því að þeir eru í minnihlutaaðstöðu og bera ekki ábyrgð á úrlausn málanna. En nú vil ég spyrja um eitt. Hver getur tryggt það, að ekki komizt í þessa nefnd menn, sem líta svipað á þarfir framleiðenda og Jón Sigurðsson á Reynistað og Þorsteinn Briem, kosnir annaðhvort af Fiskifélagi eða Búnaðarfélagi? Í ákvæðum 2. gr. frv. felast því alls engar tryggingar fyrir framleiðendur. Auk þess eru ákvæði þessarar gr., að miða við tilkostnaðarverð, ákaflega erfitt í framkvæmd, því að tilkostnaðarverðið er afarmismunandi eftir því, hvernig á stendur á hverjum stað. En setjum svo, að það væri framkvæmanlegt, að finna tilkostnaðarverðið, og að í þessa nefnd veldust menn, sem hefðu einhverja aðra hugmynd um þessa hluti en þeir Jón Sigurðsson og Þorsteinn Briem, þá er samt ekki allt fengið með því. Því miður er málið ekki svo auðvelt. Við skulum hugsa okkur, að nefndin kæmist að þeirri niðurstöðu, að útflutningsverðið væri of lágt, að það væri allt of lágt. Myndi hún þá undir öllum kringumstæðum geta rétt hlut framleiðendanna aðeins með gengisbreytingu? Nei, vitanlega alls ekki. Það er mjög miklum takmörkunum bundið, hvað hægt væri að hafa áhrif á slíkt með gengisbreytingum. Gengisbreyting þýðir sama sem breyting á hlutfallinu milli peningagreiðslu og vöruverðs. Þessu hlutfalli er vitanlega alls ekki hægt að breyta ótakmarkað. Það er auðvitað miklum takmörkunum bundið, t. d., hvað hægt er að lækka laun. Það verður að fara eftir kostnaðinum við að lifa. Það er vitanlega heldur engin trygging til frambúðar fyrir því, þótt nefndin, sem hér er gert ráð fyrir, ætlaði að rétta hlut framleiðendanna með því að hækka útflutningsverð með gengisbreytingu, að kaupgjald og aðrar peningagreiðslur ekki hækki nokkurnveginn jafnóðum, eða hér um bil a. m. k. á við það, sem vöruverðið hækkar. Þótt það sé látið í veðri vaka af bændaflokksmönnum, að ekki þurfi að taka tillit til neins annars en framleiðslukostnaðar við gengisskráningu, þá er það auðvitað blekking, það verður líka að taka

tillit til framleiðslukostnaðar. Það er því mjög fjarri lagi, að með gengisskráningu sé hægt að lækna öll mein og alla erfiðleika fyrir framleiðendur á hverjum tíma. Hitt er annað mál, að það er undir vissum kringumstæðum hægt að bæta hag framleiðendanna um tímabil, og e. t. v. til frambúðar, einkum ef unnt er að ná samningum um það, að laun hækki ekki, þrátt fyrir gengisbreytingar til lækkunar.

Þá vil ég benda á enn eitt dæmi, sem sýnir ákaflega vel, hvaða erfiðleikar væru óyfirunnir í sambandi við mat á framleiðslukostnaðinum, þótt farið væri að samþykkja einhver ákvæði, sem líktust því, sem er í 2. gr. frv. þessa. Árið 1934 var mikil hreyfing uppi um það, að komast að því, hvert væri framleiðsluverð á kjöti, og það var ekki sízt alið á þessu af stjórnarandstæðingum. Vitanlega var það vegna þess, að stjórnarandstæðingar gerðu ráð fyrir, að verðlagið væri ekki þá eins hátt eins og þyrfti að vera, til þess að rekstur búanna svaraði kostnaði, og ætluðu þeir því með útreikningi framleiðsluverðsins að fá grundvöll undir árásir á þingmeirihlutann og ríkisstjórn. Nefnd, sem skipuð var af Búnaðarfélagi Íslands, settist að þessu verki. Nefndin komst að þeirri niðurstöðu, að kjötverðið þyrfti að vera, miðað við þáverandi verðlag á ull og gærum, kr. 1,27 pr. kg. Þessari niðurstöðu var tekið með mikilli gleði í herbúðum bændaflokksmanna og óspart bent á aðgerðir ríkisstjórnarinnar og sagt: Þarna sjáið þið, það vantar enn á 3. millj. kr. samkvæmt þessum útreikningi, til þess að kjötframleiðsla og sauðfjárbúskapurinn geti borið sig. Þessa fjárhæð verður ríkisstjórnin að færa bændum í bú sín.

Ég er ekki í nokkrum vafa um það, að undirtektir þeirra bændaflokksmanna undir það, að þessi niðurstaða væri rétt, voru byggðar á því, að þeir ímynduðu sér, að þessu marki myndi ekki verða náð í náinni framtíð, og þess vegna væri, ef menn mættu svo að orði komast, óhætt að standa á þessum tölum sem kröfum. Ég hefi nú athugað nokkuð verðlag á sauðfjárafurðum 1934 og 1936 og komizt að þeirri niðurstöðu, miðað við útflutningsskýrslur og fyrirliggjandi tölur um meðalverðlag á kjöti, að með því verðlagi á ull og gærum, sem var síðastl. ár, sé því marki, sem nefnd Búnaðarfélagsins setti um verðlag á sauðfjárafurðum, til þess að búin gætu borið sig, svo að segja náð. Ég skal náttúrlega ekki taka ábyrgð á því, að tölur útflutningsskýrslnanna séu réttar, en þótt þær séu ekki alveg nákvæmar, ættu þær að vera álíka réttar bæði árin og því óhætt að taka mark á **breytingunni** til hækkunar á verðlaginu, sem þær sýna. Ég ætla nú ekki að fella neinn dóm um það, hvort þessar niðurstöður Búnaðarfélagsnefndarinnar séu réttar eða ekki, eða hvort verðlag á landbúnaðarafurðum nái nú framleiðsluverði. En ég ætla mér að spyrja Hannes Jónsson að því, hvernig samræma eigi það tvennt: Annarsvegar niðurstöður Búnaðarfélagsnefndarinnar um framleiðslukostnaðarverð og ánægju Bændafl. með þá niðurstöðu, og svo hinsvegar hróp Bændafl. nú um það, að vegna ranglátrar gengisskráningar fái bændur ekki nándar nærri tilkostnaðarverð fyrir afurðir sínar, að ég nú ekki tali um hinar barnalegu fullyrðingar um, að ekkert hafi ræzt úr fyrir landbúnaðinum á síðastl. 2 árum.

Ennfremur ætla ég að benda á það, að ef miða ætti við tilkostnaðarverðsútreikning Búnaðarfélagsnefndarinnar frá 1934, þá ætti þetta frv. Hannesar Jónssonar ekki að leiða til neinnar gengislækkunar bændanna vegna. Ég vænti líka, að hv. flm. þessa frv. hafi gert sér það ljóst, að ef nokkurt vit á að vera í meginhugsun 2. gr. frv., um að skrá peningana með tilliti til tilkostnaðarverðs, þá ætti að hækka gengi krónunnar í hvert skipti, sem bændur eða aðrir framleiðendur færu að fá meira fyrir sínar afurðir en tilkostnaðarverð, og þannig að plokka af þeim þann ágóða, sem þeir kynnu að geta haft af rekstrinum. Hin illræmda gengishækkun í valdatíð Jóns Þorlákssonar hefði því verið alveg í anda þessa frv., sem nú er flutt af Bændaflokknum.

Í 3. gr. frv. er nokkuð nánar talað um tilkostnaðarverð, og er þar talað um, að nefndin eigi aðgang að ýmsum gögnum til þess að geta ákveðið meðaltalstilkostnaðarverð þeirrar vöru, sem seld er á erlendum markaði. Ég hefi skyggnzt í grg. frv. eftir nánari skýringum á þessu ákvæði um meðaltalstilkostnaðarverð, en sé ekki neitt minnst þar á þetta algerlega nýmæli í íslenzkri löggjöf. Nú vil ég beina þeirri fyrirspurn til hv. flm., hvað átt er við með þessu „meðaltalstilkostnaðarverði". Mér þykir sannast að segja nokkuð undarlegt, að þessu skuli ekki fylgja neinar skýringar.

Satt að segja finnst mér einu gilda, hvar gripið er niður í þetta frv. Það er vanhugsað kák og flutt eingöngu til þess að sýnast. Ég hefi nú rakið efni þess og sýnt fram á, að hv. flm. hefir ekki einu sinni nennt að leggja vinnu í að undirbúa málið. Ástæðurnar fyrir allri þessari málsmeðferð skiljast þó nokkuð betur, ef fortíð þeirra manna, sem að því standa, er athuguð nokkru nánar. Þeir Hannes Jónsson og Þorsteinn Briem tala um gengislækkun sem sérstakt hagsmunamál bændastéttarinnar eins og á stendur vegna þess, hve verðlagið sá frábærilega lágt, einmitt fyrir þá framleiðendur. Af þessu verðum við að draga þá ályktun, að þeir álíti gengislækkun yfirleitt vera mikið hagsmunamál fyrir bændastéttina. Þorsteinn Briem hefir nú haft þá ánægju, að vera landbrh. á þeim tímum, þegar verðlag á landbúnaðarafurðum var lægra en það hefir orðið fyrr eða síðar á síðari áratugum, og helzt leit úr fyrir, að sauðfjárbúskapur myndi leggjast niður. Greip hann þá til þessarar einu lausnar, sem hann nú telur nokkurs virði fyrir bændastéttina, gengislækkunar, til þess að rétta hlut landbúnaðarframleiðendanna?

Nei, hann gerði það ekki. Hann minntist ekki á hana, og ekki nóg með það, hann gerði heldur engar aðrar ráðstafanir til þess að hækka verðlag á afurðum bænda, og í því var ekkert gert, fyrr en eftir að honum var rutt úr ráðherrastóli eftir kosningarnar 1934. Segjum, að hann hafi ekki haft vald til þess að koma fram gengislækkun. Barðist hann þá ekki fyrir henni? Hélt hann ekki snjallar ræður til þess að sannfæra samstarfsmenn sína um hina brýnu nauðsyn á

gengislækkun? Nei, hann gerði það ekki heldur. Hann þagði. Hann upplauk ekki sínum munni um þetta eina stóra hagsmunamál landbúnaðarins, að dómi Bændaflokksins, **fyrr en hann var búinn að fá þá aðstöðu, að hann réði engu.** Ef til vill mætti ganga út frá því, að óathuguðu máli, að verðlag á landbúnaðarafurðum hefði verið óhagstæðara, eftir að Þorsteinn Briem komst í minnihlutaaðstöðu, en það var áður, og að á því séu kröfurnar um gengisbreytingu byggðar, þótt áður væri um þær þagað. En eins og ég gat um áðan, þá er þetta sem betur fer öðru nær. Útflutningur landbúnaðarafurða var árið 1932 3,3 millj. kr. og 1933 4,5 millj. Þetta eru þau árin, sem Þorsteinn Briem er í almætti sínu, en gleymir að sinna lífshagsmunamáli bændastéttarinnar. En árið 1935 nam útflutningur landbúnaðarafurða kr. 6,5 millj. og árið 1936 8,4 millj. kr. Þetta eru þau 2 ár, sem Þorsteinn Briem og Hannes Jónsson hafa verið í minnihlutaaðstöðu og sá tími, sem þeir sí og æ hafa verið að klifa á nauðsyn gengislækkunar til þess að rétta hlut bændastéttarinnar vegna óhagstæðs verðlags. Hér við bætist svo það, að heildarverðmæti mjólkurafurða hefir á þessum sama tíma meir en tvöfaldazt, og kjötverðið innanlands hækkað sem nemur mörgum hundruðum þúsunda króna hvort árið um sig.

Ég ætla ekki með þessu að fara að halda því fram, að þessi mikla verðhækkun hafi nú þegar valdið einhverri alsælu í sveitum þessa lands, en hinu ætla ég að halda fram, að það situr illa á þeim mönnum, sem hengu við völdin 1932—1933 gersamlega aðgerðarlausir um allt það, er gat miðað að því, að hækka verðlag á landbúnaðarafurðum, og minntust ekki á gengislækkun sem nokkurt úrræði fyrir landbúnaðinn, að skrafa nú sífellt um gengislækkun sem mál málanna og sérmál landbúnaðarins, eftir að hlutur hans hefir þó verið réttur eins og ég hefi sýnt fram á. Ef við, sem höfum stjórnað undanfarin 2 ár, höfum brugðizt framleiðendunum til sveita með því að fella ekki gengi krónunnar, — hvað ætti þá að þeirra eigin dómi að segja um þá sjálfa, sem létu undir höfuð leggjast að nota þetta úrræði, sem þeir þykjast trúa á, þegar hlutur landbúnaðarframleiðenda var a. m. k. helmingi minni en nú er, og reyndu heldur engin önnur úrræði.

Það er ekki að furða þótt **þessir menn(!)** telji sig eiga að hafa trúnað bændanna og þá einu réttu til þess að taka við forystu í málum þeirra. En hvað segja bændur sjálfir um það? Trúa þeir fagurgala þessara manna eftir þá reynslu, sem þeir hafa haft af störfum þeirra?

Þá mun ég þessu næst ræða nokkuð almennt um gengismálið. Af þeim, sem helzt hreyfa gengislækkun nú í augnablikinu, er það mál flutt fyrst og fremst sem sérmál landbúnaðarins. Út af því vil ég fara nokkrum orðum um sérafstöðu landbúnaðarins til gengislækkunar. Samkvæmt áliti skipulagsnefndar atvinnumála er framleiðsla landbúnaðarafurða um 18 millj. kr. til sölu frá heimilum. Af því hafa verið fluttar út afurðir fyrir um 6—8 millj. kr., en seldar innanlands fyrir um 10—12 millj. kr. Af þessu leiðir auðsjáanlega það, að landbúnaðurinn sem heild verður ekki einungis að taka tillit til verðlagsins á þeim vörum, sem seldar eru úr landi, heldur einnig, og öllu fremur, til verðlagsins á innlenda markaðinum. En þar að auki kemur svo hitt, sem gefur landbúnaðinum nokkuð aðra afstöðu til þessa máls en sjávarútveginum, a. m. k. undir vissum kringumstæðum, að landbúnaðarframleiðendur hljóta að meta það mikils, að innanlandskaupgetan sé sem allra mest. Framsfl. var þessi afstaða landbúnaðarins vel ljós fyrir síðustu kosningar, og hans aðaláhugamál var, að fá hækkað verð á landbúnaðarafurðum innanlands og bæta á þann hátt aðstöðu bændastéttarinnar. Flokkurinn tók þó ekki það ráð, að beita sér fyrir lækkun krónunnar, heldur hinn kostinn, að hækka með aðstoð löggjafar verðlagið innanlands og láta útflytjendur landbúnaðarafurða njóta uppbótar, sem tekin var af þessari verðhækkun. Þessi aðferð hafði þann mikla kost umfram gengislækkunina, að hún lamaði ekki kaupgetuna innanlands, og hún hafði einnig þann mikla kost, að verðhækkunin á landbúnaðarafurðunum varð **hreinn tekjuauki fyrir bændurna.** Gjaldahlið búreikningsins steig ekki, eins og hún hlýtur að gera, ef gengislækkunarleiðin er valin, því að það er kunnara en frá þurfi að segja í löngu máli, að við gengislækkunina hækkar aðflutt vara hlutfallslega jafnt í verði og útflutta varan, og þar að auki hækka ýmsir aðrir kostnaðarliðir ýmist strax eða síðar. Ég held, að það sé ekkert ofsagt, þótt því sé slegið föstu, að með afurðasölulögunum hafi undanfarin 2 ár tekizt að bæta rekstrarafkomu búanna meira en hægt hefði verið að gera með gengislækkun. Auk þess hafði þessi lausn þann stóra kost, að hún gaf ekki tilefni til neinna kaupdeilna eða annara slíkra deilna, sem mjög er hætt við í sambandi við gengisbreytingar.

Eins og nú er komið sölu á afurðum íslenzkra bænda innanlands, get ég ekki séð, að gengislækkun sé undir venjulegum kringumstæðum sérmál bændastéttarinnar, ef litið er á hana sem heild. Hún hefir, ef allt gengur sinn eðlilega gang við sjávarsíðuna, aðra möguleika til þess að bæta afurðaverðið, eins og greinilega hefir komið í ljós á undanförnum árum, og vonandi getur enn miðað í sömu átt. Gengislækkun getur heldur ekki að mínum dómi verið stefnumál nokkurs flokks eða manns, af þeirri einföldu ástæðu, að gengislækkun getur aldrei orðið neitt frambúðarúrræði. Hitt er annað mál, að gengislækkun getur verið, undir vissum kringumstæðum, úrræði, sem grípa þarf til, og þá fyrst og fremst, ef framleiðslukostnaðurinn í þeim atvinnugreinum, sem nær eingöngu selja á erlendan markað, er orðinn mjög hár í hlutfalli við afurðaverðið og stórfelld rekstrartöp eiga sér stað, en leiðrétting á kostnaðinum í áttina til þess, sem framleiðslan getur borið, fæst ekki með öðru móti. En það er vitanlegt, að gengislækkun er ekki eina leiðin, sem undir slíkum kringumstæðum kemur til mála. Ef rekstrartöp framleiðendanna við sjóinn eru farin að valda samdrætti í framleiðslunni og þar af leiðandi minnkaðri kaupgetu á mörkuðum bændanna innanlands, þrátt fyrir óbreytt kaupgjald, þá getur gengislækkunin, eða aðrar svipaðar ráðstafanir til að

bæta rekstrarafkomuna við sjávarsíðuna, verið sameiginlegt hagsmunamál allra landsmanna. En menn verða að gera sér glögga grein fyrir, að engin trygging er fyrir því, að gagnið af slíkum ráðstöfunum verði **til frambúðar** fyrir framleiðsluna, vegna þess að kaupgjaldshækkanir og aðrar hækkanir geta étið upp hagnaðinn á stuttum tíma. Öruggasta ráðið til þess að fá samræmi milli tilkostnaðarverðs og afurðaverðs er vafalaust hlutaskipti og aukin samvinna um alla framleiðslu frá því, sem verið hefir. Ef leita á verulegs stuðnings í gengisskráningu fyrir framleiðendurna, verður að athuga rækilega þá leið, sem opinberlega hefir verið bent á og flokksþing framsóknarmanna hefir óskað rannsóknar á, að skapa aukið samræmi milli vöruverðs og peningagreiðslna með því að miða gengi peninganna að einhverju verulegu leyti við verðlag á framleiðsluvörum landsmanna. Það hefir ekki enn verið athugað, hvort sú leið er fær af fjármálalegum ástæðum, en slík athugun þarf að fara fram.

Ég tel mig nú hafa á þessum mínútum sýnt fram á það, **að** frv. þetta er kák eitt, **að** bændaflokksmenn hafa verið og eru manna óheilastir í gengismálinu, að það eru innantóm orð, að með einni saman lækkun krónunnar sé hægt að tryggja til frambúðar afkomu framleiðendanna. Ennfremur, **að** með þeim ráðstöfunum, sem Framsfl. hefir fengið framgengt til hækkunar verðlags á landbúnaðarafurðum innanlands, hefir áunnizt **meira** fyrir bændur en fengizt hefði með gengislækkun, eins og á hefir staðið undanfarin tvö ár.

Ólafur Thors: Frumvarp það, er hér er til umr., frv. til l. um gengisskráningu, sem flutt er af hv. þm. V.-Húnv., mælir svo fyrir, að þriggja manna nefnd ákveði verð hinnar íslenzku krónu í hlutfalli við erlendan gjaldeyri. Á höfuðsjónarmiðið að vera það, að landbúnaður og sjávarútvegur geti borið sig, og á n. að ákveða „meðaltalstilkostnaðarverð þeirrar vöru, sem seld er á erlendum markaði."

Mér þykir nú líklegt, að flm. þessa frv., sem eins og kunnugt er, er mjög töluglöggur maður, muni, ef til kemur, telja sig bæran um að finna út þetta „meðaltalstilkostnaðarverð þeirrar vöru, sem seld er á erlendum markaði", t. d. meðaltalstilkostnaðarverð á rækjum, hrossum, hvalolíu eða prjónlesi, saltfiski og refaskinnum, svo að eitthvað sé nú nefnt af því, sem við flytjum út! En sannast sagna þekki ég engan, sem ég myndi treysta til þess, og eru víst allir sammála um, að þetta er allvandasamt verk. Skal ég að svo stöddu ekki fara nánar út í það atriði.

Það er nú öllum ljóst, að frv. þetta verður ekki samþ. á þessu þingi, og ég held, að ég þori að fullyrða, að flestum sé einnig ljóst, að ákvæði þess eru algerlega ónóg til tryggingar því, sem fyrir hv. flm. mun vaka, og verða þess vegna áreiðanlega aldrei lögfest, hvorki á þessu þingi né öðru. Hv. flm., hv. þm. V.-Húnv., hefir nú lýst því yfir, að hann sé reiðubúinn að samþykkja margvíslegar breyt. á frv., ef með því mætti síðar ná samkomulagi um gengisskráningu íslenzkrar krónu. Ég sé þess vegna ekki ástæðu til að gagnrýna einstök ákvæði frv. til þess þannig að sýna fram á, að þau út af fyrir sig fái ekki staðizt, en læt nægja að segja, að frv. er í mörgum efnum mjög ábótavant, og ber víst fremur að meta það eftir vilja hv. flm. en verkinu sjálfu.

Um það mál, sem að forminu til er tilefni þessara umr., þurfum við sjálfstæðismenn í sjálfu sér ekkert annað eða meira en þetta að segja. Hinsvegar þykir mér rétt að nota tækifærið til þess að víkja lítið eitt að einstökum hliðum gengismálsins, enda þótt þess sé að sjálfsögðu enginn kostur, að rekja þetta flókna og margþætta mál til neinnar hlítar í stuttri ræðu. Mun ég leggja áherzlu á að ræða um þetta mál án allra öfga og þætti nokkurs vert, ef aðrir hv. ræðumenn vildu gera hið sama, vegna þess að á því er full nauðsyn, að málið sé skýrt fyrir þjóðinni meira en hingað til hefir verið gerð nokkur tilraun til.

Gengismálið, eða verðskráning krónunnar, mun ekki hafa verið gert að flokksmáli hér á landi fyrr en nú, ef svo á að skilja, að Bændafl. krefjist þess sem flokkur, að krónan verði nú þegar og viðstöðulaust verðfelld, sem ég þó ekki hefi ástæðu til beint að ganga út frá, enda hefir engin opinber yfirlýsing komið fram um það frá Bændafl., og allra síst um það, hvað mikið eigi að verðfella krónuna, en það verður að telja eðlilegt, að sá flokkur, sem krefst þess, að krónan yrði verðfelld, segði jafnframt til um það, hvað mikið á að verðfella hana. Innan allra flokkanna munu nokkuð skiptar skoðanir um málið, ekki síst þegar kemur út meðal kjósendanna. Sýnist sú skipting oft fara eftir því, hvað hver einstaklingur telur sér sjálfum til hagsbóta, og er það að vísu von, einkum þegar þess er gætt, hve miklum örðugleikum það er bundið að kryfja málið til mergjar. Hitt er svo annað mál, að engan veginn er víst, að menn rati rétt á, með hverju verðlagi íslenzku krónunnar þeirra eigin hagsmunum sé bezt borgið, og skal ég síðar víkja nokkuð nánar að því.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að höfuðatvinnurekstur landsmanna hefir nú um langt árabil átt við mikla örðugleika að stríða. Gildir þetta alveg jafnt um landbúnaðinn sem sjávarútveginn, og raunar um flest það annað, sem landsmenn hafa lífsviðurværi sitt af. Opinberar skýrslur hafa nú á síðari árum verið gerðar í þessum efnum. Þær hafa í opinberum umr. verið margraktar og gefa svo hörmulega mynd af afkomu atvinnulífsins og efnahagsafkomu þjóðfélagsins, að hver einasti hugsandi maður hlýtur að líta með nokkrum kvíða á framtíðina og allar afkomuhorfur þjóðarinnar.

Um nokkurt árabil hefir löggjafanum verið ljóst, að allur þorri atvinnurekenda í þjóðfélaginu er sokkinn í óbotnandi skuldir, en efni þeirra fyrir löngu til þurrðar gengin. Löggjafinn hefir þá líka fyrir sitt leyti ótvírætt látið í ljós þá skoðun, að við svo búið mætti ekki standa. Honum hefir verið ljóst, að eitthvað varð að hefjast handa framleiðendum til framdráttar. Hefir sem kunnugt er verið horfið að því ráði, að reiða fram milljónir úr ríkissjóði til greiðslu á skuldum framleiðenda, en til þess að breyta afkomuhorfum sjálfs atvinnurekstrarins hafa núverandi valdhafar lítið annað gert en það, að hlaða

nýjum og nýjum sköttum ofan á þá skatta, sem áður voru svo þungir, að þeir höfðu þá þegar sligað framleiðsluna. Framleiðendur eru því óðum á ný að sökkva í sama skuldafenið, eftir að þeim hefir verið skilað úr kreppuhjálp löggjafans. Og það er alveg augljóst, að fyrr en varir verður svo komið, að framleiðendur eru að nýju verr farnir en nokkru sinni fyrr, ef ekki breytist fljótlega til batnaðar um hlutfallið milli tilkostnaðar og afrakstrar í atvinnulífi þjóðarinnar.

Það er því ærið umhugsunarefni sérhverjum hugsandi manni, hvað helzt beri að gera til þess að ráða fram úr þeim vanda, er við blasir. Því verður nú náttúrlega ekki neitað, að það er hugsanlegt, að hjálpin komi utan að og án allra fórna af okkar hendi sjálfra í bættu verzlunarárferði, þ. e. a. s. með þeim hætti, að verðlag á útflutningsvöru Íslendinga hækkaði á erlendum markaði, án þess að svipuð verðhækkun yrði á aðkeyptum nauðsynjavörum þjóðarinnar. Hefir þegar orðið nokkur eða allmikil verðhækkun á einstökum útflutningsvörum landsmanna, svo sem síldarafurðum, gærum, ull o. fl., en þó er sú verðhækkun hvorki neitt svipað því nægjanlega mikil né víðtæk, til þess að menn geti á henni einni byggt vonir á úrlausn á þessum erfiðleikum framleiðslunnar, enda hafa líka jafnframt ýmsar erlendar notaþarfir þjóðarinnar hækkað í verði, a. m. k. í fullu hlutfalli við verðlagið á framleiðsluvörunni. Enn sem komið er, er það því alveg ljóst, að viðreisnin verður ekki byggð á því, að utan að komandi hjálp ein nægi í þeim efnum, og þess vegna verður, ef nokkra skynsamlega viðleitni á að sýna í þessum efnum, að leita a. m. k. fleiri úrræða.

Fyrsta og eðlilegasta krafa framleiðenda til löggjafans er sú, að hann létti á skattabyrðinni. Hver einasti munnbiti, sem almenningur leggur sér til munns, er margskattaður ríkissjóði til framdráttar. Sama gildir um allar þær erlendar vörur, sem framleiðslan til lands og sjávar notar til sinna þarfa. Hafa núverandi valdhafar stórhækkað þessa skatta á hverju þingi kjörtímabilsins, og mundi framleiðendum að því hinn mesti fengur, ef að hægt væri að afnema hinar nýju skattahækkanir, þótt ekki væri nema að litlu leyti, ef jafnframt yrðu afnumdir þeir skattar, sem hvíla þyngst á framleiðslunni. En þess er auðvitað engin von, meðan núverandi valdhafar fara með völdin í landinu. Þess er enginn kostur, að afnema skattana, og lækka þar með tekjur ríkissjóðs, nema samtímis verði gerðar ráðstafanir til þess að draga úr útgjöldum ríkissjóðs, en til þessa a. m. k. hafa valdhafarnir ekki verið fáanlegir til þess að ræða um slíkar niðurfærslur, hvort sem nú kosningarótti skerpir skilningarvitin, a. m. k. í bili.

Sé nú að miklu leyti lokað fyrir þessar leiðir, verður ekki komið auga á önnur úrræði en beina kaupgjaldslækkun eða lækkun á verðgildi krónunnar, til þess að hægt verði að færa niður öll þau innlendu útgjöld, sem á framleiðslunni hvíla og miðað er við krónutölu án tillits til verðgildis krónunnar.

Ég hefi ekki ennþá heyrt nokkurn vitiborinn mann halda því fram, að Íslendingar geti rekið framleiðsluna með tapi lengur, úr því sem nú er komið efnahag þjóðarinnar. Enda er það augljóst mál, að þeir, sem lífsframfæri hafa við framleiðsluna, verða, þegar til langframa lætur, að sætta sig við það kaupgjald, sem framleiðslan sjálf getur borið. En ég hefi heyrt marga vitiborna menn, einkum í liði sósíalista, segja, að bein kaupgjaldslækkun komi aldrei til greina án mikilla og skaðlegra átaka í þjóðfélaginu, þótt ekki væri vegna annars en þess, að sósíalistar sjá sér ekki fært vegna samkeppninnar við kommúnista, að segja eða gera það, sem þeim sjálfum er ljóst, að nauðsyn býður í þessum efnum. Ég hefi heyrt þessa sömu menn staðhæfa, að ekki væri hægt að létta af sköttum, svo að neinu næmi a. m. k. Ég hefi séð skína út úr þeim vantrúna á því, að hættandi sé á að treysta á verðhækkun íslenzkra afurða á erlendum markaði, og jafnvel hlustað á játningar þeirra í þessum efnum. Ég hefi heyrt þessa sömu menn viðurkenna, að þá sé í rauninni aðeins tvennt eftirskilið, nefnilega gengislækkun eða samdráttur og hrun framleiðslunnar með því óbotnandi atvinnuleysi og hruni, sem því fylgir. En séu svo þessir menn spurðir, hvora leiðina þeir þá kjósi, ef um tvennt sé að velja, þá hefi ég mjög sjaldan heyrt þá svara, og a. m. k. aldrei nema undir algert þagnarheit.

Þetta sýnir betur en margt annað, hversu gengismálið er örðugt viðfangsefni, a. m. k. á meðan þjóðin hefir ekki gert sér fyllri grein fyrir því en nú er, og skoðanir langflestra miðast að mestu við það, hvað hver einstakur óskar, að verða mætti, til þess að hann sjálfur fyrir sitt leyti gæti séð sínum eigin hag sem allra bezt borgið. En sannleikurinn í þessu máli er sá, að þeir eru áreiðanlega hlutfallslega fáir, sem hafa gert sér rétta grein fyrir því, hvernig fyrir þeirra eigin hagsmunum verður bezt séð í þessum efnum, og enn síður fyrir hinu, að verðgildi peninganna fer ekki eftir óskum manna, heldur gilda þar viss og órjúfanleg lögmál, sem að vísu með nokkurri áhættu er hægt að víkja frá um stundarsakir, en aldrei til langframa.

Langalgengasta viðhorfið til gengismálsins er, að þeir, sem taka kaup í fastri krónutölu, og þeir, sem eiga fé sitt í peningum, eru andvígir verðlækkun á krónunni, en hinir, sem kaupið gjalda eða féð skulda, þó ekki þeir, er skulda fé erlendis, eru fylgjandi lækkun krónunnar, og flestir út frá sínu eigin ímyndaða hagsmunasjónarmiði. Í þessu gætir þó mikils misskilnings. Við skulum t. d. athuga hugsmuni verkamanns, sem vinnur við framleiðsluna á sjó eða landi og lífsframfæri sitt hefir af ákveðinni krónutölu, sem hann fær fyrir þessa vinnu. Það er að vísu rétt, að viðhorfið, sem beinast liggur við og flestir því einblína á, er, að verði krónan felld í verði, t. d. gegn sterlingspundinu, þá mundi kaupmáttur hennar minnka að sama skapi. Slík verðfelling sé því ekkert annað en kauplækkun. Þetta er að sumu leyti rétt. En það er ekki að öllu leyti rétt, og **enn síður þó allur** sannleikurinn. Það er rétt, að verðlag í landinu hlýtur að hækka, ef krónan fellur í hlutfalli við gjaldmiðil þeirra þjóða, sem við kaupum notaþarfir okkar frá. Þó er engin ástæða til að ætla, að verðlagshækkun lífsnauðsynja hér á landi verði í

réttu hlutfalli við verðfall krónunnar, og sýnir reynsla nágrannaþjóðanna að því fer mjög fjarri, að dýrtíð hjá þeim hafi vaxið neitt svipað í hlutfalli við það verðfall, sem orðið hefir á þeirra gjaldeyri. Og enda þótt það verði að játa, að verðlagið hér á landi mun lúta nokkuð öðru lögmáli en verðlag þeirra landa, þá hygg ég þó, að það standist, sem ég áðan sagði, að engin ástæða sé til að gera ráð fyrir, að verðfelling eða verðfall íslenzku krónunnar í hlutfalli við gjaldmiðil viðskiptaþjóðanna þurfi að koma beinlínis og í fullum mæli fram í aukinni dýrtíð í landinu. En hitt er svo aðalatriðið, að enda þótt verðfall krónunnar skaði að einhverju leyti þá verkamenn, sem fasta atvinnu hafa allan ársins hring, sem þó út af fyrir sig er álitamál og rannsóknarefni, meðal annars vegna þess, að áframhaldandi hnignun framleiðslunnar færir að sjálfsögðu voða um atvinnumissi eða atvinnurýrnun einnig yfir þessa menn. Þá eru þó hinir margfalt fleiri, sem búa við stutta, slitrótta og stopula atvinnu, og fyrir alla slíka menn er verðfall krónunnar **beinn og ótvíræður vinningur,** sé krónan ekki felld í verði út í bláinn að nauðsynjalausu og eingöngu til þess að hagna vissum stéttum í þjóðfélaginu án hliðsjónar til hagsmuna heildarinnar. Fyrir alla þessa menn þýðir verðfelling krónunnar sama og **hækkaðar** tekjur. Að vísu ekki hækkað tímakaup, heldur hækkað mánaðarkaup og hækkað árskaup, því með verðfellingu krónunnar mundi þá að sjálfsögðu færast nýtt líf í framleiðsluna, og eftirspurnin eftir vinnuaflinu mundi vaxa að sama skapi. Það er þannig alveg augljóst mál, að sú verðfelling krónunnar, sem á viti er byggð og gerð er af nauðsyn, hlýtur að vera beint hagsmunamál alls þess verkalýðs, er lífsframfæri hefir af framleiðslu útflutningsvörunnar, þó að í nokkuð misjöfnum mæli sé, eftir því hversu langvarandi og trygg atvinna hvers einstaklings er.

Hagur framleiðenda af verðfalli krónunnar er að vísu misjafn og fer nokkuð eftir því, hvort framleitt er fyrir erlendan eða innlendan markað. En þó er það svo, að sé verðfelling nauðsynlegt skilyrði fyrir hallalausum rekstri á framleiðslu útflutningsvörunnar, þá liggur það í hlutarins eðli, að hún er alveg jafnt hagsmunamál þeirra, er vörur selja á innlendum markaði, vegna þess að hún er þá **eina** leiðin til að skapa atvinnu í landinu og þar með kaupmátt á innlendum markaði fyrir þá framleiðsluvöru landsmanna, sem þar á að seljast.

Sparifjáreigendur munu almennt líta svo á, sem þeirra hagur í þessu máli sé alveg auðsær. Hann sé sá, að krónan sé alls ekki felld í verði. En þetta er enganveginn eins augljóst mál eins og virðist við fyrstu sýn. Sparifé landsmanna liggur nefnilega ekki í kjöllurum bankanna. Það er dreift um allt landið og er þar starfandi í atvinnurekstri landsmanna. Bankar og sparisjóðir bera að vísu ábyrgð á sparifénu gegn innstæðueigendum, en sú ábyrgð er að sjálfsögðu einskis eða lítils virði, ef lántakendur reynast almennt óbærir um að greiða skuldir sínar, vegna þess að framleiðslan er rekin með tapi. **Einasta trygging sparifjáreigenda liggur í greiðslugetu lántakanda,** en hún veltur aftur, þegar til lengdar lætur, **einvörðungu** á því, að framleiðslan beri sig. Sú krónulækkun, sem gerð **yrði í þessu skyni, er því, sé hún eina** ráðið til að ná því marki, alveg **augljóst hagsmunamál** sparifjáreiganda.

Ég hefi nú með fáum orðum leitazt við að sýna fram á, að krónulækkun getur verið hagsmunamál bæði kaupþega og sparifjáreigenda, og er undir flestum kringumstæðum til hagsbóta fyrir framleiðendur og þá, sem skulda. Rétt þykir þó að benda á, að sú krónulækkun, sem er óþörf, skaðar eigi aðeins launaþega og sparifjáreigendur á óréttmætan hátt, heldur getur hún auðveldlega skaðað þá framleiðendur, sem framleiða fyrir innlandan markað, vegna þess að sé verðfellingin ekki nauðsynlegt skilyrði fyrir hallalausum rekstri á framleiðslu útflutingsvörunnar, þá eykur hún ekki kaupmáttinn á innlendum markaði, heldur minnkar hann. Slík krónulækkun á því ekki rétt á sér.

Að sjálfsögðu eru mörg önnur hagsmunasjónarmið, sem hægt væri að draga fram og sýna fram á, að margir gera sér skakkar skoðanir um, en ekki þykir þó ástæða til að gera það að þessu sinni, vegna þess að nægjanlegt þykir, að bent sé á, að fullkomin ástæða er fyrir menn að líta á fleira í þessu máli en það, sem beinast blasir við, ef öruggt á að verða, að rétt sé dæmt í málinu, eigi **aðeins** um alþjóðarhagsmuni, heldur og um **eiginhagsmuni.** Heildarsjónarmiðið er þetta: Sé gripið til krónulækkunar sem **einasta** úrræðis, til þess að framleiðsla landsmanna geti borið sig, er verðfellingin **öllum** til hagsbóta, að meðtöldum sparifjáreigendum og þeim, er taka fasta krónutölu fyrir vinnu sína. Þegar svo stendur á, er verðfellingin eigi aðeins afsakanleg, heldur **beinlínis sjálfsögð.** Í öllum öðrum tilfellum er verðfellingin álitamál, og verður jafnan undir mati komið, hvað réttmætt sé eða skynsamlegt að gera í hverju einstöku tilfelli.

Í þessu sambandi þykir hlýða að benda á, að til langframa er ekki hægt að stýra hjá vissum hagfræðilegum lögmálum, sem ákveða verðgildi gjaldeyrisins, svo sem kaupmáttar og jafngengis. Og hitt er víst, að einn mestur voði, sem yfir sérhverri þjóð vofir, í sambandi við verðgildi gjaldeyrisins, er sá, að of lengi sé látið undir höfuð leggjast að breyta verðskráningu, sem í aðsigi er, hvort heldur er upp á við eða niður á við. Af því geta leitt þau ófyrirsjáanlegu vandræði, meðal annars algert verðhrun gjaldmiðilsins.

Ég tel ekki ástæðu til að ræða neitt verulega, hvað núverandi valdhafar hafa gert til að grafa undan verðgildi krónunnar. Þó þykir mér rétt að vekja athygli á því, að frá valdatöku þeirra hefir kaupmáttur krónunnar farið mjög þverrandi, enda hafa þeir gert ýmsar beinar ráðstafanir, sem óhjákvæmilega hlutu að leiða til verðfalls hennar. Leiði ég að sinni hjá mér að ræða þá hlið málsins, er óbeint hlýtur fyrr eða síðar að fella verðgildi krónunnar, svo sem óhóflega mikil útgjöld ríkisins og hallarekstur á allri framleiðslu landsmanna, en bendi á það tvennt, sem beinlínis hefir verðfellt krónuna, — beinlínis er búið nú þegar að verðfella krónuna undir stjórn og handleiðslu núverandi valdhafa, nefnilega skattahækkunina

og verðfallshækkun þá, sem af innflutningshöftunum leiðir og öllum var fyrirsjáanlegt, að af þeim hlyti að leiða. Allur almenningur í landinu finnur á sinni eigin pyngju, hvað kaupmáttur krónunnar hefir fallið mikið vegna þessara beinu ráðstafana valdhafanna, og er stjórnin sek um að hafa verðfellt krónuna, án þess að sú verðfelling hafi orðið framleiðslunni að liði, heldur þvert á móti til hins mesta niðurdreps allri framleiðslu í landinu. Gegn slíkri verðfellingu mælir auðvitað öll skynsemi, enda mun óhætt að fullyrða, að eitt örðugasta viðfangsefni stjórnarliða við í hönd farandi kosningar eru einmitt þeirra eigin afbrot á þessu sviði.

Að lokum vil ég svo víkja nokkrum orðum að afstöðu Sjálfstfl. til verðskráningar krónunnar. Ég leiði þá fyrst athygli að því, að slíkt mál sem verðskráning gjaldmiðilsins getur í framkvæmdinni tæplega verið flokksmál nokkurs stjórnmálaflokks í nokkru landi, beinlínis vegna þess, að menn, sem að öðru leyti hafa sameiginleg hagsmunamál, eða sameiginlegar lífsskoðanir, hljóta alltaf a. m. k. að eiga mjög misjafnra hagsmuna að gæta í þessu máli. Þannig er það innan Sjálfstfl., og þannig er það innan allra annara flokka hér á landi. En þó verður að viðurkenna, að eðlilegt er, að í þessu máli verði vart við tvö grundvallarsjónarmið, nefnilega sjónarmið rauðliða, sem samkv. stefnu sinni neita að viðurkenna eignarrétt einstaklingsins, og sjónarmið hinna, sem efst á sinni stefnuskrá hafa eignarrétt og athafnafrelsi einstaklingsins. Eftir þeim sjónarmiðum væri það eðlilegt, að rauðliðar vildu sæta hverju því færi, sem byðist, til þess að verðfella sparifjáreign landsmanna, og því meir, því betur. Sjálfstfl. hinsvegar telur sig að eðlilegum hætti höfuðmálsvara hinnar síðarnefndu. Sjálfstæðisflokkurinn krefst þess, að virtur sé eignarréttur þeirra manna, sem eiga hús, jarðir, skip eða aðra fjármuni. Sjálfstfl. krefst á alveg sama hátt, að virtur sé eignarréttur þess þjóðfélagsþegns, sem ekkert á nema atvinnu sína, og hins, sem fjármuni sína á geymda í atvinnurekstri þjóðarinnar fyrir milligöngu og á ábyrgð banka og sparisjóða landsins. Sjálfstfl. hefir því alltaf verið, er og mun alltaf verða andvígur sérhverri þeirri krónulækkun, sem ekki grundvallast á óumflýjanlegri nauðsyn þjóðarinnar. Hinsvegar viðurkennir Sjálfstfl. að í þessum efnum sem öðrum verðum við Íslendingar eins og aðrar þjóðir að lúta þeim lögmálum, sem verzlun og viðskipti yfirleitt eru háð, en af því leiðir, að hvenær sem er, jafnt bráðlega sem síðar getur orðið óumflýjanlegt að verðfella krónuna, meðal annars til þess að koma í veg fyrir atvinnuleysi eða algert hrun krónunnar. Slíkar ákvarðanir verða að dómi Sjálfstfl. æfinlega að leggjast á vald þeirra manna, sem þjóðin á hverjum tíma felur æðstu stjórn sinna fjármála, og vill Sjálfstfl. þess vegna, að stjórn þjóðbankans fari með þetta vald í samráði við fjmrh. þjóðarinnar.

Innan Sjálfstfl. eru áreiðanlega ríkjandi mjög mismunandi skoðanir um það, hvort nauðsynlegt sé nú, eins og sakir standa, að fella íslenzku krónuna í verði. Sjálfstfl. þarf þá heldur ekki að taka neina ákvörðun um það í bili, vegna þess að hann er innbyrðis ásáttur um það, að fallast á þá tillögu annara stjórnmálaflokka í landinu, að framkvæmd sé rannsókn á því, með hverjum hætti bezt verði fyrir komið verðskráningu íslenzku krónunnar, og þá jafnframt rannsakað, hvort nauðsyn beri til að verðfella krónuna. Sjálfstfl. leggur áherzlu á, að þeirri rannsókn sé hraðað, og mun á sínum tíma reiðubúinn til þess að taka þeim afleiðingum af niðurstöðu rannsóknarinnar, sem skynsamlegastar og farsælastar eru, ekki fyrir neina eina stétt í þjóðfélaginu, og ekki fyrir neinn einn flokk í þjóðfélaginu, heldur út frá heildarhagsmunasjónarmiði allrar þjóðarinnar. Þá og þá eina verðfelling krónunnar viðurkennir Sjálfstfl. réttmæta, sem er nauðsynleg og óumflýjanlegt úrræði til þess að forða hruni framleiðslunnar og þjóðfélagsins frá því, að verða flag kenninga, þar sem enginn á neitt og enginn má eignast neitt.

***Ásgeir Ásgeirsson:** Árið 1925 var háð mikil barátta um gengismálið, og sú barátta var háð gegn verðhækkun krónunnar. Framsóknarmenn stóðu þá framarlega í þeirri baráttu og óskiptir. Nú eru gerðar kröfur um lækkun krónunnar, og afstaða mín í því máli er sú, að ég vil standa gegn þessum kröfum um lækkun. Í bæði skiptin er sjónarmiðið það sama, að varðveita þá verðfestingu, sem skapazt hafði á undanförnum árum. Ástandið er nú að ýmsu leyti ólíkt því sem það var 1925 og að ýmsu leyti er það bætt. Það er ólíkt að því leyti, að þá átti svo að heita, að viðskiptin væru frjálsari en nú er, og skráning gengisins varð meiri á þeim tíma, þegar viðskiptin voru frjálsari á milli landanna, lágir tollar og litlar hömlur, en á tímum eins og þessum, þegar tollar og hömlur hefta viðskiptin svo að segja milli allra þjóða. En að hinu leytinu hefir mikið áunnizt frá því 1925, og það er að því leyti, að það dettur engum í hug að tala lengur um hið gamla gullgildi krónunnar, og í huga manna er hin íslenzka króna nú slitin úr samhengi við gull, sem í þessu landi hefir aldrei haft þýðingu fyrir okkar gjaldeyri, nema ef til vill helzt til truflunar. Hitt er mikill vinningur, að þjóðin sættir sig nú við að hafa óskráða bráðabirgðakrónu, sem er verðskráð á hverjum tíma, eftir því sem ákveðið er af ríkisvaldinu.

Sú regla gildir nú, að gengisnefnd á að skrá krónuna. Í gengisnefnd hafa bankarnir meirihluta, og ég skal ekki halda því fram, að það sé eðlilegur meirihluti í þessu máli, enda mun gengisnefnd líta svo á, að hún eigi ekki, nema einhver sérstakur vilji sé fyrir hendi, að gera breytingu á gengisskráningunni. Hið raunverulega vald í þessu efni liggur nú hjá þingmeirihlutanum og stj., og þingmeirihl. og stj. hafa ekki beitt þessu valdi til breytinga frá því 1931.

Núverandi gengi hefir þann stóra kost, að það hefir haldið innlendu verðlagi óbreyttu nú í mörg ár, og það er almenn regla meðal allra hagfræðinga, að skrá gengið eftir inn-

lenda verðlaginu, þegar ekki er hægt að samræma hvorttveggja, hið innlenda verðlag og verðlag, sem gildir í öðrum löndum. Það er hin raunverulega verðfesting, þegar hið skráða gengi seðlaútgáfunnar og aðrar slíkar ráðstafanir varðveita óbreytt verðlag, því að það er hið óbreytta verðlag, sem skapar mest réttlæti í öllum viðskiptum manna ár frá ári.

Hv. þm. V.-Húnv. gat þess hér, að ég hefði árið 1931 skrifað um nauðsynina á verðhækkun framleiðsluvaranna í þessu landi. Ég gerði árið eftir nokkra tilraun til þess að skapa slíka verðhækkun ásamt þáverandi landbrh., hv. 10. landsk. En undirtektirnar voru ekki góðar hjá öllum fulltrúum framleiðendanna, og ekki heldur hjá Ed., eins og hún var þá skipuð. Nú er sú verðhækkun komin á, sem ég talaði um, enda var meiningin aldrei sú, að verðhækkunin ætti að halda áfram endalaust. Það hefir líka orðið verðhækkun á erlendum markaði síðan, landbúnaðinum til mikilla hagsbóta. Þegar þess þar að auki er gætt, að landbúnaðurinn flytur inn vörur fyrir meiri gjaldeyri heldur en landbúnaðurinn flytur út fyrir, þá er það bersýnilegt, að landbúnaðurinn sem heild græðir ekkert á gengislækkun. Innlenda verðið mundi, eins og nú er komið, ekki breytast með gengisskráningu, því að nú gilda þau l. í landi, að innlenda verðið er ákveðið af n., sem þing og stj. hafa sett. Og það mundi verða því erfiðara að hækka verð á innlendum markaði á eftir, ef gengið væri lækkað, þar sem kaupgeta fólksins við sjávarsíðuna yrði rýrð mjög með þeim ráðstöfunum. Landbúnaðurinn er einn sá atvinnuvegur hér á landi, auk iðnaðarins, sem hefir hagsmuna að gæta af því, að halda óbreyttu núverandi gengi. Auk þess hafa verkamenn þá hagsmuni, sjómenn yfirleitt og launamenn allir í landinu, þetta er meginið af landsfólkinu.

Það verður ekki heldur annað sagt en sú verðhækkun, sem skapazt hefir nú í seinni tíð, sé ærið nóg. Nægir í því efni að benda á, að á rúmlega ári mun flutningsgjald til landsins á t. d. kolum hafa hækkað um allt að 50%. — Hv. síðasti ræðumaður lagði m. a. áherzlu á, að verðhækkunin, sem orðið hefði, væri orðin nóg, þótt ekki bættist gengislækkun ofan á. Og eftir því, sem hann sagði um þá hluti, þá virðist mér sem ekki muni veita af, að hafa eitthvert eftirlit með álagningu í landinu, t. d. með álagningarskatti, eins og frv. liggur fyrir í þinginu um.

Hinu skal ég ekki neita, að útgerðarmenn, a. m. k. hinir stærri, myndu fá nokkrar kjarabætur gegnum kauplækkun sinna manna, sjómanna og þeirra, sem stunda fiskverkun, við gengislækkun. En er trygging fyrir því, að friður haldist um slíka ráðstöfun? Er ekki hætta á því, að kostnaðurinn af þeim deilum og óróa, sem eðlilega myndi af slíkum ráðstöfunum stafa, myndi vega upp á móti þeirri hagsvon, sem þessir menn gera sér? Ég hygg að gengislækkun sé raunverulega óframkvæmanleg, nema hún væri með samkomulagi og samningum milli aðilja, eins og var t. d. í Danmörku. Þar varð samkomulag um kauphækkun og ýms önnur atriði, og náttúrlega er sú leið hugsanleg líka í okkar landi, en aldrei nema fyrir ríka íhlutun verkamanna og bænda í landinu. Þá þyrfti vitanlega að gera nokkra kauphækkun og setja lágmarkskaup í sumum atvinnugreinum og setja lágmarksvinnutíma, enda er sú röksemd mest notuð, að vinnutíminn myndi lengjast við gjaldeyrisbreytinguna. Ég nefni þetta danska dæmi aðeins sem viðurkenningu á því, að slíkur möguleiki er til. En franska dæmið, sem hér hefir verið nefnt, hygg ég ekki ástæðu til að fara út í, vegna þess að Frakkar búa við allt aðrar kringumstæður en við. Þessi gullauðugasta þjóð í Evrópu stritast við að halda gullinnlausn og gullgildi á sínum gjaldeyri, en óþægindin við þá lausn hljóta að verða meiri hjá smáþjóðum.

Það er ekki annað að gera í okkar landi heldur en að ríkisvaldið beini sínum kröftum að því, að halda eins föstu verðlagi og verða má, eins og ég sagði áðan. Það er engin leið að hafa frjálsa verzlun með gjaldeyri og það er engin leið að ganga inn á þá meginhugsun þeirra manna, sem halda fram lækkun krónunnar, að gjaldeyrisverzlunin eigi alltaf að vera frjáls, eins og kallað er, hvernig svo sem kringumstæðurnar eru. Ef gjaldeyrisverzlunin væri frjáls, þá myndi úr því koma hin mesta ringulreið og óstjórn, sem yfir íslenzkt atvinnulíf og peningaviðskipti hefir komið. Það verður að stýra gjaldeyrinum og stjórna honum og ráðstafa á þann hátt, að við getum haldið því gengi, sem skapar fast verðlag í landinu, og núverandi skráning hefir, eins og ég hefi sagt, haldið verðlaginu föstu um alllangt skeið.

Til þess að hjálpa sjávarútveginum verður að hafa önnur ráð en gengislækkun. Viðvíkjandi landbúnaðinum hafa verið höfð önnur ráð, enda hefði gengislækkun aldrei hjálpað honum, eins og ég hefi tekið fram. Þar hafa verið höfð þau ráð, að skipuleggja markaðinn og skapa verðjöfnuð á stórum svæðum eða um allt landið. Auk þess hefir verðhækkun á hinum erlenda markaði komið til hjálpar. Og líkt þessu verður að fara með sjávarútveginn. Nægir í því efni að vísa til umr., sem fóru fram í gær um ráðstafanir til viðreisnar sjávarútveginum. Þá var bent á margar leiðir, sem gætu orðið til að laga hann eftir hinum nýju kringumstæðum og rétta hann við. Ég skal aðeins endurtaka það, sem ég sagði í gær í þessu sambandi, að miklu nær en lækkun gengisins lægi það, að lækka vextina. — Þá bendir margt til þess, að það megi að skaðlausu hækka seðlaútgáfuna frá því, sem verið hefir undanfarin ár, til þess að örva atvinnu- og viðskiptalíf. Seðlaútgáfan hefir haldizt kringum 10 millj. kr., en þetta er eðlilegt, þegar atvinnuhættir breytast og umturnunartímar eru, eins og undanfarin ár, og þegar fólkinu fjölgar og nýjar atvinnugreinar bætast við, eins og iðnaðurinn, sem þyrstir eftir kapitali. Þetta myndi vitanlega nokkuð snerta sjávarútveginn, og ekki sízt smábátaútveginn, því að slíkt má ekki koma fyrir, að tregða sé sýnd í því, að lána þyrjunarfé til útgerðar t. d. vélbáta, sem gengið hafa gegnum Kreppulánasjóð einmitt fyrir ráðstafanir ríkisvaldsins.

Bæði af þessari og mörgum öðrum ástæðum viðurkenni ég réttmæti ýmsra bankafrv., sem liggja fyrir þinginu, og fylgi þeirri till. um athugun á bankamálum, og einnig á gengismálinu yfirleitt, hlutlausri athugun, sem liggur nú fyrir þinginu.

Það er fjarstæða að ætla, að menn geti verið gengislækkunarmenn almennt eða gengishækkunarmenn alltaf, og það sé ósamræmi, ef einhver brigði eru á milli gengislækkunar og gengishækkunar í till. manna. Slík fjarstæða minnir á skilgreininguna á almennri menntun, að það sé að vita alltaf minna og minna um fleira og fleira, þangað til maður seinast veit ekkert um allt, eða hjá sérfræðingum að vita alltaf meira og meira um minna og minna, þangað til maður seinast veit allt um ekkert. Slíkur hugsunargangur endar í fjarstæðu, og sama er að vera alltaf gengislækkunar- eða gengishækkunarmaður. Það, sem hér er um að ræða, er að skapa öryggi og festu, og gengi, sem hefir staðið ótruflað í 12 ár, hefir jafnan mikinn rétt á sér. Þetta gengi byggist á margskonar réttlæti, sem er byggt á ráðstöfunum, sem hafa verið gerðar á þessum tíma, og bundið við alla þá aðlögun atvinnuveganna, sem orðið hefir á þessum langa tíma. Að breyta gengi, þótt óréttmæt gengishækkun hafi farið fram fyrir 12 árum, til baka af þeim ástæðum, myndi fara nokkuð líkt og viðskiptin hjá Svíanum og Gyðingnum, þegar Sviinn kvartaði undan því, að Gyðingurinn hefði snuðað hann, og Gyðingurinn bauð, að kaupin skyldu ganga til baka, en þá svaraði Sviinn, að ef hann gerði það, þá myndi hann aðeins snuða hann aftur. Slík breyting, sem gerð væri eftir langan tíma, myndi snuða þá aftur, sem voru snuðaðir 1925. Það, sem hér er um að ræða, er að skapa festu í verðlagi, og það gengi er það réttasta, sem hægt er að fá á hverjum tíma.

Forseti (JörB): Upphaflega var ætlazt til, að umferðir yrðu 3, en nú verða þær aðeins 2, vegna þess hvað langt er liðið á tímann.

***Flm. (Hannes Jónsson):** Þar sem þetta verður síðasta umferðin, þá fæ ég ekki tækifæri til að svara þeim ræðumönnum, sem hér koma á eftir, og ég hefi heldur ekki tíma til að taka nema nokkuð af því, sem þeir ræðumenn hafa haldið fram, sem nú hafa talað. Ég skal strax lýsa því yfir, að ég get verið ánægður með þær umræður, sem hér hafa farið fram. Höfuðtilganginum með flutningi þessa frv. hefir verið náð.

Hæstv. ráðh. var undrandi yfir því, að þetta mál skyldi ekki hafa komið til umr. fyrr en nú. Ég á ekki sök á því, hve dregizt hefir, að þessar umr. færu fram í útvarpið, því að ég var fyrir löngu búinn að krefjast þess, að fá útvarpsumræður um málið. En ég skal játa, að ég tók það af dagskránni, þegar það var sett á hana, í upphafi einmitt í þeim tilgangi, að fá útvarpsumræður um málið. Frv. er flutt að þessu sinni einungis til þess að fá umræður um það í útvarpið. Ég hafði reynt á undanförnum þingum að fá þingflokkana til þess að ræða málið, en það hafði ekki tekizt. Þetta var því eina leiðin, sem eftir var, til þess að þjóðin fengi kynnzt því, hvernig hinir einstöku flokkar líta á þetta stórmál.

Það, sem þeir ræðumenn, sem komið hafa fram, hafa sameiginlega fundið að frv. mínu, er, að örðugt muni vera að finna það meðaltalstilkostnaðarverð, sem gengisskráningin á að byggjast á. Náttúrlega er hér ekki um það að ræða að finna eitt og sama tilkostnaðarverð fyrir rækjuveiðar og refarækt, eins og hv. þm. G.-K. talaði um. Náttúrlega verður fyrst og fremst að finna það verð, sem er á framleiðsluvörunni í heild sinni. Vel getur verið, að nokkur mismunur verði þar á innan þessara tveggja aðalatvinnugreina, en við því verður ekki hægt að sporna. Ef sumar þessara atvinnugreina gætu ekki fengið hæfilegt tilkostnaðarverð, yrði það e. t. v. til þess, að þær drægjust saman að meira eða minna leyti, en aðrar, sem næðu frekar í tilkostnaðarverðið, ykju starfsemi sína. Ennfremur gæti það komið fyrir, að ekki fengist samræmi í framleiðsluverði landbúnaðar- og sjávarútvegsvaranna, en það var hugsunin, að setja þá verð gjaldeyrisins hæfilega á milli þessara tveggja póla, svo að hægt væri að fullnægja þeim báðum, þannig að sá, sem verr væri settur, fengi uppbót í þeim hlunnindum, sem hinn atvinnuvegurinn ynni með lækkuðu gengi. Náttúrlega yrði það að takast af honum með tollum eða á annan hátt, og yrði að veita það hinum atvinnuveginum sem styrk, ef það yrði að teljast þjóðarnauðsyn, að halda þeim atvinnurekstri uppi.

Að öðru leyti var það ekki stórvægilegt, sem hæstv. fjmrh. fann að frv. mínu. Hann nefndi það að vísu, að enginn fulltrúi frá ríkisstj. væri í þessari n., en ég vil halda því fram, að þjóðbankinn ætti að hafa þá ábyrgðartilfinningu og ráðh. það vald á stj. hans, að áhrif frá ríkisstj. gætu fullkomlega komið þar til greina.

Út af því, að gengismálið sé ekki flokksmál, þá vildi ég gjarnan mega viðurkenna það. En það, sem liggur til grundvallar þessu gengismáli, er, að fundið sé hið rétta jafnvægi í framleiðslukostnaði atvinnuveganna við söluverð afurðanna. Það hlýtur því í raun og veru að vera flokksmál allra stjórnmálaflokka í landinu, að slíkt jafnvægi haldist í þjóðfélaginu, og ef til eru flokkar, sem ekki vilja stuðla að því, að slíkt jafnvægi haldist, þá eru þeir stjórnmálaflokkar fjandsamlegir þjóðskipulaginu og ættu ekki að hafa leyfi til að lifa sínu pólitíska lífi.

Út af þeim staðhæfingum, sem komið hafa fram um það, að landbúnaðurinn hefði ekki nema tjón af gengislækkun, ef fram ætti að fara, þá vil ég benda á það, að sænski hagfræðingurinn Lundberg gerði ráð fyrir, að íslenzka krónan væri skráð 40% of hátt. Ég skal nú taka dæmi. Ég þekki leiguliða; búið allt, lifandi peningur og dauðir munir, eru að verðmæti um 6 þús. kr. Búið er 3 kýr, 100 kindur (80 ær) og 7 hross. Bóndinn skuldar 4 þús. kr. Kaupfélagið, sem hann verzlar við, selur

allar afurðir hans til útlanda. Hann leggur inn 70 lömb á 15 kr., eða samtals kr. 1050, og 100 kg. af ull, á 2,50 kr., eða kr. 250,00, samtals 1300 kr. Fjölskyldan er kona og þrjú börn, og úr kaupstaðnum fær hann vörur fyrir um 600 kr., en kaupverð þeirra frá útlöndum er ca. 400 kr. Gjöldin verða þessi: landskuld 150 kr., vextir og afborganir 340 kr., útsvar og skattar 50 kr., aðkeypt vinna auk fæðis 300 kr., úttekt 400 kr. + álagning 200 kr. og ýms gjöld 100 kr. Öll gjöldin verða þá samtals 1540 kr. Af þessum 1540 kr. þarf hann að greiða 400 kr. til útlanda. Ég dreg þessar 400 kr. frá verði innleggsins, og þá eru eftir 900 kr., sem bóndinn notar til þess að greiða innanlandsþarfir. Hann vantar þá 240 kr. til að hafa fyrir þörfum. Ef hann hefði fengið 40% meira fyrir afurðirnar, hefði hann 1260 kr. í staðinn fyrir 900 kr., og þá hefði hann 120 kr. afgang, en vantar nú 240 kr. til þess að geta staðið í skilum; í staðinn fyrir 15 kr. fyrir lambið fengi hann 21 kr., og til þess að borga 4000 kr. þarf bóndinn nú að láta 267 lömb, en þyrfti ekki að láta nema 190, ef gengið væri réttlátlega skráð. Þessu dæmi þýðir ekki að mótmæla, ég þekki mörg svipuð.

Það er nú búið að svara sumu af því, sem hv. 9. landsk. var hér með, svo að ég þarf ekki að fara mörgum orðum um hans ræðu. Ég skal þó aðeins lítilsháttar víkja að því, sem hann talaði um í negralíkingu sinni. Hann hefir sennilega haft enska verkamannaleiðtogann Henderson í huga, því að hann mælti með því, að slík leið, gengislækkun, yrði farin í Englandi til þess að tryggja verkamönnunum vinnulaun og öruggt starf. En e. t. v. lítur hv. 9. landsk. svo stórt á sig, að hann telji sig hafa meira vit á þessum málum en leiðtogar verkamanna í öðrum löndum. — Það hefir verið minnzt á það, hvaða ráðstafanir Stauning gerði í þessum efnum, en sjálfsagt ætlaði hv. 9. landsk. þessum flokksbróður sínum ytra að smjatta á sírópinu í skálinni, sem hann var að tala um, en síðan festist það nú á hans eigin skolti öðrum til athlægis og skemmtunar.

Út af því, sem hæstv. ráðh. sagði um afstöðu Bændafl. fyrr á þingi, sérstaklega á því tímabili, sem við hefðum haft aðstöðu til að koma þessum málum áleiðis, þá vil ég minna á það, að á þeim tíma, sem Þorsteinn Briem var ráðh., gerði hann stórfelldar ráðstafanir til viðréttingar landbúnaðinum. Hann undirbjó löggjöf um afurðasöluna og fékk í hendur núverandi stj. Á því þingi voru afgr. l. um Kreppulánasjóð, en okkur var það ljóst, að þetta mál þyrfti úrlausnar við, og héldum fram, að jafnframt þessum ráðstöfunum þyrftu að koma öflugar ráðstafanir til þess að tryggja það, að atvinnuvegirnir gætu verið reknir með góðri útkomu.

En hvaða afstöðu hefir Framsfl. tekið í þessu máli? Hæstv. ráðh. vildi halda því fram, að það væri lítið sagt í frv. mínu og að erfitt væri að framkvæma það. En ég hafði lesið upp ályktun, sem flokkurinn hafði gert og birt fyrir þjóðinni, og eins ályktun, sem flokksþingið gerði í vetur. Hvers vegna er flokksþingið að gera samþykktir um gengismálið og leggja áherzlu á, að n. verði skipuð og að hún skili áliti sem fyrst. Flokksþingið hefir sýnilega litið svo á, að þær ráðstafanir, sem hér er að framan getið, hafi ekki komið bændastéttinni að fullum notum, og þess vegna hefir það viljað ýta á það, að hæstv. ráðh. gerði eitthvað frekara í málinu.

Ég vil að lokum taka það fram, að það er ekkert keppikefli mitt eða annara, sem mest hafa barizt fyrir réttlátri gengisskráningu, að gengið verði fellt. Það má vera svo hátt sem verkast vill. Við krefjumst þess aðeins, að það sé í samræmi við verðlag framleiðsluvaranna og tilkostnað atvinnurekstrarins; ef slíkt jafnvægi helzt, þá er sama, hversu hátt krónan er skráð.

Ég fæ svo ekki tækifæri til að tala hér oftar í kvöld, en ég vænti þess, að menn athugi ræður hv. þm. við þessar umr. og vegi og meti ástæður þeirra með og móti málinu. Ég legg það ótrauður undir dómgreind alþjóðar, hvorir hafi flutt mál sitt af heilli hug, — við, sem erum með réttlátri gengisskráningu, eða hinir, sem vilja berja höfðinu við steininn.

***Emil Jónsson:** Hv. þm. G.-K. hóf mál sitt á því, að lýsa yfir, að hann talaði ekki við hv. 9. landsk. um þessi mál. Aftur á móti taldi hann sig gjarnan vilja tala við mig, og er ég honum auðvitað mjög þakklátur fyrir þá upphefð, en vegna þeirra, sem hlusta, en ekki þekkja takta þessa hv. þm., vil ég upplýsa, af hverju hv. þm. G.-K. vildi ekki tala við hv. 9. landsk., heldur mig. Það var af því, að ég hafði ekkert sagt um þessi mál, og þess vegna var auðvelt að tala við mig um þau, en hv 9. landsk. hafði haldið góða og skýra ræðu, sem erfitt er að vefengja. Þess vegna er það skiljanlegt, að hv. þm. vildi ekki við hann tala.

Hv. þm. G.-K. lagði fyrir mig nokkrar spurningar, t. d. þá, hvort verðfelling frankans í Frakklandi undir forustu Leons Blums hefði verið réttlát. Þessu er til að svara, án þess að farið sé langt út í þau stórpólitísku mál, að frankinn féll ekki með sterlingspundinu árið 1931.

Svo er annað, sem hér kemur til greina, að ásamt með þessari gengislækkun í Frakklandi hafa fylgt launahækkanir, sem vel hafa fyllt upp þessa gengislækkun. Því höfum við sósialistar ekki sett okkur á móti gengislækkun, ef á móti kæmi tilsvarandi kauphækkun. Annars hefir hv. þm. V.-Ísf. svarað bæði þessari spurningu og eins spurningunni, sem hv. þm. G.-K. lagði fyrir mig um Stauning og hans gengislækkun, svo að ég tel ekki þörf á að fara frekar út í það, en mun koma að ræðu hv. þm. G.-K. síðar, ef tími vinnst til,

Þetta mál, sem hér liggur fyrir, gengismálið, er að því leyti örðugra viðfangs en flest önnur, að það er miklu flóknara, torskildara og yfirgripsmeira, þannig að það er fáum gefið öðrum en einstaka fagmönnum að hafa fullkomið yfirlit yfir það. Áhrifa og afleiðinga gjaldeyris-

skráningarinnar gætir svo að segja í öllum viðskiptum á einhvern hátt, beinlínis eða óbeinlínis, og er það hin mesta nauðsyn að athuga það svo vel, svo rólega og svo gaumgæfilega sem kostur er, til þess að óvæntar afleiðingar fljóthugsaðra ráðstafana verði ekki of dýru verði keyptar og beri ekki ofurliði þann stundargróða, sem menn hyggjast að ná með þessum ráðstöfunum. Þess vegna er kannske meir í þessu máli en öðrum ástæða til að hlusta vel eftir því, hvað sérfræðingar segja, sem hafa kynnt sér málin hér heima. Ég finn þess vegna ástæðu til að rekja hér umsagnir hins eina erlenda hagfræðings, Eriks Lundbergs, sem hér á staðnum hefir kynnt sér fjármál okkar Íslendinga og látið í ljós álit sitt á þeim og gengismálinu sérstaklega. Og það er því meiri ástæða til að gera þetta, þar sem hv. flm. þessa máls og hans flokkur, Bændafl., hefir bæði í ræðu og riti látið liggja orð að því, og beinlínis sagt það, að þessi hagfræðingur hafi verið fylgjandi gengislækkun. Hv. flm. kallaði þetta vitni fram, eins og hann orðaði það í fyrstu ræðu sinni hér í kvöld, en það var eftirtakanlegt, að í öllum þeim fimm köflum, sem hann tók upp úr álitum Lundbergs, var hvergi einu orði minnzt á gengislækkun. Ég vek athygli á þessu, til þess að hv. þm. og hlustendur rugli því ekki saman, sem Lundberg segir um gengið, og því, sem hann segir um gengislækkun.

En áður en ég fer út í að greina frá áliti þessa manns, þykir mér rétt að kynna hann nokkuð fyrir hv. þdm. og öðrum hlustendum, þar sem hann er ungur maður og því lítt þekktur. Lundberg var fenginn hingað á vegum skipulagsnefndar atvinnumála, kom hingað haustið 1935 og dvaldi hér þrjá mánuði tæpa og skilaði n., áður en hann fór, ýmsum mjög merkum till. eftir að hafa kynnt sér ástandið eftir föngum. Að valið féll á hann, kom til af því, að prófessor Gunnar Myrdal í Stokkhólmi, sem margir hér kannast við og leitað var til um aðstoð í þessum efnum, gat ekki komið sjálfur vegna annríkis, en mælti með Lundberg sem bezta manninum, sem hann þekkti og völ væri á, en Lundberg var þá starfsmaður í hagfræðideild ríkisbankans sænska og fékk aðeins stutt frí til að fara hingað. — Áður en Lundberg fór hélt hann fyrirlestur á vegum norræna félagsins, sem hann nefndi: „Ísland og viðhorf hagfræðinnar“, og af því að hann kemur þar fyrst inn á þetta mál, sem hér liggur fyrir, skal ég leyfa mér að lesa hér nokkrar línur úr þessu erindi, með leyfi hæstv. forseta: „Séu innflutningsvörur 1929—1930 reiknaðar með núverandi innflutningsverði, mundu þær nema samtals 55—60 millj. kr. Andspænis þessari raunverulegu innflutningsþörf, sem nemur þá eitthvað yfir 55 millj. kr., er gjaldeyrir fyrir eitthvað yfir 40 millj. kr., og til þess að láta þetta fé standast á við eftirspurnina, yrði að hækka erlenda gjaldeyrinn að mati um 40%, og væri það mælikvarði á, hversu íslenzka krónan er nú of hátt metin. — Að sjálfsögðu eru þetta aðeins drög að reikningi, en gæti þó gefið hugmynd um, hversu miklu nemur þessi mismunur á greiðslureikningnum. Og þessar tölur sýna berlega, hversu miklu máli skiptir um starf gjaldeyrisnefndar, og þá jafnframt um þá feiknaörðugleika, sem á því hljóta að vera fyrir henni, að skera niður innflutninginn, þegar verðimegund þrýstingsins er jafnmikil og tölur þessar sýna“. Síðan bætir hann við: „En þótt reiknað sé á þann hátt sem hér hefir verið gert, þá er ekki sjálfsagt, að í því felist, að rétt sé að lækka verðgildi krónunnar. Fyrir Ísland sem hagfræðilega heild eru slíkar ráðstafanir í sjálfu sér gagnslausar. Hið sama gengi (växelkurs) er falið í hlutfallinu milli verðsins í útlöndum á íslenzkum afurðum og verðsins á innfluttum vörum, og þetta hlutfall kemur ekki við verði krónunnar í hlutfalli við annan gjaldeyri. Hinsvegar skiptir gengið miklu máli innanlands um skiptinguna á tekjunum.“ Og síðar í erindinu segir hann: „Segja má, að í gengislækkun íslenzkrar krónu sé ekki annað falið en há tollvernd, þar sem tollurinn renni þó ekki í ríkissjóð, heldur greiðist útflytjendum“. Þá segir hann á einum stað í áliti sínu til n.: „Eins og ástandið er nú á Íslandi, mundu — svo framarlega, sem ríkið skærist ekki í leikinn — allar nýbyggingar og ný fyrirtæki vera nærri óhugsandi, skattar mundu lækka og launalækkanir mundu verða knúðar fram. Að öðrum kosti mundi íslenzka krónan lækka um 20—30%, til þess að framleiðslan til útflutnings geti borið sig og verð innflutningsins hækki.“ Svo bætir hann við: „En hvorug þessi leið getur komið til greina, bæði vegna þess, að þetta er allt of mikil blóðtaka fyrir þjóðina félagslega skoðað, eins og reynsla annara landa hefir sýnt og sannað, og líka vegna þess, að búast má við því, að ef lagt er í ýms ný fyrirtæki til framleiðslu (nýja togara, verksmiðjur til þess að vinna úr útlendum hráefnum o. s. frv.), mundi það laga fjármál landsins út á við, þegar til lengdar lætur.“

Þetta er í stuttu máli álit Lundbergs. Og ég get bætt því við, að mér er mjög vel kunnugt um það af persónulegri kynningu minni við hann, en við unnum saman nærri daglega, meðan hann var hér, að það var mjög fjarri því, að hann teldi það vænlegt fyrir íslenzkt fjálmálalíf, að lækka gengi íslenzku krónunnar. Álit hans á íslenzku fjármála- og atvinnulífi var í stuttu máli þetta: Hann viðurkenndi, að íslenzka krónan væri hærra skráð en vera mundi, ef hún væri frjáls, en taldi ekki rétt að lækka hana af ástæðum, sem þegar hafa verið teknar fram. Hann vildi hafa sterka innflutnings- og gjaldeyrisnefnd, sem takmarkaði innflutninginn við gjaldeyri þann, sem fyrir hendi væri. Hann vildi annaðhvort með álagningarskatti eða með sölu gjaldeyrisleyfa eða með ríkisverzlun takmarka kaupmáttinn á útlendu vörunni. Hann vildi, að ríkisvaldið hefði íhlutun um hina aðþrengdu atvinnuvegi og styrkti þá eftir þörfum, bæði með beinum fjárframlögum, rentulágum og jafnvel rentulausum lánum, og með stofnsetningu nýrra atvinnutækja. Hann var loks mikið á móti háu verði á innlendu framleiðsluvörunum, til þess að eftirspurnin eftir þeim ykist á kostnað útlenda varningsins. — Þetta voru í stuttu máli hans till., og skipulagsnefnd hefir tekið þær allar upp og gert að sínum till.,

enda er þetta sú fjármálastefna, sem núverandi hæstv. ríkisstj. hefir fylgt, að einu atriði þó undanskildu, en það er verðlagning innlendu framleiðsluvörunnar fyrir innlenda markaðinn. Það hefir verið farið inn á þá óheillabraut að mínu áliti og okkar alþýðuflokksmanna, að halda of háu verði á framleiðsluvörum landbúnaðarins með aðstoð ríkisvaldsins, til skaða bæði fyrir neytendur og framleiðendur, en ég skal ekki fara frekar út í það hér; það gefst kannske tækifæri til þess síðar.

Ég hefi með vilja verið svona margorður um afstöðu þessa erlenda sérfræðings til þessa máls, bæði vegna þess, að hann er síðasti erlendi fræðimaðurinn, sem hefir kynnt sér þessi mál eins og þau standa nú, og eins vegna hins, að ég er þess fullviss, að hann var fullkomlega hlutlaus í dómum sínum og byggði þá á fræðilegum grundvelli. Og síðast en ekki síst hefi ég gert það vegna þess, að ýmsir menn, og sérstaklega formælendur þessa máls hér á hv. Alþ. og blað þeirra, hafa verið svo óvandaðir að málflutningi, að þeir hafa talið Lundberg vera fylgjandi gengislækkun, þó að sannleikurinn sé sá, að hann hafi verið ákveðinn andstæðingur hennar.

Þá leiddi hv. flm. frv. annað vitni í þessu máli, og það var vitanlega ég sjálfur og það frv., sem ég hefi borið fram um verzlunarráðuneyti o. fl. Taldi hann, að í því frv. fælist ráðstafanir til gengislækkunar. Þetta er þveröfugt, því að í frv. eru gerðar ráðstafanir til þess að hindra það, að til gengislækkunar þurfi að koma, þar er gert ráð fyrir því, að leggja á vöruskatt, sem að nokkru leyti renni til útflytjenda. Þetta hefir engin áhrif á laun launþeganna og afkomu þeirra.

Ég þarf að sleppa mörgu, því að mér er sagt, að minn ræðutími sé bráðum á enda, en áður en ég lýk máli mínu, vil ég benda á, að það hefir verið lærdómsríkt fyrir hlustendur að veita eftirtekt afstöðu flokkanna til þessa máls. — Hv. þm. G.-K. hélt því fram, að þetta mál væri ekki flokksmál hjá neinum flokki nema Bændafl. Ég get lýst því yfir f. h. Alþfl., að Alþfl. hefir allur og óskiptur hin síðari ár staðið á móti gengislækkun og gerir það óhikað að sínu flokksmáli. Bændafl. hefir líka tekið afstöðu til málsins, en hinir flokkarnir tveir, Sjálfstfl. og Framsfl., hafa enga heildarstefnu í þessu máli. Það er vitað um marga innan þessara flokka, sem eru ákafir fylgismenn gengislækkunarinnar, og það var ekki laust við, að það skyni út úr ræðu hv. þm. G.-K. hér áðan, að gengislækkun væri ekki svo voðaleg, jafnvel launamenn hefðu gott af henni. En auðvitað voru þetta hrein falsrök, en því miður er ekki hægt að fara út í þau hér. Það verður kannske gert annarsstaðar. Hvor stefnan verður ofan á í báðum þessum flokkum, er algert vafamál. Þeir kjósendur, sem vilja hafa hreina línu í málinu, á móti gengislækkun, tryggja það bezt með því að styðja Alþfl. Hinir geta brugðizt til beggja vona báðir tveir.

Annars er náttúrlega eitt öruggt ráð fyrir fulltrúa þessara flokka til þess að hrinda af sér slyðruorðinu, og það er að gefa við þessar umr. skýra og ótvíræða yfirlýsingu um afstöðu flokkanna til málsins. Geta kjósendur reitt sig á, að þeir hafa þá á ákveðnum stað, eða geta þeir það ekki?

Eitt af þeim fáu fyrirtækjum, sem mundu græða verulega á gengislækkun, er hlutafélagið Kveldúlfur, sem á þann hátt fengi bætt hlutfallið á milli eigna sinna og skulda. Væri á þann hátt handhægast að framkvæma þá eftirgjöf, án þess að mikið bæri á. Og kemur þetta ekki eftir kosningarnar, ef þeir fá ráðin? Því fær formaður Sjálfstfl. og Kveldúlfs tækifæri til þess að svara hér á eftir. Það, sem gerir þennan grun enn sterkari, er, hvað þessi þm., hv. þm. G.-K., hefir verið hikandi og lítið sagt um þetta mál, en látið Bændafl. beita sér fyrir því, til þess að afstaða hans væri ekki eins áberandi. Ekkert nema skýlaus yfirlýsing gæti hreinsað flokkinn af þessum grun, og væri æskilegt, að sú yfirlýsing væri svo skýr og ótvíræð, að enginn gæti villzt á henni.

*Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Hv. þm. G.-K. gerði þetta frv. nokkuð að umtalsefni. En mér er ekki vel ljóst, þrátt fyrir gagnrýni hans á því, hvort hann er með eða móti gengislækkun. Það væri æskilegt, að þetta kæmi greinilega fram við þessa umr. Hv. þm. gaf ekki neina skýra yfirlýsingu um það, hver væri stefna Sjálfstfl. í gjaldeyrismálum. Þó var auðheyrt, að flokkurinn áleit gengislækkun geta komið til mála, ef aðrar leiðir væru ekki nothæfar að hans dómi, sem beindust að sama markinu, sem sé að gera afkomuna í fjármálunum á erlendum markaði betri. Ég get skilið, að það sé ekki hægt að gefa yfirlýsingu um það á þessu stigi málsins, hvort flokkurinn er með gengislækkun eða ekki, sérstaklega vegna þess að ég veit, að innan Sjálfstæðisfl. eru skiptar skoðanir um þetta mál, eins og formaðurinn drap á.

Ég ætla ekki að fara langt út í að ræða afstöðu Sjálfstfl. til gengismálsins. En ég ætla að minnast á eitt atriði, sem kom fram í ræðu hv. þm. G.-K., sem þarf leiðréttingar við. Hann sagði, að hinir núverandi stjórnarflokkar hefðu algerlega vanrækt að breyta afkomumöguleikum atvinnuveganna til hins betra. Mér finnst þetta nokkuð stórt til tekið. Ég hygg, að það hafi aldrei á sama tíma verið gert eins mikið til þess að bæta úr sölumöguleikum framleiðslunnar og á þessum árum, sem liðin eru frá síðustu kosningum. Ég hygg, að sjaldan eða aldrei hafi verið sett löggjöf á Alþingi, sem hafi verið meir til bóta fyrir framleiðsluna en afurðasölulögin og aðrar ráðstafanir, sem hafa verið gerðar til þess að styrkja þá atvinnugrein, sem þar um ræðir. Og það hefir aldrei þekkzt fyrr, að sjávarútvegurinn hafi notið beinnar fyrirgreiðslu úr ríkissjóði. En hefðum við náð lengra en hægt var með gengislækkun?

Þá minntist hv. þm. á það, að afstaða mín til þessa máls væri ekki í samræmi við skoðun flokksþingsins og það, sem kom fram hjá flokknum. Þetta er mesti misskilningur. Það, sem flokksþingið síðasta samþ. um þetta mál, var ekkert annað en það, að það vildi láta fara fram rannsókn á því, hvort ekki væri hægt að

finna heppilegri leið til gengisskráningar en undanfarið, sem sé að miða gengið við framleiðsluverð í staðinn fyrir að miða það við sterlingspundið. Þetta vildi flokksþingið láta rannsaka, ef ske kynni, að hægt væri að finna einhverja reglu, sem mætti fara eftir, hvað þetta snertir, og væri þá fengin meiri trygging fyrir því, að gengisskráningin væri að verulegu leyti í samræmi við það, sem þyrfti að vera fyrir þá atvinnuvegi, sem flytja út vörur. Var ræða mín í samræmi við þetta. Ég tók það fram, að undir vissum kringumstæðum gæti gengislækkun komið til greina, þegar ósamræmi væri mikið á milli framleiðsluverðsins og þess verðs, sem fyrir afurðirnar fengist, og það fengist ekki leiðrétt með neinu öðru móti. Ég benti á, að undir þeim kringumstæðum gæti svo farið, að gengislækkun yrði hagsmunamál fyrir alla landsmenn, en hingað til hefir það ekki verið til hagsbóta fyrir framleiðendurna, að þessi leið væri valin í stað afurðasölulaganna.

Þá fór hv. þm. að reyna að verja afstöðu sína og hv. 10. landsk. í þessum málum. Hann sagði, að hv. 10. landsk. hefði gert mikið fyrir bændurna með stofnun kreppulánasjóðs. Það er rétt, að Framsfl. beitti sér fyrir þessu máli, og hv. 10. landsk. var þá ráðh. En hvaða gagn heldur þessi þm., að hefði verið að kreppulánasjóði, ef verðlag á landbúnaðarafurðum hefði verið það sama og hv. 10. landsk. sætti sig við? Hvað margir bændur hefðu þá staðið í skilum með afborganir til kreppulánasjóðs? Þá ætlaði hv. þm. að reyna að bjarga sér út úr þessu með því, að halda því fram, að hv. 10. landsk. hefði undirbúið afurðasölulögin, áður en hann fór frá. Þetta er að sumu leyti rangt og að öðru leyti eitthvað rétt í því. Það var ekki fyrr en flokkurinn var búinn að samþ. afurðasölul., að hv. 10. landsk. vaknaði og lét þau koma fyrir þingið. Nú mætti spyrja: Hvers vegna var hv. 10. landsk. að útbúa afurðasölul? Hvers vegna tók hann ekki þetta úrræði, að lækka krónuna, í staðinn fyrir að undirbúa þessi l., sem hann álítur einskisvirði? Hann gleymdi að skýra frá því. Það virðist þó eftir hans dómi hafa verið einfalt úrræði, og sennilega ekki þurft mikinn undirbúning, ekki nema eitt pennastrik, til þess að hagur bændanna kæmist í lífvænlegra horf.

Það þýðir ekkert fyrir hv. þm. að ætla að bjarga sér út úr þessu á þennan hátt. Þessi framkoma þeirra, meðan þeir höfðu völdin, sýnir heilindi þeirra í þessu máli. Það munu vera fleiri en ég, sem hafa grun um, að ekki sé allt heilt með afstöðu Bændafl. til þessa máls. Hv. þm. G.-K. sagði áðan, að hann hefði enga ástæðu til að ætla, að þetta væri flokksmál Bændafl. Þessi þm. þekkir vel til Bændafl., og ætti honum því að vera kunnugt um, hvað mikið er að marka ummæli bændaflokksmannanna um gengislækkunina.

Hvernig ætlar nú Bændafl. að koma þessu máli fram? Menn hafa heyrt afstöðu sjálfstæðisfl. Hún er í raun réttri óákveðin. Þó verður að líta svo á, að sjónarmið heildsalanna ráði mestu í þeim flokki, þegar til úrslitanna kemur. Ætlar hv. þm. V.-Húnv. að koma þessu máli fram með því að gera bandalag við Sjálfstæðisfl? Mér hefir heyrzt á því, sem farið hefir fram undanfarna daga, að það eigi ekki að vera neitt bráðabirgðabandalag, heldur eitt allsherjar bandalag, eða að Bændaflokkurinn ætli að ganga í Sjálfstæðisfl. fyrir kosningarnar. Þeir ætla sem sé að ganga á mála hjá þeim flokki, sem er aðallega stjórnað af heildsalaklíkunni hér í Rvík, með því skilyrði, að þeir komi fram gengislækkuninni, sem þeir þykjast trúa á, að sé eina úrræðið fyrir sveitabændur þessa lands.

Það mun nú bráðum, eftir því sem bezt verður vitað, draga til þess, að fram fari kosningar. Ég geri ráð fyrir, að menn verði að gera það upp við sig, hvort þessir sameinuðu flokkar, Bændaflokkurinn og Sjálfstfl., eiga að fá hreinan meirihl., eða hvort Framsóknarfl. á að fá aðstöðu til þess að mynda stj. M. ö. o., bændur þessa lands eiga að velja á milli Framsóknarfl., sem undanfarin ár hefir unnið að því, að hækka verðið á landbúnaðarafurðum, og hv. 10. landsk. og hans fl., undir stj. heildsalaklíkunnar í Rvík, sem hreyfði hvorki legg né lið, þegar hún fór með völdin og verst stóð á fyrir bændunum.

Ólafur Thors: Það sýnir alvöruleysi Alþfl. í þessu máli, að maður eins og hv. 9. landsk. er af flokksins hendi sendur til að halda á málinu.

Þessi þm. tók að sér að sanna, að verðfelling frankans, sem Alþýðublaðið lofaði og prísaði, ætti ekki skylt við verðfelling ísl. krónu. Rökin voru þau, að í Frakklandi hefðu sósíalistar ráðið þessu, og það væri ávallt hættuminna! Þessu læt ég ósvarað; það svarar sér vel sjálft. En um þau höfuðrök hv. 9. landsk., að barnaskapur sé að halda, að of hátt verðlag krónunnar komi fram í óhagstæðum verzlunarjöfnuði, læt ég nægja að leiða athygli að því, að með slíkum rökum sannar hv. 9. landsk. það, að honum er málið með öllu hulin ráðgáta, því að það veit hver einasti maður, sem þekkir upphafsstaf þessa stafrófs, að fyrsta, beinasta og eðlilegasta afleiðing ofmetins gjaldmiðils er einmitt óhagstæður verzlunarjöfnuður.

Ég sá, að menn brostu, þegar hv. 9. landsk. fór að hjala um „hina heiðarlegu“ krónu. Ekki veit ég af hverju. Kannske hafa sumir verið að hugsa um Stauning, sem á einni nótt verðfelldi dönsku krónuna um 20% og bannaði jafnframt verkföll. Öðrum hefir ef til vill dottið í hug, hvernig fer, ef krónunni er haldið of lengi í of háu mati, en líklega var það orðið „heiðarlegur“, sem allt í einu varð hlægilegt.

Þessi hv. þm. sagði í dag um hv. 2. þm. N.-M., að hann kynni að hugsa, en ekki að lesa. Myndi ekki ræða hv. 9. landsk. í þessu máli hafa gefið tilefni til að snúa þessu við og heimfæra það svo upp á hann sjálfan?

Hv. þm. V.-Húnv. sagði, að ég hefði barizt fyrir gengislækkun. Ég hefi ekkert látið uppi í þeim efnum. Hitt er rétt, að 1925 barðist ég fast móti gengishækkun og átti mestan þátt í því, að hækkunin var stöðvuð.

Hæstv. fjmrh. kvartaði yfir því, að ég gæfi

ekki skýra yfirlýsingu um það, hvort Sjálfstfl. er með eða móti gengislækkun. Sagðist hann ekki skilja, að ekki væri hægt að skýra frá stefnu flokksins. En sjálfur sagði hann í sinni fyrri ræðu, að gengislækkun gæti aldrei verið stefnumál nokkurs flokks. Ég tek undir þetta. Út af fyrir sig getur og má enginn flokkur gera gengislækkun að stefnumáli, enda þótt allir flokkar geti neyðzt til að beygja sig fyrir staðreyndum viðskiptalögmálsins og samþykkja gengislækkun. En úr því ráðh. hefir þessa skoðun, — hvað er hann þá að spyrja út í loftið.

Hæstv. fjmrh. hældist um af því, að aldrei hefði verið meir gert fyrir atvinnulífið en nú. Verkið lofar þá líka meistarann, því að hér er nú allt í rústum, sem líka er von, bæði vegna skattþungans og ófrelsisins.

Ráðh. færði úr lagi ummæli mín um Bændafl. En úr því að ég nú er orðinn svona merkilegt vitni, — vill ráðh. þá ekki færa fram einhver ummæli mín um stjórnarliða? Þau eru mikið skeleggari, og þar skilst allt, þótt ekkert sé úr lagi fært.

Rök hv. þm. Hafnf. voru fremur fátækleg. Hann réttlætir fall frankans með því, að það hafi orðið að fella hann til að koma í veg fyrir það, sem verra var. En hver talar um að fella gjaldeyrinn að nauðsynjalausu? Þá sagði hv. þm. Hafnf., að Blum hefði hækkað kaupið sem svaraði verðfalli frankans. En þetta er mikill misskilningur. Kauphækkunin nam aðeins broti af verðfalli frankans.

Hv. þm. Hafnf. segir, að Alþfl. sé allur og óskiptur á móti gengislækkun. En hið sanna er, að með aukinni dýrtíð, sem beinlínis stafar frá löggjöf, sem Alþfl. hefir borið fram og samþ., er búið að stórfella krónuna. En auk þess ber hv. þm. Hafnf. sjálfur fram nú á þessu þingi nýtt frv. um 15% gengisfall krónunar þ. e. a. s. um hinn nýja 15% skatt á allan innflutning. Skýrari og hiklausari yfirlýsingu í þessu máli getur enginn flokkur gefið. En hitt er þá líka heppilegast, að Alþfl. skiljist sem fyrst, að gegn slíkum staðreyndum dugir ekkert kosningahjal eins og það, sem hv. þm. Hafnf. hefir hér í frammi.

Það situr alveg sérstaklega illa á hv. þm. Hafnf. að vera að brigzla Kveldúlfi um gróða af gengislækkun vegna skulda félagsins, því að allir vita, að hans eigið félag, Bæjarútgerð Hafnarfjarðar, er svo margfalt verr stætt.

Hv. þm. Hafnf. spurði, hvernig sjálfstæðismenn ætluðu að hindra gengisfall, úr því að flokkurinn væri klofinn í málinu. En hvernig ætla þá sósialistar að vernda krónuna í samvinnu við Framsókn, sem alveg er klofin í málinu og í hvoruga löppina þorir að stíga í því?

Hv. hlustendur, sem hlýddu á umræðurnar hér í hv. deild í gær, fengu nú með öruggri vissu leyst úr þeirri spurningu, sem lengi hefir verið í margra huga og nú síðustu vikurnar á hvers manns vörum:

Verður þingrof?

Já, það verður þingrof.

Hæstv. atvmrh. skýrði frá því, að sósialistar krefðust, að ríkisrekstrarfrv. þeirra yrðu samþ., ella teldu þeir grundvöllinn vera undan samvinnu stjórnarflokkanna, og hæstv. forsrh. lýsti yfir því, að inn á þá braut myndi Framsfl. aldrei ganga. Báðir minntust hinna stórkostlegu sameiginlegu afreka, sem helzt var að skilja, að bjargað hefðu þjóðinni úr ógöngunum, leitt hana yfir eyðimörkina og í hið fyrirheitna land, þar sem enginn er atvinnulaus og allir skattar hvíla eingöngu á þeim ríku, — og það alveg jafnt þótt búið sé að reita allt af öllum, svo að enginn sé ríkur —, eins og lofað var fyrir kosningarnar og í málefnasamningi við stjórnarmyndunina. Báðir þökkuðu klökkir fyrir samvinnuna, virtust ferðbúnir úr sambýlinu, en enn hefir þó hæstv. atvmrh. ekki sagt af sér, og er talið, að þing muni rofið mjög bráðlega, líklega á þriðjudag eða miðvikudag næstkomandi, en stj. þó ekki segja af sér, heldur sitja við völd fram yfir kosningar, hvað sem þá tekur við, og mun margur telja hæpið, að slíkt sé í samræmi við venjur.

Ég tel ástæðulaust, að við sjálfstæðismenn blöndum okkur í heimilisástæður á stjórnarbúinu. Okkur skiptir það litlu, hvorum flokknum tekst betur að telja kjósendum trú um sitt eigið sakleysi í samvinnuslitunum. Við vitum, að þar er hvorugum neitt að kenna, því að báðir eru saklausir. Hér er ekki svikið með kossi, heldur er verið að kyssast í laumi, og er allt í bezta bróðerni bak við tjöldin.

Við Sjálfstæðismenn höfum lengi vitað um hvað til stóð, og minni ég í því sambandi á skrif blaðs Sjálfstfl. í nóvember og desember síðastl., þar sem skýrt og greinilega var sagt fyrir það, sem nú er orðið. Við höfum líka vitað, hvað liggur til grundvallar fyrir þingrofinu, og nýverið staðfesti einn þm. stjórnarliða mest af því.

Stjórnarliðar eru að vísu þreyttir og vonlitlir um sigurvænlega viðureign við örðugleika þá, sem framundan eru. Samt sem áður vilja þeir ekki sleppa völdunum, og getur hver gert sér þá grein fyrir því, sem honum þykir líklegust. Hinsvegar er þeim ljóst, að dragist kosningar í eitt ár enn, verða afleiðingar gerða þeirra komnar í ljós svo berlega, að þeir hafa þá engar sigurvonir.

Þetta er hin raunverulega ástæða til þess ósamkomulags, sem nú ríkir á yfirborðinu milli stjórnarflokkanna. Þeir hafa tekið þá sameiginlegu ákvörðun, að enda þótt veikar vonir standi til sigurs, skuli hætta á, hversu til tekst við kosningar nú, beinlínis vegna þess, að þeim er ljóst, að næsta sumar standa ekki allra minnstu vonir til sigurs fyrir þá.

Við Sjálfstæðismenn fögnum því, að kosningar eru framundan.

Í tíu ár höfum við barizt við rauðliða og lengst af engu ráðið um stjórnarfar og löggjöf, þrátt fyrir það, að atkvæðatala flokksins hefir verið helmingi hærri en nokkurs annars flokks í landinu. Á þessum tíu árum hefir sigið lengra og lengra á ógæfuhliðina. Eignir þegnanna hafa gengið til þurrðar, og jafnframt hafa erlendar skuldir þjóðarinnar margfaldazt. Eignarrétturinn má heita afnuminn, en frelsið til athafna lagt í læðing, svo að vart getur talizt, og raunar allsendis ekki, að nokkur sjálfstæð atvinna verði

hér rekin án þess að allt, sem á mestu veltur um afkomuna, sé dregið úr höndum aðilja og lagt á vald opinberra embættis- og sýslunarmanna. Auk þess höfum við sjálfstæðismenn orðið að sæta margvíslegum rangindum og þola það, að önnur lög gangi yfir okkur en fylgifiska valdhafanna. Nú gefst okkur tækifæri til þess að hrista klafann af okkur. Nú gefst okkur færi á að hrinda af höndum okkar þeirri kúgun, sem þjáð hefir okkur og þjakað í áratug.

Sjálfstæðismenn um land allt. Baráttan er framundan. Við göngum til kosninga á miklum alvörutímum. Enn sem komið er höfum við hér syðra ekki nægileg gögn utan úr sveitunum um kjörfylgið til þess að geta dæmt um, hversu þær kosningar muni fara. Hitt, hvað við tekur, ef stjórnarliðar sigra, þekkið þið af reynslunni. Það er ennþá hægt að sigrast á örðugleikunum, bæði út á við og inn á við, ef menn þora að mæta þeim með opnum augum og takast á við þá. Það ætlum við Sjálfstæðismenn enn að gera, ef við sigrum. Þess vegna m. a. er sigur Sjálfstfl. sigur þjóðarinnar.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 43. fundi í Nd., 19 apríl, var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15:3 atvk. og til fjhn. með 22 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

26. Fasteignamat.

Á 20. fundi í Nd., 17. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um fasteignamat (þmfrv., A. 80).

Á 22. fundi í Nd., 19. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 23 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

*Flm. (**Páll Zóphóníasson**): Herra forseti! Þau l., sem nú gilda um fasteignamat, eru frá 1915, 1922 og 1931. Í þessum l. er ætlazt til þess, að fasteignamatsnefndir séu í hverri sýslu, sem með 10 ára millibili meti allar fasteignir með tilliti til skatts, sem af þeim sé greiddur. Ennfremur er í þeim ætlazt til þess, að yfir þessari n. starfi yfirmatsm. í hverju umdæmi, sem yfirfari mat undirfasteignamatsn., lagfæri það og samræmi. Síðan l. um þetta frá 1915 voru samþ., hafa farið fram tvö fasteignamöt. Það hefir sýnt sig við framkvæmd þeirra beggja, að það hefir verið mjög mikið ósamræmi í matinu, sérstaklega milli lögsagnarumdæma. Til þess að ráða bót á því, var horfið að því ráði, að setja nokkurskonar landsyfirmatsn. til þess að breyta mötunum og samræma þau. Þetta hefir að einhverju leyti tekizt. Þó er mér það ljóst af starfi mínu í landsyfirfasteignamatsnefndinni síðari, að þetta takmark hefir ekki náðst til fulls með landsyfirmatsn., enda þótt matið hafi í sumum matsumdæmunum verið lækkað um ⅓ til samræmingar við önnur umdæmi

Í l. þeim, sem nú gilda um fasteignamat, er ætlazt til, að á milli aðalmatanna, sem eiga að fara fram með 10 ára millibili, skuli fara fram millimöt, sumpart á nýbyggingum, og í öðru lagi geta þau farið fram, sé þess óskað af eiganda eða því opinbera, af því að fasteignir hafi breytzt vegna ytri skilyrða, sem taka verður til greina í mati. Þessi möt eiga nú að framkvæmast af úttektarmönnum og hreppstjórum eða, þar sem þeir eru ekki, af sérstökum til þess kjörnum mönnum. Svo mikið sem ósamræmið hefir nú verið í aðalmötunum, þá hefir þó ósamræmið í millimötunum verið miklu meira, því að þar munar stundum meira en helmingi, sem hús eru misjöfn í mati, þótt þau séu jafnvel byggð eftir sömu teikningu og séu að því er virðist eins eða ákaflega lík. Í þessu frv., sem hér liggur fyrir til umr., eru í fyrsta lagi færð saman l., sem til eru um fasteignamat, og í öðru lagi er með því reynt að ráða bót á þeim göllum, sem komið hafa fram í matinu, án þess þó að aukin séu útgjöld ríkissjóðs. Þvert á móti mun það fyrirkomulag, sem hér er gert ráð fyrir, spara ríkissjóði útgjöld. Það, sem horfið er að með þessu frv., er fyrst og fremst það, að leggja niður yfirmatsn. heima í sýslunum. Yfirmötin heima í sýslunum breyta yfirleitt lítið undirmötunum, og þegar þau breyta undirmötunum, þá eru þær breyt. sízt til bóta. Við síðasta fasteignamat var undirmötunum aðeins á þrem stöðum breytt verulega af yfirfasteignamatsnefndum í sýslunum. En þegar svo landsyfirfasteignamatsnefnd fór að lesa yfir plöggin, komst hún að þeirri niðurstöðu, að undirmatsnefndirnar, sem komið höfðu á hverja einstaka fasteign og skoðað hana, væru yfirleitt miklu nær því rétta í matinu heldur en sýslumatsnefndirnar, sem höfðu heima hjá sér breytt þessum mötum án sérstaks kunnugleika á málunum. En þessi sýsluyfirmöt hafa kostað milli 16000 og 17000 kr. í annað skiptið, er fasteignamat hefir verið framkvæmt, en um 20000 kr. í hitt skiptið. Þetta fé mun fyrst og fremst sparast með þeirri breyt., sem hér er farið fram á.

Ég geri nú ráð fyrir, að eitt af því fáa, sem færa má fram því til gildis, að hafa þessi yfirmöt heima í sýslum, sé það, að hægra sé fyrir menn, sem óánægðir eru með undirmötin, að skjóta málum sínum til þeirra heldur en til yfirfasteignamatsn. þeirrar fyrir allt landið, sem gert er ráð fyrir í frv. þessu, að vinni að því, að samræma mötin um leið og þau verða framkvæmd þannig, að hún hafi hönd í bagga með, á meðan undirmatsn. starfa, til þess að fá mötin sem bezt samræmd. En eins og nú er komið staðháttum og samgöngum hér á landi er ekki hægt að segja annað en að kvörtunum yfir ósamræmi á milli mata á jörðum sé vel hægt að skjóta til slíkrar n., þannig að þess

vegna sé ekki þörf á yfirmatsn. heima í sýslunum. Auk þess, sem þessari yfirfasteignamatsn. fyrir allt landið er ætlað að vera í verki með um undirbúning undirmatanna og samræming þeirra, á meðan verið er að framkvæma þau, er henni líka ætlað að samræma undirmötin, því að eins og tekið hefir verið fram, er í frv. till. um að leggja niður sýsluyfirmatsnefndirnar. Þar að auki er formanni yfirfasteignamatsn., sem gert er ráð fyrir, að verði fastur maður, falið að vera yfirmaður þeirrar n., sem framkvæmir millimöt hér í Reykjavík. En þau möt hafa kostað ríkissjóð 4000 til 7000 kr. á ári hverju. Sá kostnaðarliður mun því sparazt, verði frv. þetta að lögum. Það sparazt því á hverjum 10 árum 20000 til yfirmatsnefnda og 40000 til 70000 til millimata í Reykjavík. Í staðinn koma aftur útgjöld við landsyfirfasteignamatsnefndina.

Auk þess, sem aðaltilgangur frv. þessa er sá, að fá meira samræmi í mötin og minnka kostnað við framkvæmd þeirra, þá er líka hugsað, að með breyt. frv. á skipun þessara mála fáist betri grundvöllur en nú er til undir framtal manna til eignaskatts. Nú er það svo um fjöldamargar jarðir hér á landi, að í matinu kemur ekki fram nema hús og land, og út í dálkinn „alls“ samanlagt verð þess og meira ekki. En oft eru húsin eign jarðareiganda að nokkru leyti, en ábúanda að öðru, og er ætlazt til, að það verði nú sundurliðað. Þar að auki er oft mikið álag, sem hvílir á jörðum. Mesta álag, sem hvílir á jörð hér á landi, mun vera mikið á þriðja þús. kr. En þessar eignir koma hvergi fram í matinu nú. Þessar eignir, álag á jörðum, er gert ráð fyrir með þessu frv., að séu teknar til greina við fasteignamatið, til þess að bæði yfirskattan. og aðrir geti haft þær til hliðsjónar við störf sín.

Ætla ég svo ekki að hafa fleiri orð um frv. að sinni. Ég geri ráð fyrir, að ýms atriði þess skýrist betur við 2. umr. — Þótt þetta mál sé að nokkru leyti landbúnaðarmál, þá snertir það einnig marga aðra en þá, sem við landbúnað fást. Þess vegna finnst mér málið eiga helzt heima hjá fjhn., og geri ég það að till. minni, að frv. verði að umr. lokinni vísað til þeirrar n.

Að síðustu vil ég svo benda hv. þdm. á það, að nú nálgast óðum sá tími, er næsta fasteignamat á fram að fara, eigi því að verða lokið fyrir árið 1940, eins og lög mæla fyrir. Þess vegna má ekki dragast, að lög verði sett um fasteignamatið, sem tryggi betur en núgildandi lög, að meira samræmi komi fram í fasteignamötum, bæði landsmötum og millimötum; en í hinum síðarnefndu á sér stað hið mesta ósamræmi, eins og nú standa sakir. Ég geri ráð fyrir, að allir hv. þdm. líti eins á það mál og ég, að þetta beri að reyna að tryggja.

Bjarni Ásgeirsson: Ég vil aðeins láta þess getið, að mér finnst eðlilegast, að þetta mál fari til landbn., því að það er í aðalatriðum landbúnaðarmál. Vil ég því gera það að till. minni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til fjhn. með 15:4 atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

27. Útgerðarsamvinnufélög.

Á 20. fundi í Nd., 17. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um útgerðarsamvinnufélög (þmfrv., A. 86).

Á 22. og 23. fundi í Nd., 19. og 20 marz, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 24. fundi í Nd. 22. marz, var frv. enn tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 20 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

***Flm. (Bergur Jónsson):** Þetta mál hefir verið flutt á tveim undanförnum þingum. Við flm. væntum þess því, að það fái afgreiðslu nú. Tilefni frv. er það, að 1934 hafði verið gert mikið að því, að veita útgerðarsamvinnufélögum í ýmsum bæjum og hreppum ríkisábyrgð. En þingið sá, hvílík hætta var í þessu fólgin fyrir ríkissjóð, og því var tekið fyrir þetta. En með þessu frv. er tilgangurinn sá, að svo rækilega sé frá þessum félögum gengið, að óhætt sé að veita þeim meiri lán en öðrum útgerðarfyrirtækjum. Þetta á að tryggja einkum með sjóðstofnunum og eftirliti með félögunum.

Það er vilji okkar flm., að þetta frv. gangi fram óbreytt, þótt við tökum auðvitað vinsamlega öllum bendingum um breytingar til bóta. Við viljum með þessu frv. bæta úr því misrétti, að aðeins félög á einstökum stöðum á landinu fái ríkisábyrgð, en ætlumst til, að frv. hafi þau áhrif, ef það verður að lögum, að allsstaðar á landinu séu möguleikar til þess, að félög geti fengið ódýrari lán en önnur útgerðarfyrirtæki.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til sjútvn. með 21 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

28. Fiskveiðasjóður Íslands (frv. BJ o. fl.).

Á 7. fundi í Sþ., 16. marz, var útbýtt frá Nd:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 46 19. maí 1930, um fiskveiðasjóð Íslands (þmfrv., A. 87).

Á 22. og 23. fundi í Nd., 19. og 20. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 24. fundi í Nd., 22. marz, var frv. enn tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 17 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

*Flm. (Bergur Jónsson): Frv. þetta stendur í beinu sambandi við frv. á undan. Ég sé ekki ástæðu til þess, þar sem það hefir legið hér fyrir þrisvar áður, að orðlengja frekar um það. Frv. er borið fram í því skyni að tryggja. félögunum nægilegt fé til starfsemi sinnar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til sjútvn. með 21 atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

29. Framfærslulög.

Á 20. fundi í Nd., 17. marz var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á framfærslulögum nr. 135 31. des. 1935 (þmfrv., A. 93).

Á 22. og 23. fundi í Nd., 19. og 20. marz. var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 24. fundi í Nd., 22. marz, var frv. enn tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 21 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar

*Flm. (Stefán Jóh. Stefánsson): Eins og segir í grg., var borið fram á síðasta þingi frv. til breytingar á framfærslulögunum frá 1935. Í þessu frv. felast sumpart þær breytingar og sumpart nýjar til viðbótar. Frv. okkar komst í fyrra til Ed. og gekk þar í gegnum 2 umr., en af því að því var neitað um afbrigði, varð það ekki útrætt, þótt allt virtist benda til þess, að það ætti nóg fylgi.

Ég þarf ekki að fara ýtarlega út í einstök ákvæði frv., enda var það rætt töluvert í fyrra bæði hér og í Ed. Ég mun því aðeins víkja að viðbótarbreytingunum síðan í fyrra. B-liður 5. gr. var ekki í frv. í fyrra, en þar er lagt til, að lögbundið verði, að framfærslunefnd sé skylt að hlíta úrskurði ráðh., ef á greinir í framfærslumálum. Þetta ákvæði er borið fram vegna þess, að framfærslunefndir, einkum hér í Rvík, hafa oft haft úrskurði ráðh. að engu og þannig neytt fátækt fólk til að leita til dómstólanna, sem því er bæði seinleg leið og dýr. Réttur bæjarstjórna og framfærslunefnda til að leita til dómstólanna, eins og áður, er hinsvegar óskertur. 2. brtt. er breyt. á 35. gr. Þar er ráðh. heimilað, að fengnum till. bæjarstjórnar í Reykjavík, að setja reglur um tilhögun á framfærslumálum Reykjavíkurbæjar. Framfærslumálin í Rvík eru annars eðlis en annarsstaðar, þar sem höfuðstaðurinn er sökum fólksfjölda ekki sambærilegur við önnur framfærsluhéruð landsins. Í gr. segir svo: Í reglugerð þessari má ákveða um sérstakan mælikvarða við úthlutun framfærslueyris, svo og um sérstaka dómnefnd, er úrskurði til fullnustu kærur út af ákvörðunum framfærslunefndar. Auðvitað má þó skjóta ágreiningi til dómstólanna eins og áður. Reglur um framkvæmd framfærslumálanna í Rvík hafa verið harla ófullkomnar, og við álítum, að þær þyrftu að vera fyllri. Þannig álítum við, að þyrfti nýjan sérstakan mælikvarða við úthlutun framfærslueyrisins, svo sem ákveðna upphæð fyrir fæði og húsnæði. Fátækranefnd hefir ákveðið fyrir mörg ár vissan aurafjölda fyrir fæði á dag, og þessum reglum er að sumu leyti fylgt enn. Þessar reglur álítum við, að þurfi að endurskoða. Um dómnefndina er það að segja, að leiðin til stjórnarráðsins hefir oft orðið fátæklingum seinfær. Þar liggur fyrir mikið af erindum, og framfærsluerindi verða oft lengi að bíða afgreiðslu. Við viljum því, að stofnuð sé dómnefnd í framfærslumálum, er sambærileg sé við húsaleigunefndina, er eitt sinn starfaði hér og jafnaði ágreining í húsaleigumálum. Ég held, að með þessu fengist meira samræmi og fljótar gengi að fá úrskurðað um ágreining.

Í 8. gr. eru tvær nýjar smábreytingar. Í 44. gr. er gert ráð fyrir, að innansveitarmenn einir geti kært útaf framfærslumálum. En við setjum í stað þess „félög og einstaklingar". Þannig mættu þá góðgerðafélög eða einstaklingar í Rvík kæra yfir vondri meðferð á framfærsluþurfa í Seltjarnarneshreppi. Hin breytingin er á þá leið, að lögreglustjóri megi fella úrskurð um aðstoð eða hjálp til bráðabirgða, að fram kominni kæru út af meðferð á framfærsluþurfa, og skuli þá hlutaðeigandi sveit greiða kostnaðinn. Ég veit til þess, að fólk, sem hefir t. d. verið borið út úr húsum, hefir leitað til lögreglustjóra um hjálp og fengið hana stundum, en hann hefir kvartað yfir því, að sig brysti heimild í lögum til þess að veita hjálp í slíkum tilfellum.

Þá er brtt. við 62. gr. Hún er á þá leið, að ef móðir barns giftist, er meðlag hefir tekið eftir dauða barnsföður samkv. 61. gr., eða móðir barns, sem meðlag hefir fengið frá dvalarsveit sinni að barnsföður lifandi, megi hún leita til valdsmanns til að úrskurða það, hve mikið henni beri, eftir að hún hefir gifzt. Til skamms tíma hefir verið talið, að slíkar mæður ættu rétt til styrks af framfærslusveit sinni eftir sem áður, en sá praxis hefir nýlega verið skorinn niður með hæstaréttardómi, og þykir okkur því rétt að fá um þetta nýjar reglur. Við viljum ekki slá því föstu, að þessar mæður eigi þennan rétt, ef þær giftast efnamönnum. En ef slík móðir giftist efnalitlum manni, teljum við ekki rétt, að hún glati þeim rétti, er hún hafði áður en hún giftist.

Ég vil að lokum mælast til þess, að frv. verði vísað til 2 umr. og allshn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til allshn. með 17 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar

---

30. Iðnlánasjóður.

Á 20. fundi í Nd., 17. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um iðnlánasjóð (þmfrv., A. 95).

Á 22. og 23. fundi í Nd., 19. og 20. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 24. fundi í Nd., 22. marz, var frv. enn tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið.— Deildin leyfði með 19 shlj. atkv. að það væri tekið til meðferðar.

***Flm. (Emil Jónsson):** Tilgangi þessa frv. er lýst í fám orðum í 1. gr., þar sem segir svo:
„Tilgangur iðnlánasjóðs er að efla og styðja iðnað og iðjustarfsemi landsmanna með hagfelldum lánum. Skal lánveitingum úr sjóðnum hagað með það fyrir augum, að sem beztur gjaldeyrisjöfnuður náist á hverjum tíma.
Síðar í frv. er gerð grein fyrir þessu. Eitt aðalvandamál iðnaðarins er að afla sér rekstrarfjár. Aðrir aðalatvinnuvegir landsmanna hafa sína eigin banka, en iðnaðurinn á hvergi athvarf. Á Alþingi 1934 var samþ. frv., er fór í svipaða átt, en gekk þó skemmra. Þá var samþ. að stofna sjóð, er næmi 250000 kr., sem ríkissjóður legði fram á 10 árum. Þetta framlag hefir verið greitt síðustu 2 árin. Lánum úr þessum sjóði átti að verja til þess að hjálpa handverksmönnum til að kaupa vélar. Þetta frv. er allmiklu víðtækara, og samkvæmt því er lánastarfseminni einnig ætlað að ná til iðjustofnananna. Ég get ekki sagt um það án frekari upplýsinga, hve mikil rekstrarlánaþörfin er, en víst er, að hún er mjög mikil. Ætlazt er til, að höfuðstóll þessa sjóðs verði myndaður með 1 millj. kr. framlagi úr ríkissjóði og 1% gjaldi af innfluttum iðnaðarvörum. Það virðist eðlilegt og sanngjarnt, að ríkissjóður hjálpi til við stofnun þessa banka eins og bankanna fyrir hina atvinnuvegina. Það þótti líka rétt, að innfluttur iðnvarningur hjálpaði til þessa, með því að taka af honum 1% gjald, sem lagt yrði í sjóðinn. Er gert ráð fyrir, að það muni nema um 200000 þús. kr. árlega. Myndi sjóðurinn þannig fá um 500 þús. kr. fyrsta árið, en síðan um 200 þús kr. árlega næstu ár. Þá er gert ráð fyrir, að sjóðurinn geti tekið lán, allt að tvöfaldri höfuðstólsupphæðinni.
Þá eru hinar 3 gr. frv., sem skiptast í 3 kafla og skýra frá 3 mismunandi starfssviðum sjóðsins: stofnlánum, rekstrarlánum og vélakaupalánum. Stofnlán er gert ráð fyrir, að veita megi gegn 1. veðrétti í húsum og vélum. Má lánsupphæðin nema allt að 60% af virðingarverði húsa og véla fyrirtækisins, og má veita lánin til allt að 20 ára til bygginga, en allt að 10 ára til vélakaupa. Þá er gert ráð fyrir, að veita megi rekstrarlán til þeirra fyrirtækja, sem heimilt er að veita stofnlán úr sjóðnum, gegn 2. veðrétti í húsum og vélum fyrirtækisins, svo og birgðum þess af fullunnum framleiðsluvörum. Þá er þriðji flokkurinn, vélakaupalánin. Ákvæðin um þetta eru tekin nálega óbreytt úr l. frá 1935 um iðnlánasjóð.
Ég sé ekki að svo stöddu ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta mál, sem allir vita, að er nauðsyjamál, sem atvinnuvegunum getur riðið á miklu að vel verði leyst.
Frv. er samið af skipulagsn. og að tilhlutun sérfræðings, er hér dvaldi, Erik Lundbergs. Fylgir frv. grg. hans. Var við samningu frv. stuðzt við norsk l. um sama efni.
Vænti ég, að hv. dm. taki vel undir frv. og leyfi, að því verði vísað til iðnn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til iðnn. með 17 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

31. Landsbanki Íslands (frv. HV o. fl.).

Á 20. fundi í Nd., 17. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. um Landsbanka Íslands, nr. 10 15. apríl 1928 (þmfrv., A. 96).

Á 27. fundi í Nd., 30. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 28. fundi í Nd., 31. marz, var frv. aftur tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 17 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

***Flm. (Héðinn Valdimarsson):** Þetta frv. er flutt í sambandi við frv. um gjaldþrotaskipti á búi h/f Kveldúlfs, en er sjálfstætt, þó að á vissu sviði sé um skylt atriði að ræða. Það kom að nokkru leyti til umr. í útvarpsumr., og tel ég því ekki nauðsynlegt að hafa langa framsögu fyrir því.
Grg. frv. skýrir frá, hver tilgangur frv. sé, en hann er að breyta kosningarfyrirkomulagi til landsbankanefndar og bankaráðs Landsbankans þannig, að í staðinn fyrir að n. er nú kosin í 3 hlutum, verði hún framvegis kosin í einu lagi og með hlutfallskosningu. Er þá öruggt, að landsbankanefnd, sem að l. er æðsta yfirstjórn Landsbankans, sé í samræmi við þingviljann á hverjum tíma. Það hefir komið fyrir og er þannig nú, að ekki er samræmi milli þess, og þannig getur það orðið meðan kosningafyrirkomulagið er eins og það er nú l. samkvæmt.

Í öðru lagi er lagt til, að breytt verði l. um kosningar í bankaráð, þannig að í staðinn fyrir að kjósa aðalmennina í tvennu lagi, skuli þeir kosnir í einu lagi, en formaður eftir sem áður skipaður af fjmrh., en þó ekki til lengri tíma en aðrir í bankaráðinu, þannig að gera megi ráð fyrir, að bankaráðið sé í samræmi við landsbankanefndina og meiri hl. þjóðarinnar á hverjum tíma.

Þá er einnig það ákvæði, að ef menn eru forfallaðir úr landsbankanefnd, þá skuli þeirra þingflokkar tilnefna menn í þeirra stað, og að ef vafaatriði um þessi efni koma fyrir, skuli n. skera úr þeim með atkvgr. Þá er einnig rétt að geta þess í sambandi við bankaráðsstöðuna, að við leggjum til, að niður falli dýrtíðaruppbót sú, sem nú er goldin bankaráðsmönnum.

Þá flytjum við brtt. við, hvenær bankanefndarfundur sé lögmætur. Nú þarf til þess ⅔ hluta nm. Það hefir áður komið fyrir, að átt hefir að gera fund ólögmætan með því að mæta þar ekki. Nær engri átt, að það sé hægt, og því leggjum við til, að fundur teljist lögmætur, ef meiri hl. nm. sækir fundinn, en ef meiri hl. mætir ekki, skuli boða til fundar á ný með löglegum fyrirvara, og sé þá sá fundur lögmætur, þótt ekki mæti meiri hl. nm.

Þá leggjum við til, að vald landsbankanefndar sé nokkuð aukið frá því, sem nú er. Að vísu er það óljóst orðað í l., en við viljum gera það skýrt, að n. geti tekið til meðferðar mál, sem hún telur mikilsverð um hag bankans, þó að eigi liggi fyrir ósk um það frá bankaráði eða ríkisstj.

Þá kemur kafli, sem felur í sér ákvæði um lánveitingar. Þau einu takmörk eru á lánveitingum í bönkunum nú, að ekki megi lána ríkissjóði meira en ¼ hluta af stofnfé þeirra. En sá hluti af stofnfé Landsbankans er nú 3600000 kr. Að öðru leyti eru þessar lánveitingar í höndum bankastjórnarinnar, án þess að bankaráð hafi þar afskipti af, fyrr en svo stendur t. d., að ákveða þurfi, hvort skuldir séu ótryggar eða ekki. Með þeirri ákaflega miklu fjármagnsþörf, sem er hér á landi, þá er auðvitað ekki rétt, að bankarnir geti lánað mikinn hluta af sínu starfsfé til einstakra mjög fárra fyrirtækja, þannig að það sé eingöngu á valdi bankastjórnarinnar sjálfrar, án þess að það sé víst, að það sé aðkallandi þjóðarþörf til þess. Auk þess vita allir, að það er miklu meiri áhætta því samfara, að láta mikinn hluta fjármagns bankanna fara í fáa staði, heldur en með því að dreifa því meira. Og það hefir sýnt sig með Íslandsbanka, að töp hans urðu aðallega á stórum lánum til fárra viðskiptamanna. I nágrannalöndum okkar munu venjulega vera ákvæði til að hindra þetta, sumstaðar kannske ekki í löggjöf, heldur þannig að bankaeftirlitsmenn eiga að hafa gát á þessu og jafnvel hafa heimild til þess að stöðva það. Í Danmörku eru föst ákvæði um, að ekki megi lána út til eins fyrirtækis meir en ákveðinn hluta af eigin fjármagni bankanna sjálfra. Ég held, að það sé 35%, sem þannig má lána í hæsta lagi án sérstaks leyfis, en að með sérstakri löggjöf megi hækka þetta takmark upp í 50%, en fram yfir það alls ekki. Nú er það till. okkar í frv., að miðað verði við það, að ekki sé hægt að lána neinu fyrirtæki einstöku meir en ¼ hluta af starfsfé bankans, sem frv. fjallar um, og þar með talin öll lán úr bankanum, bæði úr seðlabankanum, sparisjóðsdeild og veðdeild til samans, en að þó gildi þetta ekki um lánveitingar bankans til annara banka eða sparisjóða. Þó viljum við leyfa undanþágur frá þessu, ef um sérstök stór fyrirtæki er að ræða, sem hafa þýðingu fyrir og ná yfir allt landið, og tökum við þar til SÍS og SÍF, og þar að auki gætu komið samskonar landssamtök, en þó því aðeins, að landsbankanefnd leyfi slíkar undanþágur. Og svo að lokum, að til þeirra fáu fyrirtækja, sem nú hafa lán frá bankanum, sem eru yfir þessu hámarki, séu ekki stöðvaðar lánveitingar þegar í stað, heldur verði þeim leyft að halda sínum lánum í því trausti, að hægt verði að lækka þau niður fyrir það takmark, sem ég hefi nefnt.

Þá er og ætlazt til þess, að framkvæmdarstjórn bankans gefi bankaráði og landsbankanefnd skýrslur vikulega um samanlagða lánshæð viðskiptamanna bankans, er standa í meiri skuld við bankann á hverjum tíma en um getur í 8. gr. frv. og ég hefi getið um hámarkið fyrir. Þetta ákvæði er gert til þess, að sem auðveldast sé að fylgjast með þessu.

Við leggjum svo til, að ef frv. nær fram að ganga, verði í fyrsta sinn kosið í landsbankanefnd og landsbankaráð samkvæmt þessum lögum nú á þessu Alþ. og svo að sjálfsögðu næst þegar verða kosningar til Alþ.

Ég vil svo aðeins geta þess, að Alþfl. er reiðubúinn til að semja nánar um samþykkt þessa frv., og ef einstök atriði væru, sem menn kynnu að vilja hafa öðruvísi, einnig að semja um það. En við alþýðuflokksmenn álítum það ákaflega mikils vert, bæði fyrir fjárhag bankans og þá ekki síður fyrir þá meginreglu, hver eigi að ráða í landinu, hvort það á að vera Alþ. eða bankastjórarnir, að frv. eins og hér er um að ræða eða svipað verði samþ. Vil ég svo að lokum óska, að frv. verði vísað til 2. umr. og fjhn.

*Jakob Möller: Af því að hv. 1. flm. lýsti því beinlínis yfir, sem raunar er vitað, að þetta frv. er einn þáttur í þeirri herferð, sem sósialistar hafa hafið gegn Landsbanka Íslands og h/f Kveldúlfi í sameiningu, þá þykir mér hæfa, að vakin sé athygli á því af öðrum og því beint til hv. þm., að gera sér grein fyrir því, hvaða meðferð hæfir slíku máli sem þessu. Það liggur í hlutarins eðli, að engin þörf er að gera breyt. á landsbankal. Þau atriði, sem hv. 2. þm. Reykv. lýsti, eru þannig vaxin, að þau geta vel komið undir reglugerðarákvæði. Það atriði, að stofna beri til þess, að landsbankanefnd og landsbankaráð verði alltaf í samræmi við þjóðarviljann, er náttúrlega hæpin staðhæfing. Og reynslan hefir raunar sýnt, að fjármálalífið er svo heilbrigt, að þegar á reynir, þá verður það svo, að það verður nú stjórn fjármálanna, sem ræður meira en skipun Alþ. eða flokkaskipting í landinu.

Það er kunnugt, að þetta frv. er fram komið í sambandi við það, að sósialistar töldu nauðsyn á, að Alþ. tæki fram fyrir hendur á þeim mönnum, sem stjórna bankamálunum. Reynslan hefir verið sú, að Alþ. hefir ekki fengizt til þess, og það er nægileg sönnun fyrir því, að þessi breyt., sem hér er farið fram á, að skipa landsbankanefnd og landsbankaráð á hverjum tíma í samræmi við þingviljann á Alþ., er ekki líkleg til að bera tilætlaðan árangur, vegna þess að þeir, sem fara með stjórn þessara mála, bankamálanna, láta ekki að jafnaði stjórnast af ofbeldishneigð né æsingatilraunum, sem ráðið hafa þó mestu í sambandi við aðgerðir kommúnista í þessu efni og Kveldúlfsmálinu á þingi. Það hefði farið bezt á því, að Kveldúlfs frv. hefði verið lagt á höggstokkinn við atkvgr. til 2. umr. Þannig væri líka langeðlilegast að fara með þetta frv. En ég geri ekki ráð fyrir, að samstarfsflokkur sósialista vilji beita slíku harðræði. En þetta frv. mun þó að sjálfsögðu ekki verða látið ná fram að ganga á þessu þingi.

***Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Á undanförnum Alþ. hafa bankamálin lítið verið til meðferðar. Athygli manna og erfiði hefir farið til þess að sinna öðrum málum. Sérstaklega er áberandi, hversu mikið hefir verið sinnt ýmsum afurðasölumálum og ýmsu, sem þurft hefir að gera til þess að verjast áföllum út af markaðsvandræðum, sem að hafa steðjað. Þess vegna hafa bankamálin lítið verið til meðferðar á Alþ. að undanförnu. Framsfl. hefir ekki flutt á undanförnum Alþ. neinar till. snertandi bankamálin. Það er þó ekki fyrir það, að ekki hafi verið nauðsyn á að taka þau mál til endurskoðunar, heldur vegna þess, að athyglin hefir beinzt að öðru, sem virðist liggja enn meira á. Nú hefir Framsfl. samþ., bæði á flokksþingi hans og í þingflokknum, að koma á framfæri þáltill. um skipun milliþingan. í bankamálum til þess að rannsaka allt það, sem athugavert kann að þykja í bankaskipulaginu eins og það er. Það eru vitanlega mörg einstök atriði þar, sem standa til bóta, bæði hvað snertir eftirlit með lánveitingum og annað. Þar sem nú flokkurinn hefir tekið þessa heildarafstöðu, að leggja til, að mþn. verði skipuð til að rannsaka þessi mál — og það hefir hann gert vegna þess að þessi mál eru stór í brotunum og ákaflega viðkvæm mál — þá mun hann ekki hallast að því, að gera stórkostlegar breyt. í þessum efnum á þessu þingi. Þó geta verið einstök atriði, sem flokkurinn vill athuga nú þegar, og þá sérstaklega tvö. Annað er það, að landsbankanefnd verði gerð starfhæfari en hún er nú. Til þess að hægt sé að halda lögmæta nefndarfundi, þurfa, eins og nú stendur, að mæta þar ⅔ nefndarinnar eða 10 menn úr n. Þessi ákvæði hafa stundum orðið til þess að gera n. óstarfhæfa í bili. Þessu álítum við, að þurfi að kippa í lag og að ákveða þurfi, að n. sé starfhæf með einföldum meiri hluta á fundi. Annað atriði, sem flokkurinn gæti gengið inn á og þætti rétt að afgr. nú þegar, er það, að setja sérstök ákvæði um það, að eftirgjafir skulda geti ekki átt sér stað í stórum stíl í sambandi við lánveitingar, nema með samþykki landsbankan. Það er ákaflega varhugavert að ganga inn á eftirgjafir af skuldum, án þess að lagafyrirmæli komi til. Og ég minnist þess sérstaklega, að sú n., sem undirbjó landsbankalöggjöfina á sínum tíma, lagði mjög mikið upp úr því, að slíkt kæmi ekki til greina. Og þeir gengu meira að segja svo langt í nál. sínu, að þeir vildu láta taka ákvæði inn í stjskr., næst þegar henni yrði breytt, um að ekki væri hægt að skylda bankann nema með löggjöf til þess að gefa eftir af skuldum. Það atriði vill Framsfl. taka sérstaklega til athugunar, hvort ekki ætti að breyta til og setja löggjöf um þetta atriði strax. Nánar hefir ekki verið farið út í þetta mál af flokksins hálfu. En við munum ekki leggja stein í götu þess, að frv.. fari til n.

***Flm. (Héðinn Valdimarsson):** Ég bjóst aldrei við því, að hv. 3. þm. Reykv. mundi verða með þessu frv. frekar heldur en með annari þeirri löggjöf, sem miðar að því, að koma fjármálum landsins á heilbrigðan grundvöll. Það þýðir náttúrlega ekkert, að við förum að deila um þau efni, sem við erum á eins andstæðri skoðun um eins og það, hvar bezt sé, að valdið í landinu sé, þar sem ég álít bezt sé, að það sé hjá Alþ., en hann álítur aftur á móti, að hið leynda fjármálavald bankanna eigi að vera mest ráðandi valdið, og telur það heilbrigt og eðlilegt, að stjórnir bankanna ráði meira en Alþ.

Að fara út í Kveldúlfsmálið aftur, sé ég ekki ástæðu til. Það hefir verið gert og mun einnig veitast tækifæri til þess síðar. En ég vil þó benda á það atriði í sambandi við þetta mál, að eitt félag hefir haft e. t. v. 8—10% af sparifénu í Landsbankanum undir sér, á meðan hundruð eða jafnvel þúsundir manna sækja stöðugt um lán í bankanum gegn góðum tryggingum til fyrirtækja, sem gera má ráð fyrir, að ekki verði tap á. Þetta er ekki það, sem hægt er að mæla með frá almennu sjónarmiði, þó að hv. 3. þm. Reykv. áliti það hollt. Sem sagt, það verður hver flokkur að hafa sína skoðun um þetta atriði, og þýðir ekki að deila um það. Eins er um það atriði, að hægt sé að setja og beri að setja í reglugerð bankans ákvæði um það, hvað veita megi há lán og að ekki megi veita eftirgjafir, en að það eigi ekki að takmarka það, eins og hér er gert ráð fyrir í frv., nefnilega með löggjöf, að ef það er gert þá er það ekki komið undir löggjafanum heldur þeim, sem ákveða reglugerð bankans. Það er ekki minni ástæða fyrir okkur að setja l. um þetta heldur en t. d. Dani. Við höfum sannarlega ekkert betri reynslu af þessum málum en Danir. Það sem væri eðlilegast frá vissu sjónarmiði, væri, að þessi atriði gildi ekki aðeins um Landsbankann heldur um Útvegsbankann líka. En varla munu aðrir bankar en Landsbankinn hafa misnotað þetta vald.

Hv. 3. þm. Reykv. lýsti því yfir, að frv. þetta mundi ekki ná fram að ganga. Ég býst við, að hann hafi lýst því yfir fyrir hönd Sjálfstæðisfl. En sá flokkur ræður nú ekki hér á Alþ. Hæstv. fjmrh. lýsti ekki yfir annari afstöðu til þessa frv. en að það mundi verða athugað í

n., og hann tók fram, að það væru tvö atriði í frv., sem Framsfl. væri á sama máli og flm. frv., að um þau þyrfti að setja löggjöf svipaða eða eins og hér er farið fram á.

Það er rétt, að bankamálin hafa ekki verið mikið rædd á síðustu þingum. En þau hafa verið rannsökuð. Skipulagsn. atvinnumála hefir tekið bankamálin fyrir til rannsóknar, með aðstoð sérfræðings frá Svíþjóð. Og niðurstöður um hennar athuganir liggja frammi hér á Alþ. En ég vil þó ekki segja, að ekki sé hægt að gera frekari athuganir á þeim málum heldur en þar hafa verið gerðar.

Ólafur Thors: Ég þarf ekki miklu að bæta við það, sem hv. 3. þm. Reykv. sagði um þetta mál. Ég vil þó í tilefni af ummælum hæstv. fjmrh. vekja athygli á því, að ég tel það mjög miklu miður, ef löggafarvaldið hnígur að því ráði, að fara að fela hinni svokölluðu landsbankanefnd einhverja yfirstjórn Landsbankans. Það er atriði fyrir sig, hvar valdið á að liggja í bankamálum. Og um það er ég alveg samþykkur hv. 3. þm. Reykv., að það á náttúrlega að *langmestu leyti að liggja hjá bönkunum* sjálfum. Hitt er aftur fyrirkomulagsatriði, hvar innan bankans valdið á að vera. Nú er það vitað, að landsbankanefndin var í öndverðu aðeins formið eitt og hefir til þessa aldrei verið annað en formið eitt. Það er einnig vitað af öllum, sem eitthvað þekkja til þessara mála, að það er allt önnur aðstaða fyrir bankastjórana og bankaráð, að fara með fullkominni þekkingu með æðstu völd í þessu efni, heldur en landsbankanefnd. Formaður bankaráðs hefir að lögum þá skyldu á herðum, að fylgjast daglega með í því, sem gerist á sviði lánveitinga hjá bankanum. Og ég hygg, að það sé öllum hv. þdm. kunnugt, að núverandi formaður bankaráðs Landsbankans hefir fylgzt mjög vel með því, sem gerist innan bankans. Bankaráð Landsbankans kemur saman tvisvar í mánuði til fundarhalda og auk þess, þegar sérstök tilefni þykja gefast til þess. Og bankaráðsmeðlimir hafa að öðru leyti þá skyldu á milli funda, að fylgjast, nokkuð, a. m. k., með því, sem gerist í Landsbankanum. Ég er þess vegna ekki í neinum vafa um það, að tilfærsla valdsins frá bankaráði og yfir í hendur landsbankanefndar er færsla valdsins frá þekkingunni og yfir í þekkingarleysið. Þetta er því greinilegra fyrir það, að í landsbankanefnd eiga nú sæti margir menn, sem ekki hafa búsetu í Reykjavík og þess vegna ekki nema a. m. k. sjaldan geta sótt fundi bankanefndarinnar. En um bankaráðið er þannig litið á, og mig minnir, að svo sé fyrir mælt í l., að meðlimir þess eigi að eiga heima svo nærri Reykjavík, að þeir geti sótt fundi stöðugt. Ég held og, að það hafi verið reglan í bankaráðinu að forðast, nema sérstaklega standi á, að boða varamenn á fund, ef aðalmenn geta ekki mætt. Frá þessari reglu var að vísu vikið, þegar bankaráðið fjallaði um samninga milli Landsbankans og h/f Kveldúlfs, vegna þess að einn í stjórn þessa félags átti sæti í bankaráðinu, og bað hann um, að hann væri leystur undan því að taka þátt í þeim samningum sem bankaráðsmaður, vegna þess að hann hafði þar annara hagsmuna að gæta og þurfti að halda á sínum rétti sem forstöðumaður þess félags, sem samninga átti að gera við. En sem sagt þetta hefir verið nokkuð föst regla, að kalla ekki varamenn á bankaráðsfund, nema það hafi verið alveg nauðsynlegt, til þess að þeir, sem kunnugastir væru málunum, fjölluðu um þau, til þess að sem bezt samræmi væri í starfinu. Það væri skref aftur á bak að hverfa frá því, að bankaráð og bankastjórar fari með þetta vald, og afhendi það landsbankanefnd. Það er mjög miður farið, sem upp var tekið af Alþ. 1928, þegar þáverandi þingmeirihluti í fyrsta skipti gerðist til þess að gera lagabreyt. um stjórn þessarar aðalpeningastofnunar landsins, í því skyni að tryggja sér pólitísk yfirráð yfir bankanum. Löggjöf bankans hafði fengið meiri og betri undirbúning heldur en títt er um löggjöf hér á Alþ. Milliþingan. hafði fjallað um málið, og fyrir henni lágu gögn um margvíslegar rannsóknir og upplýsingar. Það var því mjög til hins verra, að þessari löggjöf, sem sett var á Alþ. 1927, var strax *breytt á Alþ. 1928, eingöngu í því skyni*, að hinn nýi stjórnarmeirihluti gæti talið sig hafa öruggan meiri hluta í bankaráði Landsbankans. Það er ekki vafi á því, að ef það verður meginregla, að hver stjórnmálaflokkur telji það skyldu sína og fyrsta skylduverk sitt, eftir að hafa fengið valdaaðstöðu á Alþ., að yfirfæra það vald yfir á þessa peningastofnun landsins, þá skerðir það mikið það traust, sem við Íslendingar þurfum þó að njóta hjá nágranna- og viðskiptaþjóðum okkar um öryggi peninga- og bankamála í landinu. En svo víst sem það er, að þessi lagabreyt. var gerð eingöngu í þessu skyni 1928, þá er það engu síður augljóst, að nú á að leika sama leikinn í þessu efni. Það vita allir hv. þm., að bak við tjöldin er þetta frv. kallað frv. til l. um að koma Héðni Valdimarssyni í bankaráð Landsbankans. Ég sé, að hæstv. fjmrh. kannast við þetta, e. t. v. hefir hann fundið upp á þessu sjálfur. (**Fjmrh:** Ég hefi aldrei heyrt það fyrr). Ætli það sé ekki svipað eins og þegar hæstv. ráðh. stóð upp við útvarpsumræðurnar og lýsti yfir, að það hefði aldrei komið til mála að leita fyrir sér um lántöku í Svíþjóð. Það er nefnilega vitað, að eins og er, eru stjórnarflokkarnir í minni hl. í bankaráðinu, en í meiri hl. í landsbankanefndinni. Og ég verð að segja, að ef fara á að leika þetta hvað eftir annað og þingmeirihlutinn þolir ekki, að stjórnarandstaðan fari um mjög takmarkaðan tíma með meirihlutavald í bankaráðinu, þá liggur í hlutarins eðli, að hvaða stjórnmálaflokkur sem er verður áður en varir neyddur til að leika þennan sama leik. Við skulum hugsa okkur, að þetta frv. næði fram að ganga, svo færu bráðlega fram kosningar og þeir, sem nú eru í stjórnarandstöðu, kæmust í meiri hluta, ég er ekki í vafa um, að það mundi verða talinn nauðugur einn kostur að breyta til aftur. (HV: það kemur af sjálfu sér). Aðalatriðið er það, að ef meiningin er að tryggja stjórnarflokkunum völd í bönkunum, þá mun, hvenær sem misræmi kemur fram milli þing-

meirihlutans og bankavaldsins, því verða raskað með nýrri löggjöf, og það tel ég óheppilegt. Það má vel deila um það, hvort æskilegt sé að einstök fyrirtæki hafi mjög stóran hluta af lánsfé bankanna til sinnar starfrækslu. Mér finnst engin goðgá, þótt menn vilji rökræða það. En mér virðast ræður manna fremur byggðar á persónulegu ofstæki heldur en málefnalegum grundvelli. Hinsvegar vil ég vekja athygli á því, að þegar Búnaðarbankinn var stofnaður, mun hann hafa fengið 3. millj. kr. framlag, og ég hygg, að eitt fyrirtæki í landinu hafi fengið 1½ millj. kr. að láni, um leið og bankinn tók til starfa. Það var ekki að þessu fundið þá, þótt út af fyrir sig geti það verið varhugavert.

Ég skal svo ekki að öðru leyti fara lengra út í þetta mál, því að ég get vísað til þess, sem hv. 3. þm. Reykv. sagði hér áðan. Ég vil aðeins að lokum leggja áherzlu á það, að ég tel mjög varhugavert að færa valdið yfir Landsbankanum frá bankaráðinu til landsbankanefndar, og jafnframt hitt, að ef núverandi stjórnarflokkar vilja endilega slá því föstu, að það skuli vera regla, hvernig sem á stendur, að stjórnarandstaðan megi aldrei, hvað stuttan tíma sem er, hafa aðstöðu til valda í bankamálunum, þá verður ekki svo gott fyrir aðra að víkja frá þeirra reglu, þótt þeir flokkar, sem síðar verða við völd, kynnu að óska eftir öðru fyrirkomulagi.

*Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Það eru örfá orð út af því, sem hv. þm. G.-K. sagði. Hann sagðist hafa höggvið eftir því í minni ræðu, að ég mundi vilja ganga eitthvað inn á þá braut, að fela landsbankanefndinni að einhverju leyti yfirstjórn Landsbankans. Ég kemst ekki hjá því að minna á það út af þessu, að í landsbankalögunum segir, að yfirstjórn bankans sé í höndum landsbankanefndar og þess ráðh., sem með bankamálin fer. Síðar í lögunum er þetta svo takmarkað þannig, að meginverkefnin eru lögð í hendur bankaráði og bankastjóra, en þess getið um leið, eftir að talin hafa verið verkefni n., að hún skuli þar að auki taka ákvarðanir um önnur mál, sem til hennar kann að vera vísað af bankaráði eða þeim ráðh., sem með fjármálin fer. Landsbankanefndin á þannig ekki að ganga inn á valdsvið bankaráðsins, nema málum sé sérstaklega til hennar vísað. Samt er það svo, að yfirstjórn bankans á að forminu til að vera í höndum n. og ráðh. getur vísað málum, sem eru til meðferðar innan bankans, til hennar og þar með komið þeim undir hennar valdsvið, ef hann telur það rétt. Það var því ekkert nýtt í því, sem fram kom hjá mér áður um vald landsbankanefndarinnar. Það var tekið fram af þeirri n., sem undirbjó landsbankalögin, að hún liti á hlutverk landsbankanefndarinnar svipað eins og hluthafafund í hlutafélagi, m. ö. o., æðsta valdið á að vera hjá landsbankanefndinni, en það er ekki ætlazt til, að hún, nema þegar sérstaklega stendur á, skipti sér af einstökum málum, og er á valdi ráðh., hvenær til þess er gripið. Þetta er það, sem fyrir liggur um afstöðu landsbankanefndar og hvaða völd hún hefir nú.

Viðvíkjandi því, sem var aðalatriðið í því, sem hv. þm. G.-K. talaði um, hvort rétt er að ætla landsbankanefndinni meiri íhlutun heldur en hún hefir nú um hinn daglega rekstur bankans, þá skal ég viðurkenna, að það getur verið ágreiningsmál. Framsfl. hefir ekki ennþá ákveðið afstöðu sína í því efni skarpara en það, að hann er ekki reiðubúinn til, án sérstakrar athugunar á þessum málum, að leggja sérstök verkefni undir landsbankanefndina fram yfir það, sem hún nú hefir, nema eftirgjafir skulda fram yfir tiltekið hámark. En það álítur flokkurinn svo stórt mál, ef gefa ætti eftir jafnvel hundruð þúsunda, að réttmætt sé, að það komi til meðferðar innan æðstu yfirstjórnar bankans, enda eru slíkir atburðir svo sjaldgæfir, að það mundi alls ekkert raska daglegri starfsemi bankans, þótt þeir kæmu til kasta bankanefndarinnar.

Að öðru leyti lít ég svo á, að það sé verkefni þeirrar milliþinganefndar, sem við leggjum til, að skipuð verði á þessu þingi, að athuga þetta mál nánar, hvort rétt er að leggja meir en nú er einstök verkefni undir landsbankanefnd eða að tryggja frekar t. d., að minni hl. bankaráðs geti skotið stærri málum til hennar o. s. frv. Það atriði þarf meiri rannsóknar við að mínu áliti heldur en nú er búið að framkvæma, til þess að um það sé hægt að gera breytingu á landsbankalögunum.

*Flm. (Héðinn Valdimarsson): Hv. þm. G.-K. kom eins og honum er svo tamt, nokkuð að minni persónu. Það er eins og hann geti ekki um neitt talað öðruvísi. Mér finnst hann aftur á móti ekki svo skemmtilegur, að ég sækist eftir að ræða um hans persónu. Hann talaði mjög um löngun mína til að komast í bankaráð Landsbankans, og bróðir hans um löngun mína til þess að komast í skilanefnd Kveldúlfs. Ég held nú, að þetta mundi ekki eiga vel saman. Annars finnst mér nær fyrir hv. þm. að tala um löngun þeirra til að komast í bankaráð, sem nýlega eru búnir að láta kjósa sig þangað, eins og hann sjálfur og form. Framsfl. Landsbankaráðið virðist ekki ópólitískt, þegar í það voru kosnir form. tveggja stjórnmálaflokkanna, þótt það sé nú svo ópólitískt, að Alþingi má ekki skipta sér af því, hvað sem það gerir, jafnvel þótt menn misnoti þar aðstöðu sína til þess að ausa fé í fyrirtæki bankaráðsmannanna sjálfra fram úr öllu hófi.

Þá var hv. þm. að tala um, að það væri mjög leiðinlegt, að stjórnmálaflokkarnir færu að breyta því ástandi, sem Landsbankinn hefir einhverntíma áður komizt í. Ég er ekki á þeirri skoðun. Ég álít, að fjármálin og bankamálin eigi að fylgjast með hinni pólitísku þróun í landinu, að löggjafarvaldið eigi ekki að vera þeim takmörkum háð, að það megi ekki snerta við bankamálunum.

Annars vil ég benda á, að aðferð flokkanna síðast, þegar kosið var bankaráð, var þannig, að álitið er vafasamt af lögfræðingum, hvort kosningin hafi verið lögleg, þar sem annað þing kom saman á eftir, sem flestir munu telja, að hefði átt að kjósa bankaráðið, og önnur niður-

staða hefði orðið, ef það hefði verið gert. Það hæfði þeim flokkum, sem þar fengu meiri hl. kosin og létu við svo búið standa.

Það var dálítið einkennilegt, þegar hv. þm. fór að koma með hótanir um það, að ef núv. þingmeirihl. breytti þannig til, að hann gæti ráðið Landsbankanum gegnum n., sem kosin væri af þinginu, þá gæti það sama orðið gert af öðrum þingmeirihl. síðar. Þetta er einmitt það, sem ætlazt er til, að þingmeirihlutinn á hverjum tíma, hver sem hann er, geti ráðið þessum málum, að bankarnir séu ekki frekar en aðrar ríkisstofnanir undanþegnir valdi Alþingis. Það er farið hér fram á, að þessi landsbankanefnd sé skipuð samkv. vilja Alþingis á hverjum tíma, en að sjálfsögðu færi þingið ekki að skipta sér frekar af venjulegum bankastörfum. Ef hv. þm. G.-K. heldur, að hann eða hans flokkur komist einhverntíma í meirihl. á þingi, hefir hann sízt ástæðu til að vera á móti þessu, því að þá fengi hann þarna óskorað vald og gæti ekki aðeins sett upp varaform. í bankaráðinu, heldur líka varavaraform. og form. sjálfan.

Ég er að vísu samþykkur því, sem hæstv. fjmrh. segir um þetta mál, en mér finnst það að sjálfsögðu ná allt of skammt og vera að litlu gagni, sérstaklega þar sem hann kom ekki inn á það, að yfirleitt ætti að setja bann við ótakmörkuðum lánveitingum til privatfyrirtækja. Í þessu frv. eru nokkur takmörk sett fyrir lánveitingum, en þó farið ákaflega hægt í sakirnar, þar sem gert er ráð fyrir, að bankinn megi lána fyrirtækjum einstaklinga eins mikið og ríkinu sjálfu, sem á bankann. Svo koma hv. sjálfstæðismenn og kvarta um, að verið sé að beita ofbeldi í þessu efni. Við göngum jafnvel svo langt að gera ráð fyrir, að landsbankanefndin geti gefið undanþágu frá þessu, þannig að einstök fyrirtæki geti fengið að skulda meira en ríkissjóður, þótt sennilega hefði verið rétt að setja algert hámark, eins og gert er t. d. í dönskum lögum. Við getum þannig hugsað okkur þetta frv. miklu róttækara en það er, þótt sjálfstæðismönnum þyki þar nokkuð mikið aðgert til þess að varna því, að sparifé landsmanna lendi í fárra manna höndum.

Ólafur Thors: Ég vil út af orðum hæstv. fjmrh. í sambandi við valdsvið landsbankanefndarinnar taka það fram, að það mun vera álit a. m. k. flestra lögfræðinga, að sá skilningur, sem fram kom í ræðu hans á valdsviði landsbankanefndar, sé ekki réttur. Ég hefi ekki lögin við höndina, en ég man þessa gr., sem hæstv. ráðh. vitnar til. Það er rétt, að í þeirri gr., sem sérstaklega kveður á um valdsvið landsbankanefndar, segir, að hún skuli hafa með höndum ákveðin hlutverk, sem þar eru upptalin, og svo kemur viðbótarsetning, sem hljóðar á þá lund: og auk þess þau önnur mál, sem til hennar kann að vera vísað. Ég hefi athugað þetta, vegna þess að ég veit, að hæstv. fjmráðh. var að hugsa um að hafa sérstök afnot af þessu ákvæði. Ég veit líka, að þeir lögfræðingar, sem hann ráðfærði sig við, réðu honum frá að reyna það, því að það mundi ekki vera haldgott. Mér fannst rétt að láta það koma hér fram, að þessi skilningur hæstv. ráðh. á landsbankalögunum er ekki viðurkenndur.

Hæstv. ráðh. sagðist geta aðhyllzt það, að það orkaði a. m. k. tvímælis, hvaða ávinningur væri að því, að flytja vald bankaráðsins að meira eða minna leyti til landsbankan. Þó sagði hann, að hans flokkur teldi rétt að færa valdið til skuldaeftirgjafa til n., ef þær færu fram úr tilteknu hámarki. Um þetta hefi ég ekki að segja annað en það, að við eftirgjafir skulda kemur náttúrlega það sama til greina eins og við aðrar ráðstafanir, sem undir bankaráðið falla, nefnilega þekking á þessum málum, nauðsyn bankans og hvað farsælast sé með heildarhagsmuni fyrir augum. Ég viðurkenni fyllilega, að ef til þess kæmi, að gefa ætti eftir stórkostlegar fjárhæðir, e. t. v. hundruð þúsunda, þá sé fyllsta ástæða til, að settar séu skorður gegn því, að nokkur misbeiting á valdi geti þar komið til greina, þannig að persónulegir hagsmunir þeirra, sem eiga að þiggja skuldaeftirgjafir, yrðu látnir sitja í fyrirrúmi fyrir því, sem meira varðar, fjárhagi bankanna og heill almennings. En ég sé ekki nokkra tryggingu í þessu efni felast í því, að færa valdið frá bankaráðinu til landsbankan. Þvert á móti tel ég meiri líkindi til, að þeir menn, sem þekkja þó það til starfsemi og hagsmuna bankanna, sem bankaráðsmennirnir verða að gera á hverjum tíma, og vinna í samráði við stjórn bankans, misbeiti ekki sínu valdi, heldur en landsbankanefndarmenn, sem algerlega ókunnugir málum bankans eru kallaðir saman sem pólitísk verkfæri, til þess að taka ákvarðanir um þýðingarmikil fjármál. Ég held þess vegna, að sú tilfærsla valdsins, sem hæstv. ráðh. segist vilja ganga inn á, sé alls ekki til bóta, heldur þvert á móti skapi öryggisleysi á þessu sviði.

Ég þarf ekki miklu að svara hv. 2. þm. Reykv. Hann var að tala um, að ég væri svo hrifinn af hans persónu, að ég þyrfti oft á hana að minnast, en hann væri aftur á móti ekki mikið fyrir að vikja að mér; ég væri nú ekki svo skemmtilegur. Ég skal viðurkenna, að mér finnst þessi hv. þm. ákaflega skemmtilega spaugileg og hlægileg persóna og verður þess vegna stundum á að vikja að honum. Annars fór ég ekki mikið út í persónulegar ádeilur í hans garð nú fremur en ella. Ég gat vel sagt við þennan mann: Það er undarleg umhyggja, sem kemur fram hjá honum fyrir því, að ekkert fyrirtæki megi vera í landinu svo stórt, að það þurfi á miklu fé að halda. Sjálfur er hann ekkert feiminn við að vera í þjónustu erlends stórfyrirtækis. Hann vill berja niður allt stórt, ef það er innlent, en hann er ekki hræddur við stærðina á erlendum auðhringum; þar skapar það ekki tækifæri til að kúga alþýðuna, þótt stórfyrirtæki og mikið fjármagn sé undir einni stjórn. Það vita allir menn, að hér er ekki hægt að fá að flytja inn eina olíutunnu, ef selja á hana lægra verði heldur en þessum hv. þm. þóknast; það eru a. m. k. settar við því allar þær skorður, sem hægt er með því valdi, sem hann hefir. Hann er ekki heldur hræddur við að beita valdi sínu, ef hann getur með því þjónað eigin hagsmunum. Mér finnst því, að þessi hv.

þm. hafi ekki ástæðu til þess að emja og skrækja, þótt hann sé nefndur á nafn meðan jafnmildilega er á honum tekið eins og ég gerði í fyrri ræðu minni

Annars kom ekkert fram málefnalegt í ræðu hv. þm. annað en það, sem ég var í sjálfu sér búinn að svara með fyrri ræðu minni. En ég vil vekja athygli á því, að ef það er vilji hv. þm., að stjórn peningamálanna eigi á hverjum tíma að lúta hinu pólitíska valdi í landinu, þá er fullkomin ástæða til þess fyrir hann að athuga, hvort ekki ætti að skipta um bankastjórn í hvert skipti sem nýir valdhafar taka við stjórnartaumunum. Svo mætti athuga, hvort ekki ætti einnig að skipta um forstjóra fyrir þeim fyrirtækjum, sem hafa undir höndum lánsfé frá bönkunum, og þeim stofnunum, sem annast sölu þeirra framleiðsluvara, sem landsmenn eiga mest undir. Það er margt, sem kemur til athugunar, ef fara á inn á þá braut, að útfæra þingvaldið yfir á öll svið þjóðmálanna. Það getur haft margvíslegar afleiðingar, og ég er ekki viss um, að hv. þm. komist að þeirri niðurstöðu, ef hann vill öfga- og hlutdrægnislaust beita skynsemi sinni, að þetta væri til farsældar fyrir þjóðina. Ég veit, að þetta frv. var borið fram að lítt hugsuðu máli, einmitt á þeim tíma, þegar þessi hv. þm. var í æstu skapi. En nú þegar honum er runnin reiðin og hann er búinn að fá hvíld páskahelginnar til þess að innleiða frið í sálu sína og samvizku, þá ætti hann að vera móttækilegri fyrir ráð honum betri manna, bæði í hans eigin herbúðum og annarsstaðar. Er því e. t. v. ekki loku fyrir skotið, að þessum hv. þm. geti notazt betur að sinni góðu greind heldur en raun ber vitni um það, sem af er þessu þingi. Engan mundi það gleðja meira heldur en einmitt mig, sem sökum forns kunningsskapar og vináttu tekur oft sárt til hans, þegar hann verður sér mjög átakanlega til minnkunar. Það væri mér sönn ánægja, ef ég sæi meiri ávöxt af hans góðu greind og minni vott um, að hún verði undir í viðureigninni við hans vandgæfu skapsmuni og dálítið samsetta innræti.

***Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Hv. þm. G.-K. sagði, að það væri álit flestra lögfræðinga, að skilningur minn á landsbankalögunum, að því er snertir valdsvið landsbankanefndar og vald ráðh. til þess að skjóta málum til hennar, sé rangur. Ég veit ekki, hvað hann hefir fyrir sér í þessu, en ég get sagt honum það, að þeir lögfræðingar, sem ég hefi borið þetta undir, telja engan vafa á, að skoðun mín um þetta efni sé rétt.

Hv. þm. fór út í þá skoðun mína, að sú breyting væri réttmæt, að leitað væri álits landsbankanefndar, þegar um uppgjafir skulda um eða yfir 100 þús. kr. væri að ræða. Hann færði þau rök gegn því, að fulltrúarnir í landsbankanefnd væru svo illa að sér í bankamálum, að þeim væri ekki trúandi til að taka slíkar ákvarðanir, og auk þess væri hætta á, að slíkt vald yrði misnotað af pólitískum ástæðum. Ég býst nú við því, að það sé fremur sjaldgæft, að um uppgjafir skulda yfir 100 þús. kr. að upphæð sé að ræða, og ég tel það fyllsta vantraust á landsbankanefnd, að treysta henni ekki til að taka slíkar ákvarðanir, og að kalla fulltrúa þingsins í n. pólitískt verkfæri, eins og hv. þm. G.-K. gerði, tel ég alls ekki sæmandi. Hann taldi ástæðu til þess að ætla, að meðferð bankamálanna í landsbankanefnd yrði pólitískari en í bankaráði. En við vitum vel báðir, að bankaráðsmennirnir eru pólitískir, og ég legg ekkert upp úr þeirri röksemd, að landsbankanefndin verði pólitískari en bankaráð, af því að hún er fjölmennari. En með því að báðir þessir aðiljar fjalli um stórfelldar eftirgjafir, ætti að vera alveg tryggt, að þær fari ekki fram, nema sérstök ástæða sé til. Annars býst ég ekki við því, að minn flokkur taki afstöðu til þess, hversu skipta skuli valdi milli þessara aðilja, fyrr en n. hefir athugað málið.

***Flm. (Héðinn Valdimarsson):** Ég vil taka það fram út af orðum, sem féllu hjá hv. þm. G.-K. í ræðu hans áðan, að ég er framkvæmdastjóri fyrir félag, sem er íslenzkt að öllu leyti, bæði að hluthöfum, fé og stjórn, og hefi aðeins viðskiptasamninga við erlent félag. Það mætti því alveg eins segja, að hv. þm. G.-K. væri í erlendri þjónustu vegna viðskipta hans við Deacons Bank eða af því að hann hefir samninga um kolakaup frá útlöndum.

Þá minntist hann á olíuverðið einu sinni enn og sagði, að ég réði þar einn öllu. En verðlagið hjá mér er alveg hið sama og hjá hv. 1. þm. Skagf. og mági hv. þm. G.-K., og það er alveg eins á valdi þeirra og mín. En ég hefi lýst því oftar en einu sinni, að ég væri fús til að leggja lið mitt til að leysa vandamál olíuinnflutningsins á hvern þann hátt, sem heppilegastur væri fyrir ríkið, jafnvel þótt það kostaði það, að félag mitt yrði alveg að leggjast niður.

Hv. þm. G.-K. spurði, hvers vegna ég vildi ekki láta skipta um framkvæmdastjórn í bönkunum við hverjar kosningar. Ég hefi því einu til að svara, að ég tel ekki ástæðu til slíks, ef mennirnir hafa ekkert af sér brotið.

Ólafur Thors: Hæstv. fjmrh. vill halda sér við það, að stærri eftirgjafir þurfi að vera samþ. bæði af bankaráði og landsbankanefnd. En hér er sá ljóður á, að eftirgjöf, sem bankaráð máske vill veita, fæst ekki, ef landsbankanefnd neitar, enda þótt hagsmunum bankans kunni að vera betur borgið með því að veita hana. En á slíku hefir bankaráðið auðvitað miklu meiri þekkingu. Því er langtum meiri trygging í því fólgin, að bankaráð hafi þetta vald heldur en landsbankanefnd. Ég kallaði fulltrúana í landsbankanefnd pólitísk verkfæri, af því að þeim er oft og einatt stjórnað af þeim ráðh. þeirra, sem þangað skýtur málum.

Ég skal ekki angra hv. 2. þm. Reykv. meira með því að tala um olíuverzlun hans. Mig furðar sú vanstilling á geðsmunum hans, að ég skuli ekki einusinni mega biðja honum blessunar eins og ég gerði í síðustu ræðu minni. Ég hafði líka gert honum þær málsbætur, að það væri ekki honum sjálfum að kenna, hve hátt olíu-

verðið væri, heldur væru það hans erlendu herrar, sem réðu því. En úr því að hann vill bera ábyrgðina einn, má hann það fyrir mér, en hún verður ekki minni fyrir það.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til fjhn. með 20 shlj. atkv.

Á 40. fundi í Nd., 16. apríl, var útbýtt nál. frá minnihl. fjhn., á þskj. 331, en frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

32. Ríkisborgararéttur.

Á 21. fundi í Nd., 18. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um veiting ríkisborgararéttar (þmfrv., A. 100).

Á 23. fundi í Nd., 20. marz, var frv. tekið til 1. umr.

***Frsm. (Thor Thors):** Eins og grg. þessa frv. ber með sér, hafa allshn. borizt nokkrar umsóknir frá mönnum um, að þeim sé veittur íslenzkur ríkisborgararéttur. Alþingi hefir áður lýst því, hver skilyrði það ákveður, að uppfylla þurfi, til þess að réttur þessi sé veittur, og er þau að finna í l. nr. 64 frá 1935. N. hefir haldið sér við þessa löggjöf og borið þær umsóknir, er fyrir lágu, saman við hana og eingöngu tekið upp í till. sínar það fólk, sem uppfyllir skilyrði l. að öllu leyti. N. leggur því til, að frv. þetta verði samþ.

***Héðinn Valdimarsson:** Ég hefi ekki gert sérstakan ágreining í n. um að veita ríkisborgararétt þeim mönnum, sem hér eru taldir. Þó er ég á þeirri skoðun um annan manninn í röðinni, að ekki ætti að veita honum ríkisborgararétt, a. m. k. ekki að svo stöddu. Hinir, sem allir hafa dvalizt hér lögskipaðan tíma, stundað hér atvinnu og eru í raun og veru orðnir Íslendingar, eru sjálfsagðir til að hljóta borgaraleg réttindi. Annar maðurinn í röðinni var fenginn hingað til lands með sjálfvirku símastöðinni hér í Reykjavík til þess að kenna Íslendingum að stjórna henni, og var ekki ætlazt til, að hann gerði meira. Hann er nú að vísu búinn að starfa hér í 5 ár í opinberri stöðu og hefir þannig uppfyllt skilyrði laganna með dvalartímann, en hinsvegar tel ég enganveginn sjálfsagt, jafnvel þótt skilyrði l. séu uppfyllt, að ríkisborgararéttur sé ávallt veittur, og þar sem nú er svo komið, að nógir Íslendingar eru færir um að taka að sér þetta starf, þá finnst mér rétt, að við það sé ekki hafður útlendur maður. Landssíminn sjálfur hefir nú í sinni þjónustu ekki færri en 5 verkfræðinga, og mun hver þeirra um sig fær um að vinna þetta starf, og þessir menn munu hver um sig vinna fyrir drjúgum lægra kaup en þessi útlendingur. Það ætti því ekki að vera ástæða til að halda sérstaklega í þennan mann, en lofa honum að fara heim til síns lands. Það er sú aðferð, sem Norðmenn sjálfir nota gagnvart Íslendingum, sem vinna í Noregi, að ef hægt er að fá innlenda menn til að vinna þeirra starf, þá eru Íslendingarnir látnir sigla sinn sjó. Því sé ég ekki ástæðu til að vera að halda í þennan mann og legg til, að honum verði ekki veittur ísl. ríkisborgararéttur.

***Frsm. (Thor Thors):** Hv. 2. þm. Reykv. hefir þurft að láta það koma hér fram í hv. þd., að hann hefir eitthvað á móti einum umsækjandanum persónulega. Hann óskaði þess í n. um tíma að gera ágreining út af þessum manni, en féll þó frá þeirri ósk við nánari athugun Ég get nú ekki séð, þó að einhver hv. þm. hafi persónulega andúð á einhverjum ákveðnum manni, að þá eigi að synja þeim hinum sama manni um ríkisborgararétt, þegar hann hinsvegar fullnægir þeim skilyrðum, sem lögin setja í þessu efni. Og hvað snertir atvinnu þessa manns, þá er það vitanlega algerlega óskylt mál, þar sem jafnauðvelt er að víkja manninum frá sínu starfi, hvort sem hann fær ríkisborgararétt eða ekki. N. öll hefir undirskrifað frv. og leggur þar með til, að það verði samþ.

***Héðinn Valdimarsson:** Ég er auðvitað sammála því, að frv. verði samþ.; ég vil ekki fella það fyrir þennan eina mann, þótt ég sé á móti honum og hafi verið það í n., en ég gerði ekki ágreining í n., því að ég ætlaði að láta mér nægja að koma fram með hann hér í hv. þd. Hvað það snertir, að ég sé persónulega á móti þessum manni, þá skal ég geta þess, að ég þekki hann ekki og hefi aldrei orð við hann talað, en ég hefi þessa skoðun, að órétt sé, eins og sakir standa, að veita honum ríkisborgararétt.

***Garðar Þorsteinsson:** Mér finnst það dálítið undarlegt, þegar menn úr allshn. leggja á móti því, að manni, sem uppfyllir hin lagalegu skilyrði, sé, gegn viðtekinni venju, sem gilt hefir til margra ára, synjað um íslenzkan ríkisborgararétt. Það má vera öllum hv. þdm. ljóst, að hver sá maður, er hlýtur þennan rétt, hann hefir komið inn á eitthvert starfsvið, þar sem aðrir eru fyrir. Ég veit ekki, hvað það ætti að vera, sem sá maður tæki sér fyrir hendur og væri utan við þau svið, sem Íslendingar störfuðu eða gætu starfað á. Ég vil t. d. taka fyrsta manninn á listanum. Hann vinnur við fyrirtæki hér í bæ verk, sem margur Íslendingur gæti að sjálfsögðu leyst af hendi. Ef aðeins á að veita þeim mönnum ríkisborgararétt, sem ekki útrýma öðrum mönnum frá starfi, þá verður þess vegna að breyta l. frá 1935 um ríkisborgararétt. Ef hv. 2. þm. Reykv. er tekinn með almennum rökum og skilinn svo, að ekki megi veita öðrum þennan rétt en þeim, er ekki komi inn á verksvið íslenzkra borgara, þá verður vist að líta svo á, að hann geti aldrei mælt með neinni slíkri umsókn nema af persónulegum ástæðum.

Allir þeir, sem í frv. eru nefndir, standa jafnt að vígi. Þeir uppfylla allir skilyrði l. og eiga því allir að fá ríkisborgararétt.

*Héðinn Valdimarsson: Það er mikill munur á þeim mönnum, sem í frv. eru taldir. Sá fyrsti er búinn að starfa hér svo lengi, að hann er í raun og veru orðinn Íslendingur. Hinn fjórði er íslenzk kona, sem hefir við giftingu í Þýzkalandi misst ríkisborgararéttinn, en er alflutt hingað fyrir mörgum árum og er því jafnmikill Íslendingur og hver annar innfæddur borgari. Þriðji umsækjandinn er sonur þessarar konu, sem uppalinn er að mestu hér, þótt hann sé útlendur í föðurætt. En annar umsækjandinn í röðinni sækir um ríkisborgararétt í þeim tilgangi fyrst og fremst, að geta haldið því starfi, sem hann hefir og nóg af ísl. mönnum er til í. Ég álít ekki, að hver maður, sem sækir um íslenzkan ríkisborgararétt, eigi að fá hann, þótt hann uppfylli skilyrðin. Það verður að gera greinarmun á þessu, eftir því hvaða menn eiga í hlut.

*Frsm. (Thor Thors): Það stendur svo á með þennan mann, sem er hér nr. 2 í frv. n., að hann kom hingað upp til þess að vinna verk, sem Íslendingar gátu ekki unnið. Hann hefir unað vel hag sínum hér á landi og hyggst að setjast hér að, þar sem hann hefir í hyggju að ganga að eiga íslenzka konu. Ég sé því ekki, hvaða rök eru gegn því, að þessum manni sé veittur íslenzkur ríkisborgararéttur. Mér þykir leiðinlegt, að hv. 2. þm. Reykv. skuli reyna að blanda inn í þetta mál persónulegum tilhneigingum sínum, en á annan hátt verður afstaða hans gegn þessum manni ekki skilin. Alþ. verður að sjálfsögðu að halda sér við þær reglur, sem það hefir einu sinni sett sér með l. um ríkisborgararétt, og þeir menn, sem uppfylla þau skilyrði, sem þar eru sett, eiga rétt á því, ef þeir óska þess, að verða íslenzkir ríkisborgarar.— Atvinna þessara manna er allt annað atriði og kemur á engan hátt því við, hvort þeir öðlast ríkisborgararétt eða ekki.

*Garðar Þorsteinsson: Ég hefi litlu við að bæta. — Þar sem hv. 2. þm. Reykv. sagði, að hver maður, sem sækti um íslenzkan ríkisborgararétt, ætti í sjálfu sér ekki að fá réttindin, þótt hann uppfyllti skilyrðin, þá er ég honum sammála um það, þó því aðeins, að tekin séu upp strangari ákvæði um það, hverjir fái íslenzkan ríkisborgararétt, en inn á það hefir ekki verið gengið og það veit hv. þm.

Þessu er þannig háttað núna, að umsóknir um íslenzkan ríkisborgararétt eru ásamt vissum opinberum skjölum, sem krafizt er, að látin sé í té, sendar til stjórnarráðsins, og það sendir þær síðan til allshn Alþ., og þær gera í raun og veru ekki annað en athuga, hvort viðkomandi umsóknir uppfylli skilyrði l. Ef tilætlunin væri sú, að gerðar væru um það strangari kröfur en þessi „formellu“ skilyrði l., þá mundi ég geta fallizt á það. En mér er ekki kunnugt um þau ár, sem ég hefi setið á Alþ., að spurt hafi verið um annað en það, hvort viðkomandi maður uppfylllti skilyrði l. Ég vil benda á, að núna sótti maður um ríkisborgararétt, sem vinnur hjá Reykjavíkurbæ og uppfyllir skilyrði l. að öðru leyti en því, að hann hefir ekki unnið nægilega lengi hjá íslenzkri ríkisstofnun. Þessi maður er ekki talinn hér með, af því að þetta „formella“ skilyrði var óuppfyllt. Þessi maður, sem starfar hjá Reykjavíkurbæ, hefir ekki það starf með höndum, sem íslenzkur ríkisborgari getur innt af hendi.

Ef hv. 2. þm. Reykv. vill taka málið á þeim grundvelli, að sett séu önnur og strangari skilyrði, þá verður Alþ. að setja um það l., eða einhverjar beinar reglur, sem fylgt er, en allshn. eða einstakir þm. mega ekki koma með neitt slíkt til þess að fella mann frá því að fá réttinn, er hann uppfyllir hin sömu almennu skilyrði, sem sett eru gagnvart öðrum.

*Stefán Jóh. Stefánsson: Í allshn. hefi ég engan ágreining gert út af þeim manni, sem hér er deilt um. En út af þeim prinsipiellu umræðum, sem hér hafa farið fram um málið, þá vil ég láta þá skoðun í ljós, að ég tel það fjarri öllu lagi, að það sé skylda löggjafans að taka hvern þann útlending, sem óskar eftir íslenzkum ríkisborgararétti, inn í slíka löggjöf, ef hann aðeins uppfyllir hin almennu skilyrði l. um búsetu og óflekkað mannorð. Það, sem vakir fyrir mönnum með ríkisborgarrétti í hverju landi fyrir sig er, að þeir einir fái þau réttindi, sem fylgja ríkisborgararéttinum, sem eru æskilegir menn til langdvalar í landinu. Nú gæti vel svo verið, sérstaklega hér á landi, þar sem sáralítið eftirlit er með dvöl útlendinga í landinu, að hér dveldu menn langdvölum og uppfylltu að öðru leyti hin almennu skilyrði til þess að fá íslenzkan ríkisborgararétt, án þess að löggjafanum þætti æskilegt, að þeir ílentust hér með réttindum íslenzkra ríkisborgara. Um mann nr. 2 hefi ég ekkert að segja. Ég þekki hann ekki og hefi ekki gert við hann neina aths. En ég vil út af þessum umræðum aðeins taka það fram, að ef ég þekkti til útlendings, sem uppfyllti öll skilyrði íslenzkra ríkisborgara, en að ég áliti hann ekki „persona grata“ fyrir íslenzkt þjóðfélag, þá mundi ég hiklaust vera á móti því, að honum væru veitt þessi dýrmætu réttindi, sem við hljótum að telja, að það sé, að vera íslenzkur ríkisborgari. Þetta vildi ég sérstaklega taka fram viðvíkjandi orðum hv. þm. Snæf. um það, að hver maður ætti rétt á að fá íslenzkan ríkisborgararétt, sem uppfylli hin almennu skilyrði laganna. Þetta er fjarri öllu lagi. enda þótt ég hafi ekki gert ágreining út af nr. 2 í nefndinni.

*Frsm. (Thor Thors): Ég get verið hv. 1. landsk. sammála um það, að þó að um útlendinga sé að ræða, sem uppfylla skilyrði löggjafans um að fá ríkisborgararétt, en eru ekki æskilegir fyrir þjóðfélagið, þá sé engin nauðsyn eða skylda fyrir löggjafann að samþ. þá. En ég tek ummæli hans um þetta mál þannig, að hann samþ. það í einu og öllu, að þessi umdeildi maður, sem er nr. 2 í frv. n.,

sé það, sem hann kallar „persona grata“ í þessu máli.

*Stefán Jóh. Stefánsson: Út af ræðu hv. þm. Snæf. vil ég taka það fram, að það er röng ályktun, sem hann dró af orðum mínum. Það er svo um flesta allshnm., að þeir þekkja sáralítið til þeirra umsókna, sem berast, um íslenzkan ríkisborgararétt. Ef þeir vita ekkert sérstakt um mennina, þá fylgja þeir því að sjálfsögðu, að þeir fái réttindin. En ef þeir af persónulegri viðkynningu eða af frásögnum annara vita það gagnstæða um einhvern umsækjanda, þá er eðlilegt, að þeir séu á móti honum.

Um þessa 4 menn, sem í frv. eru, er það sama að segja frá minni hálfu, að ég þekki engan þeirra persónulega, svo að ég get ekki lagt á móti þeim fyrir þá sök, því ég þekki þá ekkert. En ef ég vissi eitthvað um einhvern þessara manna, sem gerði það að verkum að ég teldi hann ekki æskilegan ríkisborgara, þá mundi ég vera á móti því, að beiðni þess manns væri sinnt.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 24. fundi í Nd., 22. marz, var frv. tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frvgr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3 umr. með 20 shlj. atkv.

Á 26. fundi í Nd., 24. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 27. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar (A. 100).
Á 29. fundi í Ed., 31. marz, var frv. tekið til 1. umr.

*Jón Baldvinsson: Ég sé, að þetta frv. er flutt af allshn. Nd., en það stendur ekki í því, að það sé flutt eftir beiðni ríkisstj., eins og mér hefir skilizt, að hefði orðið að samkomulagi hér á þingi fyrir nokkru, að ætti að vera. Má vera, að svo sé, þótt þess sé ekki getið í grg., en ég vildi óska eftir, ef málið fer til n., að hún athugi gaumgæfilega, hvort þessir menn, sem hér um ræðir, fullnægi þeim skilyrðum, sem sett eru fyrir því, að menn fái ríkisborgararétt. Annars álít ég að þessi mál ættu aldrei að koma fyrir þingið, fyrr en þau hafa gengið í gegn um hreinsunareld í stjórnarráðinu, eins og mér skilst, að samkomulag sé um.

Magnús Guðmundsson: Ég geri ráð fyrir, að þannig liggi í þessu máli, að hæstv. ríkisstjórn hafi sent allshn. Nd. öll þau skjöl, sem hér um ræðir. Það hefir verið siður undanfarið, að fara þannig að, en ég get tekið undir það, að það er rétt, að svona frv. séu stjfrv. Ég hefi hugsað mér, að ekki væri ástæða til að vísa málinu til n., þar sem neðrideildarnefndin hefir flutt það óklofin. Þó er langt frá, að ég muni standa á móti því, að málinu verið vísað til n.

*Jón Baldvinsson: Ég gerði þessa aths. af því, að ég sá ekki af grg., að frv. væri komið frá ríkisstj. Í grg. segir, að allshn. hafi borizt nokkrar umsóknir um ríkisborgararétt, og fullyrt, að þeir, sem um hafi sótt, fullnægi skilyrðum gildandi laga, en mér fyndist réttara, að umsóknirnar hefðu gengið í gegnum stjórnarráðið, en það liggur ekki fyrir, að svo hafi verið.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til allshn. með 9 shlj. atkv.

Á 34. fundi í Ed., 8. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 100, n. 207).
Forseti tók málið af dagskrá.

Á 35. fundi í Ed., 9. apríl, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 100. n. 207, 246).

Frsm. (Magnús Guðmundsson): Eins og nál. ber með sér, hefir allshn. lagt til, að frv. yrði samþ. óbreytt. En samt er nú frá einum nm. komin fram brtt., sem ég skal ekki fjölyrða neitt um, fyrr en mælt hefir verið fyrir henni. En till. a. m. k. meiri hl. n. er sú, að frv. verði samþ. eins og það liggur fyrir. En n. mun fyrir 3. umr. koma með brtt. annaðhvort um einn eða tvo, sem óska að fá ríkisborgararétt og eru þeir báðir Íslendingar; annar hefir misst ríkisborgararétt sinn vegna veru sinnar í Ameríku, en hinn er fæddur af íslenzkum foreldrum, en hefir aldrei haft ísl. ríkisborgararétt.

*Sigurjón Á. Ólafsson: Ég hefi litlu við að bæta það, sem hv. frsm. sagði. Ég hefi skrifað undir nál. með fyrirvara, sem ég gerði vegna þess, að ég legg á sérstakri brtt. til, að 2. liður frv. falli burt. Sem ástæðu fyrir því vil ég greina þetta:

Þessi maður mun hafa lagalegan rétt til þess að öðlazt ríkisborgararétt fyrir það eitt, að hann er í opinberri þjónustu. Hann mun vera búinn að vera 5 ár í landinu. En l. mæla svo fyrir, að menn, sem ríkið hefir í þjónustu sinni, geti öðlazt ríkisborgararétt. Er þetta vitanlega gert til öryggis, ef menn vilja tryggja þessa menn í landinu, vitanlega miðað við, að þeir séu við þau störf áfram, sem þeir hafa haft á hendi. Það er ekki hægt að segja, að þessi maður, sem ég vil nema burt úr frv., sé ómissandi maður fyrir okkur. Hann byrjaði að vísu við sjálfvirku stöðina, þegar hún var sett upp, en eftir á, þegar farið var að starfrækja hana hér, hefir virzt nægilegt af vinnandi mönnum til

þess að inna hans starf af hendi. Maður þessi hefir oft og einatt tafizt frá verki sínu, stundum jafnvel farið til útlanda í sumarfríi, og þá hafa innlendir menn tekið við störfum hans á meðan. Og ekki virðist annað en allt hafi gengið vel samt. Við stjórn og starfrækslu símans eru svo margir innlendir menn, sem hafa verkfræðilega þekkingu og gætu tekið þetta starf að sér, að það er að mínu áliti ekki rétt að hefta möguleikana fyrir því, að þeir geti komizt að þessari stöðu, með því að binda þennan mann við starfið. Því að ef þessum manni yrði veittur ríkisborgararéttur, þá yrði hann sjálfsagt hér á landi svo lengi sem starfskraftar hans entust. Þó að hér sé aðeins um þennan eina mann að ræða, með tilliti til þessa atriðis, þá tel ég Alþ. eigi að vera ákaflega varfærið í því að hrúga erlendum mönnum inn í landið og festa þá hér. Meðal iðnaðarmanna er hreyfing á móti því að innleiða hingað menn til starfa, sem Íslendingar geta sjálfir innt af höndum. Og Íslendingar eru ekki þeir einu, sem þessa afstöðu hafa um þetta efni. Mér hefir nýlega borizt í hendur skýrsla, þar sem gerð er grein fyrir því, hvað sé unnið að því í löndum yfirleitt að bægja útlendingum frá innlendum störfum. Skýrslan er ekki ný. Nýjustu tölur hennar eru frá 1930. En eftir þessari skýrslu virðist stefnan meðal þjóðanna, og ekki sízt Norðurlandaþjóðanna, vera sú, að herða á þeim lagaákvæðum, að bægja útlendingum frá því að festast í löndunum. Ég vil benda á, að árið 1930 er talið, að í Þýzkalandi hafi verið 12‰ útlendingar, og í Eistlandi 12‰. Ítalía er með 3‰ og Stóra-Bretland með 4‰. Noregur er aftur með 12‰ og Danmörk, eftir því sem ég kemst næst, er með 10‰ útlendinga af íbúunum. Þessi skýrsla frá árinu 1930 sýnir, að í öllum löndum er unnið að því, að þessi tala verði sem lægst. Af hverju sem þetta stafar mest, mun mega rekja ástæðurnar til þessa m. a. til þess, að í flestum löndum hefir ríkt nokkurt atvinnuleysi, og íbúum landanna hefir verið illa við að útlendingar kæmu til að keppa um atvinnu við innfædda menn. Þessi stefna er einnig farin að gera verulega vart við sig hér hjá okkur. Fyrir mér er það því stefnumál, að ég tel ekki rétt að farið sé að nauðsynjalausu að veita útlendingum, sem hér starfa, ríkisborgararétt, þegar til eru menn í landinu, sem geta innt þeirra störf af höndum. Og ég hygg, að við sjálfvirku stöðina séu menn til starfandi, sem geta fullkomlega tekið störf þau, er þessi umræddi maður hefir með höndum. Og fari nú svo, að Alþ. fallist á, að veita honum ekki ríkisborgararétt, þá er hann þó vitanlega svo lengi sem honum er ekki sagt upp starfinu, bundinn hér á landi. En möguleikarnir til að láta hann fara frá starfinu eru meiri með því að veita honum ekki ríkisborgararétt heldur en ef honum er veittur hann. Þess vegna legg ég til, og hefi þar með í huga mína yfirlýstu stefnu í þessum málum, að þessum manni verði ekki veittur ríkisborgararéttur samkv. frv.

*Forsrh. (Hermann Jónasson): Ég hefi því miður ekki fylgzt nægilega vel með þessu máli gegnum þingið. En um þetta vildi ég þó segja það, að í raun og veru ætti alveg að hverfa frá þeirri venju, sem hér hefir ríkt á Alþ., að einstakir hv. þm. beri fram frv. um veiting ríkisborgararéttar, og ætti slík frv. í hvert skipti að vera stjfrv.

Það er vitanlega misskilningur hjá hv. 4. þm. Reykv., eins og kom fram í ræðu hans, að þessir menn eigi nokkurn rétt á veiting ríkisborgararéttar. Með l. voru á næst síðasta Alþ. talsvert þrengd skilyrðin fyrir því, að menn gætu öðlazt þennan rétt, og það torveldað. Þá voru frv. um veiting ríkisborgararéttar til meðferðar á Alþ., sem ég stöðvaði, vegna þess að þar var um að ræða menn, sem ekki uppfylltu skilyrði, sem sett eru í l. fyrir því, að ríkisborgararétt megi veita, þó að þau skilyrði séu nú reyndar ekki eins ströng og ég vildi vera láta. En þó að menn uppfylli skilyrði, sem sett eru í l. fyrir því, að veita megi þeim ríkisborgararétt, þá er það alls ekki sagt í l., að þeir eigi rétt á því að fá hann. Og ég álít, að það sé eitt mjög alvarlegt mál, hvað við yfirleitt höfum verið fúsir á að veita útlendingum ríkisborgararétt hér. Það eru ekki nein smávægileg réttindi, sem þessum mönnum eru veitt með ríkisborgararéttinum. Við höfum veitt mörgum þennan rétt án sérstakra verðleika, ef þeir hafa ekki brotið neitt af sér. En veiting þessa réttar er í öðrum löndum verðlaun til handa þeim mönnum, sem sérstaklega hafa unnið til þess að fá hann.

Þessar skýrslur, sem hv. 4. þm. Reykv. las upp, segja meira en hann las upp. Á þeim geta menn séð, hversu tregir menn eru í öðrum löndum á að veita ríkisborgararétt, og að þeim mönnum, sem ekkert hafa unnið til hans annað en að hafa ekkert brotið sérstaklega af sér, er ekki veittur hann. Einn maður, sem verið hafði í Noregi í 20 ár, var rekinn þaðan frá atvinnu og hingað heim.

Ég þekki engan þessara manna, sem á frv. eru, og hefi ekkert á móti þeim persónulega að segja. En þeir hafa hér almenn réttindi og það má leyfa þeim að hafa hér atvinnu 1 eða 2 ár í senn, eða þann tíma, sem stjórnarráðið tiltekur, samkv. l. um atvinnuleyfi eða l. um dvalarleyfi útlendinga hér á landi. En sé þeim veittur ríkisborgararéttur samkv. þessu frv., er þeim þar með veittur jafn réttur í einu og öllu sem íslenzkum þegnum, sem ekki er afturkallanlegur. Ég vil þess vegna ekki, þótt mönnum megi veita ríkisborgararétt, að gengið sé inn á það sem reglu að gera það, ef það aðeins er leyfilegt samkv. l. Og ég álít, að því minni ástæða sé til þess að samþ. þetta frv. sem þessa dagana einmitt er lokið við að semja reglugerð um eftirlit með útlendingum. Ég aflaði mér gagna frá útlöndum og fékk lögreglustjóra til þess að gera frv. að reglugerð, sem var síðan sent sendiráðinu í Kaupmannahöfn til þess að yfirfara það og bera saman við þær reglugerðir um þetta, sem nú tíðkast annarsstaðar í löndum. Nú er þessi reglugerð komin, og 10 af hinum nýju lögregluþjónum verður falið að annast eftirlit með útlendingum. Næstu dagana verður farið að framkvæma þetta eftirlit, gera

skrá yfir þá af útlendum mönnum, sem hér eru, og farið að líta eftir þeim nýju, sem koma. Og ég álít, að í samræmi við þetta eftirlit með útlendingum eigi að koma miklu strangari reglur um að veita útlendum mönnum ríkisborgararétt, sem Alþ. ætti að fara eftir. Þess vegna álít ég, að frv. þetta eigi alls ekki að afgr., fyrr en búið er að ganga frá þeirri talningu, sem á að gera á útlendingum hér, og öðrum eftirlitsráðstöfunum samkvæmt þeim reglum, sem nú hafa verið teknar upp.

Ég er viss um, að hver einasti hv. þm. í þessari d. mun viðurkenna það, þegar hann hefir um það hugsað, að við höfum verið allt of eftirgefanlegir með að veita ríkisborgararétt. Ef farið er gegnum dómsskjöl, kemur það í ljós, að 200—300% fleira er þar af útlendingum en innlendum mönnum, sem komizt hafa undir refsiákvæði l. — En ég vil taka það fram, að ég hefi ekkert misjafnt heyrt um þetta fólk, sem frv. ræðir um. Og ég hefi enga ástæðu til að ætla annað en að það sé ágætisfólk. En þetta eru bara almennar upplýsingar, sem ég get gefið um þetta mál.

Frsm. (Magnús Guðmundsson): Út af því, sem hæstv. forsrh. sagði, vil ég fyrst taka það fram, að það er eitt af skilyrðum fyrir því, að veita megi ríkisborgararétt, að það sé sannað, að hlutaðeigandi hafi ekki brotið af sér í 10 undanfarin ár. Það liggur nú fyrir viðvíkjandi þessum mönnum, sem í frv. getur, að þeir hafa ekki brotið af sér þann tíma.

Það er vitanlega rétt, að það er ekki nein krafa, sem þessir menn eiga til þess að fá ríkisborgararétt. En það hefir verið siður hingað til, að þegar menn uppfylltu þau skilyrði, sem l. um ríkisborgararétt krefjast, þá hefir ekkert þótt athugavert við að veita hann. En skilyrðin fyrir þessari réttarveitingu voru einmitt þrengd mjög á næstsíðasta Alþ. Og þess vegna hygg ég, að svo hafi verið litið á, að ef menn uppfylltu þessi strangari skilyrði, þá bæri að láta þá fá ríkisborgararétt hér á landi, ef ekkert væri við mennina annars að athuga.

Hæstv. forsrh. sagði, að svona frv. ætti að vera stjfrv. Ég er honum sammála um það, og ég tók það fram við 1. umr. En það kemur undarlega við, að hæstv. ráðh. segir þetta, því að það er einmitt frá hans skrifstofu í stjórnarráðinu, sem þessi mál eru send þinginu í því skyni, að flutt verði frv. um þau, ef n. þætti það tiltækilegt.

Út af orðum hv. 4. þm. Reykv. verð ég að segja, að það kemur dálítið undarlega fyrir, þegar sá hv. þm., sem búinn er að skrifa undir nál. hér á þskj. 207, sem hljóðar þannig, að n. leggur til, að frv. verði samþ. óbreytt, kemur svo með brtt. við frv. Þótt hann skrifaði undir nál. með fyrirvara, skildi ég ekki fyrirvara hans þannig, að hann ætlaði að koma fram með brtt., heldur að hann vildi fara varlega í að veita ríkisborgararétt. Og í því er ég honum sammála. — Hv. 4. þm. Reykv. sagði, að einn umsækjenda, sem er í þjónustu ríkisins, Tomas Haarde, mundi standa í vegi fyrir öðrum um atvinnu. Þar til er því að svara, að þessi maður heldur sjálfsagt áfram atvinnu sinni, þó að hann fái ekki ríkisborgararétt. Það er reyndar hægt að vísa honum úr landi, ef hann fær ekki ríkisborgararétt. En hvaða ástæða er til að halda, að slíku verði beitt við mann, sem búinn er að þjóna ríkinu í 5 ár og ég veit ekki betur en að hafi staðið vel í stöðu sinni? Annars vil ég taka fram, að ég þekki ekki þennan mann, hefi aldrei séð hann. En ég geng út frá því sem gefnu, að hann væri ekki hafður þarna í þessari þjónustu, ef hann væri ekki mjög sæmilegur maður. En hvað það snertir, að hann standi fyrir öðrum um atvinnu, þá gildir það undantekningarlaust um alla, sem veittur er ríkisborgararéttur, því að langflestir þurfa þeir að hafa einhverja atvinnu til að lifa af. Þar af leiðandi standa þeir kannske í vegi fyrir einhverjum öðrum. Þessi ástæða gagnvart þessum manni er að öllu athuguðu alls ekki frambærileg.

Það er dálítið undarlegt að fá þessi andmæli hér í Ed. gegn þessu frv. við 2. umr. málsins, eftir að málið hefir gengið gegnum Nd. með shlj. atkv., og þar fékk það afgreiðslu í allshn., þar sem 2 samflokksmenn hv. 4. þm. Reykv. eiga sæti, án þess að neinn ágreiningur væri gerður um þennan mann.

Um hina aðra, sem með frv. er lagt til, að fái ríkisborgararétt, hygg ég, að enginn vafi geti leikið á, að rétt sé að veita þeim hann, hversu strangar reglur sem annars væru um slíka veiting hafðar. Sá, sem er nr. 1. á frv., Hans Eide, er uppalinn hér á landi og hefir verið hér síðan árið 1897. Um nr. 3 og nr. 4 er það að segja, að það eru í raun og veru Íslendingar. Konan er íslenzk, en hefir verið eitt einasta ár í Þýzkalandi, og August Halblaut er sonur hennar, sem hefir verið upp alinn alveg hér á landi og hefir, síðan hann fluttist hingað sem smábarn, aldrei komið til útlanda, en á þýzkan föður og er fæddur í Þýzkalandi. Vegna faðernis síns hefir hann ekki ríkisborgararétt. Ég held því, að það sé ákaflega hart að neita þessu fólki um ríkisborgararétt, sem hér er upptalið.

En ég vil undirstrika það, og ég hygg, að ég geti gert það fyrir hönd allra allshn., að hún er sammála um, að rétt sé að vera strangur í kröfum í þessu efni. Enda hafa nefndunum borizt fleiri umsóknir, sem ekki hafa verið teknar til greina hér. Og það sýnir, að það er ekki gleypt við hverri umsókn og mælt með veiting ríkisborgararéttar til hvers sem vera skal, sem um það sækir.

***Forsrh. (Hermann Jónasson):** Ég þarf ekki miklu að svara hv. 1. þm. Skagf., þar sem mér virðist hann vera mér sammála í aðalatriðum þótt hann vilji ekki láta málið bíða. Ég geri engan veginn upp á milli manna þeirra, sem hér er um að ræða. Ég veit, að enginn þeirra hefir brotið það af sér, að þeim beri að synja um ríkisborgararétt af þeim ástæðum.

Hv. 1. þm. Skagf. virðist vera að finna að því, að þetta væri ekki stjfrv., heldur hefði ég sent það til Alþingis. Þetta er rétt. Ég vildi ekki bera málið fram sjálfur, en ég skal játa,

að ég hefði átt að fylgjast betur með því hér í þinginu.

Eins og ég sagði síðast, er þetta mál var rætt hér, álít ég, að við höfum undanfarið gengið of langt í veitingu ríkisborgararéttar, og þegar menn athuga málið, munu þeir sjá, að Alþingi hefir verið hér á rangri braut. Við Íslendingar þurfum ekki að láta okkur detta í hug, að við fáum ríkisborgararétt í Noregi eða Þýzkalandi eftir 5—10 ára dvöl þar. Það er engin ástæða til þess, að við höldum landi okkar opnara en aðrir sínum. Með því að veita þessum mönnum ríkisborgararéttindi, tökum við þá að okkur, meðan þeir lifa, svo að það er ekkert smáræði, sem um er að tefla. Ef hv. 1. þm. Skagf. er mér sammála um það, að eftirlitið eigi að vera strangt, verður hann að játa, að það er ekki strangt, að veita öllum ríkisborgararétt, sem hér hafa dvalið í 10 ár. Við getum leyft útlendingum að vinna hér í 10 ár, án þess að veita þeim ríkisborgararétt á eftir, en til þess verður að taka upp nýjar reglur. Þessu er ekki beint gegn neinum sérstökum manni, en þetta er í samræmi við það, að ég hefi beitt mér fyrir því hér á þinginu áður, ásamt mönnum úr öllum flokkum, að teknar yrðu upp strangari reglur, enda var í það skipti frestað að taka ákvörðun um 4—5 menn. Mér finnst, að þeir menn, sem nú er um að ræða, geti vel beðið til næsta þings, þegar búið er að framkvæma hér upptalningu á útlendingum samkv. lögum, sem samþ. voru fyrir 2 árum.

*Sigurjón Á. Ólafsson: Það gladdi mig að heyra, að nú loksins sé farið að framkvæma þær reglur, er settar hafa verið um eftirlit með útlendingum hér á landi, því að hér hefir lengi verið hávær og réttmæt gagnrýni á því ástandi, að útlendingum hefir verið leyft að dvelja hér langdvölum eftirlitslaust og taka atvinnu frá innlendum mönnum. Þessar skrár um útlenda menn hér á landi segja auðvitað ekki til um það, hverjir af þeim fá ríkisborgararétt, en þær eru vottur þess, að farið er að spyrna á móti því, að útlendingar fái hér atvinnu á kostnað landsmanna.

Ég vil skýra með nokkrum orðum það, sem hv. 1. þm. Skagf. sagði um afstöðu mína í n. Ég sagðist ekki vilja láta útlendan mann, sem ekki hefir dvalið hér nema í 5 ár, fá ríkisborgararétt, þótt hann væri opinber starfsmaður. Um þetta var minn fyrirvari. Hv. þm. sagði, að þessi maður stæði ekki neinum mönnum fyrir atvinnu fremur en aðrir, sem fengið hefðu ríkisborgararétt. Það er nú svo um þennan mann, að hann er kallaður verkfræðingur, en mun þó ekki hafa tekið próf. Hann er því í raun réttri aðeins einfaldur starfsmaður, sem hlotið hefir verkfræðinafn við símstöðina í Rvík. Við eigum sérfræðing með próf í hans grein, svo að ekki er hægt að segja, að hann taki ekki atvinnu frá neinum.

Hæstv. forsrh. sagði, að reglur um veitingu ríkisborgararéttar ættu að vera strangar, og ég er honum alveg sammála um það. En ég tel mikinn mun á því, hvort maðurinn hefir dvalið hér í 5 ár eða 10. Ef maður hefir verið hér í 10 ár og kynnt sig vel að öllu leyti, tel ég, að miklar ástæður geti verið til þess að veita honum þessi réttindi. En það er allt öðru máli að gegna um mann, sem ekki hefir dvalið hér nema í 5 ár, jafnvel þótt hann sé í opinberri þjónustu.

Hv. 1. þm. Skagf. sagði, að flokksmenn mínir í Nd. hefðu ekkert haft við þetta að athuga. En allshn. Ed. hefir nú stundum áður leyft sér að breyta og laga það, sem frá Nd. hefir komið, og mér þykir ekki ólíklegt, að flokksmenn mínir í Nd. séu að athuguðu máli mér sammála um þetta atriði. — Eitt hefir ekki verið talað um í þessu sambandi, og það er það, hvort maður, sem sækir um ríkisborgararétt, sé búinn að binda sig íslenzkri konu. Þegar svo stendur á, er það jafnan viðkvæmt mál, að meina þeim manni slíkra réttinda eða jafnvel landsvistar. En sá maður, sem hér er um að ræða, er ókvæntur og hefir ekkert í eftirdragi. Ég hefi ekkert á móti manni þessum persónulega. En ég tel það fullfljótt, að veita erlendum mönnum íslenzkan ríkisborgararétt eftir ein 5 ár, þegar nóg er af sérfróðum íslenzkum mönnum til að taka við störfum þeirra.

Umr. frestað.

Á 36. fundi í Ed., 10. apríl, var fram haldið 2. umr. um frv.

Frsm. (Magnús Guðmundsson): Ég ætla að upplýsa, eftir skýrslum, sem ég hefi fengið, að það er ekki rétt, að það séu nægir menn til að vinna við landssímastöðina hér í stað þess manns, Haarde, sem hér sækir um ríkisborgararétt, og landssímastjóri telur, að þann mann megi ekki missa.

Ég skal upplýsa það, að n. hefir ákveðið að bæta við einum manni í frv. Sá maður er faðir Sigurðar Jónassonar og er fæddur hér á landi, en fluttist til Ameríku og hefir misst íslenzkan ríkisborgararétt, en vill fá hann aftur.

Sú kona, sem sækir um ríkisborgararétt, er fædd á Íslandi, en fór til Hamborgar. Hún kynntist þar manni, sem hún svo giftist og átti með eitt barn. Svo missir hún manninn nokkru seinna og hefir verið heima síðan. Þetta eru í raun og veru Íslendingar, og þeir verða þó aldrei reknir af landi burt. Hans Eide hefir verið hér í mörg ár kaupmaður í Rvík; hann er fæddur í Noregi og fluttist hingað árið 1897, og hefir því verið hér í 40 ár. Ég vil því draga í efa þau orð hæstv. forsrh., að n. hafi ekki valið rétta menn til að öðlast ríkisborgararéttinn, enda hefir engin óánægja gert vart við sig um þetta fyrr en hér í hv. d. Í Nd. voru allir flokkar sammála um frv.

*Jón Baldvinsson: Ég hefi við 1. umr. þessa máls látið það í ljós, að slík frv. sem þetta ættu að vera lögð fram af ríkisstj. Ég álít, að það standi ekki alveg á sama, hvort maðurinn geri gagn eða ekki, og til þess verður að taka tillit, þegar mönnum er veittur ríkisborgararéttur. Það er oft svo, að það eru teknir útlendir sérfræðingar til ýmsra fyrirtækja, og þá sér-

staklega iðnfyrirtækja, og eru hér vel launaðir. En þótt þeir komist hér að einhverju starfi, verður það að vera tilskilið, að þeir hafi meðmæli frá mikilsmetandi mönnum, ef þeim á að verða veittur ríkisborgararéttur.

Ég vil benda á það, að þýzkir ríkisborgarar losna ekki undan ríkisborgararétti Þýzkalands, þótt þeir fái ríkisborgararétt annarsstaðar. Þeir þurfa að fá samþykki stj. til þess, annars tilheyra þeir þýzkum lögum og eru skyldir til að ganga í þýzka herþjónustu. Þetta er atriði, sem vert er að athuga.

Ég vil því með leyfi hæstv. forseta leggja hér fram svohljóðandi rökst. dagskrá:

„Með því að deildin lítur svo á, að frv. til l. um veiting ríkisborgararéttar skuli jafnan vera stjfrv. og undirbúið af ríkisstj., en svo er eigi um þetta frv., þá tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá."

*Sigurjón Á. Ólafsson: Viðvíkjandi hinu ópantaða vottorði, sem hv. frsm. skýrði hér frá, vil ég segja það, að ég hefi hér skrá yfir þá menn, sem vinna hjá landssímanum. Við sjálfvirku stöðina vinna nú 2 íslenzkir menn, þeir Ólafur Þórðarson og Gissur Erasmusson. Mér hefir skilizt, að nægilega margir sérfræðingar væru fyrir hendi og því ekki nauðsynlegt að fara að taka erlenda menn. Ég hefi byggt mína till. á því, að það sé óþarfi t. d. að binda þennan mann hér um aldur og æfi, þótt hann hafi komið hingað til að setja stöðina upp, og mér er sagt, að hann sé enginn sérfræðingur.

Um það sem hér um ræðir, var enginn ágreiningur í n., og er ég í því sammála frsm. Ég hefi ekki orðið var við, að nokkrum sé það á móti skapi, að Vestur-Íslendingar fái að flytja til Íslands aftur.

Frsm. (Magnús Guðmundsson): Fáein orð út af frásögn hv. 4. landsk., um að þýzkir ríkisborgarar héldu þýzkum ríkisborgararétti, þótt þeir fengju ríkisborgararétt annarsstaðar. Það getur verið, að það sé rétt, en þó hygg ég, að þetta sé byggt á misskilningi. En þó að þetta væri rétt, þá skiptir það engu máli, því að enginn fær hér ríkisborgararétt fyrr en hann er laus við ríkisborgararétt þann, sem hann hafði.

Mér þykir það mjög einkennilegt, að ætla að vikja þessu máli frá með rökst. dagskrá. Hér er yfirleitt um Íslendinga að ræða, og sá eini norski maður, sem hv. 4. þm. Reykv. er að tala hér um, er nauðsynlegur starfsmaður hér. Hv. 4. þm. Reykv. sagðist hafa byggt till. sína á því, að það væru nægilega margir menn hér í Rvík, sem gætu unnið hans starf. Ég hefi nú hér í höndunum bréf frá bæjarsímastjóra og vil í þessu sambandi lesa það hér upp, með leyfi hæstv. forseta:

„Vegna ummæla hv. alþm. SÁÓ á þingfundi Ed. Alþingis í dag út af veitingu ríkisborgararéttar til T. Haarde, að hann sé ekki nauðsynlegur starfsmaður sjálfvirku stöðvarinnar, skal það upplýst, að þær upplýsingar eru ekki frá yfirmönnum hans, sem þvert á móti leggja mjög mikla áherzlu á að halda honum og hafa hingað til gert. Tel ég eftirlit sjálfvirku stöðvarinnar ekki öruggt nú né fyrst um sinn án hans. Þá má benda á það, að hér er enginn annar en hann fær um að sjá um stækkun sjálfvirku stöðvarinnar, sem nú stendur fyrir dyrum. Ennfremur má geta þess, að hann er trúlofaður íslenzkri stúlku og ætlar bráðlega að gifta sig og hefir nú þegar leigt sér íbúð."

Hv. þm. Reykv. hlýtur að sjá það, að grundvöllurinn undir till. hans er fallinn, og það væri því bezt, að hann tæki hana aftur.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fara um þetta fleiri orðum. Mér finnst það mjög óviðeigandi, ef Alþingi ætlar að meina mönnum að fá ríkisborgararétt, sem eru ekkert annað en Íslendingar.

*Sigurjón Á. Ólafsson: Út af hinu ópantaða vottorði vildi ég segja það, að þessi hv. þm. gat um það, að þótt þessi útlendi maður hafi verið forfallaður eða verið í sumarfríi, þá hafi ekki orðið nein truflun á rekstri sjálfvirku stöðvarinnar. Það er náttúrlega erfitt fyrir mig að deila við einhverja sérfræðinga, sem leggja fram vottorð í þessum efnum, en þetta sem ég hefi sagt, mun vera rétt og satt.

Ég vil geta þess, að ég hefi ekkert orð um rökst. dagskrána sagt, en ég held, að þrátt fyrir allt gætum við verið sammála um, að það sé ekki nema gott, að þetta mál fái rækilega athugun í ráðuneytinu, því að ég geri ráð fyrir, að þessir menn geti beðið eftir því að fá réttinn, þangað til næsta Alþingi kemur saman. Ég mun því greiða rökst. dagskránni atkv.

*Pétur Magnússon: Ég er að ýmsu leyti annarar skoðunar en allflestir þeir, sem talað hafa.

Menn hafa verið nokkuð sammála um það, að rétt væri að reisa nokkuð þröngar skorður við því, að útlendir menn flytjist hingað til landsins. Eins og ástandið í atvinnulífinu er nú, þá er ekki ástæðulaust, þó að menn kinoki sér við því að hleypa útlendum mönnum hingað, en undir normal kringumstæðum væri hinsvegar full þörf á því að fá innflutning inn í landið. Í þéttbýlu löndunum, þar sem erfiðleikar eru á því, að hafa nægileg verkefni handa landsins eigin börnum, þar er eðlilegt, að frekar sé staðið á móti innflutningi útlendinga, en hér stendur allt öðruvísi á, því að eins og við vitum, er landið okkar ekki nema hálfnumið, og enginn vafi á, að það, hve fáir menn búa í landinu, er eitt af allra alvarlegustu erfiðleikunum, sem hér er við að stríða og gerir margar nauðsynlegar framkvæmdir erfiðar eða jafnvel ómögulegar. Þetta sjá víst allir.

Mér finnst þess vegna mjög varhugavert að slá því föstu í eitt skipti fyrir öll, að standa eigi á móti innflutningi útlendinga. Ég held, að ef atvinnuhættirnir kæmust aftur í eðlilegt horf, þá gæti verið gott að fá útlendinga, ekki sízt Norðurlandabúa, inn í landið. — Hitt er annað mál, það er ekki nema sjálfsagt að hafa reglulegt eftirlit með þeim innflutningi. Það er náttúrlega enginn ávinningur í því, að fá hingað einhvern ruslaralýð, sem „havarerað" hefir í sínu eigin landi, heldur duglega menn,

sem vildu leggja fyrir sig einhverja atvinnu hér. — Af þessum ástæðum er ég á móti því, að farið sé að samþykkja, að frv. um ríkisborgararétt skuli flutt af ríkisstj. Ég get ekki betur séð en að vilji Alþingis í þessum efnum eigi að fá að njóta sín, hverrar skoðunar, sem ríkisstj. sú er, sem með völdin fer á hverjum tíma, og mun því eindregið greiða atkv. á *móti* dagskrártill. hv. 4. landsk.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 37. fundi í Ed., 12. apríl, var enn fram haldið 2. umr. um frv.

Rökst. dagskráin frá 4. landsk. þm. felld með 8:5 atkv.

Brtt. 246 felld með 8:4 atkv.

Frvgr. samþ. með 9:3 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr með 8:5 atkv., að viðhöfðu *nafnakalli*, og sögðu

já: IngP, JAJ, MG, MJ, ÞBr, ÞÞ, BSt, GL.

nei: HG, JBald, PHerm, SÁÓ, EÁrna.

3 þm. (HermJ, JJ, PM) fjarstaddir.

Á 41. fundi í Ed., 15. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 42. fundi í Ed., 16. apríl, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 100, 292, 308).

Frsm. (Magnús Guðmundsson): Allshn. flytur hér tvær brtt. á þskj. 292, um að bætt sé við 2 mönnum, er fái ísl. ríkisborgararétt með þessum l. En það kemur til álita nú aðeins annar þeirra, því að n. hefir borizt bréf frá öðrum þessara manna, Jónasi Jónassyni, þar sem hann afturkallar beiðni sína, og skal ég lesa þetta bréf, sem er til dómsmálarn., með leyfi hæstv. forseta:

„Hér með leyfi ég mér að afturkalla umsókn *mína um ríkisborgararétt*. Sérstakar ástæður hafa orðið þess valdandi, að ég þarf að afturkalla þessa beiðni mína nú, en ég mun væntanlega síðar fara þess á leit, að mér verði veittur íslenzkur ríkisborgararéttur.

Virðingarfyllst Jónas Jónasson.

Um hinn umsækjandann skal ég geta þess, að hún er fædd í Noregi árið 1917, en fluttist hingað strax á næsta ári og hefir verið hér alltaf síðan. Móðir hennar er íslenzk, og það liggja fyrir öll þau vottorð, sem krafizt er í *þessu efni*.

Ég sé, að hv. 1. þm. Eyf. hefir borið hér fram brtt. á þskj. 308, en ég mun ekkert um hana segja, fyrr en ég heyri hvað hann hefir um hana að segja, því að n. hefir ekki tekið hana til meðferðar og flm. hennar hefir ekki sent n. nein skjöl né talað við hana um þann mann, sem þar er farið fram á, að fái íslenzkan ríkisborgararétt. — Áður en ég lýk máli mínu, vil ég taka það fram aftur, að fyrri brtt. n. á þskj. 292 er tekin aftur.

***Bernharð Stefánsson:** Ég hefi leyft mér að bera fram brtt. á þskj. 308, um að Andresi Valderhaug bakara á Dalvík sé veittur ríkisborgararéttur. Ég skal taka það fram, að í till. stendur „bókari", en á að vera bakari. — Frsm. n. gat um það, að ég hefði ekki sent n. nein skjöl viðvíkjandi þessum manni. Það er nú saga að segja frá, hvernig á því stendur. Það mun hafa verið á þinginu 1935, að þessi maður, sem þá var bakari í Ólafsfirði, sótti um ríkisborgararétt og sendi öll skjöl, sem krafizt er í því sambandi, suður til mín. Þau skjöl afhenti ég þá allshn. Nd., og allshn. þessarar d. mun einnig hafa haft þau til meðferðar. En nú get ég ómögulega fengið þessi skjöl aftur eða grafið upp, hvar þau eru niður komin. En þótt þetta sé nú svo, þá hygg ég, að það geri ekki svo mikinn skaða; ég veit t. d., að hv. 2. þm. S.-M. man vel eftir þessum skjölum og mun kannast við það. Eins hefi ég átt tal við menn, sem þá áttu sæti í allshn. Nd., og muna þeir einnig vel eftir þessu. Yfirleitt voru öll vottorð þessa manns í lagi. Hann flutti hingað 1928, og vantar því að vísu nokkuð til að hafa verið búsettur hér þann tíma, sem yfirleitt er krafizt, til þess að veittur sé ríkisborgararéttur, en hann er giftur íslenzkri konu og fastur starfsmaður hjá íslenzku fyrirtæki, og það er mjög bagalegt bæði fyrir það fyrirtæki og hann sjálfan, að hann skuli ekki geta fengið ríkisborgararétt. Ég álít, að hin almennu lög um veitingu ríkisborgararéttar geti ekki hindrað Alþingi í að veita þeim mönnum ríkisborgararétt, sem því sýnist, með *nýjum lögum*, og hefi því leyft mér að bera þessa brtt. fram. Ég hefi fyrir framan mig bréf frá þessum manni, skrifað af honum sjálfum á íslenzku og geta menn fengið að sjá það. Ég hygg, að jafnvel íslenzkukennarar mundu ekki finna margar villur í því, þannig að ég get fullyrt, að þessi maður kann mjög vel íslenzku, eftir því sem gerist um útlenda menn, sem hér hafa dvalið. Hv. d. verður náttúrlega að ráða, hvernig hún tekur í þetta mál; ég sá ekki ástæðu til að liggja á þessari umsókn, því að ég tel hana *eftir atvikum vel frambærilega*. Hvað það snertir, að skjölin vantar, þá get ég enga ábyrgð borið á því; það verða þær n. að gera, sem höfðu þau undir höndum, og ég tel, að maðurinn eigi nokkra heimtingu á að fá þau aftur, því að sum þeirra voru frá Noregi, og kostar nokkra fyrirhöfn að fá þau.

Frsm. (Magnús Guðmundsson): Ég get ekki sagt neitt um þessa brtt. fyrir hönd n., þar sem hún hefir ekki verið undir hana borin. *Ég get bara sagt það*, að ég býst við, að umsókn þessa manns mundi ekki hafa verið tekin til greina, ef skjöl hans hefðu legið fyrir n., af þeirri einu ástæðu, að hann flutti ekki til landsins fyrr en í júlí 1928 og er þannig ekki búinn að vera búsettur hér í full 10 ár. Í l. um veitingu íslenzks ríkisborgararéttar stendur, að heimilt sé að veita þeim mönnum ríkisborgararétt, sem búsettir hafa verið hér á landi 10 ár eða meira samfleytt. Hitt er rétt hjá hv. 1. þm. Eyf., að þau l. hafa ekki grundvallarlagarétt, svo að Alþingi er heimilt að víkja frá þeim í nýjum l., en það hefir n. ekki lagt til, að gert yrði, hvorki í ár eða fyrra. Hitt skal ég viðurkenna, að það er leiðinlegt,

að það skuli koma fyrir, að skjöl tapist svona, og væri e. t. v. rétt að bæta manninum það upp með því að veita honum nú þennan rétt. Þessi 10 ára tími er náttúrlega tiltekinn af handahófi og skiptir ekki miklu máli út af fyrir sig. Og þar sem upplýst er, sem ég ekki rengi, að þessi maður sé eiginlega orðinn Íslendingur, er giftur íslenzkri konu, talar rétt íslenzkt mál og hefir ekki í hyggju að fara af landi burt, þá get ég sagt fyrir mitt leyti, að ég mun ekki setja mig á móti því, að hann fái ríkisborgararétt.

*Jón Auðunn Jónsson: Ég get sagt svipað og hv. 1. þm. Eyf. um þessi skjöl. Það sótti maður að vestan um ríkisborgararétt í þetta sama skipti; hann hafði öll skjöl í lagi, nema það vantaði skilnaðarvottorð, sem ekki var hægt að ná í í svipinn. Af þeirri ástæðu tók n. ekki ákvörðun um umsóknina í það sinn, en svo í fyrra fundust ekki þessi skjöl, svo að maðurinn varð að fara að útvega þau frá Noregi á ný og er ekki búinn að fá þau enn. Hann bað mig að bera fram till. um sig nú, en ég sagði, að það þýddi ekki, fyrr en skjölin væru fyrir hendi. Þessi maður er búinn að vera hér í 30 ár og á uppkomin börn. Samt sá ég mér ekki fært að bera fram till. um hann, þar sem skjölin vantar.

*Sigurjón Á. Ólafsson: Út af ummælum hv. frsm. um brtt. á þskj. 308, að hann mundi ekki setja sig á móti henni af þeirri ástæðu einni, að skjölin vantar, þá vil ég taka það fram, að ég hygg, að það geti orðið skiptar skoðanir um það innan n., hvort hér á að víkja þannig frá 10 ára takmarkinu. Og þó umræddur maður eigi ekki sök á því, að skjölin vantar, þá er þó sá möguleiki opinn fyrir hann að afla sér skjalanna aftur á þeim tíma, sem vantar á, að hann hafi dvalið hér 10 ár. Ef gengið er inn á að taka þennan mann inn í frv. nú, þá hygg ég, að liggi fyrir umsóknir frá fleirum, sem þá gæti komið til athugunar, hvort ekki ætti að taka upp líka. Um þessi skjöl skal ég ekkert segja; mér þykir óliklegt, að þau liggi ekki einhverstaðar í skjalavörzlum þingsins, svo að með vandlegri leit ætti að vera hægt að hafa upp á þeim.

Ég óska, að málið sé tekið út af dagskrá nú, svo að n. gefist kostur á að athuga það á ný og taka afstöðu til, hvort nú á að brjóta regluna um 10 ára takmarkið, og hvort það getur þá ekki gilt um fleiri af þeim mönnum, sem liggja fyrir umsóknir frá.

Frsm. (Magnús Guðmundsson): Ég sé ekki ástæðu til að taka málið út af dagskrá; ég hélt, að það væri búið að tefja nóg fyrir því hér í d., enda er auðsætt, að það kemst ekki fram, ef farið er að taka það út af dagskrá nú. En ég veit, hvað liggur á bak við hjá hv. 4. þm. Reykv.; hann er búinn að greiða atkv. á móti frv. og vill náttúrlega gjarnan sálga því með því að taka það út af dagskrá. Hefir hann þannig snúizt í málinu, síðan n. afgr. það, því að þá skrifaði hann undir nál. um að mæla með því, að frv. yrði samþ. óbreytt. Ég vil halda mig við nál. og mælist til, að frv. komi til atkv. nú.

*Forsrh. (Hermann Jónasson): Ég hefi talað áður í þessu máli og látið í ljós skoðun mína á því. En ég er satt að segja dálítið undrandi yfir því kappi, sem á það er lagt, að láta erlenda menn, sem hér dvelja, fá íslenzkan þegnrétt. Ég held, að allir þessir menn geti starfað í landinu samkv. dvalar- og sumarleyfum og haft öll atvinnu- og persónuréttindi, þótt ekki sé verið að flýta sér að veita þeim íslenzkan þegnrétt og taka þá þannig að sér um aldur og ævi og lofa að sjá þeim fyrir lífsframfæri, ef þeir hafa ekki atvinnu. Ég held, að það gæti hvergi annarstaðar en hér átt sér stað slíkt kapphlaup um að hrúga að sér nýjum ríkisborgurum. Það kemur manni undarlega fyrir sjónir, þegar nýbúið er að setja lög og reglugerð um strangara eftirlit með útlendingum heldur en verið hefir, og fyrir stuttu var lögreglan aukin, m. a. með þeim rökstuðningi, að hún gæti starfað í þágu ríkisins að þessu eftirliti. Á sama tíma og verið er að veita útlendingum þegnréttindi hér eftir stutta dvöl, þrátt fyrir atvinnuleysi landsmanna, er verið að reka Íslendinga heim, jafnvel eftir 20 ára dvöl, frá sömu löndunum sem við erum að taka við mönnum frá. Þetta land hefir verið opnara fyrir útlendingum heldur en nokkurt annað land, og síðan erfiðleikarnir fóru að vaxa, hafa menn reynt meir og meir að komast hingað í atvinnu stuttan tíma og fá svo íslenzkan þegnrétt. Ég get sagt hv. d. það, að við megum búast við að fá nokkra tugi af svipuðum umsóknum sem hér liggja fyrir. Það líður ekki svo vika, að ekki komi í stjórnarráðið fleiri eða færri útlendingar til að biðja um dvalarleyfi og atvinnuleyfi, og síðan vilja þeir vitanlega fá þegnrétt. En ég hélt, að við hefðum nóg af atvinnulausu fólki hér, þótt við værum ekki að sækjast eftir að taka að okkur útlendinga.

Umr. frestað.

Frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

33. Mjólkursala og rjóma o. fl. (frv. JörB o. fl.)

Á 21. fundi í Nd., 18. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um breyt á l. nr. 1 7. janúar 1935, um meðferð og sölu mjólkur og rjóma o. fl. (þmfrv., A. 103).

Á 23. fundi í Nd., 20 marz, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 24. fundi í Nd., 22. marz, var frv. aftur tekið til 1. umr.

*Flm. (Jörundur Brynjólfsson): Við höfum flutt frv. þetta hér í hv. deild að tilhlutun hæstv. landbrh.

Ég sé ekki ástæðu til að hafa mörg orð um frv. *og get um allt, sem máli skiptir, vísað til* grg. þeirrar, sem því fylgir. Orsökin til þess, að lagt er til að gera þessar breyt. á mjólkurl., er sú, að aukning á mjólkurframleiðslu hefir orðið mjög mikil síðan l. voru sett upphaflega, en þau voru samin með það fyrir augum, að svo mikið mjólkurmagn myndi ekki berast til kaupstaða og kauptúna á þessu verðjöfnunarsvæði. Hefir orðið nokkur ágreiningur út af þessu hér á verðjöfnunarsvæðinu, þar sem hagsmunir manna hafa ekki farið að öllu leyti saman, en menn hafa ekki fyllilega áttað sig á því, að bezt færi á, að nokkur jöfnuður væri í þessum efnum manna í milli, þeirra er nálægt Reykjavík búa og njóta betri skilyrða, og hinna, er fjær búa. Þeim, sem í grennd við kauptúnin búa, hefir fundizt þeir eiga þennan markað og litið svo á, að aðrir hefðu ekki leyfi til að flytja þangað mjólk, nema ef mjólkurþörf væri svo mikil, að þeir gætu ekki einir bætt úr. Ég þarf ekki að fjölyrða um, hve þetta er mikill misskilningur. Hví skyldi framleiðendum landsins ekki frjálst að koma með þessar vörur sem aðrar inn á þetta svæði, sem löggjöfin hefir afmarkað, ef þeir brjóta ekki reglur þær, er hér að lúta? Ef búseta ætti öllu að ráða um þessa vöru, ætti það að vera eins um aðrar nauðsynjar, sem á þessum markaði eru seldar. Ef þeir, sem búa í nánd við Reykjavík og Hafnarfjörð, eiga að fá hærra verð fyrir mjólkur afurðir, ætti líka að færa þetta yfir á önnur svið, svo að þeir fengju t. d. hærra verð fyrir kjötið, en þessu hefir enginn haft orð á. En sama máli hlýtur að gegna um mjólkina og kjötið og raunar fleiri vörur, að því er þetta snertir. Ég held, að bezta leiðin til að koma þessum ágreiningi fyrir kattarnef sé að taka upp þann háttinn, að láta menn búa við sama verð, nema hvað það veitir mönnum hlunnindi að búa í grennd við kaupstaðina, þar sem flutningur á markaðinn er mun minni fyrir þá en hina, sem í fjarlægð búa. Á þessa hagsmuni er ekki gengið hér. Ég hefi ekki þung orð um það, þó að menn, sem búa í grennd við kaupstaði, líti á það, að hagsmunir þeirra séu skertir, þó að þeim finnist í fyrstu þungt að verða að sæta þessu. En ef þeir íhuga þetta betur, munu flestir sjá, að eðlilegt er, að þarna sé nokkurt jafnræði milli manna. Og það er betra að vinna að jafnaði með lagasetningu en stríði milli framleiðenda um markaði, sem öllum yrði til tjóns, en engum til hagsbóta.

Ég hefi ekki séð, að þeir, sem búa hér í grennd, í Mosfellssveit, á Kjalarnesi og suður með sjó, hafi verri aðstöðu en menn í fjarlægari sveitum. Þeir hafa minni kostnað af flutningi vörunnar á markað og aðdrætti nauðsynja til heimilis. Þeir, sem fjær búa, hafa ekki betri aðstöðu til að rækta jarðir sínar, og þeim verða kostnaðarsamari allir aðflutningar. En hér á ekki að snerta við þessum aðstöðumun.

Þó að af þessu frv. kunni að leiða, að nokkuð verði skertir hagsmunir þeirra, sem fengið hafa hæst verð fyrir mjólkina, vona ég, að hægt verði að vinna svo að málunum, að ekki þurfi að koma upp neinn misskilningur milli þessara tveggja hópa. Vil ég í því sambandi vísa til grg., en þar segir, að í undirbúningi sé lagasetning um innflutningstoll á fóðurbæti og um það, að mjólkursamsalan taki að sér sölu á smjörlíki. Er ætlazt til, að á þennan hátt geti skapazt tekjur, er numið gætu allt að 100 þús. kr. og renna eiga í verðjöfnunarsjóð mjólkursamsölunnar. Ef til vill má finna fleiri sem sjóðinum mætti áskotnast, og gæti þá farið svo, að í engu yrði skertur hagur þeirra, er í nánd við kaupstaðina búa. Erlendis, t. d. í Noregi, hefir svipað fyrirkomulag verið upp tekið. Ég held, að slík aðferð sem þessi sé hyggileg, því að með því einu móti er hægt að vinna að málunum öllum til hagsbóta og eyða öllum ágreiningi.

Sé ég svo ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um málið, þar sem grg. gerir glögga grein fyrir því, og skírskota ég til hennar.

Ólafur Thors: Það er nú í rauninni svo komið, að íslenzkir þjóðfélagsþegnar vita, að af þessari háu samkundu hér er á hverri stund allra tiðinda von. Hér hafa verið samþ. frv., sem brjóta í bága við ákvæði sjálfrar stjórnarskrárinnar um eignarrétt o. fl. Og nú kemur þetta frv., sem er þannig úr garði gert, að ef hver maður sem veit yfirleitt, að Ísland er til, vissi ekki jafnframt, að löggjafarvaldi þjóðarinnar er í engu treystandi, þá myndi þetta frv. vekja slíka athygli, að um annað mundi ekki vera rætt í langan tíma. Ég ætla ekki að þessu sinni að gera málinu þau skil, sem ég hefði ætlað að gera við 2. umr., *en ég ætla að segja* að þessu sinni, að það er að bæta gráu ofan á svart, er hæstv. forseti þessarar deildar gerist 1. flm. að slíku frv. og lætur fylgja því úr hlaði önnur eins háðuleg blíðmæli og þau, að kindin skuli leggjast niður og ekki sprikla, meðan verið sé að skera hana, því að það sé allt gert í bróðerni.

Það verður ekki af neinum dregið í efa, og sizt af hæstv. forseta eða hæstv. landbnrh. eða hv. þm. Mýr., sem kunnugir eru högum þessara manna, að hér er verið að ríða niður efnahag fátækra manna í öllu nágrenni Reykjavíkur. Ég efa ekki, að þeir sem eiga að hafa hag af þessu frv., hafi mikla þörf þeirra friðinda, þó að það gildi ekki um þá alla. En ég tel það brot gegn friðhelgi eignarréttarins, þegar leikur er gerður að því, að gera heilar sýslur öreiga, til þess að aðrar sýslur geti hagnazt af. Það er eins og ekki eigi að vera ein báran stök í aðgerðum stjórnarflokkanna gagnvart þessum mönnum.

Ég ætla ekki að þessu sinni að koma inn á þá ráðstöfun hæstv. landbnrh., er hann tók eignarnámi mjólkurstöð Kjalnesinga. En svo framarlega sem ákvæðin um landsdóm eiga að vera nokkuð annað en orðin tóm, ætti að kæra þetta fyrir landsdómi; og hæstv. ráðh. myndi verða dæmdur sekur. Það hlífir honum ekki annað en það, að landsdómur er ekki annað en pappírsform.

Ég held, að öllum viti bornum mönnum hljóti *að skiljast, að verðmæti jarðeigna, bæði í* þessum sýslum og öðrum, veltur á tvennu, annars-

vegar ræktunarskilyrðum og beitarskilyrðum á jörðunum, en hinsvegar legu jarðanna. Það, sem jarðir í nágrenni Reykjavíkur hafa umfram aðrar jarðir, er sérstaklega legan, sem gerir ábúendum fært að geta selt daglega öðrum fremur framleiðsluvörur sínar til þessa stærsta neyzlustaðar landsins. Með þessu frv. er verið að gera upptækan þann hluta af verðmæti jarðanna, sem liggur í legunni. Þegar athugað er, hvað búið er að gera í þessum efnum, og hverju það hefir valdið, en hinsvegar, hvernig þeir standa að vígi, sem nú eiga að missa spón úr aski sínum, er ég sannfærður um, að þó að frv. verði að l., muni það ekki ná tilgangi sínum, þeim að færa bændum austanfjalls þann hagnað, sem til er ætlazt. Því að ég verð að ætla, að aðaltilgangurinn sé ekki sá að skaða bændur vestanfjalls. Mér finnst því ástæðuminna að grípa til þessara ráða, þar sem hægt er að benda á aðrar leiðir til að létta undir með bændum austanfjalls án þess að ríða niður búskap bænda vestanfjalls. Eyjólfur Jóhannsson framkvæmdarstjóri hefir í opinberum blaðaskrifum bent á leiðir til að tryggja jöfnunarsjóði fé, — betri leiðir en þær, sem hér er bent á.

Ég hefi heyrt, að þessu frv. eigi að fylgja annað, þar sem bændum vestanfjalls eigi að veita nokkrar ívilnanir á skuldum. En við það er að athuga, að mikill hl. þessara bænda fengi þó ekki þessar ívilnanir, en þeir eiga hinsvegar samkvæmt stjórnarskránni rétt á friðhelgi eignarréttarins. Ég harma framkomu þessa frv., ekki aðeins vegna þeirra bænda, sem nú á að fara að ríða niður með frv. þessu, heldur líka vegna þeirrar spegilmyndar af ábyrgðarleysi löggjafarvaldsins, sem fram í því kemur, þó að það sé ekki samið af verri mönnum en standa þó að því. Það sýnir, hvernig komið er, að menn skirrast ekki við að ríða niður lífsmöguleika annara manna sér og pólitískum hagsmunum sínum til framdráttar. Það má segja, að það sé ógæfa, en ekki þjóðarógæfa, að bændur í hundraðatali fari á vonarvöl. En það er þjóðarógæfa, að löggjafar þjóðarinnar skuli með fullkomnu blygðunarleysi bera fram tillögu um að koma hundruðum manna á kné, eingöngu í því skyni að afla sjálfum sér pólitísks fylgis.

*Forsrh. (Hermann Jónasson): Það hefir verið farið stutt út í umr. um þetta mál, eða m. ö. o., það hefir ekki verið farið út yfir frv. eins og það liggur fyrir, svo að ekki er ástæða til að gera það eins og stendur. Ég ætla að láta bíða að ræða um það, þangað til þar að kemur, að ég þurfi að mæta fyrir landsdómi fyrir mjólkurmálið, og ég mun taka því með mikilli ró, að mæta fyrir dómstóli út af þessu máli.

Hv. þm. G.-K. lagði mikla áherzlu á það, að ef slíkt frv. sem þetta væri borið fram í nokkru öðru landi, þá mundi ekki verða um annað talað yfir óákveðinn tíma, og álitið yrði, að slík stjórn, sem slíkt og þvílíkt frv. legði fram, væri algerlega blind fyrir öllu réttaröryggi. Þetta er eina frv., sem fyrir þinginu liggur og er algerlega sniðið eftir útlendum fyrirmyndum. Reynsla Norðmanna var höfð til hliðsjónar við samningu þessa frv. Hverjum mundi ekki standa á sama, ef hann keypti t. d. eitt kg. af vöru, hvort hún kæmi úr Mosfellssveitinni eða einhversstaðar annarsstaðar frá? Og af hverju eiga menn í Rvík og nágrenni að fá meira fyrir sínar afurðir en t. d. bændur austanfjalls? Við spyrjum aldrei um það, hvaðan þetta og þetta kemur, heldur, hvað það kostar. Menn eiga að fá sama verð fyrir sömu vöru, hvaðan sem hún er og hvert sem hún fer.

Hv. þm. G.-K. vildi halda því fram, að þetta frv. væri aðeins flutt stjórnarflokkunum til pólitísks framdráttar, en ég vil segja þessum hv. þm. það, að þetta er minnst pólitíska málið, sem borið er fram á þessu þingi.

Jónas Kristjánsson mjólkurfræðingur fór utan til að kynna sér þessi mál og reynslu annara þjóða á því sviði, og hann samdi svo þetta frv. og lagði það upp í hendurnar á ríkisstj., eftir að hann hafði aflað sér upplýsinga um, hvernig þessum málum væri háttað erlendis.

Það er nú búið að sýna sig, að það er ómögulegt að ákveða mönnum í nágrenni Rvíkur sama verðlag og öðrum framleiðendum, því að flutningskostnaður er þaðan miklu minni. En þó virðast þessir menn tiltölulega ekkert betur staðir en aðrir framleiðendur, og ég álít það ekki vera hægt að stofna til mikillar verðlækkunar í nágrenni kaupstaðanna. Í Noregi er þetta reiknað út eftir kílómetratölum, og þar fá þeir lægra verð eftir því, sem þeir eru nær, af því að flutningskostnaðurinn er svo miklu minni. Flutningskostnaðurinn að austan er 4½ eyrir á hvern einasta lítra, og samt fá þeir austanbændur minna verð fyrir mjólkina, af því að erfiðara er að koma henni á markaðinn. En af því að það er verra að koma mjólkinni óskemmdri að austan heldur en úr nágrenni Rvíkur, þá áttu bændur austanfjalls að fá meira, því að hætt er við, að þeirra mjólk lendi í lægri flokkum heldur en nýja mjólkin úr nágrenni Rvíkur. Ég ætla svo ekki að hafa þessi orð fleiri, en vildi segja það aftur, að frv. er sniðið eftir því fyrirkomulagi, sem hefir gefizt vel erlendis, og það er samið af Jónasi Kristjánssyni, mjólkurfræðingi á Akureyri, þeim manni, sem mesta þekkingu hefir á þessum málum. Svo að málið er að mínum dómi minnst pólitískt undirbúið af öllum þeim málum, sem hér liggja fyrir, svo að það dæmast öfugmæli það tvennt, sem hv. þm. G.-K. lagði mestu áherzluna á.

*Bjarni Ásgeirsson: Ég gerðist meðflm. að þessu frv. vegna þess að ég álít höfuðstefnu þess rétta. Ég tek undir það með hv. þm. G.-K., að þeir erfiðleikar, sem menn í nærsveitum Rvíkur eiga við að búa, eru mjög miklir. En þó held ég, að hann geti ekki fært rök að því, að þeir erfiðleikar stafi af þeim mjólkurlögum, sem nú eru. Þeir erfiðleikar stafa eingöngu af hinni miklu aukningu, sem hefir orðið á mjólkurframleiðslunni á síðustu árum, og það hefir ekki verið hægt að ráða fram úr þeim örðugleikum, nema með löggjöf, sem styrkti bændurna til að halda mjólkurverðinu uppi. Ef þessi lög hefðu ekki komið, þá væru

margir bændur verr settir en þeir nú eru. Það er bezt að segja það strax, að ég er ekki þeirrar skoðunar, að réttast sé, að þeir menn, sem mjólk framleiða og selja í bæjum, fái allir sama verð að sínum bæjardyrum, og ég skal þessu næst færa rök að þessari skoðun minni. Þeir menn, sem keypt hafa lönd hér í nágrenni Rvíkur, hafa að vísu orðið að gefa meira fyrir það heldur en þeir hefðu orðið að gera, ef þeir hefðu keypt land t. d. austan heiðar. Og það er öllum kunnugt, að lönd umhverfis Rvík eru miklu erfiðari til ræktunar heldur en víðast hvar á suðurlandsundirlendinu. Þetta eykur kostnaðinn ennþá meir. En því verður svarað þannig, að það kemur ekki málinu við, hversu dýrt er að framleiða vöruna, því það er staðreynd, að réttast er að framleiða vöruna þar, sem ódýrast er að framleiða hana. En það er þó óhugsandi að ganga frá nokkurri löggjöf án þess að tryggja það, að hægt sé að hafa það mikla framleiðslu í nágrenni Rvíkur, að bærinn þurfi ekki að verða mjólkurlaus. Ég vil geta þess, að þegar þessi verkaskipting er komin á, sem nú er, að búin framleiði smjör, osta og skyr, en bændur í nágrenni Reykjavíkur selji sína mjólk óunna á markaðinn, þá hlýtur að leiða til þess fyrr eða síðar, að verðjöfnunargjaldið hrökkvi ekki til þeirrar verðuppbótar, sem tilskilið er, vegna þess að langmestur hluti mjólkuraukningarinnar fer í verðminnstu vörurnar. En sú verðjöfnun, sem sett var með lögum 1935, er nú rokin út í veður og vind, af því framleiðslan hefir aukizt svo mikið, þar sem hér er um tiltölulega nýja framleiðslugrein að ræða. Ég vil geta þess í því sambandi, að þar, sem búfjársjúkdómarnir eru skæðastir í Borgarfirði, þá taka menn sem óðast upp mjólkurframleiðslu. Það verður að finna einhvern grundvöll milli þeirra, sem búa í fjársveitum, og hinna, sem framleiða í bæjarlandinu eða í nágrenni Rvíkur, og ef mjólkin hækkar í heild á markaðinum, þá á hún að hækka hlutfallslega á hvern einstakan bónda. Ég hefi ekki reiknað út þann verðmun, sem nemur flutningskostnaði að austan. Hæstv. forsrh. sagði, að það væru 4½ au. á hvern lítra. Ef lagður er til grundvallar sá verðmunur hjá bændum austan heiðar og bændum í nágrenni Rvíkur, þá hljóta bændur í nágrenni Rvíkur að standa betur að vígi en hinir, og að réttu lagi ætti að taka meira tillit til þess aðstöðumunar en nú hefir verið gert. Ýmislegt fleira gæti komið hér til greina.

Ég vil taka undir það með hv. þm. G.-K., að það má fullyrða, að búast má við mikilli lækkun á mjólkurverði, ef sama aukning heldur áfram á framleiðslu mjólkurinnar, og það er víst, að bændur í nágrenni Rvíkur þola ekki meiri lækkun á mjólkinni, ef þeir eiga að geta setið lengur við sín bú. Það er ekki hægt að bjarga þessum mönnum með því að skera meira af skuldum þeirra en búið er, en verði þeir fyrir skakkaföllum af þessu frv., þá mun ég beita mér fyrir því, að ráðstafanir verði gerðar til að bjarga þeim.

En ég vil undirstrika það, að friður fæst aldrei um þetta mjólkurmál, og bændur fást aldrei til þess að finna, hvað þetta mál er sameiginlegt hagsmunamál þeirra, fyrr en búið er að koma því þannig fyrir, að mjólkin hækki og lækki sameiginlega hjá þeim öllum, hvort sem þeir eru nærri Rvík eða fjarri. Þetta er aðaltilgangur frv., og ég álít, að hægt sé að gera þetta réttlátlega, þegar búið er að finna hinn eðlilega mismun, sem verður að vera á mjólkurverði hér og í nærsveitunum, ef hægt á að vera að tryggja það áfram, að Rvík fái þá mjólk, sem hún þarf að grípa til, ef flutningar til fjarlægari sveita teppast í nokkra daga.

Umr. frestað.

Á 25. og 27. fundi í Nd., 23. og 30. marz, var frv. tekið til frh. 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 28. fundi í Nd., 31. marz, var fram haldið 1. umr. um frv.

*__Emil Jónsson__: Ég skal ekki verða langorður, þar sem ég býst við því, að málinu verði vísað til n., sem ég á sæti í. Tilgangurinn er sá, að jafna mjólkurverðið til framleiðenda, og aðferðin er sú, að hafa verðjöfnunargjaldið ekki takmarkað, í stað þess að það var 8 aurar hæst áður á lítra. En vitanlega má deila um það, hvaða leið sé bezt til að ná þessu takmarki. Mér finnst ljóst, að afleiðingin af þessu verði sú, að mjólkurverðið lækki hjá framleiðendunum austan heiðar, án þess þó að kaupendur græði á því.

Mér finnst því athugavert, hvort ekki er hægt að lækka verðið til kaupendanna að sama skapi. Það, sem veldur því, að frv. er fram komið, er of mikil framleiðsla á mjólk með því verði, sem hún er seld neytendum. Mjólkurframleiðslan austan heiðar er of mikil, til þess að núverandi verðjöfnunargjald hrökkvi til, því er fyrsta ráðið til að ráða bót á vandræðunum, að auka markaðinn, sem fyrir er. Nú vita allir, að mjólkurneyzla í Reykjavík og Hafnarfirði er miklu minni en verið gæti, og mætti auka hana að miklum mun með því að lækka verðið. En öll aukning mjólkurneyzlunnar kæmi framleiðendum austanfjalls í hag, því að framleiðendur vestanfjalls gætu aldrei framleitt nógu mikið til að fullnægja mjög aukinni eftirspurn. Mér finnst það athugandi mál, hvort ekki sé unnt að lækka nokkuð mjólkurverðið, og vita, hvort aukin sala, er af því myndi leiða, gæti ekki hækkað raunverulegt verð til framleiðenda austanfjalls. Ef þetta tækist, þá væri fleira unnið en frv. sjálft gerir ráð fyrir, sem sé minnkuð útgjöld fyrir kaupendur og auknir möguleikar fyrir þá að hafa meira af þessari hollu og góðu vöru. Áður en frv. er samþ., vildi ég fá rannsakað, hvort þessi möguleiki er ekki fyrir hendi.

*__Pétur Ottesen__: Við hv. þm. Hafnf. eigum báðir sæti í landbn., sem að líkindum fær málið til meðferðar, og eigum við því auðvelt með að láta þar koma fram afstöðu okkar. Ég hefi heyrt um það í þingbyrjun eða fyrr, að í undirbúningi væru till., er miðuðu í þessa átt, sem frv. gerir ráð fyrir, og ná ættu til allra mjólkurframleiðenda á þessu verðjöfnunarsvæði, sem

nær austur að Jökulsá á Sólheimasandi og allt vestur í Hnappadalssýslu, að undanteknum tveim hreppum ofan Hvalfjarðar, Akranesshreppunum, sem eru út af fyrir sig. Það er vitanlegt, að slík ákvæði gengju út yfir þá menn, sem hafa aðstöðu til að selja mjólk á Reykjavíkurmarkaðinn. Þeirra aðstaða er allmjög skert með ákvæðum frv., enda er þetta viðurkennt af einum flm., hv. þm. Mýr. Hann kvað svo ríkt að, að hann taldi með þessu vera svo hart gengið að ýmsum nærsveitum Reykjavíkur, svo sem Mosfellssveit, Kjalarneshreppi, Kjósarhreppi og hreppunum hér suður með sjó, að vafi væri á því, að búskapur þar myndi bera sig með þessu lagi. Svo hátt er reitt til höggs gegn þessum mönnum, að sjálfir flm. verða að viðurkenna, að það geti vel orðið rothögg á búskaparafkomu þeirra. Þá er frv. ekki síður þungt í garð þeirra, er flytja hingað mjólk ofan fyrir Hvalfjörð. Um þessa menn gildir það þó ekki, að þeir búi svo nálægt markaðinum, að það bæti allt upp, því að þeir verða jafnvel að greiða hærri flutningskostnað en þeir, sem búa hér austanfjalls, og eru því enn verr settir.

Það er auðvitað sjálfsagt, að löggjafarvaldið grípi inn í, þegar við á, um atvinnu og verzlunarháttu manna, en þá aðeins til þess að tryggja betur afkomu þeirra, en þegar það leiðir til skerðingar á hagsmunum þeirra, er löggjöfin komin of langt út fyrir takmörk þess, sem á að vera.

Mér þótti dálítið undarlegt, þegar við fyrra hluta þessarar umr. var verið að réttlæta þetta með allsherjarjöfnunarverði yfir allt svæðið, enda þótt í frv. sé gert ráð fyrir að veita einum flokki framleiðenda sérréttindi, þeim framleiðendum mjólkur, er búa innan takmarka Reykjavíkur og Hafnarfjarðar. Ég mótmæli ekki þessum hagsbótum þeim til handa, en sé þá ekki heldur ástæðu til að neita þeim um þessi réttindi, sem búa í næsta nágrenni þessara bæja, og er þetta fullkomin mótsögn. Mér virðist sem sagt, að með þessu frv. sé mjög harkalega gengið að þeim mönnum, er setið hafa að Reykjavíkurmarkaðinum og löggjafarvaldið er búið að viðurkenna, að hafi nokkurn sérrétt til að njóta hans. Auk þess er Alþingi búið að lögfesta fasteignamat á jörðum þessara manna, sem miðað er við þeirra sérstöku aðstæður til að geta selt mjólk hér á Reykjavíkurmarkaðinum.

Einn flm. frv., hv. 1. þm. Árn., sagði hér á dögunum, að þeir, sem búa í nágrenni Reykjavíkur og suður með sjó, hefðu ekki rétt til að bera meira úr býtum eða njóta hærra mjólkurverðs en hinir, því að ekki væru meiri erfiðleikar um ræktun og beitilönd og annað, er að búrekstri lítur, á þessu svæði en annarsstaðar. Ég þarf ekki að svara þessu, því að hv. þm. Mýr., sem líka er flm. frv., hefir svarað því. Hann benti á erfiðleikana við ræktun landsins á þessu svæði og öflun góðs sumarfóðurs. Þannig er hver höndin upp á móti annari meðal flm. frv., og það eitt nægir til að gera alla meðferð málsins tortryggilega.

Ég sé ekki ástæðu til að fara út í einstök atriði, því að frv. verður til meðferðar í n., og mun ég gera frekari athugasemdir við frv. í n. og svo síðar, er það verður aftur til umr. hér í deildinni.

Ólafur Thors: Ég þarf litlu við það að bæta, sem ég sagði við fyrra hl. þessarar umr., og það því síður sem hv. þm. Borgf. hefir gert ýtarlega grein fyrir málinu. Hæstv. forsrh., sem andmælti minni ræðu, er ekki heldur viðstaddur, og það, sem ég þyrfti að taka fram nú, væri helzt til andsvara því, er hann færði fram málinu til stuðnings. Ég ætla þó að drepa lítillega á tvö eða þrjú atriði, sem ég tel rétt, að þingtíðindin greini frá, enda þótt hæstv. forsrh. sé ekki við.

Aðalröksemd hæstv. forsrh. fyrir því, að réttlátt væri, að mjólkin væri seld öll einu verði, var sú, að kjöt væri jafnmikils virði, hvort sem það væri framleitt nær eða fjær neyzlustaðnum. Þetta getur verið rétt, að því er snertir kjötið, þó að ég fullyrði ekki, að svo sé, en það er ekki rétt um mjólkina. Það er aðalatriðið, hvar mjólkin er framleidd. Þeir, sem ekki telja rétt að hafa allsherjarverð, byggja það á því, að um langt tímabil ársins er ekki hægt að koma mjólkinni austan yfir fjall á Reykjavíkurmarkaðinn, þannig að hún sé góð vara. Ef sjá á Reykjavík fyrir nægri mjólk, verður því að tryggja bændum Gullbringu- og Kjósarsýslu lífvænlega aðstöðu til búrekstrar. Hinsvegar er það játað, að þessir bændur hafa yfirleitt erfiðari aðstöðu til búrekstrar en aðrir, sem stundum geta komið mjólk óskemmdri á Reykjavíkurmarkað. Því verður að sjá um, að þeir njóti sæmilegs verðs, án tillits til þess, hvort hægt er að tryggja öllum öðrum sama verð, og eigi að verðhækka austanmjólkina verður a. m. k. að gera það án þess að verðfella vestanmjólkina.

En svo vil ég einnig undirstrika það, sem ég gat um í fyrri ræðu minni, að það eru til aðrar leiðir og öruggari til að tryggja hag bænda austanfjalls, leiðir, sem hægt er að fara, án þess að ríða niður hag bænda vestanfjalls. Ef til er slík leið, er sjálfsagt að fara hana. Sá, sem mest hefir hugsað um þetta og mest gagn unnið mjólkurmálunum hér, Eyjólfur Jóhannsson, hefir bent á leiðir til að afla verðjöfnunarsjóði tekna án þess að leggja skatt á mjólkina. Og þegar hægt er að benda á slíkar leiðir, sem ekki koma hart við ríkissjóð, þá ættu allir að vera sammála um, að þær beri að velja. Þess vegna bið ég um vernd fyrir bændur í Gullbringu- og Kjósarsýslu og nágrenni Reykjavíkur. Þeir þurfa á þessari vernd að halda og geta ekki framfleytt sér ella. Hinsvegar legg ég áherzlu á það, að hag bænda austanfjalls er betur borgið með úrræðum Eyjólfs Jóhannssonar en þessum aðferðum, sem frv. gerir ráð fyrir. Af þessum ástæðum andmæli ég frv. Að öðru leyti mun ég ekki gera einstök atriði frv. að umræðuefni, einkum af því, að hvorki hæstv. forsrh. né hv. þm. Mýr. er viðstaddur. En ég leiði athygli að því, að nærri hvert orð hv. þm. Mýr. staðfesti mín orð, að bændur Gullbringu- og Kjósarsýslu myndu ekki geta risið undir þessum álögum.

***Jakob Möller:** Ég var ekki viðstaddur fyrri hl. þessarar umr., svo að verið getur, að eitthvað af því, sem ég segi, hafi verið sagt áður. En ég verð að vekja athygli á einni hlið þessa máls, er horfir að Reykjavíkurbæ. Ef þetta frv. nær framgangi, er hætt við, að Reykjavík fái ekki þá mjólk, sem hún þarf. Tilgangur frv. er að lækka það verð, sem bændur hér í nágrenni geta fengið fyrir mjólkurframleiðslu sína. Afleiðingin myndi verða sú, að þeir færu að þeina framleiðslu sinni í aðra átt og leggja fyrir sig annan atvinnurekstur. Þá gæti mjólkurframleiðsla minnkað svo hér í nágrenni, að um vetrartímann, þegar loku er fyrir það skotið, að hægt sé að koma hingað mjólk austan yfir fjall, yrði Reykjavík mjólkurlaus um langan tíma. Frv. byggir ekki fyrir þetta. Frv. vill tryggja þeim, sem ekki geta jafnaðarlega selt mjólk til Reykjavíkur, sama verð og hinum, sem það geta allt árið. Slíkt er ranglæti. Væri því óforsvaranlegt að setja slík l., og gegnir furðu, að annað eins frv. skuli koma fram.

***Flm. (Jörundur Brynjólfsson):** Ég bið hv. þm. að afsaka, þótt ég fari ekki eftir réttri röð ræðumanna, eins og þeir hafa talað.

Út af orðum hv. þm. Hafnf. vil ég taka það fram, að lækkun mjólkurverðsins ein myndi ekki geta bætt miklu um fyrir bændum, ef ekki væri jafnframt gerðar ráðstafanir til að auka tekjur verðjöfnunarsjóðs, því að þó að neyzla kynni að aukast eitthvað, væri ekki þar með tryggt, að bændur bæru meira úr býtum. Þó er þetta fyllilega athugandi í sambandi við aðrar leiðir til lausnar þessu máli.

Þá er ræða hv. 3. þm. Reykv. Hann sagði, að ef frv. næði samþykki, þá væri hætta á, að Reykjavík fengi ekki næga mjólk, því að þeir, sem í nágrenni bæjarins búa, myndu draga úr framleiðslu sinni eða breyta um framleiðslu. Þetta hygg ég vera ástæðulausan ótta, því að ég vona, að verðið þurfi ekki að lækka til þessara manna, ef framkvæmdar eru þær ráðstafanir, sem um getur í frv. og afla eiga verðjöfnunarsjóði tekna, og einkum þó ef þær ráðagerðir ná fram að ganga, sem að er vikið í grg., að afla sjóðnum tekna með því, að taka upp nýtt fyrirkomulag á sölu smjörlíkis og með innflutningstolli af fóðurbæti. Þá þarf mjólkurverðið ekki að lækka hér í nærsveitunum, þó að þessi ráðstöfun sé gerð, og þannig geta farið saman hagsmunir bænda austanfjalls og vestan, sem hv. þm. G.-K. vildi bera fyrir brjósti. Ég vil líka gjarnan taka höndum saman við hann og gera hagsmunum þeirra jafnt undir höfði.

Það fær enginn mig til þess að fallast á það, að þeir, sem búa í Gullbringusýslu, eigi sérstakan rétt umfram þá, sem búa lengra í burtu, þar sem þeir, er nær búa, geta með auðveldari hætti komið sínum afurðum til bæjarbúa. — Það er heldur engu verri sú mjólk, sem framleidd er á góðu graslendi, heldur en sú, sem framleidd er með kjarnfóðri, eins og algengt er hér í nágrenni bæjarins, svo að að því leyti er ekki um lakari mjólk að ræða frá bændum austanfjalls. En viðvíkjandi þeim ótta, sem fram kom hjá hv. 3. þm. Reykv., vil ég bæta því við, að þótt svo kynni að fara, sem ég geri ekki ráð fyrir, að bændur í nærsveitunum dragi úr sinni mjólkurframleiðslu, þá eru aðrar sveitir, sem öruggar samgöngur eru við. Þó að svo kynni að vera, að leiðin teppist austur yfir fjall, sem engar líkur eru til, eftir að Suðurlandsbrautin er fullgerð, þá er hægt að flytja mjólk ofan úr Borgarfirði til Reykjavíkur. Og eftir að Suðurlandsbrautin er fullgerð, er alveg eins hægt að flytja mjólk þá leið eins og ofan úr Kjós og Mosfellssveit. Það sýndi sig síðastliðinn vetur, að snjóléttara var á þessari leið. Þetta er því ástæðulaus ótti hjá hv. 3. þm. Reykv. Hinsvegar skil ég mjög vel, hvers vegna hv. 3. þm. Reykv. hefir fest augu einmitt á þessu, og að hann vekti máls á því.

Ég hefi með þessu svarað þeim ákúrum, sem hv. 3. þm. Reykv. lét falla hér í sinni fyrstu ræðu. Að frv. sé stjórnarskrárbrot er skýlaus firra. Þeir, sem búa í grennd við Reykjavík, eiga vitaskuld alls ekki þennan markað frekar en aðrir landsmenn. Ég vil spyrja — af því að hv. 3. þm. Reykv. vildi undirstrika, að þeir ættu þennan rétt, — hvar er þeim tryggður þessi réttur? Ég kann satt að segja ekki við þessa flokkun á mönnum, sem hafa aðstöðu til þess að nota þennan markað, að þeir skuli ekki mega sitja við sama borð.

Þá ætla ég að koma með fáeinum orðum að því, sem hv. þm. Borgf. sagði.

Ég held, að hann hafi sagt of mikið viðvíkjandi því, sem hann hafði eftir hv. þm. Mýr., að hann teldi þetta skarða hagsmuni framleiðenda í nágrenni bæjarins alveg óbærilega. Ég hefi ekki viðurkennt það og vil gjarnan ganga frá þessu máli þannig, að ekki þurfi til slíks að koma. Hinsvegar fannst hv. þm. mótsögn í því, að framleiðendur innan kaupstaðarins sætu ekki við sama borð og framleiðendur í nágrannasveitunum. En ég vil biðja hann að gæta þess, að framleiðendur innan þeirra kaupstaða, þar sem þessi vara er seld, bæði frá nágrannasveitunum og hinum fjarlægari sveitum, hafa nokkra sérstöðu. Fyrst og fremst eru allar líkur til þess, að hjá flestum þeirra hafi rektunin orðið dýrari heldur en annarsstaðar, og í annan stað eru þetta þegnar þessara bæjarfélaga og skattgreiðendur. Þeir hafa með þessu nokkur fríðindi fram yfir þá, sem fjær búa, en aftur á móti meiri skyldur. Er því réttmætt, að þeir njóti sinnar aðstöðu og að haldist í hendur réttindi þeirra innan bæjarfélagsins og skyldur. Þess vegna er síður en svo, að gæti ósamræmis í því, að gera mun á þeim, sem búa í kaupstaðnum, og þeim, sem búa í öðrum sveitarfélögum.

Ég held, að ég þurfi svo ekki að fjölyrða um þetta frekar. Ég vil vona, að þessu máli verði vísað til hv. landbn. og hún taki það til rækilegrar athugunar. Að sjálfsögðu er ég fús til þess að taka til greina hverja góða till., sem miðar til heppilegrar lausnar á þessu máli. En ég get lýst því yfir, að ég sætti mig ekki við þá flokkun, að bara, ef menn búa fyrir utan sýslumörk Gullbringu- og Kjósarsýslu, eigi þeir að sitja við annan rétt. Þá dregur að því, sem

öllum er fyrir verstu, að þrotlaust kapp verður um sölu og ekki hirt um, hverjir hljóta tjón af.

*Pétur Ottesen: Ég tek til máls eingöngu út af því, að hv. 1. þm. Árn. vildi vefengja, að ég hefði haft rétt eftir, að því leyti, sem ég vitnaði í ræðu hv. meðflm. hans að þessu frv., hv. þm. Mýr. Ég skrifaði þau orð upp eftir hv. þm. Mýr. Hann sagði um búskaparafkomu manna í nágrenni Reykjavíkur, í Mosfellssveit og Kjalarnesi, að þeir þyldu alls enga lækkun. M. ö. o., lækkun á mjólkurverðinu myndi kippa fótunum undan þeirri mjög svo rýru búskaparafkomu, sem þessir menn búa við nú. Ég veit ekki, hvort orð hv. þm. hafa fallið öðruvísi, þegar hann var að koma þessu máli á framfæri í hv. d., en þetta var sú játning, sem hv. þm. gerði, þegar hann ætlaði að færa rök fyrir þessu máli. Það er sem sé viðurkennt af hv. þm. Mýr., þótt hv. 1. þm. Árn. vilji ekki viðurkenna það, að sú myndi verða afleiðingin af þessu frv., að koma þessum mönnum fjárhagslega á kné. Ég verð að segja það, að þegar setja á löggjöf, sem á að vera til umbóta, er það athyglisvert, að þegar fyrsta afleiðingin af slíkri lagasetningu myndi verða sú, að koma nokkrum hóp bænda fjárhagslega á kné. Ef þetta er ekki athyglisvert, þá veit ég ekki, hvað það er, sem á að leiða hugann að, áður en slíkt spor er stigið. Mér þykir því betra að vitna í þessi ummæli, af því að þau koma frá hv. þm. Mýr., sem er flm. þessa frv. og ekki mundi ótilknúinn gera slíkar játningar.

Ég veit ekki, hvert á að komast með þessa bændur, sem framleiða mjólk fyrir vestan heiði. Þetta frv. felur í sér mikla lækkun á mjólkurverði þeirra, og svo rís upp mikilsráðandi maður úr öðrum stjórnarflokknum og fer að tala um að lækka verðið, sem á að liggja til grundvallar fyrir útborgun til þessara manna, þ. e. útsöluverðið. Og svo eftir frv. á að lækka verðið hjá þeim, sem búa hér í nágrenninu, til þess að hækka hjá þeim, sem fjær búa. Mér skilst, að hér séu á prjónunum tvöföld fjörráð gagnvart þessum bændum. Það er ekki einu sinni nóg að borga verðjöfnunargjaldið samkvæmt lögunum 8%, heldur hefi ég heyrt, að mjólkursölunefndin hafi tekið allt að 150 þús. kr. rekstrarafgang, sem varð hjá samsölunni, til þess að bæta upp verðið austanfjalls. Ég hefi ekki getað fundið í þeirri löggjöf um þetta efni, sem nú gildir, neinn lagalegan grundvöll undir slíkum ráðstöfunum. En hún er einmitt undanfari þeirrar ráðstöfunar, sem á að gera samkv. þessu frv.

Ég vil nú benda á, hvað af því getur leitt fyrir aðra framleiðslu okkar, að ákveða allsherjarverðlag á mjólk á stóru svæði á landinu.

Það verður auðvitað næsta sporið, að láta gilda eitt allsherjarverð fyrir allt kjöt hér á landi, svo að þeir, sem búa við innanlandssöluna, missi þá aðstöðu, sem þeir hafa haft, og hún yfirfærð til annara manna, sem fjær búa og aðra aðstöðu hafa. Af þessu hlýtur að leiða, verði slíkar ráðstafanir færðar út á vítt svið, að stór breyting verður á öllum eignum hér á landi. Tökum t. d. fasteignirnar. Það er vitanlegt, að fasteignamat er miðað við þá búskaparafkomu, sem er á hverjum stað, eins og var, þegar síðasta fasteignamat fór fram. Ef þessum mismun verður öllum kippt burt og jafnað yfir þetta allt saman, þá hlýtur af því að leiða mikla breytingu og röskun á öllum þeim hugmyndum, sem menn hafa gert sér um verðgildi fasteigna viðsvegar á landinu.

Út af því, sem hv. 1. þm. Árn. sagði, að þeir, sem byggju á bæjarlandinu, hefðu sérstöðu í þessu máli, sem ætti að taka tillit til, þá get ég ekki viðurkennt, þó að þeir hafi einhverja sérstöðu, samkvæmt þeim hugsanagangi, sem þetta frv. er byggt upp á, að ekki sé nokkur mótsögn í ákvæðunum, sem gilda um þessa menn, og þeim sem gilda um menn, sem búa aðeins utan við takmörk bæjarins og ekki hafa að nokkru leyti við betri skilyrði að búa, nema síður sé, þar sem þeir verða að borga meiri flutningskostnað. Ég vil ekki á nokkurn hátt bera neitt það fram, sem gæti verið til þess að rýra aðstöðu þessara manna, en mér virðist, að öðrum sé þó ófyrirsynju gert erfitt fyrir.

Það er gott að hv. 1. þm. Árn. hefir tekið mjög vel og liðlega í það að taka til greina aðrar uppástungur, sem fram kunna að koma og geta leitt til farsællar úrlausnar þessa máls. En það er rétt, sem hv. 3. þm. Reykv. sagði, að það hefir engin lausn fengizt á þessu máli. Því að við vitum um alla þá óánægju, sem hefir orðið út af þessu máli, sem stafar þó ekki af lagasetningunni út af fyrir sig, heldur þeim eindæma framkvæmdum, sem hafa orðið á þessu máli. En hitt verð ég að segja, að þó að hv. 1. þm. Árn. tæki vel í að ræða um alla möguleika til þess að ráða þessu máli til lykta, að þá kvað við annan tón hjá formanni mjólkursölunefndar, eftir því sem hann tók á móti þessum till. í Nýja dagblaðinu um daginn, því að hann fordæmdi þær niður fyrir allar hellur.

Þetta mál er þannig vaxið, að það veltur mikið á því, að fá á því skynsamlega lausn hér á Alþingi og að fá sanngjarna og óhlutdræga framkvæmd í þessari löggjöf.

Páll Zóphóníasson: Hr. forseti! Það er aðallega tvennt í þessum umr., sem mig langar til að beina athyglinni að. Annarsvegar það, að hv. 3. þm. Reykv., hv. þm. Borgf., hv. 5. þm. Reykv. og hv. þm. G.-K., hafi allir gert mikið úr því, að þeir menn, sem búa hér næst honum, hafi það hlutverk með höndum, að „forsýna" bæinn með mjólk — þeir eigi að skapa öryggi fyrir því, að alltaf geti komizt mjólk til bæjarins. Nú er það svo, að frá öllu því svæði, sem þeir vilja láta hafa hærra verð, koma, þegar mjólkurmagn þeirra er minnst, 9 þús. lítrar af mjólk á dag, en salan í bænum fer aldrei niður fyrir 14 þús. lítra á dag, svo að þá myndu þeir ekki geta fullnægt þörfum bæjarins með allri sinni mjólk. Að vísu fara þeir upp í 20 þús. lítra á dag, þegar mjólkurmagn þeirra er mest, svo að þá myndu þeir geta fullnægt eftirspurninni. Þetta svæði getur því ekki eins og nú er fullnægt mjólkurþörf bæjarins.

Hitt sem ég vildi taka fram, var, að ég kann því illa hjá hv. þm. Borgf., að slíta hvað eftir

annað út úr samhengi það, sem hv. þm. Mýr. sagði, og hnýta því innan um, aftan við og framan við það, sem hann sjálfur segir, og gefa því allt aðra merkingu en hv. þm. Mýr. sagði það, að þegar kreppulánin hefðu verið afgreidd til bænda hér í grennd, hefði verið miðað við, að þeir fengju hærra verð fyrir sína mjólk en aðrir, og það hefði verið gengið inn á að meta jarðirnar upp aftur og lána út á þrefalt fasteignamat, og að hann byggist við, að þeir gætu ekki undir því risið, nema gripið væri til annara ráða til þess að létta þeim skuldabaggann, ef mjólkurverðið til hinna lækkaði. Þetta hafði hv. þm. Borgf. sleppt að minnast á. Hv. þm. Mýr. benti á, að innan þessara sveita væru menn, sem vegna sérstöðu sinnar við skuldauppgjör myndu ekki geta þolað lægra mjólkurverð, og þess vegna yrði að finna önnur ráð til þess að létta af þeim skuldum.

Af því að hv. þm. Mýr. er ekki viðlátinn og heyrði ekki hvernig hv. þm. Borgf. fór með ummæli hans, þá vildi ég láta þetta koma fram, svo að þeir, sem hlustuðu ekki á hv. þm. Mýr. en hlustuðu á hv. þm. Borgf., yrðu ekki fyrir misskilningi. Að öðru leyti sé ég ekki ástæðu til þess að ræða þetta mál nú. Það kemur til landbn., þar sem ég á sæti. Þar er hv. þm. Borgf. og hv. þm. Mýr. líka, svo að þá getum við um þetta talað og gengið frá okkar málum eins og okkur þykir rétt vera.

*__Pétur Ottesen:__ Eftir því að dæma, sem hv. 2. þm. N.-M. sagði hér, þá ætti hann ekki mikið að fara út yfir þau takmörk, að túlka sína eigin hugsun, og ekki leggja öðrum orð í munn. Það, sem hv. þm. Mýr. sagði, var, að menn á þessum svæðum þyldu almennt ekki lækkun á mjólkurverði. Þetta voru hans eigin orð. Þó hann hefði dregið fram þessi dæmi þarna, þá var það litið í þessu sambandi. Það voru þessi orð hv. þm. um hið almenna ástand, sem ég vék að, og ég hefi alls ekki slitið þau úr samhengi. Ég held, að ég hefi dregið af þeim réttar afleiðingar. Það er einmitt það, sem hv. 2. þm. N.-M. flaskar á, að draga réttar afleiðingar. Honum hefir orðið það að fótakefli hér eins og svo oft áður.

Umr. (atkvgr). frestað.

Á 29. fundi í Nd., 2. apríl, var enn fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 15:3 atkv. og til landbn. með 23 shlj. atkv.

Á 43. fundi í Nd., 19. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

__Forseti (JörB):__ Eins og kunnugt er, þá hafa verið ákveðnar útvarpsumræður um þetta mál. En það hefir verið farið fram á að þau afbrigði frá þingsköpum verði leyfð, að ræðulengd megi að þessu sinni vera 1 klst. Ég vil því leyfa mér að bera þetta undir hv. deild.

ATKVGR.
Afbrigði um að lengja upp í eina klukkustund ræðutíma hvers flokks við útvarpsumræður, er fara skyldu fram um málið, leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Umr. frestað um stund, en fram haldið síðar á fundinum.

__Bjarni Ásgeirsson:__ Fyrst þegar frv. það til mjólkurlaga, sem hér liggur fyrir til umræðu, var lagt fram á Alþingi, gerðu stjórnarandstæðingar og blöð þeirra að því hið versta óp. Þau notuðu um það sín uppáhalds ókvæðisorð, eins og það, að hér væri farið fram á „kommúnistiska verðjöfnun“, eins og blaðið Vísir sagði hvað eftir annað, en það munu vera einhver hin sterkustu skammaryrði, sem það getur valið í opinberum málum. Sömuleiðis var því haldið fram, að með þessu frv. væri verið að ráðast á atvinnuréttindi einstakra sveita, og stefnt að því, að eyðileggja bjargræði og byggð í heilum sýslum. Þó að sumir þm. Sjálfstæðisfl. virðist nú vera komnir nokkuð á aðra skoðun í þessu máli, eins og síðar mun komið að, þykir mér þó rétt að reyna ofurlítið á þolrifin í þessum fullyrðingum, því að ennþá er þeim haldið á lofti þar, sem það þykir við eiga, og verða án efa notaðar í kosningabaráttunni þar, sem búast má við, að þær hafi nokkurn hljómgrunn.

Og hver eru nú þessi ákvæði, sem þessi úlfaþytur hefir verið gerður út af? Það er það ákvæði frv., að í stað þess, að í núgildandi lögum er ákvæði um það, að gjalda skuli allt að 8% í verðjöfnunarsjóð af sölu neyzlumjólkur og verja því til verðjöfnunar á vinnslumjólkina, þá er samkv. þessu frv. ekkert ákveðið verðjöfnunarsjóðsgjald, heldur skal það ákveðast á hverjum tíma, með hliðsjón af því, að sama verð sé goldið fyrir alla mjólk, sem búunum á verðjöfnunarsvæðinu berast á sölustað. Með öðrum orðum, að sama verð sé goldið fyrir samskonar vörur á sama sölustað. Það er þetta, sem blaðið Vísir kallar kommúnistiska verðjöfnun.

En mér er spurn: Hvaða fyrirkomulag annað en þetta tiðkast um söluverð á vörum yfirleitt? Tökum t. d. nokkrar aðrar landbúnaðarafurðir, sem seldar eru hér í Reykjavík. Hvernig er það með eggin? Er ekki venjulega sama verð á þeim, hvar sem þau eru framleidd á landinu, og hvað sem þau kunna að hafa kostað framleiðandann? Ég veit ekki betur. Er ekki ákveðið sama jafnaðarverð á samskonar kartöflum á sama tíma hér í Reykjavík, hvaðan sem þær koma, og hvort sem framleiðslukostnaður bóndans hefir verið hár eða lágur? Ég hygg það. Eða kjötið? Það hefir oft verið deilt um framleiðsluverð þess. Nefnd úr Búnaðarfélagi Íslands, sem reiknaði kostnaðarverð á kíló kjöts hjá nokkrum bændum fyrir árið 1934, komst að þeirri niðurstöðu, að framleiðslukostnaðurinn hefði verið harla misjafn. Lætur nú nokkur sér detta í hug, að sett sé misjafnt verð á þetta kjöt, þegar það er komið á markaðinn hér í Reykjavík til sölu í búðunum, ef þetta er sambærileg vara? Ég býst ekki við því. Nei, góðir tilheyrendur.

Það er meginreglan um verðlag allra þessara vara, að það er goldið sama verð fyrir allar samskonar vörur komnar á sölustaðinn. Og það er svo ekki aðeins við landbúnaðarvörurnar, heldur og allar vörur, sem hér eru seldar, útlendar og innlendar, enda hefir slík verðákvörðun ætíð verið eitt grundvallaratriði hinnar frjálsu samkeppni. Þetta er því hákapitalísk verðjöfnun, engu síður en kommúnistísk.

Ég get nú ekki séð, hvaða ástæða er til að krefjast þess, að fylgt sé annari reglu um sölu og verðlag á mjólk en öllum öðrum vörum. Og ég sé ekki, hvernig það ætti að vera framkvæmanlegt, nema þá með því, að gefa einstökum mönnum eða íbúum einstakra héraða með lögum einkaréttindi eða forréttindi um mjólkursölu *í bæjunum*. Í frjálsri verzlun er það ekki unnt, því að þá verður ekki hindrað, að þeir menn, sem hafa aðstöðu til að framleiða mjólk og flytja óskemmda til bæjanna, komi þangað með hana og selji á gangverði. En hver er sá, sem í alvöru *vill* leggja það til, að breyta mjólkurskipulaginu í einkaleyfi til handa einstökum héruðum til beztu markaða landsins, og útiloka önnur, þó að þau hafi góða aðstöðu til framleiðslu mjólkur og sölu á sömu mörkuðum? Höfum við ekki við næga erfiðleika að etja vegna innilokunar og haftastefnu stórþjóðanna, sem útiloka okkur Íslendinga að meira eða minna leyti frá mörgum hinna beztu markaða utanlands, þó að við ekki bætum gráu ofan á svart með því að að útiloka landsins eigin börn frá þeim mörkuðum, sem þjóðin sjálf ræður yfir og á og menn hafa viðunandi aðstöðu til að nota. Það væri þá tekin upp *ný stefna í afurðasölumálunum*, því að þau byggjast fyrst og fremst á viðurkenningunni á því, að framleiðendur eigi jafnan rétt á innlenda markaðnum, eftir því sem þeir hafa aðstöðu til að nota sér hann.

Kjötsöluskipulagið veitir öllum kjötframleiðendum jöfn eða svipuð réttindi til þeirra markaða, sem þjóðin ræður yfir utanlands eða innan, en ákveður verkaskiptingu á milli þeirra um hagnýtingu markaðanna, sem eru misjafnlega góðir, en jafnar svo verðið út eftir á með verðjöfnunarsjóðsgjaldinu. Með mjólkurskipulaginu aftur á *móti* eru *þeim*, sem búa innan ákveðins markaðssvæðis, veitt sömu réttindi til þeirra markaða, sem þeir eru búnir að fá aðstöðu til að nota í frjálsri samkeppni, t. d. gegnum auknar vegabætur og bættar samgöngur, stofnun mjólkurbúa og þess háttar. En eins og í kjötsöluskipulaginu, er þar einnig á*kveðin verkaskipting á milli mjólkurframleið*endanna um hagnýtingu markaðanna til að forðast sem unnt er glundroða og árekstra, sem annars væru óhjákvæmilegir, öllum framleiðendum til tjóns. Þess vegna var verðjöfnunargjaldið ákveðið, eins og af kjötinu, til að jafna upp verðið eftir á. Um það, hvernig sú verðjöfnun skuli vera, er ekkert sagt í núgildandi lögum, en ég vil fullyrða, að ekkert sé það í lögunum, sem hindri það, að útjöfnunin hefði orðið framkvæmd á þann hátt sem hér segir í þessu frv., vegna þess að mjólkursölunefnd *hafi í hendi sér* að skipta *nýmjólkurmarkaðin*um þannig, að þetta hefði tekizt þrátt fyrir takmarkað verðjöfnunarsjóðsgjald. En slíkt fyrirkomulag er *óeðlilegra. Hitt er hentugra*, að jafna verðið með verðjöfnunarsjóðsgjaldinu, og þó að þetta takmark væri sett á verðjöfnunarsjóðsgjaldið, að það mætti vera allt að 8%, þá vakti það á engan hátt fyrir löggjafanum, að með því og framkvæmd þess ákvæðis skyldi mynda nokkurt forréttindasvæði innan *einhverra ákveðinna lína, forréttindasvæði* sem héldi óbreyttu verði á sinni framleiðslu, þó að verðlagið félli niður úr öllu valdi á samskonar vörum utan við línuna. Nei, takmörkun verðjöfnunarsjóðsgjaldsins var bundin við það eitt, að eins og þá stóð, var álitið, að það nægði til að ná hæfilegri verðjöfnun á vinnslumjólk*ina*, svo að verðmunur yrði tiltölulega lítill. Og ýmsir háttvirtir stjórnarandstæðingar héldu því þá fram, að gjaldið væri svo hátt, að það nægði til að bæta vinnslumjólkurverðið upp, svo að það yrði hið sama og á sölumjólkinni.

Nú hefir hinsvegar *mjólkurauknin*gin verið svo mikil á vinnslusvæðinu, að sýnilegt er, að sé öllu haldið óbreyttu um verðjöfnunarsjóðsgjaldið, gæti hæglega farið þannig, að verð til framleiðenda utan við sölusvæði Reykjavíkur félli niður í helming í samanburði við verð það, sem er á mjólk innan þess. En skipulag *sem er slíkum annmörkum* háð, verður vitanlega aldrei þolað til lengdar af þeim, sem fyrir barðinu á því verða, enda væri ekkert réttlæti í slíku. Þess konar fyrirkomulag getur ekki orðið til annars en að skipta framleiðendum í tvo fjandsamlega flokka, er alltaf ættu *í* erjum hvorir við aðra, í stað þess að standa saman um sameiginlega hagsmuni. En slíkur ágreiningur verður aldrei jafnaður, nema fundinn sé réttlátur grundvöllur í eitt skipti fyrir öll fyrir samvinnu bænda um hinn sameiginlega markað og hlutdeild þeirra í notkun hans. *Og ég hefi ekki komið auga á og ekki séð bent* á neinn grundvöll undir slíkri samvinnu, sem sé réttlátur og framkvæmanlegur, nema þann, sem hér er lagður til — sama fyrirkomulagið, sem notaður er um þátttöku bænda í markaði allra annara framleiðsluvara.

Í sambandi við umtal það, sem orðið hefir *um*, að *þessi útjöfnun á verðinu* þurrki burt allan eðlilegan aðstöðumun á milli framleiðenda, svo sem legu jarðanna, fjarlægð frá sölustað o. fl. þess háttar, og knýi fram mjólkurframleiðslu í þeim sveitum, sem óeðlilegt er, að stundi hana, er rétt að geta þess, að flutningskostnaður á mjólk frá búunum austanfjalls *og í Borgarfirði*, eftir að bændur eru búnir að kosta flutninginn á mjólkinni þangað, mun vera 3—4 aurar, sem vitanlega kæmi niður á mjólkurverði þeirra. Annars hefir mér talizt svo til, að flutningskostnaðarmunurinn hjá þeim, sem *skemmst eiga á markaðinn, og þeim, sem lengst* eiga, af þeim, sem nú nota Reykjavíkurmarkaðinn, geti orðið allt að 8 aurum á lítra, þrátt fyrir þá verðjöfnun, sem hér liggur, eða um 200 kr. á kú, miðað við 2500 lítra ársnyt. Og auk þess eiga þeir menn, sem lengst eiga til markaðarins, ætíð á hættu, að mjólk þeirra verði lakari vara, þegar hún kemur á sölustað,

heldur en hinna, og verði fyrir sérstöku verðfalli af þeim ástæðum. Og svo kalla menn þetta „kommúnistiska útjöfnun". Hvílík endemis fjarstæða. Nei, fyrirkomulag þetta er ekki annað en (ég vil segja) lágmarksréttlætiskrafa gagnvart þeim, sem fjær mörkuðunum búa og á annað borð geta komið til greina um að nota þennan markað fyrir mjólkina. Það þekkist heldur hvergi annað fyrirkomulag en þetta hjá þeim þjóðum, sem komið hafa á hjá sér svipaðri skipan á mjólkursölumálunum og hér er. Norðmenn voru fyrstir þjóða til að leysa mjólkursölumál sín á þann hátt, sem nú er hér, og í fótspor þeirra hafa fetað aðrar þær þjóðir, er síðan hafa tekið það upp. Fyrstu árin voru þeir með ofurlitla aukauppbót til þeirra, sem bjuggu næstir sölustöðunum, fram yfir það, sem flutningskostnaði nam. En nú hafa þeir horfið frá því með öllu og tekið upp nákvæmlega sama fyrirkomulag og hér er lagt til.

Og við þurfum ekki að fara til Noregs til að leita fordæmisins. Við þurfum ekki að vitna lengra en til þess mjólkursamlags hér á landi, sem elzt er og lengsta reynslu hefir fyrir sér í þessum málum, Mjólkurfélags Reykjavíkur. Ég hefi nú um 15 ár verið félagi í því sem mjólkurframleiðandi, og um nokkur ár í stjórn þess, svo að mér er vel kunnugt um, hvernig það hefir hagað starfsemi sinni í þessum málum og verðútjöfnun til bænda. Og ég skal segja það strax, að það hefir í þessum málum alla tíð fylgt nákvæmlega sömu reglum og hér er farið fram á að lögfesta fyrir allt verðjöfnunarsvæði Reykjavíkur. Þegar Mjólkurfélag Reykjavíkur fyrst var stofnað, voru félagar þess aðallega framleiðendur í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur og næsta nágrenni, enda var á þeim árum lítið um mjólkursölu í hinum fjarliggjandi sveitum. En svo breyttist þetta smásaman. Eftir að vegirnir út frá Reykjavík lengdust og bötnuðu, samgöngutækin fullkomnuðust og ræktunin jókst, bættust smásaman fleiri og fleiri bændur og fleiri og fleiri sveitir við mjólkurframleiðslu og mjólkursölu. Flestir þessara bænda gerðust meðlimir Mjólkurfélagsins, og ekki leið á löngu, unz flestir hreppar Gullbringu- og Kjósarsýslu höfðu myndað deildir í félaginu. Enda var þessari reglu fylgt, að jafnóðum og einstakir bændur eða einstök sveitarfélög höfðu skapað sér aðstöðu til mjólkursölu í Reykjavík, voru þau tekin inn í félagið sem löglegir aðiljar, enda var félagið opið eins og önnur samvinnufélög. En samtímis gerðist hitt, að flestir mjólkurframleiðendur í Reykjavík, og margir úr næsta nágrenni, hurfu úr félaginu og seldu mjólk sína utan við það, annaðhvort beint eða til einstakra kaupmanna. Bæði var það, að þeir vildu nota aðstöðu sína til sem beinastrar og kostnaðarminnstrar sölu, eins og mannlegt má teljast, og þeir gátu það mætavel í skjóli félagsins, sem þá kom á föstu skipulagi á mjólkursölunni, eftir því sem það hafði aðstöðu til, og varnaði því verðfalli og glundroða á markaðnum, sem ella hefði orðið, ef mjólkinni hefði verið velt inn á hann samtakalaust af bændanna hálfu. Þessarar starfsemi félagsins gátu framleiðendur í bænum notið, án þess að leggja á sig þann kostnað, sem af því hlaut að leiða. En svo í annan stað litu þessir menn hina síauknu þátttöku bændanna í mjólkurframleiðslunni hornauga, einkum eftir að þrengjast fór á markaðnum, sem þeir þóttust eiga. Hófst nú um tíma þrálát og á stundum allillkynjuð samkeppni um markaðinn á milli heimamanna og utanfélagsmanna annarsvegar og Mjólkurfélagsins fyrir hönd bændanna hinsvegar. Félagið kom sér upp gerilsneyðingar- og mjólkurvinnslustöð til þess að bæta aðstöðu hinna dreifðu bænda í sveitum út frá Reykjavík í þessari samkeppni.

Og hverri reglu fylgdi svo félagið um verðlag á mjólk hinna einstöku félagsmanna sinna? Það fylgdi, eins og ég sagði áðan, nákvæmlega sömu reglu og farið er fram á að lögfesta í þessu frv. Þeir fengu allir sama verð fyrir samskonar vöru, komna á sölustað. Þó að fjölgun félagsmanna og stækkun félagssvæðisins hefði óhjákvæmilega þær afleiðingar í för með sér, að meira færi í vinnslu hjá félaginu en öðrum, og ylli þannig verðfellingu á mjólkinni, þá var það látið ganga jafnt yfir alla. Og þó að oft væri unnið úr meginhlutanum af mjólk þeirra félagsmanna, sem fjarst bjuggu, en selt frá hinum, sem nær voru markaðinum, þá voru hinir fjarliggjandi ekki látnir gjalda þess, þeir fengu sama verð og hinir, að því einu undanteknu, sem þeir urðu að greiða hærra flutningsgjald. Þessari reglu hefir félagið alltaf fylgt, og þessari reglu fylgir það enn. Og þó nær félagssvæði þess nú langt fram á Reykjanes, upp í Kjós og upp í Borgarfjarðarsýslu, Hvalfjarðarströnd, Leirár- og Melasveit og víðar.

Ég verð nú að segja það, að ég er dálítið undrandi á því, að menn, sem fyrstir hafa innleitt og framkvæmt hér á landi þessa verðjöfnunaraðferð, sem hér á að lögleiða, skuli verða ókvæða við, þegar á að fara að framfylgja þessari reglu þeirra gagnvart öðrum bændum með sömu aðstöðu, þó að þeir eigi að heita utan við hið svokallaða félagssvæði þeirra sjálfra. Hafa þeir nú allt í einu fundið einhverja heilaga sérréttindalínu, sem ekki megi hagga? Línu, þar sem fyrsta flokks menn séu öðru megin við, en annars eða þriðja flokks menn hinu megin? Það væri ekki úr vegi að athuga þessa línu ofurlítið og sjá, hvað það er, sem gefur henni sérstakt gildi.

Það eru einkum þrjár ástæður, sem fram eru færðar af málsvörum forréttindamanna fyrir því, að þeir eigi að fá hærra verð á markaðinum en aðrir.

1. Að hinar nærliggjandi sveitir eigi forgangsrétt á markaðinn og beri því að sitja að honum.

2. Að framleiðslan á núverandi neyzlumjólkursölusvæði sé kostnaðarmeiri en í fjarlægari sveitum; því verði þeir framleiðendur, sem nær búa, að fá hærra verð. Og

3. að núverandi neyzlumjólkursölusvæði sé færara um að tryggja Reykjavík mjólk, þegar snjóa leggi mjög og leiðir lokist sökum ófærða; þess vegna sé það réttmætt, að þær njóti hærra verðs.

Það er nú rétt að athuga allar þessar ástæður með tilliti til þess svæðis, sem nú er

heimtuð sérstaða til handa. Tökum þá vegalengdina fyrst. Við þá athugun kemur í ljós:

1. að vegalengdin frá Reykjavík á sölusvæðið í Kjósinni er 50—60 kílómetrar og á sölusvæðið í Borgarfjarðarsýslu sjóveg og landveg litlu skemmra, en bæði þessi svæði liggja innan mjólkursölulínunnar núverandi, en það er svipuð vegalengd og austur í Ölfus, sem þó liggur utan þessarar línu.

2. Vegalengdin frá Reykjavík fram á Reykjanes, sem er á sölusvæði M. R. og innan við þessa hugsuðu sérréttindalínu, er 60—70 km, eða eins og frá Reykjavík austur yfir Ölfusá, austur í Flóa og upp í Borgarnes sjóleiðina og 20 kílómetra upp í héraðið, en báðir þessir staðir, Flóinn og upp-Borgarfjörður, liggja langt utan við hið svokallaða sölusvæði Reykjavíkur. Það er því sýnt, að vegalengdin löghelgar ekki þessa línu, sem nú liggur um mjólkursölusvæðið.

Þá er það framleiðslukostnaðurinn. Það er að vísu nokkuð mikill vandi að meta hann í einstökum tilfellum. En hitt má þó óhikað segja, að í Kjósinni, sem liggur innan áður nefndrar línu, er gróðursæld og landgæði, sem fyllilega jafnast á við það, sem bezt gerist, bæði austanfjalls og uppi í Borgarfirði, sem hvorutveggja liggur utan við þessa sömu línu, svo að óhætt er að fullyrða, að framleiðslukostnaðurinn hafi ekki verið lagður til grundvallar fyrir sérréttindakröfu alls þessa svæðis.

Þá skal ég taka þriðju ástæðuna, að þetta svæði tryggi Reykjavík gegn mjólkurskorti betur en þau svæði, sem eru utan við línuna, og að af þeim ástæðum beri því aukin réttindi fram yfir hin. Og skal ég þegar viðurkenna það, að innan þessa svæðis eru sveitir, sem öðrum fremur ná til markaðarins, þegar samgöngur teppast vegna snjólaga. En það verður á engan hátt sagt um allt þetta svæði. Það kom m. a. þráfaldlega fyrir síðastl. vetur, að bændur á félagssvæði M.R. í Kjós og á Hvalfjarðarströnd urðu að brjótast með mjólk sína á sleðum skemmstu leið til sjávar og senda síðan mótorbáta eftir henni upp í Hvalfjörð. En þá mátti allt eins vel ná mjólkinni ofan úr Borgarnesi, sem og var gert. Enda er engu lakari aðstaða til að flytja mjólk úr Borgarfirði með þeim samgöngum, sem þar eru nú, en á mótorbátum ofan úr Hvalfirði, og ég vil segja víðast af mjólkursölusvæði Reykjavíkur. Þetta atriði nægir því ekki heldur sem fullgild ástæða fyrir sérréttindum fyrir félagssvæði Mjólkurfélagsins eftir þeirri línu, sem afmarkar það nú. Ég held yfirleitt ekki, að það finnist nokkur frambærileg rök, þótt leitað sé með logandi ljósi, fyrir því, að það svæði, sem nú undanfarið hefir annazt aðalmjólkursöluna í bænum, eigi nokkra kröfu til sérréttinda á mjólkurmarkaðnum fram yfir önnur á verðjöfnunarsvæðinu, eða geti átt heimtingu á hærra verði að öðru leyti en því, ef þeir geta skilað þangað betri vöru, sem samkvæmt máli lendir í hærri verðflokki, og komið henni á markaðinn með minni tilkostnaði; þá standa allir jafnt að vígi, eftir því sem aðstaðan leyfir, og það er hið eina fyrirkomulag, sem teljast verður réttlátt og er framkvæmanlegt, og það fyrirkomulag eitt er þess megnugt, að skapa frið og sameiningu bændanna í þessu mikilsverða máli. Og þó að framleiðendum innan lögsagnarumdæmis Reykjavíkur séu ætluð nokkur sérréttindi samkv. frv. þessu, þá álít ég, að það byggist meir á því, að það kunni að þykja nauðsynlegt fyrirkomulag vegna framkvæmda málsins, en hinu, að það byggist á nokkru sérstöku réttlæti. En það er annað í þessu sambandi, sem menn tala um og blanda saman við umræðurnar um mjólkurskipulagið, og það er þetta: Mjólkurframleiðendur í nágrannasveitum Reykjavíkur verða að fá a. m. k. það verð, sem þeir hafa nú fyrir mjólk sína, ef þeir eiga að geta látið búin bera sig. Þetta skal ég fyllilega játa, enda er mér kunnugt um það, og efa jafnvel, að þeir geti allir staðið straum af lánum þeim, sem á búunum hvíla, þó að verðið lækki ekki neitt. En þetta er bara mál út af fyrir sig og alls ekki sérmál þeirra. Eða geta menn ekki látið sér detta í hug, að sú aðstaða geti einnig myndazt, og sé jafnvel fyrir hendi líka meðal bænda, sem búa utan þess sölusvæðis, sem nú annast einkum mjólkursölu til Reykjavíkur? Getur mönnum ekki dottið í hug, að bændur, sem láta mjólk sína til vinnslubúanna, geti einnig komizt í greiðsluþrot, ef mjólk þeirra héldi áfram að falla, svo að þeir fái ekki nema 12—15 aura fyrir lítrann, eins og fyllsta ástæða er til að ætla, ef engar breytingar eru á gerðar, frá því sem nú er? Og eiga þeir bændur ekki líka kröfu á, að hagsmuna þeirra sé einnig gætt? Ég heyri suma segja, að þeir séu ekki bundnir við mjólkurframleiðsluna eina, og geti farið inn á aðrar framleiðslugreinar, ef mjólkurframleiðslan ekki ber sig. En það má segja nákvæmlega hið sama um marga af bændum þeim, sem búa á núverandi mjólkursölusvæði Reykjavíkur. Sú yfirvofandi hætta, sem stendur fyrir dyrum um verðfall á mjólk og mjólkurafurðum, er því sameiginlegt mál allra mjólkurframleiðenda, og þarfnast athugana og úrlausnar fyrir þá alla, en ekki aðeins nokkurn hluta þeirra. Og það mál hefir verið mjög til athugunar innan Framsfl. og ríkisstj. Það, sem komið hefir til athugunar í þeim efnum, er t. d. nýir og auknir markaðir fyrir mjólkurvörur, svo sem með framleiðslu þurrmjólkur til venjulegrar notkunar, í súkkulaði o. þ. h. og til blöndunar í brauð. Sömuleiðis aukin iblöndun smjörs í smjörlíki. Einnig hefir verið athugað um leiðir til að afla verðjöfnunarsjóði aukinna tekna, t. d. með nokkrum skatti á aðflutt kjarnfóður, eða með því að láta alla smásölu á smjöri og smjörlíki falla undir mjólkursamsöluna, sem að ýmsu leyti væri hentugt. Allt þetta og fleira hefir komið til athugunar, og um sumt af þessu hefðu komið fram frv. á þinginu, ef það hefði reynzt fært um afgreiðslu mála yfirleitt. Og vitanlega verður að halda áfram að leita að öllum þeim leiðum, sem hugsanlegar eru til að draga úr yfirvofandi verðfalli á þessum framleiðsluvörum yfirleitt. En það getur vel farið svo, að ekki sé unnt að hindra áframhaldandi offramleiðslu og því samhliða verðfall mjólkurinnar á annan hátt en þann, að bændur dragi

nokkuð úr framleiðslu þessarar vöru og fari inn á aðrar greinar framleiðslunnar. En ég sé engin ráð til þess að koma framleiðslunni inn á önnur svið á annan hátt en þann, að bændur finni það að önnur framleiðsla beri sig betur, og það kemur af sjálfu sér gegnum það verðfall, sem ómótstæðilega hlýtur að kom niður á verði þeirrar vöru, sem að meira eða minna leyti er óseljanleg eða lítt seljanleg vegna offramleiðslu. En ég álít ekki unnt að komast hjá því, að sá þungi, sem á að valda því, að dregið verði úr framleiðslunni, komi hlutfallslega jafnt niður á alla mjólkurframleiðendur, hvar sem þeir búa, enda munu þeir þá fyrst hverfa frá þeirri framleiðslu, sem bezt hafa skilyrðin til að taka upp aðrar verðmeiri framleiðslugreinir. Ég skal játa það, að í nágrenni Reykjavíkur eru ýmsar jarðir, sem örðugt er að láta aðra kvikfjárrækt bera sig á en nautgriparækt til mjólkurframleiðslu, auk loðdýraræktar, sem allsstaðar má koma við. En ég hygg, að bændur þeir, er á þessum jörðum búa, hafi verið um of tómlátir með að athuga möguleika á aukinni kartöflurækt og annari garðrækt, því að hvergi ætti að vera hentugra að reka hana en við hliðina á aðalmarkaðsstað landsins. En geta menn ekki hugsað sér bændur utan sölusvæðis Reykjavíkur, sem einnig hafi í önnur hús að venda en til mjólkurframleiðslunnar? Hvað segja menn t. d. um þá bændur í Borgarfirði og víðar, sem hafa misst allan sauðfénað sinn og eru að missa hann, í neyð sinni grípa til mjólkurframleiðslunnar sem hins eina hálmstrás, er geti haldið þeim uppi í lífsbaráttunni, a. m. k. á meðan þessi alda er að ríða yfir. Á það að vera hjálp þjóðfélagsins þeim til handa, að loka þá að nokkru eða öllu leyti úti af bezta markaði í landinu með þeirra einu eða aðalframleiðsluvöru, mjólkina? Nei, það er sama hvaða hliðar eru skoðaðar á þessu máli; það finnst engin ástæða sem réttlæti það, að eitt svæði frekar öðru fái sérréttindi til að hafa aðgang að mjólkurmarkaðinum í þeim héruðum, sem fyrir aðstoð þjóðfélagsins eða á annan hátt hafa náð aðstöðu til að nota hann framyfir það, sem takmarkast af legu þeirra og öðrum eðlilegum ástæðum.

Út af því, sem ég minntist á áður um fjárhagsástæður ýmsra bænda í nærsveitum Reykjavíkur, vil ég segja þetta: Það er alveg rétt, að ýmsir þeirra þola ekki verðlækkun á mjólk frá því, sem nú er, ef þeir eiga að geta staðið undir þeim skuldum, sem á jörðum þeirra hvíla, og vafasamt, að þeir gætu það, þó að mjólkurverðið héldist óbreytt. En þetta ástand hefir ekki skapazt vegna mjólkurlaganna og áhrifa þeirra, heldur væri réttara að orða það svo, að það hefði skapazt þrátt fyrir mjólkurlögin og áhrif þeirra, því að það er alveg vafalaust, að hefðu mjólkurlögin ekki komið né skipulag það, sem nú er á mjólkursölunni, þá væri mjólkurmálið hér í Reykjavík nú orðinn hreinn og beinn óskapnaður. Það þarf ekki að leiða neinar getur að því, að með þeirri mjólkurauknigu, sem verið hefir undanfarin ár í þeim sveitum, sem ná til mjólkurmarkaðarins í Reykjavík, og af því orsakaðist, hefði hlotið að enda í takmarkalitlu verðhruni á mjólkurmarkaðinum, ef sölunni hefði ekki verið haldið í skipulagsskefjum. Og það verðhrun hefði komið niður á öllum mjólkurframleiðendum, ekki aðeins í fjarsveitunum, heldur einnig meðal þeirra, sem næst mörkuðunum búa. Þessu hefir verið forðað. En hitt er augljóst mál, að hin mikla offramleiðsla, sem orðin er á mjólk á þessu svæði, hlýtur fyrr eða síðar að gera vart við sig á þann hátt, að verðið til framleiðenda lækki, hversu fullkomið sem söluskipulagið væri (nema máske ef ríkissjóður væri látinn greiða hallann, en að því mun ég koma síðar). En verðlækkunin er sennilega eina lækningin, sem dugir, gegn offramleiðslunni, hér eins og annarsstaðar. Og ég hefi fært rök að því áður, að það er ekki stætt með það, að láta þessa verðlækkun aðeins ná til nokkurra af mjólkurframleiðendum. Hún hlýtur að koma niður á öllum mjólkurframleiðendum hlutfallslega. Í öðru væri ekkert réttlæti. En það er á annan hátt, sem ég álít, að margir bændur í nærsveitum Reykjavíkur hafi orðið fyrir ranglæti. Og það er í sambandi við skuldaskil þeirra í kreppulánasjóði. Margir þeirra bænda hafa ræktað og bætt jarðir sínar á undanförnum árum meir en flestir aðrir bændur landsins. Allar þessar umbætur hafa orðið mjög dýrar, í fyrsta lagi vegna þess, að þær hafa að mestu verið framkvæmdar á dýrtíðarárunum eftir stríðið og framundir kreppuárin upp úr árinu 1930, og í öðru lagi vegna þess, að mörg af þessum löndum voru léleg og urðu dýr í ræktun. En ræktun þeirra byggðist á hinu háa mjólkurverði, sem var í Reykjavík á þeim árum, og þörf bæjarins fyrir aukna mjólk, eins og þá stóð. Það hefir því orðið tvennskonar verðhrun á eignum viðkomandi bænda. Fyrst það, sem stafaði af hinni almennu verðlækkun í landinu, sem orðið hefir á síðari tímum, og svo ennfremur vegna hinnar sérstöku verðlækkunar á þessu tímabili, sem orsakazt hefir af hinni miklu mjólkuraukningu á Reykjavíkurmarkaðinum á mörgum undanförnum árum, en sú verðlækkun er svo mikil, að engin önnur atvinnugrein landsmanna hefir orðið fyrir neitt svipaðri verðlækkun þetta tímabil. Þetta stórkostlega verðhrun, sem þessir bændur hafa orðið fyrir, átti vitanlega að bæta þeim í gegnum skuldaskil þeirra í kreppulánasjóði, svo að þeir væru færir um að reka búskap sinn áfram á heilbrigðum grundvelli, eins og aðrir bændur, sem þessarar aðstoðar nutu. En þetta mistókst í mörgum tilfellum. Og ástæðan til þess var sú, að menn voru þá ekki almennt farnir að átta sig á því, jafnvel ekki bændurnir sjálfir, og þó sízt skuldheimtumennirnir, að sérstaða þessara bænda, sem þeir áður höfðu haft gagnvart mjólkurmarkaðinum, var þá þegar að miklu leyti þurrkuð burt, var áframhaldandi að þurrkast burt og hlaut að þurrkast burt að mestu á næstu árum vegna aukinna samgangna til fjarlægari góðsveita, nýrra mjólkurbúa og fleira. Það var því svo um marga þessa menn, að þeir fengu ekki þau skuldaskil, sem sjóðstjórn lagði til og þeim var nauðsynleg. Skuldheimtumennirnir neituðu, og bændurnir neyddust til að láta meta eignir sínar upp með

hækkuðu verði til þess að fá lánin hækkuð, annars hefðu þeir verið felldir frá skuldaskilum, sem þýddi það, að jarðir þeirra hefðu verið seldar og þeir orðið að hrökklast burtu. Af þessu súpa þeir seyði nú. Það er þetta ranglæti, sem ég tel að eigi og verði að bæta þeim nú. Og það er sjálfsagt að gera það einmitt nú um leið og framtíðarskipun er gerð um fyrirkomulag mjólkurmálsins og hið raunverulega ástand er komið í ljós.

Ég hefi nú reynt að athuga eins margar hliðar á þessu mikla vandamáli eins og mér hefir verið unnt á þessum stutta tíma, og athuga sem flestar af þeim mótbárum, sem ég hefi heyrt færðar gegn þessari nýju skipan, sem hér er lögð til. Og mér virðist allar þær mótbárur, sem fram eru fluttar gegn því, ýmist mjög léttvægar eða þá hreinar og beinar fjarstæður. Og ég er sannfærður um, að því meir sem menn hugsa þessi mál, því betur sjái þeir, að hér getur ekki verið að ræða um annað skipulag á þessum málum til frambúðar en þetta, sem hér er lagt til. Og ég hefi fulla ástæðu til að vera vongóður um, að þessi málstaður sigri nú, vegna þess, hver breyting hefir orðið á afstöðu Sjálfstæðisfl. til þess þessar fáu vikur, sem það hefir legið frammi í þinginu. Þegar það var hér til 1. umr., risu hv. stjórnarandstæðingar úr sætum sínum hver af öðrum og fordæmdu stefnu þess með þeim sterkustu orðum, og blöð flokksins fordæmdu það, eins og að hér væri eitthvað ódæði á ferðinni. En nú bera stjórnarandstæðingar í Ed. fram frv. um breytingu á mjólkurlögunum, sem í aðalatriðum er nákvæmlega hið sama og í þessu frv. Þar eru m. a. tekin upp svo að segja orðrétt ákvæði þessa frv. um hina „kommúnistisku" verðjöfnun, sem Vísir minnist á á dögunum. Og nú taka fulltrúar flokksins í landbn. Nd. þá afstöðu til þessa máls, að þeir muni fylgja því í sama formi og efrideildarfrumvarpið er fært í. Ég verð að segja það, að mér finnst þetta mikill sigur, að svo komnu, og óvæntur. Ég vil a. m. k. gera ráð fyrir því, að þessi nýja afstaða Sjálfstfl. til málsins byggist á því, að augu hinna gætnu og sanngjarnari manna flokksins hafi opnazt fyrir því, að hér er á ferðum rétt mál, sem varhugavert væri að leggjast á móti, en ekki af því, að hann hugsi sér hér, eins og stundum áður, að „gott sé að hafa tungur tvær og tala sitt með hvorri." Eitt við bændur, sem standa að vinnslubúunum og vilja láta gæta réttar síns þar, og annað við þá, sem búa á mjólkursölusvæði Reykjavíkur og álíta, að með frv. þessu sé gengið á þeirra rétt. Ég ætla að vona það. Annars mun ég ekki fara langt út í það mál, það verður athugað af öðrum, það er aðeins eitt atriði þessa frv. stjórnarandinga, sem ég vildi lítilsháttar drepa á og ekki er í þessu frv. Það er það ákvæði, að ríkissjóður skuli greiða í verðjöfnunarsjóð það, sem á vantar á hverjum tíma, til þess að hægt sé að greiða fyrir vinnslumjólkina sama verð, eða því næst, og greitt er fyrir sölumjólkina. Það má vel vera, að bændum þyki það nokkurt fagnaðarefni, að geta hugsað til þess, að þeir geti áhyggjulausir haldið áfram að auka mjólkurframleiðslu sína án tillits til þess, hvort nokkrar líkur eru til þess, að unnt verði að selja hana í einhverju formi fyrir verð, sem nokkuð nálgast framleiðslukostnað, því að ríkið greiði það, sem á vantar. Og því skyldi þá ekki líka vera tekin upp sama regla um greiðslu fyrir kjöt, garðávexti og aðrar landbúnaðarvörur. En einhverjir kynnu að spyrja, hver borgaði brúsann. En mér finnst þetta ákvæði frv. minna nokkuð mikið á ýms þau frv., sem hv. alþýðuflokksmenn hafa verið að bera fram í þinginu nú undanfarið og gera ráð fyrir því, að ríkið standi að nokkru leyti á bak við rekstur togaranna og greiði þann halla, sem af útgerð þeirra kynni að leiða. Það getur vitanlega á sama hátt verið næsta heillandi fyrir sjómenn, að hugsa til þess að geta haldið atvinnu sinni viðstöðulaust, án þess að vera knúðir til að leggja verulega að sér í því skyni, að láta útgerðina bera sig, vegna vissunnar um, að ríkið greiði tekjuhallann. En ég geri ekki ráð fyrir því, að Framsfl. hafi mikla trú á úrræðum eins og þessum. Hans stefna er sú, að þjóðfélagið veiti atvinnuvegunum þann einan stuðning, sem geri þeim fært að bera sjálfir sinn eigin rekstrarkostnað. En það virðist eiga að geta orðið samvinna á milli Sjálfstfl. og Alþfl. um lausn þessara mála í heild. Ég veit ekki, hvernig sú samvinna yrði, en ég gæti hugsað mér hana þannig, að Alþfl. beitti sér fyrir því, að sjómenn tækju að sér að greiða rekstrarhallann fyrir bændurna, og svo beitti Sjálfstfl. sér fyrir því, að bændurnir greiddu rekstrarhallann fyrir sjómennina, og virðist þessu þá öllu vera sæmilega fyrir komið í bili. Hitt er svo aftur annað mál, hversu lengi slík sjálfhreyfivél væri fær um að halda þjóðfélaginu á floti.

Ég fer þá að ljúka máli mínu, og vil að síðustu segja þetta: Sú togstreita, sem nú undanfarið hefir verið á milli bændanna innbyrðis um mjólkurmarkaðinn í Reykjavík, og fjandskapurinn á milli þeirra vegna þeirrar togstreitu, er þegar orðin algerlega óþolandi og öllum hlutaðeigendum til leiðinda og tjóns. Þeim verður að skiljast, að það er sameiginlegt nauðsynjamál þeirra allra að nota hann þannig, að þeir fái í heild sem mest út úr því, sem neytendurnir á hverjum tíma greiða fyrir þessa framleiðslu þeirra. En þetta getur því aðeins orðið, að þeir vinni bróðurlega saman um verkaskiptingu í vöruverkun og sölu afurðanna. En það getur því aðeins orðið, að fundinn sé réttlátur grundvöllur að skiptingu hins sameiginlega markaðar á milli hins mikla fjölda einstakra framleiðenda. Og ég fyrir mitt leyti hefi ekki komið auga á, og ekki orðið var við, að bent væri á nokkurn grundvöll undir slíkri samvinnu annan en þann, sem hér er lagður til, sem er sama fyrirkomulagið og notað er um þátttöku bænda í markaði allra annara framleiðsluvara, að þeir fái allir sama verð fyrir samskonar vöru á sama sölustað.

Emil Jónsson: Aðalatriði þessa frv., sem hér liggur fyrir á þskj. 103, um breytingu á l. nr. 17. jan. 1935, um meðferð og sölu mjólkur og rjóma, er það, sem felst í 1. gr. frv., að 2. gr.

hinna gildandi l. um þetta efni skuli gerbreytast og hámark verðjöfnunargjaldsins svokallaða verða óákveðið, ótakmarkað. Í 2. gr. núgildandi laga um þetta efni er kveðið svo á, að gjald þetta megi nema allt að 5% af útsöluverði mjólkur og rjóma, en heimilt sé þó að hækka gjaldið, ef sérstök þörf krefur, þó aldrei meira en í 8%, enda komi samþykkt landbúnrh. til, og mun því meiningin í upphafi hafa verið sú, að gjaldið yrði venjulegast 5%, en að hitt væri undantekning, að það færi upp í 8%. — Ég veit að vísu, að þetta gjald hefir alla tíð síðan lögin gengu í gildi verið 8%. Á því hefir verið talin brýn þörf. Lögin heimila það einnig, svo að um það er í sjálfu sér ekkert að segja, en mjög verulegt gjald er þetta nú samt, 3,2 aurar á hvern einasta lítra.

Þegar Alþfl. gekk til samvinnu við Framsfl. í upphafi þessa kjörtímabils, var á milli flokkanna gerður sérstakur málefnasamningur, eins og kunnugt er. Eitt atriði í þessum málefnasamningi var það, að skipað yrði með lögum sölu landbúnaðarafurða innanlands, til að fyrirbyggja óheilbrigt verzlunarástand með þessar vörur, óheilbrigða samkeppni, tryggja hollustuhætti þeirra, lækka dreifingarkostnaðinn og þar með einnig verðið til neytendanna. Núgildandi lög um þetta efni eru því til orðin með stuðningi Alþfl., og ber hann sinn hluta af ábyrgðinni á þessu, bæði bráðabirgðal., sem sett voru á árinu 1934, og staðfestingu þeirra á þinginu á eftir.

Ástæðurnar fyrir því, að Alþfl. gekk með í það að taka þátt í þessari löggjöf, voru þær aðallega, að með því taldi hann vera hægt að lækka svo dreifingarkostnaðinn við söluna á aðalmarkaðinum í Reykjavík og Hafnarfirði, að báðir aðiljar gætu haft hagnað. Bændurnir gætu fengið nokkru hærra útborgað verð til sín, og neytendur einnig fengið nokkra verðlækkun í sinn hlut. Það er nú sjálfsagt, þegar farið er fram á, að þessu skipulagi, sem gilt hefir nú í 2 ár, verði breytt, að athuga, hvernig það hefir gefizt, hvað upp úr því hefir hafzt, bæði fyrir neytendur og framleiðendur.

Sú hliðin, sem að neytendunum snýr, er alveg klár. Mjólkin hefir lækkað úr 42 aurum á lítra niður í 40 aura, eða lækkað um 2 aura lítrinn. Frekari lækkun hefir ekki fengizt, þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir okkar alþýðuflokksmannanna og þrátt fyrir það, að við höfum sýnt fram á það með gildum rökum, að neytendum bæri stærri hlutinn af því, sem sparazt hefir við skipulagninguna og þó að sterkar líkur bendi til, að frekari lækkun á mjólkinni mundi þýða aukna sölu og þar með meiri tekjur fyrir mjólkurframleiðendur, og mun ég koma að því atriði síðar. Þetta var sú hliðin, sem snýr að mjólkurneytendunum.

Sú hliðin, sem að mjólkurframleiðendum snýr, er þannig, að á þessum 2 árum, síðan mjólkurlögin voru sett, hefir mjólkurverðið hjá þeim, sem skipta við mjólkurbú Flóamanna, hækkað um ca. 4. aura, úr rúmum 15 au. upp í rúma 19 au. pr. lítra, svo að hækkunin til þeirra hefir verið 2 aurum á lítra meira en lækkunin til mjólkurneytendanna. Um mjólkurverðið hér vestan heiðar er allt meira á huldu. Mjólkurfélag Reykjavíkur birtir ekki opinberlega reikninga sína, svo að um það er allt erfiðara að segja en framleiðendurna austan fjalls. Það er nú reyndar alveg furðulegt, að M. R., sem tekið hefir jafnmikinn þátt í opinberum rökræðum um þetta mál, skuli ekki birta reikninga sína og leggja þá hreinlega á borðið til samanburðar. Mér er meira að segja sagt, að félagsmenn sjálfir fái ekki að sjá reikningana, og þó gerir félagið þá kröfu, að það sé kallað samvinnufélag. Það er undarlegt samvinnufélag það, þar sem félagsmenn fá ekki einusinni sjálfir að sjá reikningana. — Nú, en mér hafa samt borizt í hendur viðskiptareikningar eins manns í félaginu við það, og ef tekin eru árin 1933 og 34, þá sýna þessir reikningar, að útborgað verð fyrir mjólkina hefir verið að meðaltali 24,3 aurar pr. lítra þessi ár, en eftir að samsalan tekur til starfa í ársbyrjun 1935 og fram á þennan dag, hefir útborgað verð verið rúmir 26 au. pr. lítra, eða hækkun um 2 pr. lítra. Er það helmingi minni hækkun en orðið hefir hjá viðskiptamönnum Flóabúsins.

Þetta sölufyrirkomulag mjólkurinnar hefir því þegar sparað 4—6 au. pr. lítra. Þar af hafa 2—4 aurar farið til framleiðenda, en 2 au. til neytenda.

Við þetta er þó eitt að athuga, sem ég tel rétt að minnast á hér líka, og það er það, að rekstrarhagnaður, sem varð á samsölunni 1936, 165 þús. kr., hefir ekki verið notaðar til verðuppbótar fyrir viðskiptamenn samsölunnar, heldur tekinn í verðjöfnunarsjóð og ráðstafað með verðjöfnunargjaldinu eins og því. Þessi ráðstöfun er mjög hæpin, að ekki sé meira sagt, og það þegar af þeirri ástæðu, að lögin heimila ekki að taka meira gjald af neyzlumjólkursölunni en 8% hæst, og það hefir verið gert, en þessi rekstrarhagnaður er tekinn að auki. Í öðru lagi er mér sagt, að útborgunarverð mjólkurinnar hafi í upphafi verið áætlað hærra en hún er borguð út, en það hafi verið lækkað aðeins vegna þess, að varlegra þótti að hafa eitthvað upp á að hlaupa, ef út af bæri, en þeim ágóða, sem þannig kynni að skapast, yrði úthlutað síðar til viðskiptamanna samsölunnar.

En ef þessum rekstrarafgangi samsölunnar væri úthlutað til þessara manna, sem ég tel vera hina réttu eigendur hans, hefði mjólkurverðið hækkað hjá þeim um 2—3 au. á lítra.

Þessi árangur, sem náðst hefir á 1. og 2. ári mjólkursamsölunnar, er eftir atvikum góður, og ég tel það afarhæpna leið hjá Framsfl., að stofna nú í hættu þeim árangri, sem þegar hefir náðst, með ótakmarkaðri hækkun verðjöfnunargjaldsins og þeim átökum, sem því hljóta að fylgja. Menn vita það, hverju þeir sleppa, en ekki, hvað þeir hreppa.

Ástæðan, sem færð er fram fyrir nauðsyn þessarar hækkunar, er aðeins ein, en það er aukning mjólkurmagnsins til búanna. Í grg. fyrir frv. segir, að mjólkurmagn það, sem búin hafi tekið á móti 1933, hafi verið 6,4 millj. lítra, en þetta mjólkurmagn sé nú komið upp í 11,7 millj. lítra, eða hafi með öðrum orðum vaxið um 83%. Í sjálfu sér segir nú þessi tala furðu lítið, því

að hún segir ekkert um það, hvernig þessi aukning hefir orðið. Ef hún hefði orðið á þann hátt, að tilsvarandi fjölgun hefði orðið á framleiðendum, þannig að nú væru 83% fleiri viðskiptamenn við búin en áður, þá væri sjálfsagt nauðsynlegt að taka þetta til greina, því að þá þýddi lækkað mjólkurverð lækkaðar bruttótekjur til hvers einstaklings. En þetta mun alls ekki vera tilfellið, heldur mun hið aukna mjólkurmagn fyrst og fremst stafa af því, að mjólkurframleiðendur, með hækkandi verðlagi, hafi aukið framleiðsluna hver um sig eftir getu. Nú er það vitað, að tilkostnaðurinn við framleiðsluaukninguna þarf alls ekki að vera jafnmikill og upphaflegi framleiðslukostnaðurinn, og er það heldur ekki í flestum tilfellum. Afkoma bóndans, sem getur aukið framleiðslu sína um 30—40—50%, getur því á þann hátt orðið miklu betri, jafnvel þó að verðið lækki um 1—2 aura á lítra, ef hann bara getur losnað við hana. Mjólkuraukningin út af fyrir sig þarf því alls ekki að þýða það, að nauðsynlegt sé að halda sama verðlaginu og var áður en aukningin átti sér stað.

En hvað sem um það er, mjólkuraukningunni þarf að skapa markað, og þá auðvitað fyrst og fremst þann markað, sem kaupir vöruna dýrustu verði, en það er neyzlumjólkurmarkaðurinn í Reykjavík og Hafnarfirði. Tillögur okkar alþýðuflokksmanna hnigu að þessu atriði fyrst og fremst. Þessi aukning teljum við, að geti átt sér stað, ef söluverð mjólkurinnar er lækkað og kaupgeta almennings á þessum stöðum tryggð með sæmilegri atvinnu fyrir fólkið. Hér í þessari hv. d. var í fyrradag verið að ræða um verðfellingu krónunnar, sem Bændafl. berst fyrir. En ég er ekki í nokkrum vafa um það, að ef krónan yrði felld í verði, þá væri það öruggasta leiðin til þess að færa niður mjólkurkaup almennings, eins og kaup á öðrum nauðsynjavörum, bókstaflega vegna getuleysis almennings til að kaupa þessar vörur. Til þess að auka sölumöguleikana á þessum bezta markaði mjólkurinnar, verður því að gera þetta tvennt jafnhliða, það þarf að lækka mjólkurverðið og tryggja kaupgetu fólksins. Verð á mjólk og mjólkurafurðum fólksins hér er miklu hærra en þekkist í nágrannalöndum okkar. Mjólkin kostar næstum því helmingi meira í Reykjavík en í Stokkhólmi og smjör 1 kr. meira pr. kg. Og sem dæmi þess, hversu neyzla getur vaxið við verðlækkun, má minna á reynsluna í Svíþjóð. Á árunum 1929—'34 hefir smjörverðið þar lækkað um 20%, en salan innanlands óx úr 23 milljónum kg. upp í 39,3 milljónir kg., eða um 70%. En með því að neyzlan jókst svona miklu meira en verðfallið, gátu bændur aukið bruttótekjur sínar mjög verulega. Nú er í raun og veru engin ástæða til að ætla, að öðruvísi myndi fara hér á Íslandi en í Svíþjóð, einkum þegar þess er gætt, að þörfunum er langtum síður fullnægt hér en þar, þar sem neyzla mjólkur og smjörs er 50% minni á Íslandi en í Svíþjóð. Það er því bersýnilegt, að það er öndvert við allan hag landsins, að fara að styrkja einn atvinnuveg á þennan hátt, með löglegri verðhækkun, þegar það verður til þess að takmarka neyzluna, og hin raunverulega neyzluþörf fær ekki að njóta sín. Eða hvaða heimili eru það í Reykjavík og Hafnarfirði, sem myndu ekki tvöfalda neyzluna, ef þau ættu kost á ódýrari mjólk og ódýru smjöri? Alveg sama er uppi á teningnum með ostana. Hér er sagt, að þeir hafi verið seldir til útlanda fyrir mjög lágt verð, ég hefi heyrt 1,10 kr. pr. kg., en á sama tíma er ostur sennilega seldur hér fyrir margfalt hærra verð, 2,20 pr. kg. í heildsölu, svo hátt verð, að almenningur innanlands getur ekki keypt þá. En svo er meginhluti verðjöfnunargjaldsins notaður til að bæta upp þessa ostasölu til útlanda. Í grg., sem þessu frv. fylgir, segir, að þær kröfur, sem gerðar hafi verið til verðjöfnunarsjóðsins vegna þessa ostaútflutnings, hafi árið 1936 numið 107805,36 kr. En það nemur sem svarar 2 aurum á hvern einasta mjólkurlítra, sem seldur er hér á verðjöfnunarsvæðinu. Er nú nokkurt vit í þessari ráðsmennsku? Halda fyrst verðinu á innlendu ostunum svo dýrum, að mjög fáir geta keypt þá, selja þá svo til útlanda fyrir sáralágt verð og hækka síðan mjólkina um 20 aura lítrann til að bæta upp þennan fáránlega ostaútflutning, sem á þann hátt, með hækkuðu verði í mjólkinni, verður til að draga úr neyzlu hennar hér.

Annað mjög veigamikið atriði í sambandi við sölu á mjólk og mjólkurafurðum á Reykjavíkurmarkaðinum er vöruvöndunin. Hér er sagt, að enn sé mjög ábótavant um gæði mjólkurinnar oft og iðulega, hverju sem það er að kenna, og stórar sendingar af skyri hefir orðið að senda til baka, af því að það hefir ekki þótt boðleg vara. Þá er það ennfremur kunnugt, að búin verða að verðfella svo og svo mikið af mjólk, af því að hún er ekki meðhöndluð á réttan hátt. Í fyrsta lagi með því, að því lakari sem varan er, því minna verð fæst fyrir hana, og í öðru lagi fælast menn frá að kaupa vöruna, þegar menn geta átt það á hættu að fá lélega eða slæma vöru.

Bæði þessi atriði, sem ég hefi nú rætt nokkuð, verðhækkun á mjólkinni og meiri vöruvöndun, myndi að áliti okkar alþýðuflokksmanna geta haft geysi áhrif á aukna sölu, en það er það, sem fyrst og fremst ber að leggja áherzlu á, bæði vegna þess, að það gefur mjólkurframleiðendunum meiri tekjur og neytendunum heilbrigða fæðu, en hvorutveggja er höfuðnauðsyn fyrir báða þessa parta. Og allt þetta er hægt að framkvæma án lagasetningar, eins og við höfum margtekið fram, og skal ég því ekki ræða það frekar.

Þó mætti í þessu sambandi, í sambandi við mjólkurneyzluna, benda á eitt atriði ennþá, sem er vel þess vert, að það sé athugað, og það er mjólkurneyzla framleiðenda sjálfra. Það mun því miður vera svo á mörgum heimilum, sem hafa aðstöðu til að selja mjólk, að þau selja frá sér meiri mjólk en þau mega missa, og kaupa í staðinn dýra útlenda matvöru og óhollari. Þetta er auðvitað hið mesta öfugstreymi, sem sjálfsagt er að kippa í lag. En ég bendi á þetta vegna þess, að hér er um verulega mikið mjólkurmagn að ræða. Ef gert er ráð fyrir, að á verðjöfnunarsvæðinu búi um 3000 fram-

leiðendur og hver þeirra taki til sín 2 lítra á dag í viðbót, eða sem svari ½ lítra á hvern meðlim 4—5 manna fjölskyldu, þá yrðu þetta á þriðju milljón lítra á ári, og það er þó nokkur hluti af aukningunni, og við það geta sparazt önnur matvörukaup.

Auk allra þessara till., sem mætti allar framkvæma án lagasetningar, hefi ég gert till. um að fyrirskipa með l. blöndun á súrmjólk í brauð í brauðgerðarhúsum, eftir till. Jóns Vestdals, og byggt á athugunum hans um þetta mál, en hann hefir kynnt sér það sérstaklega. Telst honum svo til, að með 1% blöndun í rúgbrauð og 5% blöndun í hveitibrauð muni, ef þessi blöndun nær til helmings af hveiti- og rúginnflutningnum, þurfa 180—200 tonn af undanrennudufti á ári. Ennfremur má minna á það, að inn er flutt frá útlöndum nýmjólkurduft til súkkulaðigerðar, og er það sorglegt öfugstreymi, að inn til landsins skuli vera fluttar mjólkurafurðir, samtímis því sem við getum ekki fengið með góðu móti markað fyrir okkar eigin mjólk, og vantar þó gjaldeyri til nauðsynjavörukaupa, sem virðast a. m. k. eðlilegri heldur en mjólkurkaup frá útlöndum.

Þá er þess enn að gæta, að á togaraflotanum, og yfirleitt á öllum okkar veiðiskipum, sem ekki koma að kvöldi, er fjöldi manna, sem lifir við mjög einhæfan og mjólkurlausan kost. En úr þurrmjólk má búa til aftur hina beztu mjólk með því að blanda duftið af nýju með vatni. Þegar þetta tvennt er tekið með, þá varla of hátt í lagt að áætla, að þurrmjólkurmarkaðurinn gæti tekið við dufti úr ca. 3 millj. lítra mjólkur, eða sem svarar úr 1000 kúm.

En þá er ástæða til þess, að menn spyrji? Hvers vegna er þetta þá ekki gert? Hvers vegna er ekki byggð þurrmjólkurstöð undir eins? Kostar hún svo mikið, eða af hvaða ástæðum er ekki hafizt handa í málinu? Verð vélanna er samkvæmt upplýsingum dr. Jóns Vestdals, með öllu tilheyrandi, 46000 ísl. kr., og undir þær er talið að þurfi tiltölulega mjög lítið pláss, svo að kostnaðurinn við að koma upp stöðinni mundi verða litlu meiri en greitt er á einu ári til útlanda fyrir þurrmjólkurduft, en það er talið að vera 55 þús. kr., svo að bygging stöðvarinnar virðist ekki þurfa að vera ókleif kostnaðarins vegna. Þá er vert að geta þess einnig, að bakarameistarar, sem rætt hefir verið við um þessa útblöndun á mjólkurdufti í brauð, telja, að með henni sparist nokkuð af öðrum efnum, mjöli og sykri, svo að kostnaðaraukinn sé það lítill, að verð brauðanna þurfi ekki að hækka af þeim sökum, enda í frv. gerðar ráðstafanir til að fyrirbyggja það.

Framsóknarmenn hafa mjög haldið því á lofti í umræðunum síðustu daga, að frv. þau, sem við berum fram nú, alþýðuflokksmenn, séu aðeins *kosningabombur, sem þeir svo kalla*, — frv., sem séu útbúin í skyndi vegna væntanlegra kosninga, illa undirbúin og sett út án þess, að leitað hafi verið álits þeirra um þau mál, er frv. fjalla um. Ég leyfi mér hér að fullyrða, að þetta er rangt. Mörg af frv., a. m. k. þau, sem Skipulagsnefnd atvinnumála hefir samið, eru gerð í fullu samráði og með samkomulagi við fulltrúa þeirra í n., en það er þingflokkur framsóknarmanna, sem ekki hefir viljað taka þau upp til flutnings með okkur. Svo er um þetta frv. Það er samið árið 1935, en ekki í flýti nú. Ég lagði það á þinginu 1936, fyrir ári síðan, fyrir fulltrúa framsóknarmanna í landbn., en þeir fengust ekki til að flytja það með mér þá, og ég vildi þá heldur bíða en að flytja það einn. En svo þegar fór að líða á þetta þing, án þess að nokkur árangur sæist af athugun þessari, sá ég ekki annan kost vænni en að flytja það einsamall, til að koma því á stað út í þingið og gefa hv. þdm. kost á að kynna sér það og taka afstöðu til þess. Svona er það með þetta mál, og svona er það líka með fleiri.

Það verður ekki skilizt svo við þetta mál, að ekki sé minnzt á afstöðu hinna flokkanna. Sjálfstfl. og Bændafl., til þess. Þeir hafa, eins og vænta mátti, myndað um það samfylkingu í hv. Ed. og flutt um það frv. á þskj. 281, sem þeir bera fram hv. 2. þm. Rang. og hv. 10. landsk. Þó að þetta frv. liggi ekki hér fyrir beinlínis, þar sem sjálfstæðismennirnir í landbn. Nd. hafa tjáð sig geta gengið til afgreiðslu á málinu á þeim grundvelli, sem í því frv. er lagður, og verður því ofurlítið að athuga, hver hann er. Aðalkjarni þess frv. er að hækka tekjur verðjöfnunarsjóðs án þess að hækka verðjöfnunargjaldið sjálft, og þetta væri auðvitað ákaflega æskilegt, ef það væri hægt á skynsamlegan hátt, en frv. gerir ráð fyrir, að þessi tekjuaukning fari fram á þrennan hátt:

1. Með tekjum af þurrmjólkurvinnslu, sem ekkert er nema gott um að segja, þar sem aðalákvæðin þar eru tekin upp úr frv. um þurrmjólk, sem ég hefi áður lýst.
2. Með tolli á útlendu kjarnfóðri og
3. Með styrk úr ríkissjóði.

Um þessar tvær síðarnefndu leiðir er það að segja, að ég álít þær alveg fráleitar. Frv. gerir ráð fyrir 5 au. skatti á hvert kg. af kjarnfóðri, sem inn er flutt, en verð á því er um og innan við 20 au. pr. kg. Yrði þetta því um fjórðungshækkun a. m. k., eða 25%, og væri það sá hæsti skattur, sem líklega nokkurntíma hér hefir verið lagður á nauðsynjavörur landbúnaðarins, en þar sem þetta á að renna til bænda aftur, væri kannske ekki mikið um þetta að segja, ef það kæmi réttlátlega niður, en því fer fjarri.

Bezt settir eru nú áreiðanlega þeir bændur, sem geta selt neyzlumjólk á markaðinn í Reykjavík og Hafnarfirði. Næst bezt eru þeir staddir, sem búa innan verðjöfnunarsvæðisins, frá Mýrasýslu að Rangárvallasýslu, að báðum meðtöldum, því að þeir fá stórkostlega uppbót á sína vinnslumjólk. Verst eru svo þeir settir, sem búa utan verðjöfnunarsvæðisins og njóta engra af kostum skipulagningarinnar. Ef svo þar ofan á á að bæta því, að láta þá greiða skatt af kjarnfóðurkaupum sínum, svo greypilegan sem frv. gerir ráð fyrir, þá er þar með bætt gráu ofan á svart, eyrir hins fátækasta, sem minnst ber úr býtum, tekinn til þess að bæta upp þeim, sem meira hefir. Að vísu er látið liggja að því í grg., að e. t. v. orki tvímælis um þetta atriði, samvizkan hefir líklega slegið þá, en eins og frv. er, þá er þetta svona.

Ég fullyrði alveg hiklaust, að inn á þessa lausn göngum við alþýðuflokksmenn aldrei, þó að fulltrúar Sjálfstfl. í landbn. hafi tjáð sig fúsa til að leysa málið á þessum grundvelli.

Um síðustu tekjuöflunarleiðina, að greiða það, sem á kann að vanta, úr ríkissjóði, er það að segja, að þetta er náttúrlega ákaflega handhæg leið, en hún er ákaflega hæpin. Ég skal viðurkenna, að þessi möguleiki er náttúrlega til staðar, en ég vil helzt ekki þurfa að gera ráð fyrir honum, nema atvinnuvegurinn sé svo aðþrengdur, að öll önnur sund séu lokuð, og koma þá auðvitað aðrir atvinnuvegir þar einnig til greina. Ég gæti þá líka fullt eins vel, og enda betur, hugsað mér þann möguleika, að ríkissjóður styrkti fyrst þá bændurna, sem utan verðjöfnunarsvæðisins búa og njóta því einskis styrks á neinn hátt til sinnar mjólkurframleiðslu. Það eru þeir áreiðanlega, sem mesta þörfina hafa, og til þeirra ber því ríkissjóði að líta áreiðanlega fyrr en til hinna.

Að öllu þessu athuguðu er ljóst, að þegar þessum tveimur mjög vafasömu atriðum er svipt í burtu úr frv., þá er lítið eftir annað en nokkur hluti þeirra tillagna, sem við alþýðuflokksmenn höfum borið fram í málinu.

Ég hefi því látið bóka eftir mér í fundargerðabók landbn., að ég telji þá lausn málanna, sem framsóknarmenn hafa borið fram í þessu frv., algerða vandræðalausn, og myndi ekki treystast til að fylgja henni, meðan óreyndar eru þær leiðir, sem Alþýðufl.hefir bent á og vænlegri virðast til úrlausnar, en það er rýmkun bezta markaðarins, sem fyrir er, og útvegun nýrra markaða, sem fullar líkur virðast benda til, að megi ná.

Ólafur Thors: Á sviði stjórnmálanna eru fá mál, sem á síðari árum hafa verið rædd í blöðum landsins, á stjórnmálafundum og í sölum Alþingis til jafns við mjólkurmálið. Þetta er eðlilegt, því að málið er viðkvæmt hagsmunamál, eigi aðeins mörg þúsund bænda, heldur snertir það og hag tugi þúsunda neytenda, nægjanlega mikið til þess, að einstakir menn hafa reynt að nota þá hlið málsins sjálfum sér eða flokki sínum til framdráttar. En auk þess er málið út af fyrir sig erfitt viðfangs, og mikill vandi er að skipa því, hvort heldur er með frjálsum samtökum eða lagasetningu, svo að vel fari og réttlátt tillit sé tekið til hagsmuna allra aðilja.

Þess er nú að sjálfsögðu enginn kostur, og raunar heldur engin þörf, að rekja hina löngu baráttu framleiðenda, undir forystu Eyjólfs Jóhannssonar forstjóra, við vanþroska félagsmálaskilning og vaxandi örðugleika vegna nýrra hagsmunasjónarmiða, sem á þeim árum sköpuðust og tóku örum breytingum. Sú saga er kunn, og ég held, að flestir játi, að framleiðendum tókst alveg furðu vel að halda saman þrátt fyrir innbyrðis ólíka hagsmuni.

Mjólkurlögin, sem sett voru árið 1934, voru þó sett fyrir frumkvæði og samkvæmt óskum framleiðenda, sem þá töldu svo komið málum, að ekki yrði lengur komizt af án þess að festa samstarf þeirra með vissum lagafyrirmælum. Að þessu sinni ætla ég hvorki að gagnrýna að nokkru verulegu leyti þá löggjöf — hún var frá öndverðu gölluð — né framkvæmd hennar, sem alla tíð hefir verið fullkomið hneykslunarefni sérhverjum dómbærum manni, sem því máli hefir kynnzt. Verður að vísu að játa, að slík gagnrýni er eigi aðeins freistandi, heldur stappar nærri því, að það sé bein skylda að nota slíkt tækifæri og hér gefst nú til að færa hana fram og sýna þar með og sanna, að þetta mikla hagsmunamál bænda hefir allt frá því, er mjólkursölunefnd settist á laggirnar, verið í höndum alveg óvenju ófyrirleitinna manna, sem jafnan hafa sett önnur og oft ólík sjónarmið ofar hagsmunum bændanna, en auk þess skort starfhæfni, svo að margt hefir farið í handaskolum.

En allt þetta leiði ég hjá mér vegna þess, að enda þótt á miklu velti, að bændur kynnist fortíð þessara mála, til þess m. a. að vítin geti orðið þeim til varnaðar, bæði að því er forystu og framkvæmd snertir, þá veltur þó á meiru, að menn geri sér glögga grein fyrir því, hversu þessum málum er nú komið, og hverjar uppástungur eru gerðar til framtíðarúrlausnar. Því að um það hljóta þó allir að vera sammála, einnig hér á þessu háa Alþingi, þar sem svo dýrmæt perla sem almenn viðurkenning á augljósum staðreyndum alltaf verður sjaldgæfari og sjaldgæfari, að svo sem nú er komið fjárhag bænda, stafar beinn voði um almennt hrun af sérhverri þeirri skyssu, er löggjafinn kann að gera í þeirra hagsmunamálum. Fyrir þessum sannleika beygjum við sjálfstæðismenn okkur, — gleymum þeim syndum andstæðinganna, sem fortíðinni tilheyra, ef með því mætti takast að ná samkomulagi um þá framtíðarlausn í þessu mikla hagsmunamáli bændanna, sem skynsamleg er og þeim sjálfum hagkvæmust. Ég skal því stilla mig um að líta um öxl, nema að svo miklu leyti, sem þess verður þörf til þess að glöggva sig sem bezt á framtíðinni og bregða birtu yfir þær mismunandi leiðir, sem nú er bent á til úrlausnar þeim vanda, er við blasir.

Ég skal þá fyrst leyfa mér að leiða athygli að því, að þegar mjólkurlögin voru sett árið 1934, var talið að sem næst ⅔ hlutar þeirrar mjólkur, sem framleidd var til sölu á verðlagssvæði Reykjavíkur og Hafnarfjarðar, seldust sem neyzlumjólk, en afgangurinn færi til vinnslu. Þannig voru tveir lítrar neyzlumjólkur móti hverjum einum lítra vinnslumjólkur, og nægir því þriggja aura verðjöfnunargjald á hvern lítra neyzlumjólkur til þess að framleiða 6 aura verðuppbót á hvern lítra af vinnslumjólkinni. Utan um þessa staðreynd voru mjólkurlögin svo samin. Nú er þetta allt gerbreytt. Hlutfallsröskunin milli neyzlu- og vinnslumjólkur hefir á þessum stutta tíma orðið svo stórkostleg, að árið 1936 var neyzlumjólkin aðeins 5 milljónir lítra, en vinnslumjólkin orðin hvorki meiri né minni en 6,7 millj. lítra, en af því leiðir, að 3 aurar af lítra neyzlumjólkur nægja nú ekki lengur til að bæta hvern lítra vinnslumjólkur upp með 6 aurum, heldur aðeins með rúmlega 2 aurum. Með þessu hefir skapazt algerlega ný aðstaða, sem kallar á nýjar leiðir til úrbóta. Hinn öri vöxtur mjólkurframleiðslunnar og stór-

kostlega hlutfallsröskun milli neyzlu- og vinnslumjólkur hefir sprengt af sér mjólkurlögin, og innan þeirrar löggjafar rúmast alls ekki lengur sú verðjöfnun milli framleiðenda innan verðjöfnunarsvæðisins, sem með samþykki allra hlutaðeiganda fékk viðurkenningu löggjafans með mjólkurlögunum. Þetta má víst telja viðurkennt af öllum, enda liggja nú fyrir Alþingi 2 frv. um breytingar á mjólkurlögunum. Það frv., sem hér er til umr. og flutt er af hv. framsóknarmönnum, og frv. þeirra hv. 2. þm. Rang., Péturs Magnússonar, og hv. 10. landsk., Þorsteins Briems, á þskj. 281. Í þessum frv. er bent á tvær algerlega mismunandi leiðir til verðjöfnunar milli framleiðenda innan sama verðjöfnunarsvæðis. Má víst segja, að það sé um tvær algerlega ólíkar stefnur að ræða, en það, sem allt veltur nú á, er, að menn geri sér sem allra réttasta grein fyrir kostum og göllum á hvorri leiðinni fyrir sig, og það því fremur, sem víst má telja, að hvorugt frv. verði samþ. nú, vegna þess þingrofs, sem framundan er, og gefst því hlutaðeigandi bændum ágætt tækifæri við í hönd farandi kosningar til þess að tryggja sér, að frambjóðendur í þeim héruðum fylgi þeirri leið í þessum málum, sem bændur telja sér sjálfum til mestra hagsbóta. Við þennan samanburð verða menn að hafa það hugfast, að telja má öldungis víst, að þróunin í búskaparháttum á þessu verðjöfnunarsvæði stefni áfram í sömu átt og undanfarin ár, þ. e. a. s. að bændur í æ ríkari mæli hverfi frá kjötframleiðslu og að mjólkurframleiðslu. Mjólkurbúin, áveiturnar austan fjalls, bættar samgöngur, allt ber að einum brunni. Ofan á allt þetta hefir nú bætzt hin geigvænlega sauðfjárpest, sem þegar hefir valdið ægilegu tjóni, og er þó jafnvel líklegast, að enn eigi eftir að koma í ljós það, sem verst er. En hvort þessi pest spennir helgreipar sínar um eigur og afkomu fleiri eða færri sauðfjárbænda, er það eitt víst, að bein afleiðing hennar hlýtur að verða, að fleiri eða færri bændur hverfa að mestu eða öllu frá sauðfjárræktinni að framleiðslu mjólkur.

Ég minni nú á það, er ég áður sagði, að árið 1934 var talið, að á þessu verðjöfnunarsvæði seldust 2 lítrar af neyzlumjólk á móti hverjum einum af vinnslumjólk. Í dag eru þessi hlutföll svo gerbreytt, að ekki er nema einn lítri neyzlumjólkur móti nærri hálfum öðrum af vinnslumjólk, og ég hika ekki við að fullyrða, að fyrr en varir er hinu fyrstnefnda hlutfalli alveg snúið við, þannig að ekki verður nema einn lítri neyzlumjólkur gegn hverjum 2 lítrum vinnslumjólkur, og mun þó þessi hlutfallsröskun enn vaxa, er frá líður.

Út frá þessu sjónarmiði ber nú að athuga þessar tvær mismunandi leiðir til úrbóta, sem fyrir hinu háa Alþingi liggja, þ. e. a. s. till. Framsfl., sem felast í því frv., sem hér er til umr., og till. Sjálfstfl. og Bændafl., sem felast í frv. Péturs Magnússonar og Þorst. Briems á þskj. 281.

Þessi samanburður er í sjálfu sér mjög auðgerður. Bæði sjónarmiðin viðurkenna, að mjólkurlögin, eins og þau eru, séu aðeins dauður bókstafur og hafi raunar í framkvæmdinni aldrei annað verið. Bæði frv. leggja til, að „sama verð sé greitt fyrir mjólkina til allra mjólkurbúa á verðjöfnunarsvæðinu, komna á sölustað innan verðjöfnunarsvæðisins", eins og Pétur Magnússon og Þorst. Briem orða það, eða „allir mjólkurframleiðendur á verðjöfnunarsvæðinu fái sama verð fyrir mjólk sína, komna á sölustað verðjöfnunarsvæðisins", og sé þá „stöðvarkostnaður" „*talinn jafn hjá öllum framleiðendum*", eins og það er orðað í frv. framsóknarmanna. Báðir ætlast þannig til, að mismunur útborgaðs verðs til bænda innan sama verðjöfnunarsvæðis velti á þeim mismun, sem kann að vera á rekstrarkostnaði einstakra mjólkurbúa innan verðjöfnunarsvæðis, og í öðru lagi á aðstöðumun bænda um flutning mjólkur að mjólkurbúinu, og í þriðja lagi á mismun flutningskostnaðar einstakra mjólkurbúa á sölustaðinn. Má að vísu *með óyggjandi rökum sýna fram á veilurnar í* þeirri hugsun, en skal þó eigi gert að þessu sinni, bæði vegna þess, að það eitt og út af fyrir sig er ærið viðfangsefni í lengri ræðu en mér er heimilt að flytja hér í kvöld, og einnig af því, að vegna þess samanburðar, sem hér verður gerður, skiptir þetta ekki máli.

Skal ég þá víkja að því, sem á milli ber og veigamest er.

Frv. framsóknarmanna byggir á því, að bændur *séu látnir alveg einir og óstuddir um að leysa* vandann, þ. e. a. s. að standa undir verðjöfnuninni. Af því leiðir tvennt. Fyrst það, að þeir bændur, er frá öndverðu hafa byggt búskap sinn á sölu nýmjólkur, lenda þegar í stað í hinum mestu þrengingum. En auk þess er það alveg augljóst mál, að þannig löguð verðjöfnun leiðir þegar í stað til lækkaðs útborgaðs mjólkurverðs til allra bænda á verðjöfnunarsvæðinu, vegna þess að nær allur vöxtur mjólkurframleiðslunnar kemur fram í aukinni vinnslumjólk, en eftir því sem neyzlumjólkin þarf að verðbæta fleiri lítra af vinnslumjólk, eftir því verður uppbótin minni á hvern lítra, og lækkar þá útborgað verð til allra bændanna auðvitað að sama skapi.

Þessa hugsun má orða enn skýrara á þann hátt, að eftir því sem vinnslumjólkin vex í hlutfalli við neyzlumjólkina, eftir því verður meðalverð lægra, en sú lækkun lendir auðvitað jafnt á öllum bændum, sem hlut eiga að máli, því að mjólkurlögin eiga öll að fá sama verð fyrir mjólkina, komna á sölustað. Kemur verðlækkun þessi, vegna þeirrar framkvæmdar, sem frá öndverðu hefir verið á mjólkurlögunum, þegar í stað niður á öllum bændum á verðjöfnunarsvæðinu nema þeim, sem mjólk framleiða á bæjarlöndum Reykjavíkur og Hafnarfjarðar, en til þeirra á verðlækkunin á hverjum tíma að ná ári síðar samkv. frv. framsóknarmannanna.

Ég verð nú til skýringar á áður umgetnum till. Péturs Magnússonar og Þorst. Briems að geta þess, að þrátt fyrir skýlaus fyrirmæli mjólkurlaganna um verðuppbætur á vinnslumjólk hefir mjólkursölunefndin frá öndverðu farið sínar eigin götur í þeim efnum alveg utan við lög og rétt. Mjólkurlögin leggja 3 aura skatt á hvern lítra neyzlumjólkur. Með því fé, og ekki öðru, ákveða lögin, að bæta skuli upp

vinnslumjólkina. Á árinu 1935 skorti verðjöfnunarsjóð, sem svaraði 1 eyri á vinnslulítra, til þess að geta staðið undir þeirri framkvæmd mjólkurlaganna, sem mjólkursölunefnd hefir ákveðið, eða 52 þúsund krónur. En á síðasta ári eru tekjur verðjöfnunarsjóðs 211 þúsund krónum minni en kröfurnar á hann samkv. nefndri framkvæmd, eða um 3,15 aura á hvern lítra vinnslumjólkur, og veit ég í sannleika sagt ekki, með hverjum hætti á að vera hægt að efna þessi fyrirheit mjólkurnefndar.

Ég ætla þá að víkja að frv. Péturs Magnússonar og Þorst. Briems. Þeir krefjast þess, að þessari verðjöfnun verði komið á, án þess að útborgað verð til bænda lækki frá því, sem nú er, að óbreyttum kostnaði við rekstur búanna og útsöluverði mjólkur, skyrs og rjóma. Til þess að þetta megi takast, verður að sjálfsögðu að afla verðjöfnunarsjóði annara og meiri tekna en þeirra, sem honum drjúpa úr pyngju bændanna einna. Leggja þeir því til, Pétur Magnússon og Þorst. Briem, að lagður verði 50 króna tollur á hverja smálest aðkeypts kjarnfóðurs, með vissum undantekningum þó, og að landbnrh. heimilist að skipa svo fyrir, að öll sölubrauð á verðjöfnunarsvæðinu skuli blönduð mjólkurdufti, og ákveður ráðh. í samráði við mjólkursölunefnd verð á þeirri mjólk, sem notuð er á þennan hátt, en sú verðhækkun, sem á þann hátt yrði á þeirri mjólk, fellur verðjöfnunarsjóði óskipt. Loks er í frv. gert ráð fyrir, hrökkvi þessar tekjur verðjöfnunarsjóðs ekki til, að þá greiði ríkissjóður það sem á vantar.

Ég skal svo aðeins til frekari skýringar enn minna á, að síðasta ár skorti verðjöfnunarsjóð 211 þús. krónur til að geta greitt bændum á verðjöfnunarsvæðinu það, sem þeim hefir verið lofað. Alls var framleidd sölumjólk 11,7 millj. lítra, og hefði því verðlækkun til bænda, jafnt í nærsveitum sem fjærsveitum, orðið 1,8 eyrir á hvern lítra ef frv. framsóknarmanna, það sem hér er borið fram, þá hefði verið orðið að lögum. Ennþá greinilegri verður þó munurinn, þegar mjólkurframleiðslan er orðin svo mikil, að tveir lítrar vinnslumjólkur komi á hvern lítra neyzlumjólkur, eins og bráðlega mun verða, en þá mun nær allur framleiðsluaukinn ganga til vinnslu á verðminnstu afurðunum. Held ég, að eigi fari fjarri, þegar að því kemur, að mjólkurmagnið komist upp í 15 milljónir lítra, að þá verði munurinn á útborguðu verði til bændanna frá því, sem nú er, samkv. frv. framsóknarmannanna, mjög nærri 3½ eyri á lítra, en samkv. frv. Péturs Magnússonar og Þorst. Briems mundi það verða óbreytt.

Það má að vísu játa, að bæði hafa þessi frv. nokkra ágalla, en sá er munurinn, að frv. Péturs Magnússonar og Þorst. Briems hefir enga ágalla umfram frv. framsóknarmanna aðra en þá, sem skýrt er frá í grg. og ekki geta talizt verulegir, en það hefir hinsvegar þá kosti umfram frv. framsóknarmannanna, að það bjargar bændunum frá hruni, en hitt kemur þeim á kné.

Það er náttúrlega hægt að reyna að villa mönnum sýn í þessu máli. Það er hægt að torvelda samanburðinn með mörgum tölum og flóknum. En það er aldrei hægt að komast framhjá þeirri auðskildu og augljósu staðreynd, að frv. framsóknarmanna lætur bændur eina um að komast yfir þá örðugleika, sem af gerbreytingu búskaparháttanna stafar, að öðru leyti en því, að löggjafinn fyrirskipar verðjöfnun, sem af sér leiðir stöðugt lækkandi útborgað verð til bændanna, og nær sú lækkun jafnt til allra bænda á verðjöfnunarsvæðinu. En frv. Péturs Magnússonar og Þorst. Briems aflar nýrra tekna í verðjöfnunarsjóð til útbýtingar jafnt milli allra þeirra bænda, sem á verðjöfnunarsvæðinu búa.

Ég skal svo að lokum aðeins segja þetta: Tilgang flm. með flutningi þessa frv. læt ég liggja milli hluta, þeir þekkja hann að sjálfsögðu bezt sjálfir. En hitt fullyrði ég, að út yfir afleiðingar slíkrar lagasetningar hafa flm. alls ekki séð. Þeim er að vísu ljóst, að slík löggjöf mundi a. m. k. torvelda mjög mikið afkomumöguleika mörg hundruð bænda í nágrenni Reykjavíkur og jafnvel koma mörgum þeirra á vonarvöl. Neyðist ég til að fullyrða þetta alveg óhikað, vegna þess að engum getur verið ljósara, hve búskapur þessara bænda stendur höllum fæti, hve miklum skuldum þeir eru hlaðnir, hve kostnaðarsöm framleiðsla þeirra er, hve örðug lífsbarátta þeirra er, en einmitt sumum flm. þessa frv., sem vel vita, að þessir bændur gætu ekki haldið áfram búrekstri, jafnvel þótt eitthvað væri létt á skuldabagga þeirra, ef útborgað mjólkurverð lækkaði frá því, sem nú er, vegna þess að að undanförnu hafa þeir rekið búskapinn með halla. Engum ætti því að vera nauðugra og sárara en einmitt sumum hv. flm. þessa frv. að vega nú enn í þann knérunn, sem hin stranga kreppa harðast og lengst hefir vegið í, til þess með þeim hætti að fullkomna það, sem nú er vel á veg komið, að kasta mörgum þeirra á kaldan klaka.

En sleppum því.

Hitt er kjarni málsins, að enda þótt þá heiðursmenn, sem að þessu frv. standa, hafi ekki skort þrek til að stofna til aukinna vandræða bænda í nærsveitum Reykjavíkur, þá hefir þá þó skort vit til að þóknast öðrum bændum á verðjöfnunarsvæðinu, því að eins og ég hefi margsannað, þá myndu ákvæði þessa frv. leggjast með nákvæmlega sama þunga á alla bændur á þessu verðjöfnunarsvæði, engu síður þá, sem í fjarsveitunum búa.

Frv. þetta verður nú ekki að lögum að þessu sinni. Við sjálfstæðismenn fögnum því, og það munu allir bændur gera líka að athuguðu máli. Það er því að þessu leyti óskaðlegt. En ef svo færi, að flm. með flutningi frv. skyldu hafa misst marks og ekki aukið sér vinsældir, heldur skapað sér andúð í sínum kjördæmum, þá er það að vísu skaðlegt fyrir þá sjálfa, en það er maklegt, og bændastéttinni í heild verður það aldrei að fjörtjóni.

Hannes Jónsson: Herra forseti! Ég mun við þessar umr. ekki eingöngu binda mig við það frv., sem hér liggur fyrir. Ég mun einnig minnast á þau sjónarmið, sem koma fram í frv., sem þeir Pétur Magnússon og Þorsteinn Briem flytja í hv. Ed.

Frv. það, sem hér liggur fyrir, miðar að því að lækka verð þeirra, er neyzlumjólkina selja, sem raunverulega er nú ekki yfir 22 aurar, þar sem það heimilar hærra verðjöfnunargjald en 8%, eða ótakmarkað. Ég efast stórlega um, að þetta sé fær leið. Ég efast um, að bændur, sem neyzlumjólkina selja, geti lifað á því verði, er þeir fá nú, hvað þá heldur, ef það væri lægra, og löggjafarvaldið á að hjálpa bændum til að reka atvinnu sína, en ekki á þann hátt, að gera öðrum bændum með því ómögulegt að lifa. Hér þarf því að finna önnur ráð, og frv. Péturs Magnússonar og Þorsteins Briems gerir það. Það kveður öllu fastar á um það, að sama verð sé greitt fyrir mjólk til allra mjólkurbúa á verðjöfnunarsvæðinu, komna á sölustað innan sölusvæðisins, án tillits til þess, hvort hún er notuð til neyzlu eða vinnslu. En tekna til þess að standa straum af verðjöfnuninni á ekki að afla með því að lækka verð þeirra, er neyzlumjólkina selja, frá því, sem nú er, heldur með nýjum tekjum í verðjöfnunarsjóð. Í fyrsta lagi með 5 aura gjaldi af hverju kg. af innfluttu kjarnfóðri eftir nánari ákvæðum reglugerðar. Innflutt kjarnfóður vegna harðinda er þó undanþegið. Í öðru lagi með hækkun, er fæst á mjólkurverði með því að áskilja, að brauðgerðarhús á verðjöfnunarsvæðinu blandi brauðin tilteknum hundraðshluta af mjólk eða mjólkurdufti, mysu eða mysudufti, er sé keypt ákveðnu verði. Þetta er sambærilegt við þá heimild, sem ríkisstj. hefir til að skuldbinda smjörlíkisgerðirnar til að blanda smjörlíki með smjöri til að auka sölumöguleika smjörsins og um leið til þess að neytendur fái betri vöru. Dugi tekjur verðjöfnunarsjóðs ekki til að bæta upp verðið, skal ríkissjóður greiða það, sem á vantar. Þá á ríkið einnig að veita styrk til að koma upp þurrmjólkurstöð, á sama hátt og mjólkurbú hafa notið, og jafnframt að ábyrgjast lán til byggingarinnar.

Þessi mikli munur á þessum tveimur frv. ætti að vera mönnum ljós og auðskilinn, og mun ég koma nánar að því síðar.

Allt frá því að mjólkurlögin komu til framkvæmda, 15. febrúar 1935, og til þessa, hafa þau valdið allmiklum ágreiningi og stundum mjög miklum. Ágreiningur þessi hefir þó ekki svo mjög stafað af lagasetningunni sjálfri, vegna þess að öllum mjólkurframleiðendum, svo og einnig mönnum úr öllum þingflokkum, var löngu orðið það ljóst, að óhjákvæmilegt var að gera eitthvað til verndunar og skipulagningar þessari framleiðslu sem annari með þjóð okkar. Það verður og ekki um það deilt, að enda þótt núverandi stjórnarflokkar vilji ranglega þakka sér þessa löggjöf,, þá er hún þó þannig til orðin, að allir þingfl. stóðu að samþykkt hennar, enda höfðu framleiðendur á verðjöfnunarsvæði Reykjavíkur í gegnum Mjólkurbandalag Suðurlands árum saman barizt fyrir henni, og ennfremur hafði fyrrv. ríkisstj. hafið nauðsynlegan undirbúning undir slíka löggjöf. En deilan, sem mjólkurlögin vöktu í öndverðu og að nokkru leyti stendur enn um þau, hefir fyrst og fremst stafað af framkvæmd þeirra, og í annan stað haldizt við vegna ýmsra galla, er komið hefir í ljós, að lögin fela í sér, og sífellt hljóta að halda deilunni við, meðan ekki er úr bætt. Vegna þess hvað þessi lög eru staðbundin í framkvæmdinni, þannig að þau, enn sem komið er, snerta tæplega nema verðjöfnunarsvæði Reykjavíkur, má óhætt fullyrða, að á því svæði er fáum eða engum framkvæmdaratriðum eða breytingum fylgt með öllu meiri athygli en einmitt mjólkurlaganna, þar sem þau snerta hvert mannsbarn á svæðinu beinlínis, annaðhvort sem framleiðendur eða neytendur.

Þau framkvæmdaratriði, sem í öndverðu vöktu mesta deilu, voru augsýnilega fyrst og fremst þau, að í stað þess að afhenda framleiðendum þau í hendur, er mjólkurverzlunin þegar í upphafi gerð að einskonar ríkiseinkasölu, og þannig um búið, að andstæðingar núverandi ríkisstj. voru fullkomlega útilokaðir frá öllu áhrifavaldi um framkvæmdirnar, enda þótt þeir væru stórum fjölmennari, jafnt í hópi framleiðenda sem neytenda. Þetta varð og til þess, að svo langt rak, að mjög stór hópur neytenda taldi sig knúinn til að gera neyzluverkfall síðari hluta vetrar 1935 til stórtjóns fyrir alla framleiðendur. Það er víst ekki of sagt, að fyrstu þrjá mánuðina, sem mjólkursamsalan starfaði, hafi ekki verið auðið að finna fyrirtæki, er rekið hafi verið á öllu nauðpólitískari og óverzlunarlegri hátt en einmitt mjólkursamsalan. En fyrir hina harðsnúnu gagnrýni, er fram kom, bæði frá framleiðendum og neytendum, sáu þó stjfl. sitt óvænna, þannig að nú dregur enginn lengur í efa, að mikið gagn hafi þegar hlotizt af mjólkurlögunum, bæði fyrir framleiðendur og neytendur. Þetta kom fyrst og fremst fram í því, að skipt var um mann í forstjórastöðu samsölunnar, og í hana settur maður, sem ekki hefir gleymt, að hún er fyrst og fremst verzlunarfyrirtæki, og hefir ekki látið undir höfuð leggjast að reka hana á svo hagkvæman hátt sem lögin sjálf framast leyfa. Þetta var og að ýmsu leyti viðurkennt af nefnd 7 manna, er kosin var af Mjólkurbandalagi Suðurlands frá öllum mjólkurbúum á verðjöfnunarsvæðinu, er skilaði áliti um þetta á síðastl. vetri, eftir að hafa framkvæmt allýtarlega rannsókn á framkvæmd og starfsreglum samsölunnar, eins og þær þá voru orðnar. Annað það, er valdið hefir allmikilli deilu kringum mjólkurlögin, eru ágallar þeir, er mönnum hefir fundizt, að lögin sjálf fælu í sér. Það, sem þar verður þyngst á metunum, er auðvitað allt það, sem vekur upp hagsmunaandstöðu milli framleiðenda sjálfra innan verðjöfnunarsvæðisins, og þar næst það, er orsakað getur samskonar andstöðu milli framleiðenda annarsvegar og neytenda hinsvegar. Sú hagsmunaandstaða, er orðið hefir milli framleiðenda innbyrðis, er fyrst og fremst fólgin í verðjöfnunargjaldinu. Í framkvæmdinni hefir, eins og sjálfsagt var, verið tekin upp sú regla, að þeir, sem næstir eru markaðinum, hafa gengið fyrir um sölu neyzlumjólkur, og hafa þar af leiðandi greitt það verðjöfnunargjald, er lögin hæst heimila til hinna fjærliggjandi mjólkurbúa, er orðið hafa að vinna alla mjólk sína á flestum tímum ársins. Þeim, sem greitt hafa gjaldið, hefir eins

og vænta mátti þótt það næsta nóg, og jafnvel um of. En hinsvegar hefir þeim, er áttu að þiggja það, orðið það of lítið, enda þótt ekki hafi enn verið gengið lengra í verðjöfnun en það, að 2 aura munur er ákveðinn á milli vinnslumjólkur og neyzlumjólkur á sölustað. Það virðist nú auðsætt, að öll sanngirni mæli með því, að þessi verðmunur hverfi á burtu, þegar tekið er tillit til þess, að á vinnslubúunum hvílir sá kostnaður, að standa undir mjög mikilli vörusöfnun og þeirri óhjákvæmilegu rýrnun, er henni fylgir, samtímis því sem hinir, er neyzlumjólkina selja, geta sótt andvirði hennar til samsölunnar á hálfsmánaðarfresti. Þykir auk þess líklegt, að flutningur og vinnslukostnaður verði jafnan mun meiri hjá þeim, sem nær liggja markaðsstað. En þar sem það nú hefir sýnt sig, að hið lögákveðna verðjöfnunargjald hvergi nærri hrekkur til þess að fullnægja þeirri verðjöfnun, sem ákveðin er, hvað þá meiri, en öll sanngirni mælir hinsvegar með því, að full verðjöfnun eigi sér stað, þá er auðsætt, að ekki verður hjá því komizt að auka svo tekjur verðjöfnunarsjóðs, að nægar verði til fullrar verðjöfnunar. Nú liggja fyrir Alþingi tvö frv., sem bæði stefna að því, að fullkomin verðjöfnun geti orðið framkvæmd í framtíðinni. Frv. þessi, sem flutt eru annað af stjfl. og hitt af stjórnarandstæðingum, benda greinilega í þá átt, að þessa andstöðufl. greini ekki á um það, að stofna beri til fullrar verðjöfnunar. En þar sem það nú hefir sýnt sig, að verðjöfnunargjald það, er hingað til hefir verið lögákveðið, hefir reynzt svo mjög of lítið, að þegar nemur um 200 þús. kr. á tæpum tveimur árum, þá er bersýnilegt, að ekki eru nema tvær leiðir fyrir hendi, sem sé að hækka hið beina verðjöfnunargjald til mikilla muna eða þá hitt, að afla verðjöfnunarsjóði annara og utan að komandi tekna. Í frv. stj. er gert ráð fyrir fullri verðjöfnun, án þess að hugsað sé fyrir nokkrum auknum tekjum til handa verðjöfnunarsjóði. Hinsvegar er í frv. þeirra Péturs Magnússonar og Þorsteins Briems gert ráð fyrir nýjum og allverulegum tekjustofni.

Ef nú athugaður er hinn geysimunur þessara tveggja frv., þá kemur fyrst og fremst í ljós, hve stjfl. eru alltaf samir við sig um það, hversu þeim liggur hagur og velferð bændastéttarinnar gersamlega í léttu rúmi. Verði nú frv. stj. gert að l., þá hlýtur hverjum heilvita manni á verðjöfnunarsvæðinu að vera það augljóst, að afleiðing þess getur aldrei orðið önnur en óhjákvæmilegt verðfall á mjólkinni heim til bændanna, þar sem ekki er annað til verðjöfnunar heldur en að hækka í sífellu verðjöfnunargjaldið á neyzlumjólkinni, þar til allir eru jafnir. Nú hefir formaður mjólkursölunefndar, sr. Sveinbjörn Högnason, talið það hinn glæsilegasta vott um góðan árangur skipulagsins, hve mjög framleiðslan hafi aukizt í mjólkurbúunum, síðan skipulagið komst á. Telur hann, að það stafi fyrst og fremst af stórbættu mjólkurverði til framleiðenda og svo af auknu framleiðsluöryggi. Enda þótt þessi 83% aukning sr. Sveinbjarnar sé nú í alla staði mjög svo ýkt, þar sem vitað er, að mjög mikið af þeirri mjólkuraukningu, er komið hefir fram í mjólkurbúunum, var til, áður en skipulagið komst á, en var knúin inn í mjólkurbúin með skipulaginu, þá má þó hiklaust viðurkenna, að vegna hækkandi mjólkurverðs hefir og mun framleiðslan halda áfram að stóraukast, og að ekki minnkar hættan á því, að sú aukning takist ekki, ef svo er nú komið, að hinn mikli vágestur, Borgarfjarðarpestin, sé þegar byrjuð að gera strandhögg á Suðurlandsundirlendinu.

Með tilliti til alls þessa er auðsætt, hvílík reginvilla og ábyrgðarleysi um hag bændanna, austan sem vestan, er innifalið í frv. stj., sem ekki virðist hafa neitt annað takmark með því, en að geta nú komizt lítið eitt dýpra í vasa þeirra, er fram að þessu hafa greitt verðjöfnunargjaldið. Það er nú sennilega ekki orðið svo djúpt til botnsins í þeim vasa, að næsta milljón lítra, sem bætist við framleiðsluna til verðuppbótar, nægi ekki til að tæma hann með öllu. Og hvað tekur þá við annað en lækkað mjólkurverð yfir allt framleiðslusvæðið við hvern lítra, er við bætist til verðuppbótar úr því? Hvort þetta á að vera kosningabeita fyrir menn í Árnes- og Rangárvallasýslu, skal ósagt látið, en hitt er víst, að sunnan Hellisheiðar og Skarðsheiðar í Borgarfirði getur það tæplega orðið, þar sem bændur á því svæði þykjast tæplega fá staðizt sihækkandi verðjöfnunargjald. Það er mjög ósennilegt, að bændur á Suðurlandi og í Borgarfirði vilji gerast málsvarar þeirrar stefnu, að þrengja svo að stéttarbræðrum sínum sunnan Skarðsheiðar og í Gullbringu- og Kjósarsýslu, að búskapur þeirra hrynji í rústir fyrir sihækkandi verðjöfnunargjald, gjald sem þeim sjálfum getur heldur ekki komið að neinu verulegu leyti að gagni, og því minna sem mjólkurframleiðslan fer vaxandi. Hér er sama neikvæða stefnan á ferðinni, sem auðkennir svo mjög alla starfsemi stjfl. Það á að jafna allt niður á við, þangað til allir eru orðnir jafnaumir og ófærir um að láta atvinnurekstrinn bera sig. Má furðu gegna, að bóndi úr nágrenni Reykjavíkur skuli ljá sig til að vera einn flm. að slíkum óskapnaði.

Við þetta má svo bæta því, að ekki vaxa líkurnar fyrir því, að unnt verði að lækka mjólkurverðið til neytenda, eins og sumir tala um, ef verðjöfnunargjaldið fer sihækkandi á þeirri mjólk, sem til þeirra fer. Nei, þetta skipulag verður öllum til tjóns. Framleiðendur, sem eiga að greiða verðjöfnunargjaldið, sligast undir þunga þess. Framleiðendum, sem eiga að taka við því, verður það ófullnægjandi, og þeir dragast niður með hinum. Og neytendum hverfur öll von um lækkun á verði mjólkurinnar.

Sé nú frv. þeirra hv. 2. þm. Rang. og hv. 10. landsk. athugað við hlið stjfrv., má, sem vænta mátti, fljótt reka augun í það, að hér er gerð veruleg tilraun til þess að ráða bót á því meini, er verið hefir ein höfuðorsök þeirrar hagsmunastreitu, er ríkt hefir innbyrðis milli framleiðendanna á verðjöfnunarsvæðinu fram til þessa, jafnframt því, sem reynt er að koma í veg fyrir, að bændur éti hver annan upp. Þetta er gert með því tvennu, að finna verðjöfnunarsjóði nýja tekjustofna, og með því að finna

nýjar leiðir til þess að auka afsetningu á mjólkurvörum á þann hátt, að það gæti orðið vísir að nýrri grein mjólkuriðnaðar hér á landi, er til framkvæmda kemur.

Nú má að sjálfsögðu halda því fram, að hér sé ekki um annað að ræða en hreyfing á skatti á sömu mönnum, þannig að í stað þess að greiða hátt verðjöfnunargjald af mjólk sinni, greiði sömu bændur nú verðjöfnunargjald af kjarnfóðri sínu. En því fer fjarri, að svo sé. Það fer sem sé ekki milli mála, að aðstaða til heyafla getur verið meir en nóg hér á landi til þess að fullnægja innlendri neyzluþörf fyrir mjólk og mjólkurvörur. Í annan stað er hér atvinnuleysi á öllum tímum árs, svo að margir stunda nú orðið heyskap til sölu, eingöngu vegna atvinnuleysis. Hinsvegar sjá margir sér hag í því að gefa útlent kjarnfóður með heyjum sínum, bæði til heysparnaðar og til mjólkuraukningar. Hin aukna framleiðsla, sem af þessu stafar — og hún er mikil — kemur því fram sem ber samkeppni við hina innlendu framleiðslu bændanna í landinu, og er því fullkomlega sanngjarnt, að þeir, sem sjá sér hag í slíku, gjaldi eitthvað af gróða sínum til verðuppbótar hinni innlendu framleiðslu. Verki slíkt gjald hinsvegar í þá átt, að menn minnki þessi kjarnfóðurkaup, þá hverfur líka út af markaðinum sú mjólk, sem framleidd hefir verið á þeim, og minnkar þá tekjuþörf verðjöfnunarsjóðs að sama skapi eða meir, svo þetta virðist hafa skilyrði til að jafna sig sjálft að talsverðu leyti.

Frá þjóðhagslegu sjónarmiði virðist nú stefnt í rétta átt, því að ekki virðist ástæða til að ýta undir menn með innkaup á kjarnfóðri í slíkum gjaldeyrisvandræðum, sem nú ríkja, þegar vart verður leyft nægilegt af neinu inn í landið nema áfengi vegna gjaldeyrisskorts, og á sama tíma, sem menn standa hundruðum saman iðjulausir í landinu. Og ríkissjóðsframlagið, ef til þyrfti að taka, yrði þá verðlaun fyrir þá breytingu, sem hér yrði á framleiðslu mjólkur að þessu leyti.

Í sambandi við þetta má og benda á það, að allkynleg virðist sú ráðstöfun hafa verið hjá mjólkursölunefnd, að flytja út úr landinu í hundruðum smálesta osta á erlendan markað, er ekki seldist fyrir meira verð en svaraði innlendu verði smjörfeitinnar, er í honum felst, og verðuppbæta hann síðan með innlendu fé. Það sýnist hafa legið nær, að bændur sjálfir hefðu étið sitt ágæta smjör og fengið það verðuppbætt, heldur en að vera á þennan hátt knúðir til að éta smjörlíki á sama tíma, sem þeir gáfu Englendingum og Þjóðverjum undanrennuna í ostinum. Undanrennan, sem talin er ágætur fóðurbætir, hefir þó varla verið bændum einskisvirði í bú þeirra, og þótt nokkur gjaldeyrir hafi fengizt fyrir hinn selda ost, hefði hann getað sparazt aftur í minnkuðum innflutningi kjarnfóðurs og hráefna til smjörlíkisgerðar. Það verður tæplega litið á þessa ráðstöfun mjólkursölunefndar öðruvísi en svo, að hér sé enn á ferðinni hin alkunna umhyggja stjórnarflokkanna fyrir bændastéttinni, er sér ofsjónum yfir hverri smjörsköku, er þeim kynni að gefast aðstaða til að leggja sér til munns.

Hin hliðin á frv. þeirra hv. 2. þm. Rang. og hv. 10. landsk., sú sem snýr að aukinni neyzlu á mjólkurvörum í nýjum myndum, er svo jákvæð, að ekki verður um deilt, og er mikið útlit fyrir, ef frv. þetta verður að l., að einmitt hér megi frelsa undan verðuppbótarskyldu verulegan hluta af því undanrennumagni, er við fram að þessu höfum verið að gefa út úr landinu, jafnframt því, sem risið gæti upp ný tegund mjólkuriðnaðar til hagsbóta fyrir mjólkurbúin.

Ég hefi heyrt, að í des. síðastl. hafi mjólkursölunefnd skipað nefnd manna til að gera till. til tekjuöflunar fyrir verðjöfnunarsjóð. Sú nefnd var, að því er ég bezt veit, skipuð mönnum frá öllum mjólkurbúum á verðjöfnunarsvæði Rvíkur og mönnum úr ýmsum flokkum stjórnmála. Till. þær, er þessi nefnd sendi mjólkursölunefnd, munu hafa gengið mjög í sömu átt eins og frv. þeirra hv. 2. þm. Rang. og hv. 10. landsk., svo að auðsætt er, að um allt svæðið er litið svipuðum augum á þessa hluti af kunnugum mönnum, sem ekki eru pólitískt blindir, og er gott til þess að vita.

Í umræðum sem þessum verður ekki gengið framhjá öðrum höfuðaðilja málsins, neytendunum. Margir úr hópi þeirra halda því fram, að allar framleiðsluvörur okkar bænda séu of dýrar. Víst er um það, að mikla peninga þarf til að kaupa mikið af mjólkurvörum með því verði, sem á þeim er. Er og eðlilegt, að neytendum sárni að vita þá vörutegund, er þeir sjá sér ekki fært að kaupa nóg af, gefna erlendum neytendum, og bætta upp til bændanna með fé því, er þeir af vanefnum sínum hafa greitt fyrir hina dýru vöru þeirra. Því er það, að við bændaflokksmenn leyfum okkur, sem sannir fulltrúar hinna vinnandi stétta, að snúa okkur til neytenda Rvíkur og Hafnarfjarðar sem heildar, jafnt efnaðra sem fátækra, og skora á þá að standa nú með okkur bændunum í því að knýja það fram, að hinar viturlegustu og beztu leiðir náist, án tillits til þess, hvort einum eða öðrum stjórnmálaflokki kann að verða það til framdráttar eða ekki. Með því móti skapast fljótast sú aðstaða, er gerir bændum kleift að selja ykkur vörur sínar á því verði, að þið þurfið ekki að vera án þeirra fyrir þá sök, að útlend vara er ódýrari. Bændur munu ekki verða ykkur örðugir til samninga, ef þeir einhverntíma skyldu endurheimta þann rétt, sem nú hefir verið af þeim tekinn, að ráða yfir framleiðslu sinni sjálfir.

Ef Alþ. auðnast að gera frv. hv. 2. þm. Rang. og hv. 10. landsk. að l., má óhætt fullyrða, að stórvægileg bót er ráðin á einum höfuðgalla hinna fyrri mjólkurlaga, sem sé þeim, að útrýma hagsmunatogstreitunni milli bændanna sjálfra, jafnframt því, sem mjög er aukið framleiðsluöryggi bænda, einkum hinna fjærliggjandi. Þótt margt verði enn óendurheimt, og hljóti að vera svo, meðan núverandi stjórnarfar ríkir, ættu samt allir, jafnt bændur sem neytendur, að lifa við þá von, að það verði lagað, ef mönnum, og þá einkum bændum, opnast augu fyrir því, að kjósa ekki fyrir fulltrúa sína á Alþ. þá menn, sem vilja jafna þeim út með sjálfum sér.

Bændur verða að standa saman um þetta mál, eins og öll önnur hagsmunamál sín. Bændur verða að læra að jafna sjálfir allar hagsmunadeilur, sem upp kunna að rísa meðal þeirra. Bændur verða að heimta rétt sinn til að koma fram sem sjálfstæður aðili í hagsmunamálum sínum gagnvart öðrum stéttum þjóðfélagsins. Ekki til þess að kúga og knésetja aðra, enda hafa þeir ekki gert það, og munu aldrei gera það, heldur til þess að bera mál sín fram til sigurs á réttlátum grundvelli. Þá munu hugsjónirnar um batnandi hag og hamingju þjóðarinnar rætast — þá mun aftur morgna.

Magnús Torfason: Þess hefir verið getið af ræðustóli, að framkvæmd mjólkurlaganna hafi verið fullkomið hneyksli, og það hefði verið hafður ófyrirleitinn og óstarfhæfur maður sem forstjóri samsölunnar. Þessu vil ég fyrir mitt leyti algerlega neita. Ég hefi gert mér mikið far um að grennslast eftir, hvernig framkvæmd þessara l. hafi farið, og það er langt frá því, að ég hafi heyrt neinn mann bera framkvæmdastjóranum slíkan vitnisburð. Hitt gegnir öðru máli, að þegar hafin er slík starfsemi sem þessi á nýjan leik með nýjum mönnum, þá fari eitthvað í ólagi í fyrstu; það hafa öll fyrirtæki sína barnasjúkdóma og er ekki um það að sakast. Ég held mér sé óhætt að segja, að dag frá degi hafi stjórn þessara mála orðið betri og betri, og víst er um það, að ég hefi hvorki í ræðu né riti heyrt nokkurn mann segja eitt einasta orð til hnekkis framkv.stj., Halldóri Eiríkssyni, sem von er, því að hann er einn af okkar merkustu og þjóðnýtustu mönnum.

Áður en ég sný mér að þessu máli, skal ég lýsa ánægju minni yfir því, að það hefir orðið samkomulag um jarðræktarlögin, þann kafla, sem misklíðinni olli um stund; mér er það ánægjuefni, að bændur og Búnaðarfélagið hefir sett sjálft niður þessa deilu og miðlað málum á þann hátt, að aðiljar hafa hvor um sig dregið nokkuð í sinn dilk. Og ég er í engum vafa um, að Búnaðarfélag Íslands hefir vaxið af þessum málalokum, og er það vel og spáir Búnaðarfélaginu góðri framtíð.

Þetta mál, sem hér er til umr., er eitthvert erfiðasta mál úrlausnar, ekki sakir þess aðeins, að hagir kúabænda fari ekki saman, heldur fara þeir einnig eftir héruðum, og það þýðir, að þetta mál hefir alla djöfla hreppatogstreitunnar í eftirdragi; og eins og menn vita verða slík mál jafnan sárust og erfiðast að leysa. Ég minnist þessa út af því, að einmitt afstaða mín til þessa máls var fyrst og fremst undirrót að þeim þverbrestum, sem urðu milli mín og Bændaflokksins. Og ég játa það fúslega, að það var fyrir mína tilstilli, að endanleg lausn þessa máls komst í það horf, sem nú hefir verið um hríð. En það var ekki nema eðlilegt, að mér kæmi ekki saman við hina bændaflokksmennina. Ég leit á málið austan yfir fjall, en sjónarhóll Bændafl. var hér neðan heiðar. M. ö. o., þeir báru meiri elsku til Korpúlfsstaðabóndans og Kolbeins í Kollafirði heldur en Bræðratungubóndans og Birtingaholtsbóndans. En sem sagt, ég leit árið 1935 á þetta mál austan yfir fjall og hinir héðan, og skal ég ekki sakast um það, en reynslan hefir sýnt, að mín skoðun var réttari, og árangurinn hefir orðið miklu betri heldur en búizt var við. Menn hafa sameinast í mjólkurmálinu, og þeim fer dagfækkandi, sem vilja draga meira en drottinn gefur með því að sneiða framhjá mjólkurlögunum, og ég býst við, að flestir gætu nú sætt sig við mjólkurlögin, ef framleiðslan hefði ekki aukizt svo, sem raun hefir á orðið. Ég skal ekki á þessum stutta tíma fara út í einstök atriði eða fara að deila við menn; það munu nógir verða til þess. Ég skal láta mér nægja að lýsa því yfir, að ég er samþykkur þeirri stefnu, að sama mjólkurverð eigi að vera fyrir alla á sama sölustað; það er hárrétt stefna, og ég hygg, að mál þetta verði ekki leyst til hlítar, nema þeirri stefnu verði fylgt. Hitt er annað mál, að hagsmunir bænda rekast mjög á, og það verður að leita margra bragða, áður en málinu verður komið þannig fyrir, að fullur jöfnuður fáist, en um það sker reynslan ein úr, hvaða ráða verður þar að leita. En regla á þessi mál kemst ekki, fyrr en smátt og smátt, og fyrir mitt leyti þá er ég efins í, að þetta muni takast með tímanum, svo fremi sem óskyld öfl rugla ekki öllum ritningum. Ég á hér við, að það hefir sérstaklega borið við í þessu máli, að viðhorf manna til landsmála hefir slegið pólitiskri blindu á suma þeirra. Án þess að fara langt út í það, skal ég geta þess þessu til sönnunar, að oddvitar einnar sveitar vörnuðu bændunum að ganga í Mjólkurbú Flóamanna; sveitin varð fyrir mörg þúsund kr. tjóni af því. Hinsvegar er frá því að segja, að bændur tóku ráðin af þessum mönnum og fóru sínu fram. Ég segi þetta af því, að þetta er afarhættuleg braut fyrir bændur að komast á. Ef þeim ekki tekst að halda pólitiskri togstreitu fyrir utan sín sveitarmál og sín félagsmál, verður allt þeirra ráð á reiki, og það er viðbúið, að þá verði með því kveiktur sá eldur, að til stórvandræða horfi. Ég hefi talsverða reynslu á því, hvað það segir, þegar illdeilur komast milli manna í sveitum, þær hafa oft orðið stórskaðlegar, og þess vegna ber að skoða þessi orð, sem ég nú mæli, sem síðustu varnaðarorð mín á þingi til þeirrar stéttar, sem mér hefir jafnan verið kærust og mest veltur á, að taki broska í bráð og lengd.

***Forsrh. (Hermann Jónasson):** Herra forseti! Góðir hlustendur! Það verður ekki komizt hjá því, að rekja sögu þessa máls, því að hún sýnir betur en nokkuð annað trúnað flokkanna við þetta mál allt. Og þess vegna verða menn fyrst og fremst að hafa þessa sögu í huga, þegar dæma skal um málið við kjörborðið. —

Á enga af framkvæmdum núverandi ríkisstj. hefir verið ráðizt með jafngengdarlausu og þrotlausu offorsi sem mjólkurskipulagið. Þessar árásir á sjálfsbjargarviðleitni bændanna hófust í sjálfstæðisblöðunum, löngu áður en framkvæmd laganna byrjaði, og komu þannig fram sem bein andstaða gegn l. sjálfum, þótt annað hafi síðar verið látið í veðri vaka. Árásirnar komu fram í margskonar myndum. Það var

ráðizt gegn samsölunni fyrir fækkun mjólkurbúðanna. Það var stofnað svokallað húsmæðrafélag til að beita sér gegn skipulaginu með blaðaárásum, með fundahöldum og mjólkurverkföllum. Það var heimtað, að þeir, sem áður hefðu haft atvinnu af mjólkursölunni, fengju að halda henni, enda þótt mjólkurbúðunum væri fækkað úr 105 niður í 38. Þess var krafizt, að mjólkurverðið yrði lækkað niður í 35 aura, og þegar ekki var orðið við þessum kröfum, voru sett á stað mjólkurverkföll. Það voru skrifaðar æsingagreinar í blöð sjálfstæðismanna, og bæjarmenn hvattir til að takmarka mjólkurneyzluna. Blað eftir blað af Morgunblaðinu var gefið út með leiðbeiningum til manna um „spónamat", sem Reykvíkingum var ætlað að borða í staðinn fyrir mjólk. Á bak við þennan mjólkurverkfallsfélagsskap húsmæðranna stóð Sjálfstæðisfl. Og það varð uppvíst, að einn af þm. flokksins, Pétur Magnússon, tók virkan þátt í mjólkurverkfallinu með því að takmarka mjólkurneyzlu á heimili sínu. Þessar ofsóknir gerðu skipulaginu og bændastéttinni vafalaust mikið tjón. En margir af unnendum skipulagsins juku þá mjólkurneyzlu sína til að vinna upp á móti markaðstapinu, og að lokum tókst að sigrast á ofsækjendunum til fulls. Hversu langt þetta fólk gekk í ofsóknum sínum gegn skipulaginu sést nú á því, að nýlega er genginn dómur um þetta mál, þar sem verkfallsfélag húsmæðranna og 2 aðalblöð Sjálfstfl. eru dæmd til fjárútláta fyrir athæfi sitt. Það voru brotin landslög til þess að reyna að brjóta samsöluna niður.

Þegar sigrazt hafði verið á þessum ofsóknum, tóku við aðrir erfiðleikar úr sömu átt. Það sýndi sig á árinu sem leið, að mjólkurstöð sú, sem Mjólkurfélag Reykjavíkur rak, þar sem neyzlumjólkin var gerilsneydd, var rekin með slíkum eindæma sóðaskap, að tæpast er hægt að skýra frá því opinberlega. Árangurinn af þessum rekstri varð sá, að neytendur hættu í stórum stíl að kaupa mjólk, og á 2 mánuðum lækkaði mjólkursalan frá því, sem verið hafði á sama tíma árið áður, um rúmlega 19000 lítra, en hefði samkvæmt meðaltalssöluaukningu 1936 átt að aukast um rúmlega 25000 lítra. Raunveruleg minnkun sölunnar þennan tíma varð því samkvæmt meðaltalssölu 1936 rúmlega 44000 lítrar. Með þessum rekstri mjólkurstöðvarinnar, sem var í höndum eins aðalandstæðings mjólkurskipulagsins, var því óafvitandi eða vitandi verið að gereyðileggja mjólkurskipulagið á örstuttum tíma, þegar stöðin var tekin af hinum eldri umráðamönnum með bráðabirgðalögum og breytt um rekstur hennar, þannig að salan komst aftur í lag.

Þessi fjandskapur gegn mjólkurskipulaginu stafaði af ýmsum ástæðum, sem rétt er að draga fram og gera mönnum skiljanlegar. Í fyrsta lagi var verið að reyna að halda uppi sérréttindum, sem Mjólkurfélagssvæðið hafði sölsað undir sig og vildi ekki sleppa. Í öðru lagi var reynt að blása að eldinum með því að sýna fram á, að mjólkurskipulagið væri gegn hagsmunum Korpúlfsstaða og þá einnig gegn hagsmunum formanns Sjálfstfl., um leið og það væri gegn hagsmunum sérréttindasvæðisins hér vestan fjalls, sem Ólafur Thors er þm. fyrir, og ennfremur var það bersýnilega gegn hagsmunum hinna mörgu kaupmanna, sem höfðu milliliðagróðann af hinum mörgu búðum og Sjálfstfl. hefir fyrst og fremst umboð fyrir. Og inn í þessa hagsmuni var svo ofið pólitiskri baráttu: það átti að eyðileggja mjólkurskipulagið, fyrst og fremst til að koma ríkisstjórninni á kné og um leið koma yfirráðum mjólkurskipulagsins í hendur Mjólkurfélags Reykjavíkur og Eyjólfs Jóhannssonar, til þess að geta skammtað bændum austan fjalls og í Borgarfirði eftir geðþótta þessara manna, eins og gert hefir verið áður en mjólkurskipulagið komst á. Þetta var hinn raunverulegi ásetningur bak við allar árásirnar, þó að þær á yfirborðinu hafi verið sagðar í þeim tilgangi gerðar, að bæta sölufyrirkomulagið hér í bænum, svo hlægileg sem sú ástæða er af vörum þessara manna.

En allar þessar árásir og ofsóknir hefir samsalan staðið af sér. Hún hefir orðið bændum stórkostleg fjárhagsleg hjálp. Það tókst að fækka mjólkurbúðunum, eins og áður er sagt, úr 105 niður í 38. Dreifingarkostnaðurinn, sem var 17 aurar á lítra, eftir uppgjöf E. J. í Mbl. 1933, komst árið 1935 niður í 7,49 aura pr. lítra og 1936 niður í 4,75 pr. lítra. Á þennan hátt hefir græðzt bændum til handa svo hundruðum þúsunda skiptir. Verðuppbót til fjarsveitanna, til mjólkurbúanna austan fjalls og í Borgarfirði, hefir á árunum 1935—'36 numið um 500 þús. kr., þar af 360 þús. kr. verðjöfnun og 140 þús kr. hagnaður af rekstri samsölunnar síðastl. ár, sem náðst hefir vegna þess, að afgangur hefir orðið af því, sem samsölunni var ætlað til dreifingarkostnaðar. Árið 1933 var allt mjólkurmagn mjólkurbúanna 6,4 millj. lítra, en árið 1936 er það orðið 11,7 millj. lítra; aukning mjólkurmagnsins er því orðin 5,3 millj. lítra eða 83%. Árið 1935 er meðalhækkun á verði til bænda á þessu svæði, þrátt fyrir hina gífurlegu framleiðsluaukningu, 2,9 aurar á lítra. Árið 1933 greiddu mjólkurbúin öll á verðjöfnunarsæðinu til bænda 1 millj. 298 þús. kr. Árið 1936 greiddu þau sem næst 2 millj. og 600 þús. kr. Verðmætisaukning var því um 100% á þessari 83% mjólkurmagnsaukningu.

Samanburður skipulags og skipulagsleysis er því í stuttu máli þessi: Skipulagsleysisárin 1930—'33 er mjólkuraukning 16% og verðfall 14% — 1936, skipulag, er mjólkuraukning 83%, en verðhækkun 18%.

Tjónið, sem Þorsteinn Briem hefir unnið bændum með skipulagsleysi mjólkursölunnar árin, sem hann fór með völd, skiptir því mörg hundruð þúsund kr., en aðgerðarleysi hans í því máli á sína sögu, sem áður hefir verið rakin.

Sigur mjólkurskipulagsins, þrátt fyrir allar ofsóknir, hefir því orðið svo greinilegur sem verða má, enda eru ofsækjendurnir teknir að hafa hægara um sig nú upp á síðkastið. En eins og Bjarni Ásgeirsson rakti mjög ýtarlega þarf nú, vegna hinnar miklu aukningar á mjólkurframleiðslunni, að stíga ný skref í

framhaldi af því, sem þegar hefir verið gert; það þarf í fyrsta lagi að koma á fullkominni verðjöfnun: sama verð fyrir sömu vöru á sölustað. En til þess þarf að auka tekjur verðjöfnunarsjóðs, sumpart með því að hækka verðjöfnunargjaldið að einhverju leyti með tollum á fóðurbæti, sem fluttur er inn í landið, og jafnframt kemur að því, að rétt muni að taka einkasölu á smjörlíki, sem mundi geta gefið verðjöfnunarsjóði á annað hundrað þús. kr. tekjur á ári án þess að hækka verðið. En jafnframt þarf að auka markaðinn, og það þarf fyrst og fremst að gera með bættum framleiðsluaðferðum á mjólkinni, nýrri eða endurbættri mjólkurstöð, með því að framleiða þurrmjólk, sem mjólkursamsalan hefir haft undir athugun nú um nokkurt skeið, og ennfremur kemur sennilega að því, að rekin verði smjörlíkisgerð í samstarfi við mjólkurbúin til þess að auðveldara sé að minnka smjörlíkisframleiðsluna að sama skapi sem smjörframleiðslan eykst og þarfnast aukinna markaða. Frv. um þessi efni hefi ég haft í undirbúningi, og sum þeirra eru fullgerð, enda þótt ég hafi ekki séð ástæðu til að leggja þau fram hér á Alþingi, eftir að séð varð, að til þingrofs mundi koma.

Frv. þetta, sem hér liggur fyrir, mætti þegar mjög mikilli mótstöðu hér á Alþ., og var þá farið um það ákaflega hörðum orðum í blöðum Sjálfstfl. Regluna um sama verð á öllu verðjöfnunarsvæðinu, miðað við vöruna komna á sölustað, töldu sjálfstæðismenn stórkostlegt eignarán gagnvart þeim mönnum, sem búa á Mjólkurfélagssvæðinu. Bjarni Ásg. hefir, eins og einnig var gert við 1. umr. málsins, sýnt fram á, að þessi mótbára hafi við engin rök að styðjast. Og sú regla, sem tekin er upp í frv., er í alla staði réttlát, enda styðst hún við rannsóknir og reynslu Norðmanna í þessum efnum, og er beinlínis tekin upp af Jónasi Kristjánssyni eftir utanferð hans til að kynna sér mjólkurmál í nágrannalöndunum, á vegum ríkisstjórnarinnar í haust. En hin hatrama andstaða gegn réttlátum kröfum austanfjallsmanna og Borgfirðinga í þessu máli nú er í fullu samræmi við baráttu þeirra gegn mjólkurskipulaginu frá því fyrsta. En þessi mótstaða sjálfstæðismanna hefir fengið skyndilegan og næstum skoplegan endi. Allt í einu kemur upp sá kvittur meðal þm., að þingrof sé framundan og kosningar á næstu grösum. Og þá fyrst rumskar samvizka sumra sjálfstæðismanna. Nú eiga þeir að koma fram fyrir kjósendur og gera grein fyrir afrekum sínum í þágu bændastéttarinnar, sem þeir þurfa að biðja um að kjósa sig aftur á þing. Og þessir menn, sem í baráttu undanfarinna ára algerlega hafa gleymt hagsmunum bændanna, eru nú allt í einu orðnir glaðvakandi, þegar þeirra eigin hagsmunir um þingsetu eru í veði og reikningsskilin frammi fyrir bændum framundan. Í frv. frá Þorsteini Briem og Pétri Magnússyni, sem nú í nokkra daga hefir legið fyrir Ed., er nú allt í einu gengið inn á þá hugsun, að allir eigi að fá sama verð. Því er þó slegið föstu í þessu frv., að Mjólkurfélagssvæðið eigi eitt að sitja að markaðinum í Reykjavík. En bændur austan fjalls og í Borgarfirði eigi að fá verðjöfnun með skatti á fóðurbæti, háu verði á mysu og þurrmjólk og afganginn úr ríkissjóði. Kjarni málsins er þannig, að samkv. frv. Péturs Magnússonar og Þorsteins Briems eiga bændur á Mjólkurfélagssvæðinu að eiga Reykjavíkurmarkaðinn, með þeirri 8% verðjöfnun til bænda í Borgarfirði og austan fjalls, sem nú er. Mjólkurfélagsbændur eru því tryggðir með hátt verð. En svo eiga aftur bændur í Borgarfirði og á Suðurlandsláglendinu að eiga á hættu, hvort það tekst að fá verðjöfnunargjald handa þeim af mysudufti og fóðurbætistolli og tillagi úr ríkissjóði. Við framsóknarmenn viljum hinsvegar fyrst með hækkuðu verðjöfnunargjaldi fá jöfnuð fyrir alla bændur á verðjöfnunarsvæðinu og jafnframt afla verðjöfnunarsjóði tekna á þann hátt, sem ég hefi sýnt, og láta alla bændur á verðjöfnunarsvæðinu bera jafna áhættu af því, hvernig tekst að afla þessara tekna. Við viljum ekki, eins og PM og ÞBr fyrst tryggja Mjólkurfélagsbændurna alveg, en láta alla hina bændurna bera alla áhættuna af því, hvort tekst að afla tekna í verðjöfnunarsjóð. ÞBr, sem hefir skaðað bændurna um hundr. þús. kr. meðan hann var landbrh., með því að láta Jón Þorláksson fyrir hönd millilíðastéttarinnar eyðileggja fyrir sér hina eldri skipulagstilraun, og hefir sýnt mjólkurskipulaginu allan fjandskap, eftir að hann hrökklaðist frá völdum, og PM, hv. 2. þm. Rang., sem hefir orðið uppvís að því, að hafa tekið virkan þátt í mjólkurverkfalli, og hefir reynt að verja hið óverjandi sleifarlag í mjólkurstöð Reykjavíkur, sem var á góðum vegi með að eyðileggja mjólkurskipulagið til fulls, — þessir tveir herrar fá nú skyndilega óstöðvandi áhuga fyrir mjólkurskipulaginu, nú, þegar þeir hafa verið látnir vita um andúð og fyrirlitningu bænda á framkomu þeirra, — núna, þegar þeir hafa verið látnir vita, að það sé gagnslaust að koma aftur til bændanna og biðja um fylgi þeirra, þá kemur iðranin og yfirbótin. Og nú segjast þeir skulu bæta fyrir þátttöku sína í mjólkurverkfallinu, ekki aðeins með því að þamba meiri mjólk, heldur skuli þeir líka þvinga alla til að eta mjólk í fastri fæðu, ef hún vill ekki fara fljótandi ofan í þá. Og þeir vilja lofa því, að jafnvel hver mysudropi skuli fara ofan í neytendur, og það fyrir verð svo hátt sem bændur biðja um.

Það er víst ekki ástæða fyrir kjósendur að efast um, að hér séu frelsaðir menn á ferð, sem blátt áfram kunna sér engin læti í því, að vitna um frelsun sína. Af fyrstu gr. í frv. þessara frelsuðu manna má sjá, að þeir vilja láta öll mjólkurbúin greiða sama verð fyrir mjólkina. Hér er því tekin upp reglan úr frv. framsóknarmanna, sem sjálfstæðismenn hér á þingi og sjálfstæðisblöðin, áður en vitað var um kosningarnar, höfðu fordæmt með öllu. En svo nær þetta nú ekki lengra, ef betur er að gáð. Og reglan í frv. okkar framsóknarmanna er hin eina færa leið, til að jafna milli bændanna því verði, sem fæst fyrir mjólkina og

mjólkurafurðirnar á hverjum tíma, eftir því sem fært þykir. Frv. okkar er byggt upp með það fyrir augum, að knýta hagsmuni allra mjólkurframleiðenda á verðjöfnunarsvæðinu saman með sömu réttindum, sömu skyldum, sömu áhættu og sömu ágóðavon. Svo langt þora hinir nýfrelsuðu ekki að stíga; þeir lifa auðsjáanlega ennþá í þeirri trú, að félögin vestan heiðar eigi mjólkurmarkaðinn í Reykjavík og eigi að ráða yfir honum og hirða það, sem hann gefur af sér. Þeir halda, að fyrir kosningarnar sé nóg að segja við bændur á suðurláglendinu og í Borgarfirði: Þið eigið að fá sama verð og bændur í Reykjavík og grennd. En Þorsteinn Briem og Pétur Magnússon eiga eftir að gera grein fyrir því, hvort þetta sé raunverulega framkvæmanlegt eftir þeirra frv. Í frv. segir, að bændur vestan heiðar eigi að hafa mjólkurmarkaðinn með sama verðjöfnunargjaldi og verið hefir, en bændur austan fjalls og í Borgarfirði eiga að mynda sér verðjöfnunarsjóð sjálfir með því að selja dýrt mysu og undanrennu frá mjólkurbúum sínum. Ég hefi aldrei verið í neinum vafa um það, að tollur á fóðurbæti, sem yrði tekinn af bændum með annari hendi, en réttur að þeim með hinni, yrði ekki nema lítil upphæð, vegna minnkandi innflutnings á erlendum fóðurbæti, og þess vegna hrekkur þetta mjög skammt. Um sölu á mysu, undanrennu og mjólkurdufti liggur hér fyrir frv. frá hv. þm. Hafnf., Emil Jónssyni, og verður það sjálfsagt tekið til greina, eftir því sem fært er, undireins og mjólkursölunefnd hefir rannsakað það til fulls, en það er ekki til neins, að færa mönnum neinar gyllivonir um, að þessi framleiðsla geti gert meira en tekið við nokkrum hluta af þeirri stórkostlegu aukningu á mjólkurframleiðslunni, sem hlýtur að vera á næstunni, bæði á Suðurlandsundirlendinu og ekki síst Borgarfirði vegna sauðfjárpestarinnar. Þorsteinn Briem og Pétur Magnússon eru líka auðsjáanlega vantrúaðir á það, að bændur geri sig ánægða með loforð um gott verð á mysu og gjald af fóðurbæti sínum eingöngu. Þess vegna eru ákvæði um það í frv., að það, sem á vantar, og það verður vitanlega megnið af allri upphæðinni, skuli greitt úr ríkissjóði. M. ö. o. það á að stefna að því, að öll verðuppbótin og meginverð mjólkurinnar til bændanna á Suðurlandsláglendinu og í Borgarfirði verði greitt úr ríkissjóði. Og þetta bera þessir herrar á borð líka fyrir þann hluta bændastéttarinnar, sem býr utan við verðjöfnunarsvæðið, utan við beztu markaðsskilyrðin, — þeir virðast eiga að bera hluta af tollinum á fóðurbætinn, og þeir eiga enga ríkissjóðsuppbót að fá, þótt þeir séu að berjast við að framleiða mjólk við miklu verri skilyrði. Þessa stórkostlegu þjóðnýtingarhugmynd á allri mjólkurframleiðslunni á verðjöfnunarsvæðinu bera þeir nú hér fram, hv. 10. landsk. og hv. 2. þm. Rang., sömu mennirnir sem ekkert tækifæri láta ónotað til að lýsa andúð sinni á þjóðnýtingarstefnunni og stöðugt eru að tala um hinn tóma ríkissjóð og hina þungu skatta. Hvar og af hverjum á að taka skatta í þennan tekjuhallarekstur? Á að taka þá af bændum, sem eru utan við verðjöfnunarsvæðið og búa við lakari markaðsskilyrði? Á að taka þá af sjálfum bændunum á verðjöfnunarsvæðinu? Eða á e. t. v. að taka þá af sjávarútveginum, sem sjálfstæðismenn bera nú fram kröfur um, að sé létt af sköttum, svo skiptir þúsundum króna, og sé varið stórkostlegum fjárhæðum til úr ríkissjóði, svo að maður ekki tali um tillögur jafnaðarmanna um framlög ríkisins til sjávarútvegsins.

Það virðist þá vera komið svo hér á Alþ. núna fyrir kosningarnar, að boðið er upp á það annarsvegar, að reka landbúnað með þjóðnýtingu á kostnað sjávarútvegsins, og sjávarútveginum hinsvegar boðið upp á fjárframlög og þjóðnýtingu á kostnað landbúnaðarins. En það er algerlega þýðingarlaust að bera svona tylliboð á borð fyrir íslenzka bændur, og það jafnvel þótt mennirnir, sem bera það fram, hefðu ekki sína ljótu fortíð í mjólkurmálinu, en þeim, sem þá fortíð þekkja, getur enganveginn dulizt, hvað hér er á ferð. Og bændur hér á suðurláglendinu og í Borgarfirði munu heldur ekki láta þessi kosningafrv. ÞBr og PM, fram borin á síðustu dögum þingsins, villa sér sýn. Frá hinum aðgerðalausa uppgjafalandbrh. frá 1933 og frá mjólkurverkfallsmönnum í Reykjavík munu þeir engra gagnlegra úrræða vænta. Þeir munu skipa sér saman um það frv., sem hér liggur fyrir og fram er borið af þeim mönnum, sem á undanförnum árum hafa staðið með núverandi mjólkurskipulagi og borið það fram til sigurs. Undir framgangi þessa frv. er það komið, hvort bændur í Borgarfirði, Árnessýslu og Rangárvallasýslu geta haldið áfram eðlilegri aukningu framleiðslu sinnar á næstu árum. Framsfl. mun standa með bændum í þessu mikla hagsmunamáli þeirra, eftir því sem hann hefir orku og vald til. Og við framsóknarmenn vitum, að bændurnir muni standa með sínum eigin málstað.

*Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson): Herra forseti! Ég heyrði á ræðu hæstv. forsrh. nú síðast, að hann hefir enn ekki gleymt mjólkurverkfallinu, hvernig það var rekið og hverjir að því stóðu, en hann verður að afsaka mig, þótt ég láti það fylgja með, að ég hélt, að hann væri búinn að gleyma því, og veldur þar margt um. En ég vil láta ánægju mína í ljós yfir því, að hann er þó þetta minnugur ennþá. Ég man efrir því, að ráðleggingar voru um það í Morgunblaðinu, að ágætt væri að nota ýsusoð í stað mjólkur og að grábland væri bezti matur, að mjólkin, sem samsalan seldi, væri hreinasta samsull og að börnin í Reykjavík væru í hættu, fyrir það, að þau gætu ekki fengið Korpúlfsstaðamjólk, og fleira slíkt, sem kom fram í þessu sambandi. En þótt hæstv. forsrh. sé svo minnugur á þessa hluti, eins og ég heyrði, að hann er, sem sé afstöðu Sjálfstfl. og ýmissa hans mætustu manna til mjólkurskipulagsins, þá held ég, að hann sé ekki eins minnugur á, hverjum það var að þakka, að mjólkurverkfallið og allt það brölt sjálfstæðismanna endaði þann veg, sem það gerði — þeim sjálfum til minnkunar. Ef hæstv. forsrh. er búinn að gleyma þessu, þá ætla ég að minna á, hverjum það var að þakka. Það var fyrst og fremst að þakka

verkamönnum, sjómönnum og almenningi þessa bæjar yfirleitt; þeir stóðu saman um þetta nýja skipulag og létu ekki á sig fá, þótt það væri rógborið, en voru vissir um, að lögin myndu koma að gagni. Þeir voru vissir um, að jafnframt því, að þeir hjálpuðu bændum til að fá verð fyrir sínar afurðir, væru þeir að styðja sjálfa sig. Ég vildi því óska, að hæstv. forsrh. væri einnig ríkt í huga, hverjir björguðu mjólkurverkfallinu.

Ég sé á skýrslu yfir mjólkurframleiðslu í grg. þessa frv., að mjólkurframleiðsla á verðjöfnunarsvæðinu hefir verið 11,7 millj. lítra árið 1936, og af því mun hafa verið selt hér í bænum 5 millj. lítra, auk þess sem gengur í gegn um samsöluna. Í þeim umr., sem hér hafa farið fram, virðist bera mikið á því, að flm. þessa tveggja frv. sjái ekki aðra leið út úr vandræðum bænda en að auka verðjöfnunargjaldið beint eða óbeint, en hækkun verðjöfnunargjalds hefir óhjákvæmilega í för með sér, að verð mjólkurinnar verður að hækka. Ef hver íbúi Reykjavíkur notar sem svarar hálfum lítra mjólkur í mál, sem mun vera hæfileg mjólkurneyzla, þá þurfa Reykjavíkurbúar um 12½ millj. lítra á ári, og þá þarf um 1 millj. lítra meiri mjólk á dag en framleitt er á verðjöfnunarsvæðinu, auk þess sem framleitt er í Reykjavík og nágrenni hennar. Mér finnst því, að það, sem fyrst og fremst beri að athuga, sé, hvernig hægt er að koma neyzlumjólkinni í verð. Það mun reynast bændum drýgst. En bezta leiðin til þess mun vera sú, að mjólkin sé góð og holl og verð hennar sambærilegt við verð á öðrum matartegundum, svo að hún sé vel kaupandi. Ég vil minnast á það í þessu sambandi, að ég hefi átt tal við mann um þessi mál, sem þekkir vel til þeirra ráðstafana, sem gerðar hafa verið í öðrum löndum í þessu efni. Ég vil nefna eina hugmynd, sem hann skaut fram. Hún er sú, að hafa mismunandi verð á mjólkinni eftir því, hver kaupandinn er. Hverjir þarfnast mjólkurinnar mest hér? Jú, það eru stóru og barnmörgu heimilin, sem hafa úr litlu að spila. Þau geta ekki keypt mikla mjólk, nema að hún sé miklu ódýrari, en þá geta þessi heimili aukið stórum mjólkurkaup sín. En allt hvað mjólkur verð er hærra en það, sem þarf í vinnulaun, er það vinningur fyrir framleiðendur, að selja við því verði. Víða kaupa barnaskólar mjólk handa börnunum, og þar vil ég láta athuga, hvort ekki er hægt að semja um sérstakt verð á mjólkinni, sem börnin fá þar. Í Rauðku er stungið upp á vinnslu þurrmjólkur, og sú hugmynd er tekin upp í frv. sjálfstæðismanna, að setja á stofn þurrmjólkurverksmiðju. Einnig hefi ég heyrt, að menn geti nú keypt föt, sem unnin eru úr ítalskri mjólk. Hvernig þeirri framleiðslu er háttað, veit ég ekki, — hvort hún borgar sig nema í svo stórum stíl, að við getum ekki hagnýtt okkur hana, en sjálfsagt er að athuga þetta.

Menn tala um það sem vandræði, að mjólkurframleiðsla hafi aukizt um 83%. Ég endurtek, að hagur bænda hefir batnað fyrir aðstoð Alþfl. við aukna mjólkurframleiðslu. En hitt er augljóst, að það væri að skapa sér hlekk um háls að ætla að auka verðjöfnunargjaldið; það myndi leiða til hækkaðs verðs á neyzlumjólk og þá myndi salan minnka. Það, sem gera þarf, er að auka söluna til fólksins, en vinna svo úr því, sem eftir verður og fært þykir að vinna. Alþfl. studdi mjólkurlögin með tvennt fyrir augum. Annað var að fyrirbyggja það heimskulega stjórnleysi, sem var á þessum málum, eins og það, að mjólk til neyzlu var flutt um langan veg, en mjólk þeirra framleiðenda, sem voru rétt við bæinn, var sett í vinnslu, gerð að ostum og skyri. En sjálfsagt er að nota þá mjólk, sem næst er til neyzlu, en hina, sem fjær er framleidd, til vinnslu. Ef mjólkurlögin hefðu ekki verið sett, eru líkur til, að vissa hluta ársins hefði streymt svo og svo mikið af ódýrri mjólk á markaðinn og mjólkurverð lækkað hér í Reykjavík um tíma. Það hefði að vísu verið vinningur fyrir þá, sem mest spara við sig af mjólk. En alþýðuflokksmenn settu þetta ekki fyrir sig. Þeir sáu nauðsyn þess, að bændur fengju gott verð fyrir sínar afurðir, og töldu sér hag í því, að styðja þannig að því, að bændur þyrftu ekki að flosna upp frá búum sínum. Í raun og veru er það svo, að með mjólkurlögunum hafa sjómenn og verkamenn tekið á sig hærri skattgreiðslur, til þess að bændur fái hærra verð fyrir vöru sína. Enda er það líka hagur kaupstaðanna, að bændur geti haldið áfram framleiðslu sinni og þurfi ekki að flytja til kaupstaðanna, og bezta tryggingin bænda fyrir því, að þeir geti haldið sínum bústofni, er, að hagur kaupstaðarbúa sé það góður, að þeir geti keypt vörur þeirra. Ég verð að segja, að mér urðu það vonbrigði, hvernig þeir menn, sem telja sig málsvara bænda hér á Alþ., hafa tekið þeim frv., sem við alþýðuflokksmenn höfum lagt fram um viðreisn sjávarútvegsins. Það er óendanleg skammsýni, því að með því eru þeir að gera mjólkurlögin og kjötsölulögin gagnslítil eða gagnslaus fyrir bændur. Ágreiningur sá, sem risið hefir á milli Alþfl. og Framsfl., stafar ekki af því, að Alþfl. hafi neitað að fylgja hagsmunamálum sveitabændanna. Hann stafar af því, að fulltrúar bænda, sem kalla sig framsóknarmenn, hafa neitað á sama hátt að viðurkenna nauðsyn og þörf manna, sem eiga afkomu sína undir sjávarútveginum. Þeir hafa neitað að styðja frv. okkar og spilla með því í raun og veru afkomu bændanna, sem þeir þykjast bera fyrir brjóstinu. Þeir eru með því að rýra kaupgetu mannanna, sem kaupa mjólk og kjöt, sem bændurnir framleiða.

Ég skal ekki hafa þessi orð mín fleiri. Ég býst við, að þetta verði í síðasta sinn, sem ég tala í útvarp frá Alþ. að þessu sinni, og vil ég að lokum beina þeim orðum til allra, sem mál mitt heyra, að nú, þegar dregur að kosningum og kjósendur eiga að leggja sinn úrskurð á þau mál, sem rædd hafa verið hér undanfarna daga, vil ég biðja ykkur að vera þess minnug, að þingrof, sem nú stendur fyrir dyrum, stafar ekki af því, að Alþfl. sé óvinveittur málefnum sveitanna, heldur af því að Framsfl. vill ekki taka tillit til réttlátra krafa þeirra, sem við sjóinn búa. Við kosningarnar

verður kosið um þau viðreisnarfrv., sem Alþfl. hefir borið fram. En það eitt er víst, að hvort sem menn búa við sjó eða til sveita, þá styðja þeir sín málefni bezt með því að kjósa þann flokk, Alþfl., sem mest og bezt berst fyrir heill almennings. Að lokum vil ég segja við ykkur alþýðuflokksmenn: Heilir hildar til, — og hýð góða nótt.

*__Pétur Ottesen:__ Herra forseti! Góðir hlustendur! Hæstv. atvmrh. hélt, að starfsbróðir hans, hæstv. forsrh., væri alveg búinn að gleyma mjólkurverkfallinu. Ég er dálítið hissa á þessu, svo lengi sem þessir menn hafa sveitzt blóðinu saman í þessum erfiðu stöðum þarna í hvíta húsinu, í stjórnarráðinu. En af öllu því, sem hæstv. forsrh. hefir haft til brunns að bera í þessu mjólkurmáli og borið fram — þá er það fyrst og síðast mjólkurverkfallsmálið. Það er sá atburður, sem hann hyggst að nota til þess að þvo sínar saurugu hendur í þessu máli. Af hverju varð mjólkurverkfallið? Af því að hæstv. landbrh. hélt verndarhendi yfir starfsemi þeirra manna í mjólkurmálinu, sem fóru svo hatramlega að ráði sínu, að friðsamir borgarar þessa bæjar urðu til þess að fá nokkura réttingu á þessum málum, að grípa til þessara örþrifaráða. Það er hæstv. landbrh. fyrst og fremst, sem ber ábyrgðina á þessu mjólkurverkfalli. Ef hann hefði ekki farið svo að ráði sínu sem hann hefir gert með því að virða að vettugi óskir bænda um það, að þeir mættu sjálfir hafa framkvæmd mjólkursölunnar með höndum, þá hefði aldrei komið til þessa mjólkurverkfalls. Það er þess vegna sektarmeðvitund þessa annars óviðkvæma ráðh., sem knýr hann út á þann hála ís, að tala um mjólkurverkfallið. Ég býst nú við því, að formaður Sjálfstfl., sem talar hér á eftir mér, muni nokkuð víkja að ummælum hæstv. forsrh., að því leyti sem ræða hans beindist að Sjálfstfl. í sambandi við þetta mál. En af því að hæstv. forsrh. gerðist svo djarfur, að minnast á það hermdarverk, sem hann vann, þegar hann tók mjólkurvinnslustöðina leigunámi í sumar, þá vil ég segja honum, að ég undrast, að hann skyldi minnast á það, vegna þess, hvaða verknaður þetta var, og ekki síður undrast ég þetta fyrir það, hvaða útreið hann fékk í hv. Ed. hér á dögunum út af þessu máli, því að slíka útreið hefir enginn þm., hvað þá heldur ráðh. fengið, þar sem hann var staðinn að skjalafölsun og ósannindum. Og svo langt var gengið í þessu efni, að innflutningsn. þorði ekki að láta af hendi gögn til upplýsinga í málinu, af því að hún óttaðist, að með því yrði komið upp lygum landbrh. Þannig er opinber stofnun höfð til þess að halda gögnum fyrir mönnum til þess að dylja svívirðingar valdhafanna í landinu. Jafnframt því, sem hæstv. landbrh. greip til þessara ráða, bar hann þær svívirðingar á bændur, að þeir hefðu svikið mjólkina til þess að gera samsölunni erfitt fyrir. Slíkar aðdróttanir gagnvart íslenzkum bændum hafa aldrei fyrr verið bornar fram, og enginn ráðh. hefir komizt nálægt því svona djúpt ofan í skarnið eins og þessi ráðh. í því, að kasta óþverra að íslenzkri bændastétt með blekkingum sínum, — þessi ráðh., sem telur sig þó alveg sérstaklega vera forsvarsmann þess flokks, sem styðst við fylgi bænda í þessu landi. Svona er innræti þessa ráðh. En það er gott fyrir alla, og ekki síst bændur, að geta kynnzt hans innra manni sem allra bezt.

Út af því, sem hér hefir fram komið um þá gagnrýni af hálfu Sjálfstfl. og afstöðu hans, sem fram hefir komið gagnvart þessu frv., sem hér liggur fyrir til umr., og þeirri lausn, sem þarf að fást á þessu máli, vil ég segja, að það hefir verið skýrt af hv. þm. G.-K., hvert það leiðir fyrir mjólkurframleiðendur, ef farið verður inn á þá braut, sem í frv. er gert ráð fyrir, að jafna verðið með þeim hætti, að það jafnist alltaf niður á við, þannig að eftir því sem framleiðslan vex á mjólkinni, eftir því lækki verðið, sem fyrir hana fæst. Og ef þær vonir manna rætast um aukna framleiðslu mjólkur hér á landi, sem tengdar eru við stofnun nýbýla í landinu, þá er ekki vafi á því, að þess verður ekki langt að bíða, að verðið með þessum hætti lækki svo á mjólkinni, að eigi verði við unað fyrir bændurna. Á þetta hefir verið bent. Og þarna kemur fram skammsýni þeirra manna, sem að þessu frv. standa. Þá er munur á frv. því, sem flutt var í Ed. af þeim hv. 2. þm. Rang. og hv. 10. landsk., því að eftir ákvæðum þess á að vera hægt að standa í þessum efnum á þeim grundvelli, sem við stöndum á nú, a. m. k. um mjólkurverðið, þannig að það þurfi ekki að lækka frá því, sem það nú er, og þyrfti ekki að leiða af ákvæðum þess sú röskun, sem samkvæmt þessu frv. yrði að koma fram gagnvart vissum svæðum, sem ég vík að síðar. Það felst ekkert í umbótaátt í þessu frv. annað en það, sem yrði að grípa til, áður en langt liði. Ef þetta frv. verður lögfest, sem hæstv. landbrh. og hv. þm. Mýr. hafa verið að halda hér langar lofræður um, þá má það vera öllum ljóst, bæði bændum og öðrum, sem byggja framtíð sína á mjólkurframleiðslu, að í frv. þessu felst ekkert framtíðarskipulag. Og úr því svo er, þá er það ekkert áhorfsmál, að taka heldur það skipulagið í þessu efni, sem sýnilega leiðir til beztrar úrlausnar í þessu máli fyrir framtíðina, en vera ekki að taka það millispor, sem í þessu frv. felst, en ekki getur leitt til nokkurrar framtíðarlausnar á málinu, heldur hinsvegar þess umróts, sem hv. þm. Mýr. kom inn á og varð að viðurkenna, þar sem hann gerði ráð fyrir því, að stofna yrði sérstakan kreppulánasjóð handa bændum í námunda við Reykjavík og í nærsveitum Reykjavíkur, til þess að bjarga þeim bændum, sem kæmust á vonarvöl, þegar farið yrði að framkvæma þetta nýja skipulag. Það er þess vegna engin stefnubreyt. hjá sjálfstæðismönnum, sem kemur fram í þessu. Síður en svo. Því að það var einmitt á þetta minnzt hér í hv. Nd., þegar frv. þetta var til 1. umr., að eftir þessari leið, sem tekin er fram í frv. þeirra hv. 2. þm. Rang. og hv. 10. landsk., ætti að fara til að bæta úr því öngþveiti, sem þessi mál nú eru sýnilega að komast í. Og það var nú svo, að hv. flm. þessa frv., og þar með hv. 1. þm. Árn., tóku vel í að athuga líka þessa

leið. Og ég ætla, að það hafi þá runnið upp fyrir hv. 1. þm. Árn., eins og líka vænta mátti, að þarna væri úrlausn, sem ekki einasta stæði ekki stefnu þessa frv., sem hér liggur fyrir, að baki, heldur væri miklu líklegri til góðrar niðurstöðu til úrlausnar í málinu heldur en ákvæði hans eigin frv. En svo fer hæstv. landbrh. smánarorðum um þessa till. þeirra hv. 2. þm. Rang. og 10. landsk., sem þó vitanlega á sínum tíma verður til þess að bjarga málinu, þegar Alþ. hefir rótað svo til í sínum sölum, að hér eru komnir menn, sem vit hafa á að lögfesta þær till., sem beztar eru fyrir framtíðina í þessu efni. Og þess er að vænta, að eftir næstu kosningar verði þá hér þannig umhorfs, að þá verði valin hin skynsamlegasta leið til þess að leysa úr þessu máli.

Hv. þm. Mýr. var í byrjun sinnar ræðu nokkuð líkur þeim fola, sem fer geyst af stað og er framhár, en afturlágur. Honum ferst illa, þeim hv. þm., að tala um, að menn geri sig seka um hringlandaháttt í þessu máli. Hver hefir hringsnúizt í mjólkurmálinu, ef ekki hann? Hvað oft er hann búinn að breyta á móti sinni sannfæringu í þessu máli, þegar hæstv. landbrh. andar á hann? Á Alþ. 1935 hafði þessi hv. þm. tekið afstöðu með till., sem ég og hv. þm. G.-K. bárum fram. Þegar hv. þm. Mýr. svo bara sá framan í ráðh., þá rann hann á augabragði frá sínum eigin till. og laut ráðh. Þegar hann svo fer að tala um hringlandaháttt hjá öðrum, þá ætti hann ekki að kasta steinum úr glerhúsi, vildi ég mega segja við hv. þm.

Þá hafa þeir smjattað mjög á því hér, hv. þm. Mýr. og hæstv. landbrh. ekki síður, að með till. þeim, sem felast í frv. þeirra hv. 2. þm. Rang. og hv. 10. landsk., væri verið að fara inn á ríkisrekstur. Þetta hafa þeir dregið út með töngum úr því ákvæði, sem í frv. stendur, að ríkið í einstökum tilfellum gæti hlaupið undir baggann. En eins og þessi verðjöfnunarsjóður er byggður upp samkvæmt þeirri tekjuöflunarleið, sem þar er gert ráð fyrir, þá er ekki líklegt, að til þess þurfi nokkurntíma að koma. Og ef til þessa þarf að koma, þá væri hægt að setja inn í frv. ákvæði um, að slík hjálp væri endurgreidd af þessum tekjum. Svo að þessi hvalablástur hér í útvarpinu út af þessu, er barasta út í loftið. En það má benda á annað í þessu sambandi, sem þessum mönnum flökraði ekki við og ekki hefir verið talað um, að væri nein þjóðnýting, og það var sá styrkur, sem af Alþ. var veittur úr ríkissjóði sem uppbót á kjöt. Ætla ég þó, að það sé meira mál heldur en þessi styrkur, þó að frv. væri samþ. Hefir enginn talað um, að kjötuppbótin væri nein þjóðnýting. Þvert á móti hefi ég heyrt ýmsa framsóknarþingmenn hæla sér af því á hvert reipi, og enga meira en hv. þm. Mýr. og hæstv. landbrh., að hafa komið því til vegar, að sá styrkur var veittur. Svona er samkvæmnin og samhengið í þessu óskaplega rausi þeirra.

Hv. þm. Mýr. var eitthvað að tala um það, að sjálfstæðismenn og sósialistar ættu helzt samleið í þessu máli. Já, hv. þm. er nú undir kosningarnar farinn að gleyma þeirri innilegu flatsæng, sem hann hefir legið í með sósialistum, sem hefir leitt til þess, að þeira hafa komið í framkvæmd miklu af kenningum sósíalista um verzlun og annað, svo sem ýmis konar höft á atvinnuvegum manna í þessu landi. Og það er nú reyndar svo, að þessu innilega sambandi er ekki slitið, því að hvaða leið vilja þeir fara hv. þm. Mýr. og sósialistar? Hv. þm. Hafnf. vill lækka útsöluverð mjólkurinnar. Hv. þm. Mýr. kom einnig inn á það áðan, að hann vildi lækka mjólkurverðið til framleiðendanna. Hann talaði jafnvel um að takmarka mjólkurframleiðsluna. Þannig var nú stórhugur þessara hv. þm. í velferðarmálum landbúnaðarins, að þeirra ráðstafanir eiga að vera til takmörkunar á útfærslu landbúnaðarins, hvað snertir mjólkurframleiðsluna. Það kvað þó nokkuð við annan tón hjá hæstv. landbrh., þegar hann talaði og breiddi sig út yfir þetta mál. En sannleikurinn er sá, að ef þessar till. hv. þm. væru samþ., þá mundi það leiða til þess að takmarka þessa framleiðslu og þá vitanlega afkomumöguleika landbúnaðarins að því leyti sem hann byggist á mjólkurframleiðslu.

Hv. þm. Hafnf. fylltist öfundarkenndrar vandlætingar út af því, að í frv. þeirra hv. 2. þm. Rang. og hv. 10. landsk. væri farið fram á skatt á aðfluttar kjarnfóðurvörur til þess að leggja í verðjöfnunarsjóð fyrir mjólkurframleiðsluna. En þessi sami hv. þm. hefir, án þess að hneykslast, flutt sjálfur frv. á þessu þingi um að leggja skatt á aðfluttar vörur, sem á svo að nota á ýmsan hátt, en ekki á að hans till. einn eyrir af því að koma til góða fyrir bændur. Og þessi hv. þm. hefir ekki verið hneykslaður yfir því, að nær á hverju þingi hafa verið lagðir á nýir skattar á skatta ofan á aðfluttar vörur. Það er nú naumast hægt að benda á nokkra vöru, sem ekki hefir verið skattlögð mikið á þessum tíma, sem sósialistar og framsóknarmenn hafa stjórnað. En af því að þessi skattur átti að koma til hagnaðar landbúnaðinum, mátti ekki nefna þetta.

Það er þá rétt að athuga dálítið afstöðu sósialista til landbúnaðarins og lýsa þeirra eigin framkomu í þeim efnum. Í þeim útvarpsumr., sem fram hafa farið hér undanfarið, hafa bæði hv. 9. landsk. og hæstv. atvmrh. verið að gorta af því, að sósialistar vildu veita stuðning við þær ráðstafanir, sem gerðar verða til þess að hefta útbreiðslu borgfirzku veikinnar í sauðfé. En hvað sagði fulltrúi þeirra sósialista í landbn., þegar hann talaði um þetta mál hér á dögunum? Hann sagði, að hann gengi í lið með okkur hinum í n. um þetta með samvizkunnar mótmælum. Hann sagðist ekki geta forsvarað það fyrir sjálfum sér að veita þessa hálfu milljón til þessa málefnis. Ég hefi ekki séð neinn annan þm. velta vöngum yfir því, hvort ætti að veita styrk til þess að hefta útbreiðslu þessarar voðaveiki til þess að varna því, að hún leggi í rústir landbúnað manna í heilum héruðum. Sama máli var að gegna, þegar hv. 2. þm. Reykv. var að hamast yfir því hér á dögunum — og þótti vald sitt yfir Framsfl. ekki vera jafnmikið og það hefði lengi áður verið —, að nú væri orðið nokkuð mikið frelsið í

Búnaðarfélagi Íslands, þegar því hafði tekizt að brjóta af sér þann fjötur, sem sósialistar og framsóknarmenn höfðu sett á það með jarðræktarl. á síðasta þingi. Þannig var nú hugur hv. 2. þm. Reykv. út af þessu máli. En hvað ætli Héðinn Valdimarsson segði, ef ætti að setja slíkan fjötur á Alþýðusamband Íslands? Þá er ég hræddur um, að mundi nú blása út á honum hanakamburinn.

Eina ráðið, sem fulltrúi sósialista í þeirri n., sem á að vera sérstakur velunnari landbúnaðarins, nefnilega landbrh., — eina ráðið, sem þessi fulltrúi sósialista þar sér til hjálpar bændum í sambandi við mjólkurmálið, það er að lækka útsöluverðið. Hann hefir þegar komið á einni mjólkurlækkun í þessu efni. Nú vill hann meiri lækkun. Það er bezt að athuga þetta dálítið með hliðsjón af því, hvernig viðhorfið er um þessa hluti. Þeir vilja lækka mjólkurverðið, sósialistarnir. En í því sambandi er rétt að líta á það, að hér í Reykjavík er mér sagt, að tímakaup sé 1,36 kr. Þær kröfur, sem sósialistar gera nú um kaupið, eru, að það hækki upp í 1,87 kr. á klst. En eftir þessum kröfum, ef þær næðu að ganga fram, gæti dagkaupið orðið miklu hærra en eftir núgildandi taxta, því að þetta 1,87 kr. tímakaup miðast í kröfum sósialista við það, að vinnudagurinn sé 8 klst., þannig að fyrir eins til fjögurra klst. vinnu séu borgaðar ca. 7,50 kr., sem er sama sem 1,87 kr. á klst. í 4 tíma, en fyrir 5 klst. vinnu til 8 klst. vinnu séu borgaðar ca. 15 kr. Fyrir 5 tíma vinnu ætti eftir þessum kröfum að borga 15 kr., eða sama sem 3 kr. á klst. Nú hafa verið haldnir búreikningar á nokkrum stöðum á landinu undir handleiðslu Guðmundar Jónssonar, kennara á Hvanneyri. Þeir, sem hafa haldið þá, eru nálægt 20 menn úr 8 sýslum á landinu. Hvað kemur þar í ljós um það kaup, sem þessir bændur bera úr býtum fyrir sína vinnu? Þeir fá fyrir sína vinnu sem meðalkaup á hverja vinnustund 46 aura um tímann. Nú ætlar hv. þm. Hafnf. og aðrir sósialistar að fara að lækna meinsemdir landbúnaðarins með því að lækka mjólkurverðið, sem þýðir sama sem að lækka þetta 46 aura tímakaup, samtímis því sem þeir fara fram á kauphækkun til annara borgara þjóðfélagsins. Þarna er umhyggju hv. sósialista fyrir landbúnaðinum alveg rétt lýst. Það hefir lítið skort á, að þeir hafi mælt hvorir öðrum, framsóknarmenn og sósialistar, fyrir þá sameiginlegu umhyggju, sem þeir hafi borið fyrir velferð bænda, á því kjörtímabili, sem nú er að renna út. Og sósialistar gera þetta áreiðanlega með ráðnum hug, ekki aðeins til þess að afla sér kjörfylgis, heldur líka til þess að afla Framsfl. kjörfylgis. Þetta, sem slettst hefir upp á vinskapinn nú fyrir þessum flokkum, er ekkert annað en tilbúinn ágreiningur, en bak við er sama vináttusambandið; vináttan er bara grímuklædd. Því að sósialistar geta ekki hugsað sér meira sæluástand í hinu pólitiska lífi en að geta notað Framsfl. og gert hann meðábyrgan um að knýja fram stefnumál sósialista í verzlunarmálum og hvers konar höftum og hömlum á sjálfsbjargarviðleitni einstakra borgara í þjóðfélaginu. Þetta er að slá 2 flugur í einu höggi með þessu skjalli og skrumi sósialista um þetta.

Þessi ágreiningur milli stjórnarfl. er ekkert annað en tilbúningur, sem sést bezt á því, að þrátt fyrir allan þennan árekstur sitja ráðh. beggja fl. allir saman í ráðherrastólum. Nei, það skreppa ekki sessurnar undan þeim í ráðherrastólunum fyrir þennan ágreining. Þeir skilja ekki, ráðh., að borði og sæng, hvað þá að sterkari tengsl hrökkvi í sundur.

Hæstv. forseti sendir mér miða, sem á stendur, að minn ræðutími sé búinn, og býð ég því öllum hlustendum góða nótt.

***Hannes Jónsson:** Ég þarf ekki mikið að segja hér að þessu sinni. Og heyrði, að hæstv. forsrh. söng hér sinn gamla söng um Bændafl., og þá sérstaklega Þorstein Briem og aðra leiðtoga flokksins, sem hann talar um sem verstu fjendur bændanna. Ég býst við, að bændur úti um land meti þessa viðleitni hæstv. ráðh. til þess að draga úr fylgi Bændafl. að verðleikum og hafi hans orð í þessu efni, eins og svo mörgum öðrum, að engu.

Hæstv. ráðh. lagði mikla vinnu í að reyna að sannfæra hlustendur um það, að frv. þeirra Péturs Magnússonar og Þorsteins Briems, um auknar tekjur verðjöfnunarsjóðs, væri ekkert annað en vitleysa ein. Hann gekk að vísu nokkuð framhjá þeim tekjulið, sem samkv. frv. á að fást með því, að fyrirskipa blöndun þurrmjólkur í brauð, á sama hátt og fyrirskipað er nú að blanda smjöri í smjörlíki til þess að auka sölumöguleika smjörsins. Hæstv. ráðh. taldi það eina reginvillu, að afla verðjöfnunarsjóði tekna með því að taka gjöld af öðrum heldur en þeim, sem mjólk selja hér í bæinn. Hann er sennilega búinn að gleyma því, sem hv. þm. Mýr. sagði í ræðu sinni hér í kveld, að Framsfl. hefði verið að undirbúa löggjöf um tekjuöflun fyrir verðjöfnunarsjóð. En hvernig ætla þeir sér að ná í þessar tekjur, án þess að það komi niður á einhverjum öðrum en mjólkurframleiðendum? Ætla þeir kannske að setja upp einhvern útbúnað til þess að vinna tekjur handa verðjöfnunarsjóði úr loftinu? Ég hygg, að sjóðurinn fái aldrei tekjur, nema þær séu teknar úr vösum einhverra, — og hvað er þá eðlilegra en þær séu einmitt teknar af því fóðri, sem flutt er inn frá útlöndum til þess að auka mjólkurframleiðsluna? Þessi innflutningur á fóðurvörum er sannast að segja mjög vafasamur fyrir bændur landsins og þessa atvinnugrein, vegna þess að hann gerir mjólkurframleiðsluna að einskonar iðnaði, þar sem verðmæti eru keypt frá útlöndum og þeim aðeins breytt í aðra vöru innanlands. En ef svo færi nú, að þetta gjald, sem tekið væri á þennan hátt af innfluttu kjarnfóðri, yrði til þess, að kjarnfóðurkaupin minnkuðu eða jafnvel hyrfu, þá hyrfi líka um leið þessi tekjustofn, en það hefði þá unnizt í staðinn, að sú mjólk, sem nú er framleidd með þessu kjarnfóðri, hyrfi af markaðinum og auknir möguleikar á mjólkurframleiðslu með heyöflun mundu verða fyrir hendi, og það aftur minnka þörfina fyrir verðjöfnunarsjóðsöflun.

þannig verkaði þetta í þá átt, að færa framleiðsluna í heilbrigðara horf. —

Að öðru leyti ætla ég ekki að fara út í ræðu hæstv. forsrh. — En ég má ekki gleyma garminum honum Katli. Hv. 2. landsk. jarmaði hér áðan á barmi sinnar pólitísku grafar. Hann fann sig knúinn til þess að lýsa því yfir, að árekstur sá, sem orðið hefði milli sín og Bændafl. út af þessu máli, hefði verið undirrót þess, að hann hvarf úr flokknum og sveik þannig sína umbjóðendur. Hann sagði, að Bændafl. hefði viljað taka meira tillit til og haft meiri ást á Korpúlfsstaðabúinu og Kolbeini í Kollafirði heldur en Skúla í Bræðratungu og Ágústi í Birtingaholti. Hann nefndi þessa tvo mætu bændur austur í Árnessýslu, gamla sýslunga sína, sem hann þóttist hafa staðið betur með heldur en við bændaflokksmenn. En hvernig eru vitnisburðir þessara manna? Þeir eru ekki hv. 2. landsk. í vil. — En það var ekki ágreiningurinn í þessu máli, sem olli því, að hv. 2. landsk. sveik flokk sinn. Það voru hans eigin hagsmunir og hans nánustu, en ekki hagsmunir bænda austur í Árnessýslu. Það var apótekið Iðunn, sem hann var að vernda. Sósialistar höfðu lýst því yfir, að þeirra fyrsta verk í valdastöðu mundi verða það, að koma apótekunum undir ríkisrekstur. Það eru sönnur á því, að hér átti sér stað verzlun milli hv. 2. landsk. og hv. stjórnarflokka, og þær sönnur liggja í því, að sósialistar hafa ekki hreyft þessu máli þau ár, sem þeir hafa setið að völdum — þessu máli, sem þeir voru búnir að lýsa yfir, að þeir mundu koma í framkvæmd strax og þeir næðu aðstöðu til þess.

Ég ætla svo ekki að rekja sögu þessa hv. þm. lengra. Ég get vel unnt honum þess, að hvíla í friði í sinni pólitísku gröf, ef honum má auðnast það. — Það var fljótséð, hver hafði sent þennan hv. þm. í þessar útvarpsumræður, því þegar hann hætti að tala, settist hann hjá hv. þm. S.-Þ., sem hvolfdi sér svo ástúðlega og elskulega yfir hann eins og kýr, sem karar nýborinn kálf, en hvort hv. 2. landsk. verður hreinni af þessari körun eftir en áður, munu margir efast um. En ég býst við, að eftir sinn pólitíska dauða, sem kemur yfir þennan hv. þm. sennilega á morgun, muni fara fyrir honum og hv. þm. S.-Þ. eins og sagt er frá í þjóðsögum okkar um Skottu og Móra. Hann mun verða lifandi meðal þjóðarinnar og sérstaklega í fylgd með hv. þm. S.-Þ. sem pólitísk Skotta.

*__Forsrh. (Hermann Jónasson):__ Herra forseti! Góðir áheyrendur! Það er ekki hægt að segja mikið á þessum stutta tíma, sem ég hefi til umráða, en ég skal þó reyna að svara nokkru af því, sem fram hefir komið. Ég ætla ekki að brúka stóryrði hv. þm. V.-Húnv. eða hv. þm. Borgf. í þessari ræðu, því að þeirra orðbragð var ekki til fyrirmyndar

Um mjólkurstöðina ætla ég að segja það, að öll skjöl henni viðvíkjandi skulu koma til ykkar bænda nú á næstunni, og þá munuð þið sjá, hvernig þetta mál stendur. En ég ætla að segja ykkur það, að eftir að hv. 1. þm. Rang. hafði hlustað á umr. um mjólkurstöðina í Ed., rétti hann upp höndina hér í Nd. með því, sem hv. þm. G.-K. hafði talið stjórnarskrárbrot, vegna þess að hann þorði ekki að koma austur í Rang. án þess að hafa greitt atkv. með því máli.

Mjólkurverkfallið ætla ég ekki að rifja upp frekar heldur en þegar hefir gert verið. — Hv. þm. Borgf. deildi á jafnaðarmenn fyrir það, að lækka mjólkurverðið. En ein af ástæðum sjálfstæðismanna fyrir mjólkurverkfallinu var einmitt krafa þeirra um að lækka mjólkina niður í 35 aura.

Hv. þm. Borgf. óskapaðist yfir því, að of mikið hefði verið flutt af kjöti inn á Reykjavíkurmarkaðinn og hann þannig eyðilagður fyrir bændum hér í nágrenninu. En það hefir nýlega komið upp, að þeir, sem þessi hv. þm. hefir sérstaklega gerzt umbjóðandi fyrir, kaupmennirnir, fluttu inn á Reykjavíkurmarkaðinn á sviksamlegan hátt svo mikið af kjöti, að það var það, sem fyrst og fremst eyðilagði að nokkru leyti markaðinn fyrir bændum hér í nágrenninu.

Að lokum ætla ég að segja það, að ég hefi nú staðið í baráttunni um þetta mjólkurskipulag í 3 ár. Ég þekki, hvernig andstæðingarnir haga sér í þessu máli. Þeir tala nógu fallega nú fyrir kosningarnar. En það er ekkert, sem getur bjargað þessu máli annað en það, að bændur hér á Suðurlandi og í Borgarfirði — hvaða flokki, sem þeir tilheyra — standi í breiðfylkingu bak við Framsfl. til þess að vernda það, sem þeir hafa þegar náð, og ná því, sem þeir eiga rétt á. Hinsvegar er Sjálfstfl. bundinn af hagsmunum hv. þm. G.-K. og Korpúlfsstaða, og þess vegna verður þetta skipulag rifið niður, ef sjálfstæðismenn fá aðstöðu til þess. Það hefir tekizt að vernda þetta skipulag, en næsta sporið er að stíga í áttina til fulls réttlætis, og það stendur ekki á Framsfl. að heyja þá baráttu. Hinsvegar verður þingið rofið innan skamms, og þá veltur á skilningi bænda, hvernig um þessi mál fer. Innan fárra vikna afhendi ég ykkur, bændur, þá vernd, sem ég hefi yfir þessu máli. Þá baráttu, sem ég hefi háð fyrir þessu skipulagi, afhendi ég ykkur sjálfum. Undir afstöðu ykkar er það komið, hvernig þessum málum verður skipað á næstunni og hvernig ykkur tekst að vernda þessa hagsmuni, sem þið hafið nú fengið fyrir ykkur og skyldulið ykkar.

Ég sé, að hæstv. forseti gefur mér nú bendingu um, að minn tími sé búinn, og mun ég taka það til greina. En ég vil enda þessi orð á því, að brýna það fyrir bændum á Suðurlandi og í Borgarfirði, að standa fast utan um sinn rétt. Þessu máli verður því aðeins ýtt áfram af Framsfl., ef bændur standa í breiðfylkingu bak við flokkinn í þessu máli.

*__Emil Jónsson:__ Það er í sjálfu sér litlu að svara, því að höfuðátökin hafa orðið milli Framsfl. og Bændafl., en þeim rökum, sem ég og hæstv. atvmrh. höfum borið fram í þessu máli, hefir ekki að neinu verulegu leyti verið hrundið. Ég kemst þó ekki hjá því að minnast á þau ummæli, sem hv. þm. Borgf. lét falla í minn garð, þegar hann lauk máli sínu. Hann var að lýsa afstöðu minni til frv. um varnir gegn sauðfjárveikinni, og sagði hann, að ég hefði að

vísu verið með málinu, en að ég hefði gert það með hangandi hendi og með samvizkunnar mótmælum, og þess vegna — skildist mér — hefði þetta ekki verið neinn stuðningur við málið. Þetta er mjög villandi frá sagt hjá hv. þm., og hann lætur þarna skína á það, sem hann veit, að ekki er rétt. Min umhugsun og varfærni við að flytja frv. var vegna þess, að mér var ljóst, að það er ekki víst, að þessar ráðstafanir komi að fullum notum, og það er ekki einusinni víst, að þær komi að neinum notum. Það var vegna þess ekkert undarlegt, þó að hæði ég og fleiri hugsuðum okkur vel um, hvort henda ætti úr ríkissjóði þessari ½ millj. til þess að gera ráðstafanir, sem enginn veit, hvort koma að gagni. En þetta þýðir ekki það, að ég hafi verið á móti málinu. Langt frá því. Ég hefi lýst því yfir, að ég fylgi öllum þeim ráðstöfunum, sem verða mættu til einhvers gagns í málinu.

Þá var hv. þm. Borgf. að vísa til einhverra búreikninga, sem sýndu, að tímakaup bænda væri ekki nema 46 aurar, og með mjólkurlækkuninni mundi það lækka enn meira. Þetta er öfugt við það, sem við alþýðuflokksmenn höldum fram. Við teljum, að með mjólkurlækkuninni mundi fást aukin sala og við það hækka tímakaup bænda. Þetta er byggt á reynslu annara þjóða, og því eru líkur fyrir, að eins fari hjá okkur.

Þá lýsti hv. þm. Borgf. því yfir út af frv. hv. 2. þm. Rang. og hv. 10. landsk., að framlagið úr ríkissjóði til verðjöfnunarsjóðs mundi aldrei koma til útborgunar, og hv. þm. V.-Húnv. taldi jafnvel líklegt, að skatturinn af kjarnfóðri mundi með tímanum hverfa, því að innflutningur á þessari vörutegund mundi hverfa úr sögunni, þegar skatturinn kæmi svona þungt niður, og þá mundu líka tekjur verðjöfnunarsjóðs frá þessum lið hverfa. En hver er þá orðin tekjuöflun þessa sjóðs? Þá er ekkert orðið eftir annað en þurrmjólkin, sem sjálfstæðismenn hafa hnuplað frá okkur jafnaðarmönnum.

Ég skal ekki fara langt út í ræðu hv. þm. V.-Húnv., þótt hann á mjög óviðurkvæmilegan hátt réðist á hv. 2. landsk., mann sem allan sinn aldur gegnum fleiri áratugi alltaf hefir haldið á rétti þeirra, sem erfiðast hafa átt í lífsbaráttunni, sérstaklega bænda. En út af því, sem hv. þm. sagði um apótekið Iðunn, skal ég geta þess, að Alþfl. hefir aldrei við hann um þessi mál talað, og þess vegna er það langt frá sannleikanum, að hann hafi nokkra íhlutun um þau mál haft.

Ég kemst ekki hjá því að minnast á það í sambandi við þessar umr., að það hefir verið merkilega hljótt um það, hvað hinir flokkarnir allir þrír vilja gera fyrir þá, sem eru utan við verðjöfnunarsvæðið, en það er vitanlegt, að þeirra hagur er verstur. Framsfl., Sjálfstfl. og Bændafl. vilja fá jafna útborgun fyrir alla bændur á verðjöfnunarsvæðinu. En hvers vegna á ekki réttlætið að ná austur yfir Jökulsá á Sólheimasandi eða vestur fyrir Snæfellsnes? Hví mega ekki aðrir bændur landsins líka njóta einhvers af þessari jöfnun?

Hæstv. forseti benti mér nú á, að minn tími sé úti, og verð ég að taka það til greina. En ég vil aðeins undirstrika það, að engar verulegar mótbárur hafa komið frá hendi neinna ræðumanna um það, að leiðir þær, sem Alþfl. hendir á, væru ekki færar eða ekki bezt færar, en það er að auka markaðinn í Reykjavík og stofna nýjan markað fyrir mjólkurvörur, sem ekki er til áður, og framsóknarmenn og sjálfstæðismenn hafa lýst sig fylgjandi.

Ólafur Thors: Út af ræðu hv. þm. Hafnf. ætla ég aðeins að gera tvær stuttar aths. Þm. sagði, að hv. þm. Borgf. hefði sagt rangt frá um undirtektir hans um framlag úr ríkissjóði til þess að freista að hefta útbreiðslu Deildartungupestarinnar. Ég held, að óhætt sé að fullyrða, að almennt skyldu menn afstöðu hans á sama hátt og PO gerði. Hann færði að vísu ekki fram bein mótmæli, en lét nægja að heimta frest, enda var honum ljóst, að fresturinn hlaut að leiða til þess, að allar ráðstafanir féllu niður.

Það situr alveg sérstaklega illa á einmitt þessum þm. að bera fram kveinstafi fyrir munn bænda út af kjarnfóðursbæti þeim, er ætlað er að leggja á með frv. þessu. Hann hefir nefnilega sjálfur gert tillögu um 15% kjarnfóðurskatt, eða nærri jafnháan skatt og þetta frv. mælir fyrir um. Munurinn er aðeins sá, að samkv. þessu frv. fellur skatturinn allur bændum til framdráttar, en samkv. frv. EJ eiga bændur að borga, en aðrir að njóta.

Það var auðheyrt á hæstv. forsrh., að hv. þm. Borgf. hefir komið eitthvað óþægilega við kaun hans, og verður að játa, að meiri köppum en HermJ hefir orðið hætt í höndum PO. Hitt hlægir okkur, sem daglega verðum að hlusta á stóryrðaglamur forsrh., er hann nú ber lóminn yfir því, að PO sé ekki nógu kurteis. Þori ég óhikað að fullyrða, að flestir, og raunar nær allir hlustendur, kunna betur föstum rökum og karlmannlegri einurð PO en yfirlæti og sívaxandi leikaraskap æfintýramannsins í ráðherrastólnum.

Ráðh. var að hóta að láta prenta og dreifa um austursýslur ræðu, er hann nýverið hélt í Ed. um mjólkurstöð M. R. Eftir venjunni þykist ég vita, að ríkissjóður borgi. Vil ég því gera þá till., að jafnframt fylgi svarræða Péturs Magnússonar, og einkum og sérstaklega tvær myndir af ráðh., önnur þegar hann lauk ræðu sinni, en hin þegar Pétur Magnússon endaði sína ræðu. Er sú ræða talin einhver rökfastasta og þyngsta ádeiluræða, sem haldin hefir verið hér á Alþingi, a. m. k. í minni nú lifandi þm., og því viðbrugðið, hve vesaldarlegur forsrh. var um það lestrinum lauk

HermJ sagði, að ráðizt hefði verið á mjólkurl. í blóðum sjálfstæðismanna löngu áður en lögin komu í framkvæmd. Þetta eru bein ósannindi. Hitt er rétt, að ráðizt hefir verið á sumt það vítaverðasta í framkomu mjólkursölunefndar. Og það veit enginn betur en einmitt HermJ, að það voru bændur sjálfir — vestan fjalls og austan, — sem stóðu að og hvöttu til mótmæla gegn framkvæmd laganna, ekki sízt þeirri háðung, að mjólkursalan skyldi verða gerð að beinu hagsmunamáli sósíalista. En skýrasti vottur um samvizkulausa óskammfeilni mjólkursölun. er

einmitt það, að þetta fékkst ekki lagfært, fyrr en n. var svínbeygð með allföstum átökum.

HermJ segir, að andstaðan gegn mjólkurl. hafi verið gerð fyrir ÓTh og Korpúlfsstaði. En hver bar fyrst fram mjólkurl.? Var það ekki þessi sami ÓTh.

HermJ segir, að dreifingarkostnaðurinn hafi færzt úr 17 og ofan í 4 aura. En hvar eru þá þessir 13 aurar? Ekki eru þeir í vasa bændanna. Eru þeir kannske í kosningasjóði sósialista?

HermJ sagði, að kjarni frv. PM og ÞBr væri sá, að nærsveitirnar ættu að eignast Reykjavíkurmarkaðinn, en fjarsveitir áhættuna. Þetta er auðvitað ósatt, og því miður fer ráðh. nú sem oftar með alveg vísvitandi ósannindi. Hér á Alþingi vita allir, að frv. PM og ÞBr tryggir öllum bændum nákvæmlega sama rétt. Hagsmunirnir verði sameiginlegir og verðið eitt og hið sama.

Það liggur við, að ég dáist að heilagri einfeldni forsrh., er hann hyggst að byggja árásir sínar á frv. PM og ÞBr á þessari ægilegu spurningu. „Hvaða nýja skatta á að leggja á til að afla fjár til að standa undir útgjöldum, er af því frv. leiðir.“

Við því svara bæði ég og fleiri þessu:

Í fyrsta lagi ber frv. sjálft með sér, að mjólkurduftinu er ætlað að afla þess fjár, er með þarf. En í öðru lagi langar mig að minna þennan mann, sem einnig er kallaður landbúnaðarráðh., á það, að það situr illa á honum að spyrja þannig nú, einmitt þegar eitthvað á að gera fyrir bændurna, úr því að honum hefir aldrei hugkvæmzt að spyrja, þegar verið er að leggja nýja og nýja skatta á bændur til þess meðal annars að greiða hina svo kölluðu atvinnuleysisstyrki í kaupstöðunum.

Út af kosningaræðu þeirri, er hæstv. atvmrh. hélt hér og ætluð var til að styrkja sósialista við sjávarsíðuna, en Framsókn til sveita, vil ég aðeins segja það, að hinn mikli nýi áhugi sósialista fyrir sjávarútvegsmálum hefir aðeins lýst sér í því, að taka nú upp og gera að sínum baráttumálum þau mál, sem við sjálfstæðismenn höfum barizt fyrir allt þetta kjörtímabil, en sósialistar og framsókn lagzt gegn, og svo í því, að standa gegn því, sem foringi flokksins þó taldi aðalbjargræði fram úr vandræðunum, þ. e. a. s. aukningu á síldarbræðslustöðvunum og bygging nýrra frystihúsa.

Yfir okkar þjóðfélag hefir á undanförnum árum riðið margvíslegt böl. Eitt hið geigvænlegasta, að ég ekki segi það allra versta, er sá rígur og kali milli einstakra stétta þjóðfélagsins, sem rauðliðar hafa kveikt og glætt eftir fremstu getu. Sjálfstfl. hefir frá öndverðu leitazt við að slökkva þann eld. Hann hefir í allri sinni málefnalegu aðstöðu fært sönnur á það, að hann vill ráða hverju máli til lykta út frá því, sem bezt hentar heildinni, og þegar flokknum er borið á brýn, að hann sé eingöngu flokkur atvinnurekenda, er það sagt gegn betri vitund. Sjálfstfl. berst að vísu fyrir sem fyllstu athafnafrelsi einstaklingsins á sviði atvinnulífsins, en hann gerir það alls ekki fyrst og fremst vegna þess einstaklings, sem atvinnuna rekur, heldur vegna þess, að hann telur, að með þeim hætti verði atvinnulífið arðvænlegast og blómlegast, en það á að vera hið mikla sameiginlega markmið, vegna þess að með því er hag allra þjóðfélagsþegnanna bezt borgið, og ekki síst verkalýðsins. Af þessum ástæðum hefir Sjálfstfl. tekið forystu í baráttunni gegn öfgum og úlfúð milli stétta þjóðfélagsins og valið sér kjörorðið: Stétt með stétt.

Frv. það, sem hér er til umr., mun, ef að lögum verður, kveikja eld, eigi aðeins milli stétta, heldur og innan sjálfrar bændastéttarinnar. Fjöldi bænda mun líta svo á, að fjárhag þeirra sé teflt í voða til hagsbóta fyrir aðra bændur, og þeim bændum er ætlað að trúa því, að hinna dauði sé þeirra brauð. En eins og ég sýndi í frumræðu minni og enn stendur óhrakið og bjargfast, myndi frv. þetta, ef að lögum yrði, ekki reynast nokkurs bónda brauð, heldur allra dauði, þ. e. a. s. öllum til tjóns, því, að verðlækkun sú, sem af því leiðir, bitnar jafnt á öllum bændum verðjöfnunarsvæðisins, og yrði fyrr en varir a. m. k. 3½ eyrir á lítra. En jafnvel þótt nokkur hluti bænda hagnaðist á fyrirmælum frv. á kostnað annara bænda, sem þó ekki er, þá hlýtur það að vera öllum heiðursmönnum í bændastétt óbærileg tilhugsun. Og því fjær sanni væri að leita slíkra úrræða sem augljósara er, að til er önnur leið, leið PM og ÞBr, sem með öruggri vissu bjargar eigi aðeins nokkrum hluta bændastéttarinnar, heldur og öllum hlutaðeigandi bændum á verðjöfnunarsvæði Reykjavíkur, en að sú leið, sem Framsfl. bendir á, ríður eigi aðeins niður hag nokkurs hluta bændanna, heldur allra bænda á verðjöfnunarsvæðinu.

Eining og friður innan bændastéttarinnar, stétt með stétt í þjóðfélaginu, þetta er vilji okkar sjálfstæðismanna. Að þessu stefnum við í allri stjórnmálastarfsemi okkar, og við þetta miðast tillögur okkar í þessu máli jafnt sem öðrum.

Hannes Jónsson: Hæstv. forsrh. gerði enga tilraun til þess að skýra, eftir að hann var búinn að ræða till. Péturs Magnússonar og Þorsteins Briems um aukatillög verðjöfnunarsjóðs, hvernig hann ætlaði að framkvæma það, sem hv. þm. Mýr. var búinn að segja, að væri stefnumið Framsfl., að koma á löggjöf til þess að auka tekjur verðjöfnunarsjóðs. Hvernig ætlar Framsfl. að gera þetta, ef hann ætlar ekki að gera það með því, að láta einhverja aðra greiða það? Þetta á hæstv. ráðh. eftir að skýra, ef þá á ekki að skoða þessa þögn hans sem nýja yfirlýsingu hans um, að það, sem hv. þm. Mýr. var að segja, væri ekki annað en orðin tóm, orð sem aldrei ætti að framkvæma af flokknum.

Hv. þm. Hafnf. neitaði því ákveðið, að Alþfl. hefði nokkurntíma átt tal við hv. 2. landsk. um lyfjabúðina eða nokkuð því tilheyrandi. Því getur hver trúað, sem vill. Hver sem veit, hver afstaða sósialista var í þessu máli og hverjar upplýsingar þeir gáfu á þingi um, hvernig fyrirkomulag lyfjaverzlunar ætti að vera, og hvernig ætti að breyta þar öllu, þegar þeir kæmust til valda, — hver sem þekkir þetta getur trúað þessum orðum hv. þm., ef hann vill. Ég trúi þeim ekki. Það er sannleikur-

inn í þessu máli, að hv. 2. landsk. hefir selt sig fyrir hagsmuni þess fyrirtækis, sem honum er nákomið.

Um afstöðu Bændafl. til mjólkursölulaganna er það að segja, að frá því fyrsta hefir það verið stefna hans, að vilja vinna að því, að bændur fengju í þessu efni fullan umráðarétt yfir allri stjórn og starfsemi þessa fyrirtækis. Þessi lög eru að öllu leyti undirbúin af n., sem fyrrv. stj. skipaði til að gera till. um þessi mál og semja frv. Aðalbreyt., sem á því voru gerðar, var það, sem Bændafl. hefir alltaf verið þyrnir í augum, en það var, að framkvæmdin skyldi að öllu leyti vera tekin úr höndum bænda og fengin sósialistum í hendur, til þess að þeir gætu haft hagsmuni af því fyrir flokk sinn. Þetta var sú óhæfilega meðferð þessa máls, sem Bændafl. vildi fá breytt í annað og betra horf. Bændafl. hefir alltaf viljað berjast fyrir, að framleiðendunum væri tryggt framleiðsluverð fyrir afurðir sínar. En með því að haga löggjöfinni eins og þetta frv. ætlast til, er fyrirsjáanlegt, að eftir því sem mjólkurmagnið eykst, sem á markaðinn kemur, hlýtur verðið að lækka. En í frv. Péturs Magnússonar og Þorsteins Briems er reynt að ráða bót á þessu, og þar er það a. m. k. tryggt, að verðið fari ekki lækkandi frá því, sem nú er, a. m. k. lækkar það ekki á meðan ekki er hægt að lækka framleiðslukostnaðinn frá því, sem hann er nú. Þetta er stefna Bændafl. í þessu máli og öllum þeim málum, sem við koma bændastéttinni. Bændafl. mun aldrei vilja framselja frumburðarrétt bændastéttarinnar, — þann rétt að ráða málum sínum. Þeir eiga heimtingu á, að þeim sé tryggð sú aðstaða, að þeim verði endurgreitt kostnaðarverð vara sinna. Það er sú stefna, sem Bændafl. mun berjast ötullega fyrir, og hann mun ekki ljá lið sitt neinum þeim mönnum, hvaðan sem þeir koma, sem vilja draga þessi völd bændanna úr höndum þeirra. Þessu mega bændur landsins trúa, og þessu trúa bændur landsins, þrátt fyrir hvað sem hv. 2. landsk. segir.

Ég hefi skemmri tíma yfir að ráða en ég bjóst við. Það var gert ráð fyrir, að þessum umr. yrði skipt í fernt, en þær verða í þrennu lagi. Það kemur til af því, að það hafa allir etið yfir sig nema ég. En þótt svo sé, þá gerir það ekki svo mikið til, og einum manni getur þetta orðið til nokkurrar huggunar, en það er hv. 2. landsk., því að hv. þm. S.-Þ. var að hvísla að honum hér í hliðarherbergi, eftir að ég hélt mína ræðu, hvort hann ætlaði ekki að svara því. Þá var eftir ein umferð, svo að ég gat svarað honum, en nú, meðan á þessari umferð stendur, situr hv. þm. S.-Þ. við hliðina á hv. 2. landsk. og þylur í eyra hans, og hann skrifar eins hart og hv. þm. S.-Þ. hvíslar. Það verður sjálfsagt góður matur, sem verður borinn á borð fyrir ykkur, hlustendur góðir, en ef ekki verður eitthvert sengjubragð að því, eftir að það kemur úr potti hv. 2. landsk., þá er ég illa svikinn.

Ég skal svo ekki hafa þessi orð fleiri. Ég er búinn með þann tíma, sem mér er skammtaður. Ég vænti þess, að allir kjósendur, hvar sem er á landinu, hafi veitt því eftirtekt, hvernig afstöðu hæstv. forsrh. hefir tekið til þessa máls. Hann hefir látið flokksbræður sína flytja þetta frv., sem á að gefa ykkur von um að fá aukna möguleika fyrir tekjuöflun fyrir verðjöfnunarsjóð, sem svo eigi að bæta þeim með, sem örðugast eiga með að nota Reykjavíkurmarkaðinn, en sjálfur tekur hann það aftur með því að flytja fram alla annmarka, sem hann getur hugsað upp, fyrir því, að hægt sé að afla þessara tekna, af því að það verður að taka það af öðrum. Þið getið því ekki búizt við, að sú löggjöf, sem hv. þm. Mýr. talaði um, geti komið. Þið verðið að taka þetta frv. eins og það er, leggja það við hliðina á frv. Péturs Magnússonar og Þorsteins Briems og velja svo um, hvort þið viljið heldur. Ég efast ekki um, hvernig val ykkar verður. Í trausti þess, að þið veljið þá menn fyrir fulltrúa ykkar við þessar í hönd farandi kosningar, sem eru reiðubúnir að fylgja þessu máli til sigurs, þýð ég ykkur góða nótt, árna ykkur alls góðs, óska ykkur gleðilegs sumars. Verið þið sæl!

Magnús Torfason: Ég hafði ekki búizt við, að ég þyrfti að taka aftur til máls. Ég þóttist hafa hagað þannig ræðu minni, að hún meiddi engan, og því síður hafði ég búizt við, að ég yrði að bera af mér sakir, maður, sem á að vera kominn á grafarbakkann, því að það hafa verið ómælt lög, að láta þá fara í friði.

Hv. ræðumaður Bændafl., sem vissulega er honum samboðinn, byrjaði á að segja, að enginn ágreiningur hefði verið í mjólkurmálinu milli mín og Bændafl. Nú get ég vitanlega ekki sannað, hvað milli okkar hefir farið í samtölum, en það vill svo vel til, að ég get vísað í blað Bændafl., Framsókn. Þar stendur skýrum orðum, að einmitt afstaða mín til þessa máls hafi orðið til þess, að þeir ætluðu að reka mig úr flokknum. Þetta er sannleikurinn í málinu, og ekkert annað.

Þá vildi sami hv. ræðumaður bera það á mig, að ég hefði verið keyptur af Alþfl. til að skipta um skoðun í þessu máli. Ég vissi ekki það, að þetta væri sérstakt mál Alþfl., en ég hélt, að það hefði verið mál Framsfl., svo að það hefði verið miklu nær, að hann hefði keypt mig en Alþfl.; þegar af þessari ástæðu er þetta bull og rakalaus ósannindi, eins og ræðumaður Alþfl., hv. þm. Hafnf., lýsti yfir. En vitanlega er slík yfirlýsing ekki talin nein sönnun af Bændafl.

Sannleikurinn er sá, að enginn maður úr Alþfl. né öðrum flokki nefndi neitt við mig um lyfjabúðina Iðunni, nema form. ihaldsflokksins, Ólafur Thors. Hann gekk um þvert gólf í þessum sal til mín og spurði mig, hvernig mér litist á, ef Sjálfstfl. bæri fram frv. um einkasölu á lyfjum. Ég sagði honum blátt áfram, að hann skyldi tala um það við form. Bændafl. Síðan hefi ég ekki heyrt neitt um þetta mál, og enginn maður hefir nefnt það við mig síðan. Þetta kom til tals á fundi við Ölfusá, sem ég boðaði til eftir að ég var knúður til að segja mig úr Bændafl. Þar átti ég orðastað við Svavar Guðmundsson og Jón í Dal, og urðu þeir þar alveg að láta í minni pokann, sem von var að.

Nú hefir þessi ræðumaður látið sér sæma, að taka það hér upp aftur, og ég skil nú ósköp vel, að hann hefir gert þetta. Hann hefir fyrr og síðar sýnt það, að hann er trúr þjónn Ólafs Thors, en það vita allir, að engum manni var verr við mjólkurlögin en einmitt þeim hv. þm., enda hefir hann lýst yfir hér á fundi, að þeir Korpúlfsstaðamenn töpuðu á mjólkurmálinu, og þá var það sjálfsagt, að hv. ræðumaður Bændafl. tæki það upp og fylgdi honum trúlega að þessu eins og öðru. Annars hefir hann haft það embætti á hendi að svívirða mig, hvenær sem hann getur komizt að því, án þess að ég hafi nokkurntíma sagt eitt einasta styggðaryrði til þessa manns, og get ég sagt ykkur ástæðuna til þess. Það er blátt áfram af því, að mér hefir verið það hreinn viðbjóður að eiga orðastað við þennan þm., og ég mundi telja það alveg þýðingarlaust að reyna að hafa nein áhrif á þennan hv. ræðumann Bændafl. til hins betra, því að það er satt, sem gamall orðskviður segir: Seint er afglapa að snotra. — Góða nótt!

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 44. fundi í Nd., 20. apríl, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JG, PZ, PÞ, SigfJ, SE, StJSt, ÞorbÞ, ÁÁ, BÁ, BB, GG, JörB.

nei: GÍ, GTh, HannJ, JakM, JJós, JónP, JS, ÓTh, PO, SK, GSv.

10 þm. (HV, JÓl, MT, PHalld, TT, BJ, EmJ, EystJ, FJ, GÞ) fjarstaddir.

2.—4. gr. samþ. með 12:7 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 11:10 atkv.

Frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

34. Atvinna við siglingar.

Á 23. fundi í Nd., 20. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 104 23. júní 1936, um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum (þmfrv., A. 111).

Á 27. og 28. fundi í Nd., 30. og 31. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 29. fundi í Nd., 2. apríl, var frv. enn tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 17 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

***Flm. (Bergur Jónsson):** Eins og tekið er fram í grg., er frv. þetta fram komið í samræmi við samþykkt, sem gerð var á flokksþingi framsóknarmanna og hljóðar svo: „Að endurskoðuð verði lögin um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum og þess þá gætt, að iþyngja sjávarútveginum ekki um of með kröfum um mannahald o. fl., sem ekki er alveg bráðnauðsynlegt vegna öryggis sjófarenda, og þess sé jafnframt gætt að miða kröfur um mannahald og útbúnað á íslenzkum flutninga- og farþegaskipum við þær kröfur, sem þær þjóðir gera, sem íslenzk flutninga- og farþegaskip þurfa að keppa við". Samþykktin var gerð vegna ýmsra kvartana, sem komu frá mönnum hvaðanæfa úr verstöðvum landsins, sem sýndu fram á það, að hin stutta reynsla af VI. kafla laganna um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum, sem sé kröfurnar um réttindamannahald á skipum landsmanna, hefðu þegar sýnt það, að lítt bærilegt væri fyrir útveg landsmanna að þola svo strangar kröfur um réttindamenn sem lögin heimtuðu. Við athugun kemur það líka í ljós, að lögin gera svo harðar kröfur í þessa átt til báta og skipa t. d. frá 20—30 rúmlestir, að undrun sætir, að slíkt ákvæði skuli hafa komizt í gegnum Alþingi. Samkv. fyrri ákvæðunum þurfti bátur af þessari stærð aðeins að hafa einn siglingarfróðan skipstjóra eða formann og einn vélamann, en samkvæmt lögum nr. 104/1936 þarf lærðan skipstjóra, stýrimann og 2 vélamenn. Svo þarf auðvitað matsvein á skipið, svo að ekki er rúm fyrir neinn háseta. Frv. færir þetta í sama horf og áður var, og er áreiðanlega í því full trygging fyrir sjófarendur, enda er það reynsla, að reyndum, ólærðum fiskimönnum er fullt eins vel trúandi til að sjá bátum farborða á þekktum fiskimiðum, sem þeir hafa stundað ár eftir ár, og lærðum skipstjórum. Samkvæmt frv. er tryggt, að formaður og vélamaður séu lærðir, og er ástæðulaust að ganga lengra. Hitt eykur ekkert öryggi sjófarenda, en ákvæði laganna íþyngja sjávarútveginum óhæfilega og útilokar reynda, ólærða sjómenn og mikinn hl. fiskimanna. Óánægjuraddirnar hafa verið mjög háværar úr öllum helztu verstöðvum landsins. Hitt er annað mál, að rétt er að lækka hámarkið, t. d. úr 75 í 40 tonn, ef menn álíta öryggginu betur borgið með því, en nægilegt mun vera að hafa lærðan skipstjóra og vélamann á þeim bátum, sem koma daglega í höfn, og mundi ég ganga inn á þá lækkun. Öðrum kröfum frv. er mjög í hóf stillt. Tilgangurinn er að létta af þeim kostnaði, sem leiðir af of miklu réttindamannahaldi. Veit ég, að margir munu vera mér sammála um, að það, sem lögin ákveða um starfsmannahald, megi vel breytast, eins og að þar, sem vélstjóra hefir verið krafizt, megi aðstoðarmaður koma í staðinn, og aðrar viðlíka lækkaðar kröfur. Í 1. gr. er hámark rúmlestatölu yfirleitt hækkað til þess að minnka kröfurnar um stýrimenn. Er það að áliti reyndra siglinga- og fiskimanna fullkomlega verjandi. — Í 2. gr. er létt mikið á kröfunum um stýrimannahald á varðskipum. Í stað 3 stýrimanna á 200 rúmlesta skipi eða stærra er nú krafizt 2 stýrimanna á 100—300 rúmlesta skipi, 1 stýrimanns á skipi undir 100 lestir og 3 stýrimanna á skipi yfir 300 rúm-

lestir. Eru kröfur þessar vafalaust nægilega miklar og þungbærar fyrir landhelgisgæzluna. Í 3. gr., um vélamenn á eimskipi, eru kröfurnar hinar sömu í fyrstu liðunum, fyrir 50—300 hestafla vél, en prentvilla hefir þar átt sér stað, þar er vísað í 31. gr. í stað 27. gr. Á skipi með 300—800 hestafla vél er aðeins felldur niður aðstoðarmaður í vélarúmi, og ef um farþegaflutningaskip er að ræða, kemur aðstoðarmaður í vél í stað aðstoðarvélstjóra. Um fjarða- og flóaskip er haldið sömu kröfum og í lögunum, þ. e. a. s. um 2 vélstjóra. Á eimskipum með 800—1200 hestafla vél eru gerðar sömu kröfur, nema aðstoðarvélstjóra sleppt. Ef slíkt skip er farþegaskip, varðskip eða björgunarskip, er breytingin sú, að aðeins er krafizt 1 undirvélstjóra í stað 2. Á eimskipum með 1200—2500 hestafla vél er fækkað um aðstoðarvélstjóra. Á farþegaskipum með yfir 1800 hestafla vél er krafizt 2 undirvélstjóra í stað 3. Aðrar kröfur eru ekki um fækkun vélstjóra á eimskipum, og get ég ekki skilið annað en að menn sjái, að hér er stillt í hóf. Mun í þessu vera fullkomið öryggi fyrir þessi skip, en kostnaðurinn lækkaður að mun. — Í 4. gr. er rætt um mótorskip, og hefi ég komið fram með nokkrar breytingar. Er 3 fyrstu liðunum ekki breytt nema að því leyti, að fiskiskip og bátar, sem leggja ætla daglega á land, þurfa að hafa aðstoðarmann í stað undirvélstjóra. Er það nokkur léttir á útgerðarkostnaði fiskibáta. Ákvæði um skip með 150—400 hestafla vél eru óbreytt. Ákvæði um skip með 400—900 hestafla vél eru óbreytt að öðru leyti en því, að felld er niður skyldan til þess að hafa aðstoðarvélstjóra við 600—900 hestafla vél. Ennfremur eru sett undanþáguákvæði um aðstoðarvélstjóra á farþegaskipum á flóum og fjörðum, en slík skip eru bráðnauðsynleg og full ástæða til að gera kostnaðinn við þau ekki of mikinn. Við 900—1300 hestafla mótora er felldur niður aðstoðarvélstjóri, og ef um farþega-, varð- eða björgunarskip er að ræða, er undirvélstjórum fækkað úr tveimur í einn. Við 1300—2000 hestafla mótora er fækkað um aðstoðarvélstjóra. Og á farþega-, varð- og björgunarskipum með 1900 hestafla mótor eru tveir undirvélstjórar í stað 3. Við mótora yfir 2600 hestöfl er 1 aðstoðarvélstjóri í stað 2.

Af framansögðu sést, að ekki er gengið of langt í fækkunarkröfunum, en mjög stillt í hóf, líklega of mikið. Tilgangurinn er að reyna að létta nokkuð á sjávarútveginum, sem er ein af lyftistöngunum undir lífi þessarar þjóðar, og ganga þannig frá ákvæðunum um rekstur hans, að honum verði ekki ofurefli að standa undir þeim.

Við verðum að gæta þess, er við gerum kröfur til skipastóls okkar um réttindamannahald og annan kostnað, að láta hann ekki fara fram úr því, sem tíðkast hjá keppinautum okkar, ef við ætlum að reyna að vera samkeppnisfærir. Í l. er á öllum flutninga- og farþegaskipum, hvort sem er hjá Eimskipafélagi Íslands, Ríkisskip eða öðrum skipafélögum, krafizt eins réttindamanns fleira hjá okkur, bæði á þilfari og í vélarúmi, heldur en hjá nágrannaþjóðunum, svo sem Norðmönnum, Svíum og Dönum, en það eru þó miklu ríkari þjóðir en við. Hvernig eigum við að standast samkeppni við þær með því lagi, að gera þyngri kostnaðarkröfur til skipa okkar heldur en þessar þjóðir leyfa sér og telja nauðsynlegar vegna öryggis. Og munu þessar menningarþjóðir eigi hafa fullt vit á að gera nægilega ríkar kröfur til öryggis skipa sinna? Má í því sambandi nefna Norðmenn, sem eru tiltölulega ein mesta siglingaþjóð veraldarinnar og sigla skipum sínum um öll höf, en þeir gera þó minni kröfur til réttindamannahalds en við gerum með okkar lögum. Á öllum stærri togurum okkar, frá 350—450 brútto rúmlestir, er heimtað í lögum okkar einum réttindamanni meira, bæði á þilfari og í vélarúmi, en hinar ríku og stóru þjóðir, Englendingar og Þjóðverjar, heimta á sínum stærstu nýjustu og vönduðustu togurum, þótt þeir séu allt að 600 rúml. á stærð og hafi yfir 1000 hestafla vél. En það munar ekki miklu, þótt vélarnar séu nokkru stærri; ef betri frágangur er á þeim, þá ætti ekki að þurfa að gera meiri kröfur til pössunar á þeim en minni vélum, sem verr eru gerðar og því mundi þurfa hlutfallslega meiri pössunar. Við verðum að taka tillit til þess, þótt við viljum ganga sem bezt frá öllum ákvæðum um réttindamannahald á skipum okkar, að við megum ekki ganga svo langt, að við ofbjóðum sjávarútveginum fjárhagslega, því að togaraútgerð á Íslandi á að öllu leyti erfiðara en útgerð stórþjóðanna, og má þar nefna Englendinga og Þjóðverja. Togarar okkar eru reknir með lánsfé með 7½—8% vöxtum, en þeirra togarar greiða 3—3½% af sínu rekstrarfé. Þeir fiska á sömu miðum og sækja sömu markaði, en sá er munurinn, að við verðum að greiða 10% innflutningstoll í Englandi og sæta ýmsum óhagstæðum kjörum í Þýzkalandi. Við höfum 18—19 manna skipshöfn á fiskiskipum, en Englendingar 13—14 manna. Af öllum þessum ástæðum og líka af því, að við verðum að sætta okkur við „kvóta“, sést, hversu mikill aðstöðumunur er fyrir okkur og þá, og hve fráleitt er fyrir okkur að gera harðari kröfur um kostnað og réttindamannahald til okkar þrautpínda sjávarútvegs en þessar þjóðir telja þörf á, sem geta þó miklu betur leyft sér að leggja aukinn kostnað á sína útgerð.

Ég vona, að menn sjái nauðsyn og réttmæti þessa máls og taki því með sanngirni. Legg ég til, að því verði vísað til sjútvn., og er ég tilbúinn að ganga inn á allar sanngjarnar aths., sem sú hv. n. kann að koma fram með, en ég er sannfærður um, að stefna frv. er rétt og sjálfsögð.

*__Páll Þorbjörnsson:__ Hv. þm. Barð. gat þess í ræðu sinni, að á síðasta flokksþingi framsóknarmanna hefði verið gerð ályktun vegna sjávarútvegsmála og að frv. væri flutt í framhaldi af þeirri ályktun. Ég verð að segja, að mér kemur það dálítið spanskt fyrir sjónir, að þessi mikla óánægja og slæma reynsla af l. um atvinnu við siglingar, sem hv. flm. talar um, skuli ekki hafa komið fram annarsstaðar en á flokksþingi framsóknarmanna; þar sem sjávarútvegs-

menn hafa með sér ýmsan félagsskap í hinum ýmsu verstöðvum, svo og Fiskifélag Íslands, furðar mig, að engin aths. skuli koma frá þeim félögum, heldur kemur umkvörtun frá flokksþingi framsóknarmanna. Það liggur við að mig gruni, að svipuð ástæða muni vera fyrir því, að þetta frv. er flutt, og sú, sem lá til flutnings till. til þál., sem hv. þm. Mýr. flutti á síðasta þingi og gekk í sömu átt, að skerða öryggi á sjónum, en hún var flutt vegna eins skips, sem Framsfl. telur skipta sig miklu, það er „skandalaskipsins“ Laxfoss. Mér þykir nokkuð hart, að þegar lög hafa verið sett fyrir 8 mánuðum um atvinnu við siglingar og þau byggð á reynslu, sem fengizt hefir af eldri lögum, sem búin voru að standa í nær 22 ár, og á reynslu nágrannaþjóðanna, að þá eigi eftir 8 mánaða reynslu að umturna lögunum vegna eins skips í flotanum. (**BJ**: Á þetta við frv.?) Já, en ég skal taka það fram, að mér þykir sennilegt, að hv. flm. viti ekki, hvaða ástæða lá til, að þetta mál kom inn á flokksþing framsóknarmanna. Ég þykist sjá, að hv. flm. hafi ekki verið einn í ráðum við samningu frv., því að það er kastað svo höndum að samningu þess, að ég er viss um, að hann hefir ekki samið það. Hann mun hafa tekið við því sömdu og ekki farið nægilega vel í gegn um það, en gengið út frá því, að það væri rétt, sem stendur í grg., að það ætti að létta undir með útveginum, lækka kröfur um mannahald og bæta úr þeim ágöllum, að ekki væri kostur nægra réttindamanna. En þetta er alveg skakkt. Frv. eykur stórkostlega kröfurnar, svo að eftir nokkur ár mundi mótorbátaflotinn verða í stökustu vandræðum með að fá yfirmenn á skipin. Þetta mun þó ekki hafa vakað fyrir þeim, sem samdi frv., en það er svo úr garði gert, að óvart verður afleiðingin sú, að þeir, sem hafa rétt til að vera skipstjórar, verða 15—20 á flotanum samanlagt, vegna þess, að ef frv. þetta yrði að lögum, eru þær kröfur, sem maður þarf að uppfylla til að verða skipstjóri, þessar: *Vera 36 mánuði á fiskiskipi, 18 mánuði á skipi* yfir 75 sl. og 2 vetur á stýrimannaskóla í Reykjavík. Með þessu eru hin svokölluðu minni próf alveg þurrkað út, svo að í stað þess, að þeir, sem vilja verða yfirmenn á vélbátum, geta nú látið sér nægja nám um 3—4 mánaða tíma, verða þeir eftir þessu frv. að ganga 2 vetur á stýrimannaskóla í Reykjavík. Eftir að hafa lokið þar prófi, verða þeir að sigla í 18 mánuði á skipi yfir 75 rúmlestir, en það eru varla nokkur skip yfir 75 lestir, sem stunda samskonar veiðar og þessir menn ætla að stunda síðar meir. Ef þetta frv. verður að lögum, verða skipstjórar mótorbátaflotans að fá uppeldi sitt á fiskiskipum togaraflotans. Ágalli frv. er sá, að um leið og þurrkaðir eru út stýrimennirnir, þá er ekki gert ráð fyrir, hvernig menn eiga að geta orðið skipstjórar, því að í lögunum er gerð sú krafa, að skipstjórar hafi verið stýrimenn fyrst. Verði þetta frv. að lögum, er loku skotið fyrir, að hægt verði að fá formenn á vélbáta. — Flm. gat um í framsöguræðu sinni hina miklu erfiðleika, sem sjávarútvegurinn ætti við að stríða, og að ekki næði nokkurri átt að íþyngja honum með auknum kröfum um mannahald fram yfir það, sem aðrar þjóðir gerðu. Lögin um atvinnu við siglingar, sem samþ. voru á síðasta þingi og voru til umr. á 2 þingum eru ekki fyrstu lögin um þetta efni. Þau eru byggð á reynslu undanfarinna 22 ára og á reynslu nágrannaþjóðanna og þeim lagaákvæðum, sem þær eru nú að koma á hjá sér, og það mun alls *ekki vera talið neitt happ fyrri sjávarútveginn*, að dregið sé úr þeim kröfum um mannahald, sem lögin gera. Um vélstjóra á gufuskipum er svo stórt spor stigið aftur á bak, að skip Eimskipafélags Íslands eiga að hafa færri vélstjóra en krafizt var 1914.

Ég mun að sjálfsögðu ekki setja mig á móti því, að mál þetta komist til n., og býst ég við, að það verði sjútvn., en í henni eigum við hv. flm. báðir sæti, en annars vona ég, að frv. fái hægt andlát annað hvort í n. eða utan hennar.

Annars verð ég að segja viðvíkjandi því, sem hv. þm. sagði, að meiri kröfur væru gerðar hjá okkur um mannahald á skipum heldur en meðal þeirra þjóða, sem við eigum við að keppa um siglingar, hjá Norðmönnum, Dönum og Svíum, að ég held, að þetta sé ekki rétt hjá honum. Hann sagði, að hjá okkur væri einum manni fleira bæði á þilfari og í vél heldur en á skipum hjá þessum þjóðum. Mér er kunnugt um, að Sameinaða gufuskipafélags skipin hafa nákvæmlega eins marga menn á þilfari og í vél eins og við á okkar skipum. Þar eru 3 vélstjórar og 3 stýrimenn. Ég skal ekki fullyrða, hverju dönsk löggjöf gerir ráð fyrir í þessu efni. En þetta félag, sem hefir reynslu af hinum erfiðu og hættulegu siglingum við Ísland, veit, að nauðsyn krefur þetta mannahald, til þess að sæmilegs öryggis sé gætt.

Þá var hv. þm. að tala um þann aðbúnað, sem togaraútvegurinn íslenzki ætti við að búa hér í þessu þjóðfélagi og hinsvegar hjá Bretum. Sagði hv. þm., að vaxtakjörin væru 3—3½% þar, en hér hjá okkur 7—7½%. Og hann sagði, að íslenzkir togarar yrðu að greiða 10% toll af fiski á brezkum markaði, en brezkir togarar þyrftu þess ekki. Og mér skildist hann segja þetta til stuðnings því, að fækka þyrfti mönnum bæði á þilfari og í vél á ísl. togurum. Mér er kunnugt um það viðvíkjandi starfsmannahaldi á þilfari á togurum t. d., að það væri *alveg sama, hvaða löggjöf yrði sett um það, hún* mundi ekkert draga úr kostnaðinum við það. Það er alls ekki svo, að stýrimenn eða skipstjórar á togurum séu eins og einskonar stássstúlkur. Þeir vinna eins og aðrir skipverjar. Annar stýrimaður er raunverulega ekki annað en háseti. Hann gengur að verkum eins og hásetar *og mun* ekki hafa hærra kaup en hæsta netamannskaup. Þótt því löggjöfin færi að skipta sér af því, mundi slíkt ekki hafa nokkurn sparnað í för með sér fyrir útveginn. Það er nauðsynlegt fyrir togaraútgerðina að hafa á þilfari á togurum, auk fyrsta stýrimanns, 2 menn, sem hafa það mikla kunnáttu og leikni í störfum sínum, að þeir geta í viðlögum unnið verk stýrimanns, svo að þeim verður að borga það kaup, er þeir fá nú sem stýrimenn. Þess vegna kemur alveg í sama stað niður, hvort þeir heita beztu netamenn eða annar stýrimaður og bátsmaður. En

viðvíkjandi því, sem hv. þm. Barð. sagði um vaxtakjörin, vil ég taka fram, að Alþfl. hefir flutt 2 frv. til stuðnings togaraflotanum. Vil ég þá, að þeir, sem standa að þessu frv., sem hér er til umr., sýni vilja sinn á því að reisa þennan atvinnuveg úr rústum með því, að taka vel undir þessi mál með okkur alþýðuflokksmönnum

*__Sigurður Kristjánsson:__ Ég get sparað mér að segja nokkuð verulegt um málið á þessu stigi þess. Það fer að sjálfsögðu til n., sem ég á sæti í, og ég geri ráð fyrir, að ég segi þar það, sem ég tel mig þurfa að segja um málið almennt. Ég vil aðeins láta í ljós, að ég tel það miður farið, þegar verið er að koma fram með gagngerðar breyt. á l., áður en þau hafa staðið eitt einasta ár, eins og farið er að tíðkast hér á Alþ. Nú má vel vera, að eitthvað megi betur fara í þessari löggjöf heldur en nú á sér stað. En mér virðist samt sem áður, að ákaflega lítil trygging muni vera fyrir því, að mikil þekking liggi á bak við frv., sem runnið er undan rifjum „mosaþingsins" og fjallar um sjávarútvegsmál.

Skal ég ekki fjölyrða um einstök atriði frv. En ég tel alveg sjálfsagt, að það verði sent hlutaðeigendum til álits og umsagnar, bæði þeim starfsstéttum, sem það snertir sérstaklega, og líka þeim mönnum, sem eiga þarna fjárhagslegra og atvinnulegra hagsmuna að gæta, sem eru útvegsmenn.

__Sigurður Einarsson:__ Hv. 3. landsk. er búinn að taka fram ýmislegt af því, sem ég ætlaði að segja við þessa 1. umr. Ég ætlaði sérstaklega að leggja áherzlu á það, að sú n., sem fengi þetta mál til athugunar, athugaði gaumgæfilega ýmislegt það, sem virðist liggja á bak við þau ákvæði, sem frv. gerir ráð fyrir, að verði lögfest. Ég held nefnilega, að bæði í ræðu flm. og í frv. sjálfu liggi skilningur, sem álítast verði stórkostlegt skref aftur á bak, frá því sem nú er í þessu máli. Að það sé of mikið réttindamannahald á skipum okkar, eins og hv. flm. orðaði það, nær ekki nokkurri átt að halda fram. Hv. flm. má vera þess alveg fullviss, að löggjöfin hefir í þessu efni ekki reynt að troða neinum kvöðum upp á sjávarútveginn, sem ekki voru nauðsynlegar, til þess að öryggi manna væri sæmilega borgið.

Þá sagði hv. flm. frv., að ákvæði þess færu ekki lengra en svo, að gætt sé fulls öryggis fyrir skipin. Þetta er vægast sagt algerlega út í loftið talað, enda reyndi hv. þm. ekki að færa rök fyrir þessari staðhæfingu sinni. Þessa hlið málsins álít ég, að hv. sjútvn. eigi að rannsaka sérstaklega vel og að hún þurfi að leita álits um þetta atriði frá Fiskifélagi Íslands, Eimskipafélagi Íslands og öðrum slíkum aðiljum, sem margra ára reynslu hafa um þetta mál. Þá er það engin röksemd í þessu efni, þó að rekstur þeirra skipa, sem annast flutninga á flóum og fjörðum inni, sé dýr og að miklu leyti borinn uppi af því opinbera. Þó að svo sé, þá er það augljóst, að hið opinbera mun aldrei tefla öryggginu á sjónum í hættu fyrir það eitt, að kostnaður verði nokkru meiri, vegna þess að þess sé gætt. Tilgangur frv. getur verið góður, eins og hv. flm. sagði. En af sjómönnum og því fólki, sem afkomu sína á undir sjávarútveginum, mun vera litið svo á, að þetta frv., ef að l. verður, sé stórt spor aftur á bak, frá því sem nú er. Hv. 3. landsk. benti á, að það er alls ekki rétt, að í íslenzkri löggjöf séu gerðar harðari kröfur á hendur útveginum en hjá Dönum. Í þessu efni er íslenzk löggjöf sniðin á mjög svipaða lund og hjá öðrum þjóðum. Siglingar með ströndum fram við flutninga og fiskveiðar um dimmasta tíma ársins og á vetrarvertíð eru langt um hættulegri en siglingar á milli landa og heimsálfa eins og siglingar Norðmanna að miklu leyti eru. Þess vegna, þó að finna megi dæmi um það meðal annara þjóða, að slíkar kröfur um kunnáttumannahald á skipum séu ekki gerðar eins háar meðal þeirra eins og hjá okkur, þá er það út af fyrir sig engin sönnun þess, að okkur tjái að sníða löggjöf okkar eftir því, sem hjá Norðmönnum er gert.

Þá býst ég ekki við, að útgerðarmenn eða eigendur togara né aðrir slíkir séu eins bjartsýnir eins og hv. flm. á það, að hægt sé að bjarga við okkar sárþjáða sjávarútvegi, eins og hv. þm. Barð. sagði, með því að kippa einum réttindamanni úr vél og öðrum af þilfari, vegna þess að þetta hefir a. m. k. mjög takmarkaða þýðingu fjárhagslega fyrir útgerðina. En þetta getur auðveldlega orðið að meinum og slysum, sem gætu orðið margfalt dýrari en sem sparnaðinum næmi. Mér er kunnugt um það af persónulegum kynnum við ýmsa menn, að almenn ánægja er með löggjöfina um atvinnu við siglingar eins og hún er nú. Þessi löggjöf var byggð á langri reynslu og sett samkvæmt óskum hlutaðeigenda, sem kunnar voru um mörg undanfarin ár. Og það er eftirtektarvert, að þótt l. séu búin að vera eins lengi í gildi og þau hafa verið, þá hefi ég ekki heyrt, að af hálfu útvegsmanna eða þeirra, sem gera út skip til siglinga hér, hafi verið kvartað um áníðslu vegna þessarar löggjafar. Hafa þeir þó borið fram kvartanir óhikað út af þeim l., sem þeir hafa álitið iþyngja sér, svo sem skattaálögum og öðrum slíkum.

Það er, að ég ætla, einhverra hluta vegna, meira áhugamál flokksþings framsóknarmanna heldur en þeirra, sem það kemur raunverulega meira við, að stiga þetta spor, að draga úr öryggi við atvinnu við siglingar: þeirra manna, sem vinna við þær, og þeirra, sem skipin gera út.

*__Flm. (Bergur Jónsson):__ Það fór nú eins og ég bjóst við, að þær mundu ekki vera veigamiklar röksemdirnar á móti þessu frv. Þær eru fyrirfram pantaðar hjá þessum mönnum af einum sósíalista í Ed., sem staðið hefir á móti samningi þessarar löggjafar. Þessir tveir flokksbræður hans, sem talað hafa hér, hafa staðið upp bara vegna þessara pantana. Það hefir aldrei orðið þess vart, að hv. 3. landsk. hafi nokkurntíma haft nokkurt vit á útgerðarmálum. Frekar voru þó rök í ræðu hv. 9. landsk., þó að ég vilji ekki gera samanburð á skynsemi þessara þingmanna. En það verð ég að segja um hv. 9. landsk., að hann á dálitið vont með að greina

á milli góðs og ills, og er honum það sennilega ósjálfrátt. Þess vegna er ekki rétt að fara langt út í að ásaka hann fyrir það. En vel væri þess vert að gera tilraun til að lækna hans andlega sjúkleik.

Hv. 3. landsk. sagði, að þetta frv. væri borið fram vegna eins skips og að það væri af sama toga spunnið og þáltill., sem borin hafi verið fram á síðasta þingi af hv. þm. Mýr. Það sér nú hver óvitlaus maður, hvílík reginvitleysa þetta er, því að í frv. er um að ræða að breyta öllum kaflanum um réttindamannahald, þar sem 3. landsk. hefir sagt, að með þessu frv. sé miðað við eitt skip, sem annast flóabátsferðir hér við land. Ég fæ ekki séð, að miðað sé neitt sérstaklega við það skip í frv. fremur en önnur skip.

Það, sem hv. 3. landsk. minntist á undanþáguákvæði frv. viðvíkjandi stærð bátanna í sambandi við réttindi stýrimanna, virtist mér gefa til kynna, að hann liti á fiskibáta landsmanna eins og nokkurskonar skólaskip. Þessir bátar eru ekki skólaskip, heldur til þess fyrst og fremst að færa björg í búið frá fiskimiðunum. Hv. þm. vildi ganga fram hjá því, sem ég tók fram í ræðu minni, að ég vildi fúslega ganga inn á lækkun takmarksins, sem hann var að tala um, kannske niður í 40 smálestir. Yfirleitt er ég fús til að ganga inn á allar skynsamlegar röksemdir. En vegna þess að hv. 3. landsk. gekk alveg fram hjá þessu í minni ræðu, þá er allur sá kafli ræðu hans um þetta efni, sem var allmikill kafli af hans ræðu, alveg út í loftið.

Ég vil þá benda þessum hv. þm. báðum, sem staðið hafa nú hér upp til andmæla, á það, að hvergi í þessu frv. er neitt bann gegn því, að hafa á skipum kunnáttumenn umfram það, sem gert er að skyldu í þessu frv. að hafa. Ég veit, að þeir sjá það vel, hv. þm., að það er hverjum útgerðarmanni í sjálfsvald sett, hversu marga kunnáttumenn hann hefir á skipum sínum, þrátt fyrir þessa lagabreyt.

Þessir hv. þm. töluðu um, að þetta frv. væri spor aftur á bak. Ég álít, að farið sé aftur á bak, ef iþyngt er að óþörfu sjávarútveginum. En þeir kalla það skref í framfaraátt. Það þýðir ekkert fyrir okkur að þrátta um þessi tvö sjónarmið, og allra sízt, ef hv. þm. tala um þau af þeirri tegund sanngirni og skynsemdar sem raun hefir á orðið.

Þá töluðu þessir hv. þm. um, að ég vildi draga úr öryggginu á sjónum. En það er langt frá því. Ég benti á það í minni ræðu, að það væri á engan hátt líklegt, að ákvæði frv. drægju úr öryggginu á skipunum. Það er eftirlitið og skipaskoðunin, sem þarf að vera í góðu lagi. En það er ekki öryggi skipanna, sem þessir hv. þm. bera fyrir brjósti. Þeir eru aðeins að hugsa um einn stéttarbróður sinn, sem komið hefir til þeirra til þess að fá þá sem samherja sína til þess að snúast gegn málinu.

Hv. 9. landsk. þm. sagðist ekki hafa heyrt neinar kvartanir út af l., sem frv. gerir till. til breyt. á. En ég get þá aftur sagt honum það, að í mínu umdæmi hafa komið kvartanir frá mörgum sjómönnum úr hverri einustu verstöð þar. Ég efast ekkert um, að hv. þm. Borgf. getur líka upplýst, hvernig menn hugsa um þessi lagaákvæði á Akranesi. Sannleikurinn er, að það hefir fjöldi manna í ýmsum verstöðvum landsins komið með rökstuddar kvartanir út af þessari löggjöf.

Hv. 9. landsk. sagði, að ég hefði ekki sannað það, að öryggginu á skipunum væri borgið með frv. minu. Ég vil þá benda þeim hv. þm. á það, að sönnunarskyldan hvílir fullt eins mikið á honum og hv. 3. landsk., að sanna að frv. dragi úr öryggginu á skipunum, þar sem þeir gerast til að mótmæla frv. Ég fer eftir því, sem mjög reyndir menn á þessu sviði hafa upplýst mig um. Og þar að auki liggur málið ákaflega ljóst fyrir.

Þá sagði hv. 9. landsk., að leita bæri umsagnar hlutaðeigenda um þetta og að ekki hefðu komið umsagnir um málið frá viðkomandi aðiljum. En í þessu sambandi vil ég geta þess, að mjög nákvæm umsögn kom frá Eimskipafélagi Íslands um þetta mál til sjútvn. í fyrra, þar sem félagið baðst undan því, að auknar yrðu kröfur til mannahalds, vegna þess að slíkt væri óþarfi og of dýrt, og vegna þess, að ef slíkar kröfur væru í l., yrði að breyta skipum félagsins og búa til ný herbergi handa þessum mönnum, en fyrir þau væri alls ekki rúm á skipunum. Umsagnir frá fleirum munu hafa komið um þetta. Það er þess vegna alveg út í hött, þegar þessir hv. þm. vilja neita því, að kvartanir hafi komið fram út af þessari löggjöf.

Hv. 3. landsk. talaði um frv., sem hann og flokksbræður hans bæru fram hér á Alþ. um alhliða viðreisn sjávarútvegsins. Þeir vita það sjálfir, og það er einnig öllum öðrum kunugt, að þeir bera það mál ekki fram í neinni alvöru, heldur er það frv. bara kosningabomba, af því að Kveldúlfsbomban sprakk ekki. Annars gefst betra tækifæri til að tala um það mál síðar.

*__Páll Þorbjörnsson__: Ég heyrði ekki nema nokkuð af ræðu hv. flm. En mér þykir sennilegt, að ég hafi heyrt það af ræðu hv. þm., sem við kemur því, sem ég sagði hér áðan.

Hv. þm. sagði, að fiskifloti landsmanna ætti ekki að vera nein skólaskip. Ég er alveg á sama máli um það. En ég vil bara benda hv. þm. Barð. á, að það þurfa fleiri en sýslumenn og bæjarfógetar að fá undirbúning undir sitt starf. Og það hefir ekki ennþá þótt henta, að þeir menn, sem vinna eiga á sjónum, lærðu sitt starf annarsstaðar, t. d. uppi í sveit. Þeir hafa enn sem komið er þurft að læra það úti á skipum, til þess að geta innt það sæmilega af hendi. Þess vegna verður ekki framhjá því farið, að þeir verða að vera nægilega lengi um borð í skipi.

Þá sagði hv. þm., að hann hefði getið um það, að hann væri fús til að færa niður takmarkið úr 75 smálestum niður í 40 smálestir, fyrir stærð skipa viðvíkjandi undanþágum fyrir stýrimenn. En þetta raskar ekki því, sem ég sagði. L. um atvinnu við siglingar kveða svo á, að til þess að maður geti orðið skipstjóri, þurfi hann fyrst að vera stýrimaður. Og þó að skip séu ekki nema 40 smálestir að stærð, þá getur enginn orðið skipstjóri á þeim, nema hann hafi áður verið stýrimaður á einhverju skipi.

Þá hélt hv. þm. Barð. því fram, að mikill fengur væri í því, að geta fækkað þessum starfsmönnum. Ég sýndi honum fram á, að hvað sem löggjöfin segir um þetta efni, þá er ekki hægt að fækka þessum starfsmönnum á togurum. Þessum mönnum kemur til með að verða borgað sama kaup í báðum tilfellum, og er hér því ekki um neinn sparnað að ræða, heldur bara svona skrautstafi á prenti. Ég vil ennfremur benda hv. þm. á, að það er alls ekki svo, að fjölgað hafi verið um einn einasta mann á mótorbátunum. Það eru nákvæmlega jafnmargir á bátunum, síðan ákveðið var að stýrimenn skyldu vera á þeim, eins og áður, bæði í síldveiðum hv. flm. og annarsstaðar. Öryggið hefir bara aukizt við það, að fleiri menn eru um borð í hverju skipi, sem kunna til þeirra sérstöku verka, sem stundum þarf að grípa til. Hv. þm. minntist einnig á vélgæzlumennina. Ég vil benda honum á, að það er búið að henda í sjóinn stórfé á undanförnum árum, jafnvel hundruðum þúsunda, eingöngu vegna þess að lítt hæfir menn hafa gætt vélanna í bátunum. Hver vélin á fætur annari hefir verið eyðilögð af þekkingarleysi, sem eðlilegt er, þegar kannske aðeins einn maður er um borð til þess að gæta vélar, sem gengur sólarhring eftir sólarhring. Þessi eini maður verður að sofa eins og aðrir menn, og þá verða að vera við vélina á meðan menn, sem alls enga eða mjög takmarkaða þekkingu hafa á henni. Það er áreiðanlegur hlutur, að þessi ímyndaði sparnaður, að hafa ekki nema einn vélamann, hefir komið út sem stórkostlegt tap.

Þá var hv. flm. að tala um, að það hvíldi sú skylda á okkur andmælendum frv., að sanna, að öryggi sjómannanna væri skert með því að samþ. frv. Ég hygg, að það sé ákaflega auðvelt, auðveldara heldur en oftast er að sanna sitt mál. Það getur enginn neitað því, að það hlýtur t. d. að vera meira öryggi í því, að hafa tvo vélamenn um borð. Hvernig á að fara að, ef aðeins einn maður kann að fara með vélina og hann dettur fyrir borð? Ef tveir eru, er þó annar eftir. Sama er að segja um störfin á þilfari. Er ekki meira öryggi, ef fleiri en einn maður er um borð, sem kann að taka stefnu og þviumlíkt? Það er þetta sama öryggi í báðum tilfellum, sem felst í því, að fleiri en einn maður sé á skipinu, sem kann þau verk, sem allt getur oltið á, að sæmilega séu leyst af hendi. Það er yfir höfuð svo, að til þess að skapa öryggi þarf allsstaðar eitthvað að vera til vara.

Hv. þm. var að tala um, að Eimskipafélag Íslands hefði í fyrra sent harðorð mótmæli gegn l., sem þá voru sett um atvinnu við siglingar. Mér þykir þetta mjög sennilegt, því að það er ekki hægt að ganga framhjá því, að Eimskipafélag Íslands er á mörgum sviðum mjög afturhaldssöm stofnun. Því til sönnunar má t. d. benda á, að þótt skip Eimskipafélagsins séu ekki öll gömul, þá er ekki einu einasta þeirra stjórnað úr lokaðri brú, þótt yfirleitt sé hætt að hafa opna brú á farþegaskipum annarsstaðar. Eitt sjálfsagt öryggistæki held ég, að öll ríkisskipin hafi, bæði farþegaskipin og varðskipin, en eimskipafélagsskipin ekki, sem þó þykir ekki hlýða, að nútímafarþegaskip vanti, nefnilega dýptarmæli. Þetta sýnir, að Eimskipafélag Íslands er fremur afturhaldssamt fyrirtæki, og annað kemur ekki fram í þeim mótmælum, sem hv. þm. talaði um.

Hv. flm. fannst það ekki tilheyra, að ég væri að blanda inn í þessar umr. frv. okkar alþýðuflokksmanna um viðreisn sjávarútvegsins. Mér fannst rétt, þegar hann stendur hér upp og talar um hina miklu umhyggju sína og síns flokks fyrir sjávarútveginum, að vekja athygli á því, að honum gefst nú tækifæri til að sýna á haldbetri hátt, hver hugur fylgir máli. T. d. greiðir sjávarútvegurinn útflutningsgjald, sem landbúnaðurinn gerir ekki. Nú er tækifæri til að létta því af. (**PO:** Það var nú líka tækifæri til þess á síðasta þingi. Hvernig var því tekið?) Það má vera, en það, sem ekki var gert á síðasta þingi, hlýtur að vera eins gott nú, hafi það verið til bóta þá. (**PO:** Það er gott að iðrast fyrir dauðann). Ég vona að hv. þm. Borgf. fari nú að iðrast afstöðu sinnar til dragnótaveiðanna. (**PO:** Við tölum nú um það síðar).

Hv. þm. Barð. sagði, að það lægi engin alvara á bak við flutning frv. okkar alþýðuflokksmanna um viðreisn sjávarútvegsins. Ég veit ekki, hvort hann heldur, að við munum hætta við að greiða þeim atkv., ef þau fá nægilegan stuðning til að ganga fram. En ef meiri alvara liggur bak við orð hans um umhyggju fyrir velferð sjávarútvegsins á meðal hans flokksmanna, þá gefst þeim tækifæri til að sannprófa, hvort við hvikum frá því, að greiða viðreisnarfrv. atkv. Það er nú ekki gengið lengra í þessum frv. en það, að miklu minna fé er ráðgert að verja til viðreisnar sjávarútveginum heldur en á sínum tíma var tekið til að rétta við landbúnaðinn.

Hv. þm. Barð. sagði, að það væri ekki umhyggja fyrir öryggi sjómanna, sem fyrir mér og hv. 9. landsk. vekti, þegar við andmæltum þessu frv., heldur hagsmunir vissra stétta í þjóðfélaginu. Ég skal alls ekki neita því, að við berum þá menn að einhverju leyti fyrir brjósti líka, sem hafa atvinnu af þeim starfsgreinum, sem frv. nær til. En fyrst og fremst eru þessi umræddu ákvæði komin í löggjöfina til þess að auka öryggið, og það öryggi er jafnnauðsynlegt nú eins og það var fyrir 8 mánuðum, þegar löggjöfin um atvinnu við siglingar var samþ. Hitt er náttúrlega rétt, að ég og aðrir hafa tilhneigingu til að vera ekki að svipta menn þeirri atvinnu, sem þeir hafa einu sinni fengið og búið sig undir að gera að æfistarfi.

***Pétur Ottesen:** Ég veit nú satt að segja ekki, hvort ég á að ráða að blanda mér inn í þennan heimiliskrit á kærleiksheimili sósialista og framsóknarmanna, sem er að rísa upp hér í hv. d. í dag. Það kemur bezt fram í þessum umr., að þeir sósialistar, sem tekið hafa til máls í dag, kunna ákaflega illa að sætta sig við það, að framsóknarmenn skuli leyfa sér að hafa aðra skoðun heldur en þeim þóknast, og þeir undrast yfir því, að það skuli hafa átt sér stað, að samþykktar hafi verið till. á nýafstöðnu flokksþingi Framsfl., sem brjóta gersamlega í bága við vilja sósialista. Það er nefnilega þetta nýja

viðhorf, sem sósialistar eiga svo bágt með að átta sig á. Það er svona dálitið líkt því, sem andatrúarmenn segja um ástand okkar, sem klæddir erum holdi og blóði, eftir að við skiljum við þessa veröld, að þá taki nokkuð langan tíma að átta sig á hinu nýja viðhorfi.

Það hefir verið dregið í efa, einkum af hv. 3. landsk., að nokkur veruleg óánægja hafi risið út af ákvæðum l. um atvinnu við siglingar, þeirra er samþ. voru í fyrra. Ég verð að lýsa undrun minni yfir því, hvað lítið samband virðist vera milli þeirra sósialista, sem hér hafa talað, og hæstv. atvrmh., því að mér er kunnugt um, að hann hafði ekki af öðru meira ónæði í vertíðarbyrjun í vetur, þegar átti að fara að framkvæma þessi lög, heldur en heimsóknum úr verstöðvunum hér við Faxaflóa út af ákvæðum þeirra. Svo var óánægjan megn. Menn höfðu ekki í annað hús að venda heldur en fara til hæstv. atvmrh. og sjá til, hvað hann gæti gert, hvort nokkra undanþágu væri að fá, og ef svo væri ekki, leggja að ráðh. að gefa út bráðabirgðalög til þess að breyta þessum ákvæðum. Ég get um þetta talað, því að ég var í hópi þeirra manna, sem sendir voru út af örkinni til þess að tala við ráðh. um þetta. Í því sambandi var það, að hann tjáði mér, hvað margir hefðu leitað til hans út af þessu. Því er ég undrandi yfir því, ef flokksbræður hæstv. ráðh. hafa engin orð heyrt falla af hans munni um, hvað mikilli óánægju þessi ákvæði hafa valdið, ekki aðeins hér við Faxaflóa, heldur einnig í öðrum verstöðvum kringum land.

Þeir, sem andmælt hafa þessu frv., tala mikið um, að með því sé verið að ráðast á öryggi sjómannanna. Ég mun hér sérstaklega gera að umtalsefni þau atriði l., sem snerta vélbáta frá 20 rúmlesta stærð. Á þessum bátum heimta l., að bætt sé við stýrimanni og vélstjóra, þótt þeir komi daglega að landi, eins og er á vertíðinni hér við Faxaflóa. Það er dálítið einkennilegt, að sjómennirnir í þessum verstöðvum, sem öryggisins eiga að njóta, skuli ekki koma auga á þetta aukna öryggi, sem hv. 3. landsk. og hv. 9. landsk. eru að tala um. Þeir leggja ekki meira upp úr þessu en svo, að þeir kveinka sér við þeim kostnaðarauka, sem það hefir í för með sér og vitanlega lendir á allri skipshöfninni, þar sem um hlutaskipti er að ræða, því að það er ekki annað en fjarstæða hjá hv. 3. landsk., að hér sé ekki um neinn kostnaðarauka að ræða. Það er rétt, að skipverjar eru jafnmargir, en þessir menn fá sérstaka borgun fyrir að heita fyrsti stýrimaður og annar vélstjóri. Ég held því, að þessi óánægja sé á þeim rökum reist, þar sem að henni standa sjómenn yfirleitt, að það sé fullkomin ástæða fyrir Alþingi að taka tillit til hennar og fara að óskum sjómannanna. Að því leyti held ég, að þetta frv. sé sízt að ófyrirsynju fram borið. Það kunna að vera á því einhverjir gallar, eins og hv. 3. landsk. hélt fram að væri, t. d. ekki eins greiður aðgangur að því eins og áður var fyrir menn að geta orðið smáskipa-skipstjórar. Er þá sjálfsagt að sníða þá af frv., því að þeir eru komnir inn í það fyrir einhver mistök og stefna í öfuga átt við heildarstefnu frv. Það er í lófa lagið fyrir hv. sjútvn., sem hv. flm. frv. á sæti í, að laga frv. í hendi sér, því að það nær ekki nokkurri átt, að láta höfuðtilgang frv., sem er á fullri sanngirni byggður, gjalda þess, þótt inn í frv. hafi slæðzt einhver ónákvæmni. Útgerðin stendur svo höllum fæti hjá okkur nú, að ekki er ástæða til að hlaða á hana auknum tilkostnaði, sem þeir, sem við útgerðina vinna á sjó og landi, telja óþarfan. Þótt segja megi, að þessa tilkostnaðar, sem hér er um að ræða, gætti ekki mikið út af fyrir sig, þá vita menn, að allir þessir smábögglar, sem búið er að hengja á útgerðina, eru ekkert smáræði, þegar þeir koma allir saman, heldur er nú orðinn af þeim sá meginþungi, sem útgerðin er að kikna undir.

Sigurður Einarsson: Í ræðu þeirri, er ég hélt hér til þess að andmæla þessu frv., hélt ég, að ég hefði hagað orðum mínum þannig, að laust hefði verið við persónulega áreitni við flm. frv., hv. þm. Barð. Og það er vegna þess, að ég geri þann mun min og hans, að ég vil ekki yfir höfuð telja það þess vert, þótt skoðun minni sé andmælt, að ráðast á menn með fúkyrðum og persónulegum aðdróttunum. Hitt er löngu kunnugt í þessari hv. d., að þessi hv. þm. á dálitið örðugt með að stilla skap sitt, þegar hann á orðastað við mig, sennilega vegna þess að eitthvað er það í viðskiptum okkar þarna vestra, sem honum er ekki ennþá úr minni liðið og hefir sárnað undan. Ég tek ekki nærri mér að sitja fyrir ónotum hans, en vildi bara óska, að honum bötnuðu þessi eymsli fyrr en seinna. Hv. þm. var að tala um, að ég mundi þurfa að leita mér lækninga við einhverju meini. Það er ekki nema von, að honum komi slíkt í hug, einmitt þetta, að þurfa að leita sér lækninga. En það er ekki fremur sagt til þessa hv. þm. heldur en hvers annars sem væri, að ef ein hlið á húsi manns er úr gleri, þá ætti maður ekki að snúa henni að, þegar maður kastar steini. Mér kemur það undarlega fyrir sjónir, ef það er látið heita svo um þetta frv., að það sé fram borið af því, að l. um atvinnu við siglingar, sem enn eru ekki orðin ársgömul, séu svo mikill háskagripur í garð sjómanna, að ekki megi við þau hlíta nema kippa sumum atriðum þeirra lengra aftur á bak en til þeirra laga, sem áður giltu. Ef þessum lögum hefði verið flaustrað gegnum þingið undirbúningslítið og lítt hugsuðum, hefði mátt til vorkunnar virða, þótt menn þættust finna á þeim ærna galla. En nú er alls ekki því til að dreifa, því að þessi lög lágu hér fyrir tveimur þingum og fóru í gegnum 8 umr. alls, auk allrar athugunar í n. Þetta kynni nú ekki að hafa verið nóg til þess að tryggja, að lögin yrðu ekki annar eins gallagripur eins og af þessu frv. mætti ráða og sem væntanlega hefði orðið, ef samningu þeirra hefði upphaflega verið flaustrað af. En nú voru þau samin af mþn. og varið til þess miklum tíma. Ég veit ekki betur en í þeirri n. ætti sæti m. a. sá maður, sem sjómannastéttin hefir um langan aldur falið ýms trúnaðarstörf, og sjálfstæðismenn áttu þar einn bezt mennta sjávar- og siglingafræðing þjóðarinnar, svo að af þeirra hálfu ætti að vera viðunanlega til frv. vandað

í upphafi. Þegar á þetta er litið, hvað rækilegan undirbúning þessi lagasetning hefir fengið og hvað skamman aldur hún hefir verið í framkvæmd, tel ég mjög mikið glapræði, að gera á henni svo stórfelldar breytingar, að ekki er einu sinni í öllum atriðum látið staðar numið við það ástand, sem var, áður en þessi l. voru sett, heldur horfið til eldra og að minum skilningi lélegra ástands en þá var. Hitt kann að vera, að við fyrstu framkvæmd laganna hafi orðið einhverjir örðugleikar á að fá þeim framfylgt, og að menn hafi kunnað ýmsum ákvæðum þeirra miður vel, eins og nýmælum yfir höfuð, án þess að það þurfi að liggja í því, að verið sé að iþyngja mönnum með óþörfum útgjöldum eða öðru líku. Mér er kunnugt um, að í sérstökum umdæmum hefir verið örðugt að fá viðunandi framkvæmd á þessum lögum, og sumsstaðar hefir félagsskapur sjómanna orðið að kæra til yfirvaldanna yfir sleifarlagi á framkvæmd þeirra, þar sem hreppstjórarnir hafa brotið svo freklega þær reglur, sem settar eru um kunnáttu vélamanna o. fl. Einnig er til lögsagnarumdæmi, þar sem svo er ástatt, að *þegar félagsskapur sjómanna bar sínar kvartanir fram*, hotnaði yfirvaldið sjálft ekkert í því, hvernig lögskráningin hafði farið fram á hans eigin skrifstofu; gruflaði hann sig þó fram úr því þegar hvað eftir annað var búið að skaka í honum með þetta. Þess vegna er það nú svo, að þótt einhverjir smáagnúar kunni að vera á því, að fá lögunum framfylgt í fyrsta sinni, að því er bátaútveginn snertir, þá er ekki þar með sagt, að lögin séu þannig úr garði gerð, að með þeim sé verið að leggja á sjávarútveginn óbærar byrðar. Til þess að finna þeim orðum minum stað, að hér sé verið að hörfa til lélegra ástands heldur en tiðkaðist, áður en hin nýju lög um atvinnu við siglingar komu í gildi, skal ég benda á, að elzta skipið í íslenzka flotanum, Gulifoss, hefir haft 3 stýrimenn, síðan það hóf siglingar, en samkv. þessu frv. þurfa ekki skip af þeirri stærð að hafa nema 2 stýrimenn.

Hv. þm. fór að blanda afskiptum minum af flóabátum inn í þessa umræðu. Ég vil endurtaka það, sem ég sagði áðan, að þó að rekstur flóabáta sé nokkuð dýr, og kostnaðurinn að miklu leyti borinn uppi af opinberum framlögum, þá getur það ekki verið afgerandi röksemd fyrir því, að höggva beri verulegt gat á annars vel samræmda trausta löggjöf, til þess að hlifa ríkissjóði við sáralitlum útgjöldum til rekstrar flóabátanna, með því að slaka á kröfunum um skipshafnir á bátum yfirleitt. Mér er kunnugt um, að örðugleikar þess flóabátafélags, sem hv. þm. minntist á, myndu ekki minnka, þótt þetta frv. yrði að l., því að þeir liggja í allt öðrum hlutum. Mér er vel kunnugt um hag þess félags, og hvað viðvíkur rekstrarkostnaði þess, þá liggja sumpart til hans ýmsar persónulegar ástæður, sem hv. þm. er nákvæmlega eins vel kunnugt um og mér. Ég vék að flóabátsfélaginu Norðra, þessu óskabarni okkar beggja, hv. þm. Barð. og mín. Það er vitanlegt, að þetta félag hefir haft menn á kaupi allt árið í kring, og ef til vill lengri tíma stundum en þörf er á. Það virðist því liggja næst, að félagið hagi starfsmannahaldi sínu betur en svo, að það af þeim ástæðum þurfi að rekast með tapi, áður en farið er að rjúka til og breyta löggjöfinni til að vernda þetta og önnur félög, sem líkt stendur á um, með því að fækka kunnáttumönnum. Annars er það um þetta félag að segja, að ég býst við, að við hv. þm. Barð. séum báðir reiðubúnir að leggja því allt það lið, sem við getum. Okkur er það vel kunnugt báðum, að þetta félag er nauðsynlegt og verður að starfrækja, sökum þess að líf og velferð fjölda manna við Breiðafjörð er undir því komið, að félagið geti haldið uppi starfsemi sinni.

Hv. þm. var að tala um það, að sönnunarbyrðin hvildi á mér og hv. 3. landsk., um það, að með þessu frv. væri verið að draga úr öryggi skipa. Sönnunarbyrðin er frá minu sjónarmiði fyrst og fremst fólgin í því, sem ég hefi þegar tekið fram, að mig rekur ekki minni til, að opinberlega hafi komið fram neinar verulegar eða rökstuddar umkvartanir um, að þessi l. væri sú áníðsla á sjávarútveginum, að hann þeirra hluta vegna ætti svo erfitt uppdráttar. Hvað einstakir þm. kunna að hafa hlerað eða *heyrt í þessu efni*, eða hvað fyrir þeim kann að hafa verið borið upp, það er ekki hægt að taka til greina sem almenn rök í þessu máli.

Hv. þm. Borgf. var að brigzla okkur hv. 3. landsk. um það, að við værum að hlaupa hér eftir hagsmunum stéttarbræðra okkar eða flokksbræðra. Ég læt mér svona lagaðar röksemdafærslur í léttu rúmi liggja; hv. þm. má halda hvað hann vill um þetta. En hvað tilgangi þessa frv. við kemur, þá verð ég að segja það, að ég var nú svo kurteis að trúa því, sem hv. þm. Barð. sagði, að hann væri sá sem segir í grg., en eftir öllum umr. um þetta mál, þá fer ég nú satt að segja að vera í stórum efa, að svo sé. Hv. þm. sagði, að mál þetta væri borið fram af þeim ástæðum, að það hefði verið samþ. á flokksþingi framsóknarmanna. Það er nú náttúrlega gott og blessað, en þar með er náttúrlega ekkert um það sagt, að málið þurfi endilega að vera nytsamlegt. Þeirri göfugu samkomu getur vitanlega skjátlazt eins og öðrum. Og þetta getur verið eins og hver önnur Egilsstaðasamþykkt frá sjónarmiði þeirra, sem vit hafa á þessu máli, þó að það slampist í gegn á flokksþingi framsóknarmanna.

*__Páll Þorbjörnsson:__ Það voru aðeins nokkur orð út af ræðu hv. þm. Borgf. Þetta einvígi þeirra hv. þm. Barð. og hv. 9. landsk. er svo skemmtilegt, að það er ekki vert að vera að koma þar upp á milli. Hv. þm. Borgf. var að tala um þá óánægju, sem hefði orðið vart út af l. um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum. Og hann talaði svo um þetta, að ekki var annað að heyra en að hann hefði aldrei fyrr orðið var við, að óánægjuraddir hefðu komið fram út af löggjöf. Það hefir nú hent hér í d., að við hv. þm. Borgf. höfum fylgzt að í máli. Það var frv. til l. um aukin réttindi fyrir mótorvélstjóra. Ég man eftir, að við unnum saman að framgangi þessa máls, og mér er það minnisstætt, að það var ekki lítill skerfur, sem hann lagði þessu máli, því að hann er kapps-

maður mikill á hvora sveifina, sem hann leggst. Og mér er annað minnisstætt, sem virðist vera fallið honum úr minni, en það er, að það varð vart við miklar óánægjuraddir út af þessu máli. Það er eins og ég hefi tekið fram, að mér er ekki grunlaust um, að það sé ein fleyta í flotanum, sem sé orsök í því, að mál þetta er fram komið hér á Alþ. Ég hefi tekið það fram, að þetta skip er Laxfoss. Þó að þetta skip sé lítið og ómerkilegt, þá verður það ef til vill merkilegt að því leyti til, að það geymist í skjölum Alþ., að verið hafi farið að umsteypa heilli löggjöf, sem grípur mjög inn á atvinnulíf margra, vegna þessa skips. Mér skildist það á hv. þm. Borgf., að hann vildi halda fram, að þessi löggjöf væri sett af okkur sósialistum. Það þarf náttúrlega ekki að taka það fram, að við komum engu máli í gegn einir hér á Alþ., enda var það svo, að þessi löggjöf fór hér í gegn um 8 umr. á Alþ., og það nær andstöðulaust. Enda var það ekki nema eðlilegt, að svo rækilega undirbúið mál sem þetta mætti ekki mikilli andstöðu. Það hafði verið undirbúið af 3 manna n., sem aðeins einn sósialisti átti sæti í. Hinsvegar var í n. einn mikilsmetinn sjálfstæðismaður og maður, sem ég vil óhikað segja, að er einn okkar langbezt menntaði siglingafræðingur. Ennfremur var í n. sá maður, sem Fiskifélag Íslands á sínum tíma valdi út úr vélstjórastéttinni til þess að verða sinn starfsmaður og trúnaðarmaður. Ég geri ekki ráð fyrir, að hv. þm. Borgf. dragi það í efa, að þessir menn hafi verið vel til þess fallnir að semja þetta frv. Ég held, að þessir menn séu báðir sjálfstæðismenn, a. m. k. eru þeir hvorugur sósialisti. Og ég hefi ekki mikla trú á, að þeir hafi verið mikið undir pólitískum áhrifum frá þriðja manni í n., þegar þeir sömdu þetta frv.

*__Gísli Guðmundsson:__ Ég vil taka það fram, að ég hygg, að það sé rétt, sem 3. landsk. sagði hér áðan, að þetta mál, um atvinnu við siglingar, sé ekki sérstaklega frá Alþfl. komið og ekki frá honum yfirleitt nema að einhverju leyti, og það þá að því leyti, sem hann hefir átt menn í n., sem hafa fjallað um málið. Ég vil að öðru leyti segja það, að ég tel það vel farið, að þetta frv. hv. þm. Barð. er fram komið, og ég hygg, að þær breyt., sem það gerir ráð fyrir, stefni yfirleitt í rétta átt. En ég vil í sambandi við það, að ég átti sæti í þeirri n., sem fjallaði um þetta mál hér í d. í fyrra, taka það fram, að mér var það þá þegar fullkomlega ljóst, þegar þetta mál var til umr. í þeirri n., að ýms ákvæði þess mundu vera nokkuð athugaverð, og var það þá sérstaklega sá hluti, sem frv. hv. þm. Barð. fjallar um. Það var hinsvegar svo, að það lágu þá fyrir þessari hv. d. samhliða fleiri frv., er snertu þessa hluti, en það voru frv. til l. um stýrimannaskóla, frv. til l. um kennslu í vélfræði og svo þetta frv., og var það talið eðlilegt, að ef eitthvað af þessum málum væri afgr. frá þinginu, þá yrðu þau afgr. saman, vegna þess að þau voru svo nátengd. Og því var það að ég lagðist ekki á móti því í fyrra, að þetta frv. væri samþ., sem nú er l. um atvinnu við siglingar. Hinsvegar bar ég fram brtt. við 62. gr. frv., um það, að l. yrðu endurskoðuð eigi síðar en á reglulegu Alþ. 1938. Enda þó að þessi till. væri samþ. á þingi í fyrra, þá tel ég það í fullu samræmi við hana, að það sé mjög vel farið, að þetta frv. er nú fram komið.

*__Flm. (Bergur Jónsson):__ Ég hefi ekki ástæðu til að segja mikið um það, sem fram hefir komið í síðustu ræðum. Ég vil mótmæla því, að þetta frv. sé borið fram vegna ákveðins skips, Laxfoss. Ég skil satt að segja ekki, hvernig hv. þm. getur verið með svona rökleysur hér í hv. d. Frv. þetta nær bæði til smábátaútvegsins, flutningaskipa og svo togara. Annars talaði þessi hv. þm., 9. landsk., aðallega til hv. þm. Borgf. Þessi langa ræða hv. 9. landsk. gekk nú aðallega út á að sanna, að hann hefði citthvað óskaplega mikið vit á þessum málum. Ég efast ekkert um, að hann heldur það sjálfur. En hann hélt nú líka, að hann væri fær um að ganga undir samkeppnispróf um dósentsembættið í guðfræði við háskólann, en það fór nú á annan veg. Hann fór nú að gera mun á okkur báðum. Mér þykir ekkert á móti því, að gerður sé munur á okkur 9. landsk. Hann var að tala um, að ég færi með fúkyrði. Það gerir hann ekki! Ég legg það undir dóm fólks, hvor okkar sé meiri gosi, hann eða ég. Það er einn stór munur á okkur, mér og þessum hv. þm.; það er sá munur, sem er á baráttuaðferðum okkar. Hv. þm. hefir í sínum viðskiptum við mig aldrei gengið framan að mér með nokkurn hlut, en hann hefir unnið margfalt á bak. Það er sú baráttuaðferð, sem hann hefir notað og ég verð að lýsa yfir, að ég fyrirlít. Og ég verð að segja, að það er ekki vel samboðið manni, sem er að leitast við að verða guðfræðikennari, manni úr prestastétt, manni, sem hefir á hendi ábyrgðarmiklar stöður, að nota slíkar baráttuaðferðir gagnvart keppinaut sínum, að vera eins og þessi hv. þm. eins og mús á fundum, en fara síðan hús úr húsi og rægja. Það er heldur ekki sæmileg aðferð, að skrifa sjálfur blað, sem er 10 dálkar lof um hann sjálfan, en einn dálkur svívirðingar um andstöðumanninn. Þetta er mönnum kunnara vestra heldur en hér syðra. En hræddur er ég um, að það sýni sig við næstu kosningar, að það er munur á þessum baráttuaðferðum, og að sá munur skiptir nokkru máli. Ég vildi aðeins minnast á þetta, svo að ég ekki nefni þá afarsnjöllu aðferð þessa hv. þm., er hann býr til heila pésa og sendir þá út um allar sveitir, þar sem hann þakkar sér alla hluti, sem hafa verið gerðir innan sýslunnar, en þeirra manna er lítið getið, sem hafa staðið að baki hans. Þetta hefir ekki aðeins komið fram í okkar viðskiptum. Hv. þm. hefir borið hér fram 2 frv. á þessu þingi, og það hefir upplýstst, að þeim er báðum hnuplað. Annað er garðyrkjufrv. og hitt er frv. um atvinnu handa unglingum, sem hv. þm. tók í leyfisleysi frá forseta ungmennasambandsins. Að þessu leyti kæri ég mig ekki um að líkjast þessum hv. þm., og ég vil raunar, að það sé gerður munur á okkur í sem flestum hlutum.

*Bjarni Ásgeirsson: Ég hafði ekki hugsað mér að blanda mér í þessar um., en það voru aðeins nokkur orð út af ummælum, sem féllu um mótorskipið Laxfoss. Ég sé satt að segja ekki, hvað þetta skip kemur þessu máli við. Það er að vísu hægt að færa rök fyrir því, að þessi l. hafa í för með sér aukin útgjöld fyrir þetta skip, en að vísu ekki neitt frekar en mörg önnur skip, sem líkt stendur á um. [Eyða í handr.]. Annars veit ég ekki, hvaðan hv. 3. landsk. hefir þetta. Ég held, að allir séu sammála um, að þetta sé ágætt sjóskip. En það hafa komið fram veilur í vél skipsins, sem verið er að bæta úr. Þó hefir þetta ekki komið að sök. Ég get fullyrt, þó að mér sé ókunnugt um, hve mikill sjógarpur hv. 3. landsk. er, að honum væri skipið fyllilega samboðið, hvort sem hann væri þar 3., 4. eða 5. stýrimaður.

Sigurður Einarsson: Ég hefi verið að lýsa eftir því við þessar umr., að tilgreind væru rökstudd opinber mótmæli og aðfinnslur við l. um atvinnu við siglingar, sem réttlættu þetta frv. Þau mótmæli hefir enginn bent á, að fram hafi komið, svo að í rauninni er ekki hægt að henda reiður á því, hvað fyrir meðmælendum frv. vakir. En hinsvegar hafa komið fram mótmæli gegn þessu frv. frá aðiljum, sem taka verður tillit til. Ég vil gera nokkra grein fyrir þeim mótmælum, svo að hv. n. geti metið þau og vegið.

Í slettur hv. þm. Barð. vil ég ekki eyða tíma. Hann er að brýna mig á því, að ég hafi farið halloka í samkeppnisprófi í guðfræði. Að svo stöddu geri ég mér þau úrslit að góðu. En án þess að vilja vera með samskonar slettur í garð hv. þm., vil ég benda honum á, að honum stæði nær að rifja upp codex eticus dómara og lögfræðinga en að brigzla mér, því að mér hefir skilizt sem þjóðin gerði líka nokkrar kröfur til þeirra í þeim efnum. Þegar hv. þm. hefir rifjað þetta upp og lagt á sitt fróma hjarta til eftirbreytni, þá skal ég fúslega skrifta fyrir honum við tækifæri. Um pésann, sem hann segir, að ég hafi dreift út á bak sér, er það að segja, að það voru greinar, sem komu í víðlesnasta blaðinu hér, Alþýðublaðinu, og hefði hann getað svarað þeim, ef embættisáhugi hans hefir þá gefið honum tíma til þess.

Þá eru það hin tvö hnupluðu frv. Um það fyrra er það að segja, að frambjóðendur Alþfl. í Árnessýslu báðu mig að koma til fundar við sig til athugunar á frv. um garðyrkjuskóla, og var frv. samið af okkur í sameiningu. En um frv. um atvinnuleysi ungra manna er það skemmst að segja, að Aðalsteinn Sigmundsson kom að máli við mig, er ég var nýkominn frá útlöndum í vetur, og kvaðst vilja senda mér frv., er hann óskaði, að flutt yrði á þingi. Mér var af flokksmönnum mínum falið að flytja frv., og gerði ég það. Hvers vegna Aðalsteinn Sigmundsson var líka að senda okkur þetta frv., eða hvort það var eins og það, sem hann sendi hv. þm. Barð., og hvers venga það frv., sem honum var sent, kom ekki fram, veit ég ekki. (BJ: Það kom seinna). Það sýnir þá bara, að forseti UMFÍ hefir ekki talið það skipta máli, hvenær hann sendi honum frv. þetta.

Hvaða aðiljar eru það nú, sem helzt ættu að leggja eitthvað til málanna, er svona frv. kemur fram? Ég held, að enginn efi sé á, að Farmanna -og fiskimannasamband Íslands og stjórn Sjómannafélags Reykjavíkur séu slíkir aðiljar. Frá báðum þessum aðiljum liggja fyrir mótmæli. Það fyrrnefnda er samband skipstjóra, vélstjóra og stýrimanna. Þeir hafa sent langt skjal. Ég vil, með leyfi hæstv. forseta, lesa hér niðurstöður þessa álitsskjals:

„Vér leyfum oss því í sambandi við frumvarp það, sem hér liggur fyrir, að setja fram eftirfarandi kröfur og tilmæli:

a) að frumvarp þetta verði fellt þegar í stað, vegna þess að liðug 8 mánaða reynsla af lögum nr. 104 1936, um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum, er fullkomlega ónóg til þess að draga neinar ályktanir um, hvernig þau gefast í framkvæmdinni.

b) að ofangreind lög verði ekki endurskoðuð, fyrr en þau hafa verið nægilega langan tíma í gildi, til þess að séð verði, hvernig þau reynast, og teljum vér minna en 5—10 ár ekki geta nægt. Ennfremur, að lögunum sé ekki breytt, meðan farmenn og útgerðarmenn sem stéttir una þeim.

c) að engin mál, er farmannastéttina varða, séu framvegis afgreidd, án þess að leitað sé umsagnar sambands vors um málin.

d) að ef svo skyldi fara, að frumvarp það, er hér liggur fyrir, yrði ekki fellt viðstöðulaust, þá afgreiði Alþingi ekki málið, án þess að umsagnar sambands vors sé leitað um frumvarpið, og myndum vér þá fara út í einstöl atrði þess".

Þetta eru niðurstöður athugana Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, réttindamannanna, sem hv. flm. frv. telur, að séu allt of margir á skipunum, en lætur sér þó víst ekki detta í hug, að hafi síður vit á þessum málum en hann. En mótmæli Sjómannafélags Reykjavíkur ganga í sömu átt. Heildarniðurstaða þess er, að þetta frv. miði að því að draga úr öryggi á sjónum, að með þessu sé verið að þrengja möguleikana fyrir unga menn til að vinna sig upp í skipstjórastöður og stýrimanna. Ennfremur segir í þessu álitsskjali, að frv. yrði til stórtjóns öryggginu á sjónum, ef að l. yrði. Þá er og kunnugt, að á leiðinni eru til Alþingis mótmæli frá öðrum hlutaðeigendum, og munu þau verða lögð fram við síðari umr. þessa máls. Er ósanngjarnt að hafa að engu umsagnir þessara aðilja, þrátt fyrir það, þó að einhverri flokkssamkundu komi í hug að gera slíkar breyt. sem þessar. Í öðrum málum hefir verið tekið slíkt tillit til hlutaðeigandi hópa. Við setningu l. um alþýðutryggingar hefir t. d. verið tekið sérstakt tillit til fámenns hóps manna, símamanna. Hér er þó um ólíkt fjölmennari hóp að ræða, og er skylt að taka ekki síður fullt tillit til hans.

*Páll Þorbjörnsson: Hv. þm. Mýr. stóð upp til að mótmæla því, að þetta frv. stæði í nokkru sambandi við mótorskipið Laxfoss, en svo fór

hann þó að tala um þau óþörfu útgjöld, sem þessu skipi eru nú lögð á herðar. Hver eru þau? Síðan l. voru samþ. hafa tveir stýrimenn verið á því skipi. — Hv. þm. vildi gera lítið úr minni siglingaþekkingu, en ég get upplýst hann um það, að ég hefi mína vitneskju um þetta mál frá dómbærari mönnum en honum. Annars þarf ekki mikla þekkingu til að sjá, að full þörf er á 2 stýrimönnum á Laxfossi. Skipið er svo mikið í ferðum, sérstaklega sumarmánuðina, að starfið er allt of mikið fyrir einn mann. Skipið hefir mikla farþegaflutninga, og er mikið starf við afgreiðslu farmiða og allt eftirlit um borð. Jafnvel þó að l. ákvæðu að hafa aðeins 1 stýrimann, yrði eftir sem áður af þessum ástæðum að hafa þá 2.

Hv. þm. Mýr. spurði, hvaðan ég hefði þá vizku, sem gerði mér fært að viðhafa þau ummæli, sem ég hafði. Ég hefi mína vizku frá góðum heimildum. Ég vil jafnframt nota tækifærið til að spyrja hæstv. fjmrh., hvort ekki sé til skýrsla manna, sem tilnefndir voru af hæstv. fjmrh. sjálfum, skýrsla, sem sýnir, að af þeim skipum, er sigla hér við land, er ekkert eins gallað og þetta. Annars kemur kaldhæðni örlaganna vel fram í sambandi við þetta skip. Framsfl. hafði falið Pálma Loftssyni að kaupa skipið, en þá reis upp maður úr Sjálfstfl. og réðst ákaft á þetta, og var að lokum Gísla Jónssyni falið að sjá um byggingu þess. Það verður að teljast kaldhæðni örlaganna, að Framsfl. fer nú að slá skjaldborg utan um Gísla Jónsson og verk hans.

***Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Það er rétt, að vegna umtals, er varð manna á meðal um skip þetta, setti ríkisstj. 2 menn til að skoða skipið og athuga, hvort ekki myndi rétt að gera skaðabótakröfur á hendur verkstæði því, er smíðaði skipið. Komu nokkrir gallar í ljós, og fóru nokkur skrif um málið fram og aftur. Voru gerðar kröfur til verkstæðisins um bætur, en mér er ekki kunnugt um, hvort þeim kröfum hefir verið sinnt. Annars er ég ekki bær að dæma um það, hvort ummæli hv. 3. landsk. um skipið hafi við rök að styðjast. Ef hv. þm. eiga að geta myndað sér skoðun í málinu, dugir ekki að slá fram fullyrðingum. Til þess verður að athuga skilríki um málið. Hefi ég þó ekki trú á því, að slíkt hefði mikla þýðingu.

***Flm. (Bergur Jónsson):** Hv. 9. landsk. las hér kafla úr skjali frá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands. Ég vil í því tilefni geta þess, að ég hefi aldrei haldið því fram, að ekki mætti senda frv. til umsagnar hverjum sem væri. En jafnframt vil ég taka það fram, að stéttarfélag stýrimanna getur ekki lítið hlutlaust á þetta mál. Það væri eins og ef ég sem málaflutningsmaður heimtaði, að fjölgað yrði starfsmönnum við hæstarétt, til þess að stéttarbræður mínir fengju atvinnu. Því getur umsögn þessa félagsskapar ekki talizt óhlutdræg. Hér verður ekki síður að leita umsagnar annarra aðilja.

Ég vil ekki fara að deila við hv. 9. landsk. um okkar viðskipti, en vil aðeins upplýsa það, að á þingmálafundinum á Bíldudal, þar sem ég kom með till. um bættar póstsamgöngur við Þorpið, vildi ég, að allir frambjóðendur sameinuðust um till. þessa. Þá sagði hv. þm. við mig: Við skulum bara flytja till. tveir einir. Í þessu kemur vel fram hans hugsunarháttur.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19:2 atkv. og til sjútvn. með 21 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

35. Tekjur bæjar- og sveitarfélaga (frv. JG).

Á 23. fundi í Nd., 20. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um tekjur bæjar- og sveitarfélaga (Þmfrv., A. 112).

Á 25., 27. og 28. fundi í Nd., 23., 30. og 31. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 29. fundi í Nd., 2. apríl, var frv. enn tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 22 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

***Flm. (Jónas Guðmundsso):** Þetta frv., sem ég flyt hér, var tekið til umr. í þessari deild í fyrra. Þá var, eins og öllum er kunnugt, skipuð 3 manna nefnd til þess að gera till. um tekjuöflun fyrir bæjar- og sveitarfélög. N. lagði fram vel undirbúið frv. um tekjur bæjar- og sveitarfélaga. En þm. gátu þá ekki fallizt á þær till., og frv. var svo eyðilagt í Ed. Það þótti ekki við eiga að fara að halda áfram þeirri starfsemi, sem hafði verið á afgreiðslu þess í n., svo það dagaði uppi og varð því ekki að lögum í það sinn.

Sá kafli, sem mest var deilt um í fyrra, var kaflinn um vörugjöldin. Nú var þessi kafli felldur úr frv. í fyrra, og var því talið rétt að taka hann upp í þetta frv., en þó nokkuð breyttan frá því, sem gert var ráð fyrir í fyrra. — Eftir að frv. hafði fengið þessa útreið hjá Alþingi í fyrra, þá var það ráð tekið, að senda frv. eins og það lá þá fyrir þinginu til allra bæjar- og sveitarstjórna til umsagnar, og jafnframt var þess óskað, að þær gerðu till. um öflun tekjustofna fyrir bæjar- og sveitarfélög og hvar hentugast væri að leggja þá á. Nú hafa flestar bæjar- og sveitarstjórnir svarað þessu. Ég hefi þau svör og get látið þau í té þeirri n., sem fær frv. til meðferðar. Samt sem áður geri ég ekki ráð fyrir, að allshn. muni fara ýtarlega gegnum þessi skjöl, en það höfum við gert. Niðurstaðan af þessum svörum varð sú, að undantekningarlaust óskar hvert einasta kauptún og kaupstaður eftir að fá að innleiða vöru-

gjöldin. Svo eru nokkrar bæjar- og sveitarstjórnir, sem ekki hafa svarað. En hinsvegar eru flest öll svör hreppstjórna í þá átt, að þau eru andvíg vörugjaldunum og telja það vera beinan neyzluskatt á sveitirnar. Hreppstjórnir hafa ekki enn komið með eina einustu till., þar sem bent hefir verið á nýjar leiðir í þessu máli, og engin þeirra hefir verið frambærileg til nýrrar löggjafar.

Það er sýnt, að þær till., sem mþn. bar fram í þessu máli í fyrra, eru það eina, sem hægt er að bera fram og að nokkru gagni kemur fyrir sveitarfélögin. Það er ekki hægt að taka svar sem eitt einstakt sveitarfélag sendir og sníða úr því lög, sem eiga að gilda fyrir öll sveitarfélög á landinu.

Ég skal lesa fyrir hv. þm. álit bæjarráðs Reykjavíkur um þetta frv. frá í fyrra. Það er rétt hjá bæjarráði Reykjavíkur, að þetta er eina gjaldið fyrir Reykjavík og alla aðra kaupstaði landsins. En þetta var fellt úr frv. í Ed. í fyrra. Bæjarráðið sá hinsvegar ekki neina aðra tekjuöflunarleið. Að vísu gera þeir till., um að Reykjavík fái meira af útsvörum ríkisverzlananna en ennþá er leyfilegt að taka af þeim, en það á aðeins við Reykjavík eina, og hvað snertir tóbaks- og áfengistollinn, þá gildir það aðeins um Reykjavík eina, svo að ekki kemur til mála, að gera það að löggjafaratriði. — Ég ætla, með leyfi hæstv. forseta að lesa hér útdrátt úr svörum nokkurra kauptúna og kaupstaða viðvíkjandi þessu máli. Bæjarráð Reykjavíkur segir: „Í frv. er ekki um verulega tekjuauka að ræða fyrir Reykjavíkurbæ af öðru en vörugjaldinu skv. II. kafla. Þykir rétt að mæla með því, að þessi kafli nái fram að ganga þó ekki séu líkur fyrir því, að fært verði talið að ákveða svo há vörugjöld, að bæjarsjóði Rvíkur muni verulega um þær tekjur". — Hreppsnefnd Stykkishólms vill að vörugjald verði skv. III. kafla lagafrv., og renni $\frac{2}{3}$ hlutar þess í sýslusjóð, og $\frac{1}{3}$ hluti til viðkomandi hreppsfélags. — Ytri Akraneshreppur segir: „Nefndin telur það æskilegt, að með heimildarlögum yrðu leyfðar fleiri leiðir til tekjuöflunar handa hreppsfélögum, t. d. að heimilað væri að taka vörugjald af að- og útfluttum vörum í kauptúnum og e. t. v. fleira". — Siglufjörður leggur til, að gjalda skuli í héraðssjóð 1% af verðmæti útfluttra sjávarafurða úr héraðinu.

Svona eru svörin frá kaupstaðar og sveitarstjórnum landsins, sem nú liggja fyrir. Og þótt menn haldi, að þungt verði að bera þessi gjöld, þá er eins og nú standa sakir ekki til önnur leið fyrir kaupstaði og kauptún til að fá fé í sveitar- og bæjarsjóði, sem hægt er að treysta, að þangað komi, og ekki kostar mikið að innheimta. Ég hefi tekið upp í þetta frv. I. kaflann, um fasteignaskatt, en þau ákvæði, sem þar eru tekin, veita ekki bæjar- og sveitarsjóðum auknar tekjur, svo að nokkru nemi. En sá kafli gerir annað; hann getur dreift útsvarsbyrðinni yfir á eignir bæjarfélaganna. Að vísu er heimilt að hækka gjaldið frá því, sem verið hefir áður, bæði hér í Reykjavík og annarsstaðar í kaupstöðum, en heimildin er svo rúm í frv., að fá bæjarfélög mundu nota sér það, nema því aðeins að þau væru að komast í greiðsluþrot. Þessi kafli frv. var samþ. í Nd. og Ed. í fyrra, og ég geri ráð fyrir, að fáir séu því andvígir, að sá kafli sé gerður að lögum. — Um vörugjaldið vil ég segja, í viðbót við það, sem ég hefi áður sagt um ráðstafanir fyrir því, að það er lagt á, að breyting, sem hér er gerð frá því í fyrra, er sú, eins og í þessari till. felst, að ætlazt er til, að það verði að fá leyfi ríkisstj. til að fá að leggja þessi gjöld á. Eftir frv. í fyrra var vörugjaldið þannig hugsað, að hver hreppsnefnd gat ákveðið, hvenær leggja skyldi þessi gjöld á. Þetta mætti nokkurri andstöðu í Ed. og var fellt í þeirri deild. En nú hefi ég látið frv. gera ráð fyrir því, að bæjarstjórnir uppfylli viss skilyrði til þess að tryggja það, að þetta gjald verði ekki lagt annarsstaðar á en þar, sem brýn nauðsyn er á. Frv. heimilar ríkisstj. að leyfa bæjarstjórnum og hreppsnefndum í kauptúnum, sem hafa yfir 500 íbúa, að leggja gjald á vörur, sem fluttar eru sjóleiðis að eða frá kauptúninu eða kaupstöðum. Þeir, sem stjórna jöfnunarsjóðum, verða að kynna sér vel fjárhagsástæður og afkomu bæjar- og sveitarfélaga landsins, og þau félög ganga fyrir, sem að dómi sjóðsstjórnarinnar þurfa mestrar hjálpar við. — Frv. gerir ráð fyrir, að ef vörugjaldið er meira en nemur $\frac{1}{4}$ af þeim tekjum, sem bæjarstjórn eða hreppsnefnd áætlar, þá renni það í jöfnunarsjóð bæjar- og sveitarfélaga. Ég veit, að sumir þm. hafa eitthvað við þennan kafla að athuga, en ég vildi, að þeir sömu þm. bentu á einhverjar aðrar leiðir til að rétta hag bæjar- og sveitarfélaga heldur en þessa leið, sem hér er bent á, því að allt tal manna um að taka tekjustofna ríkissjóðs og veita þeim til bæjar- og sveitarfélaganna, eins og nú er ástatt um hag ríkissjóðs, er svo fjarri öllu lagi, að það getur tæplega komið til greina. Þau gjöld mundu nema allt að 400 kr. fyrir öll bæjar- og sveitarfélög á landinu, og mestur hluti þess mundi lenda til Rvíkur, þar sem fasteignamat Rvíkur er mikill hluti af fasteignamati landsins, og með því yrði sáralítið gert til að auka tekjur bæjar-og sveitarfélaga eins og þörf er á.

Ég geri ráð fyrir, að menn hafi strax tekið eftir því, að í þessu frv. er ekki gert ráð fyrir, að sveitarfélög þau, sem ekki eru kauptún, fái neinar aðrar tekjur en sinn hluta af því tillagi, sem kemur úr jöfnunarsjóði bæjar- og sveitarfélaga, sem ætlazt er til að verði myndaður eftir III. kafla frv. með útsvörum þeirra fyrirtækja, sem þar eru talin og ég síðar mun minnast á. Ástæðan fyrir því, að svo er ekki, er sú, að vegna aðgerða síðasta þings gagnvart sveitafélögunum í landinu, þá hafa þau með breyt. á framfærslulögunum og með uppgjörinu í Kreppulánasjóði bæjar- og sveitarfélaga yfirleitt fengið þann létti, að þeim er miklu betur borgið í framtíðinni heldur en kaupstöðunum. Með þessari löggjöf, sérstaklega framfærslul., hafa kvaðir, sem áður hvíldu á hreppsnefndum sveitanna, færzt yfir á kaupstaðina og kauptúnin. Hinsvegar hefir kaupstöðum og kauptúnum ekki verið séð fyrir neinum tekjum á móti til þess

að standa undir þeirri framfærsluskyldu. Þess vegna er í frv. lögð megináherzla á, að kaupstaðir og kauptún fái auknar tekjur, þar sem í hinum tilfellunum hefir verið lögð aðaláherzlan á að létta af sveitarfélögunum framfærslukostnaðinum, og síðar með uppgjörinu í Kreppulánasjóði hefir verið grynnt á skuldaþunganum, sem á þeim hvíldi áður, og skuldirnar komnar á þann grundvöll, að þær hvíla tiltölulega mjög létt á sveitarfélögunum. Það er því mín skoðun, og einnig sumra annara í n., að það, sem hér beri að gera fyrir þingið, sé að tryggja kaupstöðunum og kauptúnunum auknar tekjur til þess að standa undir þeim auknu byrðum, sem á þau hafa verið lagðar með lagabreyt. frá síðari þingum. Það er sjálfsagt, eins og gert er ráð fyrir í III. kafla frv., að ætla nokkurt fé til þess að skipta milli sveitarfélaga landsins og veita þeim á þann hátt nokkra ívilnun eða greiðslu, sem kemur til þeirra án nokkurrar fyrirhafnar og tekin er af fyrirtækjum og þeirri starfsemi, sem rekin er af ríkinu. Verzlunarfyrirtæki ríkisins eiga eftir þessum till. að greiða sama gjald og verið hefir til þeirra staða, þar sem þau hafa aðalbú og útibú, en auk þess eiga þau að greiða jafnmikið og þau nú greiða til þessara staða, sem á að skiptast milli allra bæjar- og sveitarfélaga landsins. Þá er lagt til, að síldarverksmiðjur ríkisins greiði ¼% af andvirði seldrar framleiðsluvöru verksmiðjanna. Þetta gjald á að renna í sama sjóð. Ég vil benda á, að þegar gert er ráð fyrir í frv., að lagt sé á vörugjald, þá nær það gjald vitanlega til síldarverksmiðjanna og framleiðslu þeirra og kaupa þeirra á erlendum vörum. Með því að leggja á vörugjald, þá er fenginn af verksmiðjunum skattur, sem í flestum tilfellum nemur því, að lagt sé á þær upp undir ½% af seldri vöru verksmiðjanna. Það er ekki gert ráð fyrir að síldarverksmiðjur greiði sérstakt gjald í bæjarsjóð, þar sem þær hafa aðalstöðvar eða útibú, heldur greiði þær vörugjald samkv. II. kafla frv. og ¼%, sem skiptist milli allra sveitarfélaga landsins. Þá er gert ráð fyrir, að Sölusamband íslenzkra fiskframleiðenda, sem nú er undanþegið útsvari, en rekur þó geysimikla verzlun með saltfisk og aðrar aðalútflutningsvörur landsmanna, greiði ¼% í sama sjóð og ríkisverksmiðjurnar, enda verður ekki með neinum rökum á móti því mælt, að slík fyrirtæki eiga að vera útsvarsskyld. Grundvellinum undan fjármálum allra sveitarfélaga í landinu er kippt burtu, ef gera á mikið af fyrirtækjum þannig úr garði, að þau séu leyst undan allri útsvarsgreiðslu, en hún komi yfir á þá, sem lítið hafa með höndum og lítið bera úr býtum. Algengast hefir verið og er enn þá hér á landi að leggja meginþungann af öllum byrðum sveitarfélaga og kaupstaða á þá, sem stunda atvinnuna, en ekki þá, sem græða á atvinnurekstrinum. Til þeirra næst í svo fáum tilfellum.

Þá er lagt til, að Mjólkursamsalan greiði ¼% af samanlögðu andvirði seldrar mjólkur og mjólkurafurða, og gjaldið skiptist eins og áður er sagt. Þessi fyrirtæki voru í fyrra undanþegin því, að greiða útsvar og tekju- og eignarskatt. Því er haldið, að þau greiði ekki tekju- og eignarskatt. Það er því ekki lagt til, að þau l. verði numin úr gildi, heldur aðeins þau ákvæði, sem koma í bága við þetta frv. Það er gert ráð fyrir, að þetta renni í jöfnunarsjóð bæjar- og sveitarfélaga. Það er ennfremur gert ráð fyrir, að árlega skuli úthluta úr jöfnunarsjóði 90% af árlegum tekjum sjóðsins til bæjar- og sveitarfélaga landsins, og það skuli gert á þann hátt, að ⅔ hlutum sé skipt milli hreppa landsins og kaupstaða eftir íbúatölu og ⅓ hluta skal varið til þess að greiða að fullu eða lækka lán hreppa- og bæjarfélaga og skiptast eftir till. sjóðsstjórnarinnar á sveitarfélögin eftir ástæðum á hverjum tíma. Þetta er sama og við höfðum í frv. í fyrra. Þó þannig að þá átti að skipta þessu öllu með tilliti til þarfa, en ekki eftir íbúatölu. Um tilhögunina á stjórn sjóðsins er það að segja, að hún er óbreytt, frá því sem áður var.

Ég þarf svo í rauninni ekki að fjölyrða um þetta frv. Ég hefi borið þetta frv. fram miklu meira til þess að það komi í ljós, hver afstaða Nd. er til vörugjaldsins, sem hún hefir ekki átt kost á að segja álit sitt um áður. Þessi deild fékk í fyrra ekki færi á að segja álit sitt um það, hvort hún vill heimila kaupstöðum og kauptúnum, sem þurfa og óska, að leggja á vörugjald. — Það eru líka tekin upp í þetta frv. atriði, sem ég fyrir mitt leyti tel nauðsynlegt og æskilegt að komist í framkvæmd að svo stöddu.

Einn nm. frá í fyrra, hv. 1. þm. Eyf., hefir flutt hinn partinn af frv. n. frá í fyrra í Ed., ef ég má svo að orði komast. Ég hefi ekki fylgzt með því, hvað langt það mál er komið þar. En ef það er þar enn og það er vilji þingsins, að reyna á einn eða annan hátt að tryggja sveitarfélögunum, sérstaklega kaupstöðum og kauptúnum, auknar tekjur, þá fyndist mér vel til fallið, ef þetta frv. fer í n., sem ég geri ráð fyrir, að verði allshn., að n. beggja d. héldu með sér fundi um þetta mál og athuguðu bæði frv., og svo væru búnar til úr þeim till., sem mætti gera ráð fyrir, að fengjust samþ.

Ég geri ráð fyrir, að þetta frv. sæti nokkrum andmælum, en ég vil endurtaka það, sem ég sagði áður, að allir kaupstaðir landsins, sem svöruðu bréfum atvmrh., óska eftir vörugjaldinu. Á hverju þingi undanfarið hafa verið fluttar till. fyrir ýmsa kaupstaði og kauptún, um að fá að leggja eitthvert slíkt gjald á. Sérstaklega vil ég minna á, að bæjarstjórnin á Akureyri hefir einum rómi samþ. og skorað á þingið að samþ. l. um vörugjald. Ennfremur er það kunnugt, að flestir kaupstaðir landsins hafa á síðasta ári afgreitt fjárhagsáætlanir sínar með tekjuhalla í þeirri von, að Alþ. sæi þeim fyrir tekjustofnum á þessu ári.

Ég vænti því, að hv. allshn. taki þessar till. minar til velviljaðrar yfirvegunar, og ef hún hefir þar eitthvað betra fram að færa heldur en við, sem störfuðum í n. í fyrra, þá væri æskilegt, að hennar till. þar um kæmu fram.

Ég vil enda þessa ræðu mína á því sama sem ég byrjaði á og endurtaka, að ekkert sveitar-

félag í landinu, sem sendi till., og enginn þm. hefir komið fram með neitt annað, sem gæti leyst þetta mál, heldur en þær till., sem komu frá n. í fyrra.

Gísli Guðmundsson: Ég vil ekki láta þetta mál fara svo í gegnum þessa umr., að ég veki ekki máls á því, að mér finnst þetta frv., sem hv. 6. landsk. ber fram, vera að ýmsu leyti allmikið lakara en það frv., sem borið var fram í fyrra í hv. Ed. að tilhlutun mþn., sem hv. þm. átti sæti í. Það er sérstaklega áberandi, hversu miklu verr er séð fyrir hag sveitahreppanna heldur en var í frv. frá í fyrra.

Hv. þm. lét svo um mælt, að hann bæri þetta frv. fram í þessu formi að mjög miklu leyti til þess að gefa þessari d. tækifæri til þess að taka afstöðu til þess hluta frv. frá í fyrra, sem niður var felldur í Ed. og kom þess vegna ekki til þessarar hv. d. Ég veit ekki, hvort þetta á að skiljast svo, að hv. þm. ætlist ekki til, að þetta frv. verði að l., heldur aðeins að álit d. komi fram á þessum sérstaka kafla, sem hún greiddi ekki atkv. um í fyrra. Hvað sem því líður, þá virðist mér það mjög til hins lakara, að frv. er borið fram í þessu formi.

Ég skal ekki fara út í einstök atriði frv., enda tilheyrir það frekar 2. umr., heldur aðeins láta nægja að vekja athygli á þeim mun, sem mér finnst á málinu eins og það kemur frá hv. þm. og eins og það var í fyrra. Þó eru einstök atriði, sem ég hefi sérstaklega tekið eftir, og m. a. eitt, sem ég vildi vekja athygli á. Það eru þær till., sem hér eru um skattgreiðslu síldarverksmiðja ríkisins. Í frv. n. frá í fyrra var, ef ég man rétt, gert ráð fyrir, að síldarverksmiðjur ríkisins greiddu í hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarsjóði 1% af andvirði seldra afurða. Nú er þetta orðið þannig, að hér er í 27. gr. frv. gert ráð fyrir, að síldarverksmiðjurnar greiði ekki 1%, heldur ¼% af andvirði seldrar vöru, og það á ekki að renna í bæjar- eða sveitarsjóð viðkomandi bæjar- eða sveitar, heldur í jöfnunarsjóð, sem úthluta á úr eftir sérstökum reglum, sem nánar eru tilgreindar. Mér finnst þetta á ýmsan hátt óeðlilegt. Í fyrsta lagi sé ég ekki ástæðu til þess, að flm. skuli hafa fært þetta svo mikið niður frá því, sem hann áleit rétt í fyrra, og vitanlega er það þar sizt of hátt ákveðið, ef með sanngirni er á það litið. Í öðru lagi virðist mér undarlegt að ætlast til, að gjaldið renni í jöfnunarsjóð, en ekki í sveitar- eða bæjarsjóð viðkomandi sveitar- eða bæjarfélags. Þetta gjald af síldarverksmiðjunum væri, ef það yrði að l., hliðstætt því útsvari, sem síldarverksmiðjur í einkarekstri greiða, og rennur það vitanlega alltaf í hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarsjóð.

Ég skal svo ekki hafa um þetta fleiri orð, en vildi ekki láta frv. fara svo frá umr., að ég ekki vekti athygli á þessu.

***Flm. (Jónas Guðmundsson):** Ég geri ekki ráð fyrir, að það verði miklar umræður um málið við þessa umr. En út af ummælum hv. þm. N.-Þ., þar sem hann spurðist fyrir um það, hvort ég ætlaðist ekki til, að frv. næði fram að ganga, þar sem ég sagði, að frv. væri fram borið til þess að fá álit d. á aðalatriðinu, sem ég tel vera vörugjaldið, þá get ég bæði svarað því játandi og neitandi. Ég tel, að ef vörugjaldið er fellt úr þessu frv., eða hverju öðru frv., sem er um tekjur handa sveitarfélögum landsins, þá sé þýðingarlaust að samþ. það vegna kaupstaðanna. Það er ekki hægt að fá það fé, sem kaupstaðir og kauptún þurfa að fá í sína sjóði, til þess að standa undir auknum álögum, þar sem útgerðin hefir dregizt saman og útsvarsgreiðslan minnkað frá því, sem áður var, nema með því að leggja þetta gjald á. Ef það er skoðun þessarar hv. d., að ekki beri að leggja á vörugjaldið, þá sé ég fyrir mitt leyti ekki, að það hafi neina þýðingu að samþ. nokkuð um það efni hvað þau snertir. — Það er vitanlegt, þar sem frv. hv. 1. þm. Eyf. gerir ráð fyrir, að lagður verði aukatollur á alla aðra tolla landsins, sem fyrir eru, og honum skipt eftir höfðatölu milli allra íbúa landsins, að hlutur kaupstaða og kauptúna verður í því tilfelli svo smár, að það munar svo lítið um það fé, sem þannig fæst í bæjar- og sveitarsjóðina, að það er líka þýðingarlaust að samþ. það þarna.

Ég vil því svara þessari fyrirspurn hv. þm. N.-Þ. á þá leið, að ef bæði allshn. og sérstaklega hv. d. vill samþ. vörugjaldið, þá álít ég, að hún eigi að samþ. frv. En ef hún ekki vill samþ. vörugjaldið, þá álít ég, að hún geti látið vera að samþ. frv. (GSv: Það var í fjhn. í fyrra). Ég hefi ekkert á móti því, að málið fari til fjhn.

Þá spurði hv. þm. um það, hvernig stæði á því, að nú væri ekki gert ráð fyrir, að síldarverksmiðjurnar greiddu nema ¼% í staðinn fyrir 1% í fyrra, og nú ætti gjaldið að renna í jöfnunarsjóð en ekki í sveitarsjóðina, eins og þá var gert ráð fyrir. Það er alveg rétt, að þarna er stórfelld breyt. frá því, sem var í fyrra. En ástæðan er sú, að ef kaupstaðirnir fá heimild til þess að leggja á vörugjald, en það höfðu þeir ekki eftir frv. eins og það leit út, þegar það kom til Nd. í fyrra, þá fá þeir þar tekjur, sem gera meira til jafnaðar heldur en þó þeir fengju leyfi til þess að leggja útsvör á fyrirtækin. Svo er hitt einnig, að síldarverksmiðjur ríkisins eru ekki fyrirtæki einstakra manna, sem sett eru niður á þeim stöðum, þar sem eigendurnir hafa áhuga á að reka fyrirtækin, heldur fyrirtæki, sem þjóðin hefir stofnað til þess að greiða fyrir atvinnurekstri landsmanna. Um verksmiðjurnar á Siglufirði, þar sem er aðalstöðin, er það að segja, að þar eru skip frá öllum höfnum landsins, sem eiga nokkur skip til síldveiða, og koma þangað með sinn afla, svo að það er sanngjarnt, að sem flestir landsmenn fái hlutdeild í því útsvari, sem þessi fyrirtæki eru látin greiða, á sama hátt eins og ætlazt er til með fyrirtæki, sem ná yfir stór svæði, eins og S. Í. F., sem nær yfir allt landið, að það sé ekki skattskylt á einum stað, heldur greiði gjald, sem skiptist milli allra landsmanna. Sama er að segja um mjólkursamsöluna, þótt hún sé takmörkuð við þrengra svæði. Menn gætu bent á það, að S. Í. S., sem hefir starf-

semi um allt land, ætti á svipaðan hátt að vera skattskylt. En þar til er því að svara, að S. Í. S. er byggt upp af kaupfélögunum, sem hafa aðsetur og útibú um allt land og eru skattskyld eftir samvinnulögunum á þeim stöðum, sem þau reka sína starfsemi. Því er þetta fyrirtæki ekki tekið upp í þetta frv.

Ég veit, að hv þm. N.-Þ. hefir sérstaklega haft í huga verksmiðjuna á Raufarhöfn, þegar hann talaði um gjaldið á síldarverksmiðjum ríkisins. Ég skal játa, að ég hefi ekki athugað, hvort Raufarhöfn er svo fjölmennt kauptún, að hún geti fallið undir ákvæði vörugjaldsins í þessu efni. Hitt veit ég, að Raufarhöfn er stór hreppur, en hvort nógu margir íbúar eru í kauptúninu sjálfu, hefir ég ekki athugað. Það stendur þá til bóta fyrir hv. þm. N.-Þ. og aðra, sem vilja athuga það, að láta vörugjaldið einnig ná til smærri staða en í þessu frv. er ráðgert. Í frv. er gert ráð fyrir, að það sé bundið við 500 íbúa, en það er ef til vill ekki rétt. Þetta mætti athuga í n. eða á annan hátt, svo að verksmiðja sú, sem hv. þm. ber fyrir brjósti, fengi ámóta álagningu og það, sem á hana mundi lagt með útsvari.

Ég sé svo ekki ástæðu til að bæta neinu við það, sem ég hefi áður sagt um þetta, og þar sem mér virðist, að ekki verði um neinar verulegar umræður að ræða við þessa umr., þá sé ég ekki ástæðu til að hafa þetta svar mitt til hv. þm. lengra.

*__Jón Pálmason:__ Af því að þannig stendur á, að þetta frv., sem hér liggur fyrir, er þannig vaxið, að ég get ekki einu sinni léð því atkv. til n., þá þykir mér rétt að gera grein fyrir, af hvaða orsökum það er sprottið.

Þegar hækkun á tekju- og eignarskattinum var til umr. á þinginu 1934, þá bentu sjálfstæðismenn bæði hér í d. og í Ed. rækilega á það, að sú hækkun hlyti að leiða til þess, að bæjar- og sveitarfélögunum yrði ófært að standa undir þeim gjöldum, sem á þau væri lögð, þar sem þau væru svipt þeim tekjustofnum, sem þau hefðu að miklu leyti byggt á áður. Þetta hefir líka sannazt í framkvæmdinni, því að útsvörin, hvort sem er í sveitahreppum eða bæjahreppum, eru ekkert annað en tekju- og eignaskattur. Um leið og ríkið tekur tekjustofnana meira til sín, eins og gert var með hækkuninni 1934, þá er kippt fótunum undan því að sveitar- og bæjarfélögin geti hagað sinni starfsemi eins og vera ber. Nú er það vitað mál, að sósíalistar hafa það á stefnuskrá sinni, að það skuli taka sem mest af gjöldunum bæði til ríkis og bæjar- og sveitarfélaga með beinum sköttum. En það er ekki nóg með það, að þessi flokkur hafi brotið þá stefnu, að því er snertir tekjuöflun í ríkissjóð, síðan núverandi hæstv. ríkisstj. tók við völdum, heldur vill flm. þessa frv. og aðrir, sem að sjálfsögðu fylgja því, ganga ennþá lengra í þá átt að tolla nauðsynjavöru, ekki einungis aðflutta, heldur og útflutta, og láta bæjar- og sveitarfélögin fá tækifæri til að leggja á enn nýja tolla fram yfir það, sem þegar er heimilt til ríkisins þarfa.

Nú er mér það ljóst, eins og flm. þessa frv., að það sé fullkomin þörf fyrir bæjar- og sveitarfélögin að fá eitthvað bætt úr þeim tekjuskorti, sem þau hafa átt við að búa, en ég get ekki gengið inn á það, að farið sé að tvískipta tollálöguvaldinu. Það á að vera hjá Alþ. og ríkinu í einni eða annari mynd, og hvergi annarsstaðar.

Hér á að ganga hreint til verks, að því leyti að Alþ. á að hafa tollálöguvaldið, en bæjar- og sveitarfélögin eiga að ná sínum tekjum með beinu sköttunum. Þess vegna er lausnin á þessu máli áreiðanlega ekki sú, sem þetta frv. gerir ráð fyrir, heldur hin, að ríkið láti eitthvað af sínum tekjustofnum til bæjar- og sveitarfélaganna. En ef svo sýnist, að brýna þörf beri til að hækka tollana á aðfluttri vöru, frá því sem þeir eru nú, þá verður ríkið að gera það, en láta bæjar- og sveitarfélögin fá eitthvað af sínum tekjustofnum, svo að þau séu ekki í þeim kröggum, sem þau nú eru í. Það verður að segjast, enda liggur það ljóst fyrir, að það er komið svo langt á þessu sviði með tolla og skattaskrúfun, ekki einungis frá ríkisins hálfu, heldur og bæjar- og sveitarfélaganna, að öll fjármál í okkar landi eru að komast í öngþveiti. Viðsvegar um landið hafa hinir beinu skattar á undanförnum árum verið teknir ekki af tekjum, af því að tekjur hafa engar verið, heldur beinlínis af eign, því að um annað hefir ekki verið að ræða. Þetta, að skattar hafa verið teknir, þó að engar tekjur hafi verið til, til þess að borga þá með, er þess vegna ein af orsökunum til þess ástands, sem ríkjandi er orðið, þess ástands, að skuldir safnast fyrir hjá flestum aðiljum í þessu landi.

Flm. þessa frv. tók það skýrt fram, að hann teldi þýðingarlaust að afgreiða það, ef vörugjaldið væri tekið út úr, vegna þess að þá væru tekjurnar, sem bæjar- og sveitarfélögin fengju, svo litlar, að þær kæmu að engu haldi. Þetta má vera rétt. En ég vildi benda hv. þm. á, að það væri miklu nær sanni, af því að hann er hér í meirihlutaaðstöðuflokki, að fara fram á, að tollarnir í ríkissjóð væru hækkaðir, en ríkið léti bæjar- og sveitarfélögunum í té tekju- og eignarskattinn að einhverju meira eða minna leyti og fasteignaskattinn eins og hann er. Þetta verður að taka allt í einu kerfi, því að það getur ekki gengið að hlaða sí og æ einum skattinum ofan á annan. Það verður að taka þá ákveðnu stefnu, að leggja á alla skatta, ekki einungis tolla, heldur og hina beinu skatta, í einu lagi, en ekki mörgu. — Þetta vildi ég taka fram til skýringar því, sem ég sagði í upphafi, að ég mun greiða atkv. gegn því, að þetta frv. fari til 2. umr.

*__Flm. (Jónas Guðmundsson):__ Af því að hér er svo rólegt og óvenjulega gott tóm til þess að ræða mál, þá vildi ég nota ræðutímann til þess að fara nokkrum orðum um þau atriði, sem síðasti hv. ræðumaður minntist hér á. Hann byrjaði á því að segja, að við hefðum þá stefnuskrá, að taka öll gjöld með beinum sköttum, og því sæti illa á okkur að koma fram með tollálögufrv. sem þetta. — Það má til sanns vegar færast hjá honum, að þetta sé brot á

okkar stefnuskrá, en ég hika þó ekki við að gera þetta, vegna þess, eins og ég hefi oft fært fram rök fyrir hér í þinginu undir umr. þessa máls, að útsvarsálagningin hefir tekið stórkostlegum breyt. við það, að geysimikill partur er þegar undanþeginn þeirri álagningarreglu, sem allt til þessa tíma hefir verið notuð á Íslandi, að láta verzlunina bera uppi meginþungann af þeirri skattbyrði, sem af kaupstöðunum er tekin.

Það vita allir, að kaupstaðir og kauptún eru samsett af tvennskonar fólki. Þar eru verzlanir og þar með oft efnaðir menn, og svo aftur á móti fjöldi manna, sem er bláfátækur og getur því lítið af útsvörum borið. Þetta er ólíkt því, sem þó er í sveitum, því að í mörgum sveitum eru fjöldamargir sæmilega efnaðir bændur, sem bera byrðarnar þar af leiðandi margir saman. Því hefir útsvarsálagningin í kaupstöðum og kauptúnum æfinlega verið sú, að verzlanirnar hafa verið látnar bera meginþunga útsvarsbyrðarinnar. En við það, að verzlanir með nauðsynjavörur almennings hafa orðið samvinnufélög og mikill hl. af afurðum hefir verið seldur af samvinnufélögunum og samlögum einstaklinga, hefir þessum aðalgrundvelli verið kippt í burtu. Fyrir fáum árum hefði það verið talið óhugsandi, að fyrirtæki eins og Sölusamband íslenzkra fiskframleiðenda, sem hefir með höndum verzlun fyrir margar margar millj. kr. á ári, væri ekki útsvarsskylt. Nú þykir það sjálfsagt, og voru sett um það l. hér í fyrra, að svo skyldi vera. Vegna þess að verzlunarhættir eru orðnir gerbreyttir, frá því sem áður var, verður að sjá bæjar- og sveitarfélögunum fyrir tekjum á annan hátt en verið hefir. Það verður að heimila þeim að taka nokkurn hluta af sínum tekjum af verzluninni eftir sem áður, og til þess að ráða bót á þessari breyt. er flutt hér frv. um vörugjald. — Þetta gjald kemur niður á alla verzlun, ekki eins og áður var á verzlun kaupmanna eina saman, heldur og á verzlun alls þess félagsskapar, sem rekur verzlun í landinu.

Hv. þm. sagði, að það dygði ekki að tvískipta tollalöggjöfinni, vildi heldur láta ríkissjóð leggja á nýja skatta og nýja tolla og að hann gæfi eftir af tekju- og eignarskattinum og jafnvel fasteignaskattinn til bæjar- og sveitarfélaganna. Þessu hefir oft verið slegið fram, en þetta er atriði, sem ekki hefir neina praktiska þýðingu í þessum efnum. Það er rétt, sem hv. þm. sagði, að á síðustu árum hafa beinu skattarnir víða verið teknir ekki af tekjum, heldur af eignum. Menn hafa ekki getað borgað útsvör af tekjum sínum, heldur orðið að ganga yfir á eignir sínar til þess að geta innt þau af hendi. Skattakerfið til ríkissjóðs er þannig uppbyggt, að þeir menn, sem ekki hafa tekjur, borga ekki skatt; hinsvegar hafa útsvörin oft verið lögð á þannig, að einmitt hefir verið gengið út yfir tekjurnar. Það er því ekki ríkisvaldið, sem hefir tekið af þessum mönnum eignir upp í skatta sína, heldur bæjar- og sveitastj. með útsvörunum. Till. hv. þm. myndi engu breyta í þessu efni, en það gerir till. sú, sem í frv. felst, því að hún ætlazt til þess, að nokkrum hluta þeirrar byrðar, sem þegar er lagður á þá menn, sem ekki hafa tekjur til þess að standa undir útsvarsgreiðslum, verði aflétt og gjaldið tekið á annan hátt en gert er nú.

Það getur látið sæmilega í eyrum, að það sé ekki verið að tvískipta tollalöggjöfinni, en ég vil benda á, að í frv. er gert ráð fyrir því, að þessi skattur sé aðeins ákvæði, sem heimilt sé að nota, en hvert sveitarfélag geti ekki tekið upp án sérstakrar heimildar frá ríkinu. Það er því tryggt, að þessi skattur verður ekki annarsstaðar á lagður en þar, sem fjármálalífið er komið á það stig, að ekki verður komizt hjá því, að grípa til þessara ráðstafana. Og hvaða ráðstafanir virðast liggja nær en þessar, þegar fjárhagsafkoma bæja- og sveitarfélaga er komin í öngþveiti fyrir þær aðgerðir ríkisvaldsins, að ekki hefir verið heimilt að leggja á þá verzlunarstarfsemi, sem þar hefir verið rekin árum saman?

Ég þarf svo ekki að svara fleira af því, sem hv. þm. sagði. Ég tel mig hafa sýnt fram á, að þær leiðir, sem hann talar um að fara, geti ekki á neinn hátt bætt úr þessum vandræðum, því að eins og ég tók fram í minni fyrstu ræðu, hefir það bókstaflega ekkert að segja, þó að fasteignaskatturinn væri tekinn frá ríkissjóði og látinn ganga til bæjar- og sveitarfélaga; hann hefir sáralítið að segja fyrir hvern einasta hrepp á landinu. Þeir, sem sérstaklega þurfa hjálpar við, eru kauptúnin og kaupstaðirnir, sem hefir verið íþyngt með ýmsum breyt. á löggjöf landsins og sviptir álagningarrétti á miklum hluta af þeirri verzlun, sem þar hefir verið rekin. Þeir þurfa að fá hjálp, en hinir síður.

***Thor Thors:** Það er auðsýnt, að hér er um mikið vandamál að ræða — það er játað af öllum, og beinlínis skjalfest af öllum hreppsnefndum landsins, að mikil þörf sé fyrir hendi að fá þeim nýja tekjustofna til þess að standa straum af sínum kostnaði. Ennfremur hefir það komið í ljós, að menn greinir mjög á um þær leiðir, sem fara eigi í þessu máli. Sú milliþinganefnd, sem undirbjó þetta mál fyrir síðasta Alþ., er þríklofin í málinu. Af hendi stjórnarflokkanna, sem menn skyldu ætla, að ynnu saman að lausn þessa máls eins og annara, er á þessu þingi farin sín hvor leiðin í hvorri d. þingsins fyrir sig, og það er vitað af þeim umsögnum um þetta mál, sem komið hafa til atvmrn., að mjög eru skiptar skoðanir manna um það, hvaða leiðir beri að fara. Yfirleitt er það svo, að sveitarfélögin frábiðja sig vörugjaldið. Kaupstaðirnir vilja það hinsvegar. En sveitirnar geta sætt sig við aðflutningsgjaldið. Hvað vörugjaldinu, sem er einn aðalþáttur þess frv., sem hér liggur fyrir, viðvíkur, er það að segja, að það kemur mjög ranglátlega niður á viðskipti hinna ýmsu svæða. Það kemur svo ranglátlega niður, að varla er hægt að gera ráð fyrir, að fullkominn friður náist um lausn þessa máls. Ég hygg, að það fáist aldrei fullnægjandi lausn á þessu máli, fyrr en farið er inn á þá braut, sem við sjálfstæðismenn höfum margsinnis bent á og greinilega kom fram í ræðu hv. þm. A.-Húnv., að bæjar- og sveitarfélögin

fái nokkurn hluta af hinum beinu álögum ríkisins, enda séu hinar beinu álögur aðeins lagðar á í einu lagi. Það verður að koma þessum málum þannig fyrir, að útsvörin falli niður, en ríkið leggi á ákveðna beina skatta, sem bæjar- og sveitarfélögin fái síðan sinn hundraðshluta af. Það er og rétt, að bæjar- og sveitarfélögin fái að njóta fasteignaskattsins, því að þar er um eign að ræða innan hvers bæjar- og sveitarfélags og réttmætt, að hvert einstakt bæjar- og sveitarfélag styðjist við sjálft sig í beinum álögum, en það mundi það vitaskuld gera með því, að fá hundraðshluta af þeim álögum, sem ríkið legði á.

Ég ætla ekki að svo stöddu að ræða einstök atriði þessa frv., þó að ég efi það, að mér gefist tækifæri til þess síðar á þessu þingi, en út af því, sem fram kom í ræðu hv. 6. landsk. um Sölusamband íslenzkra fiskframleiðenda, vil ég gefa nokkrar skýringar, af því að það fyrirtæki er mér nokkuð kunnugt. — Það var litið svo á, áður en Alþ. ákvað það með l. á síðastl. ári, að Sölusambandið væri ekki útsvarsskylt og undanþegið skattgreiðslu í ríkissjóð. Það hafði þó verið lagt útsvar á Sölusambandið hér í Reykjavík, en það hafði neitað að greiða þetta útsvar, og dómstólarnir ákváðu, að Sölusambandið væri ekki útsvarsskylt, enda leiðir það af réttum rökum, því að S. Í. F. er eign allra útvegsmanna landsins, sem við það skipta. Það hefir engar tekjur. Öllu sem inn kemur fyrir seldar afurðir, umfram rekstrarkostnaðinn, er skipt á milli félagsmannanna; en það, að Alþ. setti sérstök l. um þetta efni, verður að skoðast gert ex tuto, eða til frekara öryggis. Mér þykir það einkennilegt, að eftir að Alþ. hefir lýst því yfir, að þetta fyrirtæki eigi að vera skattfrjálst, þá skuli á næsta ári koma fram frv. um að skattleggja þetta fyrirtæki allra útvegsmanna landsins, þó ekki minna en þetta frv. ráðgerir.

Viðskiptavelta Sölusambandsins hefir að undanförnu verið frá 20—30 millj. kr. á ári. Skv. þessu frv. á að leggja ¼ % gjald á þessa veltu, og nemur það 50—75 þús. kr. á ári. Þetta gjald getur ekki verið annað en nýr framleiðslutollur, og ég verð að segja það, að mig undrar, að þetta frv. skuli vera borið fram af hv. 6. landsk., sem samtímis þessu frv. flytur annað frv., sem gengur inn á þá stefnu okkar sjálfstæðismanna, að útflutningsgjaldið, þessi hefndartollur á sjávarútveginum, skuli framvegis ganga til þess að létta undir með þessum atvinnurekstri.

Hv. 6. landsk. hlýtur að viðurkenna, að hér sé aðeins um nýjan framleiðslutoll að ræða, því að hér er um að ræða ¼ % af verðmæti hvers skippunds, sem Sölusambandið hefir til sölu. Það er ekki svo að skilja, að þó að þessi verzlun sé rekin í gegnum eitt allsherjarfélag, þá séu einstakir framleiðendur lausir við að greiða skatt af þessari framleiðslu.

Hv. þm. veit, að hver einstakur framleiðandi greiðir veruleg útsvör, þar sem hann rekur starfrækslu sína. Í Hafnarfirði og að nokkru leyti í Reykjavík munu þessi útsvör beinlínis vera miðuð við umsetningu, og ég hygg, að í Hafnarfirði sé beinlínis lagt á þann skippundafjölda, sem hvert fyrirtæki hefir til verkunar og sölu. Það er því alger misskilningur hjá hv. þm., að þessi framleiðsla sé ekki þegar skattlögð. Hér er aðeins um nýjan framleiðslutoll að ræða, sem er mjög tilfinnanlegur, eins og nú er ástatt högum útvegsins, og mér finnst það einkennilegt, þegar slíkt kemur frá hendi þeirra manna, sem búnir eru að viðurkenna, að útveginum sé nauðsyn, að nota hvern eyri til viðreisnar og framfara á sviði sjávarútvegsmálanna.

Ég er ekki það kunnugur málum Mjólkursamsölunnar að ég geti rætt um það, hversu réttmætt sé að skattleggja hana að sama skapi, en ég hygg, að bændum þeim, sem við hana skipta, finnist hlutur þeirra ekki of stór, þó að ekki sé einnig á þá lagður nýr framleiðslutollur. Það er sama um Mjólkursamsöluna og Sölusambandið að segja, að hún er engin verzlunarstofnun. Þar er um engan hagnað að ræða. Allar tekjur fyrirtækisins eru eign viðskiptamannanna.

Ég ætla að láta þetta nægja að svo stöddu, en vænti þess, að sú hv. n., sem þetta mál fær til meðferðar, taki þessi tvö atriði, sem ég minntist á, til athugunar, og vil endurtaka það, að friður og fullkomin ánægja með lausn þessa máls, þ. e. a. s. ef nokkurntíma er þá hægt að tala um ánægju í sambandi við lausn skattamála, fæst ekki, fyrr en svo er komið, að ríkið hafi tollálöguréttinn, en beinu sköttunum verði skipt á milli ríkisins og bæjar- og sveitarfélaganna.

*__Jón Pálmason:__ Það er ekki neitt undarlegt, þó að nokkrar umr. verði um frv. slíkt sem þetta, því að við stöndum hér frammi fyrir einu höfuðvandamáli okkar þjóðfélags, því að þannig er nú komið, eins og ég vék að í minni fyrri ræðu, að allt fjármálalíf er að komast í reglulegt öngþveiti.

Hv. 6. landsk., flm. þessa frv., játaði það, sem ég gat um, að komið væri það ástand viðsvegar á landinu, að á undanförnum árum hefði ekki verið hægt að leggja útsvör á tekjur, af því að þær hefðu ekki verið til, heldur á eign. Það er auðséð, hversu okkar skattapólitík er komin út í mikla vitleysu, þegar farið er að taka meiri eða minni hl. af hinum opinberu gjöldum af eign, af því að engar tekjur eru fyrir hendi.

Hv. 6. landsk. vildi halda því fram, að það kæmi kauptúnahreppunum og bæjarfélögunum ekki að neinu haldi, þó að ríkissjóður stæði af fasteignaskattinum og tekju- og eignaskattinum að meira eða minna leyti, af því að tekju- og eignaskattur væri víða enginn til. Þetta á sér stað um einstaka sveitahreppa í landinu, en á sér naumast stað um kaupstaðahreppana. Og þó að þetta eigi sér stað um tekju- og eignarskattinn, gildir það ekki um fasteignaskattinn, því að hann er eins og við vitum, gjald af matsverði allra fasteigna og hlýtur því að vera talsverð upphæð í öllum sveitarfélögum. Þess vegna liggur miklu nær, að fasteignaskatturinn sé algerlega látinn ganga til þarfa sveitar- og bæjarfélaganna, en að ríkið leggi á tolla í þess

stað. Hitt nær frá minu sjónarmiði engri átt, að fara að tviskipta tollálöguvaldinu. Og ef sveitarfélögin færu að leggja á tolla, myndi það í þessu tilfelli verða þannig í framkvæmdinni, að kaupstaðahreppunum væri frjálst að tolla vörur til þess að láta sveitahreppana borga þau gjöld, sem þar er um að ræða.

Þar sem hv. 6. landsk. vék að því, að ástandið í kaupstöðunum væri mjög slæmt vegna samvinnul. frá 1921, þá var margt rétt í því. Það eru miklu minni tekjur fyrir þá hreppa, sem hlut eiga að máli, að taka gjald af verzlunum, heldur en ef það hefði verið einstaklingsverzlanir. En þó að um það mál, hvernig greiða skuli gjöld af samvinnnufélagsverzlunum, hafi verið deilt, og sumir vilji halda því fram, að þau útsvör, sem félögin borgi, séu ekki neitt, þá er það ekki rétt. Þau munu flest hafa borgað allhá útsvör, þótt þau vitanlega myndu verða hærri, ef frjálst væri að leggja á félög eins og verzlanir einstakra manna. Það, sem þarna er helzt um að ræða sem hlutdrægni, er, að það er bundið við föst %, sem hægt er að leggja á eignir þeirra félaga, sem hlut eiga að máli. Getur komið til mála að breyta eitthvað l. um álagningarvald hreppa, hvað þetta snertir.

Þá var hv. 6. landsk. að afsaka þetta frv. með því, að það væri ekki eins hættulegt og útlit væri fyrir, því að þetta væru aðeins heimildarákvæði. Hvað halda menn, að standi á bak við þetta? Láta menn sér detta það í hug, að það sé ekki nokkuð sama, þó að þetta heiti heimildarákvæði, þar sem því hefir verið lýst yfir, að ekki væri hægt að komast af án þessarar tollaaukningar. Þessi heimild myndi því nálega í öllum tilfellum verða notuð, ef hún yrði gefin.

Í þessu sambandi vil ég taka það fram, að frá minu sjónarmiði er það hin mesta fjarstæða að gefa, eins og í þessu frv. er farið fram á, heimild til þess að leggja gjald á útfluttar vörur, því að það er ekkert annað en framleiðsluskattur, sem að minu áliti er sá vitlausasti skattur, sem hægt er að taka. Útflutningsskattur kemur þannig niður, að sá verður að borga mest, sem mest flytur út, hvort sem það er um einhvern hagnað að ræða eða ekki. Það hafa því komið fram háværar raddir um, að réttast væri að afnema allt útflutningsgjald. *Og öllum þeim, sem lita vilja á þetta* mál hlutdrægnislaust, hlýtur að vera það ljóst, að þetta er skattur, sem alls ekki á að líðast í þessu þjóðfélagi. Það er þess vegna furðulegt, að þessi hv. þm., sem er fulltrúi fyrir sjávarútveginn, sem er nú í því ástandi, sem hann er, skuli leyfa sér að fara fram á, ekki einasta, að lagt verði gjald á allar aðfluttar vörur, heldur líka, að lagt verði gjald á útfluttar vörur.

Fleira skal ég svo ekki um þetta ræða. Ég ætla, að menn hafi séð, hver afstaða min er til þessa máls. Hún er ákveðin, og á þá leið, að ríkið hafi tollaálöguvaldið og taki sínar aðaltekjur með tollum af aðfluttum vörum, en sveitar- og bæjarfélögin hafi hinsvegar rýmra svið til þess að taka sínar tekjur með beinum sköttum, en ef þeim er skipt, að leggja þá á í einu lagi og skipta þeim síðan milli þeirra aðilja, sem hlut eiga að máli.

*Flm. (Jónas Guðmundsson): Ég sé, að hæstv. forseti vill fara að ljúka þessum umr. og það vil ég gjarnan líka.

Hv. þm. Snæf. þarf ég lítið eitt að svara. Hann talaði með skilningi um þetta mál. Sveitirnar vilja vitanlega ekki láta skattleggja sig fyrir kaupstaðina og kaupstaðirnir ekki fyrir sveitirnar. Hinsvegar er það, að í minu frv. eru það fyrst og fremst vandræði kaupstaðanna, sem reynt er að leysa. Mér er það vel ljóst sem flm. þessa frv., að í því felst lítil lausn fyrir sveitahreppana, en í því felst talsvert mikil lausn fyrir þá hreppa, sem eru kaupstaðir eða kauptún. Í sambandi við þetta vil ég endurtaka það, að á undanförnum þingum hefir verið unnið að því, að létta af sveitunum og færa yfir á kaupstaðina. Það er þess vegna fullkomið samræmi í minum skoðunum við það, sem ég hefi unnið að áður hér á Alþingi. Ég hefi verið með því, að breyta framfærslul. og flytja aðalþunga framfærslunnar af sveitunum, sem ekki hafa lengur haft bolmagn til þess að rísa undir byrðum sínum, yfir á kaupstaðina. En þegar óáran herjar á kaupstaðina, þá er það skylda þingsins, að veita kauptúnunum og kaupstöðunum heimild til þess að reyna að standa undir byrðum sínum, svo að þeir þurfi ekki að leita á náðir ríkissjóðs. Þetta er álit mitt, og er það sett svo skýrt fram í grg. frv., að það ætti að vera hverjum manni auðskilið.

Hv. þm. Snæf. sagði, að það væri ósamræmi í því hjá mér, að gerast flm. að því, að létta útflutningsgjaldi af sjávarafurðum. Það er rangt hjá hv. þm., að ég ætli að létta því af. nema þá að litlu leyti, þ. e. hvað saltfiskinn snertir. Þetta er gert í ákveðnu augnamiði, til þess að endurreisa eða a. m. k. reyna að endurreisa ýmsar greinar sjávarútvegsins, og um það geri ég ráð fyrir að geta talað síðar. Ég vil benda á, að það er mikill munur á því, hvort t. d. af saltfiskverðinu er tekið 1½% eða aðeins ¼%, og það er mikill munur á því, hvort þetta 1½% er látið renna í ríkissjóð eða þessi ¼% eru látin ganga til bæjar- og sveitarfélaga til þess að létta af þeim mönnum, sem framleiða þessa vöru.

Hv. þm. A.-Húnv. sagði, að þessir skattar væru bæði ranglátir og heimskulegir; hann vissi *ekkert eins heimskulegt og taka þessa skatta.* Ég vil spyrja þennan hv. þm. og alla aðra: Er ekki einmitt af þessum mönnum, sem borga þennan skatt, sem meiriparturinn af útsvörunum hefir verið tekinn undanfarið? Og hvaða munur er á að taka þetta gjald af hinni útfluttu vöru eða taka það með beinum skatti? Til þess að gefa mönnum hugmynd um, hvað litla þýðingu það hefir í þessu sambandi, þó að allur tekjuskatturinn yrði tekinn af ríkissjóði og honum skipt á milli sveitarfélaga og kaupstaða, vil ég benda á, að tekjuskatturinn árið 1936 hefir orðið við lauslega uppgerð 1 millj. og 800 þús. kr. Af þessari upphæð hefir tilfallið frá Reykjavík 1 millj. og 400 þús. kr. Frá öllum hinum kaupstöðunum sjö hafa komið 220 þús. kr., en úr öllum sveitum aðeins 180 þús. kr. Ef ætti nú að taka allan tekju- og eignarskatt af ríkissjóði og leggja hann til

sveitar- og bæjarfélaga, og skipt yrði í hlutfalli við það, hvað kom úr hverjum stað, þá myndi engan muna um þetta nema Reykjavík og Akureyri. Annað mál er það, ef farið væri inn á till. hv. þm. Snæf. um það, að leggja í einni heild útsvörin á allt landið, og láta ríkissjóð innheimta þau og endurborga síðan til sveitarfélaganna. En það þyrfti að breyta skattstiganum til þess. — Ennþá minni þýðingu hefði að taka fasteignaskattinn, um 400 þús. kr., sem sennilega allt að því helmingurinn af greiðist í Reykjavík, því að hann er greiddur af virðingarverði húsanna, og matið er tiltölulega langhæst í Reykjavík. Og hvað sem um þetta verður sagt, þá vil ég segja, að það, sem á að gera er fyrst og fremst að sjá kaupstöðunum og kauptúnunum fyrir tekjustofnum. Það eru þeir, sem á er herjað af allskonar óáran og vandræðum, bæði hvað snertir verzlun og annað atvinnulíf. Þess vegna eru það þeir, sem Alþingi á að sjá fyrir tekjuaukningu, og verði þetta frv. samþ. og gert að l., þá mun það veita þeim stórkostlegan tekjuauka. Betur get ég svo ekki gert, og verður það þingsins að skera niður eða samþ. þetta frv.

***Jón Pálmason:** Hv. 6. landsk., sem hér talaði síðast, vék til mín fyrirspurn. Hann talaði um, að sér fyndist lítill munur á því, að leggja toll á útflutningsvörur, eins og hér er farið fram á, og leggja útsvar á framleiðanda vörunnar, og vék hann því til mín, hvaða munur væri á þessu. Það er stór munur, eðlismunur, sem er sprottinn af því, að útsvörin eru lögð á eftir efnum og ástæðum og lögð á alla, hvort sem þeir framleiða einhverja vöru eða ekki. Þetta kemur því harðara niður, ef um hallarekstur er að ræða, að leggja toll á útflutta vöru.

Fleira þarf ég svo ekki að svara hv. þm., en ég vænti þess, að allir skilji, að hér er mikill munur, svo mikill, að enginn þm. ætti að leyfa sér að að fara fram á að leggja skatt á útfluttar vörur.

***Thor Thors:** Það er tvennt í ræðu hv. 6. landsk., sem ég vildi svara. Hann vildi afsaka þennan nýja framleiðslutoll á sjávarafurðirnar með því, að það væri einhver munur á útflutningsgjaldinu, sem verið hefir 1¾% og rynni í ríkissjóð og þessu ¼%, sem hér er um að ræða. Það er rétt, að hér er um talsverðan mismun að ræða, en munurinn á því, hvert féð rennur, er ekki mikill. Það má segja, að þegar þetta útflutningsgjald rennur í ríkissjóð, þá komi það framleiðendum að gagni og standi undir nauðsynlegum framkvæmdum, sem séu öllum til hagnaðar. Þessi nýi framleiðslutollur, sem hv. þm. vill leggja á sjávarafurðirnar, á ekki að renna beint til framleiðendanna sjálfra, heldur á að leggja hann í verðjöfnunarsjóð, sem síðar verði úthlutað eftir ókunnum leiðum. Að vísu segir í frv., að þessi verðjöfnunarsjóður skuli renna til landsmanna eftir íbúatölu hvers kaupstaðar eða sveitarfélags. Nú er það vitað, að framleiðsla sjávarafurðanna stendur ekki í neinu hlutfalli við íbúatöluna. Framleiðsla sjávarafurðanna er á einstaka stöðum á landinu, og er ekkert, sem tryggir, að tollurinn renni til þeirra staða. Hér er um lítil rök að ræða hjá hv. þm., og ég endurtek það, að mér finnst ósamræmis gegna hjá honum í því, að bera í senn fram till. um að létta útflutningsgjaldinu af sjávarafurðunum og svo aðra um það, að leggja á nýjan framleiðslutoll.

Þá er hitt atriðið, og var það rétt skilið hjá hv. þm., að eðlilegast og heppilegast væri, að hinir beinu skattar, bæði bæjar- og sveitarfélaga og eins ríkisins, væru lagðir á í einu lagi. Ég álít heppilegast, að ríkið legði þennan skatt á samkvæmt sérstakri löggjöf og sæi um innheimtu hans. Síðan yrði þessi skattur endurgreiddur hverju einstöku bæjar- eða sveitarfélagi eftir nánar tilteknum reglum, sem byggðar væru að nokkru leyti á eignum hvers hreppsfélags á landinu og þeirra, sem það byggðu, og að nokkru leyti á þörfum viðkomandi bæjar- eða sveitarfélags. Það er ennfremur rétt hjá hv. þm., að þá þyrfti að hækka skattstigann, frá því sem nú er. En það væri hægt að gera, þó að samtímis yrði svona sköttum létt af þjóðinni. Þessir skattar til ríkis og bæjarfélaga eru orðnir það háir í okkar þjóðfélagi, að hvergi munu þekkjast dæmi til. Það er svo komið hér í Reykjavík, að samkv. síðustu reglum niðurjöfnunarn. á sá maður eða það fyrirtæki, sem hefir yfir 21 þús. kr. í tekjur, að greiða yfir 100% af því, sem fram yfir er þetta 21 þús. Hann verður m. ö. o. að borga með því. Þannig eru nú beinu skattarnir orðnir í okkar þjóðfélagi. Það er þó ekki svo að skilja, að útsvörin í Reykjavík séu sérstaklega há, miðað við aðra kaupstaði landsins. Þau eru með þeim lægstu, sem tíðkast, en verður, ef farið yrði inn á þá braut, að hækka hinn beina skatt til ríkisins, síðar skipt á milli bæjar- og sveitarfélaga.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15:2 atkv. og til fjhn. með 16:1 atkv.

36. Hampspuni.

Á 23. fundi í Nd., 20. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um einkaleyfi til hampspuna (þmfrv., A. 114).

Á 25. fundi í Nd., 23. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 27. fundi í Nd., 30. marz, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Frsm. (Páll Zóphoníasson): Herra forseti! Iðnn. flytur frv. þetta eftir beiðni h/f Hampiðjunnar hér í bænum. Fyrirtæki þetta byrjaði að starfa hér um áramótin 1934—'35. Það hefir eingöngu flutt inn óunnin harðtrefja hamp, og unnið úr honum botnvörpugarn. Nú á það vélar fyrir um 120 þús. kr. Á fyrsta starfsári flutti verksmiðjan inn óunninn hamp fyrir 65800 kr., en seldi unnið botnvörpugarn fyrir

um 160 þús. kr. Mismunurinn, um 94 þús., voru því vinnulaun, sem annars hefðu verið greidd út úr landinu í erlendum gjaldeyri. 1936 flutti verksmiðjan aftur inn harðtrefja hamp fyrir 120 þús. en seldi botnvörpugarn fyrir 223 þús. króna. Mismunurinn varð því það árið um 103 þús. kr.

Á þessum tveimur árum hefir því mismunurinn á innfluttum hampi og seldu unnu garni numið um 197 þús., sem mest eru vinnulaun, greidd innlendu fólki, og því um leið sparaður gjaldeyrir.

Eins og ég tók fram í upphafi máls míns, þá hefir félagið hingað til unnið úr harðtrefja hampi, en hyggst nú að færa út kvíarnar og fara að vinna úr mjúktrefja hampi, og fái það þetta umbeðna einkaleyfi, þá mun það bæta við sig einni vélasamstæðu, sem mun kosta um 200 þús. króna með húsum. Hér er því ekki um svo litlar upphæðir að ræða. Ef athugaðar eru hagskýrslur síðustu ára, þá kemur í ljós, að hampurinn í garn það, sem notað hefir verið í veiðarfæri, er 385 þús. ódýrari en garnið, en það er aftur sú upphæð, sem sparast í erlendum gjaldeyri við tilsvarandi veiðarfæranotkun, ef vinnsla alls þess hamps, sem í veiðarfæri þarf, fer fram innanlands.

Til þess að félag þetta treystist að ráðast í frekari framkvæmdir en orðið er, þá telur það sig þurfa að fá einkaleyfi til þessarar iðju um nokkurt árabil, til þess að fá vissu fyrir því, að einhver annar fari ekki líka að vinna að hampspuna, því að þá yrði verkefnið ekki nægilegt, en af því myndi aftur leiða það, að álagning á framleiðsluvöruna yrði að verða meiri, til þess að fyrirtækið gæti borið sig. Og jafnvel mætti þá búast við því, að garnið yrði dýrara hér en annarsstaðar.

Þá vil ég vekja athygli á því, að þó að hér sé farið fram á einkaleyfi til þess að kemba og spinna garn, þá er ekki um að ræða einkaleyfi til sölu á garni. Reynist hið innlenda garn því ekki vel, standist ekki samkeppnina um verð og gæði við hið erlenda, þá verður að sjálfsögðu flutt inn erlent garn, sem keppir við hið innlenda. En til þess held ég, að þurfi ekki að koma, því að sú reynsla, sem fengin er á hinu innlenda garni, er á þann veg, að það er af þeim, sem bezt til þekkja, talið fullkomlega samkeppnisfært, bæði hvað verð og gæði snertir. Að svo verði og framvegis, er tryggt með því, að í fyrirtæki þessu eiga bæði skipstjórar og útgerðarmenn, en það eru einmitt þeir menn-irnir, sem kunna bezt skil á þessum hlutum. Þá má og benda á það, að verði frv. þetta að lögum, og allt garn unnið í landinu sjálfu, sem til útvegsins þarf, þá myndi verða miklu þægilegri aðstaða fyrir línu- og netagerðir. Þær gætu milliliða- og umstangslaust snúið sér til Hampiðjunnar með öll innkaup sín. — Eins og ég tók fram í upphafi máls míns, þá hefir iðnn. orðið sammála um að flytja frv. þetta, og væntir því, að það fái greiðan gang í gegnum þingið. N. telur, að svo fremi sem frv. verður samþ. og hampiðjan eykst, eftir því sem líkur eru fyrir, þá getur hér orðið um að ræða aukna atvinnu fyrir 30—40 manns.

*Finnur Jónsson: Mér virðist frv. þetta allathugavert, þar sem t. d. vantar í það öll ákvæði um það, að hægt sé að skerast í leikinn, ef h/f Hampiðjan misnotar þau fríðindi, sem henni yrðu veitt með frv., ef að lögum yrði. Og eftir minni reynslu á hinni innlendu veiðarfæragerð, þá tel ég slíkt mjög varhugavert. Reynslan hefir þegar sýnt, að hin innlendu veiðarfæri eru alltaf 20% dýrari en hin erlendu, og ef svo ætti að fara, að hampgarnið í veiðarfærin yrði 20% dýrari en hin erlendu, þá yrði hér um að ræða svo háan skatt fyrir útgerðina, að eins og nú standa sakir, hefði hún engin efni á að borga hann.

Eitt af því, sem hv. frsm. vildi leggja áherzlu á til réttlætingar þessu frv., var það, að h/f Hampiðjan ætti ekki að vera ein um sölu á garni til veiðarfæragerðar, heldur yrði hún að keppa við erlent garn. Þetta má vitanlega segja, en það á bara enga stoð í veruleikanum. Reynsla er nfl. margbúin að færa okkur heim sannanir um það, að síðan veiðarfæragerðin varð til innanlands, þá hafa engin veiðarfæri fengizt innflutt. Alveg sama myndi verða í þessu tilfelli. Það myndi verða neitað um allan innflutning á erlendu garni, a. m. k. á meðan Hampiðjan væri að borga vélar sínar. Raunin myndi því verða sú, að öll veiðarfæri stórhækkuðu í verði frá því, sem nú er.

Þá sagði hv. frsm., að það væri trygging fyrir vörugæðum, að skipstjórar og útgerðarmenn ættu í fyrirtækinu. Ég geri nú ráð fyrir, að sú trygging, sem í þessu og því líku felst, sé mest fyrir þá sjálfa, en minna fyrir aðra. Það sem ég hefði getað skilið, að iðnn. hefði gert í þessu máli, er það, að hún hefði flutt frv. um, að ríkið tæki í sínar hendur alla hampiðju og veiðarfæragerð til þess að tryggja notendunum hæfilega lágt verð á þessum hlutum. En hitt, að fara að tryggja einu einkafyrirtæki sérréttindi á þessu sviði, finnst mér ekki ná neinni átt, enda mun ég greiða atkv. á móti því.

Frsm. (Páll Zóphoníasson): Ég vil leyfa mér að benda þm. Ísaf. á, að hann virðist ekki hafa lesið frv., þar sem ræða hans gekk nær eingöngu út á það, að kvarta um, hversu dýrt innlendu veiðarfærin væru seld. Til þess að upplýsa hv. þm. í þessu máli, vil ég benda honum á, að Hampiðjan ætlar ekki að búa til veiðarfæri, heldur ætlar hún að spinna garn, sem aftur er notað í veiðarfæri. Hér er því tvennu ólíku saman að jafna, sem hv. þm. verður að gera sér fulla grein fyrir, úr því að hann vill vera að leggja orð í belg við þessar umr.

Eins og nú standa sakir, þá eru það tiltölulega fá lönd, sem selja óunninn hamp, þau selja hann flest sem unnið garn. Eitt af þeim fáu löndum, sem ennþá selja hamp, er Ítalía; að kaupa hann þaðan, greiðir þó fyrir fisksölu okkar, þó lítið sé.

Þá vildi hv. þm. halda því fram, að það væri lítil trygging fyrir gæðum þessarar vöru, að skipstjórar og útgerðarmenn væru meðeigendur fyrirtækisins. Þetta er mesti misskilningur hjá hv. þm. Af því einmitt, að fyrirtækið

er í höndum slíkra manna, þá er vissa fengin fyrir því, að reynt verður af fremsta megni að gera framleiðsluna samkeppnisfæra við hina erlendu vöru, og það eru einmitt mennirnir, sem bezt skyn bera á það, hvernig varan þarf að vera til þess að standast samkeppnina. Af hverju skyldu svo togaraeigendur kannske kaupa allt sitt garn af Hampiðjunni nú, nema af því, að það er bæði ódýrara og betra en hið erlenda?

Komist frv. þetta í gegnum þingið, og Hampiðjan þar með verði fær um að framleiða allt það garn, sem þarf til innlendrar veiðarfæragerðar, myndu veiðarfæragerðirnar án efa kaupa allt sitt garn af henni, og um leið myndu þær geta selt veiðarfærin ódýrari. Þetta er því allt misskilningur hjá hv. þm. Hann blandar saman, að kemba og spinna hampinn, við það, að selja tilbúin veiðarfæri.

*__Jóhann Jósefsson:__ Hv. frsm. taldi frv. þessu það meðal annars til ágætis, að það myndi spara okkur erlendan gjaldeyri og auka atvinnu í landinu, jafnframt því, sem það gerði veiðarfæragerðunum hægara fyrir en nú væri. Þetta væru óneitanlega töluverðir kostir, ef þeir reyndust réttir, en ég er bara anzi hræddur um, að töluvert af þeim geti ekki staðizt almenna gagnrýni.

Það er rétt, sem hv. frsm. segir, að með frv. þessu er Hampiðjunni ekki á pappírnum gefinn einkaréttur hér á landi til sölu á vörum þessum, en hitt er rétt, eins og hv. þm. Ísaf. tók fram, að í framkvæmdinni fengi Hampiðjan sama sem þennan rétt. Hv. frsm. iðnn. hélt því fram, að það garn, sem Hampiðjan framleiðir, stæðist, hvað verð og gæði snertir, fyllilega samjöfnuð eða meira við samskonar erlendar vörur, er við getum átt kost á að nota. Ég skal ekki að óreyndu rengja hv. þm. um þetta, að því leyti sem verðið snertir, en þeir menn eru þó til, og munu meira að segja vera hér innan veggja, sem halda því fram, að þessar vörur, sem Hampiðjan framleiðir, sérstaklega trollgarnið, standi erlendum vörum að baki með gæði. Skal ég ekkert um þetta fullyrða, en þessi skoðun hefir mjög ákveðið komið fram, þar sem ég hefi heyrt um málið rætt.

Hv. frsm. minntist á reynslu Norðmanna í þessum efnum, og er rétt að líta á það í þessu sambandi, hvað hin mesta fiskiveiðaþjóð hér í álfu gerir í þessum efnum, og ekki síður fyrir það, að frá Noregi hafa Íslendingar aðallega keypt þær vörur, sem hér er um að ræða. En hvað gera svo Norðmenn? Ég hefi það fyrir satt, að mikið af því efni, sem þeir nota í veiðarfæri sín, net, línur o. fl., kaupi þeir spunnið frá öðrum löndum, og sömuleiðis hefi ég það fyrir satt, að Norðmenn hafi þegar reynt sig á því, að vinna garnið sjálfir úr ósunnum hampi, og að vara þeirra hafi ekki reynzt samkeppnisfær við erlenda vöru. Þetta á sér í lagi við um það garn, sem spunnið er í Ítalíu, en þar er mikil hamprækt, og hampspuni þar er einskonar þjóðleg atvinnugrein, á sama hátt og t. d. landbúnaðurinn er hér. Þess vegna er fyrir hendi í Ítalíu svo langsamlega miklu meiri reynsla í þessari iðn en annarsstaðar, þar sem iðngreinin er á byrjunarstigi. Auk þess eru vinnulaun þar svo miklu lægri en hér, þótt ekki sé tekið tillit til gengismunar, að ómögulegt er fyrir Norðurlöndin að keppa við Ítalíu um þessa framleiðslu. Hér við bætist svo það, að ítalska myntin hefir fallið mjög, samanborið við okkar peninga, svo að þess vegna eins erum við alveg ófærir til samkeppni við Ítali um framleiðslu á þræði.

Ég vil biðja hv. frsm. að athuga þetta. Það hlýtur eitthvað að liggja til grundvallar fyrir því, að Norðmenn kaupa árlega um 1000 tonn af þræði frá Ítalíu, og að þeir eru búnir að reyna sig á því, að spinna sjálfir þessa vöru, og hafa ekki reynzt samkeppnisfærir við Ítali í þeim iðnaði. Ég álít það gott, að færin séu snúin, og netin gerð hér á landi, þótt línurnar þurfi að kaupa frá útlöndum.

Eins og hv. frsm. tók fram, er hlutaðeigendum ekki veitt með frv. einkasala á veiðarfærum, en hér á að veita Hampiðjunni á þriðja hundrað þúsund í gjaldeyri til að kaupa vélar fyrir, og yrði þá sennilega erfitt fyrir útgerðarmenn og sjómenn að fá innflutningsleyfi á veiðarfærum, þegar hægt væri að benda á, að nægilegt af þessum vörum væri framleitt í landinu, þótt þær vörur stæðust ekki samanburð við erlendar vörur, að því er verð og gæði snertir.

Reynslan hér er orðin sú, að þessi innlenda færaspunaverksmiðja er búin að fá einskonar einkarétt til að selja þessar vörur; það vitum við vel, sem þessar vörur kaupum. Við vitum líka, að það er erfitt, og jafnvel ómögulegt, að fá gjaldeyris- og innflutningsleyfi fyrir þessar vörutegundir. Gjaldeyris- og innflutningsnefnd bendir á þá staðreynd, að þessar iðnaðarvörur séu til í landinu, og möguleikinn á því, að fá innflutningsleyfi, strandar á þessari staðreynd. Og ekki rýrnar einkasöluréttur Hampiðjunnar, þegar hún er búin að fá innfluttar nýjar vinnuvélar til iðnaðarins fyrir stórfé á ísl. mælikvarða.

Hv. iðnn. flytur þetta frv. óskipt, og ég geri ráð fyrir, að hún ætlist til, að frv. fari nefndarlaust áfram, en ég vildi mælast til þess við n., að hún vildi rannsaka það milli umr., hvernig allar aðstæður hér eru fyrir því, að koma upp hampspuna á öllum tegundum veiðarfæra, og sérstaklega kynna sér það, sem ég held fram, þótt ég geti ekki sannað það, að Norðmenn hafa gefizt upp við hampspunann, af því að þeir þoldu ekki samkeppnina við Ítali, og hafa látið sér nægja að fara aftur að kaupa þráðinn af þeim.

Að öðru leyti er þetta mál þannig vaxið, þegar tekið er tillit til innflutningstregðunnar að þó frv. sé komið frá iðnn., þá ætti það að koma frá sjútvn. Ég geri þó ekki till. um að vísa málinu til sjútvn. Hv. frsm. sjútvn. er hér viðstaddur og getur því gert till. um það, en það sjá allir, að sjávarútveginn skiptir það miklu, hvernig verð og gæði þessara vörutegunda verður.

*__Finnur Jónsson:__ Hv. frsm. hefði getað sparað sér mikinn hluta sinnar síðustu ræðu, því að ég hefi alls ekki misskilið frv., heldur

hefi ég skilið það rétt. Ég benti á þá miklu hættu, sem af samþykkt þessa frv. stafaði, ekki vegna þess, að það veitti einkasöluleyfi, heldur vegna hins, að inn væru fluttar vélar fyrir stórfé, sem mundi verða til þess, að aðrir menn fengju ekki innflutningsleyfi á þessum vörum, og þannig yrði gjaldeyrishömlunin í framkvæmdinni einskonar einkasöluleyfi, alveg eins og nú er með veiðarfæragerðina. Ég benti á það, að verðmunurinn á innlendu veiðarfærunum og aðkeyptum veiðarfærum væri skattur, sem lagður hefir verið á útgerðina, en hún er ekki fær um að bera.

Hv. frsm. hélt því fram, að veiðarfærin mundu lækka í verði, ef iðnaðurinn yrði að öllu leyti innlendur. Eftir fenginni reynslu í þessum efnum er full ástæða til að ætla, að hvort tveggja muni hækka í verði, hráefnið og færa- og netagerðin. Sé ég ekki ástæðu til að fara út í það *nánar. Mín reynsla er nokkurnveginn sú sama* og hv. þm. Vestm., að þessi innlenda framleiðsla sé frekar verri að gæðum og dýrari en samskonar erlendar vörur. — Að það sé trygging fyrir vörugæðum og lágu verði, að nokkrir útgerðarmenn og skipstjórar eru hluthafar í þessu fyrirtæki, eins og hv. frsm. vildi halda fram, sé ég ekki, að hafi við neitt að styðjast, meðan þeir eru það ekki allir, því að þótt fáir útgerðarmenn eigi fyrirtækið, þá hafa þeir vitanlega mestan hug á því, að fyrirtækið beri sig sem bezt, og að þeir geti haft sem mest fyrir snúð sinn, án tillits til hagsmuna almennings, sem vörurnar á að nota. Væri þessi framleiðsla aftur á móti rekin sem almenningsfyrirtæki með einkaleyfi, þá gæti fyrirtækið vitanlega gert gott. En sem einkaleyfi án tillits til hagsmuna almennings tel ég fyrirtækið svo hættulegt, að ég mun ekki gefa frv. atkv. til 2. umr.

*__Jón Ólafsson:__ Ég ætla ekki að lengja umr. um þetta mál á þessu stigi, en mér sýnist ein hlið sérstaklega vafasöm á þessu einkaleyfi. Það er mikið gert úr væntanlegum gjaldeyrissparnaði í sambandi við þetta einkaleyfi, og má vera, að hann verði einhver, en þótt ég viðurkenni þetta, þá er það önnur hlið á þessu máli, sem er meira verð, og það er gæði vörunnar. Ef veiðarfærin, sem *búin eru til, eru svo léleg*, að þau halda ekki veiðinni, þá geta þau orðið útgerðinni dýrkeypt, hvað sem verðlaginu líður. T. d. þarf poki botnvörpunnar, sem trollað er með, skilyrðislaust að vera svo sterkur, að hann rifni ekki utan af mikilli veiði. Ef misbrestur verður á þessu, ef tvinninn svíkur, þá getur tapazt svo mikið verðmæti í sjóinn, að það verði dýrt spaug fyrir útgerðina að nota slík veiðarfæri. Hjá þessari hættu verður verðið sjálft smávægilegt atriði, þótt það verði hærra á innlendu vörunum heldur en þeim erlendu, eins og það var í vetur, þegar munurinn var 5—10%. Slík álagning er í raun og veru smávægileg hjá hinu, ef hin innlenda framleiðsla getur ekki jafnazt á við þá erlendu um styrkleika.

Ég tek undir með þeim hv. þm., sem talað hafa um það, að gjaldeyris- og innflutningsn. mundi nota sér það, að þvinga útgerðarmenn til að kaupa hina innlendu framleiðslu, enda væri það eðlilegt. Félagið væri búið að leggja mikið í kostnað, og þarf þess vegna að geta haft mikla umsetningu og álagningu til þess að ávaxta það mikla fé, sem í fyrirtækið verður lagt og afskrifa hinar dýru vélar. Mér finnst þessa hlið, vörugæðin, þurfi sérstaklega að athuga vel, áður en því er slegið föstu, að veita það einkaleyfi, sem hér er um að ræða. Ég vil því vænta þess, að hv. *frsm. og hv. iðnn. athugi þá hlið betur.* Ég hefi það fyrir satt, að allmargir skipstjórar, sem mesta áherzlu leggja á að hafa veiðarfæri sín örugg, hafi neitað að nota veiðarfæri frá Veiðarfæragerð Íslands. Af þeim ástæðum hefir nokkuð fengizt innflutt af botnvörputvinna, þó ekki nándarnærri eins mikið og þörf var á. Þar að auki get ég upplýst, að þessi tvinni, sem keyptur var frá Englandi, var mun ódýrari en tvinni frá Veiðarfæragerðinni, sem getur vel stafað af því, að Veiðarfæragerðin hafi keypt sinar *vörur á óhagstæðum tíma*, eins og sagt er, og hafi fyrirtækið orðið að greiða fyrir þessa vöru 20% hærra verð heldur en hún fekkst fyrir í Englandi síðar. Það er ósköp hætt við því, að slíkir smáframleiðendur sem Veiðarfæragerðin sitji ekki við hin beztu kjör um verð og geri með því landsmönnum skaða, án þess sjálf að hafa hag af. Það er nú svo hér, að yfirleitt er mörgum smáiðnaðarfyrirtækjum haldið uppi með því, að aðrir fá ekki að flytja inn þær vörutegundir, sem þessi fyrirtæki framleiða. — Ég sé ekki ástæðu til að hafa þessi orð fleiri, en vil vona það, að hv. þd. taki gætilega á þessu máli, einkanlega vegna þess, að ég er sannfærður um, að allmikil hætta er á því, að þessi framleiðsla verði ekki samkeppnisfær, sérstaklega þó hvað vörugæði snertir.

*__Sigurður Kristjánsson:__ Það er ekki nema eðlilegt, að hv. þdm. ræði gaumgæfilega öll þau mál, er að sjávarútveginum lúta, og ég get lýst því yfir, að iðnn., sem frv. þetta flytur, gaf mjög nánar gætur að frv. þessu, áður en hún ákvað að taka það til flutnings. Þess vegna gerði n. sig ekki seka í þeim mikla misskilningi, sem komið hefir fram hér í hv. þd. í sambandi við þetta frv.

Eins og tekið hefir verið fram og viðurkennt *hér í hv. d., þá er ekki um að ræða innflutnings*einkaleyfi. Í öðru lagi þá er það ekki á valdi Alþingis, að koma í veg fyrir það, að þessar vélar verði keyptar og iðnaður þessi hafinn; það verður gert hvort sem frv. er samþ. eða ekki. Frv. fer aðeins fram á það, að fyrirtækið fái einkaleyfi í næstu 10 ár til þess að framleiða veiðarfæri hér á landi. — Inn í umr. um þetta frv. hefir verið blandað öðru efni og óskyldu, það er spurningin um gjaldeyris- og innflutningsnefnd, spurningin um það, hvernig hún snýst við þessu máli. Hv. þm. Ísaf. óttast það, að sú n. muni banna öðrum innflutning á veiðarfærum. Mér stafar einnig og ekki síður ótti af þessu. En það er einmitt þessi hv. þm., ásamt öðrum hv. þm. stjórnarflokkanna, sem komið hafa á þessari n. og halda í hana dauðahaldi. Það fer vel á því, að einn hv. þm. úr hópi stjórnarflokkanna, bendir á þá hættu, að n. misbeiti sínu valdi og niðist á atvinnuvegunum í þeim

tilgangi, að hlaða undir sína gæðinga, sem í þessu tilfelli ætti að vera Hampiðjan. Málið liggur þannig fyrir. Hampiðjan ætlar að flytja inn vélar fyrir á þriðja hundrað þúsund kr. Það er hvorki á valdi iðnn. eða þingsins, að óbreyttum aðstæðum, að koma í veg fyrir þetta. Það er gjaldeyris- og innflutningsn., sem hér hefir völdin. Afdrif þess frv., sem hér liggur fyrir, hafa engin áhrif á þessi vélakaup. En að svo vöxnu máli, telur iðnn. rétt, að þegar í stað sé komið í veg fyrir aðra og ennþá verri hættu, þá hættu, að einhverjir aðrir en Hampiðjan rjúki til og fari að kaupa einnig dýrar vélar, komi ofan á þetta fyrirtæki strax í byrjun, *kannske fyrir ímyndaða gróðamöguleika, en öllum til tjóns.* Það eru dæmi fyrir því nú í seinni tíð, að menn, sem með framtakssemi sinni hafa brotizt í að leggja í kostnað í iðnfyrirtæki, til þess að bæta úr innlendri þörf, hafa orðið að taka á móti kapphlaupi um þann iðnað frá ýmsum öðrum, sem ekki datt þetta í hug, fyrr en búið var að ríða á vaðið, og sáu ofsjónum yfir ímynduðum gróða þessara manna. Ríkið hefir heldur ekki látið sinn hlut eftir liggja í þessu efni. Ég veit ekki betur en að það vofi yfir þeim mönnum, sem eitthvert framtak hafa, alveg eins og gammur yfir bráð. Ég held, að það sé því ástæða til fyrir okkur að athuga það, ef einhverjir menn ennþá eru svo bjartsýnir í þessu landi að leggja út í atvinnurekstur, hvort við eigum að láta leiðina standa opna bæði fyrir ríkið og einstaka menn til þess að hlaupa strax í kapp við þessa menn og drepa þeirra fyrirtæki. Það gæti líka leitt til þess að íþyngja þeim, sem nota vöru þeirra. Við skulum halda okkur við þetta dæmi. Ef h.f. Hampiðjan fengi ekki þennan einkarétt, að setja niður þessar vélar í næstu 10 ár, gæti hæglega svo farið, að sett yrðu á stofn önnur samskonar fyrirtæki. Það er gefinn hlutur, að not þessarar vöru eru ekki meiri en svo, að það yrði erfitt fyrir mörg slík fyrirtæki að bera sig. Sennilega myndu þau fara á hausinn, en meðan þau væru að klóra í bakkann, er ekkert líklegra en að þau reyndu að afla sér einkasölu á sinni framleiðslu, síðan gera samninga sín á milli um að keppa ekki um verð. Á þessu yrði miklu síður hætta, ef fyrirtækið fengi að vera eitt, meðan það væri að komast yfir verstu erfiðleikana.

Það hefir verið vitnað í Veiðarfæragerðina. Það er að sönnu rétt, að veiðarfæri frá Veiðarfæragerð Íslands eru dýrari en annarsstaðar frá, og sjútvn. hefir gert tilraunir til þess að fá það leiðrétt. Ég vil minna þá hv. þm., sem hafa vitnað í þetta, á það, að Veiðarfæragerðin hefir ekki einkaleyfi. En hvaðan stafar þá þessi plága, sem þeir telja, að Veiðarfæragerðin sé útgerðinni? Hún stafar af dýrðlingi stjórnarflokkanna, innflutnings- og gjaldeyrisnefnd, sem misnotar sitt vald með því að leggja hömlur á innflutning veiðarfæra. Ég held því, að menn ættu að snúa sér að meinsemdinni, sem er innflutnings- og gjaldeyrisnefnd. En ég fyrir mitt leyti álít ekki rétt að sniða löggjöf í þessu efni eftir því augnablíksómenningarástandi, sem er ríkjandi í landinu í verzlunarsökum, þar sem sett er yfir verzlunina n., sem misnotar vald sitt til óhagræðis fyrir allan almenning og á að vera til framdráttar sérstökum gæðingum hæstv. stj. Ég álít ekki rétt að miða við slíkt, því að við verðum að vona, að því létti af. Ég skal játa það fúslega, að ég er vantrúaður á, að það verði gróðafyrirtæki fyrir Hampiðjuna að auka þessa starfrækslu. Ég er sömu skoðunar og hv. þm. Vestm., sem vitnaði í, að Norðmönnum hefði reynzt óhagstætt að spinna hampinn heima heldur en kaupa hann spunninn. Ég held því, að það muni líka reynast erfiður iðnrekstur hér á landi. En samt sem áður er ekki rétt að vera að setja fótinn fyrir framtakssama menn, *sem vilja hætta fé sínu til þess að gera atvinnurekstur*inn fjölbreyttari en hann er. En hitt er sjálfsagt, ef löggjöfin getur sett einhverjar tryggingar fyrir því, að þetta leiði ekki til þess að þyngja á öðrum landsmönnum, að það sé gert. Það var þetta atriði, sem ég athugaði, áður en ég ákvað að vera með flutningi þessa frv., en mig bar alltaf að sama agnúanum, sem sagt, að það er innflutnings- og gjaldeyrisn., sem hættan getur stafað af.

Það er enginn einkasöluréttur veittur samkv. þessu frv., ekki annað en það, að þessir menn megi í nokkur ár vera einir um þessa iðju, meðan verið er að komast að raun um, hvort er verkefni til fyrir hana í landinu. En það er ávallt það sama, sem maður rekur augun í, það er innflutnings- og gjaldeyrisnefndin, sem getur breytt þessu í einokunarástand, og öryggið gegn því, að svo verði, er ekki annað en að taka þennan möguleika, innflutnings- og gjaldeyrisnefndina, af. Þessi hampiðja verður sett upp og verður samskonar og veiðarfæragerðin á sínu sviði, ef frv. verður ekki samþ., sem innflutnings- og gjaldeyrisn. getur gert að einokunarstofnun, ef hún vill misbeita valdi sínu. Hv. þm. skulu þess vegna ekki halda, að þeir umflýi þessa hættu með því að fella frv., en stofni til hennar með því, að samþ. frv. Þeir ættu heldur að beina athygli sinni að innflutnings- og gjaldeyrisnefnd.

Frsm. (Páll Zóphóníasson): Ég held, að hv. 1. þm. Rang. hljóti að hafa annaðhvort mistalað sig eða haft hæpnar heimildir, þegar hann sagði að hið háa verð, sem væri á vörum frá Veiðarfæragerðinni, stafaði af óhagstæðum innkaupum á hampi. Þetta getur ekki staðizt, því að Veiðarfæragerðin hefir aldrei flutt inn hamp.

Þá vil ég benda á það, að ounninn hampur, sem fluttur var til landsins, nam að verðmæti 9000 kr. 1933, 16000 kr. 1934, 75000 kr. 1935 og 130000 kr. 1936. Hampiðjan, sem í fyrsta skiptið vinnur garn 1935, hleypir verðmæti hampsins svo upp. Það er og eftirtektarvert, að það ár er í fyrsta skipti á innflutningsskýrslunum ounninn hampur frá Afríku og Filippseyjum. Á sama tíma, sem Hampiðjan byrjar að framleiða garn, minnkar verðmæti innflutts botnvörpugarns úr 181 þús. kr. 1933 niður í 40 þús. kr. 1936. Þetta sýnir að h.f. Hampiðjan er fullkomlega samkeppnisfær á þessum markaði.

Þá sagði hv. þm. Vestm., að Norðmenn væru ekki samkeppnisfærir við Ítali á þessu sviði.

Ég skal engan dóm leggja á það, en sé það rétt, að Norðmenn séu ekki samkeppnisfærir við Ítali, þá þykir mér það skrítið, að þeir menn, sem útgerð stunda, skuli árið 1933 fá flutt inn færi frá Noregi fyrir 660 þús. kr. af 880 þús. kr., sem innflutningur á þessari vöru nam að verðmæti, árið 1934 frá Noregi fyrir 384 þús. kr. af 509 þús. kr. innfluttningi alls og 1935 300 þús. kr. af 400 þús. kr. innflutningi alls. Það er undarlegt, ef þeir menn, sem þessa vöru hafa keypt, hafa einmitt hitt á það land, sem ekki er samkeppnisfært í þessari framleiðslu, og skipt svona mikið við það í öll þessi ár. Annaðhvort er það, að hv. þm. Vestm. hefir ekki rétt fyrir sér, eða það sýnir, að enginn af öllum þeim mönnum, sem flytja inn þessa vöru, fylgist með, hvar hentugast er að gera þessi innkaup.

Ég skal benda á það, að þegar hf. Hampiðjan fór að flytja inn hamp 1935, lækkaði verð á hampi, af því að hann var keyptur beint og ekki þurfti að borga tvöfalda fragt fyrst frá framleiðslulöndunum til Noregs og síðan frá Noregi og hingað. Það sjá því allir, hvert hagræði er í að losna við þessa millifragt og vinna úr hampinum hér í landinu sjálfu. Ég vil þess vegna út af því, sem hv. 1. þm. Rang. sagði, að sá sparnaður og aukin vinna, sem af því leiddi, að framleiða þessar vörur í landinu, komi ekki til neinna nota, gera grein fyrir þeim mismun, sem er á að kaupa hráefnið í þær þrjár tegundir garns, netagarn, límþráð og trollgarn, eða kaupa það unnið. Miðað við núverandi verð kostar tonnið af netagarni 4 þús. kr., en hampurinn, sem í það fer, kostar ekki nema 2200 kr. Mismunurinn á þessari einu tegund nemur því 1800 kr. Meðalinnflutningurinn hefir undanfarið numið 50 tonnum. Mismunurinn, sem þar er um að ræða, nemur því 90 þús. kr. Ef við tökum límþráðinn, þá kostar tonnið af honum 2900 kr., en hampurinn, sem þarf til þess að vinna tonn, kostar ekki nema 1800 kr.; mismunurinn er því 1100 kr. Flutt hafa verið inn 200 tonn síðastl. 3 ár. Það er því 220 þús. kr., sem munar á þessari tegund garns. Tonnið af saumagarninu kostar 2850 kr., en hampurinn, sem í það fer, 1350 kr. Mismunurinn er 1500 kr. Meðal innflutningur hefir verið 50 tonn, og mundu því á þessari tegund sparast 75 þús. kr. Ef allur sá spuni, sem þarf til þess að samsvara meðalinnflutningi á þessum þremur tegundum síðastl. 3 ár, væri framkvæmdur hér á landi, mundi við það sparast 385 þús. kr. Þetta er svo stór upphæð, að þó að þurfi vélar og hús, sem samanlagt mundu kosta 200 þús. kr., myndi sparast mikið strax á fyrsta ári, ef verksmiðjan næði þessum viðskiptum. Hinsvegar liggur í augum uppi, eins og hv. 6. þm. Reykv. tók fram, að hvorki línu-, neta- eða kaðlagerðin er skyldug að kaupa af Hampiðjunni, heldur geta þessi fyrirtæki eftir sem áður keypt garn annarsstaðar frá. Þess vegna á h.f. Hampiðjan sjálf mest á hættu, ef hún reynist ekki samkeppnisfær, hvað snertir verð og gæði.

Það, sem um er að ræða, með þessu frv., er, hvort á að styðja að því, að þetta fyrirtæki, hf. Hampiðjan, fái vernd gegn því, að annað samskonar fyrirtæki rísi hér upp og gera bæði óstarfhæf, vegna þess að ekki er meiri þörf fyrir þessar vörur í landinu en eitt fyrirtæki gæti fullnægt. Um annað er ekki beðið.

Ég lít þannig á, að óttinn við hækkað verð sé ekki á rökum reistur, m. a. vegna þess, að það eru útgerðarmenn, sem framleiða þetta handa sjálfum sér. Þess vegna er aðalatriðið að geta framleitt vöruna sem ódýrasta og bezta, en hitt er þeim aukaatriði, hvaða arð þeir fá af sínum hlut í fyrirtækinu.

***Páll Þorbjörnsson:** Hv. 2. þm. N.-M. og hv. 6. þm. Reykv., sem standa að þessu frv., hafa báðir tekið fram, hvað beri að telja sem ástæðu fyrir því, að rétt þykir að veita 10 ára einokunarleyfi. Ástæðurnar kemur þeim báðum saman um, að séu þær, að ef ráðizt sé í að koma upp þessu fyrirtæki, sé því hætta búin fjárhagslega, ef upp komi við hliðina á því annað samskonar fyrirtæki. Þeir hafa báðir tekið fram, að það muni ekki þörf fyrir meira af þessari vöru í landinu heldur en þessi verksmiðja getur framleitt, og henni sé hætta búin, ef annað innlent fyrirtæki færi að keppa við hana. Hv. 6. þm. Reykv. hefir aftur á móti veitzt að innflutnings- og gjaldeyrisn. og haldið því fram, að aðalhættan stafi af því, að hún leyfi ekki innflutning á línum nema að takmörkuðu leyti. Ef hf. Hampiðjunni stafar hætta af því, að fá annað fyrirtæki við hliðina á sér, — stafar henni þá ekki alveg eins hætta af því, að leyfður sé innflutningur á þessari vöru?

Innflutnings- og gjaldeyrisn. getur því litið á þetta frv. sem bendingu um að leyfa ekki innflutning á þessum vörum. Báðir aðstandendur þessa frv. hafa tekið fram, að frv. girði fyrir það, að önnur fyrirtæki en hf. Hampiðjan rísi upp til þess að keppa um framleiðslu þessara vara. Mér finnst þessi röksemdafærsla mjög einkennileg, ef þeir ætlast til, að eftir sem áður sé leyfður innflutningur á þessum vörum unnum.

Hv. 2. þm. N.-M. benti á, að það væri trygging fyrir því, að ekki yrði óhæfilega hátt verð á þessum vörum, að það væru útgerðarmenn sjálfir, sem stæðu að þessu.

Ég hygg, að það hafi verið hv. þm. Ísaf., sem tók það fram, að það væri lítil trygging fyrir, að þetta einkaleyfi væri ekki misnotað, þó að 2 eða 3 uppgjafaskipstjórar ættu það. Ég get ekki látið mér til hugar koma, þó að þeir einhverntíma hafi verið skipstjórar og borið umhyggju fyrir sjávarútveginum, að þeir telji sér skylt að láta sína hagsmuni í minni pokann gagnvart hagsmunum alls fjöldans. Mér þykir einkennilegt, að hv. 6. þm. Reykv., sem einhverntíma hefir skreytt sig með því nafni, að vera „talsmaður" fiskframleiðenda í landinu, skuli tala máli fyrrv. fiskframleiðenda til þess að okra á nauðsynjum sjávarútvegsins, því að það er ómögulegt að líta öðruvísi á, en að þeim, sem er veitt einkaleyfi, verði sköpuð aðstaða til þess að slengja á iðnaðarokri á þessu landi. Ég er viss um, ef innflutnings- og gjaldeyrisn. hefir nokkurntíma verið gefin bending um það af Alþingi, að leyfa ekki innflutning á vissum vörutegundum, þá sé það með þessu frv., og ekki sízt fyrir

það, að það er flutt af n., sem skipuð er mönnum úr öllum stjórnmálafl. Mér þykir ekki ósennilegt, að innflutnings- og gjaldeyrisn. væri það kærkomið, að geta hampað framan í þá menn, sem biðja um innflutningsleyfi fyrir þessari vöru, að á Alþingi hafi komið fram frv. til að veita einkaleyfi til 10 ára til þess að spinna þráð úr hampi.

*__Jóhann Jósefsson:__ Það er rétt, að væri ekki von á því, að innflutnings- og gjaldeyrisn. notaði sér þetta frv., verði það að lögum, til þess að neita um innflutning á garni og öðru slíku, sem þarf í færi og net, væri síður ástæða til þess að vera á móti þessu frv. En við vitum, að innflutnings- og gjaldeyrisn. hagar sér svo, að þess vegna er það talsvert varhugavert að ýta undir þá aðferð, sem hún hefir gagnvart atvinnuvegunum. Innflutnings- og gjaldeyrisn. virðist blína á það, að erlendan gjaldeyri þurfi fyrir það, sem flutt er inn af veiðarfærum, en ekki fyrir það, sem framleitt er í landinu sjálfu.

Ég skal ekki orðlengja um þetta mál, en ég vildi samt sem áður leiðrétta það, sem hv. 2. þm. N.-M. var að snúa út úr því, sem ég sagði. Ég hélt því fram, og stend við það, að Ítalir spinna þráðinn svo ódýrt, að Norðmenn hafa ekki séð sér fært að keppa við þá í því efni. Ég hélt því ennfremur fram, að þeir keyptu þráðinn í færin og netin að mestu leyti frá Ítalíu, en spynnu hann ekki sjálfir. Hv. þm. bar á okkur útgerðarmenn rataskap út af þessu, af því að það er vitað, að útgerðarmenn hafa á undanförnum árum keypt færi frá Noregi, en ekki nema lítið frá Ítalíu. En hv. þm. verður að gera sér ljóst, að þótt búið sé að spinna þráðinn, er veiðarfærið ekki tilbúið, og að það getur verið hagkvæmara að búa til veiðarfærið á öðrum stað en þráðurinn er spunninn. Það er, sem verkskiptingin leiðir í ljós, að einn þáttur í framleiðslunni getur verið miklu ódýrari í einu landi en öðru, þótt endanlega framleiðslan á iðnaðarvörunni fari ekki fram í því sama landi, heldur sé hún flutt hálfunnin til einhvers annars lands og þar lagt smiðshöggið á hana, og þannig er það með þessar fiskilínur. Norðmenn hafa aldagamla æfingu í því, að snúa færi og ríða net til fiskveiða í norðurhöfum, en það er ekki svo að skilja, að þeir hafi ekki getað spunnið þráðinn, heldur er það bara miklu dýrara en í framleiðslulandi hampsins, sem er Ítalía. Hv. frsm. upplýsti það, að Hampiðjan hafi ekki reynt sig á því, að vinna úr mjúkum hampi, heldur aðeins haft harðari hamp, Manilla og Sísal, og það er óséð, hvernig framleiðslunni reiddi af, þegar farið yrði að framleiða netagarn og efni í fiskilínur. Ég hefi nú bent á þessa staðreynd, og það getur hv. frsm. gert upp við sjálfan sig, hvort honum finnst líklegt, að Hampiðjan hér geti unnið miklu ódýrara en Norðmenn, og fyrst það borgar sig ekki hjá þeim, að spinna þennan hamp, hvort það muni þá borga sig hjá okkur. En það, sem ég óttast, eins og svo margir aðrir, er, að mismunurinn komi eingöngu niður á þeim, sem eiga að nota vörur þessarar iðngreinar. Hv. frsm. las upp nokkrar tölur um innflutning á garni, hvað verðið væri á netagarni hingað komnu, og hvaða verð væri á efni, sem þyrfti í netagarn, og talaði um mismun þar á milli. Ég ætla að taka einn póst úr upplestri hans. Hann sagði, að til landsins hefði flutzt á síðasta ári netagarn, sem kostaði 4000 kr. tonnið, en efni í sama tonn hefði ekki kostað nema 2200 kr., og að mismunurinn á efninu og garninu hefði verið 90000 kr. Hvað sannar þetta? Hv. þm. hefir enga sönnun fyrir því, að það verði ódýrara en 90000 kr., þegar efnið í þetta verður flutt inn og spunnið hér. Mér virðist, að ef hv. þm. hefir ætlað að sanna nokkuð með þessum tölum, þá hefði hann átt að sýna fram á, sem hann ekki gerði, fyrir hvaða verð Hampiðjan gæti gert þetta, og eins, að hún gæti gert það jafn vel úr garði og úr hinum útlenda þræði. Vegna þess að hv. þm. hefir ekki tromp á hendinni til þess að sýna fram á þetta, er þessi töluupplestur hans út í bláinn og sannar ekki neitt.

*__Emil Jónsson:__ Ég þarf ekki að fara um þetta mörgum orðum, því að það hefir komið fram í málinu flest það, sem þarf að taka fram, bæði með og móti. Það eru aðeins tvö atriði, sem mig langaði að víkja að nokkru frekar en gert hefir verið. Fyrra atriðið veit ég, að hv. þdm. er kunnugt um, en hvort þeir hafa grundað, hvaða afleiðingar það hefir, er aftur á móti ekki eins ljóst, og það er það, að samkeppnin í þessari litlu iðnstarfsemi er einmitt það, sem veldur henni mestum erfiðleikum. Jafnskjótt sem nýtt fyrirtæki er hafið, kemur undir eins yfir það eitt eða fleiri, sem gera því svo erfitt fyrir, af því að markaðurinn er svo þröngur. Það er því eðlilegt, að fyrirtæki með 100—200 þús. kr. stofnkostnað vilji tryggja, eins og hægt er, að ekki komi aðrir yfir þá og taki frá þeim þann litla markað, sem fyrir hendi er, en það getur orðið meira tap en margra prósenta lækkun á vörunni. Þetta er ástæðan til þess, að frv. kemur fram. Um það, hvort skilyrði eru frekar hér til að spinna þráðinn en í Noregi, skal ég ekki fjölyrða, því að ég ætla, að flesta hv. þdm. bresti nægilega kunnáttu til þess að dæma um það. En hitt er óhætt að fullyrða, að þetta firma hefir unnið úr Manillahampi með góðum árangri, og þegar það er staðreynd, að þessi hamptegund er flutt frá hitabeltislöndunum, þar sem vinnukrafturinn er ódýrari en í Noregi og Ítalíu, þá er ekki óliklegt, að það mundi takast að vinna úr hinum fínni hampi úr þeim löndum, þar sem vinnulaunin eru hærri. Þetta bendir til þess, að það eru möguleikar fyrir þessu, og þegar þeir, sem ætla út í þetta að leggja, hafa komizt að þeirri niðurstöðu, að það muni borga sig að gera þetta, þá tel ég ekki ástæðu til að rengja það hjá þeim, þeir eiga mest á hættu sjálfir.

Svo er hitt atriðið, sem ég vildi gjarnan að kæmi fram í þessum umræðum. Það hefir verið dregið í efa af hv. þm. Vestm., hv. 3. landsk. og fleiri hv. þm., að sú vara, sem hér er unnin, væri eins góð og sú útlenda; það var að vísu ekki sagt fullum fetum, að þetta væri svo, en þó mátti skilja það. En ég vil geta þess, að ég

hefi átt tal við marga skipstjóra á togurum, sem hafa bæði reynt útlenda og innlenda vöru af þessu tagi, og það án þess að þeir væru á nokkurn hátt háðir þessu fyrirtæki, sem hér um ræðir, og svör þeirra voru undantekningarlaust þau, að innlenda varan væri sízt lakari en sú erlenda. Að því er verðið snertir, þá held ég, að innlenda varan verði sízt dýrari, þegar allt kemur til alls. Af þessum ástæðum, að fyrirtækinu hefir tekizt að búa til vöru, sem að dómi þeirra, sem eiga að nota hana, er góð vara, og verðlagið er samkeppnisfært, og ennfremur að með þessari starfsemi hefir tekizt að auka atvinnuna og spara útgjöld, þá finnst mér ekki nema sanngjörn viðurkenning fyrir þessa starfsemi, að þeim, sem hafa stofnað til hennar, sé veitt þetta leyfi, sem þeir fara fram á til þess eins, að tryggja það, að ekki komi aðrir yfir þá og fari að framleiða það sama og spilli markaðinum. En ef útlend, unnin vara reynist ódýrari en sú íslenzka, þá tel ég sjálfsagt, að veitt verði leyfi til þess að flytja þá vöru inn, enda er það, eins og hv. 6. þm. Reykv. benti á, engin trygging fyrir því, að þetta fyrirtæki verði ekki sett upp, þó að ekkert einkaleyfi fáist, og ef þetta fyrirtæki kemst upp einkaleyfislaust, þá er ekki meiri tilhneiging hjá gjaldeyrisnefnd til að útiloka erlenda vöru heldur en ef þetta einkaleyfi væri fyrir hendi. Ég get því ekki séð, að í þessu felist nein hætta, heldur aðeins réttmæt viðurkenning á starfsemi, sem hefir sýnt, að hún er samkeppnisfær, bæði að því er snertir verð og gæði. Ég tel því, að þessari hv. d. beri að stuðla að því, að þetta einkaleyfi verði veitt, en ég er hinsvegar ekkert á móti því fyrir mitt leyti, að einhverri annari nefnd, t. d. sjútvn., verði fengið þetta mál til athugunar, en það verður auðvitað að gera það að skilyrði, að málið komi þaðan aftur innan einhvers sanngjarns tíma.

Frsm. (Páll Zóphóníasson): Það eru bara tvö atriði, sem ég þarf að minnast á. Annað er viðvíkjandi ræðu hv. þm. Vestm. Hann virtist ekki skilja tölurnar, sem ég las upp. Það, sem með þeim var meint, var það, að hann og aðrir hv. þm. sæju, að landsmenn hefðu hagnað af því, ef þessi iðnaður kæmist inn í landið, og þennan verðmismun, sem er á hampinum, sem fer í tonnið, og þess, sem tonnið kostar unnið. Hitt atriðið var það, að hann vildi víkja sér undan því, sem hann hafði haldið fram, að færin væru fengin frá þeim stöðum, þar sem þau væru bezt, sem hann taldi áðan, að væri Ítalía, en nú Noregur, sem keypti hampinn óunninn. Sleppum færunum. En hvaðan kemur garnið? Við höfum flutt inn garn á hverju ári fyrir 60—80 þús. kr. Hefir það komið frá Ítalíu? Nei, Ítalía er ekki nefnd í verzlunarskýrslum yfir innflutt garn. Garn úr hampi hefir verið flutt inn fyrir 74648 kr., og þar er Bretland hæst á blaði með 32811 kr., Belgía með 32184 kr. og svo niður á við ofan í Þýzkaland, sem er með 333 kr., en Ítalía er þar ekki til, það land, sem hv. þm. sagði, að þetta garn væri komið frá. Annaðhvort er, að hann fer ekki með rétt mál, að þetta sé það bezta, eða að hann og aðrir þeir, sem kaupa garn, hafa ekki getað sett sig í samband við það bezta, þegar komið var út í veruleikann, þótt hann tali um þetta hér á þingi.

***Guðbrandur Ísberg:** Hv. mnm. minir hafa dregið fram flest þau rök, sem mæla með þessu máli. Þó er eitt atriði, sem ég vil benda betur á en gert hefir verið, og það er, að í bréfi, sem Hampiðjan sendi iðnn. og er prentað sem grg. með þessum frv., er það sagt berum orðum, að fyrirtækið ætli sér að vinna á fullkomnum samkeppnisgrundvelli, miðað við erlendan iðnrekstur í sömu grein. Þeir menn, sem að þessu standa og voru til viðtals við n., lýstu einnig yfir því, að fyrir þeim vekti alls ekki það að fá neina vernd á nokkurn hátt, en að þeim yrði tryggt, að það kæmu ekki aðrir með sömu starfsemi yfir þá fyrstu árin eftir að þeir settu þennan iðnrekstur á stofn, vegna þess að stofnkostnaðurinn væri svo mikill, að þeir mundu ekki þola það, miðað við það, að selja vöruna áfram á fullkomnum samkeppnisgrundvelli. Ef til kasta gjaldeyrisnefndar kæmi í þessu sambandi, þá þarf hún ekki að vera í neinum vafa út af þessu; ef þeir, sem hér eiga hlut að máli, kæmu til hennar og færu fram á vernd, þannig að innflutningur á spunnum hampi yrði takmarkaður eða bannaður með öllu, þá er hægt að benda á þessa yfirlýsingu í grg. frv. Það er þetta atriði í fyrsta lagi, ásamt því, að þeir, sem að þessu fyrirtæki standa, hafa hagsmuni af því, að vörurnar séu sem ódýrastar, og í þriðja lagi það, að það er nokkur trygging fyrir því, að þessu fyrirtæki takist að halda þessu samkeppnisfæra verði, ef komið verður í veg fyrir, að aðrir setji upp samskonar fyrirtæki, sem hefir gert það að verkum, að ég og fleiri nm. sáum okkur fært að fylgja þessu frv., jafnvel þótt ekki sé hægt að neita því, að þessi einkaleyfisveiting, sem farið er fram á, sé dálítið óvanaleg aðferð.

Sigurður Einarsson: Þegar mál eins og þetta er til umr., þá er ekki ástæða til að láta það liggja í láginni, að það eru margir, sem fást við framleiðslu og þurfa að kaupa vörur til sinna nota, og það einkum framleiðendur sjávarafurða, sem hafa kvartað undan því, að hin innlenda iðnaðarframleiðsla væri dýrari en útlend, eins og hv. 1. þm. Rang. tók sérstaklega fram, að ástæða væri til að óttast um, að hún væri ekki eins haldgóð og sú vara, sem fæst á erlendum markaði. Um veiðarfæragerðina er þetta sérstaklega vitað, þar sem fyrir gjaldeyrisnefnd hafa hvað eftir annað legið kvartanir um, að hún seldi vörur sínar dýrari en hægt var að að fá þær annarsstaðar. Þó að gjaldeyriserfiðleikar okkar séu miklir, þá má samt ekki taka svo mikið tillit til þeirra, að farið verði að íþyngja atvinnuvegunum á þann veg, að gefa innlendum iðjurekendum færi á því, að beita hóflausri einokun um verð og gæði. — Ég ætla að víkja nokkrum orðum að því, sem hv. þm. Hafnf. sagði, en hann er kominn inn á sömu braut og hv. 6. þm. Reykv. í þessu máli. Hv. þm. Hafnf. segir, að samkeppnin sé að drepa

þessa litlu iðju. Þess vegna er farið fram á einkaleyfi handa þessu fyrirtæki, en svo segir hv. þm. Hafnf., ásamt hv. 6. þm. Reykv., að það sé ekki á færi Alþingis að koma í veg fyrir, að þessi iðnrekstur verði settur á stofn, og svo bætir hv. þm. Hafnf. því við, að þetta fyrirtæki muni sennilega komast upp, enda þótt ekkert einkaleyfi fáist. Ef þetta er rétt, þá get eg ekki betur séð en að þetta frv. sé alveg óþarft, og þetta fyrirtæki verði að láta sér nægja þá einkaleyfisaðstöðu, sem felst í takmörkun innflutningsleyfa og þeirri tilhneigingu gjaldeyrisnefndar, að líta í þau horn, þar sem fyrir er innlend framleiðsla. Hugsum okkur, að Hampiðjan nyti þessarar einkaleyfisaðstöðu, án þess að hafa 10 ára einkaleyfi í lögum frá þinginu, og svo vildi það reynast, að þessu fyrirtæki tækist ekki að komast nálægt því, sem unnt er að fá sambærilega vöru fyrir annarsstaðar, að því er snertir verð og vörugæði, þá er ekki, þrátt fyrir hugsanlega tilhneigingu gjaldeyrisnefndar til að ívilna fyrirtækinu, lagavernd fyrir því, að landsmenn gætu ekki keypt þessa vöru annarsstaðar. En að því er hnigið ef þetta frv. yrði að lögum. Eg vil ekki gera lítið úr því, sem hv. 1. þm. Rang. sagði, að það mundi verða skoðað sem mjög sterk bending til gjaldeyrisnefndar að nota sér það með tilliti til innflutningsleyfa fyrir þær vörur, sem hér um ræðir, ef frv. þetta yrði að lögum. En aftur á móti geri eg ekkert úr því, þótt hv. þm. Ak. vitni í bréf, sem hv. iðnn. hefir fengið frá Hampiðjunni, þar sem aðstandendur fyrirtækisins lýsa yfir því, að þeir muni jafnan reka fyrirtækið á samkeppnisgrundvelli. Frv. sjálft felur ekki í sér neina tryggingu fyrir því, að þetta verði nokkurntíma annað en yfirlýsing ein.

Eg vil svo að lokum minna á það, að bátaútvegsmönnum, og yfirleitt öllum, sem slíka vöru kaupa, þykir sér enginn búhnykkur með því gerður, ef þetta frv. verður að lögum, því að þótt það sé vitanlega sjálfsögð skylda að hlynna að innlendum iðnaði, og mikil þörf fyrir gjaldeyri, má þó ekki bæta eitt böl þannig, að bíða við það annað meira, sem stefnt er að með því, að gera frv. þetta að lögum.

***Jóhann Jósefsson:** Hv. frsm. iðnn. var að tala um, að innflutningur á netagarni tiltekið ár hefði enginn verið frá Ítalíu, en aftur á móti fyrir nokkra tugi þús. frá öðrum löndum, og vildi hv. þm. sanna með því, að þeir, sem netagarn nota, hafi ekki haft vit á að kaupa vöruna á hagkvæmum stað. Eg þarf ekki að taka mér nærri, þótt hv. 2. þm. N.-M. bregði mér eða öðrum, sem annast innkaup á færum eða garni, um fáfræði í þessu efni; eg býst varla við, að hann hafi aðstöðu til þess að dæma um það. Eg vil aðeins upplýsa það, að það eru dálítil tímaskipti að því, hvað þarf af netagarni. Hingað til hefir netagarn út af fyrir sig ekki verið keypt fram að síðustu árum nema til bætingar, og þess vegna hefir það verið tiltölulega lítið magn, sem þurft hefir af garni, og eg hygg, að það sé eins með síldarnetin og þorskanetin, að þau séu lítið riðin hér á landi, en svo er þess að gæta, að árið 1928—1935 a. m. k. er notkun á þorskanetum miklu minni heldur en á árunum 1923—1928. Eg skal benda hv. þm. á það, að netagerð var stofnuð á árinu 1936 í einni af stærstu verstöðvum landsins, Vestmannaeyjum. Sú netagerð ein er búin að flytja inn garn fyrir um 80 þús. kr., miðað við nýár. Þetta garn er eingöngu flutt inn frá Ítalíu. Hv. þm. var að núa okkur því um nasir, að við höfum ekki haft vit á að kaupa garnið þar, sem það er bezt, en þetta er algerlega rangt; við höfum haft fyllilega opin augun fyrir gæðum og verði garnsins. Auk þess, sem hið ítalska garn hefir reynzt sterkt, þá er það einnig 10% ódýrara heldur en annarsstaðar frá. Form. iðnn. mælti með því, að þetta frv. yrði athugað af sjútvn., og eg geri ráð fyrir, að hann og meðnm. hans hafi ekkert á móti því, og vil eg því mælast til, að sjútvn. geti fengið aðstöðu til að athuga þetta frv. og jafnvel ræða við menn, sem að því standa, utan þingfunda, og að málinu yrði þannig vísað til sjútvn. til umsagnar.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 28. fundi í Nd., 31. marz, var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11:3 atkv. og til sjútvn. með 17 shlj. atkv.

Á 40. fundi í Nd., 16. apríl, var útbýtt nál. frá minni hl. sjútvn., á þskj. 339, og á 43. fundi í Nd., 19. apríl, nál. frá 2. minni hl. sjútvn., á þskj. 366, en frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

37. Hraðfrystihús fyrir fisk.

Á 24. fundi í Nd., 22. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um byggingu húsa til að hraðfrysta fisk (þmfrv., A. 119).

Á 27., 28., og 29. fundi í Nd., 30. og 31. marz, 2. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 30. fundi í Nd., 3. apríl, var frv. enn tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 17 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

***Flm. (Thor Thors):** Tilgangur frv. þessa er sá, að stuðla að því, að koma upp frystihúsum til hraðfrystingar á fiski í verstöðvum landsins. Það hefir margsinnis verið bent á það hér á Alþingi og utan þings, hver nauðsyn er á því, að breyta til um verkunaraðferð á fiski. Eins og kunnugt er, þá hefir saltfisksframleiðslan verið aðalstoð þessa lands nú um langt skeið. Það hefir og tekizt fyrir harða sókn útvegsmanna við harðvítuga keppinauta

að koma þessari framleiðsluvöru okkar í sæmilegt verð á erlendum markaði, en nú síðustu árin, síðan að stefnan um jafnvirðiskaup landanna varð ríkjandi um nær allan heim, hefir kreppt svo að um sölu á þessari aðalframleiðsluvöru okkar, að svo má segja, að henni sé hreinn voði búinn.

Til þess að skýra þetta mál, tel ég rétt að fara nokkrum orðum um ástandið í þessum málum eins og það er nú.

Eins og kunnugt er, þá hefir bezti saltfisksmarkaður okkar verið á Spáni, sum árin voru t. d. fluttar þangað 36 þús. smálestir af saltfiski, en þegar hin gagnkvæma viðskiptaregla fór að ryðja sér til rúms, fór þegar að draga úr þessum útflutningi okkar til Spánar; þannig fengum við fyrst á eftir ekki að flytja þangað nema 22 þús. smálestir og síðan 16.6 þús. smálestir, og loks fór svo, að enginn viðskiptasamningur var gerður á milli landanna, og útflutningur okkar þangað komst niður í 6 þús. smálestir. Tjón okkar vegna hins þverrandi markaðs í þessu viðskiptalandi okkar var því orðið mikið, þótt ekki hefði neitt sérstakt komið fyrir. En þá brýzt hin grimma borgarastyrjöld út, og síðan má segja, að loku hafi verið skotið fyrir öll viðskipti við Spán, enda þótt lítilsháttar hafi verið selt þangað héðan gegnum hinar mestu krókaleiðir. Þó að hinum mikla hildarleik ljúki þar vonandi bráðum, þá er hitt víst, að það tekur fleiri áratugi fyrir þjóðina að ná sér aftur eftir eyðileggingar ófriðarins. Kaupgeta Spánar hlýtur því að verða mjög lítil fyrst um sinn. Á Ítalíu höfum við mátt selja 20 þús. smálestir af saltfiski, en nú megum við aðeins selja þangað 10 þús. Útflutningur okkar þangað hefir þannig minnkað um helming, og fyrir þetta litla, sem við megum selja þangað, verðum við að kaupa vörur frá Ítalíu, sem að dómi fjölmargra eru dýrari og tæplega eins góðar og samskonar vörur, sem nágrannaþjóðir okkar bjóða. Frá þjóðhagslegu sjónarmiði getur því verið tvísýnn hagur af slíkum viðskiptum. — Eina landið í Evrópu, sem greiðir fiskinn með frjálsum gjaldeyri, er Portúgal. En þar er allur innflutningurinn í höndum eins hrings, sem verður að sækja um innflutningsleyfi til stj. Samkeppnin um portúgalska markaðinn er líka mjög hörð. Þannig hafa aðalkeppinautar okkar, Norðmenn, t. d. tryggt sér 40% af öllum fiskinnflutningi þangað. En um verðlag á þeim innflutningi er þannig háttað, að það fer eftir því, sem framboð annara þjóða segir til um. Við erum ekki ennþá skyldugir til að kaupa vörur af Portúgal, en til þess að geta selt fiskinn þangað, verðum við að bjóða hann fyrir verð, sem er lægra en hjá keppinautum okkar. Með því að verðlag á okkar fiski er lægra, er það rökstutt, að rétt sé að leyfa innflutning frá Íslandi, enda þótt engin vörukaup komi á móti. Þetta sýnir, að við höfum ærið erfiða aðstöðu. Viðvíkjandi hinum nýju markaðslöndum okkar, Suður-Ameríku og Kúba, má segja, að þau viðskipti hafi greiðan framgang, en verðlagið, sem við náum þar, er ekki hærra en það, sem við fáum á þeim markaði í Evrópu, sem lægst borgar. Og það er vitað, að keppinautar okkar líta okkur hornauga út af þessum viðskiptum, og við getum því aðeins haldið þeim áfram, að við getum allan tímann boðið lægra verðlag. Þetta ástand á einstökum markaðsstöðum sýnir bezt þá örðugleika, sem eru á þessum viðskiptum.

Enda þótt svo fari vonandi, að þjóðirnar sjái fram á það, að haftastefna undanfarinna ára hafi litla sælu fært þeim, og viðskiptin komist aftur í frjálsan farveg, þá er nauðsyn á fyrir okkur að breyta til um verkunaraðferðir og einmitt fara inn á þær brautir, að reyna að koma fiskinum sem mest nýjum á markaðinn erlendis. Þetta er nauðsynlegt og æskilegt vegna þess, að með því móti getum við látið þessa aðalframleiðsluvöru okkar ná til fleiri landa heldur en hingað til hefir átt sér stað. Við verðum að geta komið vöru okkar til neytenda, sem geta goldið hærra verð fyrir hana heldur en þeir, sem hingað til hafa mest viðskipti haft við okkur. Það er svo, að saltfiskurinn, sem seldur er til Suðurlanda, er aðallega neyzluvara fátækari hluta þjóðanna, og þess vegna er það ætið mjög takmarkað, hvert verðlag fæst fyrir hann. Nýr fiskur er hinsvegar neyzluvara allra þeirra, sem hafa ráð á því, að kaupa góð matvæli, og þess vegna er ekkert líklegra en það, að þegar þetta mál er komið í fastara horf, þá getum við boðið mun betra verðlag fyrir framleiðsluvöru okkar en hingað til hefir átt sér stað. En þegar horfið verður að því að breyta um framleiðsluháttu, er það fyrsta sporið, ef við viljum, að það nái til almennings, að koma upp hraðfrystihúsum sem víðast á landinu. Þessi hraðfrystihús þurfa ekki að vera stór, en þau þurfa að vera víða, til þess að sem flestir sjómenn og útvegsmenn geti haft afnot af þeim, því að víða aflast talsvert mikið af verðmeiri fiski en þorski, sem verður oft og tíðum að litlum notum fyrir þá sök, að engin tök eru á því, að frysta hann. Þetta frv. miðar að því, að greiða úr þessari þörf. Við leggjum til, að ríkið leggi fram ¼ hluta af andvirði húsa og véla sem beinan óafturkræfan styrk. Við teljum þetta nauðsynlegt vegna þess, að fjárhagur útvegsmanna yfirleitt — og ekki síður hinna smærri útvegsmanna — er þann veg komið, að þeir eiga erfitt með að ráðast í slíkar framkvæmdir.

Við teljum þetta sanngjarnt, þegar tillit er tekið til þess, að með lögum um ráðstafanir út af fjárkreppunni, nr. 79 frá 1933, lagði ríkissjóður fram ¼ af kostnaðarverði sem tillag til frystihúsa til þess að frysta kjöt. Hér er því sjávarútveginum fengin samskonar aðstaða og landbúnaðinum hefir þegar verið fengin á þessu sviði.

Þá teljum við einnig nauðsynlegt, að ríkissjóður ábyrgist lán allt að ¾ af byggingarkostnaði húsa og véla, til þess að hægra verði að koma þessum fyrirtækjum upp. Það er vitað, að útvegsmenn sjálfir hafa ekki það mikið lánstraust vegna hrörnandi efnahags, að þeir geti aflað sér þess lánsfjár, sem þarf, og það er ennfremur vitað, að þorri allra sveitarfélaga landsins hefir orðið að veðsetja eignir sínar

í kreppulánasjóði bæjar- og sveitarfélaga, og er því ekki líklegt, að lánsstofnanir landsins taki ábyrgð hreppsfélaganna gilda sem tryggingu fyrir þessum lánum. Það er því ekki í annað hús að venda um ábyrgðir en til sjálfs ríkisins. Við teljum líka eðlilegt, þar sem hér er um stórfellt hagsmunaatriði fyrir sjávarútveginn að ræða, að ríkissjóður veiti samskonar aðstoð og hann hefir gert viðsvegar um land, þar sem hafnarvirkjum hefir verið komið upp með nokkru tillagi frá ríkinu og með ábyrgð ríkissjóðs á því, sem til vantaði. Sem tryggingu fyrir lánsábyrgð sinni fengi svo ríkissjóður fyrsta veðrétt í þessum húsum. Það er ætlun okkar, að það verði undinn bráður bugur að því, að koma þessum frystihúsum upp sem víðast um land. Þegar svo er komið, að þessi verkun er almennt hafin, er næsta sporið að tryggja flutning á þessum afurðum frá landinu. Í því efni er svo ástatt, að Eimskipafélag Íslands hefir sett upp kælitæki í 3 skip sín, Gullfoss, Brúarfoss og Dettifoss, og það má telja, að þau rúmi um 1250 smálestir samtals af frystum fiski. Þetta má segja, að sé nægilegt í bili, meðan ekki er komið meira skrið á þetta mál en raun er á, enda er það svo, að ef við þurfum að senda heila farma, er hægt að grípa til erlendra kæliskipa. En þegar málið er komið í fullkomnara horf, þurfum við nauðsynlega að líta betur eftir flutningaþörfinni.

En svo er eitt atriði enn í þessu máli, sem e. t. v. má segja, að sé fyrsta atriðið. Það er að tryggja sölu á þessum afurðum erlendis, að afla góðra og traustra markaða. Á því má engin bið verða. Við vitum, að ef við vinnum vel að þessari verkun heima og tryggjum öruggan flutning, þá er hægt að selja mjög mikið af þessari vörutegund, en við verðum að tryggja, að móttakan erlendis sé í sem fyllstu lagi, og ennfremur að ná samningum um flutning á þessari vörutegund langt inn í viðskiptalöndin og sem víðast um Evrópu til að byrja með. Það er vitað, að í Norður-Ameríku hafa verið gerðar nokkrar tilraunir með þetta, og þó ekki hafi ennþá tekizt sem skyldi, er það víst, að mikill markaður er þar fyrir þessa vörutegund.

Af því að þetta er svo mikið hagsmunamál fyrir sjávarútveginn, þá leyfum við okkur að vænta þess, að það þurfi ekki að valda ágreiningi, og fái greiðan og öruggan framgang. Vil ég svo mælast til, að þessu frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og sjútvn.

***Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Fyrir stuttu síðan var stofnaður með framlagi úr ríkissjóði fiskimálasjóður, sem stjórnað er af n., sem kölluð er fiskimálan. Þessum sjóði var ætlað að styrkja ýms nýmæli til hagsbóta fyrir sjávarútveginn, og hefir gert það; m. a. mun úr sjóðnum hafa verið varið miklu fé til þess að styrkja hraðfrystihús. Ég geri ekki ráð fyrir, að ágreiningur verði um það, að nauðsynlegt sé að styðja að því, að hraðfrystihús geti komizt upp, eftir því sem markaður fyrir hraðfrystan fisk kann að aukast eða vera fyrir hendi. Ég geri þess vegna ekki ráð fyrir, að ágreiningur verði um, að rétt sé að styrkja þessi hraðfrystihús, og mér finnst eðlilegt, að þau séu styrkt að ¼ kostnaðarverðs, eins og talað er um í þessu frv. Það er hliðstætt því, sem mjólkurbú hafa verið styrkt, og virðist það eðlilegt. En mér fyndist, að eðlilegast væri að halda því skipulagi áfram, sem byrjað hefir verið á, að efla fiskimálasjóðinn og láta þessa fjármuni koma úr honum sem styrk til hraðfrystihúsanna. En einkum er það 1. gr. frv., sem ég hefi við að athuga. Hún er um það, að ríkisstj. heimilist að ábyrgjast lán til þessara húsa, er nemi allt að ¾ kostnaðarverðs. Nú vitum við það, að mönnum er ákaflega tamt að bera alstaðar fyrir sig ábyrgð ríkissjóðs, og þetta er orðið svo áberandi, að menn gera ráð fyrir því, að ekkert sé hægt að gera nema með ábyrgð ríkissjóðs. Nú verð ég að segja það sem mína skoðun, að ef ríkissjóður leggur fram ¼ af kostnaðarverði húsa og véla, og á þeim stöðum, sem hraðfrystihúsin eru byggð, yrði lagt fram t. d. allmikið í vinnu, eins og reynslan hefir sýnt að hefir verið gert, þar sem slík hús hafa verið byggð, þá finnst mér að þessar eignir, hraðfrystihúsin, séu það vel veðhæf, að ekki þurfi fyrirfram að gera ráð fyrir því, að ómögulegt sé að fá lán út á þau. Og reynslan hefir verið sú, að til þessara hraðfrystihúsa hafa fengizt lán, án þess að ríkið ábyrgðist þau, hvað þá heldur, ef fastákveðið væri til þeirra framlag frá ríkinu, er næmi ¼ af kostnaðarverði, auk framlags heima fyrir, sem þá yrði mismunandi, eftir því hverjar ástæður eru. Ég lít þannig á, að þessi 1. gr. eigi að fellast niður. Ég held, að óhætt sé að gera ráð fyrir því, að hægt verði að útvega lán út á þessi hús. Og ég verð að segja það, að ef þær stofnanir, sem lána fé til útgerðar, hættu aldrei meiru til, þá væri öllu vel borgið. Ég held, að þessi lán væru minni áhættulán heldur en mörg önnur lán, sem til útgerðarinnar eru veitt, eftir að búið er að ganga frá fjárhag frystihúsanna með einhverjum ríkisstyrk.

Ég held, þó að ég sé samþykkur efni 2. gr. frv., um að ¼ kostnaðarverðs eigi að koma sem styrkur til þessara húsa, að það sé vafasamt, hvort eigi að setja það í sérstök lög, hvort það ætti ekki heldur að koma inn í aðra löggjöf, sem til er, um styrk til útgerðarinnar, lögin um fiskimálanefnd. En það er ekki neitt höfuðatriði, ef menn eru sammála um, að þessi styrkur sé veittur. Ég held líka, að setja þyrfti ákvæði um það, að þessi styrkur yrði ekki greiddur hraðara heldur en ákveðið væri af þeim, sem hefir yfirstjórn fiskimálanna, eða í fjárlögum. Það liggur í augum uppi, að ómögulegt er að skylda fiskimálasjóð eða ríkissjóð að greiða á einu ári til fjölda frystihúsa. Það er komin sú venja á með mjólkurbúin, að greiðsla til þeirra fer eftir því, hvað mikið er veitt til þeirra á fjárlögum. Þannig er hægt að ákveða, hvað mörg mjólkurbú komi til greina í hvert skipti.

Niðurstaðan ef þessu verður því sú, að ég er því meðmæltur, að hraðfrystihúsin fái þennan styrk, en ég tel hinsvegar, að ákvæði 1. gr. sé óþarft. Svo tel ég vafasamt að setja um þetta nýja löggjöf, og réttara væri að fella

þetta inn í löggjöfina um fiskimálasjóð og fiskimálanefnd.

*Héðinn Valdimarsson: Eins og hæstv. fjmrh. gat um, hefir samkv. lögum um fiskimálan. verið veitt fé til hraðfrystihúsa og til tilrauna á sölu frysts fiskjar. Sú reynsla, sem fengizt hefir af þessu í tvö ár, er þess vegna frá fiskimálanefnd fengin, þótt að vísu hafi tilraunir verið gerðar áður. En fyrstu tilraunirnar, sem kunnugt er um hér á landi í stórum stíl, tókust illa, en þó hafa þær tilraunir, sem Sænsk-íslenzka frystihúsið hefir gert, gengið nokkurnveginn vel.

Fiskimálan. hefir ekki styrkt hraðfrystihúsin, heldur lánað til þeirra fé út á þau veð, sem peningastofnanir hafa getað sætt sig við. Nú á síðastl. ári hefir verið komið upp hraðfrystihúsum á Akureyri, Húsavík, Ísafirði, Seyðisfirði og Norðfirði, auk þess sem sett hefir verið upp lítið hraðfrystihús hér í Reykjavík, sem fiskimálan. hefir notað til tilrauna sinna. Nú virðist, eins og flestir þeir, sem við fiskimál fást, álíta, að stefni mjög í þá átt, að sala á þessum afurðum geti orðið mikil og sérstaklega heppileg fyrir okkur Íslendinga. Það hafa verið gerðar tilraunir með sölu á hraðfrystum fiski til Bandaríkjanna. Á fyrri tilrauninni, sem gerð var, varð tap, og síðari tilraunin gat ekki heldur gefið góðan árangur. Af því sem ennþá hefir frétzt um markað í Bandaríkjunum, er útlit fyrir, að hann sé takmarkaður, vegna þess að vart sé um aðra mánuði að ræða en 2 til 3 fyrstu mánuði ársins, sem komið geti til greina að senda þangað frystan fisk. En reynslan er ekki komin svo löng á þetta ennþá, að menn geti um það sagt. Það er jafnvel álitið, að það geti ekki orðið hagur af því, að senda fisk héðan til Bandaríkjanna, nema annaðhvert ár, því að t. d. eins og núna, þegar frost eru lítil í Bandaríkjunum, þá er mikið af innlendum fiski, sem fellir verðið á aðfluttum fiski. Það yrði því aðeins um árin að ræða, sem mikil frost eru í Bandaríkjunum. Aftur á móti er frystur fiskur lítið þekktur í Evrópu. Þó hefir bæði Sænsk-íslenzka frystihúsinu og eins fiskimálan. tekizt að ná markaði í Englandi, en hann er að mestu leyti bundinn við flatfisk, svo að til þess að geta notað hann, er nauðsynlegt, að hægt verði að koma í gegnum þingið frv. um breytingu á lögunum um dragnótaveiði. Verði héraðabannið afnumið, ætti á þeim stöðum að vera hægt að fá mikinn afla.

Eftir að samningar tókust við England um þessi mál, hefir fiskimálan. staðið fyrir stöðugum útflutningi frá því litla frystihúsi, sem hún hefir hér í Reykjavík. Það hefir gengið vel; greiðsla hefir komið fyrir fiskinn jafnóðum og fiskurinn hefir selzt. En sem sagt, þetta byggist á því, að hægt sé að veiða flatfisk, en þorsk er ekki hægt að taka nema í litlu hlutfalli, og meira að segja óvíst, hvort það borgar sig. En aftur á móti, þar sem leitað hefir verið til annara landa, eru þær tilraunir skammt á veg komnar, þó hefir verið reynt mikið í Sviss nú nýlega. Fyrir 2 mánuðum hefir tekizt í annað sinn að ná sambandi við stórt félag þar, en það fer eftir því, hvort hægt verður að selja þangað hraðfrystan fisk. Í Tékkó-Slóvakíu eru líkur til, að hægt verði að útvega markað, þó að þeim tilraunum sé svo skammt á veg komið, að ekki sé hægt að byggja á því. Þá hefir verið selt til Póllands með sæmilegu verði. Niðurstaðan af þessu verður því sú, að það eigi að halda áfram með þessar tilraunir, og við höfum a. m. k. vissan markað í Englandi fyrir betri tegundir af fiski.

Ég get fyrir mitt leyti og flokksmanna minna hér í d. verið samþ. því, að þetta frv. verði samþ. og vísað til 2. umr. og athugað í n. En ég vil geta þess, að í frv. því, sem liggur fyrir Alþingi, um ráðstafanir til viðreisnar sjávarútveginum, er þetta mál, um byggingu hraðfrystihúsa, tekið fyrir og það nokkru ýtarlegar heldur en hér er gert. Að ýmsu leyti er því mismunur á þessum frv., t. d. er í frv. því, sem við flytjum alþýðuflokksþm., þessu hnýtt saman við þær tilraunir, sem nú eru gerðar með framlagi úr fiskimálasjóði, og eins er í því séð fyrir, hvernig skuli ná í peninga til þess að koma þessum hlutum fram. Að öðru leyti vil ég ekki fara út í þetta, en mér finnst þetta frv. ganga of skammt og ætti því að athugast í n. í sambandi við okkar frv. Ég vil aðeins minnast á það atriði, sem hæstv. fjmrh. og frummælandi töluðu um, styrk og ábyrgð til bygginga hraðfrystihúsa. Við alþýðuflokksmenn álítum rétt, að ríkið styrki slíkar byggingar að ¼ kostnaðar, og eins í þeim tilfellum, þegar ekki er auðvelt að fá lán til byggginganna í peningastofnunum, sé hægt að veita lán úr fiskimálasjóði gegn tryggingu í húsunum, eins og lagt er til í frv. okkar alþýðuflokksmanna á þskj. 151. Aftur á móti tel ég, að óhætt sé, eins og gengið er út frá í okkar frv., að vænta þess, að framlög fáist frá þeim, er húsin byggja, er nemi a. m. k. 15% af kostnaðarverði húsanna.

*Flm. (Thor Thors): Ég get í aðalatriðum látið mér vel líka undirtektir þeirra hv. þm., sem talað hafa um þetta mál af hálfu stjórnarflokkanna. Þeir virðast vera sammála um það, að nauðsynlegt sé að aðhafast eitthvað í málinu, en nokkur ágreiningur virðist hinsvegar um það, hvað gera skuli. Mér er kunnugt um það, að fiskimálasjóður hefir með lánveitingum stutt byggingu frystihúsa á fjórum stöðum, á Seyðisfirði, Norðfirði, Bíldudal og í Bolungavík. Virðist svo sem þeir, er flutt hafa þau mál við fiskimálanefnd, hafi þar fengið góða áheyrn, en mér er einnig kunnugt um það, að fjölda margar umsóknir um slík lán liggja og hafa legið lengi hjá n. og hefir ekki verið sinnt enn. Ég veit ekki, eftir hvaða reglu fiskimálanefnd hefir úthlutað þessum lánum, en sé það á því, hvaða staðir hafa þegar fengið lánin, að nokkur ástæða muni vera til að ætla, að eitthvað gæti vinfengis við fiskimálanefnd við þær lánveitingar. Fiskimálanefnd hefir fiskimálasjóð til meðferðar samkvæmt l. nr. 121 frá 1935. Í 14. gr. þeirra l. segir, með leyfi hæstv. forseta: „Ríkisstjórninni er heimilt að veita stofnunum, einstaklingum og félögum lán eða styrk úr fiskimálasjóði til þess, er hér greinir:

1. Að stunda veiði með nýjum aðferðum eða leita nýrra aflamiða.

2. Að verka fisk eða aðrar sjávarafurðir með nýjum aðferðum, svo sem með herðingu, hraðfrystingu, niðursuðu o. fl.“.

Nú er það svo eftir ákvæðum þessarar gr., að ríkisstj. eða stj. fiskimálasjóðs í umboði ríkisstj. hefir aðeins heimild til að styrkja með lánum þá, sem byggja hús til hraðfrystingar. Það er ekkert um það ákveðið, hve há þau lán eigi að vera. Auk þess nær þessi heimild aðeins til tilrauna á þessu sviði, og fiskimálan. getur hæglega sagt sem svo: Við álítum, að þegar sé fullkomlega séð fyrir slíkum tilraunum. Það væri raunar ekki óeðlilegt svar. En því ríkari nauðsyn er einmitt til að styrkja þá, sem þurfa að byggja hraðfrystihús, og það verður ekki á annan hátt betur gert en með því að samþ. þetta frv.

Hæstv. fjmrh., sem tók máli þessu í aðalatriðum vel, var ekki ákveðinn í því, hvort fiskimálanefnd eða ríkisstjórnin ætti að úthluta styrknum til byggingaanna. Ég tel eðlilegra, að ríkisstjórnin geri það. Vitanlega er, að oft muni þurfa í því sambandi að gera upp á milli héraða eða staða, sem umsóknir koma frá, og þá er réttara, að sá vandi hvíli á þeirri stofnun, sem Alþingi á hverjum tíma getur krafið reikningsskapar á hennar störfum. — Þá verð ég að telja það varhugaverða breytingu, að fela fiskimálasjóði að veita lán til þessara fyrirtækja; það væri tilraun til að gera sjóðinn að lánsstofnun, en það virðist tilgangur alþýðuflokksmanna eftir frv. þeirra að dæma, sem þeir kalla til viðreisnar sjávarútveginum. Hæstv. fjmrh. virtist telja það varhugavert að gera ráð fyrir ríkisábyrgð fyrir þessi frystihús. Ég get út af fyrir sig verið sammála hæstv. ráðh. um það, að varhugavert geti verið fyrir ríkið að taka ábyrgð á framkvæmdum annara fyrirtækja en þeirra, er bein nauðsyn beri til. Það er augljóst, að því meiri ábyrgðir sem ríkissjóður tekur á sig, því meiri óvissa er um afkomu hans á hverjum tíma, en ég hygg, að því miður sé óhjákvæmilegt að ganga út frá ríkisábyrgð í þessu tilfelli. Fjárhagur þeirra manna, sem stofna mundu til frystihúsbygginga, er þröngur, svo að þeir geta ekki mikið lagt fram. Það væri helzt, eins og hæstv. ráðh. tók fram, að þeir gætu eitthvað unnið af sér við byggingarnar, en ég verð að telja mjög hæpið, að það framlag geti náð 15% af byggingarkostnaði, eins og hv. 2. þm. Reykv. ætlast til. Ég óttast því, að ekki verði hjá því komizt, að ríkissjóður leggi fram ábyrgð fyrir lánum, ef til framkvæmda á að koma. Nú er í 1. gr. frv. kveðið svo á, að ríkisstjórninni sé heimilt að ábyrgjast þessi lán. Hún hefir því í hendi sér, hvort hún notar þá heimild; það er ekki um beina skyldu að ræða. Ráðh. getur krafizt þess, að útgerðarmenn noti ýtrustu möguleika að fá lánin sjálfir, og þá yrði ríkisábyrgðin ekki notuð nema sem þrautaráð. Þessi heimild þarf því ekki að verða verulega hættuleg, þar sem það er á valdi ráðh. að ákvarða, hvar og hvenær hún verði notuð, sem vitanlega ætti ekki að vera, nema þegar brýna nauðsyn beri til. Hæstv. ráðh. gerði ekki annan ágreining. Hann er hlynntur því, að ríkissjóður styrki byggingarnar að ¼ kostnaðar, en var að öðru leyti, sem eðlilegt er frá hendi fjmrh., nokkuð hræddur við ríkisábyrgðina.

Hv. 2. þm. Reykv., sem í embættisins nafni telur sig sérfræðing um markaði fyrir sjávarafurðir, gaf skýrslu um sölu þeirra viðsvegar í Evrópu, Ég efa ekki, að hann hafi þar farið með rétt mál, en ég hygg, að sölutilraunir þær, er hann gat um, hafi ekki verið nægilega öruggar og enn ekki svo fast sóttar að á þeim sé hægt að byggja neinn fullnaðardóm um markaði fyrir hraðfrystan fisk. Hann kom nokkuð inn á sögu þeirrar markaðsleitar. Það verður ekki fram hjá því komizt að sænska frystihúsið gerði fyrstu tilraunirnar í þessa átt og næst hið mjög umdeilda félag Kveldúlfur, sem hv. þm. kannast eitthvað við. Tilraunir þess félags voru mjög viðtækar. Þær mistókust að vísu, en þær gáfu hinsvegar mikilsverðar bendingar um á hvern hátt haga ætti markaðsleitinni. Hv. 2. þm. Reykv. vildi tengja þetta mál við allsherjarfrv. þeirra alþýðuflokksmanna um viðreisn sjávarútvegsins. Ég tel það mjög hættulegt framgangi málsins. Það er vitað, að í því frv. eru mjög mörg atriði, sem ekki ná fram að ganga á þessu þingi, en þar sem samkomulag virðist vera milli allra aðalflokka þingsins um þetta mál, vil ég leggja höfuðáherzlu á, að hv. sjútvn. afgr. þetta frv. út af fyrir sig, svo að frv. geti náð fram að ganga á þessu þingi, enda þótt svo kunni að fara, að þingið verði stutt. Það er nauðsynlegt, að útgerðarmenn viti sem fyrst, hvers er að vænta í þessu máli. Því betra, að það sé afgr. með sérstökum l., heldur en t. d. með heimild í fjárl.

Hv. 2. þm. Reykv. taldi of skammt gengið með þessu frv., en þar er lengra gengið en í hans frv. Í þessu frv. er gert ráð fyrir ríkisstyrk að ¼ og ábyrgð að ¾ byggingarkostnaðar, en í frv. hv. 2. þm. Reykv. er ekki gert ráð fyrir ríkisábyrgð fyrir meiru en 60% af kostnaðinum. Þetta er því alrangt hjá hv. þm. Frv. okkar sjálfstæðismanna gengur lengra, en það er nauðsynlegt, að gengið sé svo langt, til þess að tryggja það, að úr framkvæmdum geti orðið.

*Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Ég var ekki alltaf við, er hv. þm. Snæf. flutti sína ræðu, en ég tók eftir því, að hann var að tala um, að ríkisábyrgðin væri ekki skaðleg, þar sem það væri á valdi ráðh. að nota heimildina. Ég er ekki samþykkur þeim rökum, er hann færði fram þessu til stuðnings. Það er enginn vafi á því, ef þetta ákvæði verður í lögum, að lánsstofnanirnar verða erfiðari við þá, sem byggja frystihúsin og sækja um lán til þess, heldur en lánsstofnanirnar yrðu, ef ákvæði þessi væru ekki til. Þetta mundi bera þannig að, að bankarnir mundu vísa öllum, sem um slík lán sækja, til ráðh., þótt þeir annars hefðu veitt þessum mönnum lán, ef engin ákvæði hefðu verið um ríkisábyrgð. Ráðh. kæmist þarna í mjög erfiða aðstöðu milli útgerðarmanna og bankanna, og það að óþörfu, eins og ég sýndi fram á í fyrri

ræðu minni, sem ég vísa til. Það væri engin frambærileg ástæða til þess fyrir lánsstofnanir, að neita að lána til frystihúsanna, eftir að ríkissjóður væri búinn að veita ¼ kostnaðar sem beinan styrk. Ég tel því ákvæði 1. gr. frv. óþörf og ríkisstjórnina með þeim setta í allmikinn vanda að óþörfu.

*Héðinn Valdimarsson: Út af því, sem kom fram í ræðu hv. þm. Snæf. um umsóknir til fiskimálanefndar um lán til byggingar hraðfrystihúsa, eða viðbætur við frystihús, skal ég taka fram, að það er að vísu rétt, að nokkrar umsóknir þess efnis liggja fyrir hjá n. Þessar umsóknir bárust flestar n. kringum síðastl. áramót, sumar frá því í haust. Þær eru 10 eða 12 talsins. Enn er óákveðið, hvar byggt verður á þessu ári, en gert ráð fyrir, að það verði ákveðið á næstunni. Fiskimálanefnd getur ekkert gert í þessu efni nema með samþykki ríkisstjórnar, því að hún starfar algerlega í umboði ríkisstj. og er því bundin því, hve mikið fé verður fyrir hendi til þessara lánveitinga. Aftur á móti vísa ég algerlega frá meiningum hv. þm. Snæf. um hlutdrægni fiskimálanefndar í lánveitingum. N. veitti fé til byggingar hraðfrystihúss á Ísafirði eftir umsókn frá flokksmanni hv. þm., Jóni A. Jónssyni. Þó sjálfstæðismenn væru í meirihluta í n., þegar sú ákvörðun var tekin, þá vil ég alls ekki segja, að þar hafi ráðið hlutdrægni, og finnst mér koma úr hörðustu átt, ef hv. þm. Snæf. vill gefa slíkt í skyn. — Ég vil ekki fastákveða, hvaða hlutfall eigi að vera milli styrks og ábyrgða, sem ríkið veitir vegna frystihúsbygginganna; hins vegar verður að hafa eftirlit með því, að þar verði allt í hófi.

Ég geri ráð fyrir, að stjórn fiskimálanna í framtíðinni verði eitthvað breytt frá því sem nú er, en hvort hún verður, eins og stjórn búnaðarmálanna, tekin undan yfirráðum Alþingis og ríkisstj. að öðru leyti en fjármálin, skal ég ekkert um segja, en þó bygging hraðfrystihúsanna verði látin heyra undir fiskimálanefnd, þá verður það fjmrh., sem alltaf segir já eða nei við ákvörðunum n.

Ég er ekki sammála hv. þm. Snæf. um það, að ekki verði hægt að fá framleiðendur til þess að leggja nokkuð til byggingarinnar. Reynslan er hið gagnstæða, t. d. á Bíldudal, þar sem ætla mætti, að hvað örðugast væri fyrir hendi. Ef mikill áhugi er fyrir málinu, þá er þetta hægt. Það koma til greina fyrst og fremst vinnuloforð, og svo loforð í afla, sem lagður yrði inn á húsið. Á Akranesi t. d. eru fengin slík loforð, er nema ⅓ kostnaðar við byggingu síldarverksmiðjunnar.

Ég minntist í fyrri ræðu minni á tilraunir Kveldúlfs um sölu á hraðfrystum fiski til Spánar, þó ég ekki nefndi nafn félagsins. Mér hefir aldrei dottið í hug að álasa félaginu fyrir þá tilraun, þótt hún mistækist mjög. Félagið hefir að sjálfsögðu tapað miklu á þeim tilraunum. En það kom enginn í skarðið, er þær féllu niður. Þótt sænska frystihúsið hafi alllengi haldið uppi sínum tilraunum, þá voru þær svo takmarkaðar, að hin mesta nauðsyn var fyrir hendi, er tilraunir fiskimálanefndar um framleiðslu og sölu á hraðfrystum fiski hófust. Þó samkomulag virðist milli aðalflokkanna um, að styrkja beri hraðfrystihúsin, þá greinir flokkana á um leiðir til þess í einstökum greinum. Ég skal geta þess, að í ákvæðum okkar alþýðuflokksmanna er gengið lengra en í þessu frv., þar sem við leggjum til, að auk þess, sem styrkt verði ný hraðfrystihús, verði einnig veitt lán og styrkur til endurbóta á eldri frystihúsum. Auk þess bindum við okkur ekki eingöngu við félög útgerðarmanna og sjómanna, heldur gerum ráð fyrir, að bæjar- eða sveitarfélög geti orðið hinna sömu réttinda aðnjótandi. Annars mun ég ekki við þetta tækifæri fara lengra út í samanburð á þessum frv., en mælist til, að frv. þessu verði vísað til sjútvn.

*Bergur Jónsson: Það hefir komið fram í ræðum 3 þm., hv. þm. Snæf., hæstv. fjmrh. og hv. 2. þm. Reykv., að þeir eru sammála um nauðsynina á því, að reist verði hraðfrystihús sem víðast á landinu; um það atriði út af fyrir sig er ekki deilt, og er ég því fylgjandi. Ég vil taka undir það með hæstv. fjmrh., að nauðsynlegt sé, að hið opinbera veiti ákveðinn beinan styrk til hraðfrystihúsa, en hvort það á að vera ¼ kostnaðar eða meira, ætti að mínu áliti að fara eftir því, hve mikinn annan stuðning hið opinbera veitir. Frv. það, sem hér liggur fyrir, fer fram á ábyrgð á ¾ kostnaðar. Ég held, þótt ég sé raunar ekki hræddur við þær ábyrgðir, að þær séu ekki bezta leiðin. Mest er um vert, að ekki gæti neinnar hlutdrægni þegar farið er að veita stuðning til bygginganna. Alþingi hefir áður gagnvart samskonar ábyrgðum og hér er um að ræða gerzt sekt um vítaverða framkomu, sem sé í sambandi við ábyrgðir fyrir útgerðarsamvinnufélög. Nokkrum slíkum félögum var veitt ábyrgð, en þá sá Alþ. sér ekki fært að halda áfram á þeirri braut og kippti að sér hendinni. Lágu þá fyrir beiðnir frá allmörgum útgerðarsamvinnufélögum, einkum á Vestfjörðum og Austfjörðum, sem höfðu mörg meiri þörf fyrir ábyrgðirnar heldur en þau félög, er fengu þær, en þessum félögum var synjað. Af þessum ástæðum felli ég mig bezt við það, að sú aðstoð, sem hið opinbera kann að veita auk styrks, verði fast ákveðin með lögum, svo að ekki komi fyrir, að hið opinbera hætti þeirri hjálp á miðri leið.

Í þessu frv. er einungis rætt um hraðfrystihús fyrir fisk. Nú er það vitanlegt, að hraðfrystihús eru líka notuð fyrir kjöt og beitu, og ég álít ekki rétt að greina hér svo mikið á milli, en reyna að ganga þannig frá þessu nauðsynjamáli, að frystihús fáist bæði fyrir kjöt, fisk og beitu, bæði fyrir sjávarútveg og landbúnað á sem beztan og tryggilegastan hátt. Sem dæmi vil ég nefna 2 beiðnir úr mínu kjördæmi um frystihús. Á öðrum staðnum er farið fram á, að sett verði upp hús, sem verði nægilegt til að frysta kjöt og beitu, en það er ekki hugsað um að ganga lengra og frysta fisk. Á hinum staðnum er eingöngu ætlazt til að frysta fisk eða a. m. k. að mestu leyti. Það kann að vísu að vera æskilegt, að hægt yrði að nota

húsið líka til þess að frysta kjöt, en ég býst við, að aðalatriðið yrði frysting á fiski á þeim stað, sem er Patreksfjörður, en þar er allur útvegur úr sögunni, svo sem kunnugt er, nema stórútgerð. Þar hafa verið gerðir út 2 togarar, og er annar þeirra horfinn úr sögunni; þetta er því mjög mikið nauðsynjamál fyrir þennan stað, svo að smábátaútvegurinn geti aukizt þar aftur.

Þetta nefni ég til að sýna, að mér virðist nauðsyn á því, að líta dálítið víðar á málið.

Hv. 2. þm. Reykv. sagði, að nauðsynlegt væri að ákveða rýmkun á dragnótaveiðinni, áður en farið væri langt út í frystihúsabyggingu. Þetta er rétt. En það liggur líka fyrir hv. d. nál. frá sjávarútvegsmönnum viðvíkjandi dragnótaveiðinni, þar sem farið er fram á allmikla rýmkun, og reynslan hefir orðið sú, að þar sem hraðfrystihús hafa komizt upp, hefir fallið burt mótstaðan gegn dragnótaveiðinni.

Ég hefi minnzt á, að æskilegt væri, að þar sem frystihús eru reist, komi framlög frá staðarmönnum sjálfum, og mér þótti vænt um, að hv. 2. þm. Reykv. skyldi taka vel undir það, að ástæða væri til að fara fram á það á slíkum stöðum, að verkamenn létu einnig af hendi einhver framlög, t. d. í vinnu. Mér þótti vænt um að heyra hv. þm. segja þetta, vegna þess að ég bjóst síður við, að vel yrði í þetta tekið af hálfu sósíalista, en það er gott að fá heilbrigðan hugsunarhátt að þessu leyti, því að þessum stöðum, sem hér um ræðir, er lífsnauðsyn á að fá bjargræði, og ef reisa á þessi hraðfrystihús, þá er nauðsynlegt, að staðarbúar leggi hver um sig eitthvað fram af mörkum. Ég vil yfirleitt taka vel í þetta frv. Ég er ekki viss um, að ég geti verið með ábyrgðum, en það er sjálfsagt, að frá þessu þingi komi einhver ákvörðun viðvíkjandi því, að lagt verði eitthvað fram til styrktar frystihúsum, og í öðru lagi vil ég benda á, að það er náttúrlega alls ekki nóg yfirleitt, að slíkir beinir styrkir séu veittir, og þó að ekki væri gengið inn á ábyrgð, þá yrði a. m. k. að tryggja einhverskonar aðstoð.

*Flm. (Thor Thors): Hæstv. fjmrh. hélt því fram, að ef þessi ábyrgðarheimild væri í lögum, þá mundi þess verða krafizt af lánsstofnunum hverju sinni, að hún yrði notuð. Það kann vel að vera, að eitthvað sé hæft í þessu, en ég verð að draga það í efa, að þess verði krafizt í hverju tilfelli. Ég get vel fallizt á það, sem hæstv. ráðh. sagði, að ef einhver framlög koma frá félagsmönnum, og svo bætist 25% styrkur frá ríkinu, þá yrði öruggt fyrir lánsstofnanir að lána gegn fyrsta veðrétti í húsum og vélum, án þess að þurfa ríkisábyrgð, en þó að þess yrði ekki krafizt nema í einstökum tilfellum, að ríkið gengi í ábyrgð, þá tel ég nauðsynlegt, að ábyrgðarheimildin yrði í lögum, því að ella er mjög dregið úr nauðsynlegum framkvæmdum þessa máls.

Ég ætla nú ekki að taka upp deilur við hv. 2. þm. Reykv. um fiskimálanefnd, aðgerðir hennar og hvernig hún er skipuð, en ég vil þó ekki láta því ómótmælt, að sjálfstæðismenn séu í meiri hluta í n. Mér er ekki kunnugt um nema einn mann af sjö í fiskimálanefnd, sem er yfirlýstur sjálfstæðismaður; hinir eru annaðhvort flokksmenn í stjórnarflokkunum eða þeim fylgjandi, enda þótt það hafi kannske ekki komið mjög greinilega fram.

Hv. þm. talaði um, að nauðsynlegt væri að tryggja það, að ekki yrði unnið fram úr öllu hófi í þessu máli, að aðgerðirnar yrðu ekki meiri en svo sem þörfin heimtaði, og ekki meiri en það, að unnt yrði að koma þessari vöru í verð. Ég er honum sammála um það, enda gerir þetta frv. ráð fyrir því, að atvmrn. sé heimilt að veita þetta lán eða hindra það, eftir því sem ástæður eru fyrir hendi. Atvmrn. hefir það í hendi sinni að hlutast til um, að ekki verði gengið lengra í þessu máli en eðlilegt og nauðsynlegt er, en ég vil taka það skýrt fram, að ætlun okkar flutningsm. er, að það sé unnið mikið og fljótt að framkvæmdum í þessu máli, og að það beri ekki að horfa í það, þótt framlög ríkisins yrðu í byrjuninni nokkuð há, því að það er okkar álit, að þau framlög muni margskila sér aftur í þjóðarbúið. Ég skal ekki deila um, hversu auðvelt verður að fá framlög útvegsmanna í þessu skyni, en ég verð að telja, að eins og nú er komið fjárhag þeirra, geti þessi framlög aðeins orðið af skornum skammti, og ég tel það málinu til spillis og í einstökum tilfellum til eyðileggingar, að heimta, eins og frv. Alþfl. ætlast til, að útvegsmenn og sjómenn leggi fram 15%. Ég þekki hreppsfélög, þar sem ég get ekki hugsað mér, að útvegsmenn og sjómenn gætu innt slík framlög af hendi í öndverðu, en þó er mjög brýn nauðsyn á, að þessi fyrirtæki komist þar á fót.

Hv. 2. þm. Reykv. vildi núna snúa orðum sínum um það, að frv. Alþfl. gengi lengra en okkar, á þann veg, að það tæki til hraðfrystitækja og gömlu húsanna. Það leiðir af hlutarins eðli, að okkar frv. tekur líka til þess, með beinum lögjöfnuði kemur það strax undir þetta, og með öðrum lögskýringarhætti, sem heitir „hlutarins eðli“ heyrir það beint undir þetta.

Út af ræðu hv. þm. Barð. er fátt að segja. Hann vildi tengja þetta mál við kjötfrystihús. Þau eru styrkt með sérstakri löggjöf, svo að það er ekki ástæða til að blanda þessu saman, og það er vitað, að beitu, sem er aðallega síld og fellur því undir þetta frv. sem fiskur, mætti vitanlega geyma í þessum húsum. — Þar sem ég geri ráð fyrir, að þetta sé mín síðasta ræða, vil ég beina því til hv. sjútvn., að hún leitist við að hraða þessu máli, því að það er vitað, að frv. Alþfl. nær ekki fram að öllu leyti á þessu þingi, því að það er yfirlýst af Framsfl., að hann er á móti ríkisútgerð í þessu frv., og það er vitað, að Sjálfstfl. er á móti ríkisútgerð. En þar sem það er upplýst í þessum umræðum, að allir flokkar eru sammála um aðalatriði málsins, að styrkja þessi hús, svo að þeim verði komið upp, þá hlýtur hv. sjútvn. að taka til alvarlegrar athugunar þá nauðsyn, sem er á því, að afgreiða þetta mál sérstaklega, og þetta verður sérstaklega að gera fyrir

þá sök, að það eru fjöldamargir útvegsmenn, sem bíða með óþreyju eftir að fá að vita vissu sína í þessu máli. Það er mesta áhugamál sjómanna og útvegsmanna í mörgum minni verstöðvum. Ef rýmkað verður um dragnótaveiðina, sem útlit er fyrir, þá veit ég, að margir fátækir útvegsmenn mundu reyna að ná sér í nauðsynleg tæki til þess að stunda þessa veiði. ef þeir ættu von á að koma aflanum í peninga, en til þess að það geti orðið, þarf hraðfrystihús. Ef hv. þm. hafa einlægan áhuga fyrir því, að leysa þetta mál, þá getur sá áhugi ekki komið fram nema á einn hátt, sem sé þann, að þetta mál sé afgr. sérstaklega nú á þessu þingi, svo að til framkvæmda geti komið nú þegar á næsta sumri. Það verður prófsteinn á einlægni hv. þm. í þessu máli, hvort þeir vilja taka málið til sérstakrar úrlausnar. Gangi það ekki á þessu þingi, þá verð ég a. m. k. að draga í efa, að mælt sé af einlægni, þegar talað er um áhuga fyrir þessu máli. Ég tel það mjög miður farið, ef á að leggjast á þetta mál og fresta því enn um eitt ár.

Sigurður Einarsson: Það liggur í hlutarins eðli, að mál eins og þetta fer til hv. sjútvn. til frekari athugunar. En það er sérstaklega eitt atriði í frv., ákvæði 4. gr., sem ég finn mig knúðan til að gera að umtalsefni.

Ég var kallaður á fund áðan og veit ekki nema það, sem ég ætla að segja, hafi þegar komið fram í umræðunum. Í þessari gr. segir, að hlunninda þessara laga geti aðeins notið félög útgerðarmanna og sjómanna, sem stofnuð eru í því skyni að reka hraðfrystihús. En ég veit með vissu, að það getur verið þörf á að koma hraðfrystihúsum upp á einhverjum stöðum, þar sem tæplega eru tök á því, að koma saman svo einhuga og öflugum félagsskap, að hann sé heppilegasti aðili til að beita sér fyrir málinu. Við höfum á síðari árum fengið reynslu fyrir því, að hreppsfélög geti verið langtum traustari aðili til þess að koma upp slíkum húsum en nokkurt félag útvegsmanna og sjómanna. Ég skal benda á það, að eitt af nýjustu frystihúsunum og það, sem forstjóri sænska frystihússins hér telur eitt myndarlegasta frystihús landsins eftir stærð, frystihúsið á Bíldudal, hefir verið reist af hreppsfélaginu þar á staðnum, sem á húsið og kemur til með að reka það.

Mér finnst, að hv. sjútvn. þurfi að taka það til athugunar, hvort hér gætir ekki óþarfa einstrengingsskapar í þessu ákvæði, hvað sem um frv. má segja að öðru leyti. — Þá hefi ég ekki getað fallizt á það, að þessi friðindi verði ekki látin ná til nýbyggðra frystihúsa, sem vitanlega hefir verið komið upp með miklum fjárhagslegum erfiðleikum, og til þeirra orðið að afla fjár, sem hlýtur að hvíla nokkuð þungt á rekstrinum fyrst um sinn, svo að ég taki nærtækt dæmi af Bíldudal. Með því móti, að láta þessi nýreistu frystihús ekki verða aðnjótandi þeirra hlunninda, sem frv. gerir ráð fyrir, sé ég ekki betur en að verið sé að hefnast á þeim, sem mesta framtakssemi og skilning hafa sýnt á nauðsyn þessa máls, þrátt fyrir það þótt lagaleg vernd væri ekki fyrir hendi fyrir slíka starfsemi.

Af þessum orsökum tel ég, að þetta frv. þurfi stórkostlegra bóta við, að því er þetta atriði snertir, og ég get ekki neitað því, að ég tel þetta frv. vitanlega standa að öllu leyti að baki því frv., sem við alþýðuflokksmenn flytjum.

Mér skildist á hv. þm. Barð., að hann vildi vera með þessu frv. með breyt., sem hann tók ekki nánar fram, hverjar væru. (**BJ:** Ég tók það ekki fram, að ég væri með frv.). Mér skildist hv. þm. láta í ljós velvilja sinn í garð frv., en úr því að hann er ekki enn búinn að átta sig á, hvort hann vill, að frv. komi fram eða gangi fram, þá er sjálfsagt að gefa honum umhugsunarfrest, jafnvel þótt það kunni að dragast í nokkra mánuði. En ef hv. þm. skyldi nú finna það út úr sinni sál, að hann vildi, að málið gengi fram, þá vil ég vona, að hann noti aðstöðu sína í hv. sjútvn. til þess að líta í þau horn, þar sem frystihús eru, sem komið hefir verið upp með miklum erfiðleikum, og geri sitt til, að þau yrði ekki afskipt af friðindum þeim, sem þetta frv. gerir ráð fyrir handa hraðfrystihúsum, þó að þessi frystihús séu ekki reist af sjómönnum og útvegsmönnum, heldur sveitarfélögum eða hreppsfélögum og séu þeirra eign. — Hv. þm. Barð. minntist á frystihúsmálið í sínu kjördæmi og tel ur, að það sé að miklu leyti óleyst. Það er satt. Á tveimur stöðum í kjördæmi hans hafa menn mikinn áhuga fyrir því, að koma upp frystihúsum, og það er í Flatey og á Patreksfirði. Að því er snertir frystihúsmál Flateyinga, er mér kunnugt um af gögnum, sem ég hefi í höndunum, að þeir hugsa sér fyrst og fremst að koma upp kjötfrystihúsi. Í fyrra vetur átti ég eftir beiðni kjósenda þar vestra, tal við þá menn í Framsfl., sem hafa verið mestu ráðandi í þessu máli með till. sínum um það, hvar kjötfrystihús yfirleitt verði sett. Valdamesti maðurinn af þeim upplýsti það, að Flateyingar hefðu ekkert við frystihús að gera, því að þeir hefðu ekki bolmagn til að standa undir því. Ég geri ráð fyrir, að hv. þm. Barð. hafi fengið svipað svar.

Ég er sammála hv. þm. Barð., ef hann má skilja svo, að hann telji, að Flateyingar eigi rétt á að koma upp frystihúsi á staðnum og að það eigi að vera fyrir kjöt, fisk og beitu, og ég geri ráð fyrir, að þegar þetta mál verður athugað til fulls, þá muni það sýna sig, að það er fullkomlega hagnaðarlegur grundvöllur undir rekstur þessa húss, en hinsvegar sé ég enga von um, að það verði framkvæmt, fyrr en áhrifaríkir menn í Framsfl. eru búnir að breyta skoðun sinni, frá því sem hún er í till. þeirra um þetta mál í fyrra. Um frystihúsmál Patreksfjarðar er það að segja, að menn eru nýfarnir að hugsa um það, og mér skilst, að það hafi ekki komið skriður á málið þar að verulegu leyti, fyrr en hafizt var handa um framkvæmd frystihússins á Bíldudal. En hinu þarf ekki að lýsa fyrir staðarkunnugum mönnum, að Patreksfjörður er sá staður á Vesturlandi, sem bezt er í sveit komið um sjávarútveg, og þess vegna er fremur ótrúlegt, að gert verði mikið í

því, að koma upp hraðfrystihúsum fyrir fisk til útflutnings, svo að ekki þyki skynsamlegt að setja upp frystihús á þeim stað.

Mér skilst, að hv. þm. Snæf. sé búinn að nota ræðutíma sinn í þessu máli, en ég ætla þó að minnast á eitt atriði viðvíkjandi ræðu hans. Hann taldi of mikið, að hlutaðeigendur legðu fram 15%, eins og við gerum ráð fyrir. Ég held ekki, að þetta sé of hátt. Sem dæmi skal ég taka það, að ég veit til þess, að áhugi manna og trú á nytsemi þessara framkvæmda er svo mikil, að í mjög illa stöddu þorpi, þar sem menn hafa ekki mikla fjármuni handa á milli, hafa menn staðfest áhuga sinn fyrir því, að koma upp frystihúsi, sem kostar 75000 kr., með því að leggja fram sjálfir 15000 kr., sem raunar er hrein gjöf, og það er meira en 15%. Og það er enginn vafi á því, að það greiðir meira en nokkuð annað fyrir framkvæmdum í þessu máli, þegar þeir, sem eiga fyrirtækið og nota, hafa sýnt í alvöru, að þeir vilja leggja eitthvað í hættu til þess að koma fyrirtækinu á fót.

*__Bergur Jónsson:__ Ég er sammála hv. 9. landsk. um það, sem hann sagði viðvíkjandi þessu máli, þangað til hann fór að svara hv. þm. Snæf., því að það heyrði ég ekki. Ég er sammála honum um það, að ákvæði 4. gr. frv. verði ekki aðeins látin ná til félags útgerðarmanna og sjómanna, heldur og til hreppsfélaga. Ég hafði áður reynt að fá menn þarna vestra til að mynda með sér samvinnufélag, en þeir gátu ekki komið sér saman um það, af hvaða ástæðum sem það var. Mér þótti það leitt, og þess vegna var Borgarnes, sem í eðli sínu er ekki sjávarpláss, látið ganga fyrir Bíldudal.

Í öðru lagi er ég sammála hv. 9. landsk. um það, að rétt sé að láta hlunnindi þau, er frv. gerir ráð fyrir, einnig ná til þeirra frystihúsa, sem búið er að reisa, og er ég glaður yfir því, að þessi réttlætiskennd skuli koma fram hjá hv. þm. Hv. þm. minntist á 2 frystihúsamál í Barðastrandarsýslu, sem ég hefi sent fjvn. eftir beiðni manna fyrir vestan. Annað var frystihúsmál Flateyinga. Það er satt, að þeir vilja fyrst og fremst fá kjötfrystihús, en það er brýn nauðsyn á því, að það verði svo stórt, að það geti einnig orðið fyrir beitu og fisk. Hv. þm. segist hafa talað við áhrifamikinn framsóknarmann, sem ekki hafi talið æskilegt að setja frystihús í Flatey. Þetta má vel vera, það eru skiptar skoðanir í öllum flokkum. Þá var það frystihúsmál Patreksfjarðar. Ég tel það mikið nauðsynjamál. Ég heyrði nú ekki svo vel stundum til hv. 9. landsk., það dró dálítið niður í prestinum með köflum. En mér þykir gott að geta átt von á hans góðu samvinnu í þessu máli. Ég er þess fullviss, að ef hraðfrystihús yrði byggt á Patreksfirði, þá yrði það til mikils góðs fyrir kaupstaðinn. Ég vona sem sagt, að við hv. 9. landsk., sem erum sammála um þetta, getum unnið saman að framgangi málsins, hvort sem það nú verður með samtölum eða hugskeytum.

__Sigurður Einarsson:__ Hv. þm. Barð. var eitthvað í gær að beina því vinsamlega til mín, að ég þyrfti að leita mér lækninga. En ég sé ekki betur en að ég megi ráðleggja þessum hv. þm. að leita sér lækninga, ef hann getur ekki skilið jafnauðskilið mál eins og frystihúsmálið á Patreksfirði. Ég sagði, eins og flestir dm. munu hafa heyrt og skilið, nema hv. þm. Barð., að Patreksfirði væri þannig í sveit komið, að hann lægi bezt við allra vestfirzkra kauptúna til starfrækslu frystihúss. Ef hv. þm. hefir ekki heyrt þetta, þá er honum nokkur vorkunn, en hann tók fram, að hann hefði ekki skilið það, og þá er honum ekki við bjargandi.

__Bergur Jónsson:__ Ég tók það fram, að ég hefði ekki heyrt til hv. þm., og það gladdi mig mjög, þegar ég heyrði, að hv. þm. hafði haldið fram réttri skoðun, byggðri á réttlætistilfinningu, sem ég hélt, að hv. þm. ætti ekki til.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til sjútvn. með 21 shlj. atkv.

Á 36. fundi í Nd., 12. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 39. fundi í Nd., 15. apríl, utan dagskrár, mælti

__Thor Thors:__ Ég vil mælast til þess við hæstv. forseta, að hann taki á dagskrá á morgun frv. til l. um byggingu húsa til að hraðfrysta fisk. Það eru nokkrir dagar síðan nál. kom fram um þetta mál, en síðan hefir það ekki verið á dagskrá.

__Forseti (JörB):__ Ég skal taka þessa ósk hv. þm. til athugunar, og mun málið koma á dagskrá á morgun.

Á 40. fundi í Nd., 16. apríl, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 119, n. 264)

*__Sigurður Kristjánsson:__ Frsm. málsins er ekki viðlátinn, en það er hv. þm. Vestm. En það standa nú svo sakir, að málið var rætt ýtarlega og gerð glögg grein fyrir því við 1. umr., og það sparar mér að hafa um það mörg orð við þessa umr. Ágreiningur í n. er ekki alvarlegur. Eins og nál. ber með sér, þá hafa 2 af nm. í sjútvn., hv. þm. Ísaf. og hv. 3. landsk., gerzt meðflm. að frv., sem mundi fullnægja betur tilgangi þessa frv., ef það næði fram að ganga, en hafa að öðru leyti lýst sig fylgjandi þessari hugmynd, sem í frv. felst. Nú vænti ég þess, að það sé alveg ljóst, að það frv., sem þessir hv. þm. flytja eða eru meðflm. að, nái ekki fram að ganga á þessu þingi, með því að það er ekki enn komið til 1. umr., en ég geri ráð fyrir, að það muni vera hægt að koma þessu frv. í gegn um þingið, ef á því væri góður vilji. — Ég vil svo að öðru leyti vísa til þeirra umr., sem fóru fram við 1. umr. málsins. En ég vænti þess sem sagt fastlega, að þetta mái nái fram að ganga, og ef eitthvað má byggja á þeim velvilja, sem allir flokkar

segjast nú bera til sjávarútvegsins, þá er óskiljanlegt, ef þeir liggja svo á þessum mikla velvilja, að þeir ekki geti fengið sig til að taka höndum saman og koma þessu máli fram.

Jónas Guðmundsson: Ég skal vera stuttorður, því að ég mun minnast á þetta frv. sérstaklega í umr., sem fram eiga að fara í kvöld um frv. á þskj. 151, sem ég er meðflm. að. Ég vil þó segja það, að ég álít, að á þessu frv., sem hér liggur fyrir, séu svo miklir gallar, að það sé ekki hægt að samþ. það óbreytt. Það hafa t. d. ekki enn komið fram neinar till. um, hvernig afla skuli þess fjár, sem þarf til þessara framkvæmda, og það er heldur ekki veitt heimild til þess að taka lán til þeirra. En það sjá allir, að fyrsta og sjálfsagðasta skilyrði til þess, að l. geti orðið að verulegu gagni, er, að ríkisstj. hafi rétt eða a. m. k. heimild til að útvega fé til þess að leggja í þetta. Það er ýmislegt fleira, sem ég hefi við frv. að athuga, en ég vil minna á það síðar. En ef frv. fer til 3. umr., sem ég skal stuðla að, mun ég flytja við það brtt., um að gera ráðstafanir til þess að bæta úr þessum aðalágalla frv., sem ég tel vera.

***Finnur Jónsson:** Ég og hv. 3. landsk. höfum lýst afstöðu okkar til þessa máls á þskj. 264, þar sem við höfum talið okkur þessu máli fylgjandi, að veittur yrði styrkur úr ríkissjóði til byggingar hraðfrystihúsa, og einfremur, að ríkisábyrgð yrði veitt fyrir lánum til hraðfrystihúsa. Hinsvegar teljum við þann kafla í frv. því, sem við erum meðflm. að á þskj. 151, sem víkur að byggingu hraðfrystihúsa og styrk til þeirra, það ýtarlegan, að við viljum sjá, hvernig málinu reiðir af, áður en við tökum þátt í fullnaðaratkvgr. þessa máls, sem hér liggur fyrir. Þetta frv. á þskj. 151 verður til umr. hér í þessari hv. d. í kvöld, og munu þá eflaust verða ráðin forlög þess. Eftir að þau eru séð, munum við ef frv. nær ekki fram að ganga, vera reiðubúnir til þess að koma með brtt. við það frv., sem hér liggur fyrir, í samræmi við þær till. um styrk til hraðfrystihúsa og með þeim skilmálum, sem teknir eru fram í frv. á þskj. 151. Við munum fylgja málinu til 3. umr., en áskiljum okkur rétt til þess að koma fram með ýtarlega brtt. við frv. — Hv. þm. Barð. er meðflm. að sérstakri þáltill. um þetta efni, þar sem gert er ráð fyrir, að ríkissjóður leggi fram sem styrk ¼ af stofnkostnaði hraðfrystihúsa, en ekki frekari ábyrgð. Ég skal nú ekki fara út í þetta nánar, hvorki frv. það, sem hér liggur fyrir, né heldur till. þá, sem hv. þm. Barð. er meðflm. að, en ég vil aðeins benda á það, að í hvorugum þeim till. er gert ráð fyrir, að mínu áliti og hv. 3. landsk., nauðsynlegri rannsókn á þessu máli, áður en hafizt er handa. Ég hygg, að það þurfi að gera ýtarlega tilraun um það, á hvaða stöðum eigi að byggja slík hraðfrystihús, og það verður að velja þá staði eftir því, hvar þörf útgerðarinnar er mest og hvar mestir möguleikar eru á því, að geta notað þau hlunnindi, sem þessi hraðfrystihús eiga að geta veitt útgerðinni sem fyrst og með sem beztum árangri.

***Thor Thors:** Ég vil þakka hv. sjútvn. fyrir það, að í aðalatriðum hefir hún tekið þessu máli vel. N. var sammála um að afgr. málið til hv. d., enda þótt nokkur ágreiningur sé meðal einstakra nm. um einstök atriði frv. Hv. þm. Ísaf. hefir að nokkru leyti gert grein fyrir sínum ágreiningi, og sömuleiðis flokksbróður hans, hv. 6. landsk. Ég skal láta þessi ágreiningsatriði bíða til 3. umr., en ég vil aðeins segja fáein orð út af því, sem hv. 6. landsk. sagði. Hann sagði, að sér fyndist það verulegur galli á frv., að ekki væri gert ráð fyrir, hvernig afla skuli þess fjár, sem veita á í þessu skyni. Það er ekki svo gott fyrirfram að áætla, hvað mikið fé þarf til þessa; það fer vitanlega eftir því, hversu margar umsóknir berast og hvað hæstv. ríkisstj. álítur nauðsynlegt til þess að reisa þessi hús, svo að fé til þessara fyrirtækja yrði að koma sem fjárveiting eftir á. Annars skal ég láta þess getið, að það er ekkert kappsmál fyrir okkur flm., hvort féð er veitt beint úr ríkissjóði eða fiskveiðasjóði, en annars mun þetta heyra undir ríkisstj., og við leggjum áherzlu á, að það sé ríkissjóður, sem hafi með úthlutun þessa fjár að gera, hvort sem það verður veitt beint úr ríkissjóði eða úr fiskveiðasjóði.

Ég þykist sjá fram á, að málið muni ná fram að ganga til 3. umr. og verði þar frekar rædd einstök atriði þess. Ég skal lýsa yfir því fyrir hönd okkar flm., að við erum reiðubúnir til þess að semja um allar skynsamlegar brtt. við þetta mál, því að við leggjum höfuðáherzluna á það, að málið nái fram að ganga í lagaformi á þessu þingi, svo að landsmenn geti vitað, hvers þeir mega vænta í sambandi við þessi fyrirtæki, og við leggjum þeim mun meiri áherzlu á, að málið nái nú fram að ganga, þar sem vitað er, að dragnótaveiði verður heimiluð, og þess má vænta, að mikið verði unnið að dragnótaveiði nú þegar næsta sumar.

***Bergur Jónsson:** Þetta frv., sem hér liggur fyrir, hefir komið áður hér til umr., og ég gerði aths. við það þá. Ég benti á, að það væri of þröngt ákvæði, að láta aðeins sjómenn og útgerðarmenn hafa heimild til þess að mynda félög um þetta; það yrði t. d. líka að láta hreppana hafa þessa heimild. Málið hefir fengið afgreiðslu hjá hv. sjútvn., sem má heita viðunandi, en hitt er annað mál, að þar sem það er nokkurnveginn vitað, að þingið á aðeins eftir að sitja fáeina daga, þá er engin von til þess, að frv. geti fengið afgreiðslu, og það veit hv. aðalflm., hv. þm. Snæf., og þess vegna hefi ég og hv. 2. þm. S.-M. borið fram till. í Sþ. um að veita ¼ styrks í þessu skyni, en í stað þess, að farið er fram á ábyrgð í frv., leggjum við til, að ríkisstj. sé skylt að veita aðstoð sína til þess. Það segir sig sjálft, að yfirleitt er óþarft, þegar veittir eru styrkir, að fara fram á ríkisábyrgð; það er fyrir löngu búið að taka þá stefnu hér á þinginu, að takmarka ríkisábyrgðir, og það hefir verið borið fram frv. til þess

að gera útgerðarsamvinnufélög þannig úr garði, að forsvaranlegt sé að veita þeim frekari lán en öðrum félögum. Þetta hefir ekki fengið áheyrn hjá hv. þm. annarra fl., og frv. hefir verið svæft. Við viljum taka sömu stefnu í þessu máli. Við viljum láta ríkið veita ¼ styrks og skylda hæstv. ríkisstj. til að veita aðstoð í þessu efni, og ef hún gerir það, þá er það nægilegt, því að þá hljóta þessi frystihús, sem hafa fengið 25 þús. kr. af 100 þús. kr. í beinan styrk, að fá lánveitingu, svo framarlega sem hyggilegt er að setja frystihús á hlutaðeigandi stað. En annað, sem okkar leið hefir fram yfir leið frv., er það, að hún er fljótlegri. Það er meiri vissa fyrir því, að hægt sé að koma þessari till. okkar fram, ef menn vilja af alvöru reyna að koma málinu fram. Þess vegna vona ég, að hv. flm. þessa frv. geti sætt sig við þetta. Það er yfirleitt alls ekki sæmilegt, að hv. þm. láti það eitt ráða atkv. sínu í þýðingarmiklum málum, hvaðan málið er komið. Ég skal fúslega gefa sjálfstæðismönnum það eftir, að þeir hafi verið á undan okkur í því að koma með frv., og ég skal líka viðurkenna, að sjálfstæðismenn hafi líka komið með till. um þetta efni í frumvarpsformi á undan okkur, sem sé í sambandi við aðrar till., sem vitað er, að aðrir hv. þm. vildu ekki ganga inn á. En hvað sem því líður, þá finnst mér, þar sem þáltill. formið er fljótasta leiðin til þess að koma málinu fram núna, að þetta sé prófsteinninn á það, hvort veruleg alvara er hjá þeim mönnum, sem bera fram till. í þessa átt, í því að fylgja málinu eða ekki. Ef þingrof er á næstunni, eins og allir búast við, og nýjar kosningar fram undan, og hugur þm. breytist ekki verulega viðvíkjandi þessu máli, þó að mannval breytist eitthvað hér í þinginu eftir kosningar, þá má ganga út frá því sem gefnu, að það verði gengið inn á skynsamlega leið til þess að leysa þetta mál, og þá gerir ekki svo mikið til, þó að við höfum það í þáltill.formi á þessu þingi og förum sömu leið, og farin var á aukaþinginu 1933, að leysa fjárhagsmál með þáltill., til þess að koma þeim fljótt af í stað þess að hafa frumvarpsform, sem tekur 3 umr. í hvorri d. með deilum um einstök smáatriði, sem geta tafið málið.

Þó að ég að þessu sinni muni fylgja frv. til 3. umr., vona ég, að menn geri sig ánægða með þessa lausn málsins, hvort sem menn álíta of langt eða skammt gengið.

***Sigurður Kristjánsson:** Það er aðeins vegna ummæla hv. 6. landsk., sem ég kvaddi mér hljóðs. Hann taldi það mjög stórvægilegan galla á frv., svo mikinn, að það væri ekki hægt að samþ. nema með verulegum breyt., að ekki væru gerðar ráðstafanir til þess að afla fjár til þess að standa undir þeim kostnaði, sem af frv. leiddi, ef það yrði samþ. En það er í fyrsta lagi ósýnt, hvort kostnaðurinn verður mikill eða lítill; það fer eftir því, hve margir hefjast handa um þetta, og svo ætla ég, að honum sé kunnugt um, að það er gert ráð fyrir slíkum kostnaði, þó að hann segði, að svo væri ekki, í 24. gr. fjárl., og beinlínis lagt svo fyrir, að kostnaður, sem leiðir af slíkri löggjöf eða þáltill., skuli koma fram sem breyt., á frv., svo að ef frv. það, sem hér liggur fyrir, yrði samþ., þá væri fallin skylda á herðar hæstv. stj., að sjá fyrir fé til framkvæmdar laganna.

Út af því, sem hv. þm. Barð. sagði, að þáltill.formið sé öruggasta leiðin til þess að koma þessu máli fram núna, vil ég segja, að það er rétt, að það er minnst hætta á, að málið dagi uppi, ef sú leið er farin, en hún er veikari og ófullkomnari en lagaleiðin, og það er mín sannfæring, að ef það væri vilji flokkanna að leysa málið, þá væri hægt að gera það í lagaformi, og sé ekki, að þingrof þurfi að vera því neitt til fyrirstöðu. Það hefir alls ekki verið ákveðið neitt opinberlega um það, að þingið skuli rofið, og mér er ekki kunnugt um annað en að þau ágreiningsmál, sem almennt hefir verið talið, að mundu valda þingrofi, séu óðum að jafnast eða jafnvel öll fallin í ljúfa löð, og ég sé þess engin merki, að nokkur ágreiningur sé á milli stjórnarflokkanna í nokkru máli, a. m. k. er hjónabandið mjög elskulegt, og ég ætla, að meðferðin bæði á bráðabirgðal. um leigunám mjólkurstöðvarinnar og bráðabirgðal. um stjórn síldarverksmiðja ríkisins beri vott um, að allt sé nú að falla í ljúfa löð. Málið, sem talið var upphaflega, að mundi valda þingrofi, frv. um gjaldþrot Kveldúlfs, virðist líka alveg sofnað út af, svo að meðan er verið að finna eitthvert tilefni til þingrofs, finnst mér skaðlaust, þó að mál, sem allir flokkar viðurkenna, að er nauðsynjamál, verði afgr., jafnvel þótt það lengi þingið um 1—2 daga. Þó að ég neiti því enganveginn, sem hv. þm. Barð. segir, að það sé fljótlegasta leiðin til þess að fá þetta samþ., að fara þál.leiðina, þá vil ég alveg ákveðið fara fram á að þetta mál verði afgr. í frv.formi, af því að ég veit, að það er í rauninni ekki hægt að mæla á móti því, að það sé hægt, ef það er rétt frá skýrt hjá hv. þm. stjórnarflokkanna, sem ég að svo komnu máli vil ekki efa, að þessir flokkar vilji koma málinu í einhverri mynd gegnum þingið, og ég mun hafa það til marks um, að sá vilji hafi ekki verið eins einlægur og hreinn og látið er í veðri vaka, ef þetta frv. kemst ekki í gegnum þingið.

***Finnur Jónsson:** Ég skal ekki lengja umr. verulega. Ég vil aðeins taka undir það, sem hv. 6. þm. Reykv. sagði, að það væri miklu ófullkomnara að afgreiða þáltill. um svo stórt mál heldur en að setja um það lög, og ég álít, að það sé mjög nauðsynlegt, að til þeirra laga sé svo vandað, að það nái ekki tilgangi sínum að afgreiða málið með einfaldri þál. Ennfremur nær till. hv. þm. Barð. miklu skemmra en bæði till. okkar alþýðuflokksmanna og till. sjálfstæðismanna. Í till. hv. þm. Barð. er gert ráð fyrir, að ríkið leggi fram ¼ af stofnkostnaði, en viðvíkjandi lánsútveguninni er ekki talað um annað en aðstoð ríkisstj. til lánsútvegunar til hraðfrystihúsa þeirra, sem styrkja ber samkv. till. Ennfremur vantar í till. öll ákvæði um skilyrði fyrir þessum styrk, sem verður að sjálfsögðu að setja með l.

Viðvíkjandi því, sem hv. 6. landsk. sagði, að öll ágreiningsefni milli stjfl. væru fallin niður,

þó að sætt væri komin um ágreininginn í síldarverksmiðjumálinu, þá er vitað, að það er alls ekki rétt, því að það er ágreiningur milli stjfl. um Kveldúlfsmálið, og það er ágreiningur um frv. til viðreisnar togaraútgerðinni, og það er ágreiningur um þetta almenna viðreisnarfrv., sem verður hér til umr. í kvöld, og það er ágreiningur um þær lagabreyt., sem Alþfl. hefir stungið upp á í sambandi við landsbankalögin, svo að ágreiningsefnin eru sannarlega nóg, þó að búið sé að ná samkomulagi um eitt af þeim ágreiningsmálum, sem ef til vill hefir ekki hvað minnsta þýðingu fyrir þjóðfélagið.

*__Bergur Jónsson:__ Hv. þm. Ísaf. hefir að nokkru leyti svarað hv. 6. þm. Reykv. viðvíkjandi því, að þetta þing muni ekki sitja mikið lengur. Ég get róað hv. 6. þm. Reykv. alveg, því að þess verður ekki langt að bíða, þangað til þingið verður rofið. Hv. 6. þm. Reykv. er ákaflega glaður yfir því, að slík yfirlýsing skuli koma fram frá stjórnarflokkunum, þó að engin líkindi séu til þess, að hans flokkur komist í stjórnaraðstöðu, enda þótt hann geri bandalag við flokk, sem hann hefir ekkert sameiginlegt með, flokk, sem er ekkert annað en afskræmi af Framsfl. og hefir stolið stefnuskrá hans; Sjálfstfl. verður ekki kápan úr því klæðinu. Íslendingar sjá gegnum það sem þykkara er heldur en þá slæðu, sem sjálfstæðismenn ætla að bregða yfir sig. — Það er gaman að sjá hv. 9. landsk. vera að reyna að gefa hv. 6. þm. Reykv. hjálp; ég hélt, að hv. 6. þm. Reykv. þyrfti ekki slíka hjálp.

Það er prófsteinninn á það, hvort mönnum er alvara með það, að reyna að koma upp frystihúsum hér á landi með aðstoð ríkisins, hvort þeir vilja fara þá fljótustu leið, sem hægt er að fara í þessu máli, eða hvort þeir vilja heldur tefja málið með smáatriðum, þegar búið er að benda á galla á frv. því, sem hv. þm. Snæf. og fleiri hv. þm. hafa borið fram. Jafnaðarmenn hafa líka komið með till. í þessu máli, sem engum viti bornum mönnum, jafnvel ekki jafnaðarmönnum, dettur í hug að taka alvarlega, því að þær eru einungis kosningabomba og kosningabeita. Það erum við framsóknarmenn einir, sem berum fram till., sem í alvöru er ætlað að reyna að leysa þetta mál. Ábyrgðarákvæðið er bara hégómi í þessu sambandi. Og það veit ég, að hv. 6. þm. Reykv. skilur vel, að það er aðalatriðið, að frystihúsin séu sett upp á þeim stöðum, þar sem mest er nauðsyn á að setja þau upp, og að þeim verði veittur það mikill styrkur, að hægt sé að útvega lán handa þeim, og að ríkisstj. veiti þeim aðstoð til þess að fá þau lán; ef það tekst, þá verða reist frystihús á þeim stöðum, þar sem þörf er fyrir. En hitt er annað mál, að ef þessi aðferð skyldi sýna, að hún væri ekki nógu sterk, þá má fyrir framtíðina finna betri aðferð, og hennar verður áreiðanlega leitað, síðar á þessu ári, því skal ég lofa hv. 6. þm. Reykv., svo að hann þurfi ekki að bera áhyggjur út af því, að hann skuli ekki fá að vinna með Bændafl. Um þetta mál er enginn ágreiningur, eins og hv. þm. sagði, nema þessi, hver sé skynsamlegasta leiðin í málinu. Fljótvirkasta leiðin er sú, sem þeir menn vilja fara, sem líta á þetta mál með alvöru og vilja hjálpa mönnum til þess að reisa þessi frystihús, en vilja ekki skreyta sig með fölskum fjöðrum eða blása sig upp fyrir kjósendum með því, sem þeim er kannske engin alvara með. Hv. þm. virtist halda, að þál. væru veikari en fjárlagafyrirmæli og hefðu ekki sama gildi gagnvart stjórninni, en þetta er misskilningur, og því til sönnunar vil ég benda hv. þm. á, að hann þarf ekki annað en að fara fram á skrifstofu og athuga þingtíðindin frá síðasta aukaþingi, sem ekki var fjárlagaþing. Þetta er einmitt sú aðferð, sem við viljum grípa til nú í þessu máli, því að okkur er alvara að koma því fram.

Hv. þm. Ísaf. þarf ég ekki að svara, því að hann kom með sömu rökin og hv. 6. þm. Reykv. Annars skal ég viðurkenna, að það er nýtt að heyra þennan hv. þm. apa rök og annað eftir honum, því að til þessa hafa þeir ekki verið slíkir vinir, að þeir hafi verið sem einn maður í málflutningi sínum, ekki hér á Alþingi a. m. k. Það má líka vel vera, að þetta hafi verið þeim ósjálfrátt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
2.—7. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. visað til 3. umr. með 24 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: SigfJ, SE, SK, StJSt, TT, ÞorbÞ, ÁÁ, BJ, BÁ, BB, EmJ, EystJ, FJ, GÞ, GSv, GTh, JÓl, JónP, JG, MT, PZ, PÞ, PO, JörB.
Níu þm. (GG, GÍ, HannJ, HV, JakM, JJós, JS, ÓTh, PHalld) fjarstaddir.

Á 43. fundi í Nd., 19. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 16:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: PO, SigfJ, SK, TT, ÞorbÞ, ÁÁ, FJ, GSv, GÍ, GTh, JakM, JJós, JÓl, MT, PÞ, JörB.
nei: BJ, EystJ, GG.
StJSt, BÁ, BB, HV, greiddu ekki atkv.
10 þm. (PHalld, SE, EmJ, GÞ, HannJ, JónP, JS, JG, ÓTh, PZ) fjarstaddir.
Frv. afgr. til Ed.

Við nafnakallið um frv. gerðu 7 þm. grein fyrir atkv. á þessa leið:

Stefán Jóh. Stefánsson: Við 2. umr. tilkynnti hv. 6. landsk., að hann mundi bera fram brtt. við frv. við 3. umr. Frv. mun hafa verið tekið á dagskrá án þess að hann athugaði það. Hann er ekki staddur hér nú, en ég veit, að hann mundi óska eftir, að málinu yrði frestað, til þess að hann gæti borið fram sínar brtt., og ég geri ráð fyrir, að ég hefði kosið að greiða þeim atkv., en eins og málið liggur fyrir, greiði ég ekki atkvæði.

Bergur Jónsson: Eins og menn sjá á nál., eru allir nm. sammála um stefnu frv. Hinsvegar greinir menn á um, hvaða leið ætti að fara í þessu máli, eins og ástatt er nú með þingið, og einn af nm., fulltrúi Sjálfstfl. í sjútvn., hv. þm. Vestm., lýsti yfir því við umr. um sjávarútvegsmál, að hann mundi hallast að þeirri leið, sem ég og hv. 2. þm. N.-M. höfum viljað fara, sem sé að afgr. málið með þáltill. Þess vegna þykir mér óþarft að vera að tefja tíma hv. þd. meira með þessu frv. og greiði því atkv. á móti málinu.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Þar sem ég tel betur séð fyrir málinu með því að samþ. þáltill. þá, sem liggur fyrir þinginu um svipað efni, segi ég nei.

Forseti (JörB): Ég vil nú mælast til þess, að allir hv. þdm. fari ekki að halda langar ræður um þetta.

Finnur Jónsson: Ég ætla ekki að halda ræðu, en ég álít rétt að gera grein fyrir atkv. mínu, ekki sízt þar sem ég ætlaði að koma með brtt., sem ekki er nú tími til að koma með hér. Þar sem ég álít ekki nægilega vel séð fyrir þessu máli í þeirri þáltill., sem hér liggur fyrir, mun ég athuga, hvort ekki verður hægt að koma brtt., sem ég hafði hugsað mér að koma með, fram í hv. Ed. Ég greiði því atkv. með málinu út úr hv. d. og segi já.

Gísli Guðmundsson: Með sömu forsendu og hv. þm. Barð. segi ég nei.

Héðinn Valdimarsson: Með skírskotun til grg. hv. 1. landsk. og þess líka, að fyrir liggur frv. af hálfu Alþfl., sem gengur miklu lengra og þar sem betur er fyrir þessu máli séð heldur en í þessu frv., þá ætla ég ekki að greiða atkv.

Frsm. (Jóhann Jósefsson): Vegna þess að hv. þm. Barð. vitnaði til þess, að ég hefði látið í ljós, að það mundi vera eina úrræðið í málinu á þessu þingi að samþ. þáltill. hans um samskonar mál, vil ég taka það fram, að þó að ég hafi viðhaft þessi ummæli, þá var það aðeins með það fyrir augum, að tími þingsins mundi ekki leyfa afgreiðslu frv. Á þessu stigi málsins sé ég samt sem áður ekki ástæðu til að stöðva málið í þessari hv. d. og tel rétt, að það fari til hv. Ed. Sjái ég hinsvegar fram á, að ekki verði leyst úr málinu eins og það liggur fyrir, þá mun ég fylgja till. hv. þm. Barð., og segi því já.

Á 47. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar, en frv. var aldrei tekið á dagskrá.

---

38. Raftækjasala Rafmagnsveitu Reykjavíkur.

Á 23. fundi í Nd., 20. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um tímabundna heimild handa Rafmagnsveitu Reykjavíkur til innflutnings og sölu á rafmagnstækjum (þmfrv., A. 121).

Á 25. fundi í Nd., 23. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði, að það yrði tekið til meðferðar með 21 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BÁ, EmJ, FJ, GÞ, GÍ, GTh, HV, JJós, JÓl, JónP, JG, MT, PZ, PÞ, PHalld, SigfJ, SE, SK, StJSt, ÞorbÞ, JörB.

12 þm. (ÁÁ, BJ, BB, EystJ, GG, GSv, HannJ, JakM, JS, ÓTh, PO, TT) fjarstaddir.

***Flm. (Pétur Halldórsson):** Herra forseti! Ég þarf ekki að hafa mörg orð við 1. umr. til þess að gera grein fyrir efni þessa frv. Það er flutt eftir eindreginni ósk bæjarstjórnar Rvíkur og miðar að því, að gera mönnum aðgengilegt að kaupa sér rafmagnsáhöld, þegar Sogsvirkjunin tekur til starfa væntanlega næsta haust. Það fer fram á það, að rafmagnsveita Rvíkur fái heimild í eitt ár til að gera ráðstafanir til þess, að selja megi þessi tæki ódýrt, þannig að það verði til að hvetja alla þá, sem ná til Sogsvirkjunarinnar, til að hraða því, að virkjunin nýtist sem fyrst og bezt, og auk þess sem þetta yrði gagnlegt fyrir þá, sem koma til með að nota rafmagn frá Sogsvirkjuninni, mundi þetta einnig spara innflutning á kolum og jafnvel olíu að því skapi, sem tækin kæmu því til vegar, að Sogsvirkjunin yrði nýtt sem allra fyrst. Þessi tilgangur frv. er vitanlega skýr, og ég efast ekki um, að allir hv. þdm. vilji vinna að þessu. Það, sem kynni að geta verið því til fyrirstöðu, er, að tekjur ríkissjóðs af þessum varningi falla niður, þegar þessar vörur eru fluttar til landsins, en mér finnst það réttlætis- og hagsmunamál fyrir alla aðilja, ef hægt er að afla þessara tækja bæði fljótt og ódýrt fyrir næsta ár.

Ég vil svo óska, að frv. verði vísað til hv. fjhn. og 2. umr.

***Stefán Jóh. Stefánsson:** Á þessu stigi málsins vil ég aðeins láta þess getið út af ummælum hv. 1. flm., að þegar þetta mál var til meðferðar í bæjarstjórn Rvíkur, þá flutti Sjálfstfl. þar till., sem mun hafa gengið í mjög líka átt og þetta frv. Hinsvegar flutti ég f. h. Alþfl. till., sem var nokkuð á aðra lund, en afgreiðslu þeirrar till. lauk þannig, að Alþfl. var ekki viðstaddur atkvgr., því að þessi fundur í bæjarstjórninni var haldinn kl. 6 að morgni í svartasta skammdeginu, eins og menn muna. Ég vil geta þess, að þarna kom fram álit meiri hl. í bæjarstjórn Rvíkur, en við höfðum nokkra sérstöðu í þessu máli, þótt við vildum vitanlega, að gert yrði af löggjafans hálfu allt, sem unnt væri, til þess að greiða fyrir því, að notkun rafmagnstækja, eftir að Sogsvirkjunin væri

komin til framkvæmdar, gæti orðið sem almennust. Hinsvegar virðist mér við lauslega athugun á frv., að fleira komi til athugunar í sambandi við það. Ég vil spyrja hv. 1. flm., hvað hann á við í 1. gr., þar sem talað er um rafmagnstæki, hvort hann á við potta og pönnur og fleiri þess háttar rafmagnstæki. Því að mér er kunnugt um, að það er ekki hvað sízt nauðsynlegt að greiða fyrir því, að menn geti fengið með góðum kjörum slík tæki, sem óhjákvæmileg eru í sambandi við suðu á rafmagni, en þetta er ekki skýrt fram tekið í 1. gr. frv. Hinsvegar minnist ég þess, að í till. okkar alþýðuflokksmanna í bæjarstjórn var kveðið á um þetta.

Í öðru lagi virðist mér það ekki heldur ljóst í frv., hvort líka sé átt við lampa í þessari tímabundnu heimild. Enda þótt ég ætli ekki að fara að ræða einstakar gr. frv., þá vil ég geta þess í sambandi við 2. gr., að ég álít það mikinn ljóð á frv., að þar er tekið fram, að tækin skuli aðeins selja gegn staðgreiðslu. Ef virkilega er meiningin að greiða fyrir, að almenningur geti eignazt þessa hluti, þá álít ég, að það sé einmitt nauðsyn að tryggja það, að fólk, sem bágast á með að afla sér þeirra vegna fjárhagsörðugleika, eigi kost á að fá þá með afborgunum. — Mér þótti rétt að vekja athygli á þessum atriðum þegar við 1. umr., en vænti þess hinsvegar að fá tækifæri til að athuga þessi og önnur atriði frv. nánar.

***Emil Jónsson:** Án þess að ég ætli að blanda mér inn í meginmál frv., þá tel ég rétt að benda á eitt atriði, sem mér finnst skipta nokkru máli. Á síðasta þingi var samþ. heimild fyrir ríkisstj. til að leggja fram nokkurt fé til stofnunar verksmiðju til að framleiða tæki þau, sem hér er um að ræða. Ríkissjóður hefir þegar lagt fram þetta fé og sömuleiðis aðrir aðiljar, og verksmiðjan er á góðum vegi með að taka til starfa. Ef nú þetta frv. nær fram að ganga, þannig að tilbúin tæki verði flutt inn tollfrjáls, en efni áframhaldandi tollað, þá er um leið settur fóturinn fyrir þessa verksmiðju. Þess vegna er það lágmarkskrafan, sem verður að gera, að um leið og felldur er niður tollur á tilbúnum tækjum, verði einnig felldur niður tollur á efni til þessara tækja, þannig að verksmiðjan hafi a. m. k. ekki lakari aðstöðu heldur en aðrar iðngreinar í þessu landi. Ég veit, að hv. þm. munu skilja þetta, og ég vænti þess, að hv. n. taki einnig þessa hlið málsins til athugunar.

***Flm. (Pétur Halldórsson):** Ég hefi ekkert á móti því, sem fram hefir komið í ræðum þeirra hv. þm., sem töluðu, og allt miðaði í sömu átt og sjálfur tilgangur frv. Ég mun að sjálfsögðu taka vel í allar till., sem fram kunna að koma og miða að því að gera fólki auðveldara að afla sér þessara tækja.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til fjhn. með 19 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

39. Verzlunarráðuneyti, utanríkisverzlun og eftirlit með verðlagi.

Á 26. fundi í Nd., 24. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um verzlunarráðuneyti, utanríkisverzlun og eftirlit með verðlagi (þmfrv., A. 131).

Á 29. fundi í Nd., 2. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 33. fundi í Nd., 8. apríl, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 17 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

***Flm. (Emil Jónsson):** Þótt þetta frv. sé merkilegt í sjálfu sér, þarf ég þó ekki að tala mikið fyrir því, þar sem því fylgir ýtarleg grg. og 3 ritgerðir eftir sænska hagfræðinginn Lundberg, sem vann að því samkv. ósk skipulagsnefndar atvinnumála. Frv. er flutt hér á þingi eftir ósk atvmrh. Efni frv. er um það, hversu skipa skuli utanríkisverzluninni, um verzlunarmálaráðuneyti og um eftirlit með verðlagi. En skipulag utanríkisverzlunarinnar er þó veigamesti þátturinn í frv., eins og utanríkisverzlunin sjálf er það í fjárhagslegu sjálfstæði þjóðarinnar. Skuldasöfnun við útlönd er ávallt í sambandi við verzlunina, eins og skýrslur n. sýna. Það er því mjög þýðingarmikið, að eyða ekki meira en aflað er og geyma frá góðu árunum til hinna vondu. Því skal samkv. frv. gera gjaldeyrisáætlun fyrir verzlunina á sama hátt og fjárlög fyrir ríkið. Við samningu þessarar gjaldeyrisáætlunar er gert ráð fyrir, að hinn væntanlegi seðlabanki verði höfuðaðili og ráði mestu um hana, en verzlunarmálaráðuneytið hafi úrskurðarvald. Að vísu eru ávallt annmarkar á því, að setja verzluninni skorður. En n. vill draga sem mest úr þeim annmörkum. Mest ríður á, að úthlutun leyfa til vörukaupa sé heppileg og óhlutdræg og að leyfunum sé ekki úthlutað beint til kaupmanna og kaupfélaga, heldur til sambanda þessara aðilja.

Þá er gert ráð fyrir skipun innflutningsnefndar með nokkrum öðrum hætti en nú er, þannig að hún skuli skipuð fulltrúum innflytjenda og neytenda, en ráðh. skipi formann. Ætlazt er til, að menn þessir séu verzlunarfróðir, þótt eigi þurfi þeir að vera lærðir í skóla.

Ennfremur eru í frv. ákvæði um dreifingu hinna innfluttu vara. Er tilgangurinn sá, að sneiða hjá þeirri verðhækkun, sem skömmtun hefir ávallt í för með sér, með álagningarskatti, sem svo á að nota til að bæta mönnum upp misjafna aðstöðu og einnig á að renna til nýrra fyrirtækja og til verðuppbótar handa framleiðendum.

Til þess að annast framkvæmd þessara mála,

skal setja upp verzlunarmálaráðuneyti, sem m. a. hefir vald til að skipa verzlunarfulltrúa erlendis. Hér hefir að vísu legið fyrir þáltill. um utanríkismál. En ég teldi ekki ólíklegt, að utanríkismálanefnd myndi komast að svipaðri niðurstöðu við rannsókn þeirrar hliðar utanríkismálanna, sem að verzluninni snýr, og við höfum komizt hér í frv.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 34. fundi í Nd., 9. apríl, var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til allshn. með 22 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

40. Seðlabanki Íslands.

Á 26. fundi í Nd., 24. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um Seðlabanka Íslands (þmfrv., A. 132).

Á 29. fundi í Nd., 2. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 33. fundi í Nd., 8. apríl, var frv. aftur tekið til 1. umr.
Frv. af seint fram komið. — Deildin leyfði með 18 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 34. fundi í Nd., 9. apríl, var frv. enn tekið til 1. umr.

***Jónas Guðmundsson:** Ég er að vísu ekki flm. þessa frv., en þar sem hann hefir ekki getað verið hérna í dag, vil ég hlaupa í skarð hans.

Það er óþarfi að hafa nokkra framsögu í þessu máli, því að fyrir fáum dögum var rætt hér um frv. um Landsbankann, og undir þeim umr. gerði flm. grein fyrir innihaldi þess og þeim rökum, sem hníga að því, að stofna sérstakan seðlabanka. Vænti ég þess, að við þessa umr. verði ekki mikið um þetta mál rætt, heldur verði því vísað til n. og hún látin gera sínar athugasemdir, og síðan verði það tekið rækilega fyrir við 2. umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til fjhn. með 18 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

41. Lágmarksverð á sauðakjöti innanlands.

Á 26. fundi í Nd., 24. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um lágmarksverð á sauðakjöti í innanlandssölu (þmfrv., A. 138).

Á 29. og 30. fundi í Nd., 2. og 3. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 31. fundi í Nd., 5. apríl, var frv. enn tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 17 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

***Flm. (Sigurður Kristjánsson):** Herra forseti! Mál þetta hefi ég flutt á 2 undanförnum þingum og hefði þess vegna getað sparað mér svo að segja alveg framsöguræðu, ef það væri ekki nokkuð breytt nú. Ég mun samt sem áður fara um það nokkrum orðum. Það er kunnugra en frá þurfi að segja, að kjötsölulögin voru sett út úr þeim miklu vandræðum á kjötframleiðslunni, sem leiddu til þess, að hún svaraði alls ekki kostnaði. Áður en þessi l. voru sett, var innanlandsverðið á kjöti algerlega háð verðinu á erlendum markaði, og það, sem verst var, var, að fara varð eftir verðinu frá næsta ári á undan, og gátu þess vegna af því orðið talsverð mistök um að ákveða verð á kjötinu. Þessi nýju l. áttu að bæta úr þessum vandræðum, sumpart með verðskráningu, og sumpart með því að draga úr dreifingarkostnaðinum, þ. e. a. s. koma því til leiðar, að framleiðandinn fengi sem mest heim til sín af því verði, sem neytandinn þarf að gefa fyrir kjötið. Aukinni kjötsölu átti að ná með ýmiskonar fyrirgreiðslu fyrir sölunni. Ekki þarf að orðlengja það, að almennt munu bændur ekki telja verð það, sem þeir fá heim fyrir kjöt sitt, komið það hátt, að sauðfjárbúskapur beri sig undir venjulegum skilyrðum. En um það síðara er vitanlegt, að það hefir að miklu leyti mistekizt. Án þess að ég vilji fara að hefja gamlar deilur, vil ég minna á, að allmikill hluti af deilunum, sem um mál þetta stóðu á þingunum 1935—36, var um það, hvort kjötneyzlan í landinu hefði aukizt eða minnkað. Þá leyfði ég mér að halda því fram, að þessi fyrirgreiðsla, sem ætlazt var til, að ríkisvaldið stæði fyrir, væri langt frá því að auka kjötsöluna, heldur þvert á móti. Nú er þó mun margbreytilegri meðferð á kjötframleiðslunni en áður var. En markaður fæst mestur með því, að sem flestir menn, eins og t. d. bændur, vinni að sölunni af alúð og af því, að þeir hafa hagsmuni af því að koma vörunni í verð, og leiði menn til að nota hana og neyta í sem ríkustum mæli. Þetta hlýtur að auka kjötneyzluna, en hitt, að kippa burt þessum kröfum að miklu leyti, hlaut frá mínu sjónarmiði að draga úr kjötneyzlunni. Nú er að mínu áliti komið merkilegt vitni í þessu máli. Það er skýrsla í áliti því, sem skipulagsnefnd atvinnumála hefir gefið út. Þar hefir hún skráð á bls. 174 neyzlu kjöts innanlands frá aldamótum. Þessi skýrsla er mjög merkileg, ef ganga má út

frá því, að hún sé nærri réttu lagi, þó að það sé nokkrum erfiðleikum bundið að finna út, hve miklu kjöteigendur eyða í bú sín af kjöti, en gera má ráð fyrir, að það breytist ekki mikið frá ári til árs, svo að sú breyting, sem fram kemur af þessum skýrslum, mun sýna nokkuð rétta mynd af því, hvernig kjötneyzlan hefir minnkað frá ári til árs. Vitanlega er aðalbreytingin, sem skýrslan sýnir sú, að neyzla kjöts hefir aukizt, og virðist hún aðallega hafa aukizt, þegar frystihús komu upp í bæjum og þorpum kringum allt land, og menn þar með áttu kost á að fá frosið kjöt í þessum fleirbýlum, en áður urðu menn svo að segja eingöngu að nota kjöt, sem verkað var í salt eða reyk. Í skýrslunni er líka auðséð, að nokkrar sveiflur verða á þessu, og þær fara nokkuð eftir því, hvað kjötverð er hátt og hvernig ástæður almennings eru í sveitum og bæjum á hverjum tíma. Eins og ég sagði áðan, er ein aðalbreytingin, sem skýrslan sýnir, sú, hve kjötneyzlan hefir aukizt, en þó er eitt annað, sem er sérstaklega eftirtektarvert í þessari skýrslu, það er breytingin, sem verður á neyzlunni innanlands fyrstu árin, sem skipulag samkv. kjötlögunum kemst á. N. reiknast svo til, að árið 1933 hafi kjötneyzlan á mann verið 51 kg., en næsta ár á eftir hefir hún hrapað niður í 30 kg. á mann. Þetta er stórt stökk, en ekki er hægt að halda fram, að n. hafi staðið verr að vígi að reikna út neyzluna á þessu tímabili en nú síðar, því að nú eru til gleggri skýrslur um það kjöt, sem selt er innanlands, en árin þar á undan. Eftir því, sem ég hefi getað aflað mér upplýsinga um, hefir neyzlan alls ekki aukizt á árinu 1935; það mun vera nokkurn veginn sama kjötmagn, sem er selt á innanlandsmarkaðinum þá og 1934. Hvernig þessu hefir verið farið 1936, veit ég ekki, en það getur hv. form. kjötverðlagsnefndar sjálfsagt upplýst. En ekki er hægt að sjá, að neinar hagstæðar sveiflur hafi komið fram, þar sem neyzlan lækkar svo mjög annað árið, sem n. starfar, en þó hefði verið eðlilegt, að kjötneyzlan hefði aukizt, þar sem fólkinu hefir fjölgað, og verður því að ganga út frá því sem gefnu, að skipulaginu sé um að kenna.

Ég vil ekki segja, að þetta stökk niður á við hafi orsakazt af því, að kjötsölulögin voru sett; þar kemur margt til greina. Má vera, að fólk hafi ekki getað keypt eins mikið kjöt þessi síðari ár, en það kemur ekki til mála, að þetta stóra stökk stafi eingöngu af því. Ég tel nauðsynlegt, að gerðar séu athuganir á því, hvort ekki er hægt að bæta úr þessu, og eins því, að því hefir farið fjarri, að minnkað hafi bilið milli þess, sem neytendur greiða fyrir kjötið, og þess, sem framleiðendur fá heim til sín. Ég held, að það sé rangt að gera málið að svo miklu kappsmáli, að ekki verði leitað nýrra ráða, þegar sterkar líkur, ef ekki sannanir, eru til fyrir því, að lögin hafi ekki náð tilgangi sínum. Margt nýtilegt getur verið í lögunum, þótt ákvæði þeirra geri, að ekki hefir náðst fullkominn árangur. Ég sé ekki aðra betri leið til lagfæringar á lögunum en að gera þau öll miklu einfaldari í framkvæmd. Því er mitt frv. ekki brtt. á kjötsölulögunum, heldur nýtt frv., er komi í stað núgildandi laga. Aðalkjarni frv. er að hafa lítið annað en verðskráningu á kjöti, setja á það lágmarksverð en lofa öllum, sem hafa hagsmuni af því og áhuga fyrir að koma kjötinu út, að sjá um að afla því sem flestra og stærstra kaupenda innanlands, og skal ekki farið út í einstakar greinar málsins. Í frv. hefi ég látið haldast, að auk þess, sem verðskráning fari fram, sé landinu skipt í verðlagssvæði, og reistar séu skorður við því, að kapphlaup fari fram um beztu markaðina, og ennfremur læt ég halda sér ákvæði um hömlur á flutningi milli verðlagssvæða. Með verðjöfnun verður þeim bætt upp, sem skaða hafa af þessu.

Ég geri ráð fyrir, að frv. fari til landbn. að þessari umr. lokinni, og sé ég ekki ástæðu til að halda langa ræðu um það á þessu stigi málsins. Vænti ég, að hv. landbn. leggi sig í framkróka með að finna fulla lausn málsins, og mun ég ekki að neinu leyti móðgast af því, þótt n. breyti frv. mínu, en ég tel ekki viðunandi, að enginn geri ákveðna tilraun til að bæta úr því ástandi, sem nú er, en það er, að verð það, sem framleiðendur fá heim til sín, er enn ekki það hátt, að sauðfjárbúskapur geti borið sig, en verð það, sem neytendur greiða, er það hátt, að framleiðendur ættu að geta fengið meira af því. Annað er það, að framleiðslan ætti að aukast mikið við vaxandi fólksfjölda og við stóraukna fjölbreytni í meðferð kjötsins.

Ég óska svo, að frv. verði að þessari umr. lokinni vísað til landbn. og 2. umr.

Páll Zóphóníasson: Þótt málið komi í n., sem ég á sæti í, að þessari umr. lokinni, verð ég að segja nokkur orð. Ég vil fyrst og fremst láta í ljós gleði mína yfir því, hvernig hv. 6. þm. Reykv. smátt og smátt færist nær hinu rétta í þessu máli, eins og menn sjá af afstöðu hans til kjötsölulaganna fyrst og síðar af þeim brtt., sem hann hefir flutt á undanförnum þingum, og nú síðast á þessu frv. Þetta gleður mig mjög, og ég ætla, að ef við ættum eftir að vera saman á 2—3 þingum enn, myndum við vera orðnir sammála um kjötsölulögin. Það, sem ég einkum vildi tala um af því, sem hv. þm. minntist á nú, er sú skoðun, sm áður hefir og komið fram í útvarpsumr., að kjötneyzla hafi minnkað mikið í landinu við kjötsölulögin, og að hv. þm. virðist álíta, að kjötsölulögin nái yfir að sjá um söluna. Það er mesti misskilningur, að kjötverðlagsnefnd og ríkið sjái um söluna, heldur sér hver maður um sölu á sínu kjöti. Það, sem þessi misskilningur um hina minnkandi innanlandssölu er byggður á, er skýrsla á blaðsíðu 174 í áliti skipulagsnefndar atvinnumála, en sú skýrsla er fengin þannig, að kjötframleiðslan er áætluð þannig, að lamb sé eftir hverja framtalda á og að lömbin hafi sama þunga öll árin. Frá þeim kjötþunga, sem þannig er fundinn, er síðan dregið það, sem verzlunarskýrslur telja útflutt, og sagt, að mismunurinn sé innanlandsneyzlan. En þetta verður rangt af fleiri ástæðum, og þannig gerður árasamanburður alrangur. Fyrst er það, að misjafnt er um lambalífið, og ekki nærri allt af, sem lamb er undir á. Það er t. d. vitað öllum kunnugum, að svo var ekki 1933, þegar innanlandskjötneyzlan á að hafa verið svona mikil. Í

öðru lagi er fjarri því, að meðalsláturlambið sé jafnþungt frá ári til árs. Það vita allir, að 1933 varð fé það rýrast, sem það hefir orðið á landi hér um langt skeið, og síðan hefir meðallambaþunginn aftur verið að aukast. Hann er 1 kg. meiri í haust en haustið 1934. Kjötþunginn í heild fæst því ekki réttur með þessu móti. En svo er langt frá því, að kjöt frá hverri sláturtíð eða hverju ári, sé flutt út á því ári. Það eru alltaf birgðir við hver áramót, og þær oft ákaflega mismiklar. 1933, þegar skýrslurnar segja innanlandsneyzluna svona mikla, eru áramótabirgðirnar miklar, og þær eru svo aftur dregnar frá 1934 og látnar minnka innanlandssöluna það ár og gera hana litla. Annars eru til skýrslur um þetta efni, síðan kjötverðlagsnefnd tók til starfa, um sölukjötið innanlands. Um neyzlu fjáreigenda sjálfra eru ekki til skýrslur. Og 1933 lét Briem safna skýrslum um kjötsöluna í landinu sem nú liggja fyrir hjá kjötverðlagsnefnd. Af þeim sést, að kjöt, sem selt hefir verið innanlands 1933, var 2300 tonn, 1934 2600 tonn og 1935 2400 tonn. 1936 lítur út fyrir að verði svipað og 1935.

Það, sem aðallega virðist hafa áhrif á, hvernig kjötið selst í landinu, er einkum tvennt, fyrst og fremst vægt kjötverð, en þó einkum afkoma manna í landinu. Fyrsta árið flokkuðum við kjöt þannig, að við settum kjöt af geldfé í sama flokk og dilkakjöt, og álitum við, að menn mundu alveg eins vilja kaupa kjöt af geldfé og dilkum, og með sama verði, en svo fór, að geldfjárkjötið seldist ekki svona dýrt og lá eftir óselt um haustið. Að fenginni þessari reynslu lækkuðum við geldfjárkjöt, og þá seldist það upp. Árangurinn af því, að geldfjárkjöt var lækkað, er sá, að nú selst það allt. Þegar kjötverðlagsn. er að verðleggja kjötið að haustinu, verðum við að hafa í huga, að svona mikið má selja til Noregs, svona mikið til Englands og svona mikið má vænta, að seljist í öðrum löndum, og það, sem eftir verður, verður að seljast innanlands. Hvað er þá óhætt að fara hátt með verðið, svo að varan seljist? Eftir því er reynt að haga verðinu, en það tekst ekki betur en svo, að bændur eru alltaf að kvarta undan því, að þeir fái ekki nóg verð fyrir kjötið, svo að ekki virðist of hátt verðlagt. Og ekki hefir salan innanlands gengið það ört, að allt hafi verið selt í byrjun sláturtíðar. Það má því kannske finna að því, að verðinu hafi verið haldið full háu.

1935 er meðalverð til bænda fyrir það kjöt, sem selt er hér á landi, 87 aurar, en meðalútflutningsverð aðeins 76 aurar, svo að það ár er meðalverð til bænda 11 aurum hærra en útflutningsverð gat verið. Hvort það hefir verið nógu hátt til að svara kostnaði, skal ég ekki segja um, en ég fullyrði, að það hafi verið nægilega hátt fyrir kaupgetu landsmanna. T. d. var heimilað að selja úrvalsspaðkjöt 5 kr. hærra tunnuna, en enginn notaði sér þá heimild. Á hverju ári verður að stöðva sölu hjá nokkrum mönnum, vegna þess að þeir reyna að selja kjötið lægra en ákvæðisverðið er, og það er víst, að öll ásókn í að brjóta lögin er í það, að selja lægra, svo að þótt breytt yrði til, mundi ekki nást meira verð, en nú næst með lögunum, og salan mundi ekki aukast. Auk þess eru ákvæði hér í þessu frv., sem eru lítt eða ekki framkvæmanleg, en um það tölum við síðar hér í þessari hv. d.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 32. fundi í Nd., 7. apríl, var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til landbn. með 21 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

42. Félagsdómur.

Á 29. fundi í Nd., 2. apríl, var útbýtt:
Frv. til l. um félagsdóm (þmfrv., A. 139).

Á 31. fundi í Nd., 5. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 36. fundi í Nd., 12. apríl, var frv. aftur tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 25 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Forseti (JörB): Það stendur til, að útvarpsumr. fari fram um þetta mál í kvöld. Flokkarnir hafa orðið ásáttir um að fá afbrigði frá þingsköpum fyrir því að lengja ræðutímann, þannig að hver flokkur fái ræðutímann lengdan upp í eina klukkustund. Vil ég hér með leita þessara afbrigða.

ATKVGR.
Afbrigðin leyfð og samþ. með 25 shlj. atkv.

Umr. frestað um stund, en fram haldið síðar á fundinum.

Flm. (Gísli Guðmundsson): Herra forseti! Góðir hlustendur! Frv. það, sem hér liggur fyrir, er ásamt frv. til l. um sáttatilraunir í vinnudeilum flutt af hálfu Framsfl. Bæði þessi frv. eru samin í n. þeirri, sem skipuð var af atvmrh. 15. des. síðastl. eftir áskorun Framsfl. til að undirbúa löggjöf um vinnudeilur, og byggjast þau á rannsóknum hennar á erlendri vinnulöggjöf með hliðsjón af viðhorfi þessara mála hér á landi. Ég skal þó strax geta þess, sem raunar er fram tekið í grg. frv., að frv. hafa ekki verið formlega samþ. í hinni stjórnskipuðu n., og ber því ekki formlega séð að skoða þau till. n. í heild, heldur sem till. frá fulltrúum Framsfl. í n. Hinsvegar er mér óhætt að fullyrða, að ekki hafi komið fram í n. verulegur ágreiningur um nein þau atriði, sem í frv. felast. En fulltrúar Alþfl. í n. voru þeirrar skoðunar, að ekki bæri að afgreiða það efni, sem í frv. felst, út af fyrir sig eða á þessum tíma, heldur ætti n. að semja heild-

arlöggjöf um vinnudeilur og „félagarétt“ og ekki láta hana koma fram opinberlega að svo stöddu. Fulltrúar Framsfl. gátu aftur á móti ekki séð, að nein ástæða væri til að draga afgreiðslu þessa hluta málsins, og því eru þessi frv. fram komin. Að öðru leyti vil ég taka það fram í þessu sambandi, að samvinna í mþn. hefir verið góð.

Frv. það, sem hér liggur fyrir, um félagsdóm, fer fram á það, að settur verði á stofn 5 manna dómstóll, sem skeri úr svonefndum **réttarágreiningi** milli verkamanna og vinnuveitenda. Sé formaður dómsins skipaður af hæstarétti, tveir dómarar tilnefndir af Alþýðusambandi Íslands og Vinnuveitendafélagi Íslands og tveir (lausir aukadómarar) af deiluaðiljum í einstökum deilum. En frv. um sáttatilraunir í vinnudeilum, sem einnig er flutt að tilhlutun Framsfl., er um að gera sáttasemjarafyrirkomulagið áhrifameira og sterkara en það nú er. Hv. þm. hafa átt kost á að kynna sér þessi frv. í þingskjölum, og fyrir hlustendum hefir þeim áður verið lýst í útvarpi. Ég mun því ekki nota hinn takmarkaða tíma til að rekja einstök atriði frv., heldur til þess að rifja upp fyrir þeim, sem á hlýða, skýringar og staðreyndir, innlendar og erlendar, um málið almennt.

Eins og fram er tekið í grg. frv., hefir n. gert sér far um að afla sér sem ýtarlegastra gagna viðkomandi þessum málum. Þegar á fyrsta fundi n. ákvað hún að snúa sér til sendiherra Íslands í Kaupmannahöfn og óska þess, að hann útvegaði henni alla gildandi vinnulöggjöf Danmerkur, Noregs og Svíþjóðar — því að svo var *til ætlazt, að hún í starfi sínu hefði einkum* hliðsjón af Norðurlandalöggjöfinni — og ennfremur vinnulöggjöf Bretlands og Frakklands. Þá óskaði n. eftir, að útveguð yrði helztu opinber rit, sem út hafa verið gefin á Norðurlöndum í sambandi við undirbúning vinnulöggjafar. Jafnhliða ritaði n. landssamböndum verkamanna og vinnuveitenda á Norðurlöndum og bað þau um álit þeirra á gildandi vinnulöggjöf viðkomandi landa og spurðist fyrir um, hvort á döfinni væru að þeirra tilhlutun till. til breyt. á þeirri löggjöf. Loks ritaði n. alþjóðavinnumálaskrifstofunni í Geneve og mæltist til, að sér yrðu send rit viðkomandi þessum málum, er helzt mættu að gagni koma við undirbúning vinnulöggjafar hér á landi.

Þá ritaði n. Alþýðusambandi Íslands og Vinnuveitendafélagi Íslands og óskaði upplýsinga um starfsemi þessara samtaka og meðferð þeirra á vinnudeilum hér á landi. Hún hefir ennfremur átt tal við núverandi sáttasemjara *ríkisins í vinnudeilum og fengið hjá honum* ýmsar upplýsingar, sem þýðingu hafa, viðvíkjandi starfsemi hans.

N. hefir haldið 53 fundi. Henni hefir borizt öll gildandi vinnulög áður umræddra landa ásamt fjölda rita um þessi mál, þar á meðal frá alþjóðavinnumálaskrifstofunni í Geneve. Landssambönd verkamanna og vinnuveitenda á Norðurlöndum hafa öll nema eitt svarað fyrirspurnum nefndarinnar.

Þá hafa n. borizt lög Alþýðusambands Íslands ásamt allmörgum vinnusamningum, er Alþýðusambandið og félög innan þess hafa gert, lög Vinnuveitendafélags Íslands og fleiri gögn frá þessum aðiljum.

Sú eina vinnulöggjöf, sem nú er til hér á landi, eru lögin um sáttatilraunir í vinnudeilum frá 1925. *Framsfl. beitti sér fyrir þeim lögum, og* tveir framsóknarmenn fluttu frv. á Alþingi. Og það er einnig Framsfl., sem nú á síðustu árum hefir haft forgöngu í því, að skýra nauðsyn þessa *máls fyrir þjóðinni og benda á þær leiðir,* sem nytsamar og framkvæmanlegar hafa reynzt með öðrum þjóðum til eflingar vinnufriði. Vil ég þar sérstaklega minna á ræður þær, sem núv. hæstv. forsrh. hefir flutt um þessi mál og alþjóðareftirtekt hafa vakið. Þessi afstaða Framsfl. er alveg hliðstæð þeirri afstöðu, sem frjálslyndir milliflokkar annara landa hafa tekið til þessara mála, því að þeir hafa einmitt aðstöðu sinnar vegna yfirleitt gerzt brautryðjendur þess að tryggja vinnufriðinn. Og áhrif milliflokkanna á setningu vinnulöggjafar eru eina tryggingin fyrir því, að hún verði ekki hrein stéttarlöggjöf, sem henni annars hættir til að verða, ef annarhvor hinna stríðandi aðilja á að móta hana eftir sinni lífsskoðun.

Til þess að geta gert sér grein fyrir nauðsyn eða réttmæti þess málefnis, sem hér liggur fyrir, er nauðsynlegt, að svarað sé spurningunni: Hvað er vinnulöggjöf? Og til hvers er hún sett? Þessari spurningu vil ég leitast við að svara í *fáum dráttum. Og ég hygg,* að sérstök þörf sé á að svara henni vegna þess, að málið er tiltölulega nýtt hér á landi, og margir virðast gera sér um það talsvert óljósar og miður réttar hug*myndir. Og ég verð að segja það,* að sumar upplýsingar, sem gefnar hafa verið úr vissum áttum um þetta mál, eru ekki til þess fallnar að skýra það á neinn hátt. Ég hefi séð það gefið í skyn á prenti, að ef vinnulöggjöf kæmist á, myndu verkföll vera úr sögunni hér á landi um tíma og eilífð og atvinnurekendum forðað frá gervöllum kauphækkunarkröfum héðan frá. En hitt hefi ég líka heyrt gefið í skyn úr annari átt, að vinnulöggjöf, hvernig svo sem hún er úr garði gerð, væri eitthvert lævíslegt vélræði uppfundið af einstökum mönnum hér á landi til fjandskapar við verkamenn. Hvorttveggja er álíka mikil fjarstæða. Það er að vísu til í einstaka landi vinnulöggjöf, sem útilokar verkföll, en vitanlega ekki kaupkröfur, en það er ekki slík löggjöf, sem til mála kemur hér á landi, eða tíðkazt hefir á Norðurlöndum. Takmark venjulegrar vinnulöggjafar er að draga úr skaðlegum afleiðingum vinnudeilna, en ekki að útiloka þær. Og vinnu*löggjöf er heldur ekki uppfundin af einum eða öðrum óvini verklýðssamtakanna hér á landi,* heldur er hún orðin sjálfsagður liður í löggjöf allra menningarþjóða, og það engu síður í þeim ríkjum, þar sem verkamannafl. fara með stjórn.

Vinnulöggjöf, eins og hún tíðkast í lýðfrjálsum löndum, er löggjöf um það, að verkamenn og vinnuveitendur heyi deilur sínar, þar á meðal verkföll sín og verkbönn, eftir ákveðnum reglum með það fyrir augum, að þjóðfélagsheildin, og þar á meðal deiluaðiljarnir sjálfir, bíði sem minnst tjón af. Hún er ekki fyrirskipun um það, að leiknum skuli hætt, heldur, hvernig hann skuli háður.

Jafnvel í hinum grimmustu styrjöldum hefir það á stundum þótt eðlilegt, að slíkar leikreglur væri settar og haldnar. T. d. að taka ekki venjulega herfanga af lífi og að nota ekki allra ómannúðlegustu tegundir vopna. Hví skyldi það þá mega vera, að aðiljar í vinnudeilum í friðsömu lýðræðislandi þyldu það ekki, að þeim væru reglur settar?

Á síðara hluta 19. aldar og á 20. öld hefir vinnulöggjöf verið sett svo að segja í hverju landi, þar sem hvítir menn byggja. En aðferðirnar, sem notaðar eru til að lægja vinnudeilur, eru nokkuð mismunandi, og fer það allmjög eftir hugsunarhætti, stjórnarfari og staðháttum hlutaðeigandi ríkja. Ég vil leyfa mér að gefa yfirlit um aðalaðferðirnar, og þá fyrst og fremst á Norðurlöndum.

Í Noregi og Svíþjóð gilda lög um **vinnusamninga.** Í þeim lögum eru ákvæði um, hvernig samningar milli verkamanna og vinnuveitenda skuli gerðir, til þess að þeir hafi gildi, hverskonar ábyrgð félög eða meðlimir beri á slíkum samningum, ákvæði viðvíkjandi samningstíma og uppsagnarfresti og hversu með skuli fara, ef ágreiningur kemur upp um skilning á samningi o. s. frv. Í Danmörku eru ekki til slík lög, en þar er í gildi svonefnd „septembersætt", sem er samningur, sem verkamenn og vinnuveitendur gerðu með sér árið 1899, og ekki hefir verið hróflað við. Er þessi samningur einskonar „stjórnarskrá" í vinnudeilum þar í landi, og þingið hefir byggt á henni vinnulöggjöf síðari ára. Í Svíþjóð eru lög um félaga- og samningsrétt 1936.

Löggjöf eins og þessi byggist á þeirri skoðun, sem ríkjandi er orðin á Norðurlöndum og víðar, að það sé ávinningur fyrir vinnufriðinn, að verkakaup og önnur vinnukjör í stórrekstri landsins sé að sem allra mestu leyti ákveðið með skriflegum samningum milli vinnuveitenda og verkamannafélaga. Hin gamla tregða vinnuveitenda við að viðurkenna verkamannafélögin sem samningsaðila er því að mestu eða alveg horfin í þessum löndum.

Í beinu sambandi við þessa þróun og áður nefnd lög um vinnusamninga eru svo lögin um **vinnudómana** á Norðurlöndum.

Bæði í Danmörku, Noregi og Svíþjóð eru vinnudómar, og eru þeir með mjög svipuðum hætti í þessum þrem löndum. Þessir vinnudómar eru settir á stofn til þess að skera úr ágreiningi, sem rísa kann út af skilningi á vinnusamningi eða út af því, að samningur hefir verið brotinn — eða hvort farið hefir verið í bága við lög. Sænsku og norsku vinnusamningalögin banna verkamönnum og vinnuveitendum að gera vinnustöðvun til að útkljá þann ágreining, sem undir dómstólana heyrir, og sama gerir danska septembersættin.

Þetta eru verkefni vinnudómanna á Norðurlöndum og annarsstaðar, þar sem samskonar löggjöf gildir. Og þetta á að vera verkefni félagsdómstólsins, sem frv. það, er hér liggur fyrir, gerir ráð fyrir, að stofnaður verði hér á landi. Þessir dómstólar hafa á Norðurlöndum, einkum í Danmörku, þar sem dómstóllinn hefir verið í lögum síðan 1910, haft fjölda mála til meðferðar. Og þeir hafa komið í veg fyrir mjög margvíslegar vinnustöðvanir, sem vafalaust hefði verið stofnað til af aðiljum til að útkljá þessa tegund ágreiningsins. — Ég tel rétt að geta þess, að í Noregi er til sérstakur dómstóll, sem dæmir í svonefndum boikottmálum, ennfremur starfsmannadómur og dómstóll, sem sker úr vinnudeilan við Áfengisverzlun ríkisins, og hefir hann meira vald en hinn almenni vinnudómstóll.

En svo er til í öðrum löndum önnur tegund vinnudóma með verkefni gerólík því, sem norrænu vinnudómarnir hafa. Að því mun ég víkja síðar.

Fyrirmyndina að hinum lögákveðnu vinnudómstólum af þessu tagi er að finna hjá aðiljum sjálfum. Það hefir þrásinnis verið sett inn í vinnusamninga á ýmsum tímum, að ágreiningur um skilning á samningum skuli leggjast undir gerðardóm. Hér á landi eru nokkur slík ákvæði. Má þar t. d. nefna samninginn, sem gerður var eftir Sogsdeiluna 1935. Þar komu aðiljar sér saman um slíkan gerðardóm, 5 manna, og skyldi lögmaðurinn í Reykjavík tilnefna 3 dómara, en aðiljar einn dómara hvor.

Annað mikilsvert atriði í vinnulöggjöf flestra landa eru hinar opinberu sáttatilraunir í vinnudeilum. Í því sambandi vil ég benda á það, að öllum vinnudeilum má skipta í tvo flokka. Annarsvegar er hinn svokallaði réttarágreiningur, en það er sá ágreiningur, sem norrænu vinnudómarnir skera úr og ég hefi áður lýst. Hinsvegar er það, sem kallað hefir verið hagsmunaágreiningur, þ. e. bein deila um kaup og kjör, þar sem samningur er ekki fyrir hendi eða úr gildi genginn.

Af slíkum deilum skipta norrænu vinnudómarnir sér ekki. Þar koma sáttatilraunir til sögunnar — eða þá sú tegund vinnudóma, sem ég kem síðar að. Sáttatilraunir eru í því fólgnar, að ríkisvaldið reynir að miðla málum milli aðilja, þó þannig, að þeir fallist á niðurstöðuna án þess þó að vera skyldugir til þess. Ríkisvaldið skipar þá að jafnaði sáttasemjara í vinnudeilum, stundum sáttanefndir. Hlutverk sáttasemjara er að fylgjast með deilunum og sjá um, að aðiljarnir fáist til að „tala saman" og reyna alla samkomulagsmöguleika sín á milli. Náist ekki samkomulag um tilboð eða gagntilboð frá aðiljum, ber sáttasemjari að jafnaði sjálfur fram, till. til samkomulags, og er það lokatilraun til þess að jafna vinnudeiluna með þessari aðferð. Sáttasemjurum er oft veitt vald til að framkvæma meira og minna ýtarlega rannsókn málavaxta, t. d. rekstrarafkomu fyrirtækja.

Í Svíþjóð hafa verið til lög um sáttatilraunir síðan árið 1906, í Noregi síðan 1915 og í Danmörku síðan 1921. Í Svíþjóð ber sáttasemjarinn ekki sjálfur fram úrslitatillögu. Í dönskum lögum eru ákvæði frá árinu 1934 um það, að til þess að fella miðlunartillögu sáttasemjara þurfi tiltekinn hluti félagsmanna að greiða atkvæði og tiltekinn hluti greiddra atkvæða að vera á móti tillögunni. Sé þátttakan undir 25%, er sáttatillagan samþykkt. — Reglurnar um þetta voru í þinginu bornar fram af Steincke félagsmálaráðherra, sem er einn af þekktustu leiðtogum danskra jafnaðarmanna. En tilgangurinn er sá,

að minni hluti félags geti ekki kastað félaginu út í vinnustöðvun, sem meiri hlutinn er á móti eða kærir sig ekki um. Þetta ákvæði hefir verið tekið upp í frv. Framsóknarfl. um sáttatilraunir í vinnudeilum.

Bæði í Noregi og Svíþjóð er það fyrirkomulag að skipta landinu í nokkur sáttaumdæmi með sáttasemjara í hverju umdæmi, og er það einnig upptekið í þessu frv.

Næst vil ég nefna aðferð, sem víða er notuð til eflingar vinnufriðnum, en það er *bráðabirgðafrestun vinnustöðvunar*. Aðferðin er í því fólgin, að bannað er að gera verkfall eða verkbann tiltekinn tíma, svo að ráðrúm fáist til að leita um sættir, áður en deilan hefir náð hámarki sínu. Á Norðurlöndum eru ákvæði þessu viðvíkjandi í sáttasemjaralögunum, og eru þau í aðalatriðum þessi:

Í Noregi hefir sáttasemjari vald til að banna vinnustöðvun, unz sáttatilraun er lokið, en aðiljar eiga rétt á, að banninu sé aflétt 14 dögum eftir að það var gefið út.

Í Danmörku getur sáttasemjari samkv. lögum 1934 gert það að skilyrði fyrir sáttaumleitunum, að ekki sé hafin vinnustöðvun næstu 7 daga. Auk þess er í septembersættinni samningsákvæði, sem fyrirskipa tilkynning vinnustöðvunar með 14 daga fyrirvara. Í Svíþjóð var árið 1935 samþykkt, að tilkynna skuli vinnustöðvun með viku fyrirvara, að viðlagðri 300 kr. sekt.

Um þetta atriði, sem er mjög þýðingarmikið, *en jafnframt bæði vandasamt og viðkvæmt, tel* ég, að setja þurfi sérstök lög hér á landi, en ég álít það ekki nægilega undirbúið eða tímabært á þessu þingi.

Ég hefi hér stuttlega lýst þeim aðalaðferðum, sem nú gilda í vinnulöggjöf Norðurlanda og annarsstaðar, þar sem hliðstætt fyrirkomulag er. Þó vil ég nefna það, að í Noregi eru ýms lagaákvæði til að hindra refsiaðgerðir (boikott), líkt og mjólkurverkfallið var hér. Og í Svíþjóð hefir í mörg ár, en árangurslaust, verið reynt að fá samkomulag um lög, sem verndi rétt „þriðja manns“ til að standa utan við vinnudeilu. Það hefir ennþá ekki tekizt. En ég vil, áður en ég kem að hinum strangari aðferðum í vinnulöggjöf, minnast á eitt íhugunarvert atriði: Í enskumælandi löndum er mikið upp úr því lagt, að láta almenningsálitið í landinu hafa áhrif á deiluaðilja til friðsamlegrar lausnar. Í þessu skyni er sérstakri rannsóknarnefnd falið að *kynna sér deilumálið til hlítar frá upphafi* og birta síðan niðurstöður sínar opinberlega. Á þennan hátt er ætlazt til, að almenningur fái aðstöðu til að mynda sér skoðun um, hvor aðili hafi meira til síns máls, eða hvort annaðhvor þeirra eða báðir hafi sýnt óbilgirni. Síðan er gengið út frá, að almenningsálitið muni hafa áhrif á þann, sem veikari hefir málstaðinn, og gera hann fúsari til sátta.

Ákvæði í þessa átt höfum við tekið upp í frv. um sáttatilraunir í vinnudeilum.

Ég kem þá að því fyrirkomulagi í vinnudeilum, sem áreiðanlega hefir vakað fyrir sumum mönnum hér á landi og sumstaðar tíðkast eða hefir verið reynt, en það er að ákveða kaup og kjör verkamanna með lögum eða bindandi dómi. Þessi aðferð er algerlega óskyld sáttatilraunum í vinnudeilum eða hinum norrænu vinnudómstólum, sem eingöngu fjalla um réttarágreining, eins og félagsdómur á að gera. — Þetta fyrirkomulag, að ákveða kaup með dómi, var tekið upp í Ástralíu um síðustu aldamót, en hefir nú verið afnumið þar. Það var reynt í Noregi um tíma, en lagt niður aftur, af því að það reyndist óframkvæmanlegt og fékk almenningsálitið á móti sér. Nú er það notað í Ítalíu, Þýzkalandi og Rússlandi.

Það er einmitt þetta fyrirkomulag, sem íslenzkir verkamenn óttast, þegar um það er að ræða að setja vinnulöggjöf hér á landi. Það er þetta, sem verkamenn í ýmsum löndum hafa kallað „þrælalög“. En þetta fyrirkomulag hefir yfirleitt ekki orðið ofan á í lýðræðislöndunum. Og ég hygg, að þeir séu ekki mjög margir, sem slíkt fyrirkomulag vilja hér á landi.

Ég sagði, að þetta fyrirkomulag, að ákveða kaup með dómi, væri yfirleitt ekki notað nú í lýðræðislöndunum. Þó tel ég rétt að nefna tvær undantekningar, sem mér er kunnugt um frá síðustu árum. Þær eru, þótt e. t. v. megi einkennilegt virðast í sumra augum, báðar frá löndum, þar sem verkamannaflokkar hafa valdaaðstöðu.

Ríkisþing Dana hefir þrívegis á undangengnum árum, 1933, 1934 og 1936, samþykkt lög, þar sem alvarlegum yfirstandandi vinnudeilum var með lagaboði ráðið til lykta á þann hátt, að bannað var að hefja eða halda áfram vinnustöðvunum og kaupið, sem um var deilt, ákveðið með gerðardómi. Og fjórðu lögin sama efnis er danska þingið einmitt að samþykkja þessa dagana.

Stjórn Leon Blums í Frakklandi, sem studd er af frjálslyndum mönnum, jafnaðarmönnum og kommúnistum, hefir á árinu 1936 gripið til hliðstæðra aðgerða til að binda enda á hinar umfangsmiklu vinnustöðvanir á því ári. Samkvæmt lögum frá franska þinginu 31. des. 1936 og stjórnarskipun undirritaðri af forseta lýðveldisins 16. jan. 1937, skal hætta öllum vinnustöðvunum þegar í stað og leggja deilumálin fyrir sáttanefnd. Beri sættir ekki árangur, ákveðst kaupið af gerðardómi.

Ég fer nú að ljúka máli mínu. Ef umræðurnar verða til þess að skýra þetta vandasama og viðkvæma mál fyrir þjóðinni og eyða tálvonum eða fordómum, sem við það eru tengdar hjá ýmsum, *tel ég þær ávinning. En ef* það er tilgangurinn að nota þessar umræður frammi fyrir alþjóð til þess að blása að kolunum milli hinna stríðandi aðilja, þá gera þær samkomulag um málið erfiðara eftir á og eru til tjóns fyrir lausn þess. Þess vegna vil ég eindregið beina því til þeirra, sem kunna að telja sig sérstaklega forsvarsmenn verkamanna og vinnuveitenda í þessum virðulega sal, að flytja ekki viðureign sína í þessum umræðum út á þann vettvang, sem málinu mætti til óþurftar verða. Þetta mál er til þess flutt, að stuðla að friði, og það hentar því að öllu athuguðu bezt, að umræður um það fari fram með sem minnstum ófriði.

Eins og tekið er fram í grg. frv., eru þau í öllum meginatriðum sniðin eftir lögum frændþjóða

vorra. Öll atriðin í þessum frumvörpum eru ákvæði, sem búin eru að vera í gildi undir stjórnum ýmsra flokka, þar á meðal núverandi verkamannastjórnum Norðurlanda. Hófleg og skynsamleg vinnulöggjöf hefir yfirleitt með reynslunni hvarvetna unnið sér fylgi og traust jafnvel þeirra, sem henni voru andstæðir í fyrstu. Árið 1910 máttu danskir vinnuveitendur t. d. ekki heyra nefndar sáttatilraunir í vinnudeilum. Nú dettur þeim ekki í hug að fara fram á afnám þeirra. Árið 1928 hófu sænskir verkamenn allsherjar mótmæli gegn sænsku lögunum um vinnusamninga og vinnudóm. En nú í vetur lýsir ritari sænska verkamannasambandsins, Sigfried Hansson, yfir því í bréfi til vinnulaganefndarinnar, að eftir nánari kynningu af þessum tvennum lögum og framkvæmd þeirra óski sænskir verkamenn ekki eftir afnámi þeirra. Þeim fjölgar óðum, sem taka undir þessi orð Staunings forsætisráðherra Dana á aðalfundi danska verkamannasambandsins 8. maí 1934: „Við höfum ekki ráð á að láta allt fara í hundana til þess eins að vernda slagsmálaréttinn." („Vi har ikke Raad til at lade alt falde for at bevare Friheden til Slagsmaal.")

Til þeirra manna úr verkamanna- og sjómannastétt, sem hlýða á þessar umræður, vil ég að lokum beina máli mínu. Ég veit, að að því hefir verið unnið sérstaklega, að gera þessi frv. tortryggileg í augum þessara stétta, og að það hefir verið vanrækt að halda uppi nauðsynlegri fræðslu í stéttarfélögunum um þróun þessara mála, t. d. þar sem verkamannaflokkar hafa valdaaðstöðu. Ég spyr vinnandi menn í þessum stéttum: Trúið þið því, þótt ykkur kunni að vera sagt það af einhverjum, að Framsfl. sé líklegur til að bera fram frumvörp til að níðast á verkamönnum og sjómönnum? Vegna Framsfl. og fyrir hans atbeina eru togaravökulögin og lögin um verkamannabústaði orðin til. Það er Framsfl., sem tvívegis hefir hindrað það, að stofnað væri til stéttarlögreglu á hendur verkamönnum. En Framsfl. er lýðræðisflokkur og hann heimtar það, að verkamenn og vinnuveitendur hagi deilum sínum í samræmi við lýðræðið og eftir þeim reglum, sem sjálfsagðar eru taldar í löndum, þar sem hinar vinnandi stéttir í sveit og borg fara með hin æðstu völd.

***Thor Thors:** Enda þótt mál það, sem nú er á dagskrá og beint liggur fyrir til umræðu, sé frv. til laga um félagsdóm, en það eru svipaðar till. um vinnudómstól frá hendi hv. framsóknarmanna og við sjálfstæðismenn höfum áður borið fram hér á þingi, þá verð ég að nota þetta tækifæri til að ræða almennt um vinnulöggjöf. Ég mun því í þessari ræðu leitast við að skýra í heild tilgang og nauðsyn vinnulöggjafar og jafnframt geta um afstöðu og aðgerðir sjálfstæðismanna í þessum efnum hér á háttv. Alþ.

Það er Sjálfstfl., sm hefir æskt þessara umræðna. Flokknum er ætíð ljúft að mega ræða vandamálin við þjóðina og í áheyrn hennar, en við teljum sérstaklega æskilegt og nauðsynlegt að ræða einmitt um vinnulöggjöfina á slíkum vettvangi, að mál vort megi víða heyrast. Þetta málefni hefir nefnilega verið svo geipilega aflflutt og rangfært af hendi kommúnista og bandamanna þeirra í Alþfl., að full þörf er gagngerðrar leiðréttingar.

Sá voði, sem vinnulöggjöfinni er beint gegn, eru vinnudeilur og vinnustöðvanir. Vinnudeilurnar eru gamalt og alþjóðlegt vandræðamál, þjóðfélagsböl, sem stöðugt gerir vart við sig og færist sem faraldur frá einum stað til annars. Þær eru hagsmunaágreiningurinn í þjóðfélögunum, togstreitan um skiptingu arðs atvinnulífsins milli hinna ýmsu aðilja þess. Þessi ágreiningur lifir sem eldglóð í hverju þjóðfélagi og þjóðskipulagi. Hann kemur misjafnlega skært í ljós eftir því, hvort blásið er að eldglóðinni eða reynt að lægja hana. Ýmsir halda því fram, að þessi deilu- og ófriðarefni séu aðeins fylgihnettir núverandi þjóðskipulags. Það má þó ljóst vera, að ekkert skipulag getur komizt hjá greinilegri verkaskiptingu milli borgaranna og þar af leiðandi óánægju- og ágreiningsefni um starfssvið og afrakstur. Breytt skipulag færir þessar deilur aðeins í breytt form. Sameign og samvinna mannanna valda hagsmunastreitu milli þeirra eigi síður en séreign þeirra. Hin ytri form breyta ekki eðli mannanna. Friður á jörðu innan þjóðfélaganna og milli þeirra er fögur og háleit hugsjón, sem stöðugt bíður lægri hlut í viðureigninni við kaldan veruleikann. — Vinnudeilurnar verða illu heilli ekki umflúnar. Vandamálið er því það, hvernig er unnt að lægja þær og afstýra því í lengstu lög, að þær leiði til vinnustöðvunar. Menn ætti ekki að þurfa að greina á um það, að vinnustöðvanir séu böl, sem rétt sé að leitast við að bægja frá dyrum hvers þjóðfélags. Oftast eru þær til tjóns báðum þeim aðiljum, er þær heyja og ætíð á kostnað þjóðfélagsins í heild.

Það er fyrst upp úr aldamótunum, að atvinnubylting verður í þjóðlífi okkar Íslendinga, er landsmenn taka í þjónustu sína þau tæki til framleiðslu sjávarafurða, sem stórvirkust og aflasælust eru. Við það skapast stóriðja til sjávar. Fólkið tekur að streyma úr sveitunum til sjávarins, og straumur þessi fer stöðugt vaxandi. Afleiðingin verður sú, að kaupstaðir landsins og sjávarþorp stækka óðfluga og verkaskipting manna og stéttaskipting verður greinileg. Aðiljar framleiðslunnar verða tveir, annarsvegar atvinnurekendurnir, er ráða yfir framleiðslutækjunum, hinsvegar verkamennirnir, er lifa á vinnu sinni. Deilurnar um vinnukjör tóku hér sem annarsstaðar að gera vart við sig, er þessi atvinnuþróun var orðin. Fyrsta stóra vinnudeilan og vinnustöðvunin varð þó eigi fyrr en árið 1916, er háseta á togurunum gerðu verkfall. Síðan hafa vinnustöðvanir verið mjög tíðar ýmist af hendi verkamanna eða vinnuveitenda. Á árunum 1916—1929 eru t. d. 5 vinnustöðvanir við togarana. Tvær þeirra eru að kenna verkföllum af hendi sjómanna, en þrjár má kenna verkasviptingu eða verkbanni af hendi útgerðarmanna. Sumar þessar deilur voru mjög langvinnar, stóðu jafnvel mánuðum saman, og talið er, að verkfallið í ársbyrjun 1929 hafi svipt sjómenn og verkamenn á 3. millj. kr. í kaupgjald. Á síðustu árum hafa vinnustöðvanir mjög færzt í vöxt. Árið 1935 voru ekki færri en 10 vinnustöðvanir við-

vegar á landinu. Árið 1936 var skellt á 6 vinnustöðvunum. Í mörgum tilfellum var þetta næsta ástæðulítið og mundi aldrei hafa komið til, ef skynsamleg vinnulöggjöf hefði verið í gildi hér. Nú sem stendur eru viðtækar vinnustöðvanir ýmist framkvæmdar eða haft í hótunum um framkvæmd þeirra. — Þetta sýnir, að okkar þjóðfélagi er fyllsta nauðsyn þess, að eignast réttláta og sanngjarna vinnulöggjöf, svo sem allar aðrar siðaðar þjóðir, og engin skynsamleg rök geta mælt gegn því. Aðeins ofríki og hóflaus valdagirni örfárra manna yfir heill og hagsmunum fjöldans geta staðið í vegi fyrir slíkum þjóðhollum ráðstöfunum.

Íslenzk löggjöf er enn þann dag í dag bæði fábætt og fátækleg á sviði vinnulöggjafar. Þar eru nú í gildi aðeins tvenn lög. Önnur þeirra eru lög nr. 33 frá 1915 um bann gegn verkföllum opinberra starfsmanna. Þar er svo ákveðið, að hver sá, er tekur þátt í verkfalli, þar sem starfið er unnið samkvæmt embættisskyldu eða sýslanar í þarfir landsins, Landsbanka, spítala, sveitar, sýslu eða kaupstaðar skuli sæta sektum frá 500 til 5000 kr. eða fangelsi eða embættis- eða sýslanamissi. Þetta eru því rétt nefnd þrælaog tugthúslög, og það má merkilegt heita, að hæstv. atvmrh. sósialista, sem verið hefir við völd í nærfellt 3 ár, en nú er að hallast út úr ráðherrastólnum, skuli ekki hafa hreyft legg né lið til að fá þessi ófrelsislög afnumin. Og enginn kommúnisti hefir öskrað gegn þessum lögum. Hvað er um hinn dýrmæta verkfallsrétt þessara manna?

Hin lögin um vinnumálefni eru lög nr. 55 frá 1925, um sáttatilraunir í vinnudeilum. Þar hóf ríkisvaldið í fyrsta sinn bein afskipti af vinnudeilum með því að láta sérstakan sáttasemjara leitast við að leiða aðilja til samkomulags og reyna að afstýra vinnudeilum á þann hátt. Þá má fullyrða, að þessi lög hafa haft mjög heillavænleg áhrif. En þau ná of skammt. Þau voru á sínum tíma sniðin eftir þáverandi löggjöf á Norðurlöndum um þetta efni. Síðan hafa Norðurlandaþjóðirnar allar breytt þessari löggjöf og aukið hana. Við erum því einnig á þessu sviði vinnulöggjafar orðnir á eftir tímanum. Nauðsyn okkar þjóðfélags heimtar nú breytingar og umbætur.

Þegar við hverfum að því ráði, að skipa þessum viðkvæmu málum með lögum, er rétt, að við lítum til annara þjóða og hagnýtum okkur það af reynslu þeirra, sem heillavænlegast hefir gefizt. Eins og áður er getið, hafa allar menningarþjóðir skipað þessum málum með lögum. Það hefir nú þegar verið skýrt í þessum umræðum, hverjar eru aðgerðir þjóðanna í þessum efnum. Ég skal því ekki fjölyrða um það. Ég geri ráð fyrir, að enginn hugsandi maður vilji taka upp þá stefnu einræðisríkjanna, Ítalíu, Þýzkalands og Rússlands, að ríkisvaldið ákveði vinnukjör og kaupgjaldið að öllu að mestu leyti. Að sjálfsögðu hljóta kommúnistar að fagna innilega og í hjartans einfeldni þeirri stefnu einræðis- og ofsóknarherrans í Moskva, að gera alla verkamenn að ósjálfráðum og ánauðugum þrælum ríkisins. En út fyrir hóp kommúnista og nánustu bandamanna þeirra munu allir hafa andstygð á slíkri kúgun. Ég geri ekki heldur ráð fyrir, að sanngjarnir menn vilji fara þá leið, sem stjórn Leon Blums í Frakklandi, sem er samfylking sósialista og kommúnista, fór um síðastliðin áramót, að lögleiða gerðardóm í vinnudeilum, er skammtar verkamönnum launin. Ég geri ekki heldur ráð fyrir, að menn telji almennt fært að hníga að því ráði, sem hinir rólegu og varfærnu nágrannar vorir, Bretar, hafa þó farið, að lýsa ólöglegar allar allsherjarvinnustöðvanir og allar þær vinnustöðvanir, sem telja má, að beint sé gegn ríkisstjórninni og þjóðfélaginu. Ég geri ekki heldur ráð fyrir, að menn vilji almennt taka upp þá leið, sem sósialistar í Danmörku eru mjög farnir að tíðka í einstökum tilfellum, nú síðast fyrir nokkrum dögum, að ákveða verkalaunin með sérstökum lögum. Ég býst við, að flestum geti komið saman um, að rétt sé að fylgja hinni almennu sanngjörnu vinnulöggjöf, sem Norðurlandaþjóðirnar hafa lögfest og allir ábyrgir stjórnmálaflokkar þar hafa verið að mestu sammála ýmist um að lögfesta eða að halda í gildi. Allar þær þjóðir á Norðurlöndum, sem okkur eru skyldastar, Danir, Norðmenn og Svíar, skipa öllum atriðum þessara mála með lögum. — Á þessari löggjöf byggðum við sjálfstæðismenn frv. það um vinnudeilur, sem við lögðum fyrst fyrir háttv. Alþingi 1936 og aftur nú í ár, og flutt er af hv. 8. landsk. og mér. Í það frv. tókum við aðeins slík ákvæði, sem reynzt hafa heillavænleg og friðvænleg með þessum frændþjóðum vorum.

Ég verð nú að neyta færis til að skýra það frv., því að það markar að aðalefni afstöðu sjálfstæðismanna til þessara mála, er vér nú ræðum um.

Efni frv. okkar sjálfstæðismanna er í aðalatriðum þetta:

Í fyrsta lagi eru ákvæði um samninga milli verkamanna og vinnuveitenda, og er þess krafizt, að samningar séu jafnan skriflegir og ákveðinn samningstími og uppsagnarfrestur í hverjum samningi. Ennfremur er svo ákveðið, að bannað er að skella á vinnustöðvun út af ágreiningi um gildi samninga og efni þeirra eða út af réttarágreiningi aðilja, sem aðeins táknar það, hvort annarhvor þeirra sé að svíkja gerðan samning, heldur skal slíkum ágreiningi vísað til sérstaks óhlutdrægs dómstóls, þar sem báðir aðiljar eiga sína talsmenn og ég síðar mun greina frá. Loks eru sett ákveðin skilyrði fyrir því, að unnt sé að koma fram vinnustöðvun, hvort sem um er að ræða verksviptingu af hendi vinnuveitenda eða verkfall af hendi verkamanna. Það þarf til þess samþykkt með ¾ atkvæða, greiddum á löglegum fundi. Þó vinnustöðvun sé samþ., má hún eiga hefjast fyrr en að 7 dögum liðnum. — Þetta bil er sett, svo að unnt sé að leita sátta innan þessa frests. Allt eru þetta nákvæmlega sömu skilyrðin og nú gilda í Danmörku og hafa gilt þar frá 5. sept. 1899, að báðir aðiljar, verkamenn og vinnuveitendur, gerðu hina svokölluðu septembersætt, eftir langvarandi deilur. Þessi sætt er einskonar stjórnarskrá í öllum vinnumálefnum Dana og hefir haft mjög giftusamleg áhrif þar í landi.

Þá eru í frv. okkar ákvæði um sáttatilraunir

í vinnudeilum. Eru þau mjög aukin, frá því sem nú er í íslenzkum lögum. Samkv. því skal atvmrh. skipa einn ríkissáttasemjara og þrjá héraðssáttasemjara, sem skulu búsettir á Ísafirði, Akureyri og Seyðisfirði. Eins og í l. frá 1925 er sáttasemjurum ætlað að fylgjast með í því, sem gerist á sviði atvinnulífsins, einkum ef líklegt má telja, að vinnustöðvun sé yfirvofandi, og skulu þeir standa í nánu sambandi hverjir við aðra. Ef sáttasemjari fær vitneskju um, að vinnustöðvun sé í aðsigi, getur hann krafizt skýrslna af aðiljum um málið. Aðiljum er skylt að tilkynna sáttasemjara, ef þeir hyggjast að skella á vinnustöðvun. Vinnustöðvun má ekki hefja, fyrr en liðnir eru 4 sólarhringar frá því, að sáttasemjari fékk slíka tilkynning. Ríkissáttasemjari skal banna vinnustöðvun, meðan á sáttatilraunum stendur; þó getur hann aldrei tafið vinnustöðvun lengur en 10—14 daga. — Eru þetta samskonar ákvæði og lengi hafa gilt í Noregi. Eru þessir frestir settir til þess að freista þess í lengstu lög, að afstýra þeim vandræðum, sem af vinnustöðvun leiða. Loks eru ákvæði um, að tiltekið atkvæðamagn þurfi til að samþykkja miðlunartillögu, sem sáttasemjari hefir borið fram, og er það sama atkvæðamagn og Norðmenn heimta í lögum sínum. Engin slík regla er í núgildandi lögum okkar. Af öllu þessu er auðsætt, að í frv. okkar sjálfstæðismanna eru ákvæðin um sáttatilraunir mjög aukin og skylda og vald sáttasemjara verulega skerpt.

Þá eru í frv. okkar ákvæði um að koma upp sviþuðum vinnudómstól og hinar Norðurlandaþjóðirnar hafa. Vinnudómstóllinn skal skipaður 5 mönnum. Hæstiréttur tilnefnir 3 menn, sem allir séu lögfræðingar og ekki mega hafa þá aðstöðu, að þeir geti talizt vilhallir í málefnum vinnuveitenda eða verkamanna. Auk þess eigi sæti í dóminum 2 menn, sem tilnefndir séu af aðiljum sjálfum. Þessi dómstóll skal hafa það hlutverk að dæma um allan ágreining út af þeim samningum, sem gilda milli verkamanna og vinnuveitenda. Auk þess eru tiltekin mál, sem annarhvor þessara aðilja getur kært til dómstólsins.

Þá eru í frv. nákvæm fyrirmæli um málsmeðferð fyrir vinnudómstólnum, og skal allt kapp lagt á að hraða henni sem mest og málin sem rækilegast undirbúin, þegar þau leggjast fyrir dómstólinn. Dómar vinnudómstólsins skulu endanlegir, og verður þeim því eigi áfrýjað. Það skal skýrt og ákveðið tekið fram, að vinnudómstólnum er aðeins ætlað að skera úr um samningsrof annars hvors aðilja, en hinsvegar er honum ekkert vald fengið til að ákveða með dómi launakjör verkamanna. Vinnudómstóllinn á því ekkert skylt við gerðardóm í vinnudeilum, þar sem hann getur aldrei dæmt um hagsmunaágreining þeirra. Í frv. okkar eru engin ákvæði um lögþvingaðan gerðardóm. Réttur vinnuveitenda til verksviptingar og verkamanna til verkfalls til að knýja fram kröfur þeirra, er látinn haldast að aðalefninu, en ríkisvaldinu er gert að skyldu að reyna til hins ýtrasta að afstýra þessum voða.

Þetta er þá aðalefnið í frv. okkar sjálfstæðismanna, — aðeins það eitt, sem sanngjarnast og bezt hefir reynzt hjá nágrannaþjóðunum. En jafnframt höfum við flm. þess lýst því ákveðið yfir, að við værum fúsir til samvinnu við alla þm. um skynsamlegar og nauðsynlegar brtt.

En hvernig hefir svo afstaða stjórnarflokkanna verið í þessu máli?

Framsfl. hefir látið líklega í málinu. Á þinginu 1936 sagði hæstv. forsrh., að hann hefði mikinn áhuga fyrir setningu vinnulöggjafar, og hann komst svo að orði um frv. okkar: „Því hlýtur það að vera mér ánægjuefni, að þetta frv. er fram komið. Mér virðist þannig gengið frá þessu frv., að það sé mjög líklegt, að því geti orðið vel tekið frá báðum aðiljum.“ — En lítið varð úr áhuga Framsfl. á því þingi. Vilji sósíalistanna rak hinn mikla áhuga á flótta, aðgerðir flokksins urðu engar. En flokksþing framsóknarmanna nú í vetur gaf þingflokknum áminningu í þessu máli. Flokksþingið samþ. áskorun til þingmanna, að vinna nú þegar að setningu nýrrar vinnulöggjafar. Þrátt fyrir þessa ákveðnu áskorun gerir þingflokkurinn ekkert úr málinu fyrr en nú nýlega, að vitað var, að þingrof er í vændum. Þá eru dregin upp úr vasa hv. þm. N.-Þ. tvö frv., annað um sáttatilraunir, en hitt um vinnudómstól, sem ekki má heita réttu nafni, heldur á að kallast félagsdómur — alveg út í loftið. — Þessi frv. eru uppsuða úr frv. okkar sjálfstæðismanna, færð til verra máls og óskýrara. En þremur aðalatriðum er sleppt, þ. e. engin atkvæðagreiðsla ákveðin fyrir vinnustöðvun og enginn fyrirvari settur fyrir henni, og sáttasemjara er heldur ekkert vald gefið til að fresta vinnustöðvun. En vegna þess, að þessi ákvæði vantar, og vegna ýmsra annara galla eru frv. framsóknarmanna algerlega ófullnægjandi og engin lausn á þessu máli. Þau eru ennfremur hrein svik við samþykkt flokksþingsins. Þar var samþ., að vald sáttasemjara skuli aukið og að vinnustöðvun sé einungis hafin með fyrirvara. Þetta þorir þingflokkur framsóknarmanna ekki að taka upp. Þeir eru hræddir við sósíalista jafnvel fyrir kosningar, — hvað mun þá verða eftir kosningar. Það er bersýnilegt, að Framsfl. er vart treystandi í þessu máli.

Afstaða Alþfl. er næsta skringileg. Á Alþingi í fyrra er 2. þm. Reykv. látinn lesa upp skrifaða yfirlýsingu frá Alþýðusambandinu um andstöðu gegn frv., en meðmæli með setningu vel og rétt undirbúinnar löggjafar um vinnudeilur og réttindi og skyldur alþýðusamtakanna. En á flokksþingi sósíalista síðastl. haust er það samþ., að engin vinnulöggjöf sé sett, nema sósíalistar séu einráðir um efni hennar og hvenær hún verði lögfest. Hið eina, sem sósíalistar hafa gert, er það, að skipa nefnd í málið og þar með setja tvo flokksmenn á laun til að tefja fyrir málinu. Frá þeim hefir ekkert heyrzt annað en ónot í garð framsóknarmanna, sem einnig voru í nefndinni. — Alþfl. leikur í þessu máli sem flestum öðrum hlutverk kommúnistanna í nágrannalöndum vorum. Hann hefir reynt að spilla framtíðarlausn þessa máls með rangfærslum, blekkingum og æsingum. Slík starfsemi er fjandsamleg þjóðfélaginu og mun hefna sín. — Það, sem sósíalistar á Norðurlöndum telja vernd og hagsmunamál verkalýðsins, nefna sósíalistar hér

þrælalög. — Hin órólega deild sósíalista virðist hafa náð yfirtökunum innan Sósíalistafl. í þessu máli.

Sjálfstæðisflokkurinn hefir haft forystuna í þessu máli og er eini flokkurinn, sem enn hefir sýnt einlægan vilja til að leysa þetta mál á heillavænlegan og sanngjarnan hátt. Hann viðurkennir jafnrétti verkamanna og vinnuveitenda og vill, að þjóðfélagið hjálpi þeim til að leysa vandamál og deilumál sín á friðsamlegan hátt. Sjálfstfl. setur sjónarmið þjóðfélagsins ofar öllum stéttarhagsmunum. Hann vill lýðræði og samninga í stað ofríkis og hnefaréttar. Sjónarmið þjóðfélagsins hlýtur að sigra fyrr eða síðar.

***Stefán Jóh. Stefánsson:** Herra forseti! Við þessa umr., þar sem nánast er rætt um setningu vinnulöggjafar almennt, þykir mér hlýða að drepa með nokkrum orðum á afstöðu Alþfl. til slíkrar lagasetningar.

Á Alþingi 1923 og 1925 flutti Bjarni sál. Jónsson frá Vogi frv. til laga um gerðardóm í kaupgjaldsþrætum, þar sem ætlazt var til þess, að *dómstóll ákvæði um kaup og kjör verkamanna*, þegar um það risu deilur við atvinnurekendur. Frv. þessi sættu á báðum þessum þingum hinni öflugustu andstöðu alþýðusamtakanna, og af þeirri ástæðu dagaði þau uppi á Alþingi, þótt þau ættu þar formælendur.

Alþýðuflokkurinn markaði þá, að gefnu tilefni, ákveðna andstöðu sína gegn lögþvinguðum gerðardómum um kaup og kjör verkalýðsins, og sú afstaða er óbreytt enn.

Á Alþingi 1925 voru hinsvegar sett lög um sáttasemjara í vinnudeilum, og var sú löggjöf sett með fullu samþykki Alþfl. Með því sýndi Alþfl., að hann vildi styðja að milligöngu ríkisvaldsins til sátta út af vinnudeilum. Sú afstaða flokksins er enn hin sama.

Frá samþykkt sáttasemjaralaganna 1925 var ekki við þessum málum hreyft á Alþingi fyrr en 1929. Þá var nýafstaðin hörð deila á milli sjómanna og útgerðarmanna. Þá fluttu 5 þáverandi þm. frv. til l. um dóm í vinnudeilum. Fjórir af þessum þm. sitja nú á Alþingi, þeir hv. 1. þm. Rang., hv. þm. Borgf. og hv. 7. landsk., sem allir eru í Sjálfstfl., og auk þess hv. 1. þm. Árn.

Eftir þessu frv. átti vinnudómstóll að dæma mál út af vinnukjörum, og var þetta frv. því að þessu leyti eins og frv. Bjarna frá Vogi, sem áður greinir.

Um þessi frv. urðu allhörð átök á Alþingi. Eins og fyrr snerust alþýðusamtökin sem einn maður gegn frv., og fulltrúar Alþfl. á Alþingi beittu sér af alefli gegn því. Hinsvegar töluðu þm. Sjálfstfl. með frv. og greiddu því atkv. Meginhluti Framsfl., að 2 flm., Jörundi Brynjólfssyni og Lárusi Helgasyni, undanteknum, beittu sér gegn því, og sérstaklega talaði hv. þm. V.-Ísf. ákveðið og prýðilega gegn þessu frv. Málið dagaði uppi í Nd., og var það eins og fyrr fyrst og fremst vegna þess, að alþýðusamtökin beittu öllum sínum mætti gegn framgangi málsins.

Fyrir 2—3 árum síðan stofnuðu atvinnurekendur hér á landi með sér allsherjarsamtök, Vinnuveitendafélag Íslands. Eitt af fyrstu verkum þess félagsskapar var að beita sér fyrir setningu allsherjarlöggjafar um vinnudeilur. Framkvæmdarstjóri félagsins, E. Claessen, mun þá hafa samið frv. til laga um vinnudeilur, er flutt var á síðasta Alþingi af hv. þm. Snæf. og hv. 8. landsk. Ég mun ekki rekja verulega efni þess frv., en þar er að finna reglur um ákvörðun á vinnudeilum, nýjar reglur um sáttatilraunir í vinnudeilum og ákvæði um stofnun vinnudómstóls Íslands. Frv. þetta, sem nú er flutt óbreytt af sömu hv. þm., er svo að segja eingöngu orðréttur útdráttur úr vinnudeilulögum Norðurlanda, án þess að nokkuð sé þar tekið tillit til íslenzkra staðhátta eða atvinnuhátta. Í því felast einnig allverulegar takmarkanir á rétti verkalýðsfélaganna, bæði hvað snertir alla fresti út af vinnustöðvunum, svo og um atkvæðagreiðslu, bæði við ákvörðun vinnustöðvana (6. gr.) og um miðlunartillögur sáttasemjara (21. gr.). En þar sem frv. þetta er bæði undirbúið af vinnuveitendafélagi Íslands og flutt af 2 hv. þm. Sjálfstfl., má ganga út frá því, að þar sé að finna vilja atvinnurekenda og Sjálfstfl. um setningu vinnulöggjafar, og er það, eins og fyrir fram var vitað og í fullu samræmi við fyrri reynslu, mjög alvarleg tilraun til þess að setja fjötur um fót verkalýðsfélaganna í baráttu þeirra fyrir bættum kjörum.

Þegar frv. þetta var lagt fyrir Alþingi 1936, gaf hv. 2. þm. Reykv. f. h. Alþfl. skýra yfirlýsingu um afstöðu flokksins til þessa máls, eins og það var inn í þingið flutt af atvinnurekendum og Sjálfstfl. Skal ég með leyfi hæstv. forseta lesa upp lítinn kafla úr ræðu hv. 2. þm. Reykv., þar sem hann gerði grein fyrir afstöðu Alþfl. Honum fórust svo orð í niðurlagi ræðu sinnar:

„Alþfl. álítur það ranga aðferð, að bera fram frv. eins og það, sem hér liggur fyrir frá hinu nýstofnaða og óreynda Vinnuveitendafélagi, án þess að alþýðusamtökin hafi lýst sig því fylgjandi. Það hefir sýnt sig alls staðar í lýðfrjálsum löndum, að vinnulöggjöf, sem ekki nýtur fylgis verklýðssamtakanna, á sér enga rót í þjóðfélaginu, veldur miklum og óþörfum deilum og er aðeins til hins verra. Eins álítur flokkurinn það rangt, að byggja upp vinnulöggjöf svo gersamlega eftir erlendri fyrirmynd sem gert er hér án tillits til íslenzkra staðhátta og atvinnuhátta. Eðlilegur gangur þessa máls hefir verið sá, að ríkisstj. hefði látið rannsaka og undirbúa það *milli þinga á þann hátt, sem fullnægt hefði* getað kröfum alþýðusamtakanna. En Alþfl. hlýtur að beita sér gegn afgreiðslu þessa máls, eins og það er undirbúið, enda þótt flokkurinn álíti að æskilegt væri að setja vel og rétt undirbúna löggjöf um vinnudeilur og réttindi og skyldur alþýðusamtakanna."

Með þessum orðum voru dregnar upp skýrar línur í stefnu Alþfl. til vinnulöggjafar, sem sé:

1) að í frv. fælist einhliða sjónarmið atvinnurekenda og Sjálfstfl.

2) að frv. væri eingöngu byggt á erlendum fyrirmyndum án nægilegrar hliðsjónar af sérstökum íslenzkum stað- og atvinnuháttum.

3) að slíka vinnulöggjöf ætti alls ekki að setja, án þess að verklýðsfélögin hefðu haft tíma og tækifæri til þess að láta í ljós afstöðu sína.

4) að það sé óréttlátt og tilgangslítið að setja vinnulöggjöf, sem verklýðsfélögin geta ekki unað við.

5) að Alþfl. teldi, að æskilegt væri að setja vel og rétt undirbúna löggjöf um vinnudeilur og réttindi og skyldur alþýðusamtakanna.

Eins og kunnugt er dagaði frv. þeirra sjálfstæðismanna uppi á síðasta þingi, og ekkert var gert frekara í málinu þá.

Á síðasta hausti hélt Alþýðusamband Íslands 13. þing sitt. Þar voru mættir fulltrúar fyrir rúm 12 þús. manns innan alþýðusamtakanna. Á þessu þingi var rædd talsvert ýtarlega afstaða Alþýðusambandsins til vinnulöggjafar. Allir voru þar á einu máli um það, að frv. atvinnurekenda og Sjálfstfl. um vinnudeilur væri óaðgengilegt með öllu, og á því yrði ekkert sérstaklega byggður grundvöllur að nýrri löggjöf. Hinsvegar samþ. alþýðusambandsþingið í þessu máli ályktun þá, er ég nú skal leyfa mér að lesa upp, með leyfi hæstv. forseta:

„13. þing Alþýðusambands Íslands ályktar að vera mótfallið hverskonar nýrri vinnulöggjöf, nema því aðeins að með henni fáist full lagaviðurkenning fyrir rétti Alþýðusambands Íslands og sambandsfélaga þess til verkfalla, auðveld og skjót málssókn vegna samningsrofs af hálfu atvinnurekenda og að öðru leyti verulega aukin réttindi fyrir alþýðusamtökin frá því, sem nú er. Telur þingið heppilegast, að Alþingi láti mþn., þar sem Alþýðusambandið hafi fulltrúa, athuga málið, og leitað verði að nýju álits Alþýðusambandsins, áður en málið er útkljáð, enda yrði engin löggjöf sett um þessi mál áður en aðalatriði hennar yrðu lögð fyrir sambandsfélögin og hefðu náð samþykki Alþýðusambandsins. Þingið er sérstaklega andvígt lögákveðnum gerðardómum um kaupgjald og önnur vinnukjör, sem settir kynnu að verða án samþykkis alþýðusamtakanna, en telur hins vegar lögákveðna gerðardóma um samningsrof vera heppilegri en venjulega dómstóla, enda yrði þóknun gerðardómsins greidd af því opinbera."

Í samræmi við stefnu Alþfl., eins og hún var mörkuð á Alþingi 1936 og á alþýðusambandsþingi á síðastl. hausti, ákvað hæstv. atvmrh. að skipa n. manna til þess að gera till. um löggjöf um réttindi verklýðssamtakanna, afstöðu þeirra til atvinnurekenda og meðferð deilumála þeirra á milli. Og þar sem Sjálfstfl. hafði í frv. því, er ég gat um áður, lýst afstöðu sinni til löggjafar um þessi efni, var enginn sérstakur fulltrúi skipaður af þeirra hálfu í nefndina, en hinsvegar 2 nefndir af Alþfl., Guðm. Guðmundsson lögfræðingur og hv. 4. þm. Reykv., og af Framsókn hv. flm. þessa frv., er hér liggur til umræðu, þm. N.-Þ., og Ragnar Ólafsson lögfr. Tel ég rétt að lesa hér upp, með leyfi hæstv. forseta, skipunarbréf þessara nefndarmanna:

„Hér með eruð þér, herra ... skipaður í nefnd til þess að gera tillögur til ríkisstjórnarinnar um löggjöf um réttindi verklýðssamtakanna, afstöðu þeirra til atvinnurekenda og meðferð deilumála milli þessara aðilja.

Þess er vænzt, að n. kynni sér ýtarlega löggjöf annara þjóða, sérstaklega Norðurlandaþjóðanna, um þessi efni, hverja raun hún hefir gefið og hverjar tillögur til slíkrar lagasetningar þar hafa komið fram á síðari árum, svo og afstöðu verklýðssamtakanna og atvinnurekenda í hlutaðeigandi löndum til téðrar löggjafar og tillagna.

Jafnframt er þess óskað, að nefndin taki til rækilegrar athugunar þau ákvæði í íslenzkum lögum, sem sérstaklega fjalla um réttindi verkafólks, að því er snertir greiðslu verkkaups, tryggingar fyrir kaupgreiðslum, hámarksvinnutíma og öryggi á vinnustöðvum og þess háttar, með tilliti til þess, hvort eigi sé heppilegt að steypa þeim ákvæðum og öðrum hliðstæðum, er ástæða þætti til að setja saman, í eina löggjöf."

Til skýringar frv. því, sem hér um ræðir, á þskj. 139, um félagsdóm, og frv. á þskj. 140, um sáttatilraunir í vinnudeilum, sem bæði eru flutt af hv. þm. N.-Þ., skal ég leyfa mér að skýra nokkuð frá starfi mþn. þeirrar, er ég gat um áðan, því að það varpar nokkru ljósi yfir framkomu þessara frv. og hina einkennilegu og óviðfeldnu afstöðu Framsfl., sem tekin var með flutningi þessara mála.

Milliþinganefndin byrjaði störf sín 16. des. síðastl. Í samræmi við skipunarbréf nefndarmanna ákvað nefndin að skrifa sendiherra Íslands í Khöfn, verklýðs- og atvinnurekendasamböndum á Norðurlöndum og vinnumálaskrifstofunni í Genf og óska eftir upplýsingum og ritum um vinnulöggjöf. Sömuleiðis óskaði nefndin eftir upplýsingum frá Alþýðusambandi Íslands, Iðnsambandi Íslands og Vinnuveitendafélagi Íslands um skipulag sambandanna o. fl.

Svör verkalýðs- og vinnuveitendasambandanna á Norðurlöndum bárust n. 29. jan. síðastl. og 4., 10. og 15. febr. Svar vinnumálaskrifstofunnar í Genf barst n. 10. febr. Frá sendiherra Íslands í Kaupmannahöfn barst n. talsvert af gögnum fyrir milligöngu atvmrn. N. bárust sendingar sendiherra 8., 11. og 15. febr.

Á meðan n. höfðu hvorki borizt upplýsingar um vinnumálalöggjöf Norðurlanda frá sendiherranum í Kaupmannahöfn né samböndum verkalýðsfélaga og atvinnurekenda á Norðurlöndum, gat n. lítið aðhafzt. Samkomulag varð þó í n. um það 14. jan., að taka til athugunar fyrirkomulag á sáttatilraunum í vinnudeilum og skipun dómstóla, er hefði til meðferðar ágreining um skilning á vinnusamningum. Voru þessi atriði nokkuð rædd í n. Einn nm., Ragnar Ólafsson, samdi uppköst að lagafrv. um þessi atriði, sem síðan voru lögð fram í n. Voru uppköstin rædd nokkuð, en engin endanleg ákvörðun eða samþykkt gerð í sambandi við þau. Fulltrúar Alþfl. höfðu athugað uppköstin alveg sérstaklega og skýrðu samnm. sínum frá því, að þeir þyrftu að bera fram margar og víðtækar brtt. við þau. Höfðu þeir fyrir nokkru samið þessar brtt. sínar, en ekki viljað leggja þær fram í n., þar til upplýsingar þær, sem þeir höfðu skrifað eftir, væru komnar og þeim hefði unnizt tími til að athuga þær. Var það álit fulltrúa Alþfl., að útilokað væri, að n. gæti tekið nokkrar ákvarðanir um einstök atriði væntanlegra frv. sinna, fyrr en öll gögn hefðu borizt henni og nm. haft tækifæri til að athuga þau. Þeir töldu einnig ástæðulaust fyrir sig að koma fram með till. sínar, á meðan

þeir höfðu ekki haft tækifæri til að athuga þær í ljósi þeirra upplýsinga, sem þeir áttu von á erlendis frá. Hin erlendu gögn bárust n., svo sem áður var sagt, að mestu leyti frá 4.—15. febr. Byrjuðu fulltrúar Alþfl. þegar að kynna sér þau, eftir því sem frekast vannst tími til og tóku að lagfæra till. sínar eftir þeim. Í sjálfri n. hafði hins vegar orðið lítið úr störfum, eftir að henni bárust upplýsingar frá útlöndum. Hv. þm. N.-Þ. var næstum alveg frá störfum í n. frá 11. febr. til 15. marz vegna flokksþings framsóknarmanna og veikinda og Ragnar Ólafsson frá 17. febr. til 15. marz vegna fjarveru úr bænum. Má því fullyrða, að n. hafi ekki haft tækifæri til þess að ræða frv. Ragnars Ólafssonar, frá því hin erlendu gögn bárust n. og þar til á fundi n. þann 19. marz. Var það fyrsti fundurinn, sem haldinn var eftir komu R. Ól. til bæjarins, sem allir nm. voru mættir á.

Þegar umr. um þau verkefni, sem fyrir lágu, skyldu hefjast í byrjun fundarins, báru þeir hv. þm. N.-Þ. og R. Ól. fram till. um það, að frv. fulltrúa Framsfl. í n. yrðu borin fram sem allra fyrst á Alþingi. Till. þessi kom fulltrúum Alþfl. mjög á óvart, og voru þeir henni mótfallnir af þrem ástæðum: Í fyrsta lagi lágu ekki fyrir nein frv. í n., sem þeir væru samþykkir. Við frv. þau, sem R. Ól. hafði samið, þurftu þeir að bera fram margar brtt. Voru þeir t. d. alveg mótfallnir ákvæðum frv. um skipun dómsins og dómaraskilyrðin. Studdust fulltrúar Alþfl. þar við umsögn reyndustu manna. Sáttatilraunafrv. töldu þeir þurfa stórfelldra endurbóta við, og höfðu orðið að endursemja það til fulls.

Í öðru lagi töldu þeir ekki koma til mála að skipta aðalverkefni n. eins og till. gerði ráð fyrir. Þeim var það fyllilega ljóst, að sáttatilraunum í vinnudeilum og meðferð réttarágreinings verður ekki, svo að vel fari, skipað með lögum nema jafnframt séu lögfest ákvæði um réttindi verkalýðsfélaga og vinnustöðvanir. Þessi atriði eru svo tengd sáttastarfseminni, að með öllu verður að teljast óeðlilegt, að skilja þau að við lagasetningu, fyrst einnig er verið að undirbúa löggjöf um þau.

Í þriðja lagi var fulltrúum Alþfl. ljóst, að svo mjög var liðið á þingtímann, að útilokað var að telja, að verkalýðsfélögin gætu fengið tækifæri til að athuga og taka afstöðu til frv., ef þingið ætti að samþ. þau að þessu sinni. Slika afgreiðslu töldu þeir óforsvaranlega, enda hægt að upplýsa, að hún á sér ekkert fordæmi á Norðurlöndum. Verkalýðsmálalöggjöf Norðurlanda er öll til orðin eftir langar, venjulega margra ára umræður í verkalýðsfélögum og víðar. Benda má á, að í Noregi var fyrst sett löggjöf um þessi efni 1915 eftir látlausar umr. og athuganir frá því um aldamót, í Svíþjóð 1906 eftir langar opinberar umræður, og í Danmörku byggjast þessi málefni á samningum verkamanna og atvinnurekenda.

Ef Alþingi hefði átt að afgreiða að þessu sinni lög um sáttatilraunir í vinnudeilum og félagsdóm, þá er útilokað, að nokkrar verulegar umræður eða atkvgr. gætu farið fram í félögum verkamanna. Að dómi fulltrúa Alþfl. í n. kom ekki til mála að fremja slíkt brot á rétti verkalýðsfélaganna, sem hafa svo mikilla hagsmuna að gæta við afgreiðslu málsins. Þeir gátu heldur ekki komið auga á neina skynsamlega ástæðu til að koma fram með frumvörp R. Ól. í þeim tilgangi, að frv. dagaði uppi í þinginu. Er þess og sérstaklega að geta, að frv. eru samin áður en n. höfðu borizt nokkur gögn erlendis frá og að fulltrúar Alþfl. höfðu ekki haft tækifæri til að ræða um frv. við fulltrúa Framsfl. í n., eftir að hin erlendu gögn bárust, vegna fjarveru þeirra frá störfum.

Sem svar við till. meðnm. sinna og til að tryggja þeim, að n. lyki störfum sínum í tíma, báru fulltrúar Alþfl. fram svo hljóðandi till. í mþn.:

„Með því að fulltrúar Framsfl. í n. hafa upplýst, að frv. til laga um sáttatilraunir í vinnudeilum og félagsdóm þurfa að koma fram á Alþingi því, er nú situr, innan svo skamms tíma, ef það á að geta samþykkt frv., að með öllu verður að teljast útilokað, að verkalýðsfélögin í landinu geti í tíma fengið tækifæri til að taka afstöðu til frv., þá sér n. ekki ástæðu til að koma fram með frv. um sáttatilraunir í vinnudeilum og félagsdóm, fyrr en till. n. um réttindi verkalýðsfélaganna og afstöðu þeirra til atvinnurekenda eru fullgerðar, enda vantar mikið á, að till. n. um sáttatilraunir í vinnudeilum og félagsdóm séu tilbúnar.

Nefndin ályktar hinsvegar, að haga störfum sínum þannig, að hún á komandi sumri hafi fullsamið frv. til l. um réttindi verkalýðsfélaganna, afstöðu þeirra til atvinnurekenda og meðferð deilumála milli þessara aðilja, svo að verkalýðsfélögin geti fengið tækifæri til að athuga, ræða og koma fram með till. í sambandi við frv., áður en Alþingi kemur saman 1938.“

Við atkvgr. felldu fulltrúar Framsfl. till. þessa, eftir að við höfðum fellt þeirra till.

Þannig er saga frv. um félagsdóm og um sáttatilraunir í vinnudeilum, er hv. þm. N.-Þ. flytur. Sýnir hún, að frv. þessum er flaustrað af án nokkurra ýtarlegra rannsókna og áður en að gögn þau, er mþn. bárust, höfðu verið tekin til athugunar. Frv. þessi eru og í raun og veru lítið annað en uppsuða úr frv. Sjálfstfl. um vinnudeilur, ókarað og lítið athugað. Sést það bezt á 8. gr. frv. um félagsdóm, þar sem m. a. er talað um, að félagsdómur dæmi í málum, sem rísa út af kærum um, að vinnustöðvun sé ólögleg samkv. ákvörðun þeirrar gr., en hvorki í þessari gr. né annarsstaðar er yfirleitt fyrirmæli að finna almennt um ólöglegar vinnustöðvanir. Framkoma þessa frv. er því flaustursverk, að því er séð verður helzt til þess að koma til móts við atvinnurekendur og Sjálfstfl. um setningu vinnulöggjafar gegn vilja verklýðssamtakanna.

Með afstöðu þeirri, sem Alþfl. hefir áður markað til vinnulöggjafar, bæði á Alþingi 1936 og á síðasta alþýðusambandsþingi, er andstaða hans gegn framgangi frv. hv. þm. N.-Þ. bæði um félagsdóm og um sáttatilraunir í vinnudeilum auðsæ, þar sem bæði þessi frv. eru aðallega uppsuða úr frv. Sjálfstfl. um vinnudeilur og þessi mál hafa ennþá ekki verið borin undir verklýðsfélögin.

Árangur af starfi Framsfl. í mþn. þeirri, sem ég hefi rætt um, hefir því miður ennþá orðið neikvæður. Fulltrúar flokksins í mþn. hafa ekki ennþá reynt að leysa það höfuðverkefni n., að gera till. um réttindi verklýðsfélaganna og afstöðu þeirra til atvinnurekenda. Þar er þó það verkefnið, sem mest er þörf á að leysa. Það væri æskilegt að skapa vinnandi fólki skýlausan lagarétt til að stofna félög og sambönd til þess að vinna að sameiginlegum hagsmunamálum sínum. Það væri þörf á að banna með lögum afskipti atvinnurekenda með ástæðulausum uppsögnum, hótunum eða fortölum til þess að hafa áhrif á stjórnmálaskoðanir verkamanna sinna eða afstöðu þeirra og afskipti af stéttar- eða stjórnmálafélögum. Það væri þörf á að tryggja verklýðsfélögunum trúnaðarmenn á vinnustöðvunum, sem atvinnurekendum væri óheimilt að segja upp vinnu. Og fleiri réttindi mætti nefna, sem alþýðusamtökin vildu gjarnan, að tryggð væru með löggjöf. Slíka vinnulöggjöf vildi Alþfl. styðja.

Af reynslu þeirri, er fengizt hefir á undanförnum árum og ég hefi aðeins drepið á í ræðu minni hér á undan, má ótvírætt ráða það, að einskis samstarfs sé að vænta við Sjálfstfl. um setningu löggjafar, er ræði um réttindi verklýðsfélaga og afstöðu þeirra til atvinnurekenda. Þaðan er aðeins að vænta löggjafar um sviptingu réttinda fyrir alþýðusamtökin. Sjálfstfl. og íhaldsöflin í landinu yfirleitt hafa alltaf barizt gegn alþýðusamtökunum og staðið gegn réttlátum kröfum þeirra um kjarabætur alþýðunni til handa. Hinsvegar hefir Alþfl. til þessa vænzt meiri skilnings, meira viðsýnis og réttlætis af Framsfl. í þessum viðkvæmu málum verklýðssamtakanna. En framkoma frv. um félagsdóm og sáttatilraunir í vinnudeilum, svo og ýmislegt annað í framkomu Framsfl. gagnvart verklýðshreyfingunni á Íslandi, sýnir það, að hér sem víða annarsstaðar skortir hina svokölluðu frjálslyndu borgaralegu flokka oft skilning, viðsýni og velvilja, þegar um er að ræða áhugamál alþýðustéttanna. Á meðan verklýðshreyfingin er veik og vanmáttug, eru hinir svokölluðu frjálslyndu stjórnmálamenn í borgaraflokkunum fullir af velvilja og verndarhug. Og venjulega fá þá slíkir flokkar velvild sína endurgoldna með atkvæðum alþýðunnar. En þegar verklýðshreyfingin er orðin öflug og sjálfstæð og neyðist til þess að leggja út í harðar deilur fyrir réttindum sínum og hagsmunum, þá eru hinir frjálslyndu borgaralegu flokkar komnir í andstöðuhópinn. Og það vill jafnvel stundum svo til, að sumir hinna svokölluðu frjálslyndu stjórnmálamanna verða engu óhlífnari andstæðingar verklýðssamtakanna heldur en forystumenn íhaldsflokkanna. Þessum frjálslyndu stjórnmálamönnum lizt ekki á blikuna, er þeir sjá hinn öra vöxt alþýðusamtakanna, og fara þá að skoða þessi samtök sem hættulegan keppinaut um pólitísku völdin í landinu. Af þessum orsökum dofnar oft og dvín hin félagslega réttlætiskennd hinna svokölluðu frjálslyndu flokka, og þá kalla þeir afstöðu sína umhyggju fyrir ríkisheildinni, kalla sig fulltrúa þjóðarheildarinnar bæði gegn verklýðssamtökunum og atvinnurekendum. En um leið gerast þeir í raun og veru liðsmenn atvinnurekenda og auðvalds, af þeirri einföldu ástæðu, að þar er verklýðshreyfingin, sem oftast verður að hefja áhlaupin, sá aðilinn, sem stefnir að ummyndun atvinnuháttanna og þjóðfélagsins, sú stéttin, sem „heimtar kúguðum rétt“ og berst fyrir afnámi ánauðarinnar, en verður að sækja rétt sinn í hendur þeirra manna, sem lifa í skjóli sérréttindanna.

Það er margt, sem bendir til þess í pólitísku lífi landsins, að Framsfl., sem hefir á að skipa mörgum frjálslyndum umbótamönnum, skorti nægilegan skilning á frelsisbaráttu alþýðunnar í landinu. Að því leyti stendur hann kannske á meiri tímamótum nú en nokkru sinni áður. Og ef Framsókn leggst á sveif með íhaldinu í þeim þætti íslenzkrar félagsmálalöggjafar, sem nú er hér til umræðu, og hjálpar íhaldinu til þess að draga úr samtakamætti verklýðshreyfingarinnar, þá verður það einni ástæðunni ríkara til þess að torvelda samvinnu alþýðunnar til sjávar og sveita, þá samvinnu, sem vissulega er nauðsynlegasta skilyrðið til þess, að hér á landi verði hægt að halda áfram og auka umbótastörf á lýðræðisgrundvelli. Verkamennirnir við sjávarsíðuna skilja fullkomlega þörf bændastéttarinnar til betri kjara og meira menningarlífs. Þess vegna hafa þeir stutt löggjöf síðustu ára um bætta sölu á afurðum bænda innan lands og utan, aðstoð til bændanna vegna fjárkreppunnar og aukin fjárframlög til ræktunar og bygginga í sveitum landsins. En um leið krefjast þeir þess skilnings og víðsýnis af alþýðunni úti um sveitir landsins, að hún leggist ekki á sveif með íhaldsöflunum til þess að hindra með löggjöf né öðru eðlileg og nauðsynleg samtök verkalýðsins, heldur heitir hún á gagnkvæmt fulltingi sveitaalþýðunnar til verndunar og aukningar á rétti sínum til skipulagningar fyrir bættum kjörum.

***Hannes Jónsson:** Herra forseti! Góðir tilheyrendur! Það má segja, að atvinnudeilur væru óþekkt fyrirbrigði hér á landi fram til síðustu tíma. Þeirra verður ekki vart, fyrr en kaupstaðirnir fara verulega að stækka, og sjávarútvegurinn, og þá sérstaklega stórútgerðin, fer að soga til sín vinnukraft þjóðarinnar.

Áður var atvinnuháttum þjóðarinnar þannig farið, að flestir uppskáru eftir því, sem þeir sáðu. Sjómennirnir tóku hlut, og kaup þeirra varð eftir því, hvað veiddist. Í sveitunum tók verkafólkið oft kaup sitt í skepnufóðrum. Húsbændur og verkafólk lifði friðsömu heimilislífi, þar sem allir sátu við sama borð. Húsbændur og verkafólk gekk sameiginlega til allra starfa og deildi með sér ljósi og skuggum íslenzks sveitalífs. Eftir óskráðum lögum samvinnunnar var búskapurinn rekinn til lands og sjávar.

Nú leita vinnukraftar sveitanna til kaupstaðanna í kjötkatla útgerðarinnar, í glaum og gleði bæjarlífsins. Bændur geta ekki keppt um vinnukraftinn, og fleiri og fleiri verða einyrkjar á jörðum, sem áður báru margt verkafólk.

Þetta er ein hliðin á hinni svokölluðu þróun atvinnulífsins í landi voru þau ár, sem liðin eru af þessari öld. En þetta var ekki það versta. Í skjóli stórútgerðarinnar rísa hér upp margir til-

tölulega stórir atvinnurekendur, sem litu á verkafólkið eins og þjóna, sem þeir gætu skákað fram og aftur eftir eigin vild og skammtað úr hnefa eins og þeim bauð við að horfa. Upp af þessum jarðvegi spretta verkamannasamtökin. Þessi samtök verkalýðsins verður að telja eðlileg. Verkefnið var aðallega tvennskonar. Í fyrsta lagi að vinna á móti kúgun í kaupgreiðslu og finna samræmi í kaupgreiðslu einstakra atvinnurekenda. Í öðru lagi að vinna á móti hóflausri ánýðslu atvinnurekenda gagnvart verkafólki, sbr. togaravökulögin. Á þessu hvorutveggja voru margir þverbrestir, þótt hitt sé ekki nema sanngjarnt og sjálfsagt að viðurkenna, að ýmsir atvinnurekendur sáu, hvar skórinn kreppti að, og sýndu virðingaverða viðleitni til að bæta þar um. T. d. voru sumir útgerðarmennirnir farnir að sjá, að hinar hóflausu uppistöður á togurunum, þar sem menn stóðu við vinnu sína, þangað til svefn og þreyta var búin að yfirbuga þá gersamlega, borguðu sig ekki og var ekki sæmandi að bjóða nokkrum manni.

Meðan verkalýðssamtökin héldu sér innan þess ramma, að fá samræmi í kaupgreiðslu og vinnutíma við getu framleiðslunnar, voru þau eðlileg og réttmæt. Og það ætti ætíð að vera þungamiðjan í störfum verkalýðssamtakanna, að leita að réttu jafnvægi í atvinnulífi þjóðarinnar, þannig að aldrei sé atvinnuvegunum bundinn þyngri baggi í kaupgreiðslu en þeir eru færir um að bera. Hækkun á kaupgjaldi komi þá fyrst til greina, ef markaðir framleiðsluvaranna bötnuðu eða framleiðsluskilyrðin færðust í arðvænlegra horf á annan hátt. Því nær sem hægt er að halda atvinnuvegum þjóðarinnar þessu jafnvægi arðs og tilkostnaðar, því öruggara verður allt fjármálastarf þjóðarinnar. Þá hverfa deilur um skráningu krónunnar, því að gildi hennar réttlætist af heilbrigðu atvinnulífi. Verkamönnum er það fyrst og fremst nauðsynlegt að hafa stöðuga vinnu og vissa afkomu. Hitt verða þeir að sætta sig við, að tímakaupið sé ekki hærra en afkoma atvinnuveganna segir til. Það ætti að vera þeirra verkefni að vinna ásamt *framleiðendunum* að *endurbótum* á framleiðslunni, sem skapi möguleika til kauphækkunar og stöðugrar vinnu. En hér hefir farið eins og svo víða annarsstaðar. Verkamannaforingjarnir hafa ekki kunnað hóf á kröfum sínum. Í stað þess að verkamennirnir voru stundum beittir óréttí af atvinnurekendunum, beita þeir nú sama óréttí og ofbeldi gagnvart atvinnurekendunum. Afleiðingin verður samdráttur og hrun atvinnuveganna. Fleiri og fleiri missa atvinnu sína, og þótt tímakaupið fari hækkandi, minnka stöðugt *heildartekjur verkamannanna*.

Leiðtogum jafnaðarmanna í öllum löndum er ljós sú hætta, sem stafar af þessu öfugstreymi frá þeirra eigin herbúðum. Og þar, sem þeir hafa náð völdum og finna til ábyrgðar á störfum sínum, hafa verið gerðar víðtækar ráðstafanir til að ráða hér bót á með löggjöf, sem hindrar verkföll og verkbönn, bera sáttarorð á milli aðilja og dæma um ágreining, sem upp kann að koma í kaupgjaldsmálum.

Ég sé ekki ástæðu til að fara út í að lýsa verkamálalöggjöf annara þjóða. Það hafa aðrir gert hér á undan mér, og læt ég mér nægja að vísa til þess.

Það getur engum dulizt, að öll þessi lagasmíð í löndum sósialistanna er framkomin til að fyrirbyggja þá hættu, sem þjóðfélaginu stafar af langvarandi verkföllum eða verkbönnum. En *málefnið sjálft er viðkvæmt, og því hefir hvergi* verið gengið lengra en frekast þótti þörf til, nema þá helzt í einræðislöndunum, t. d. í Rússlandi, þar sem ríkisvaldið er einrátt um alla kaupgreiðslu. Maður skyldi því ætla, að hér á landi væri rikjandi meðal allra stétta fullur skilningur á þörf löggjafar á þessu sviði hér eins og annarsstaðar. En nokkur misbrestur er þó á því. Sjálfstæðismenn fluttu á þingi í fyrra og aftur nú frv. til l. um vinnudeilur. Frv. þetta er sniðið eftir löggjöf nágrannaþjóðanna um sama efni, og má telja víst, að flokkurinn standi óskiptur að þessu máli. Jafnaðarmenn hafa tjáð sig andviga nokkurri lagasetningu um vinnudeilur nema til hagsbóta fyrir verkamannastéttina. Um það má náttúrlega deila í það óendanlega, hvað sé verkamönnunum til hagsbóta í þessu efni. Þar kemur til greina bæði beinn og óbeinn hagur, og ætti fulltrúum þeirra hér á þingi að vera trúandi til að halda þar á málstað þeirra án þess að veikja áhrif löggjafarinnar til heilbrigðrar úrlausnar á málinu. Kommúnistar hafa látið mjög ófriðlega út af framkomnum frv. í þessa átt og segja, að Framsókn leggi til grundvallar vinnulöggjöfinni hið svívirðilega fyrirkomulag, sem dönsku alþýðuflokksforingjarnir hafa gengið inn á, og noti till. Eggerts Claessen sem fyrirmynd. Þeir segja ennfremur:

„Vinnufriður verður ekki settur á Íslandi með þessum aðferðum. Með þeim verður aðeins stéttastyrjöldin látin loga upp nú. Til vinnufriðar þarf samvinnu vinstri flokkanna um hagsbætur alþýðu til handa."

Þeir tylla sér á tá og gera sig líklega til að sýna húsbóndarétt sinn og segja:

„Beri Framsókn ekki gæfu til að skilja þetta, áður en verra hlýzt af, þá neyðist íslenzkur verkalýður til að kenna henni það í eldi harðvítugra átaka, sem hún gæti nú strax lært við skynsamlega íhugun."

Látum svo vera, að vinnufriðurinn verði ekki tryggður nema í samvinnu vinstri flokkanna. En er nokkur skynsamleg ástæða fyrir því, að fulltrúar verkamanna hér séu staðari í þessum málum en flokksbræður þeirra í öðrum löndum? Og er nokkur sanngirni í því, að telja lausn þessara mála t. d. í Danmörku „svívirðilegt fyrirkomulag".

Foringjar jafnaðarmanna verða að gera það upp við sig, hvort þeir vilja heldur fylgja flokksbræðrum sínum í nágrannalöndunum eða apa eftir hatursfullum og heimskulegum áróðri kommúnista. Þá munu deilurnar halda áfram og harðna. Atvinnurekendur neyðast til sameiginlegra átaka, og hættan af stórfelldum verkföllum og verkbönnum fer vaxandi með hverju árinu, sem líður. Þessi samtök hafa orðið seinna til hér en víða annarsstaðar, en þau eru í uppsiglingu, og áhrif þeirra munu fara vaxandi. Þetta ætti jafnaðarmönnum að vera ljóst og gripa nú tækifærið og taka höndum saman við aðra flokka

þingsins um lausn málsins á grundvelli heilbrigðrar löggjafar.

Afstaða Framsfl. til fullkominnar lausnar á þessu máli er nokkuð vafasöm. Þeir hafa að vísu látið það í ljós, að þeir vildu fá lausn þessara mála með löggjöf. En þeir hafa verið hikandi, og hefir þar sjálfsagt valdið mestu um ótti við andstöðu jafnaðarmanna.

Hv. þm. N.-Þ. lét þess getið í framsöguræðu sinni áðan, að Framsfl. hefði haft forgöngu í því, að skýra þessi mál. Hann hefir bent á það, og verið bent á það af öðrum, að á framsóknarþinginu í vetur hafi verið gerðar ákvarðanir út af þessu máli. En hann hefir líka haldið því fram, að ekki væri tímabært að samþ. á þessu þingi löggjöf um frestun á verkbönnum og verkföllum. Nú var það einmitt það atriði, sem flokksþingið tók afstöðu til, og það er dálítið einkennilegt, ef Framsfl. hefir haft forgöngu í þessum málum og orðið til þess að skýra þau fyrir almenningi, að honum skuli ekki hafa unnizt tími til að taka afstöðu í málinu á þeim grundvelli, sem hér liggur fyrir. Það er dálítið einkennilegt, hvernig þetta mál ber að hér á þinginu. Eftir þeim upplýsingum, sem hv. 1. landsk. gaf, er það fyrst 19. marz þ. á., sem framsóknarmenn krefjast þess í n., að málið verði afgr., en 2 dögum áður, eða 17. marz, er lagt fram frv. hér á þinginu, sem allir kannast við, út af hinu svokallaða Kveldúlfsmáli. Ég býst við, að menn þurfi ekki að hugsa sig lengi um til þess að finna samræmið milli þessara tveggja atvika, sem þarna áttu sér stað. Það er auðséð, að Framsfl. ætlaði sér, eftir störfum fulltrúa hans í n. að dæma, ekkert að gera í málinu á þessu þingi; fulltrúar flokksins í n. áttu að vera áfram á fullum launum fram að næsta þingi. Nú velja stjórnarflokkarnir þennan tíma, þegar fyrirsjáanlegt er, að þeir eru að fara frá völdum, og bera fram þessi frv., afsaka sig svo fyrir kjósendum með því, að þeir hafi gert skyldu sína og borið málin fram á Alþingi, en að þeim hafi ekki tekizt að gera þau að l. vegna andstöðu samstarfsflokksins. Grg. sú, sem frv. fylgir og er aðeins bráðabirgðagrg., sýnir þetta líka; annars hefði mátt búast við því, að með frv., sem var jafnýtarlega undirbúið og þetta, hefði ekki fylgt bráðabirgðagrg., heldur ýtarleg og fullkomin grg. frá hendi þeirra manna, sem þykjast hafa haft forgöngu í þessu máli undanfarin ár.

Hv. 1. landsk. tekur sér kommúnista til fyrirmyndar og bendir Framsfl. á, að hann sé nú á tímamótum og afstaða Framsfl. í þessu máli geti torveldað samvinnumöguleika þessara fl. Það er auðskilið, hvað hér liggur bak við; það er hótun í garð framsóknarmanna um að fara gætilega í þessu máli. Framsóknarmenn hafa að vísu sjálfir að nokkru leyti séð fótum sínum forráð með því að hafa till. sínar í þessu frv. svo litilfjörlegar og láta þær ná svo skammt, að það eru litlar líkur til, að það geti orðið til nokkurra verulegra nota, og um leið og þeir hafa dregið þannig úr kröfum sínum, sem eru samskonar kröfur og vinstri flokkar annara þjóða hafa lögleitt hjá sér í þessum efnum, hafa þeir undirbúið a. m. k. fyrirgefningu sósialista sér til handa. En hvernig kjósendur landsins líta á þessa vinnuaðferð Framsfl. og hvort þeir treysta framsóknarmönnum til þess að bera þetta mál fram til sigurs, skal ég láta ósagt, en ósennilegt þykir mér það eftir þá yfirlýsingu, sem samstarfsmenn þeirra, sósialistarnir, hafa gefið um afstöðu sína í þessu máli.

Forsrh. (Hermann Jónasson): Herra forseti! Góðir hlustendur! Ágreiningur um kaup og kjör milli vinnuveitenda og verkamanna eru, þar sem ekki eru hlutaskipti eða samvinna, hinar tíðu orsakir vinnudeilna. En vinnudeilur eru nú eitt alvarlegasta böl þjóðanna, ekki aðeins fyrir verkamenn og vinnuveitendur, heldur fyrir þjóðfélagið allt. Hið mikla tjón, sem vinnudeilur hafa valdið, hefir fyrir löngu erlendis opnað augu aðilja fyrir því, að það er þeim báðum fyrir beztu að draga úr deilum til hins ýtrasta og hinum allra skaðlegustu afleiðingum þeirra. Þar sem átökin í vinnudeilum hafa staðið annað slagið um nokkurra ára bil verður endirinn jafnan sá, að félög verkamanna og vinnuveitenda mynda með sér sambönd, oft landssambönd, og á þann hátt verða árekstrar milli þessara aðilja ennþá stórtækari og hættulegri. Á þetta stig eru málefnin að komast hér; annarsvegar eru verkamannasamtökin í Alþýðusambandi Íslands og hinsvegar hið tiltölulega unga Vinnuveitendafélag Íslands, þar sem atvinnurekendur hafa sín samtök. Þegar samtök aðilja, verkamanna og vinnuveitenda, eru komin á þetta stig, verður þörfin fyrir vinnulöggjöf brýn. Og það er eftirtektarvert, að mjög oft eftir stórkostlega og varanlega árekstra og vinnudeilur milli þessara tveggja samtaka, hefir erlendis vaknað skilningur á því hjá hinum stríðandi aðiljum, að þeim væri það báðum nauðsynlegt að koma sér saman um ákveðnar reglur, og deilurnar væru háðar samkvæmt þeim. Það má benda á það, að hin svokallaða septembersætt, sem verkamenn og vinnuveitendur gerðu með sér í Danmörku 1899, varð til eftir langvarandi vinnudeilur, þar sem hinir stríðandi aðiljar voru báðir orðnir mjög aðþrengdir eftir hina löngu vinnustöðvun; þá skildu báðir aðiljar þörfina og gerðu með sér þessa merkilegu sætt, án þess að löggjafarvaldið skærist í leikinn.

Vinnulöggjöf er því venjulega sett, þar sem þroski aðilja er kominn á það stig, að þeir skilji nauðsyn löggjafarinnar fyrir þjóðina og sjálfa sig, eftir að þeir hafa reynt skaðsemi hóflausra deilna. Og það má ekki ganga framhjá því, að ef þessi löggjöf á að koma að gagni, þá er það eitt af því nauðsynlegasta, að þessi skilningur sé til staðar.

Það er fjarri mér að halda því fram, að vinnulöggjöf geti tryggt fullkominn vinnufrið. Slíkar tálvonir mega menn ekki gera sér. En það orkar hinsvegar ekki tvímælis, að góð vinnulöggjöf dregur verulega úr vinnudeilum, og ekki síst úr skaðsemi þeirra, eins og bezt sést þar, sem góð vinnulöggjöf hefir gilt um mörg ár; má þar fyrst og fremst nefna Norðurlönd. En þar, sem ekki er nein vinnulöggjöf í löndunum, eins og hér, þar sem vinnustöðvun er lýst yfir fyrirvaralaust, þar sem engin takmörk eru sett fyrir því, hvað sárafáa menn þarf til þess að lýsa yfir vinnustöðv-

un, þar sem ekkert er hugsað um það, þó að stórkostleg verðmæti eyðileggist, og þar sem tiltölulega smávægilegur ágreiningur um gerða samninga er látinn valda vinnustöðvun, þar hlýtur fyrr eða síðar að skapast alvarlegur glundroði í þjóðfélaginu, því að ef þessar aðferðir eru sífellt notaðar af öðrum aðiljanum, þá sýnir reynslan, að hinn aðilinn grípur að lokum til enn harðvítugri aðferða. Deilunum fjölgar, andstæðurnar magnast og að lokum verður ekki við neitt ráðið. Og það er eftirtektarvert, að yfirleitt hefir þessi leikur endað þannig, að verkalýðssamtökin hafa beðið hnekki eða brotnað saman algerlega, eins og ýms einræðislönd eru nú talandi tákn um. Hinsvegar hefir niðurstaðan fyrir verkamannasamtökin alveg orðið gagnstæð þessu annarsstaðar, svo sem á Norðurlöndum, Bretlandi og víðar, þar sem verkamenn hafa skilið það í tíma, að setja deilunum hæfileg takmörk, ýmist með sættum eða lögum.

Í þessu sambandi verður ekki hjá því komizt að benda á þá hættu, sem verkamönnum og þeirra samtökum stafar af hinum svokölluðu hvítu verkföllum, sem andstæðingar verkamannasamtakanna hafa víða beitt til þess að brjóta samtök þeirra niður. Hvítu verkföllin eru þannig, að fjandmenn verkamannasamtakanna koma umboðsmönnum sínum inn í samtök verkamanna og koma á hinum hvítu verkföllum í skjóli verkfallsréttarins. Á þennan hátt hafa verkföll víða orðið svo tíð og umfangsmikil, að forystumenn verkamannasamtakanna réðu ekki við þau. Með þessum hætti hafa andstæðingar verkamannasamtakanna komið á ástandi, er nálgast upplausn í atvinnulífi þjóðanna. Fyrir þessi verkföll voru svo verkamannasamtökin gerð ábyrg, og óvinsældir risu gegn verkamönnunum; það skapaðist uggur og andúð gegn þeim, og víða misstu þeir *sjálfir trúna á sín eigin samtök*. Krafan um hinn sterka mann varð almenn í þjóðfélaginu, og það er einmitt á þann hátt, sem einræðið hefir víða komizt á og verkalýðssamtökin hafa verið brotin algerlega niður. Það er nær algilt lögmál, að ef frelsið er misbrúkað og rétturinn misnotaður, þá endar það með því, að þeir, sem það gera, missa hvorutveggja. Ástandið í hinum niðurbrotnu verkamannasamtökum sumsstaðar erlendis talar sannarlega sínu skýra máli til aðvörunar í þessu efni, og hin sterku verkamannasamtök á Norðurlöndum eru hinsvegar fordæmi, sem áreiðanlega eru til eftirbreytni.

Við framsóknarmenn höfum fyrir löngu skilið hina brýnu nauðsyn vinnulöggjafar fyrir verkamannastéttina, fyrir atvinnulífið og fyrir þjóðina í heild. Lögin um sáttatilraunir í vinnudeilum er eini vísirinn til vinnulöggjafar hér á landi. Þessum lögum var komið á fyrir atbeina framsóknarmanna á Alþingi. Þessi lög hafa reynzt til bóta, en þau ná allt of skammt. Ég hreyfði því á flokksþingi framsóknarmanna 1931, hve mikil nauðsyn væri á því, að koma hér á vinnulöggjöf, hliðstætt því, sem tíðkast á Norðurlöndum, og framsóknarmenn hafa einatt staðið óskiptir að þessu, nauðsyn þess hefir verið mikið rædd í blöðum flokksins og reynt að koma aðiljum í skilning um hana. En til þess að vinnulöggjöf komi að gagni, þurfa vinnuveitendur og verkamenn sjálfir að skilja nauðsyn hennar, eins og ég hefi áður bent á, en hér á landi hefir þetta mál því miður mætt sáralitlum skilningi hjá báðum aðiljum. Magnús Guðmundsson sat að völdum áður en þessi ríkisstjórn tók við, sem yfirmaður atvinnumálanna, í rúm 2 ár, án þess að gera nokkuð til þess að koma hér á vinnulöggjöf eða yfirleitt að hreyfa við málinu á nokkurn hátt. Ég hreyfði þessu máli nokkuð í útvarpsræðu, sem ég flutti í byrjun ársins 1936, og reyndi þar að færa rök að því, að þessi löggjöf væri þörf og að hún væri nauðsynleg, ekki síður fyrir verkamenn heldur en vinnuveitendur. Tilefni til þess var m. a. það, að þá var nýafstaðið hið svokallaða bílstjóraverkfall, sem sjálfstæðismenn stóðu aðallega fyrir ásamt kommúnistum og stóð raunverulega utan við hin venjulegu verkamannasamtök. Þetta var því eitt af hinum fyrstu hvítu verkföllum hér á landi, sem var beinlínis *til stofnað til að reyna að koma á kné ríkisstjórninni*, sem verkamannasamtökin eiga sinn fulltrúa í. Önnur tilraun til að koma hvítu verkfalli á hér á landi var, þegar formaður Sjálfstfl. ásamt nokkrum flokksmönnum sínum ætlaði að koma hér á hinu margumtalaða og fyrirhugaða síldarverkfalli. Var á þann hátt reynt að draga verkamannasamtökin út í verkfall, sem gæti riðið ríkisstjórninni að fullu og ef til vill hefði getað komið hér á algjöru greiðsluþroti ríkisins, ef það hefði tekizt. Á þetta stig eru verkföllin komin hér, og það undrar mig, að verkamannasamtökin virðast ekki hafa veitt því athygli og þeirri hættu, sem af því stafar. Þess hefir verið getið hér í umræðunum, eins og rétt er, að sjálfstæðismenn lögðu fram á síðasta þingi frv. til vinnulöggjafar, og mun það frv. aðallega hafa verið samið af formanni Vinnuveitendafélags Íslands, Eggert Claessen. Í sjálfu sér er nú ekki *nema gott um það að segja, eins og við framsóknarmenn létum og í ljós*, að ákveðnar till. kæmu fram um þetta á Alþingi, en á þessu var þó sá stóri galli, að þetta frv. var engin sætt milli aðilja, eins og erlendis hefir víða tíðkazt, eða samkomulagsgrundvöllur, heldur aðeins till. frá öðrum aðiljanum, vinnuveitendum. Og það er ekki hægt að neita því, að þetta frv. hefir vakið verulega tortryggni hjá verkamönnum, sjálfsagt ennþá meiri tortryggni heldur en það raunverulega á skilið. Og það verður að teljast eðlilegt. Það er vitað, að sjálfstæðismenn, eða fyrr íhaldsmenn, hafa staðið gegn ýmsum sjálfsögðum réttarbótum fyrir verkalýðinn, og nægir þar að benda á togaravökulögin og verkamannabústaðina, sem við framsóknarmenn komum fram með fulltrúum verkamanna gegn vilja íhaldsmanna. Verkamenn hafa því fulla ástæðu til að vera tortryggnir, þegar till. koma fram frá öðrum aðilja. Það getur því ekki komið til mála, enda er það þvert ofan í þær reglur, sem hafa verið látnar gilda um afgreiðslu þessara mála erlendis, að afgreiða þetta frv. á þingi í fyrra. Æskilegt hefði verið, eins og ég tók þá fram, að setja mþn. í málið, svo sem hæstv. forseti þessarar d. kom fram með till. um, en þá till. dagaði uppi, eins og áður hefir verið skýrt frá. Atvmrh. dró það lengur en æskilegt hefði verið að skipa nefnd til að athuga og undirbúa þetta mál. En

eftir að alþýðusambandsþingið kom saman í haust og tók sæmilega í þessi mál, þótt skilningur hefði mátt vera öllu meiri, var n. skipuð, eins og kunnugt er. Það hefir verið fundið að því, að þessi n. var aðeins skipuð fulltrúum frá Alþfl. og Framsfl., en það var í alla staði eðlilegt, þegar það er athugað nánar, að Sjálfstfl. og vinnuveitendur höfðu lagt fram sínar till. á Alþingi, en verkamannasamtökin og S. Í. S., sem er stór atvinnurekandi og hefir staðið utan við samtök atvinnurekenda, höfðu ekki látið í ljós sína skoðun um málið. Ég gerði mér vonir um, að þessi n. mundi geta lokið störfum svo snemma á þessu þingi, að hægt væri að koma fram fullkominni vinnulöggjöf á þinginu, en svo var ekki. N. hefir þó þegar unnið mjög mikið starf, og vinnuaðferðir hennar hafa verið gerólíkar því, sem áður hefir átt sér stað í undirbúningi þessa máls; hún hefir haldið um málið milli 50 og 60 fundi, og framsöguræða hv. þm. N.-Þ. í þessu máli og grg., sem fylgir frv., ber þess ljósan vott, hvernig vinnubrögð n. hafa verið. Með því að leggja fram þessi 2 frv., um sáttatilraunir í vinnudeilum og félagsdóm, er jafnframt grg. þeirri, sem fylgir frv. um félagsdóm, lagður sterkur grundvöllur að undirbúningi og yfirvegun löggjafar um vinnusamninga og samningsrétt og um vinnustöðvanir, sem lögð hafa verið nokkur drög að í n. og enn er skammt á veg komið, því að ágreiningurinn í n. er raunverulega um það, að jafnaðarmennirnir vildu ekkert leggja fram núna, en framsóknarmenn töldu hinsvegar, að þessi frv., sem hér liggja fyrir, væru þegar nægilega undirbúin, eins og þau bera með sér, og vildu svo halda áfram að undirbúa hin frv. og bera þau fram síðar. Og ég álít þessa vinnuaðferð framsóknarmanna ólíkt skynsamlegri, því að með hinni ýtarlegu grg. þessa frv. fá aðiljar, verkamenn og vinnuveitendur, nákvæma skýrslu um það, hvernig þessi mál standa erlendis, og sú fræðsla er hinn rétti grundvöllur undir þann áfanga, sem verður að stíga næst í þessu máli. Við framsóknarmenn álitum, að það væri réttara að stíga skrefið á þann hátt eins og við höfum gert með þessu frv. einmitt vegna þess, að verkamönnum hefir, eins og hv. þm. N.-Þ. minntist á, ekki verið gert það nægilega ljóst, að vinnulöggjöf er fyrir þá ekki réttarskerðing, heldur þvert á móti vernd fyrir þeirra samtök og vernd gegn misnotkun samtakanna og verkfallsréttarins, eins og reynslan erlendis hefir sýnt, og reynslan hér er byrjuð að sýna. Það eru mér líka talsverð vonbrigði, hvernig blöð verkamanna hafa tekið í þetta mál, því að einhvern tíma verður að byrja á því, að skýra þeim frá því satt og rétt og hvaða þýðingu málið hefir fyrir þá. Í Alþýðublaðinu 7. apríl birtist grein með fyrirsögninni „Vinnudómsfrumvarp Framsóknar samið upp úr þrælalagafrumvarpi Eggerts Claessens“. Hér er ótvírætt gefið í skyn eftir þeirri túlkun, sem frv. sjálfstæðismanna hefir fengið, að það frv., sem hér liggur fyrir frá Framsfl., sé einskonar þrælalög fyrir verkamannasamtökin. Ég vil nú spyrja þá menn, sem hafa látið skrifa um þetta mál: Hvar er vinnulöggjöf frjálslyndari og réttlátari fyrir verkamannasamtökin í löndum, þar sem þeirra fóstbræður ráða, en í frv. því, sem hér liggur fyrir, ef það yrði að lögum? Ég vænti þess, að fá svar, og vænti þess, að verkamenn taki vel eftir svarinu. Það kemur mér hinsvegar ekkert á óvart, að dagblaðið „Vísir“ segir 3. apríl í grein um málið: „Vinnulöggjöf Tímamanna er meinlaust kák“. En þetta er einnig jafnósatt, því að samkvæmt því ætti vinnulöggjöfin á Norðurlöndum, sem þó er einna bezt um þetta efni, að hafa verið kák allt fram til ársins 1930, því að þá giltu næstum samskonar lög þar um þessi atriði. Morgunblaðið segir einnig sama dag, að ákvæði þessa frv. gangi of skammt, og kemur það engum á óvart. En blað kommúnista, Þjóðviljinn, kveður við sinn tón og segir í fyrirsögn fyrir grein um málið 7. þ. m.: „Framsókn leggur til að takmarka verkfallsrétt verkalýðsins og banna verkamönnum málfrelsi um tillögur, er varða kjör þeirra. Framsókn leggur til grundvallar löggjöfinni hið svívirðilega fyrirkomulag, sem dönsku alþýðuflokksforingjarnir gengu inn á.“ Þetta er náttúrlega allt saman ósatt í aðalatriðum, m. a. það, að dönsku verkalýðsforingjarnir hafi gengið inn á hina dönsku vinnulöggjöf, því að aðalfrv. báru þeir fram sjálfir.

Þessara ummæla vitna ég ekki til vegna þess, að þau séu í sjálfu sér merkileg, heldur vegna þess, að þau eru eftirtektarverð; þau sýna eins og svo oft áður afstöðu Framsfl. og hinna flokkanna, þegar verið er að leysa eitthvert stórt og viðkvæmt vandamál í þessu þjóðfélagi. Það mætti benda á mörg mál, þar sem aðstaðan hefir verið svipuð, það má m. a. minna á lausn lögreglumálanna. Annarsvegar stóð Íhaldsflokkurinn og síðan Sjálfstfl., sem vildu hafa fjölmennan her, sem kostaði hundruð þúsunda króna á ári, í baráttunni gegn verkalýðnum, og hinsvegar kommúnistar og Alþfl., sem svöruðu þessum öfgum frá hægri með því að vilja enga umbót og enga aukna lögreglu. Framsfl. valdi sína leið í því máli, og það er hann, sem hefir komið hér upp myndarlegu lögregluliði með tiltölulega vönduðum útbúnaði. Og það er skemmst að minnast útvarpsumræðnanna um Kveldúlfsmálið; þar var það annarsvegar Sjálfstfl., sem stóð að hinu alræmda Pálmatilboði, og hinsvegar Alþfl., sem vildi láta bankana kasta frá sér einni milljón til þess að geta gert félagið gjaldþrota; einnig þar fór Framsfl. sína leið. Og það má enn minna á útvarpsumræðurnar í efri deild um útvegsmálin; þar var annarsvegar Sjálfstfl., sem vildi láta útgerðina halda áfram í sama farinu, hafa skipstjóra með verðlaun af brúttóafla, og oft óhæfilegan tilkostnað að öðru leyti, og láta svo ríkið gefa fyrirtækjunum nógu mikið eftir, þegar þau geta ekki staðið í skilum; hinsvegar var þar Alþfl., sem sá það eina úrræði, að gera fyrirtækin gjaldþrota og láta ríkið taka reksturinn í sínar hendur; einnig þar bendir Framsfl. á sína leið. Við framsóknarmenn krefjumst þess, að vinnudeilur séu háðar að lögum og á lýðræðisgrundvelli. Við vitum, að atvinnulífið á Íslandi er ekki það traustara en annarsstaðar, að það þoli löglausar vinnudeilur á byltingagrundvelli. Við vitum, að hóflausar vinnudeilur, háðar gegn lögum og með ofbeldi, skapa lömun í atvinnulífinu og glundroða og valda upplausn í þjóðfé-

laginu. Við vitum það, og bendum íslenzkum verkamönnum á reynsluna, að þegar þetta upplausnarástand er skapað, þá nota deyjandi hægri flokkar með deyjandi málstað hin óbilgjörnu og hóflausu verkföll frá vinstri sem réttlætingu þess, að beita sjálfir ofbeldi og brjóta verkamannasamtökin niður til fulls. Þess vegna fylgjum við framsóknarmenn því fast fram, að vinnulöggjöf sé sett hér eins og í öðrum löndum, er hafa siðmenningu. En við viljum, að þessi löggjöf sé eins réttlát fyrir verkamenn eins og þar, sem hún er réttlátust.

Garðar Þorsteinsson: Herra forseti! Áður en ég sný mér að efni þessa frv., sem hér liggur fyrir til umr., vil ég fara nokkrum orðum um þau afskipti, sem hinir einstöku flokkar hafa haft af undirbúningi vinnulöggjafar. Að vísu er hér aðeins frv. um félagsdóm til umræðu, en það frv. er aðeins einn þáttur vinnulöggjafar, þannig að ég vona, að hæstv. forseti leyfi, að önnur atriði snertandi vinnulöggjöfina, svo sem vinnusamningar og sáttatilraunir í vinnudeilum, séu einnig rædd.

Á landsfundi Sjálfstfl. í byrjun apríl 1929 var samþ. ályktun um það, að nauðsyn bæri til þess, að sett væri vinnulöggjöf. Eftir því, sem ég bezt veit, mun þetta vera fyrsta samþykktin, sem gerð hefir verið af pólitískum flokki í þá átt, að vinna að setningu slíkrar löggjafar. Þessi samþykkt landsfundarins var raunverulega gerð í tilefni þess, að nýlega var afstaðið verkfall á togurum, er bakaði þjóðinni stórkostlegt tap. Nauðsyn slíkrar löggjafar varð oss Íslendingum ekki jafnsnemma ljós og öðrum þjóðum, vegna þess að atvinnulíf vort er frábrugðið. Það er fyrst upp úr aldamótunum, sem landsmenn eignast hin stórvirku atvinnutæki til sjávarins, er gera það að verkum, að fólkið fer að flýja sveitirnar til þess að njóta arðsamari atvinnu kaupstaða og kauptúna. Upp úr þessu myndast verkaskipting, meira en áður var, atvinnurekenda og atvinnuþiggjanda, og deilur byrja að rísa um skiptingu arðsins, og þessi hagsmunaágreiningur, sem þar kemur fram, leiðir til vinnustöðvana. Slíkar vinnustöðvanir, hvort sem þær eru gerðar af vinnuþiggjanda eða atvinnurekanda, hljóta fyrst og fremst að leiða af sér tjón fyrir aðiljana sjálfa, sem að slíkum deilum standa, en sem síðan bitnar á allri þjóðinni og veldur henni stórtjóni.

Eins og hv. þm. Snæf. skýrði frá, hafa aðrar þjóðir fyrir alllöngu sett löggjöf snertandi þessi málefni. Verkfallið mikla 1929 opnaði augu manna fyrir nauðsyn einhverrar þeirrar löggjafar, sem mætti verða til þess, að slíkt endurtæki sig síður, eða a. m. k. að framkvæmdarvaldið fengi styrkari aðstöðu til þess að verjast slíku.

1933 skorar landsfundur Sjálfstfl. á þm. hans að beita sér fyrir réttlátri og ýtarlegri vinnulöggjöf. Eftir kosningarnar 1934 tók þingflokkur Sjálfstfl. þetta mál á ný upp, en Vinnuveitendafélag Íslands hafði einnig hafizt handa um undirbúning slíkrar löggjafar, og á árinu 1935 átti stjórn þess félags nokkrum sinnum tal um það við formann Alþýðusambands Íslands, að samvinna yrði um það milli Vinnuveitendafélagsins og Alþýðusambandsins, að samin yrði vinnulöggjöf, sem bezt samrýmdist þeirri reynslu, sem fengin var á slíkri löggjöf á Norðurlöndum, lagaða eftir íslenzkum staðháttum. 4. jan. 1936 voru Alþýðusambandinu síðan sendar till. í því máli, og var til þess ætlazt þá, að þessi félög gerðu með sér samning, svipaðan dönsku septembersættinni 1899, og á slíkum samningi væri reist nauðsynleg löggjöf. Alþýðusambandið svaraði þessu með bréfi, dags. 29. jan. 1936, þar sem það er tilkynnt, að það muni ekki taka afstöðu til þessa máls, fyrr en umsögn stærstu verklýðsfélaganna sé fengin um það, hvort slíkir samningar væru æskilegir. Þar eð þannig sýnt þótti, að Alþýðusambandið vildi ekki sinna þessu, var af Sjálfstfl. samið frv., þskj. nr. 72 1936, um vinnudeilur. Voru þær till., er Vinnuveitendafélag Íslands hafði komið fram með, að mestu leyti lagðar til grundvallar, þó að hinsvegar ýmsu væri þar breytt.

Afstaða sósíalista til þessa máls hefir stöðugt verið sú, að reyna að draga þetta mál og beita sér með þeim hætti gegn því, eftir því sem þeir hafa getað. Framsfl. á Alþingi hefir hinsvegar tekið vinsamlega í málið og viðurkennt nauðsyn þess, og hæstv. forsrh. viðhafði þau ummæli á þingi í fyrra, að gengið væri þannig frá frv. okkar sjálfstæðismanna, að líklegt væri, að því væri vel tekið af báðum aðiljum. Ummæli hans nú eru því dálítið einkennileg, þar sem hann segir, að þetta frv. geti ekki orðið nein sætt milli aðilja; það sé samið af vinnuveitendum og það séu þeirra till., sem fram koma í frv., en annara ekki. Ef þessu er þannig farið, — hvers vegna var hæstv. ráðh. það þá ekki ljóst á síðastl. þingi og hvernig stendur á því, að þau 2 frv., sem Framsfl. nú ber fram á Alþ., eru nákvæm upptugga úr þessu frv. Sjálfstfl.? Það er að vísu svo, að ýmsu er sleppt, en það er ekkert það í frv. Framsfl., sem ekki er einnig í okkar frv. Og ég vil til þess að sanna þetta leyfa mér að benda til grg., sem fylgir frv. hv. þm. N.-Þ., þar sem hann skýrir frá því, að þetta frv. sé samið eftir danskri, sænskri og norskri löggjöf. Hvað er frv. Sjálfstfl. annað en að vera samið upp úr löggjöf þessara sömu þjóða? Hver er svo munurinn? Og ég vil spyrja hæstv. forsrh., hvar réttur verkalýðsfélaganna sé gerður minni í frv. Sjálfstfl. heldur en í hans flokks frv.? Hitt er svo rétt, sem hann hefir eftir Morgunblaðinu, að frv. Framsfl. gengur of skammt, ekki að vísu í þeim skilningi, sem hann vildi reyna að læða hér inn, að það gengi of skammt í því, að halla á rétt verkalýðsfélaganna, heldur gengur það of skammt hvað ýtarleg ákvæði snertir. En það er ekki eitt einasta atriði í frv. okkar sjálfstæðismanna, sem að nokkru leyti gæti gengið á rétt verklýðsfélaganna, án þess, að það einnig væri í frv. Framsfl. Þessi afstaða hæstv. ráðh. nú er því í engu samræmi við ummæli hans á síðasta þingi.

Fulltrúi Framsfl. í allshn. á þinginu 1936 gerði síðan till. um, að skipuð væri mþn. til að athuga þetta mál og koma fram með till. í því. Þetta var að vísu gert, og 15. des. 1936 skipaði atvmrh. 4 manna n., en þar var þó gengið algerlega framhjá atvinnurekendum, og fengu þeir þann-

ig engan fulltrúa í þeirri n. Sósialistar hafa eflaust hugsað sér með því móti að gera hvorttveggja í senn, að koma fram með þær till. einar, er atvinnurekendur ekki gætu sætt sig við, og hinsvegar jafnframt að draga málið, eftir því sem hægt yrði. Sósialistum má þó vera það ljóst, að ekki er hægt að fá friðsamlega lausn þessa máls án þess, að tekið sé tillit til beggja aðilja.

Fulltrúar Framsfl. hafa komið fram hér á Alþingi með 2 frv. snertandi vinnulöggjöfina; annað um félagsdóm en hitt um sáttatilraunir í vinnudeilum.

Ég verð nú að telja, að ef Framsfl. hefði haft hug á að leysa þetta vandamál, þá hefði hann að sjálfsögðu eins getað samþ. það frv., er Sjálfstfl. bar fram nú á Alþingi, eins og að koma fram með 2 frv., sem bera það með sér, að þau eru samin upp úr frv. sjálfstæðismanna, en hinsvegar ýmsu því sleppt, sem brýn nauðsyn er að lögfesta.

Frumvarp okkar sjálfstæðismanna er í 3 meginköflum. Fyrsti kaflinn er um vinnusamninga, hvernig þeir verði gerðir og hverjir geri þá. Ákvæði þau, sem þar koma fram, finnast ekki í frv. Framsfl. Það er þó ljóst, að koma þurfa fram í löggjöfinni nánar skýringar á því, hvernig slíkir samningar verði gerðir og hverjir geri þá, svo og hverjir beri ábyrgð á þeim. Þetta var þeim mun sjálfsagðara, þar sem einmitt er tekið fram í frv. Framsfl., að félagsdómur eigi að dæma um brot á vinnusamningum. Í frv. okkar sjálfstæðismanna eru verkalýðsfélögin og Alþýðusamband Íslands jafnt og atvinnurekendafélög, viðurkennd sem réttir samningsaðiljar. — Á 13. þingi Alþýðusambands Íslands í nóv. 1936 er gerð krafa um, að þessi viðurkenning fáist. Sú viðurkenning er löngu fengin og skjalfest í þessu frv., og er hér um eina af vísvitandi blekkingum sósialista að ræða, gerða til þess að reyna að læða því inn hjá almenningi, að Sjálfstfl. beitti sér gegn viðurkenningu á samningshæfi félaganna.

Í þessum kafla eru og ákvæði um það, hverjar samþykktir þurfi að gera innan félaga, til þess að vinnustöðvun megi hefjast, og með hvaða fyrirvara hún skuli hafin. Það er að sjálfsögðu nauðsynlegt að hafa ákvæði um það í lögunum, að verkamenn sjálfir á fundi skuli ákveða, hvort vinnustöðvun eigi að fara fram eða ekki, en ekki nokkrir ábyrgðarlausir æsingamenn. Jafnsjálfsagt er einnig að tilkynna mótaðiljanum með nokkrum fyrirvara, að verkfall eigi að hefja. Heill þjóðfélagsins krefst þess, að slíkur fyrirvari sé gerður, til þess að ríkisvaldið geti látið fram fara tilraunir til að koma á sáttum. Þetta, eða svipað ákvæði, sem gildir á öllum Norðurlöndum og víðar, er alls ekki tekið upp í frv. Framsfl., og ekki heldur eru nein ákvæði um það, að verkalýðsfélögin og vinnuveitendafélögin beri ábyrgð á því, að deildir þeirra og einstakir meðlimir haldi þá samninga, er gerðir hafa verið.

Annar kafli frv. okkar sjálfstæðismanna svarar til frv. Framsfl. um sáttatilraunir í vinnudeilum. Frv. er einnig auðsæilega samið eftir þessum kafla, en þess hinsvegar ekki gætt, að endurprenta hann nákvæmlega, heldur sleppa nokkrum atriðum, sem nauðsynlega verða að vera lögfest. Þar vantar t. d. mjög þýðingarmikið ákvæði í frv. Framsfl., sem sé það, að vinnustöðvun megi ekki fara fram fyrr en eftir ákveðinn tíma frá því, að sáttasemjarinn hefir fengið málið í hendur, og að hann geti í einstökum tilfellum bannað vinnustöðvun, á meðan sáttatilraunir fara fram. Ákvæði um þetta, sem gilda í Danmörku, hafa nú nýlega verið notuð af sáttasemjara ríkisins, sem bannaði verkfall.

Frv. um félagsdóm svarar til þriðja kafla frv. okkar sjálfstæðismanna, um vinnudómstól, og hefði einnig farið betur á því, að frv. okkar hefði verið nákvæmlega fylgt. Í frv. Framsfl. er gert ráð fyrir, að í félagsdómnum eigi sæti 5 menn, og séu 4 tilnefndir af málspörtunum sjálfum, í stað þess, að við teljum eðlilegt, að hæstiréttur tilnefni 3 menn, til þess að dómstóllinn sé sem mest óháður. Ef 4 eru tilnefndir af málspörtunum, velta úrslit máls raunverulega ætið á einum manni, en slíkt er hættulegt fyrir réttlát úrslit. Sömuleiðis vantar í þetta frv. ákvæði um það, hvenær vinnustöðvun sé ólögleg o. s. frv.

Ýms fleiri ákvæði eru það, sem nauðsynleg mega teljast í slíkri löggjöf og vantar í frv. framsóknarmanna, þó að ég hinsvegar hafi ekki tíma til þess nú, að ræða það nánar.

Sósialistar berjast gegn framgangi þessarar löggjafar. Þeir hafa ásamt vinum sínum, kommúnistum, gert allt, sem í þeirra valdi stendur, til þess að gera þessa löggjöf tortryggilega. Sósialistar hafa þannig reynt að telja mönnum trú um það, að þessi löggjöf væri einhver þrælalöggjöf, sem svipti einstaklingana eða verkalýðsfélögin rétti til verkfalla og að vinnudómstóllinn ætti að dæma um það, fyrir hvert kaup einstaklingarnir skyldu vinna á hverjum tíma og hvort kaupið skyldi vera þetta eða hitt á hverri klukkustund. En hér er að sjálfsögðu um vísvitandi rangfærslur og blekkingar að ræða. Að því er snertir sáttatilraunir í vinnudeilum, er eini munurinn á þeim ákvæðum og gildandi löggjöf sá, að sáttasemjari ríkisins og héraðssáttasemjarar fá aukið vald, að því leyti, að þeir eiga kröfu til að fylgjast meira en nú er með þeim vinnusamningum, sem gerðir eru á milli verkalýðsfélaga og atvinnurekenda. Ef tilefni er til að efast um, að ekki náist samningar um kaupgjald, ber sáttasemjurum að fylgjast með því, fá upplýsingar um allar aðstæður, og síðan verða aðiljarnir, hvort sem það er vinnuveitandi eða verkalýðsfélag, að láta fara fram sáttatilraun, áður en vinnustöðvun skellur á, og sáttasemjararnir geta undir vissum kringumstæðum bannað vinnustöðvun ákveðinn stuttan tíma.

Enginn hefir efazt um, að lögin frá 1925 um sáttatilraunir í vinnudeilum hafi gert mikið gagn, og iðulega hefir sáttasemjaranum tekizt að jafna deilurnar. Ríkisvaldið og heill þjóðarinnar hlýtur að eiga kröfu til þess, að gerðar séu af hinu opinbera úrslitatilraunir til þess að koma á sáttum. Ef sættir hinsvegar ekki takast, hafa verkalýðsfélögin og atvinnurekendur allan sama rétt og þau hafa nú til þess að gera verkfall eða verkbann. Þessi áhrifamikli réttur þeirra til stöðvunar atvinnulífsins er því ekki af þeim

tekinn, heldur aðeins er framkvæmd hans undir vissum kringumstæðum frestað um stund. Sannleikurinn er einnig sá, að engum vinnuveitanda eða verkamanni dettur í hug að neita því, að ekki skuli gerð ýtarleg tilraun til sátta. Engin löggjöf er t. d. til um það, að vinnuveitendur og verkalýðsfélög skuli, áður en slitnar upp úr samningum, kjósa sérstaka samninganefnd úr sínum hópi. En reynslan hefir kennt mönnum þetta. Ég hygg, að nú orðið sé ætíð kosin af hvorum aðilja samninganefnd til að reyna að fá samkomulag, og nú eru t. d. starfandi slíkar nefndir frá vinnuveitendum og Dagsbrún. Áframhaldið af slíkum tilraunum til að ná samningum er að sjálfsögðu það, að óháður, óhlutdrægur maður, sem sé sáttasemjari ríkisins, reynir sættir og kemur með miðlunartillögur. Þetta hvorttveggja finnst nú öllum orðið sjálfsagt, verkamanninum jafnt sem atvinnuveitandanum. En þá koma á eftir til greina pólitískir hagsmunir broddanna, hvort sem þeir bera merki sósíalista eða kommúnista, sem sé þeir, að fá aukið vald verkfallsins með því að fá því skellt á fyrirvaralaust. Slíkir ábyrgðarlausir pólitískir ofstopamenn hugsa þá ekki um hag heildarinnar. Þeir fara ekki heldur eftir því, hvort meiri hlutinn af þeim, sem málið skiptir, óskar eftir vinnustöðvun, heldur hefir reynslan sýnt, að hún er þvinguð fram, — jafnvel borin fram af stólfótum, ef ekki öðru.

Þessir forsprakkar sósíalista og kommúnista óttast ekki, að með frv. okkar sjálfstæðismanna eða frv. Framsfl. sé verið að taka einhvern rétt af verkamanninum, heldur óttast þeir, að það sé verið að minnka pólitískt vald þeirra sjálfra. Löggjafarvaldið og framkvæmdarvaldið getur hinsvegar ekki tekið tillit til slíkra persónulegra pólitískra hagsmuna. Það er skylda þess að vernda vinnufriðinn og forðast til hins ýtrasta örlagaríkar og langvarandi deilur. Þetta er það, sem löggjöf um sáttatilraunir á að tryggja, en svipta alls ekki einstaklinga eða félög rétti til vinnustöðvana, ef sáttatilraunir bregðast.

Sá dómstóll, sem samkv. frv. okkar á að starfa, er ekki til þess að dæma um upphæð kaupgjalds, heldur er þar um að ræða sérdómstól, sem á raunverulega að dæma um það eitt, hvort samningar hafi verið brotnir af öðrum hvorum aðilja eða ekki. Sá réttur, sem hverjum einstaklingi mun vera einna helgastur, er réttur hans til þess að geta borið mál sitt undir dómstólana, þannig að hann geti fengið af óhlutdrægum mönnum úrskurð um þau mál, er snerta réttindi hans eða skyldur. Sú leið, er menn almennt geta farið, er að leita til hinna hæglátu og seinvirku almennu dómstóla. Hér stendur svo sérstaklega á, að aðiljum er nauðsynlegt að fá enda bundinn á þrætu sína um það, hvort samningur hafi verið brotinn eða ekki, mjög fljótt. Af fjárhagslegum og þjóðhagslegum ástæðum er ekki hægt að bíða úrslita hinna almennu dómstóla, og þess vegna er hér settur á stofn sérdómstóll, skipaður 3 óhlutdrægum mönnum, tilnefndum af hæstarétti, og 2 tilnefndum af málspörtum, er hafi sérstaka þekkingu á öllum málavöxtum. Þessi dómstóll skal síðan kveða upp dóm á mjög skömmum tíma. Með þessu er því ekki verið að taka rétt af hvorugum aðilja, heldur er verið með sérstökum ákvæðum að tryggja rétt þeirra og hagsmuni. Hinu verður svo ekki gleymt, að dómstóllinn dæmir aldrei um það, fyrir hvaða kaup einstaklingurinn eigi að vinna, aðeins um gildi og skilning á samningum. Kaupgjaldið er alveg óviðkomandi þessum dómstól.

Vinnulöggjöf, sniðin eftir frv. okkar sjálfstæðismanna, að fenginni reynslu annara þjóða, gerir því hvorttveggja í senn, að viðurkenna rétt beggja aðiljanna, atvinnuþiggjandans og atvinnuveitandans, og heimila þeim eftir sem áður vinnustöðvun, en tryggja þeim jafnframt skjótan dóm sinna mála. Svo tekur hún og tillit til hagsmuna alþjóðar, þannig að það sé tryggt, að allt sé gert af því opinbera, sem megi verða til þess að fyrirbyggja slíka truflun á atvinnulífinu, sem vinnustöðvun hefir í för með sér, og fyrirbyggja það tjón, sem einstaklingarnir og þjóðin í heild sinni ætíð hljóta að bíða við hana.

***Héðinn Valdimarsson:** Menn eru ekki í neinum vafa um það, a. m. k. ekki verkalýðurinn, hvað vakir fyrir Sjálfstfl. með þeim stöðugu tilraunum, sem hann gerir til þess að útbúa löggjöf á hendur verkalýðsfélögunum hér á landi. Hann hefir gert margar tilraunir í þá átt og byrjaði harðast, en þetta er eitt af því veikasta, sem frá honum hefir komið. Þessi flokkur hefir hvað eftir annað komið með frv. um lögþvingaðan gerðardóm í vinnudeilum, þar sem hægt væri að ákveða kaup og önnur vinnukjör verkalýðsins. En þetta hefir verið svo óvinsælt af öllum stéttum, nema atvinnurekendum, að flokkurinn hefir horfið frá þessu. Þó hefir flokkurinn bezt sýnt, hvað hann vildi í þessu efni, þegar hann barðist mest fyrir því að koma á varalögreglunni, sem allir vissu, að beint var gegn verkalýðsfélögunum hér í bænum. Og svo koma þessir háu herrar og þm. og segjast vera að vinna fyrir verkalýðinn með því að koma fram með ýmiskonar vinnulöggjöf.

Það er öllum kunnugt, að verkalýðurinn hefir ekkert á móti því, að til sé löggjöf um sáttatilraunir í vinnudeilum, enda hafa fulltrúar Alþfl. á þingi samþ. þá löggjöf, sem nú er til um það efni, og sáttasemjarar eru stöðugt kosnir að nokkru leyti af fulltrúum verkalýðsins. Það er líka kunnugt, að Alþfl. hefir ekkert á móti því, að til væri fastur gerðardómur, sem hægt væri að leita til fyrir atvinnurekendur og verkalýðsfélög, þegar þau væru ásátt um það. En það, sem komið hefir fram í frv. Sjálfstfl. um þessi efni og eins mörg ákvæði í frv. þeim, sem nú eru flutt af hv. þm. N.-Þ., er ekki það, sem verkalýðsfélögin vilja í þessum efnum. Þau óska ekki eftir því, að 75% þurfi til þess að samþ. verkfall. Og þau óska heldur ekki eftir því að hafa stórar sektir og skaðabætur við yfirsjónum þeim, sem fram kunna að koma á móti þessari löggjöf, þar sem vitað er, að annar aðilinn, atvinnurekendur, hafa fjármagnið, hvort sem þeir hafa fengið það í milljónavís að láni og geta svo notað það eftir eigin vild eða þeir hafa aflað þess á annan hátt, en hinn aðilinn eru fátækir verkamenn með litla sjóði. En aðalatriðið er þó, að það eru ekki atvinnurekendur, sem eiga

að setja slíka löggjöf sem þessa, heldur verkafólkið sjálft.

Það er kunnugt, að stj. landsins hefir síðastl. 2 ár hvílt á því, að Framsfl. og Alþfl. hafa starfað saman. Þetta hefir gengið vel. Alþfl. hefir gert sitt til þess að koma fram hagsmunamálum bændanna, og Framsfl. hefir á ýmsan hátt aðstoðað Alþfl. með þau mál, sem snerta verkafólkið og alþýðuna við sjávarsíðuna. En svo undarlega bregður við nú á þessu þingi, að Framsfl. snýst í þessum brennheitu áhugamálum Alþfl. og leggst á sveif með mestu andstæðingum alþýðunnar, atvinnurekendum og sjálfstæðismönnum, svo að ekki er hægt að sjá verulegan mun á frv. Sjálfstfl. og frv. þeim, sem hv. þm. N.-Þ. ber nú fram f. h. Framsfl. Nú er mér spurn: Höfum við alþýðuflokksmenn á þingi farið þannig með bændurna? Höfum við verið með því að taka sjálfsákvörðunarréttinn af þeim? Höfum við ekki viljað láta þá hafa atkvæðisrétt um það, hvernig farið er með þeirra eigin mál? En hér kemur Framsfl. með frv., sem gengur í þveröfuga átt við vilja verkalýðsfélaganna. Það er ekki verið að auka rétt verkalýðsfélaganna, nei, heldur takmarka hann.

Verkalýðsfélög í öðrum löndum, og sérstaklega á Norðurlöndum, hafa á margan hátt fengið tryggðan sinn rétt, ekki aðeins með sérstakri vinnulöggjöf, heldur á ýmsan annan hátt. Er það nokkuð á annan veg hér, þar sem verkalýðsfélögin hafa í engu tilfelli fengið rétt sinn tryggðan. Það, sem einkennir frv. þau, sem nú liggja fyrir þinginu um þetta efni, er það, að í þeim felst öllum takmörkun á rétti verkalýðsins, en ekki aukning á honum. Það er t. d. talað um félagslöggjöfina sjálfa, en ekkert um rétt verkalýðsfélagsskaparins gagnvart verkfallsbrjótum og utanfél.mönnum. Þetta er kannske ekki undarlegt, þegar þess er gætt, að þeir, sem að frv. standa, hafa sjálfir notað verkfallsbrjótana, þegar þeir hafa þurft á að halda. Þá væri og ekki úr vegi að hafa ákvæði í lögum um að vernda rétt alþýðusamtakanna gagnvart einstökum félögum utan þeirra. Þá væri og ekki úr vegi að auka rétt Alþýðusambandsins á þann hátt, að láta heyra undir það ýms mál snertandi verkalýðinn í landinu, eins og t. d. Búnaðarfélag Íslands ræður yfir ýmsum málum bændastéttarinnar.

Þá er ekki í frv. verið að reyna að vernda rétt trúnaðarmanna verkalýðsins eða rétt verkalýðsfélagsskaparins. Allt slíkt á að takmarka.

Hv. þm. N.-Þ. gat þess í ræðu sinni, að Framsfl. hefði jafnan verið vinveittur málum Alþfl., eins og t. d. vökulögunum, verkamannabústaðamálinu o. fl. Að þessi mál voru flutt hér á þingi og náðu fram að ganga, var ekki að tilhlutun Framsfl. heldur aðeins vegna stuðnings hans við þau.

Ég vil nú spyrja: Hvers vegna þarf að flýta þessum málum svo mjög sem raun ber vitni um? Hvers vegna mega verkalýðsfélögin í landinu ekki fá tóm til þess að athuga þau, eins og t. d. bændur landsins fengu til þess að ræða jarðræktarlögin? Liggur Framsókn svo mjög á að komast í flatsængina með sjálfstæðismönnum, að ekki megi bíða með frv., svo að verkalýðnum í landinu gefist kostur á að athuga þau. — Hæstv. forsrh. sagði í ræðu sinni, að öll verkföll væru vandræði, sem þyrfti að afstýra. En hvað segir hæstv. ráðh. um fátæktina? Er hún kannske ekki vandræði? Ég býst tæplega við, að hann geti neitað því. Og eru verkföllin ekki einmitt til að hamla á móti henni?

Þá minntist hæstv. ráðh. á hin svonefndu „hvítu verkföll“, en minntist ekkert á neina nauðsyn á að ganga á móti þeim, heldur aðeins á móti rétti verkalýðsfélaganna.

Það er nú kunnugt, hverjar undirtektir frv. þessi hafa fengið úti um land hjá verkalýðsfélögunum, og það er líka kunnugt, hvaða samþykktir voru gerðar um þetta á Alþýðusambandsþinginu síðastl. haust. Samkv. þeim undirtektum, sem frv. þessi hafa fengið hjá verkalýð landsins, mun Alþfl. halda á þessum málum.

Ég vil svo að síðustu beina því til alls verkalýðs þessa lands, sjómanna, verkamanna og iðnaðarmanna, sem þetta mál mitt heyra, að standa fast saman í þessu máli, eins og öllum góðum málum verkalýðsfélagsskaparins, og vera á móti öllu því, sem getur orðið til þess að skerða rétt hans. Neitið því, að nokkur löggjöf verði sett um þessi mál, sem ekki hefir verið samþ. af landssambandi ykkar. Lofið því að standa saman um kröfurnar um það, að verkalýður landsins hafi ekki minni rétt en aðrar stéttir landsins, og ekki minni sjálfsákvörðunarrétt.

***Hannes Jónsson:** Hæstv. forsrh. sagði í ræðu sinni áðan, að einhverntíma yrði að byrja á því að segja verkalýðnum satt frá þessum málum, ef á annað borð ætti að fá lausn á þeim. Út af þessum orðum hæstv. ráðh. vil ég spyrja hann, hvers vegna eigi þá ekki að segja þeim allan sannleika, eins og t. d. hvernig Framsfl. hugsar sér að leysa þetta vandamál í samstarfi við sósíalista? Þá vildi ég og spyrja hæstv. ráðh., hverskonar flokkur hans sé að dylja sinn rétta vilja í þessu máli, og ennfremur, hvers vegna hann sé að bera mál þetta fram nú í þinglokin?

Í þessu sambandi er dálítið skemmtilegt að athuga það, sem framsóknarmenn hafa alltaf látið dynja á okkur bændaflokksmönnum, þegar við höfum verið að bera fram hér á Alþingi mál bændanna. Þá hefir jafnan kveðið við: Hvers vegna kemur það ekki með þetta og hitt, á meðan að þið höfðuð aðstöðu til þess að koma því fram? Hvers vegna eruð þið nú fyrst að koma með þetta? o. s. frv. Nú gera þessir háu herrar nákvæmlega það sama og þeir hafa verið að saka okkur um. Þeir koma fram með frv., sem þeir vita, að þeir koma ekki fram í þinginu nema í samvinnu við sósíalista, en þeir eru eindregið á móti því. Hvers vegna er nú verið að leika þennan skollaleik? Og hvernig stendur á því, að hæstv. forsrh. hefir ekki borið fram frv. til fullkominnar lausnar á þessu máli, á meðan hann hafði aðstöðu til þess að koma því í gegn? Honum hefir án efa verið kunnugt um það fyrr en í vetur, hvaða lög gilda í þessum málum hjá nágrannaþjóðum okkar. En nú ber hann það fram, þegar kosningar standa fyrir dyrum. Öll framkoma hæstv. ráðh. bendir ótvírætt til þess, að þetta sé allt einn skollaleikur hjá honum og flokki hans, aðeins til þess að reyna að villa

þjóðinni sýn nú við í hönd farandi kosningar, blekkja hana í þessu máli sem öðrum.

Þá sagði hæstv. ráðh., að jafnaðarmenn hefðu ekki viljað leggja neitt fram um þessi mál í þetta sinn. En eftir þeim upplýsingum, sem ég hefi fengið af störfum n., sem skipuð var í vetur til þess að athuga þessi mál, þá er ekki annað hægt að sjá en að hvorugur stjórnarflokkurinn hafi viljað leggja neitt fram um þessi mál nú. Það er ekki fyrr en Framsfl. sér, að kosningar eru fyrir dyrum, að hann hrekkur við og kemur með þetta frv.. — Þá hefir hæstv. forsrh. ekki neitað því, sem sagt hefir verið, að frv. þetta sé meinlaust kák, enda tæplega hægt fyrir hann, þar sem það er augljóst, að það gengur miklu skemmra en samskonar löggjöf á Norðurlöndum. Eitt var það, sem hæstv. ráðh. sagði í hinni mjög svo einkennilegu ræðu sinni, að kröfur tímans væru þær, að þessum málum væri skipað með skynsamlegri löggjöf. Þetta er vitanlega rétt, en ég vil spyrja: Hvers vegna gerir hann enga tilraun til þess að skipa málunum á þessa leið fyrr en nú, þegar hann sér enga möguleika til þess að koma till. sínum fram? Það er óneitanlega eitthvað bogið við þessa framkomu ráðh.

Hv. 2. þm. Reykv. sagði, að frv. sjálfstæðismanna um vinnudóm væri það veikasta, sem frá þeim hefði komið um þessi mál. Mér finnst, að þeir geti verið ánægðir með að fá þessa viðurkenningu, að þeir séu þó dálítið að batna. Annars finnst mér það ekkert ámælisvert, þó að menn vilji sveigja til í málum í von um, að til samkomulags geti leitt.

Þó að það sé eðlilegast, að þetta mál sé leyst í sameiningu af vinnuveitendum og vinnuþiggjendum, þá verður varla talið forsvaranlegt að bíða svo lengi með lausn þess, að sósialistar skilji nauðsynina á að leysa það. A. m. k. verður ekki séð, eftir því sem þýtur í tálknunum á kommúnistum, að útlit sé fyrir, að samkomulag náist við þá fyrst um sinn. — Þá sagði hv. 2. þm. Reykv., að verkalýðsfélögin ættu sjálf að setja sér lög, en ekki aðrir. Þetta er rétt, á meðan þau setja sér ekki þau lög, sem allri þjóðarheildinni getur orðið til hins verra. Slíka löggjöf þarf að hindra. Það er næsta eðlilegt, að þessi hv. þm. spyrji framsóknarmenn, hver sé ástæðan fyrir því, að þeir hraði málum þessum svo mjög nú. Ég þykist nú vita, að hv. þm. fari nærri um ástæðuna, enda þótt hann spyrji. Hann veit það eins og flestir, að það er enginn vilji hjá Framsókn að flýta þessum málum nú, heldur eru þau borin fram sem mótleikur á móti Kveldúlfsleik jafnaðarmanna. Um nauðsyn þess að setja löggjöf um þetta mál eru allir sammála nema sósialistar; þeir vilja hafa óbundnar hendur til þess að geta otað fólkinu út í vinnudeilur, þegar þeim sýnist. Að vinnudeilurnar geti ekki harðnað frá því, sem þær hafa verið til þessa, hafa engin rök verið færð fram fyrir, og tjónið af þeim orðið meira en ennþá er fram komið. Þvert á móti bendir flest til hins gagnstæða, því að eftir því sem samtök atvinnurekendanna aukast, eftir því vex hættan á því, að þjóðin geti beðið tjón af vinnudeilum. Til þessa hefir það að vísu verið svo, að samtök verkamanna hafa verið sterkari en atvinnurekendanna, og því í flestum tilfellum orðið til þess að ráða úrslitum. En fari svo, að atvinnurekendur verði öflugri, þá er ekki óhugsandi, að verkamenn biðji um löggjöf um þetta efni, en ég tel ekki rétt að bíða eftir þeim árekstrum, sem af því kunna að verða, og því sé réttara í þessu tilfelli sem öðrum, að byrgja brunninn, áður en barnið er dottið ofan í hann.

Flm. (Gísli Guðmundsson): Herra forseti! Ég mun nota þær 7 mínútur, sem ég hefi til umráða, til þess að gera smáaths. við það, sem að mér hefir verið beint.

Um ræður hv. síðasta ræðumanns vil ég segja það eitt, að ég teldi æskilegt að hann gæfi upplýsingar um það, hvort hann sé með eða móti frv.

Skal ég þá fyrst snúa mér að ræðu hv. 1. landsk. Hann gerði að umræðuefni störf n. þeirrar, sem skipuð var í vetur til þess að athuga þessi mál, og ég held, að hann hafi sagt þar heldur meira en hann vissi. Það var t. d. ekki rétt, að frv. það, sem hér er til umr., sé samið af Ragnari Ólafssyni eða okkur framsóknarmönnum út af fyrir okkur, heldur var það svo, að samvinna var í n., og málið var rætt þar sameiginlega. Hinsvegar er það rétt, að frv. var ekki borið formlega upp til samþykktar í n.

Þá var það og heldur ekki rétt hjá þessum hv. þm., sem hann sagði um hinar erlendu upplýsingar, sem n. höfðu borizt, og því til sönnunar skal ég geta þess, að nokkrum dögum eftir nýjár lá fyrir útdráttur, sem n. hafði gert úr allri aðalvinnulöggjöf Norðurlanda. — Ég mun svo láta þetta nægja um þetta atriði, því að ég vil ekki fara að draga störf þessarar n. meira inn í umræður að svo stöddu.

Hv. 1. landsk. og hv. 2. þm. Reykv. töldu sig vera á móti því, að frv. um þetta efni kæmi fram nú. Um þetta var mér kunnugt, en ég vildi óska, að þeir gerðu grein fyrir, hvað það er í frv., sem þeir raunverulega eru mótfallnir. Enda þótt ekkert sé í frv., sem samherjar þeirra, sósialistar á Norðurlöndum, hafa ekki tekið inn í sína löggjöf.

Ég hjó eftir einu atriði hjá hv. 2. þm. Reykv. Það var að heyra svo, að hann hefði eitthvað að athuga við vinnudóm, er dæmdi um ágreining út af gerðum samningum, en ég vil þá spyrja hann: Hvernig stóð á því, að öll verklýðsfélögin játuðust undir úrskurð gerðardóms í Sogsdeilunni í fyrra, og var þó meirihluti dómendanna frá vinnuveitendum eða 3 af 5? Hv. þm. hlýtur að sjá, að með tilliti til afstöðu sinnar til þessa Sogsmáls, er það fjarstæða fyrir hann, að vera á móti félagsdómi. Ég læt svo þetta nægja til fulltrúa Alþýðuflokksins.

Út af ræðum hv. sjálfstæðismanna, hv. þm. Snæf. og hv. 8. landsk., vil ég taka þetta fram. Þeir vildu báðir gera mikið úr ófullkomleika frv., því að ekki væri tekið upp í það allt, sem fælist í löggjöf Norðurlanda um þessi efni. Það vantaði ýms atriði, og voru þeir með hinar og þessar upptalningar. Mér kemur þetta ekkert á óvart; ég gat þess, að ýmsu hefði verið sleppt af því, sem gildir á Norðurlöndum, um vinnustöðvanir almennt og um rétt verkamannafélaga og

vinnuveitendafélaga og samningagerðir þeirra á milli. Ég álít, að síðar eigi að koma löggjöf um þetta efni. En það er sannarlega engin goðgá að bera fram frv. um þessi efni, þótt allt sé ekki tekið með í einu. Vinnulöggjöfin á Norðurlöndum kom smátt og smátt eftir eðlilegri þróun. Fyrst þau ákvæði, er þetta frv. hefir að geyma, en önnur atriði ekki fyrr en á eftir. Það er sannarlega svo mikill vandi að setja lög um þetta viðkvæma efni, að það er ekki rétt, að setja öll atriði í lög í einu, heldur byrja gætilega og haga sér síðan eftir reynslunni. En ef hv. sjálfstæðismenn vilja segja, að ýmislegt vanti í þetta frv., sem búið sé að lögleiða á Norðurlöndum, þá vil ég spyrja þá: Vantar ekki einnig í þeirra frv. ákvæði, sem gilda á Norðurlöndum? Hvernig er t. d. um ýms refsiákvæði?

Annars vil ég segja það út af þeirri **drýldni** hv. sjálfstæðismanna, sem kemur fram í þeirra ræðum, eins og þeir einir sitji yfir allri þekkingu um það, hvað gildi á Norðurlöndum í þessum efnum, að það virðist svo, sem þeim sé ekki svo kunnugt sem ætla mætti um öll atriði í vinnulöggjöf Norðurlanda. Í grg. með frv. þeirra, sem þeir hafa flutt á tveim þingum, er skýrt rangt frá um þetta efni. Ég ætla ekki, að hér sé um fölsun að ræða, heldur stafi þetta af vantandi þekkingu. Og ég get nefnt rétt sem dæmi um þetta, að þeir sögðu í grg. í fyrra frá sérstökum ákvæðum, sem giltu í Noregi um miðlunarstarf sáttasemjara í vinnudeilum. En þessi ákvæði var búið að afnema nokkru áður en þeir létu frá sér þessa grg. Og þeir virðast heldur ekki vita, að í Svíþjóð hefir verið gerð viðbót við sáttasemjaralögin þar í landi, áður en þeir bera fram frv. sitt nú.

Ég hefi ekki tíma til að segja meira. Ég vona, að hv. þdm. og hlustendum sé það ljóst, að þessu frv. er mjög í hóf stillt og að við framsóknarmenn erum ákveðnir í því, að hrapa ekki að neinu í þessum efnum. En vinnudeilurnar, þessi alvarlegu vandamál þjóðanna, eru komnar til okkar Íslendinga, og hjá því verður ekki komizt hér fremur en annarsstaðar, að athuga með festu og gætni, hvernig þær eigi að leysa.

***Garðar Þorsteinsson:** Herra forseti! Ég ætla lauslega að minnast á nokkur atriði í ræðum hv. þm., sem talað hafa.

Hv. þm. N.-Þ., er síðastur talaði, tók það réttilega fram, að ýms atriði vantaði í okkar frv., sem í gildi væru á Norðurlöndum. Þetta er tekið fram í grg. fyrir frv. okkar sjálfstæðismanna. Hér verður að semja lög um þetta efni, er miðast við íslenzka staðhætti. Það er rangt hjá honum, að þetta sé ekki allt tekið fram í grg. okkar, en hv. þm. er kannske vorkunn, því að sú grg. var prentuð á erlendu máli. Hitt er leiðinlegra, ef þessi hv. þm. ætlar nú að fara að draga sig til baka til vinstri í þessu máli, til sinna fyrri félagsbræðra, sósialista og kommúnista, svo að maður geti búizt við að heyra samskonar gleðihróp úr þeirri átt og heyrðust um daginn frá sameiningarathöfninni á Siglufirði.

Hv. 1. landsk. og hv. 2. þm. Reykv. sögðu báðir, að sósialistar væru ekki á móti því, að ríkið gerði sáttatilraunir í vinnudeilum. Hvers vegna eru þeir þá á móti þeim kafla í okkar frv., er fjallar um þetta efni? Það væri fróðlegt að heyra þá færa rök fyrir því, að frv. okkar brjóti í bág við hag alþýðunnar. En hvað hefir gerzt í Danmörku, þar sem jafnaðarmenn eru í meiri hluta? Það er vitað, að sáttasemjari ríkisins þar hefir rétt til að banna verkfall, meðan samningar standa yfir, og það hefir endurtekið sig hvað eftir annað, að miðlunartillögur hans hafa verið lagðar fyrir Ríkisþingið og verið afgreiddar sem lög frá þinginu. Ég býst við, að sósialistum hér þætti það hart, ef farið væri fram á slíkt í frv. sjálfstæðismanna, þótt flokksbræður þeirra í Danmörku láti sér slíkt vel líka. Nei, andstaða sósialista hér gegn frv. okkar sjálfstæðismanna stafar af því, að kosningar standa fyrir dyrum, en ekki af því, að þeir séu að hugsa um málstað verkamannanna. Sósialistar eru hér, alveg eins og í Kveldúlfsmálinu, að reyna að komast í veg fyrir kommúnista, af því að þeir óttast þá; það eru ekki hagsmunir verkamannanna, heldur pólitiskir hagsmunir þeirra sjálfra, sem ráða afstöðu þeirra. Þeir afneita kommúnistum, en taka upp stefnu þeirra í verki, neita þeim í orði, en játa á borði. Þeir ætla sér að reyna að afvopna kommúnista í næstu kosningum, enda hafa þeir sjálfir sagt, að þeir þurfi að bera eitthvað fram til að útiloka kommúnista. Sósialistar samþ. að vísu á 13. þingi Alþýðusambandsins í haust, að alþýðan vildi enga vinnulöggjöf nema eftir sínu höfði. En hvernig er það með Alþýðusambandið, hvernig starfar það, og hvernig eru þing þess saman sett? Það eru ekki verkamenn, sem ráða þar: það eru aðrir, sem ráða. Ég vil út af því leyfa mér að vísa til 14. gr. samþykkta alþýðusambandsins; þar segir, að kjörgengi fulltrúa á sambandsþing og í opinberar trúnaðarstöður fyrir sambandsins eða flokksins hönd sé bundið við, að fulltrúinn sé alþýðuflokksmaður og tilheyri engum öðrum stjórnmálaflokki. Og hann verður að gera meira. Áður en kosning fulltrúa er samþ. af fulltrúaráði á fjórðungsþingi eða á sambandsþingi, verður hann að skrifa nafn sitt undir stefnuskrá Alþfl. hjá forseta samkomunnar o. s. frv. Þannig er þessu farið. Það fer vitanlega enginn að halda því fram, að það séu hagsmunir verkamanna, sem hér er verið að tryggja, með því að gera það að skilyrði fyrir réttindum á þingum Alþýðusambandsins, að fulltrúar tilheyri vissum stjórnmálaflokki, eins og allir verkamenn tilheyri þeim flokki. Nei, það er ekki þess vegna, sem fulltrúarnir þurfa að gefa út yfirlýsingu um fylgi við vissan flokk, það er vegna pólitíska hagsmuna sósialista, vegna pólitíska hagsmuna Héðins Valdimarssonar, en ekki vegna hagsmuna verkamanna. Þess vegna er það ekkert skilyrði fyrir góðri lausn þessara mála, að hún verði alveg í samræmi við samþykktir Alþýðusambandsins. Hv. 2. þm. Reykv. sagði, að gerðardómur mætti dæma um vinnusamninga í einstökum tilfellum, ef samið væri um það fyrirfram af báðum aðiljum, að gerðardómur skyldi dæma um ágreininginn. En hver er munur á því, að láta gerðardóm dæma þannig í einstökum tilfellum, og hinu, að setja generalt ákvæði í lög um slíkan dómstól? Þar er vitanlega enginn munur á.

Hæstv. forseti tilkynnir mér að tími minn sé

á enda. — Ég vil aðeins að lokum minnast á þá áskorun, sem hv. 2. þm. Reykv. flutti hér svo klökkur áðan til allra verkamanna á landinu um að standa fast á móti öllum lagaboðum um þetta mál. Það er ekki til verkamanna, heldur til flokksmanna hv. þm., sem þessi áskorun er flutt, af því að hann er hræddur um, að verkamennirnir séu að yfirgefa sig. Mín áskorun til verkamanna er sú, að þeir geri sér ljóst, að með frv. okkar sjálfstæðismanna er ekki verið að taka neinn rétt af verkamönnunum. Tilgangur frv. er að reyna að sætta þá, sem deila um skilning á gerðum vinnusamningum. Verkamenn hafa sama rétt til verkfalla og þeir höfðu áður. Vinnudómurinn á ekki að dæma um kjör verkamanna, heldur um vinnusamninga.

***Héðinn Valdimarsson:** Hv. þm. Snæf. sagði, að með lögum frá 1915 væri opinberum starfsmönnum ríkisins bannað að taka þátt í verkföllum. Þetta er rétt. En síðan alþfl. fékk fulltrúa á Alþingi, hefir stöðugur áróður verið frá hendi íhaldsins fyrir því, að rýra verkfallsrétt verkalýðsins, svo að það hefir ekki verið byrvænlegt fyrir flokkinn, að fá breytt þessum l. En ég tek hv. þm. nú á orðinu, úr því að hann og hans flokkur vill fylgja því, að afnema þetta bann, og skora á hann að bera fram frv. um það.

Hv. þm. N.-Þ. sagði, að gerðardómur hefði verið *látinn dæma í Sogsdeilunni um árið*. En sá var munur á því máli og ákvæðum þessa frv., að þá komu báðir aðiljar sér saman um það fyrirfram, að hlíta dómsúrskurði um ágreininginn, en hér er verið að stofna gerðardóm fyrirfram, áður en til ágreiningsmála kemur. Ég vil heimta sama sjálfsákvörðunarrétt og gildir í hliðstæðum *sérmálum fyrir Búnaðarfélag Íslands og* bændur una vel við. Og hefir nokkur viljað taka af þeim þann rétt?

Hv. 8. landsk. var að spyrja að því, hvers vegna við vildum ekki fylgja vissum kafla í frv. hv. sjálfstæðismanna. Ég hefi skýrt frá því, að það er margt í frv., sem Alþfl. mun aldrei samþ., *sérstaklega skaðabótaákvæðin o. fl. Það er öllum* kunnugt, að Eggert Claessen, framkvæmdastjóri Vinnuveitendafélagsins, hefir höfðað hvert skaðabótamálið á fætur öðru á hendur Alþýðusambandinu til þess að reyna að gera það gjaldþrota. Þessi skaðabótaákvæði í frv. hv. sjálfstæðismanna eru sett til þess, að Eggert Claessen geti síðar farið í *slík skaðabótamál* út af vinnudeilum. — Þá var hv. 8. landsk. að segja, að það væru ekki hagsmunir verkamanna, sem réðu í 14. gr. samþykkta Alþýðusambandsins. Ég vil aðeins benda á, að það er fleira en fagleg mál, sem tekin eru fyrir á þingum alþýðusambandsins, þar eru líka til meðferðar pólitísk mál, sem tekin er afstaða til. En úr því að hv. þm. kom inn á þetta, þá væri þess vert að athuga, hvernig kosning fulltrúa á flokksþing sjálfstæðismanna gengur fyrir sig, þar sem fjöldi fulltrúa er tilnefndur af miðstjórn flokksins, eins og hjá Mussolini.

Ég vil að síðustu taka það fram, að þegar fara á að takmarka rétt verkalýðsins í þessum efnum, þá verður eitthvað að koma á móti. Lögin þurfa þá að ná til allra vinnustöðvana, líka þeirra, sem vinnuveitendur gera. Gerir þetta frv. það? Nei, það nær ekki til togaranna. Þeir mega enn segja, sem togarana hafa: Við gerum þá ekki út, af því að það borgar sig ekki. Þeir fara ekki út, nema kaupið lækki. Það eru mörg fleiri verkföll, sem ákvæði þessa frv. ná ekki til, t. d. eins og mjólkurverkfallið sæla og síldarverkfallið í fyrra. Nei, þetta frv. nær aðeins til fátækustu stéttarinnar í þjóðfélaginu, sem engin vopn hefir fyrir sig að bera, nema verkfallsréttinn, sem nú á að taka af henni.

***Hannes Jónsson:** Hv. þm. N.-Þ. spurði mig að því, hvort ég væri með eða móti frv. Ég býst við, að hann sé sá eini hlustandi, sem ekki hefir fylgzt betur með en það, að hann hefir ekki skilið, hverja afstöðu ég hefi í þessu máli. Báðar mínar ræður voru óslitin rök fyrir þeirri skoðun minni, að ekki væri einasta nauðsynlegt að setja ákvæði í lög til þess að hindra vinnustöðvanir, heldur væri ástandið, sem nú er, og útlitið framundan beinlínis skaðlegt fyrir þjóðfélagið. En ég get sagt hv. þm. það, að ég vildi gera endurbætur á frv. hans, af því að ég tel það nú allt of skammt. Þetta kom meira að segja fram hjá hv. 2. þm. Reykv., sem benti á stórkostlegar vinnustöðvanir, sem frv. nær alls ekki til. Og þótt hann benti aðeins á fá dæmi, þá eru þau vottur þess, að frv. nær ekki eins langt og það þyrfti að ná. Hitt er annað mál, hvort það er rétt hjá þeim hv. þm., að frv. nái aðeins til fátækustu stéttanna. Ég býst við, að frv. sé mjög áfátt til beggja hliða í því efni, af því að nauðsynleg ákvæði vantar í frv., og að það sé aðeins tilviljun ein, hvorum aðilja það verður til framdráttar í einstökum tilfellum. Ég mun því styðja *brtt. í þá átt að koma ákvæðum frv. í fullkomnara* form., ef það heldur áfram hér á þingi.

Hv. 2. þm. Reykv. spurði, hvar jafnaðarmenn hefðu takmarkað sjálfsákvörðunarrétt bænda. Ég furða mig á því, að hann skuli þora að spyrja svo eftir allar árásirnar, sem þess flokkur hefir gert á rétt bænda í félagi við Framsfl. Ég get *bent honum á l. kafla jarðræktarlaganna frá* síðasta þingi. Þar var gengið inn á starfsvið Búnaðarfélags Íslands og félaginu sett ákveðin skilyrði eða form fyrir sinni eigi löggjöf. Og þessi lög voru keyrð í gegn á þingi í fyrra, án þess að bændurnir sjálfir fengju að láta í ljós álit sitt um lögin. Meiri hl. skellti skolleyrunum við öllum *aths. frá félaginu og keyrði l. í* gegn, að bændum algerlega forspurðum og í óþökk mikils þorra þeirra. Það hefir nú að vísu komizt á samkomulag um að fella úr gildi þessi þvingunarákvæði, en jafnaðarmenn hafa lýst óþökk sinni á þessum samningum. Og svo kemur þessi hv. þm., Héðinn Valdimarsson, formaður jafnaðarmanna, og spyr: Hvað höfum við *beitt* okkur gegn sjálfsákvörðunarrétti bænda í þeirra eigin málum? Þeir hafa einnig stutt það, að gert hefir verið eignarnám á félagseign bændanna, ekki sjáanlega í öðrum tilgangi en þeim, að rýra vald bændanna yfir sínum eigin málum. Þetta tiltæki er ekki meinlausara en það, að lögfróðir menn telja það vera stjórnarskrárbrot. Og svo kemur þessi hv. þm. og spyr, hvar þeir hafi reynt að takmarka réttindi annara stétta.

Þeir hafa tekið eignir af eigendunum, bændum, og fengið þær í hendur óviðkomandi manna, jafnvel andstæðinga, sem lítil líkindi eru til, að bæru hagsmuni bændanna fyrir brjósti ef þeir rækjust á þeirra eigin hagsmuni. Það er því fyllsta ofdirfska og ósvifni af þessum hv. þm., að koma hér fram og spyrja þannig, eftir það sem á undan er gengið.

Ég skal taka það fram, að þær kröfur, sem bændur hafa gert í þessu máli, nálgast það á engan hátt að vera ósanngjarnar á hendur annara. Þeir ganga ekki á rétt neins, en þeir vilja ná sínum rétti, án þess þó að ganga á annara rétt, ráða yfir sínum eigin hagsmunamálum, án þess þó á nokkurn hátt að skaða þjóðfélagið eða hagsmuni annara stétta. En ég býst við, að ég þurfi aldrei að víkja frá stéttarsamtökum bænda fyrir þær sakir, því að þeir hafa sýnt það og munu sýna það, að þeir beita ekki sínum samtakamætti á ólöglegum vettvangi. Þeir heimta ekki meira en þeim ber, og þeim mun ósanngjarnara er að standa á móti þessum sjálfsögðu samtökum þessarar stéttar þjóðfélagsins. Sérstaklega er það óviðeigandi og óverjandi, að heyra forgöngumenn jafnaðarmanna áfellast bændastéttina og hrósa sjálfum sér fyrir, hvað sanngjarnir þeir séu í garð bændanna, þegar þeir beita öllum brögðum til þess að taka völdin á málum bændanna úr þeirra eigin höndum. E. t. v. er þetta bending um það, að samtakamáttur bændanna hafi sýnt jafnaðarmönnum það og öðrum, að það er ekki hægt að fara með bændur eins og skynlausar skepnur og taka af þeim allan rétt á framfærslu- og lífsmöguleikum sínum. Ég fagna þeim aukna skilningi á réttmætum samtökum bændanna, sem sýnist vera kominn fram hjá sósialistum, þótt hann komi kannske á síðustu stundu og sé aðeins látalæti frá þeirra hálfu til þess að gera sig góða í augum bændanna, því að áður fyrr hefir það heyrzt, að þeir telji sig sjálfkjörna umboðsmenn bændanna, alveg eins og þeir telja sig sjálfkjörna forystumenn verkalýðsins í kaupstöðunum. En ég vænti þess, að bændastéttin íslenzka afsali sér ekki neinum rétti til annara heldur en sinna eigin samtaka um sigurvænlega lausn sinna mála. Það munu bændur sýna við þær kosningar, sem væntanlega fara fram í vor.

***Forsrh. (Hermann Jónasson)**: Herra forseti! Góðir hlustendur! Hv. þm. V.-Húnv. var aðallega kominn út í að tala um Búnaðarfélag Íslands, og skal ég ekki eyða orðum að því að svara honum um það mál. Aðeins vildi ég beina því til hans, að ég held, að það hafi ekki verið heppilegt fyrir hann að innleiða umr. um það mál. Það varð samkomulag um það mál, sem var knúið fram af meiri hl. valdi bændanna sjálfra, þeim meiri hluta, sem fylgdi Framsfl. að málum. Það má segja, að það hafi ekki verið ég, sem sigraði í þeim málum; það voru bændurnir, sem stóðu með Framsfl., sem sigruðu, og um það hefir blað hv. þm. V.-Húnv. látið þau orð falla nýlega, að þeir hefðu fullmikið unnið til sátta, en það var að fá beinan kosningarrétt, sem Framsfl. bar fram.

Viðvíkjandi þessum umr. get ég tekið fyrsta atriðið, sem hv. 8. landsk. minntist á, að sáttasemjari Dana hefði nýlega samkv. valdi í lögum stöðvað vinnudeilur. Þetta er ekki rétt. Hann hefir ekki þetta vald samkv. lögum, og þetta sýnir, að þeir, sem fluttu frv. sjálfstæðismanna, hafa ekki kynnt sér sem bezt löggjöf Norðurlanda um þetta efni. Sáttasemjarinn getur aðeins gert að skilyrði, að leitað sé sátta.

Um þau rök, að hv. þm. N.-Þ. hafi ekki skilið grg. fyrir frv., vegna þess að hún var á erlendu máli, vil ég segja, að það sýnir bezt ástandið með rök, því að sennilega vita flestir hv. dm., að hv. þm. N.-Þ. muni ekki vera lakari tungumálamaður en hv. 8. landsk.

Annars kemur það fram í þessum umr., að aðalkrafa sjálfstæðismanna er, eins og kom fram á síðasta þingi, að málið verði knúið fram þegar í stað. Ég benti á það í umr. í fyrra — það er rangt hjá hv. 8. landsk., að ég hafi ekki bent á það —, að galli á því frv., sem þá var til umr., var, að það var ekki byggt á samvinnugrundvelli. Ég vil ekki vera að lesa það upp, en get aðeins bent á, að það stendur á 276. bls. Alþt. 1936.

Það er vitað mál, að ekki er hægt að koma þessu máli fram nema með því móti, að skilningur beggja aðilja sé vakinn á því. Það er ekki hægt að knýja það fram með því móti, að annar aðilinn leggi fram sínar till. Þess vegna þarf mikla baráttu fyrir þessu máli. En hitt er annað mál, að annar aðilinn verður að gera einhverja tilraun til þess að skilja málið, og forgöngumennirnir verða að gera tilraun til þess að skýra málið og flytja um það fyrirlestra, en það er ágallinn hjá jafnaðarmönnum, að þetta hafa þeir ekki gert. Það hefir gætt meiri tregðu í þessu máli hjá þeim en hefði þurft að vera. Það var dregið að skipa n. til að undirbúa málið. Málið var ekki skýrt í verkalýðsfélögunum. Kommúnistar höfðu forystuna og voru látnir gera samþykktir um málið, sem voru byggðar á misskilningi og rangri málfærslu, m. a. að hér væri á ferðinni vinnudómur, sem ætti að ákveða um kaup og kjör verkalýðsins. Það var reynt að láta líta svo út af hálfu hv. 2. þm. Reykv., að Framsfl. hefði snúizt í þessu máli, snúizt á sveif með sjálfstæðismönnum, eins og hann orðaði það. Þetta er vísvitandi rangt hjá hv. 2. þm. Reykv. Hann hlýtur að vita, að við framsóknarmenn höfum stöðugt barizt fyrir þessu máli á undanförnum árum. Við komum fram lögum um sáttasemjara, og við hreyfðum þessu máli á flokksþingi okkar 1931, og ég hreyfði því í útvarpsræðu 1936. Það lá fyrir yfirlýsing frá okkur um þetta mál á þinginu í fyrra, og það liggur fyrir greinileg yfirlýsing frá flokksþinginu síðasta, sem samþ. var með einróma atkv. Afstaða Framsfl. hefir stöðugt verið hin sama í þessu máli. Við vitum, að það kostar baráttu að koma þessu máli fram, þegar skilningurinn á því er ekki nægilega mikill hjá þeim flokkum, sem standa sinn til hvorrar handar. Það kostar baráttu að skýra málið fyrir þeim, sem eiga undir lögunum að búa, og fá þá til að ganga inn á það. Þess vegna verðum við framsóknarmenn að heyja baráttu fyrir málinu, unz sigrinum er náð. — Það var líka látið skína í það hjá hv. 2. þm. Reykv., að það væri á einhvern hátt verið

að níðast á verkalýðnum með því að koma fram með þessi frv. Þetta er rangt, og ég vil enn leiða athyglina að því, að þau frv., sem hér liggja fyrir, eru eins réttlát eins og þar sem vinnulöggjöf er réttlátust í þeim löndum, er flokksbræður jafnaðarmanna stjórna.

Ég vil líka vekja athygli á því, að ekki var svarað einu orði þeirri fyrirspurn, sem ég bar fram og óskaði eftir að yrði svarað — og óskaði eftir að verkamenn tækju eftir —, að á hvern hátt og í hvaða atriðum þau frv., sem hér liggja fyrir þinginu, gengju lengra heldur en vinnulöggjöf flokksbræðra jafnaðarmanna á Norðurlöndum. Það verður, eins og ég sagði í frumræðu minni, að segja verkamönnunum satt um þessi mál. Hér er ekki verið að takmarka neinn verkfallsrétt. Það, sem verið er að gera með þessu frv. og á að gera, er að takmarka slagsmálaréttinn. Það er verið að takmarka slagsmálaréttinn í þjóðfélaginu, slagsmálarétt, sem þjóðin hefir ekki efni á að eyða kröftum í, eins og forsrh. Dana benti á og vitnað var í í ræðu hv. þm. N.-Þ., og ég fyrir mitt leyti er sannfærður um og hefi bent á það með nokkrum rökum, að það er slagsmálarétturinn, sem er samtökum verkamannanna einmitt fyrir verstu að nota. Það hefir alstaðar sýnt sig, eins og ég benti á, að slagsmálarétturinn hefir leitt til niðurdreps fyrir verkamannasamtökin. Það er slagsmálarétturinn, sem hefir gefið þeim mönnum vopnin í hendurnar, sem hafa brotið niður verkamannasamtökin í einræðislöndunum. Ég þarf ekki að nefna neitt land. Dæmin eru nægilega ljós. Við ættum að muna eftir því, þegar nasistaforingi stóð nýlega í einu þessara einræðislanda á bak við hvítt verkfall til þess að brjóta niður verkamannasamtökin og notaði slagsmálaréttinn út í æsar. Ég trúi því og ég veit það, að málstaður verkamannanna er góður, og þess vegna er alltaf til hins verra að nota slagsmálaréttinn, því að það gefur þeim, sem hafa vondan málstað, rétt til þess að nota hann líka. Þá er ekki víst, að góði málstaðurinn sigri. Þess vegna ættu verkamannaforingjarnir fyrst og fremst að greiða fyrir þessu máli, einmitt vegna þess, að það er þeirra eigin samtökum fyrir beztu.

Síðan býð ég hlustendum góða nótt, því að ég býst ekki við að taka til máls aftur í kvöld.

***Thor Thors:** Herra forseti! Góðir áheyrendur! Hv. þm. N.-Þ. sagðist síðar vilja setja lög um fyrirvara á vinnustöðvun og vald sáttasemjara til þess að fresta vinnustöðvun. Því þá ekki að setja þau nú? Það ákvæði heyrir beint til efni þeirra frv., sem framsóknarmenn bera fram um vinnudómstól og sáttatilraunir. Það ákvæði felst alstaðar í samskonar löggjöf á Norðurlöndum, enda eru slík lög gagnslaus án ákvæðis um frestun á vinnustöðvunum. Og halda menn, að framsóknarmenn öðlist þann skilning eftir kosningarnar, úr því að þeir stíga skrefið ekki til fulls fyrir kosningarnar, enda þótt vinnulöggjöfin sé eitt af þeim málum, sem nota á í kosningabaráttunni til þess að láta líta svo út, að stjórnarflokkarnir séu að fullu skildir. Ég legg því litið upp úr loforðum um það, að löggjöf um þetta efni verði sett síðar.

Hv. 1. landsk. talaði fyrir hönd sósíalista, og var ræða hans full af slagorðum um stefnu síns flokks í þessu máli og að öðrum þræði ónotum í garð okkar sjálfstæðismanna, sem er ekki nýtt hljóð úr því horni. En hann gat ekki með rökum bent á neitt atriði í okkar frv., sem væri ósanngjarnt og ekki samþ. af sósíalistum á Norðurlöndum. Hann talaði um, að ekki væri í því frv. tekið tillit til staðhátta hér á landi, og vil ég spyrja hv. þm. að því, í hverju það lýsi sér? Það eru engin ákvæði í frv., sem ekki eiga við hér á landi. Sósíalistar telja, að okkar frv. sé einhliða takmarkanir á rétti verkalýðsfélaganna. Þetta er vísvitandi blekking, því að frv. okkar takmarkar jafnt rétt vinnuveitenda og vinnuþiggjenda. Í því eru bæði ákvæði um, hvenær megi skella á verkfalli, og eins og hv. áheyrendur hafa heyrt, einnig tilraunir til þess að vernda verkalýðinn gagnvart vinnustöðvunum. Frv. okkar leggur valdið til þess að ákveða verkfall í hendur verkafólksins sjálfs. Það tryggir rétt verkafólksins og lýðræðið í landinu. „Enga vinnulöggjöf," segja sósíalistar, „nema hún feli í sér aukin réttindi fyrir verkalýðssamtökin." Hvernig er hægt að setja lög, sem fela í sér aukin réttindi í þessu efni, þar sem óskorað vald er til þess að skella á verkfalli hvenær sem er? Verkalýðsforinginn(!) og olíukóngurinn, hv. 2. þm. Reykv., getur, hvenær sem honum þóknast, látið verkalýðinn skella á verkfalli, hann þarf ekki annað en vera í vondu skapi, sem ekki er heldur óþekkt fyrirbrigði hjá þessum hv. þm.

Hv. 1. landsk. var að tala um íhald í þessu máli. Hverjir eru íhaldsmenn í þessu máli? Það eru sósíalistarnir, sem vilja halda í öryggisleysið og fórna hagsmunum verkafólksins fyrir yfirráð og ofríki forsprakkanna. — Hv. 2. þm. Reykv. er sá eini í þessum umr., sem hefir flutt æsingaræðu, enda var þess að vænta. Hann fór inn á einstök atriði í frv., sem hann vildi ekki samþ. Hann er á móti því að hægt sé að fresta vinnustöðvun, og hann vill, að verkalýðsfélögin og vinnuveitendur geti svikið samninga. Svo er hv. þm. á móti atkvæðagreiðslu um vinnustöðvanir. Hann er á móti því, að verkalýðurinn ráði, og yfir höfuð á móti allri vinnulöggjöf. Ég held því fram, að verkalýðurinn heimti þennan rétt, sem honum er gefinn samkv. okkar frv., en það er vitað, að hv. 2. þm. Reykv. vill, að hnefarétturinn, geðofsinn og stólfæturnir ráði í þessum málum. Það kemur úr hörðustu átt, þegar hv. 2. þm. Reykv. talar um, að bændur hafi fengið rétt til þess að fjalla um jarðræktarlögin, þar sem einmitt hann var að skamma Framsfl. fyrir að hafa látið undan réttmætum kröfum bændanna í því efni. Ég ætla ekki að ræða um síldarverkfallið svonefnda. Það er vitað, að Sjálfstfl. tók upp öfluga baráttu til þess að tryggja sjómönnum réttlátt verðlag fyrir síldina, með þeim árangri, að síldarverðið hækkaði um kr. 1.30 málið, og útvegsmenn og sjómenn fengu mörg hundruð þús. kr. fyrir forgöngu og öfluga baráttu sjálfstæðismanna.

Hæstv. forsrh. sagði, að aðalkrafa sjálfstæðismanna væri að knýja málið fram. Það er rétt, að við berum það fram af því, að við meinum það, sem við segjum. Við álítum, að það eigi að

fá framgang, og til þess er það borið fram, en ekki af leikaraskap, eins og þetta frv., sem hér er til umr. Hæstv. ráðh. sagði, að okkar frv. væri ekki borið fram á samkomulagsgrundvelli. Það er þeirra frv. ekki heldur, því að sósialistar eru því andvígir.

Tími minn er á þrotum, en ég vil að lokum beina nokkrum spurningum til áheyrendanna og biðja þá að athuga þær án allra utanaðkomandi æsinga.

Eru ekki vinnustöðvanir hættulegt þjóðfélagsböl, sem ber að afstýra og ávallt hefir í för með sér aukið atvinnuleysi? Ef þeim ber að afstýra, ber þá ekki þjóðfélaginu skylda til að setja löggjöf um, að reynt skuli að leita friðsamlegrar lausnar á þeim og leita um sættir? Er ekki rétt að láta hlutlausa menn skera úr um, hvenær aðiljar rjúfa gerða samninga?

Þetta er efnið í okkar frv. Það er ekki annað en það, sem allir ábyrgir stjórnmálaflokkar eru sammála um. Við sjálfstæðismenn viljum halda við rétti verkamannanna til þess að gera verkfall og rétti vinnuveitendanna til þess að gera verksviptingu, en aðeins sem örþrifaráð, þegar allar aðrar leiðir eru þrotnar. Hvernig stendur á því, að það er andstaða gegn sliku máli?

Það þarf engan að undra óp kommúnista. Þeir vilja ríkisrekstur, og til þess að nálgast það takmark, vilja þeir láta allt ólga í vinnudeilum; það skapar óánægju og öryggisleysi, en á því þrífast þeir, eins og vissar persónur á ókvæðisorðunum. En hvernig stendur á andstöðu sósialista, þar sem flokksbræður þeirra í nágrannalöndunum hafa samþ. slika löggjöf? Sósialistar hér reyna þó að telja fólkinu trú um, að þeir séu samskonar flokkur og sósialistar á Norðurlöndum. En það er rangt. Það sýnir afstaða sósialista hér til þjóðnýtingarinnar. Sósialistum á Norðurlöndum kemur ekki til hugar þjóðnýting, en sósialistar hér bera fram hvert þjóðnýtingarfrv. á fætur öðru. Það litur helzt út fyrir, að þjóðnýta eigi allt nema benzín og olíu. En andstaða þeirra gegn vinnulöggjöf byggist á því, að forsprakkarnir vilja hafa takmarkalaust vald yfir verkafólkinu. Þess vegna má verkafólkið ekki greiða atkv. um það, hvort eigi að leggja út í vinnustöðvun eða ekki, að ráðrikis valdasjúkir forsprakkar vilja öllu ráða. En hvernig stendur á framkomu Framsfl. í þessu máli? Hvers vegna er hv. þm. N.-Þ. og Framsfl. tvístígandi í þessu máli? Flokksþing þeirra var ákveðið í þessum málum, en þm. þeirra og ráðh. eru reikandi; frv. þeirra er kák eitt og engin fullnægjandi lausn. Það er auðséð, að hv. 2. þm. Reykv. heldur þeim óttaslegnum.

Hver hugsandi maður og sanngjarn, sem vill leysa þetta vandamál, hlýtur að fylgja till. okkar sjálfstæðismanna. Þær eru byggðar á traustum grundvelli og í samræmi við reynslu nágrannaþjóða okkar. Þær setja velferð þjóðarheildarinnar ofar stundarhagsmunum og vernda verkafólkið gegn ofriki forsprakkanna, vernda það gegn óréttlátum verkbönnum vinnuveitenda og tryggja vinnuveitendum aukinn vinnufrið.

Barátta gegn vinnulöggjöf er barátta blekkinga og ofrikis örfárra manna gegn réttlæti og velferð þjóðfélagsins. Slík barátta getur ekki orðið á annan veg en með sigri þjóðfélagsins.

Ég vil vona, að þessar umr. hafa orðið til þess að skýra þetta mál fyrir áheyrendunum og þeim hafi orðið það ljóst, að hér er gott og þjóðhollt mál fram borið. — Góða nótt.

***Stefán Jóh. Stefánsson:** Herra forseti! Ég ætla fyrst að leyfa mér að minnast á nokkur atriði í ræðu hv. þm. N.-Þ., sem sérstök ástæða er til að taka til athugunar.

Hv. þm. N.-Þ. minntist á frásögn mína um starf mþn., sem skipuð var í þetta mál. Ég verð að segja það, eins og hann sagði, að samvinna mþnm. var góð og eðlileg, þar til 19. marz í vetur, að einhver fitonsandi greip fulltrúa Framsfl., einskonar kvöldúlfsveiki, þar sem þeir klufu n. og báru fram litt undirbúin og ekki nægilega athuguð frv. sín, sem hér liggja fyrir í þinginu. Ég skal svo geta þess, að frásögn mín af starfi n. var í öllum greinum rétt.

Hæstv. forsrh. varpaði fram spurningum í báðum ræðum sínum um það, hvar væri á Norðurlöndum frjálslyndari löggjöf en í frv. Framsfl. Hann óskaði sérstaklega eftir svari við þessari spurningu. Það er auðvelt að svara því. T. d. er hægt að benda á það, að í Svíþjóð hefir ekki verið skylda að nota sáttasemjara; eftir frv. framsóknarmanna er það skylda. Í Svíþjóð er og ekki tilskilið ákveðið atkvæðamagn til að fella till. sáttasemjara. Í frv. Framsfl. eru ákvæði um þetta mjög þröng og tekið úr þeirri löggjöf Norðurlandaþjóðanna, sem lengst gengur í þessu efni. Það hefir ekki verið skylda í Svíþjóð að útkljá deilur í fleiri en einni atvinnugrein í einu. Þetta er skylda í frv. Framsfl. Þarna hefi ég bent á þrjú atriði, sem öll ganga lengra í þá átt að binda frjálsræði verkalýðsins heldur en í löggjöf í neinu Norðurlandanna. — Hér er sagt satt frá eins og hæstv. forsrh. óskaði eftir.

Hæstv. forsrh. sagði, að Framsfl. vildi hafa sanngjarna löggjöf um vinnudeilur, en í frv. hv. þm. N.-Þ. eru engar reglur um það, hvort vinnudeilur séu löglegar yfirleitt eða ekki. Það vantar ákvæði um það í till. framsóknarmanna. Þess vegna verður ekki ráðið neitt af framkomnu frv. Framsfl. um frjálslyndi þeirra í þessu efni. Það bíður síns tíma, og ég vildi vænta þess, að orð hæstv. forsrh. megi skoða sem yfirlýsingu flokks hans um þetta efni, þegar þetta mál kemur til úrlausnar hér á Alþingi. — Hæstv. forsrh. minntist allmikið á slagsmálaréttinn. Mér virðist frv. framsóknarmanna á engan hátt hindra þennan slagsmálarétt.

Hv. þm. Snæf. sagði, að frv. sjálfstæðismanna væri það bezta og nauðsynlegasta úr vinnulöggjöf Norðurlanda. Þetta er með öllu rangt. Löggjöf Norðurlanda er ólík í einstökum atriðum. Verkamenn eru misjafnlega ánægðir með ákvæðin, en það er væntanlega engin tilviljun, að Sjálfstfl. hefir í frv. sínu valið þau ákvæði, sem eru óvinsælust í því landi, þar sem þau gilda. Svo er t. d. í löggjöf Dana um hinar flóknu og óeðlilegu reglur um atkvgr. og þátttöku til þess að samþ. eða fella till. sáttasemjara. Um það ákvæði hefir verið mjög mikil óánægja í Dan-

mörku. Sama er að segja um það ákvæði í löggjöfinni í Danmörku, sem segir, að það megi afgera fleiri en eina deilu í sömu atkvgr. fyrir meira en eina atvinnugrein sbr. 15. gr. frv. á þskj. 140. Þessi ákvæði hafa sætt mótspyrnu yfirleitt í Danmörku. Það þarf ekki að ræða mikið um það vald, sem fylgir frv. sjálfstæðismanna. Hv. 2. þm. Reykv. hefir gert það. Það hefir verið bent á það, að eftir frv. sjálfstæðismanna hefir sáttasemjari vald til að hindra vinnudeilur í allt að 10—14 daga, og hvernig á það við eftir staðháttum hér á Íslandi? Segjum t. d., að það eigi að stöðva uppskipun úr togara. Sáttasemjari segir: ég fresta deilunni í 10—14 daga, — en það tekur einn dag að skipa upp úr einum togara. M. ö. o., þessar reglur er svo einstrengingslegar, miðað við íslenzka staðhætti, að það verður algerlega hindrað samkvæmt frv. Sjálfstfl. að hefja verkfall í mörgum starfsgreinum í lausavinnu hér á landi. Þetta er eitt dæmi um það, hvað frv. sjálfstæðismanna er tekið hrátt og ósoðið upp úr löggjöf Norðurlanda, þar sem meiri hluti verkamanna vinna í iðnaðinum og eru ráðnir til vinnunnar, en hér á þetta hinsvegar ekki við um lausavinnu.

Ég vil að lokum draga saman það, sem umræður þessar og afstaða flokkanna hefir sýnt, og af því má draga þá niðurstöðu, að Sjálfstfl. hefir sýnt á Alþingi 1929, að hann er reiðubúinn til að koma á lögþvinguðum gerðardómi um kaup og kjör verkalýðsins. Hann hefir sýnt það á Alþingi 1936 og 1937 með frv. um vinnudeilur, að hann vill skerða ýms réttindi verkalýðssamtakanna til verkfalla, með því að geta bannað þau fyrir atbeina sáttasemjara í 10—14 daga og heimta óeðlilega mikið atkv.magn til að fella till. sáttasemjara. Þannig eru allar till. Sjálfstfl. á Alþingi í þessu máli beinlínis fjandsamlegar gegn verkalýðssamtökunum. Sjálfstæðismenn eru því í þessu máli sem í öðrum höfuðandstæðingar alþýðusamtakanna. Framsfl. er í þessu máli sem mörgum öðrum tvístígandi og hikandi. Nokkur hluti hans hefir á Alþingi 1929 gengið með lögþvinguðum gerðardómi um vinnukjör. Á þessu þingi flytur hann lítt undirbúið og að sumu leyti varhugaverðar till. um vinnulöggjöf, sem að nokkru leyti ganga gegn hagsmunum verkamanna, en hefir hinsvegar engar till. fram að bera, er mættu vera til beinna hagsmuna fyrir verkalýðssamtökin. Í afstöðu Framsfl. liggur því hætta, sem getur verið alvarleg, ef hin íhaldssamari öfl flokksins ráða. Hér þarf því einnig mjög að vera á verði, Alþfl. einn allra flokka berst af alefli gegn öllum skaðsemdartill. út af vinnudeilum. Hann er hinsvegar fús til að vinna að lögfestingu ákvæða til aukinna réttinda og eðlilegrar lausnar á ákvæðum um sáttatilraunir í vinnudeilum og úrskurði um ágreining út af skilningi samninga. Alþfl. vill þannig einn vernda rétt alþýðusamtakanna og auka hann; þar skilur í þessu máli sem öðrum á milli Alþfl. og hinna flokkanna.

*__Hannes Jónsson:__ Hæstv. forsrh. talaði um það í ræðu sinni, að ég hefði aðallega rætt um Búnaðarfélag Íslands, en ég nefndi það að gefnu tilefni frá hv. 2. þm. Reykv., þar sem hann var að tala um, að sósialistarnir hefðu hvergi ráðizt inn á hagsmunasvið bændastéttarinnar.

Hæstv. ráðh. sagði, að í búnaðarfélagsdeilunni hefði skoðun framsóknarmanna sigrað. Það er dálítið skrítinn sigur, a. m. k. er það hálfgerð kaldhæðni örlaganna, að hann skuli sjálfur verða til þess á þessu þingi að bera fram frv. sem nemur úr I. kafla jarðræktarlaganna öll ágreiningsatriði, sem voru í sambandi við frv., þegar það var til meðferðar hér á þinginu í fyrra. Þessi sigur er þannig frá sjónarmiði hæstv. forsrh., að framsóknarmenn hafa tekið aftur það, sem þeir börðust mest fyrir í fyrra. Félagið verður nú sjálfstæð stofnun, sem hefir fullkominn rétt yfir sínum málum án íhlutunar ríkisvaldsins; það er meira að segja búið að nema ákvæðið um skipun búnaðarmálastjóra úr jarðræktarlögunum, eins og það var. Hæstv. ráðh. fór líka skakkt með tilvitnun viðvíkjandi sáttum þeim, sem urðu á búnaðarþinginu og skrifað var um í blaði Bændafl.; ég hefi það ekki við höndina, en þeir, sem hafa það með höndum, geta flett upp í 14. tbl. og þar er greinin, sem hæstv. ráðh. vitnaði í.

Hv. 1. landsk. staðfesti þá skýringu, sem ég hafði gefið á framkomu þessa frv. Það er nefnilega hin svokallaða kvöldúlfsveiki, sem hefir gripið stjórnarflokkana og valdið því, að Framsóknarfl. bar fram frumv. Það er á sama hátt borið fram af Framsfl. eins og Kvöldúlfsmálið af sósialistum, til þess að sýnast fyrir kjósendum, þegar séð er, að þeir fá ekki lengur haldið völdunum í landinu, a. m. k. ekki fyrr en þeir hafa séð, hvaða dóm þjóðin leggur á verk þeirra við næstu kosningar. — Þá sagði hv. 1. landsk., að verkamenn nágrannalandanna væru misjafnlega ánægðir með verkamálalöggjöf sína. Ég get vel trúað því, og ég býst við, að í þessum lögum hafi forráðamenn verklýðssamtakanna, sem bera ábyrgð á stjórnarfarinu í þessum löndum, orðið að ganga nokkuð lengra í þessa átt en verkalýðurinn hefir viljað, en það sannar aðeins það, hversu rík nauðsyn er á fullkominni löggjöf um þetta efni. Hv. þm. benti á það, að í þessum frv. væri t. d. ekkert ákvæði um það, hvenær vinnudeilur væru lögmætar og hvenær ekki. Hv. 1. landsk. taldi það höfuðókost við þetta frv., að í því fælist ákvæði, sem hindraði verkamenn í mörgum tilfellum í því, að gera verkfall, þegar svo stæði á, að það þyrfti að vinna viðkomandi verk á stundinni. Þetta atriði sýnir einmitt, hversu nauðsynlegt það er að hafa löggjöf um þetta efni, því að verklýðssamtökin hafa oft reynt að setja á verkfall, þegar svo hefir verið ástatt fyrir atvinnurekendum, að þeim hefir verið nauðugur einn kostur að ganga að öllum kröfum, sem fram hafa verið bornar, hversu ranglátar sem þær hafa verið, aðeins til þess að koma í veg fyrir stórkostlegt tjón.

Þessar umræður eru nú að enda. Öllum landslýð mun vera það ljóst, að útvarpsumræður um þetta mál hafa ekki farið fram vegna þess, að flokkarnir telji svo nauðsynlegt, að mál þetta fái afgreiðslu á þessu þingi, heldur er málið aðeins borið fram sem pólitískt mál, kosningamál, eingöngu til að auka traust flokkanna meðal kjósenda.

Í þessu ljósi verður að skoða þetta mál, bæði frá hendi hv. flm. og aðstoðarmannanna, sósíalistanna, en þessi framkoma verður dæmd og léttvæg fundin af landsmönnum við komandi kosningar. — Góða nótt.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 37. fundi í Nd., 13. apríl, var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19:2 atkv. og til allshn. með 21 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

43. Sáttatilraunir í vinnudeilum.

Á 29. fundi í Nd., 2. apríl, var útbýtt:
Frv. til l. um sáttatilraunir í vinnudeilum (þmfrv., A. 140).

Á 31. fundi í Nd., 5. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 37. fundi í Nd., 13. apríl, var frv. aftur tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 20 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Gísli Guðmundsson): Ég get verið fáorður um þetta frv., vegna þess að í umr. um félagsdóm í gær, var að nokkru leyti gerð grein fyrir þessu frv. Þetta frv. er, eins og tekið er fram í grg., samið af nefnd, skipaðri af atvmrh. 15. des. síðastl., til að undirbúa og semja löggjöf viðvíkjandi vinnudeilum. Þetta frv., eins og frv. um félagsdóm, er sniðið eftir þeim lögum og reglum, sem tíðkast á Norðurlöndum sérstaklega, en við samningu þessa frv. hefir n. tekið tillit til gildandi l. í Bretlandi. Hér eru í gildi lög um sáttatilraunir í vinnudeilum, en með þessu frv. eru þau gerð fyllri og tryggara að sáttatilraunir takist en með núgildandi lögum. Í 1. og 2. gr. frv. er gert ráð fyrir, að sáttasemjurum sé fjölgað og landinu skipt í fjögur umdæmi með einum sáttasemjara í hverju. Þetta eru samskonar ákvæði og gilda í Noregi. Þetta er gert með það fyrir augum, að betur náist til alls landsins en ef það er allt eitt umdæmi, enda sést við athugun á starfi núverandi sáttasemjara, að hann hefir lítið gert að því að semja í deilum í landshlutum fjarri Reykjavík. Í þessu frv. er gert ráð fyrir, að þegar sáttasemjari ber fram till. til málamiðlunar milli aðilja, þá séu þær bornar undir atkv. félaga verkamanna og atvinnurekenda, og þarf ákveðinn hluti félagsmanna að hafa greitt atkv. og ákveðinn hluti þeirra að hafa verið á móti till., til þess að hún sé felld. Þetta er tekið óbreytt úr dönsku sáttasemjaralögunum, sem voru samþ. árið 1934, og var þessi till. borin fram þar af félagsmálaráðherra. Hinsvegar er hér ekki tekin upp sú regla, sem gilti í Noregi um nokkurra ára skeið, en hún er tekin upp í frv., sem 2 aðrir þm. flytja hér á Alþ. En sú regla mun nú afnumin í Noregi. Sömuleiðis er ákveðið í þessu frv., að sáttasemjari geti látið fara fram atkvgr. um miðlunartill. í fleira en einu félagi í einu og telja síðan saman atkv. á eftir. Þetta er tekið fram í dönsku lögunum frá 1930.

Í 16. gr. er ákveðið, að ef ekki tekst að fá lausn vinnudeilu með sáttatilraunum, getur ríkissáttasemjari birt skýrslu um helztu atriði málsins opinberlega, gang þess og útlit. Þetta er byggt á því, sem talið er mjög þýðingarmikið í Bretlandi, þ. e. að skapa skilyrði fyrir því, að almenningur geti fylgzt með málinu og haft áhrif á það með dómi sínum. Ég skal ekki fjölyrða frekar um frv.; ég tel það óþarfa vegna þess, hve mikið það hefir verið rætt almennt. Leyfi ég mér að leggja til, að því verði vísað til 2. umr. og allshn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 15:2 atkv. og til allshn. með 17 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

44. Byggingarsjóður sveitanna.

Á 27. fundi í Nd., 30. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um byggingarsjóð sveitanna (þmfrv., A. 144).

Á 29., 30. og 31. fundi í Nd., 2., 3. og 5. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 32. fundi í Nd., 7. apríl, var frv. enn tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 17 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

***Flm. (Jón Sigurðsson):** Ég skal ekki þreyta d með langri ræðu, enda er gerð nokkur grein fyrir frv. í grg. þess. Þó vil ég drepa á nokkur atriði um leið og ég legg málið fyrir. Það, sem skortir á í þessu efni, eru hagstæð lán, og í öðru lagi vantar fullnægjandi tryggingar frá hálfu bænda, og svo er jafnframt getuleysi þeirra til að standa undir þeim erfiðu lánum, sem þeir eiga nú kost á að fá. Það er bersýnilegt, að margir bændur eru þannig á vegi staddir, að þeir þurfa nauðsynlega allra hluta vegna að byggja upp jarðir sínar, eða þá að öðrum kosti að yfirgefa þær, svo slæmt er ástandið víða. Samkv. hinni nýju nýbýlalöggjöf er ríkinu skylt að veita ríflegan styrk til að endurbyggja þær jarðir, sem fara í eyði einhverra hluta vegna. Það er þess vegna bersýni-

legur hagur að því fyrir ríkissjóð, ef stuðlað væri að því að halda þessum jörðum í ábúð með því að útvega ódýr lán til endurbóta á húsum. Við flm. höfum í þessu frv. bent á leiðir til að afla þessara ódýru lána, og höfum við borið okkur saman við forstjóra Búnaðarbankans, sem taldi þá leið, sem við viljum fara, mjög líklega og vel færa. Við höfum einnig í þessu frv. lagt til að breyta ákvæðum laganna um byggingar- og landnámssjóð nokkuð í samræmi við breyttar aðstæður og breytt viðhorf, sérstaklega eftir að nýbýlalögin voru sett.

Ég vil vænta þess, að þetta frv. fái athugun í n. Það er að vísu hér á dagskrá annað frv., sem gengur í svipaða átt, en miklum mun skemmra. Ég ætla ekki að minnast á það nú, en það gefst vonandi tækifæri til að ræða um það áður en það fer hér úr hv. d.

***Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Það virðast allir vera sammála um, að nauðsyn beri til, að eitthvað sé lagt til beinlínis sem styrkur til þeirra manna, sem búa á illa húsuðum jörðum, til endurbyggingar eða viðgerða á húsum. Hér er á ferðinni annað frv., sem gengur í sömu átt og þetta frv., sem nú er til umr.; en í frv. því, sem borið er fram af 2 framsóknarmönnum hér í d., er gert ráð fyrir því, að nokkur hluti styrksins til byggingar- og landnámssjóðs verði látinn ganga beint til þeirra manna, sem verst eru staddir í byggingarmálunum. Ástæðan til þess, að sá kostur var tekinn að leggja þetta til, en ekki koma með till. um nýtt framlag í þessu efni, var sú, að það var búið að ganga frá fjárlögum fyrir 1937, og þar var ekki gert ráð fyrir fjárveitingu í þessu skyni.

Það er eitt atriði í því frv., sem hér er til umr., sem ég vildi minnast á áður en frv. fer til n. Það er viðvíkjandi því, að auglýsa skuli skuldabréf fyrir byggingarsjóðinn og þau skuli vera með 3½% vöxtum, en skattfrjáls. Þetta er nýmæli, að fara þessa leið, og þetta er einskonar form fyrir því að styrkja þessa stofnun úr ríkissjóði; mér finnst þetta óviðkunnanleg leið og álít, að það eigi ekki á þessu stigi að gera ráðstafanir til að brjóta niður framkvæmd tekjuskattslaganna. Ég álít, að ef á að styrkja einhverja stofnun sérstaklega, þá eigi heldur að gera það með beinu framlagi úr ríkissjóði. Ef sú leið yrði farin, sem gert er ráð fyrir í frv., þá er ég ekki í nokkrum vafa um, að það er aðeins byrjun á þessari braut; það mundi verða haldið áfram á henni og afnuminn að verulegu leyti tekju- og eignarskatturinn, og því er ég algerlega mótfallinn. Ég er því að sjálfsögðu ekki mótfallinn, að frv. fái athugun í n., en ég vil aðeins um leið minna á það, að það er ákaflega ánægjuleg hugarfarsbreyting, sem kemur fram hjá hv. 1. flm. þessa frv. frá því, sem áður var, þegar Framsfl. var að berjast fyrir ýmsum styrkjum til bænda.

***Flm. (Jón Sigurðsson):** Það eru aðeins örfá orð. Hæstv. ráðh. mælti með því, að málinu yrði vísað til n., og get ég verið þakklátur fyrir það. En hvað snertir aths. hæstv. ráðh. við þá tekjuöflun, sem við leggjum til í frv., þá skal ég játa, að það er nýtt form fyrir styrk úr ríkissjóði, en hitt get ég ekki kannazt við, að það brjóti á nokkurn hátt í bága við framkvæmd tekjuskattslaganna. Ég er sannfærður um, að ef þessu yrði haldið innan þeirra takmarka að hafa þetta fyrir þennan sjóð eingöngu, þá mundi nást talsvert mikið af fé, sem að litlu leyti kemur fram á annan hátt. Það er ekki til neins að loka augunum fyrir því, að tekju- og eignarskatturinn er orðinn það hár, að hann hlýtur að freista manna til að smeygja sér hjá því á einn eða annan hátt að greiða hann. Hinsvegar get ég hugsað mér, að fé sumra þeirra, sem hafa komizt á glapstigu í þessum efnum, rynni til þess arna.

Viðvíkjandi því, að það sé ánægjuleg hugarfarsbreyting, sem hafi orðið hjá mér, þá vil ég segja það, að þó ég hafi tekið afstöðu til eins eða annars atriðis fyrir 10 árum, þá er ekki þar með sagt, að ég hljóti endilega að standa í stað og hafa sömu afstöðu, hvernig sem aðstæður breytast. Ég veit, að hæstv. fjmrh. veit það eins vel og ég, að það hafa orðið stórkostlegar breytingar í sveit síðan árið 1928; þær hafa verið svo stórkostlegar, að það nálgast eignabyltingu. Það er ekki hægt að bera saman þær aðstæður, sem nú eru, og þær, sem voru þegar l. um byggingar- og landnámssjóð voru samþ. Ég vil bæta því við, að ég sé ekki ástæðu til að saka alla sjálfstæðismenn um fjandskap við það mál; ég man ekki betur en að það væru sjálfstæðismennirnir Jón heitinn Þorláksson og Pétur Magnússon, hv. 2. þm. Rang., sem báru fram till. um að hækka framlagið til byggingar- og landnámssjóðs úr 100 þús. kr. í 200 þús. kr. á ári. — Ég þarf ekki að hafa þessi orð fleiri; ég vildi aðeins svara þessu.

***Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Ég get ekki fallizt á röksemdir flm. um tekju- og eignarskattinn. Það munu allir vita og fallast á, sem kunnugir eru þessum málum, að ef einhverjar eignir eru undanþegnar skatti, þá skapast þar möguleiki til undandráttar í stórum stíl. Ég fullyrði því, að þessi leið er óheppileg, og ég felli mig betur við bein framlög. Hv. 7. landsk. sagði, að það væri ekki nema eðlilegt, að afstaða sín og annara hefði breytzt síðan 1928, því að það væru allt aðrar aðstæður nú og miklu meiri þörf nú fyrir bændur að fá hagkvæm lán og styrki. Ég býst við, að það sé rétt, að það sé yfirleitt erfiðara fyrir bændur nú heldur en 1928, sérstaklega vegna þess, hvað vond ár hafa komið síðan 1928, t. d. árin 1932—33, en það réttlætir ekki mótspyrnu hv. þm. gegn frv. um byggingar- og landnámssjóð og meðhald þeirra gegn sama máli nú, af þeirri ástæðu, að það voru margir bændur 1928, sem ekki gátu byggt nema fyrir atbeina byggingar- og landnámssjóðs.

***Pétur Ottesen:** Ég vil aðeins út af þeim ummælum, sem hæstv. fjmrh. hefir haft hér um afstöðu ýmsra sjálfstæðismanna til byggingar- og landnámssjóðs, segja það, að ég er undrandi yfir því, að hæstv. ráðh. skuli vera að endurtaka það rangmæli, sem framsóknarmenn hafa verið að reyna að þyrla upp um andstöðu

sjálfstæðismanna gegn þessu máli. Það er öllum vitanlegt, sem með því máli hafa fylgzt, að sjálfstæðismenn voru fylgjandi frv. á þeim grundvelli, sem það var endanlega samþ. Það er rétt, að það var hv. 1. þm. Rang. ásamt þáv. form. Sjálfstfl., Jóni Þorlákssyni, sem flutti brtt. um að hækka árlega framlag til byggingar- og landnámssjóðs um helming. Þessi ummæli hæstv. ráðh. eru þess vegna ekkert annað en endurtekning á þeim blekkingum, sem áður hafa verið fram bornar af framsóknarmönnum um þetta mál, og ég verð að segja það, að ég er undrandi yfir því, að hæstv. ráðh. skuli vera að vekja þetta upp, því að ef hann ber heill og velferð sveitanna fyrir brjósti, þá væri honum nær að stuðla að því, að þau mál yrðu leyst í sátt og samlyndi, heldur en að vera að vekja úlfúð og sundrung, því að það er ekki til hags fyrir framgang málsins.

***Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Ég skil það vel, að sjálfstæðismönnum sé ekki vel við, að verið sé að rifja upp fyrri afstöðu þeirra til málsins. En það er af því, að þeir hafa látið sér sæma í grg. frv. síns að vera með hnútur í garð Framsfl. og flm. þess frv., sem er einnig á dagskrá í dag um sama efni, að þeir séu ekki skeleggir í málum sveitanna. Nú vill hv. þm. Borgf. láta líta svo út, sem þeir hafi verið samþykkir frv. um byggingar- og landnámssjóð á þeim grundvelli sem það var samþykkt, og ágreiningurinn hafi aðeins verið út af því, hvernig ætti að afla sjóðnum tekna. *Ég hefi einmitt nýskeð kynnt mér þetta mál*, og ég man ekki betur en þáv. form. Sjálfstfl. segði þá, að það væri gott, að þetta frv. ætti sem skemmstan aldur, af því að það væri í því verið að fara fram á ölmusugjafir til handa bændum, og þetta væri styrkur, sem væri ekkert betri en sveitarstyrkur, og þar fram eftir götunum. Þetta er ekkert annað en skemmtileg mynd af því, hvernig Sjálfstfl. var, þegar hann var í meiri hl., og þeim starfsaðferðum, sem hann hefir tekið upp eftir að hann komst í minni hl.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti! Ég skal vera stuttorður. Það eru 2 atriði í þessu máli, sem mig langar til að benda á, í fyrsta lagi það, sem hæstv. fjmrh. hefir þegar bent á, að með ákvæðum 4. gr., þar sem talað er um, hvernig afla skuli fjár í þennan sjóð, er gengið inn á nýja, stórhættulega braut. Með henni eru þegnum þjóðfélagsins gefnir möguleikar til þess að eiga fé með tvennskonar réttindum, annarsvegar fé, sem er laust við allar skyldur og skatta, og hinsvegar fé, sem allt á að hvíla á. Og þó að ég geti verið sammála hv. 7. landsk., að það sé kannske einna brýnust þörf að ná í fé til að endurbyggja bæi í sveitum landsins og þess vegna geti skeð, að við tveir gætum verið sammála um, að þörfin væri svo brýn, að hún réttlætti þetta, þá geta aðrir tveir orðið sammála um, að þörfin væri brýnust hjá útgerðinni eða iðnaðinum og því ætti að fara þessa leið til að hjálpa þessum atvinnuvegum sérstaklega. M. ö. o. það yrði endalaus ágreiningur um, hver ætti að hljóta þessi sérréttindi, ef á annað borð þessi leið er opnuð.

Ég álít því, að stórhættulegt sé að ganga inn á þessa braut, og mun því ekki fylgja frv. í þessum búningi, þó að ég geti greitt því atkv. til n. En ég geri ráð fyrir, að mér og hv. 7. landsk. komi saman um, að þörfin sé brýn og nauðsynlegt að hefjast handa sem fyrst. Nú höfum við hv. þm. Mýr. borið fram frv., sem gengur í svipaða átt, en nær þó ekki eins langt og þetta yfirborðsfrv. En ég vil benda á, að með því að samþ. frv. okkar er málið þegar komið af stað að nokkru leyti, því að þá verður þegar á þessu ári hægt að byggja um 50 bæjum fleira en annars. En ef ætti að koma þessu frv. í gegn, þá yrðu fyrst fram að fara deilur um þessi sérréttindi, sem á að veita kapitalistunum með þessu frv. Og þó að frv. yrði samþ. að endaðri þeirri deilu, þá yrði það samt ekki neinum að gagni fyrr en að ári. Þess vegna held ég, að jafnvel þeir, sem vilja fylgja þessu frv. af því að þeir vilji ganga lengra en við leggjum til, eigi, til þess að fá málið strax af stað, að fylgja okkar frv. nú, þó að þeir hugsi sér strax á næsta þingi að víkka farveginn út með einhverju af þeim ákvæðum, sem felast í þessu frv. Þess vegna vil ég skora á alla þá, sem vilja vinna að endurbyggingu býla, sem liggur við auðn, að fylgja frv. okkar, þó að þeir vilji ganga lengra en þar er gert.

***Jón Ólafsson:** Ég vil upplýsa það, að þegar ég árið 1928 bar fram till. um að hækka tillag *til byggingar- og landnámssjóðs* úr 100 þús. upp í 200 þús., þá var það gert í samræmi við flokkinn. Þetta mál var þá talsvert rætt í flokknum, og þá voru þar einstakir menn svo framsýnir að sjá, að þetta mundi ekki vera tímabært með þessa löggjöf, eins og síðar kom á daginn. Allir, sem hafa kynnt sér, hvernig lánað var úr þessum sjóði, sérstaklega fyrstu árin, sjá og vita, að þetta voru vandræðalán fyrir suma. Allmargir eru komnir í kreppulánasjóð, og sumir hafa ekki getað hafzt við á sínum jörðum. Mér finnst, að ekki hafi verið farið rétt að í þessum lánveitingum. Stundum hefir verið veitt byggingarlán til jarða, sem höfðu ekki 3 ha. tún. Maður veit um fjölda manna, sem hafa fengið þessi lán, en ekki hugsað um, að fyrst þurfti að rækta jörðina, svo að hægt væri að standa straum af skuldunum. Þetta er ennþá fyrir dyrum, en þó má það ekki ráða því, hvað menn vilja gera, því að sjálfsögðu verða þeir margir, sem geta notið þeirra lána, sem hér er gert ráð fyrir í þessu frv., sem eru mun betri en lán úr byggingar- og landnámssjóði.

Ég held, að ekki ætti að þurfa að vera samkeppni milli manna, hvort eigi að lita á þetta mál frá sjónarmiði hv. flm. þessa frv. eða hv. 2. þm. N.-M. Mér finnst bæði frv. vera flutt í svo góðum tilgangi, að ég tel sjálfsagt, að menn sameinist um að fá úr þeim það bezta, sem hægt er. En ég vil enn benda á það, að ég tel mörg býli í landinu ekki fær um að taka þessi háu lán. Hér verður því að koma hjálp, ef ríkið sæi sér fært að veita einhverja hjálp, svo að menn geti staðið straum af byggingarlánunum.

***Pétur Ottesen:** Það er rangt hjá hæstv. fjmrh., að í grg. þessa frv. sé sneitt að nokkrum hv. þm. Þar er eingöngu rætt um málið sjálft og þá þýðingu, sem það hefir fyrir bændastétt landsins.

Hæstv. ráðh. var að tala um, að það hefðu komið fram raddir hjá sjálfstæðismönnum að þetta væru ölmusugjafir og annað þess háttar. Ég skal ekki um það segja, hversu mikið má leggja upp úr þessum orðum hæstv. ráðh., en hann ætti að minnast þess, að það hafa einnig úr hans flokki komið fram raddir um ölmusugjafir til bændanna í sambandi við annan styrk þeim til handa, sem sé kreppuhjálpina. Þegar formaður Framsfl. var að deila við fyrrv. flokksmann sinn, Svein á Egilsstöðum, þá fór hann ekki leynt með það, að hann teldi kreppuhjálpina ölmusugjöf til handa íslenzkum bændum.Það er því bezt fyrir hæstv. ráðh. að minnast þessa tals um ölmusur áður en hann fer að finna upp tilbúið ölmusutal úr munni annara manna.

Út af því, sem hv. 2. þm. N.-M. fór að ræða um þetta frumv. og annað frumv. í því sambandi, þá vil ég segja það, að hann fór þar með rangt mál. Hann sagði, að það fé, sem gert er ráð fyrir, að aflað verði með þeim hætti, sem lagt er til í frv., yrði undanþegið öllum sköttum og skyldum. Hér er aðeins gert ráð fyrir, að ekki verði tekinn skattur samkv. l. um tekju- og eignaskatt, en er eftir sem áður skattskyldur skattstofn fyrir öll önnur gjöld. Þetta er eingöngu til þess að hægt sé að afla með þessu móti ódýrra lána bændum til handa til að byggja upp á jörðum sínum. Það er tilraun til að afla þeim lánsfjár, sem þeir geta notað. Tekjur af landbúnaðinum eru svo litlar, að eins og nú er verða bændur, sem reisa hús, að afskrifa allt að helmingi byggingarkostnaðarins. Af þessu má öllum vera ljóst, og ekki sízt þeim, sem þykjast hafa skilning á kjörum bænda, að það fyrsta er að reyna að afla ódýrra lána til þessara bygginga.

Hv. 2. þm. N.-M. sagði, að ef frv. hv. þm. Mýr. og hans yrði samþ., væri hægt að veita 50 þús. kr. til bygginga og hjálpa 50 bændum til þess að byggja í ár. Ég hefi átt tal við þá, sem standa fyrir lánunum úr byggingar- og landnámssjóði, og mér er kunnugt um, að þar er búið að úthluta hverjum einasta eyri í ár. Þetta er því ekkert annað en blekking, því að nú er þar ekkert fé til ráðstöfunar fram yfir það, sem búið er að veita (**BÁ:** Ræktunarsjóður), og fjöldi manna bíður eftir að geta fengið lán úr byggingar- og landnámssjóði, en fé hrökk ekki til, og gátu þeir því ekki fengið neina úrlausn. Þetta er því argasta blekkingartilraun hjá hv. 2. þm. N.-M.

***Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Ég skal ekki lengja mikið þessa deilu, en ég verð þó að svara hv. þm. Borgf. nokkrum orðum.

Hann varð að játa það, sem hann neitaði í sinni fyrri ræðu, að sú hjálp, sem bændum hefir verið veitt með l. um byggingar- og landnámssjóð, hefði af sumum sjálfstæðismönnum verið kölluð ölmusugjöf. Ég kynnti mér þetta í gær, og þó ég sé kannske ekki minnisgóður, þá man ég þetta samt glögglega. En hann sagði, að þótt þetta hefði komið fram, þá hefði formaður Framsfl. talað um kreppuhjálpina sem ölmusu. Þetta er algerlega rangt. Hv. þm. veit vel, að það var ádeila út af sérstöku láni, sem formaður flokksins skrifaði um. Ég ætla ekki að draga þá málavexti, sem þar voru fyrir hendi, inn í þessar umr., en aðeins slá því föstu, að þar var aðeins um að ræða ádeilu á eitt einasta lán, en ekki á neinn hátt að því vikið, að frá hans eða flokksins sjónarmiði væri litið á kreppuhjálpina sem ölmusu. Það var líka Framsfl., sem fyrst og fremst beitti sér fyrir þeirri löggjöf, svo að það sæti illa á honum að hafa þá skoðun, enda er það alls ekki svo.

Svo mun ég ekki fara lengra út í þessa deilu um það, sem skeð hefir, en aðeins bæta því við, að hv. þm. Borgf. sagði, að það væri rangt, að í grg. frv. væri sveigt að hv. flm. frv., sem fyrr var komið fram um svipað efni. Ég leiðrétti þetta áðan og sagði, að það væri í nál. á þskj. 201 frá minni hl. landbn. Ég taldi mér því rétt að fara út í þær umr., sem ég hefi haldið uppi um fyrri afstöðu manna í þessu efni.

Ég skal svo ekki hafa fleiri orð um þetta. Ég hefi ekki á móti því, að málinu sé vísað til n. En ég álít skynsamlegast fyrir alla, sem vilja eitthvað gera í þessu máli, að samþ. frv., sem fyrr kom fram, og athuga svo, hvort ekki er hægt síðar að gera eitthvað frekar í málinu.

Páll Zóphóníasson: Hv. 7. landsk. og hv. þm. Borgf. halda því fram, að þótt þessar eignir, sem þeir eru hér að búa til fyrir kapítalistana, séu undanþegnar tekju- og eignarskatti, þá taki ríkið samt alla aðra skatta af þessum verðbréfum. Hverjir eru þá þessir allir aðrir skattar, sem ríkið leggur á þessi verðbréf, sem sleppa við tekju- og eignarskatt? Ég man ekki eftir þeim. (**PO:** Fasteignaskatturinn. **Fjmrh:** Ríkið leggur ekki fasteignaskatt á verðbréf). Ég man ekki til, að ríkið leggi fasteignaskatt á verðbréf. Til þess að það væri hægt, þyrfti að breyta l. Sá eini skattur, sem hugsanlegt væri, að næði til þessara bréfa, er þá útsvar. En þegar þessar eignir eru undanþegnar tekjuskatti og eignarskatti og þarf þar af leiðandi ekki að telja þær fram með tilliti til þess, þá gæti ég hugsað mér, að a. m. k. á stærri stöðunum væri erfitt að segja um, hverjir ættu þessi bréf.

Það, sem fyrir þessum hv. þm. vakir, þó að þeir nú hlaupi í þetta skjól, er að búa til sérréttindi, til þess að kapítalistar geti komið sínu fé fyrir, án þess að þeir þurfi að greiða af því opinber gjöld. Þess vegna er ég ákveðið á móti frv. í þessari mynd.

Þá segir hv. þm. Borgf., að búið sé að úthluta öllu fé úr byggingar- og landnámssjóði fyrir þetta ár og margir hafi orðið á biðlista. Af þessu dró hann þá ályktun, að það, sem ég sagði, að ef frv. okkar hv. þm. Mýr. væri samþ., væri hægt að byggja 50 húsum fleira á þessu ári væri bara vitleysa. Hann veit ekki til, að nokkursstaðar sé hægt að fá lán nema úr byggingar- og landnámssjóði. Hann veit ekki, að það er líka hægt að fá lán úr ræktunarsjóði, ef

þeir hafa þann byggingarstyrk, sem frv. gerir ráð fyrir. Það var því ekki ég, sem fór hér með blekkingar, það var hann sjálfur, sem gerði það, eins og augljóst er af þessu, sem ég hefi nú bent á.

***Flm. (Jón Sigurðsson):** Sessunautur minn, hv. 2. þm. N.-M., belgir sig mikið upp út af því, að af þessu fé verði engin gjöld greidd, ef ríkið tekur ekki af því tekju- og eignarskatt. Að lokum rann þó það ljós upp fyrir honum, að eitthvað væri til, sem héti útsvar. En hann sló því föstu, að óhugsandi væri, að hægt væri að ná til þessa fjár í útsvarsálagningu, fyrst ekki ætti að leggja á það skatt. Þessa aðferð notar þessi hv. þm. oft, en þetta er ekkert annað en blekking. Fyrst og fremst er útsvarið víða stór liður í gjöldum manna, og í öðru lagi er það ekkert nema fyrirkomulagsatriði að fá upp, hvort þessi eða hinn eigi svo eða svo mikið fé í slíkum verðbréfum, þó að hann eigi ekki að greiða skatt af þeim. Það er hægt að krefjast þess af mönnum, að þeir gefi upp, hversu mikið þeir eigi af þessum verðbréfum, þetta er því blekking ein hjá hv. þm.

Þá hélt hann, að taka mætti aftur eitthvað af þeim loforðum, sem mönnum hefir verið veitt fyrir lánum úr byggingar- og landnámssjóði, og fyrir það hélt hann, að mætti byggja 50 býli til viðbótar því, sem annars yrði. Nú er búið að veita þessi lán úr sjóðnum. Hverja á þá að gera afturreka af þeim, sem búið er að veita? Það er búið að ráðstafa 200 þús. kr. til ákveðinna lána, og þeir, sem lánin eiga að fá, eru þegar farnir að undirbúa undir byggingarnar. Ef nú á að taka ¼ af þessu fé, þá verður að stöðva marga af þessum mönnum. Við skulum segja, að þessir menn væru stöðvaðir, þeir, sem stj. sýndist, og það fé veitt til einhverra, sem gætu fengið lán úr ræktunarsjóði. En hverjir eru við því búnir að taka fé, sem búið er að veita úr byggingar- og landnámssjóði til ákveðinna manna, sem eru ekki neitt farnir enn að hugsa fyrir að byggja? Það yrði eitthvað skritið, þegar til þeirra framkvæmda kæmi, þegar sumir, sem hafa ákveðið að byggja, hafa ekki einu sinni getað fengið nauðsynlegt efni til byggingarinnar. Vitanlega hafa þeir einir sótt um lán, sem hafa gert sér grein fyrir, hverjar byrðar það hefir í för með sér, og treysta sér til að bera þær. Þetta, sem hv. þm. segir, er því ekkert nema blekking.

Páll Zóphóníasson: Það lítur út fyrir, að hv. sessunautur minn, hafi ekki lesið skattaeyðublöð og hafi enga hugmynd um útfyllingu þeirra, né lög um það efni.

Það er hægt að heimta af mönnum, að þeir gefi upplýsingar til frekari áréttingar framtali sínu og það síðan lagt til grundvallar fyrir tekju- og eignarskatti, en ef ætti að ætla sér að láta telja fram þessi fínu verðbréf kapitalistanna, sem engan skatt á að borga af, þá yrði að setja alveg sérstök ákvæði um það, en eins og nú er, er ekki hægt að fá skýrslur um þetta þar sem þau yrðu skattfrjáls. Niðurjöfnunarnefndirnar geta bókstaflega ekki fengið að vita hverjir eigi þessi verðbréf, og því ekki tekið tillit til þeirra við niðurjöfnun útsvara.

Hv. 7. landsk. sagði, að búið væri að ráðstafa 200 þús. kr. úr byggingar- og landnámssjóði. Ef það er rétt, þá er þar mikið fé til ráðstöfunar enn, því sjóðurinn fær 250 þús. kr. úr ríkissjóði og vexti af eign sinni. Hann hefir því hér slegið sjálfan sig, því að annaðhvort er, að hann gefur hér upp rangar tölur eða það er rangt, að ekkert fé væri eftir óráðstafað. En ef frv. okkar hv. þm. Mýr. verður að l., þá opnar það mönnum möguleika til að fá ræktunarsjóðslán, sem ekki þurfa þá að vera hærri en svo, að þeir geti undir risið, en það gerir þeim aftur kleift að byggja upp á sínum jörðum. Þess vegna á að fella þetta frv. og ekki mynda auðmönnum sérréttindi með því að samþ. það, en samþ. aftur frv. okkar hv. þm. Mýr., sem veitir úrlausn þessara mála í bili, og á fyrir sér að stækka, þegar reynsla fæst á fyrirkomulaginu og hvernig það hentar bezt til að ná takmarkinu því, að endurbyggja sveitirnar eftir kröfum tímans og menningu.

***Pétur Ottesen:** Það er bara út af þrákelkni hv. 2. þm. N.-M. með þessa möguleika til aukinnar byggingar í sveitunum, sem hann ætlar að skapa með sínu frv. Maður þarf nú ekki lengra heldur en að fá eins og ég hefi fengið, yfirlýsingu búnaðarbankastjórnarinnar um það, að búið er að ráðstafa hverjum eyri af handbæru fé byggingar- og landnámssjóðs á þessu ári. Og féð, sem þar var til, hrökk ekki til að fullnægja þeim beiðnum, sem fram komu. Hvar á þá að taka þessar 50 þús. kr., sem hv þm. ætlar að auka með byggingarnar á þessu ári? Ég skil ekkert í hv. þm., að vera með þessar fullyrðingar, og skil það þó, af því það er þessi hv. þm. Af því hv. þm. var að tala um, að hér væri verið að vinna fyrir kapitalistana, vil ég benda honum á, hvernig þetta mun ganga til, ef að l. verður. Það er vitanlegt, að menn eru skyldir til að telja fram til tekju- og eignarskatts allar eigur sínar, en ef menn svo geta fært sönnur á, að tilteknum hluta af eignum þeirra sé varið á þennan hátt, þá fá þeir þá upphæð dregna frá skattskyldum eignum. Þannig verður þetta í framkvæmdinni, og það eru því tómar blekkingar, sem hv. 2. þm. N.-M. fer með, einnig um þetta atriði. Hér er aðeins verið að leita að leið til þess að fá ódýrt fé handa bændum í byggingar á jörðum sínum. Heppilegri leið hefir ekki fundizt ennþá. Og það er ekki svo sem við flm. frv. stöndum einir að þessari tillögu; allir búnaðarþingsfulltrúarnir með tölu hafa lýst yfir, að þeir vilji láta reyna þessa leið.

***Flm. (Jón Sigurðsson):** Það er aðeins stutt aths. Að ég tilnefndi 200 þús. kr. áðan, var sökum þess, að sjóðurinn upplýsir, að það fé, sem hann hafi haft til útlána á síðasta ári, hafi numið 200 þús. kr. Hitt er víst, að fjölda manna hefir verið neitað um lán, og eins og hv. þm. Borgf. hefi ég fengið þau svör, að allt féð væri lofað á þessu ári, hver einasti eyrir. Fyrir sumt af fénu í ár hefir jafnvel verið

byggt í fyrra, þannig að byggingarnar eru þegar komnar upp, sem verið er að lána til á þessu ári. Af því geta menn séð, hvað mikið muni vera handbært af fé sjóðsins nú.

Í sambandi við tillögur okkar um öflun lánsfjár var hv. þm. að tala um þessi fínu verðbréf mín. Ég veit ekki, hvort hann hefir meint það, að ég væri að safna verðbréfum. Ég vil upplýsa hv. þm. um það, að búreksturinn gengur ekki þannig nú, að við bændurnir söfnum verðbréfum, og sízt af öllu mundum við kaupa 3½% verðbréf. Enda höfum við ekki sömu aðstöðu og þessi hv. þm., sem mun hafa 14—15 þús. kr. árstekjur. Við höfum ekki svo feitan gölt að flá, og hefir hann m. a. séð fyrir því.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og landbn. með 18 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

45. Fiskimatsstjóri.

Á 27. fundi í Nd., 30. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um afnám l. nr. 7 9. jan. 1935, um fiskimatsstjóra (þmfrv., A. 145).

Á 29., 30., 32. og 33. fundi í Nd., 2., 3., 7. og 8. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 34. fundi í Nd., 9. apríl, var frv. enn tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 17 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

***Flm. (Jón Ólafsson):** Ég hefi séð mig til neyddan að bera fram frv. um afnám l. um fiskimatsstjóra vegna fjölmargra kvartana, er fram hafa komið út af því, hve mjög hann hefir hert á skilyrðunum fyrir því, að flytja megi fisk á Portúgalsmarkaðinn. Ég get sagt, að ég tala hér fyrir munn fjölda manna, er ég fer fram á afnám þessara l., enda hefir það verið mín skoðun frá því fyrsta, að þau væru til ógagns.

Þegar l. voru sett, var það borið fyrir, að fiskimatsstjóri ætti að annast allt mat á landinu og tryggja það, að allir undirmatsmenn sæju um, að matið væri í lagi. Þetta hefir sýnt sig að vera mesta firra. Þá var því og haldið fram, að þessi maður ætti að ferðast til markaðslandanna og kynna sér kröfur neytenda, halda síðan fundi með fiskimatsmönnum hér á landi og kenna þeim. Þetta sýndi sig að vera óþarft, þar sem við höfum fiskifulltrúa í Miðjarðarhafslöndunum, sem samið hefir reglur um matið, er enn eru í gildi. Sjá því allir, að nú, og líklega alltaf, meðan fiskimatsstjóraembættið er til, getur þessi fiskifulltrúi á Spáni ekkert haft að gera, en hann var sjálfkjörinn til að koma á framfæri skilaboðum og umkvörtunum frá neytendum. — Tveggja ára reynsla sýnir, að þessi l. hafa ekki náð tilgangi sínum. Hinsvegar datt víst engum í hug, að af þessu myndi leiða mikinn skaða fyrir landið. Við fiskframleiðendur og fiskútflytjendur höfum gert allt, sem unnt var, til að þóknast neytendum, ekki með því að láta alltaf undan kröfum þeirra, heldur með því að reyna með lempni að koma inn á markaðinn vörum, sem þeir gátu orðið ánægðir með. Til dæmis mun Kveldúlfur fyrst hafa komið á Barcelonamarkaðinn fiski þeim, sem kallaður var „treikvart", og hefir hann síðan verið seldur þangað. Jón Magnússon, sem hefir manna bezt vit á fiski, gat sýnt þeim þar fram á, hversu miklu betri matur þessi linverkaði fiskur var. Gat hann komið því til leiðar, að slakað var um 10% á saltinu. Nú höfum við flutt til Spánar fyrir á þriðja hundrað millj. af þessum fiski, og 10% af því eru allmargar millj., svo að allir geta séð, að hér er um álitlega fjárhæð að ræða. Þá kom Jón Magnússon því einnig til leiðar á Norður-Spáni, að veitt var 5% tilslökun á þurrkstigi. Þegar á allt þetta er litið, má gera sér grein fyrir því þarfa starfi, sem þessir menn hafa unnið þarna með natni og nákvæmni, og hversu mikið fé þeir hafa aflað landinu með því að taka hæfilegt tillit til þess, sem neytendur kröfðust.

Þegar þetta embætti var stofnað, var það fyrsta verk fiskimatsstjóra að fá sér rakamæli, er hann sendi til og frá, svo að þurrkað yrði eftir því þurrkstigi, sem hann taldi eiga að vera. En það var harðara þurrkstig en á þeim fiski, sem áður hafði verið sendur á þessa staði. Mér er kunnugt um það, hvaða þurrkstig mátti teljast hæfilegt, því að Alliance hafði sent fisk með þeirri þurrkun á Portúgalsmarkaðinn, og hafði aldrei komið kvörtun um það, að þurrkstigið væri ekki rétt. Eitt árið sendum við fyrir 10 millj. til Portúgals. Ég fullyrði, að fiskurinn hafi verið um 5—10% ofþurrkaður, eða um 7% að meðaltali, og 7% af 10 millj. er talsverður skildingur, eins og menn sjá.

Ég fer ekki frekar út í þetta mál, en ég vænti þess, að n., sem fær þetta mál til meðferðar, geti fyrir mitt tilstilli fengið nokkra menn til að bera vitni um það, að mín afstaða í þessu máli hefir við rök að styðjast. Ég tel því óþarft að ganga nærri fiskimatsstjóra eða að fara um þetta fleiri orðum. Vona ég svo, að mér verði hlíft við að taka oftar til máls um þetta efni. Málið heyrir undir sjútvn., og treysti ég henni til að rannsaka það svo, að hún geti myndað sér örugga skoðun um það. Legg ég til, að málinu verði vísað til sjútvn. og 2. umr.

***Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson):** Ég er ekki að svo stöddu fær um að dæma um það, hvort rétt sé það, sem hv. 2. þm. Rang. heldur fram, að fiskimatsstjóri hafi bakað útgerðinni stórtjón með því að láta herða fiskinn ranglega. Hinsvegar er þetta þýðingarmikið mál, sem vert er að athuga gaumgæfilega. En því er þó ekki hægt að neita, að hvað sem kann að vera til í þessu, þá væri það bráðræði, að leggja

niður þetta starf, sem Alþingi var sammála um að stofna. Þá var ekki annar maður talinn líklegri til að geta gegnt þessu starfi en núverandi fiskimatsstjóri. Ég sé ekki, að trygging væri fengin fyrir því, að ekki yrði heimtuð of mikil eða of lítil herzla, þó að embættið væri lagt niður, en sennilega myndi það leiða af sér enn minna samræmi í verkuninni. En ástæðan til að embætti fiskimatsstjóra var stofnað, var sú, að alþingi var sammála um, að nauðsynlegt væri að hafa einn yfirmann matsins, til þess að sjá um, að samræmi væri sem bezt um verkun þessarar vöru. Önnur ástæða var sú, að undanfarin tvö ár hafði talsvert borið á kvörtunum út af fiskinum, einkum frá Spáni. Við töldum okkur því skylt að gera það, sem hægt væri, til að bæta úr ágöllunum. Nú er að vísu orðin mikil breyting á Spáni, þó að vonandi sé, að þetta fari að færast nokkuð til réttrar áttar.

Um það, hvaða herzlustig fiskjarins sé haganlegast, get ég ekki dæmt, en því er ekki að neita, að vandfundinn er hinn rétti meðalvegur. Ég hefi fyrir satt, að þurrkstigið megi vera nokkuð misjafnt, eftir því, hver árstíðin er. Það er oft í fullkominni óvissu, hvenær fiskinum er skipað út, þegar verkun hans er lokið, og verður því, ef maður vill hafa tryggingu fyrir því, að fiskurinn hafi hæfilegt þurrkstig, þegar niður kemur, að hafa það of hátt við þurrkunina, því að hann linast, og af því leiðir, að ef lágt þurrkstig er tekið, þá getur fiskurinn verið skemmdur, þegar niður kemur. Ég hefi hjá fiskimatsstjóra fengið að sjá bréfaskipti hans við einn aðalinnflytjandann á Spáni. Það má auðvitað hugsa sér, að sá maður sé ekki óhlutdrægur dómari í þessu efni. En í þessu bréfi er eindregið lögð áherzla á, að fiskurinn sé ekki of lítið þurrkaður.

Ég vil mælast til þess við sjútvn., sem fær þetta mál til meðferðar, að áður en hún afgr. málið, þá stefni hún til sín fiskimatsstjóranum og kynni sér þau gögn, sem hann hefir. Einnig tel ég rétt, að sjútvn. tali við stjórn Sölusambands íslenzkra fiskframleiðenda, því að þeir menn eru bezt kunnugir þessum málum.

Ég get tekið undir það, sem hv. flm. sagði, að þegar um er að ræða smáútgjöld eins og kostnaðinn við starf fiskimatsstjóra, þá lítur oft út fyrir, að það gleymist, sem stærra er og meira veltur á, eins og t. d., að innflutningur okkar haldist til Portúgals. Þar eru viðskiptin svo ójöfn, að það er engin von til þess, að við getum haldið þeim með öðru móti en því, að þannig sé frá vörunni gengið, að hún líki sem bezt og sem minnstar kvartanir komi, og verðinu svo stillt í hóf, að frá þeirra sjónarmiði sé hún sambærileg við samskonar vöru frá öðrum þjóðum, sem kaupa jafnvirði og Portúgalar af þeim. Þetta eru atriði, sem ekki má gleyma í sambandi við þetta mál, eins og hv. flm. drap réttilega á. Þar sem Portúgalsmarkaðurinn er, þá er svo mikið í húfi, að kostnaðurinn við starf fiskimatsstjórans er út af fyrir sig, ef sá samanburður er tekinn, nauðalítill. Hitt er svo annað atriði, ef það er rétt, sem haldið er fram, að hann setji strangari reglur um þurrkun en ástæða er til og baki landsmönnum með því fjárhagslegt tjón. En áður en afráðið er um, hvað gera skuli, þá verða að liggja fyrir fullnægjandi upplýsingar um það, og þá jafnframt um það, á hvern hátt menn hugsi sér að girða fyrir, að slíkt endurtaki sig, með því að það er ekki nóg, að starf fiskimatsstjórans sé lagt niður.

*Thor Thors: Ég verð að segja, að mér þykir leitt að sjá þetta frv. hér fram borið, og mér þykir það sérstaklega leitt vegna þess, að jafnmætur, reyndur og varfær maður stendur að flutningi þess eins og hv. 1. þm. Rang. er. En þar sem ég hefi starfað sem framkvæmdastjóri við sölusamband íslenzkra fiskframleiðenda mestan þann tíma, sem liðinn er frá stofnun þess, þá kemst ég ekki hjá því að segja nokkur orð við þessa umr., enda þótt ég hafi engan hug á því að lenda í deilum við hv. flm.

Það segir svo í grg. frv., að það hafi verið mjög skiptar skoðanir á Alþ., þegar l. þessi voru sett, um það, hvort þau skyldu ná fram að ganga. Ég hefi farið yfir Þingtíðindin frá þeim tíma, að þetta mál var á ferðinni, og veitt því athygli, að það var yfirleitt samþ. með samhlj. atkv. í báðum d., og loks afgr. með samhlj. atkv. í Sþ. Hinsvegar er það vitað, að hv. flm. beitti sér í öndverðu af miklu kappi gegn þessu máli, en það var sú eina ákveðna andstaða, sem það hlaut í þinginu. Ég skil vel, af því ég hefi þá ánægju að þekkja hv. flm., að kapp hans er enn ekki með öllu runnið, og því tekur hann þetta mál upp nú sem gamalt deilumál. En ég get ekki fallizt á þau rök, sem grg. getur um og fram komu í hans ræðu. Það var nokkuð gott samkomulag um þetta mál í öndverðu, og það var vegna þess, að stöðugt vaxandi kröfur okkar viðskiptamanna gerðu það nauðsynlegt, að við reyndum að aðhafast eitthvað til tryggingar því, að markið væri betur samræmt víða á landinu en raun hefði á verið. Nú staðhæfði hv. flm., að fiskmatinu hafi ekki farið fram á þessum tíma. Ég verð að vera á öndverðri skoðun við hann í því. Sölusambandinu hafa miklu sjaldnar borizt kvartanir síðan. Og ég er þess fullviss, að enda þótt fiskimatsstjórinn hafi ekki starfað lengi, þá hefir hann samt unnið mikið gagn í því, að samræma matið og kenna hinum ýmsu matsmönnum úti um landið, hvernig á að meta fisk fyrir hvern einstakan markað. Þetta er einmitt enn nauðsynlegra á síðari tímum, vegna þess að sölusambandið hefir hafið innflutning á fiski fyrir markaði, sem við höfðum áður lítil skipti við. Ég á þar við markaðina í Suður-Ameríku, bæði í Brasilíu, Argentínu og ennfremur á Cuba. Ég veit persónulega til þess, að fiskimatsstjórinn kynnti sér mjög rækilega það, sem forstjórar Sölusambandsins höfðu að flytja um það, hvernig meðhöndla ætti fisk fyrir þessa staði, og fiskimatsstjórinn sendi matsmönnum víða á landinu nákvæmar reglur um, hvernig þessi fiskur skyldi metinn, og hann hélt fund með hinum fiskimatsmönnunum, þar sem þetta nýja mat var sérstaklega tekið fyrir.

Hv. flm. byggir afstöðu sína aðallega á því, að fiskimatsstjórinn hafi orðið þess valdandi, að of harður fiskur hafi verið sendur til Portú-

gals. Mér kemur þetta nokkuð einkennilega fyrir sjónir. Eftir því, sem fiskimatsstjóri hefir sagt mér, hefir hann farið um margar vinnustöðvar og verkunarstöðvar hér í bænum. Hjá sumum hefir hann látið herða á matinu fyrir Portúgal, en hjá öðrum ekki. Það er náttúrlega viðkvæmt mál fyrir fiskeigenda, þegar honum er sagt að herða matið á fiskinum, því að það er vitanlega tjón fiskeiganda. Það er líka álitamál, hversu harður fiskurinn má vera, og það er rétt hjá hæstv. atvmrh., að herzla fiskjarins er mismunandi fyrir þennan markað eftir því, á hvaða tíma á að selja hann. Það fer eftir því, á hvaða árstíð fiskurinn er seldur, hve harður hann þarf að vera, þeim mun harðari þeim mun heitara, sem er í viðskiptalandinu, þegar hann er seldur. En ég get vel skilið, að fiskeigandi sé gramur yfir því, þegar honum er sagt að herða fiskinn, og skal ég jafnframt viðurkenna, að það er fullkomið álitamál, hversu langt á að ganga í því, og ég geri mig alls ekki að dómara í því, hvor hafi réttara fyrir sér í þessu einstaka tilfelli, hv. flm., sem er mjög glöggur á fiskimat, eða fiskimatsstjórinn, sem er ekki síður glöggur á fiskimat. En þessi ágreiningur getur á engan hátt réttlætt það, að bera fram frv. um, að leggja niður starf þessa manns. Út af matinu á Portúgalsmarkaðinum og afskiptum fiskimatsstjóra af því, þá vil ég geta þess, að hann fór til Portúgals og kynnti sér óskir kaupenda, og út frá því hefir hann gefið matsmönnum nákvæmar reglur viðvíkjandi matinu. Ég hefi í höndum bréf til Sölusambandsins, sem er dags. 10. jan. þetta ár. Þar segir, að sala og viðskipti Norðmanna í þessu landi séu torveldð mjög, vegna þess að tíðar kvartanir um gæði og þurrkun fiskjarins hafi komið fram. En í sama bréfi segir, að það sé okkar styrkur í viðskiptunum við Portúgal, hversu jöfn gæði og stærð íslenzka fiskjarins eru. Ég skal sýna hv. flm. þetta bréf á eftir, ef hann óskar þess. Hann segir í því, að það sé sín aðalrökfærsla, til þess að greiða götu íslenzka fiskjarins til Portúgals, það sem hann kallar „den ualmindelige, jævne Kvalitet", m. ö. o. hið óvenjulega góða samræmi, sem er í matinu. Þetta verð ég að telja mjög lofsamleg ummæli í garð íslenzka fiskimatsins, og þar með í garð fiskimatsstjóra. Það hafa engar kvartanir komið frá Portúgal um, að fiskurinn hafi verið of harður, enda eðlilegt, að þeir kvörtuðu ekki yfir því. Hinsvegar er ekki langt síðan smávægileg kvörtun kom til Sölusambandsins yfir einni sendingu, sem hafði verið í linasta lagi.

Ég vil því endurtaka það, að ég get ekki fallizt á rök hv. flm. fyrir því, að það beri að leggja þetta embætti niður, og mér þykir leitt að þurfa að deila við hann um það. Mér þykir líka gæta fullmikils bráðlætis í þessu. Það er ekki komin svo mikil reynsla ennþá, a. m. k. ekki til hins verra, að ástæða sé til að flýta sér að afnema embættið.

Hv. þm. veit það vel, að hagsmunir þeir, sem sjávarútvegurinn hefir af góðu fiskimati, eru það miklir, að það getur á engan hátt komið til mála, að telja eftir eins smávægilega upphæð eins og laun fiskimatsstjórans og kostnaðinn af því embætti. Ég hefði getað skilið, að hv. flm. hefði komið með till. um að afnema embætti fiskifulltrúans á Spáni, sem á einkennilegan hátt og eftir því, sem manni er sagt, fyrir áhrif æðri ósýnilegra valda, var leiddur frá Spáni í byrjun borgarastyrjaldarinnar. Hann getur ekkert gagn gert íslenzkum sjávarútvegi nú, þar sem hann hefir verið í Þýzkalandi mestan hluta síðastl. árs. Það er embætti, sem kostar ríkissjóð 30—40 þús. kr. árlega. Það mætti vel tala um að leggja það embætti niður, því af því hafa íslenzkir útgerðarmenn ekkert gagn, eins og nú stendur. En að svipta útgerðarmenn þeirri tryggingu, sem þeir eiga að hafa í fiskimatsstjóranum, tel ég ekki rétt.

Flm. (Jón Ólafsson): Ég skal ekki vera langorður um þetta mál. Ég heyri á öllu, að formælendur embættisins eru vel heima í öllu því, sem fiskimatsstjórinn ber sjálfur fram. Ég tel, að það megi ekki eiga sér stað, að koma útlendingum á of mikið eða ganga inn á of mikið við þá. Við verðum að reyna að komast að samkomulagi við þá án þess að slaka alltaf til.

Mér hefir skilizt, að fiskimatsstjórinn hafi farið til Portúgals, og þeir hafi þar heimtað af honum þetta þurrkstig. En þetta er alveg öfugt við það, sem áður hefir verið gert. Hann hefir látið þetta eftir þeim til stórskaða fyrir landsmenn, í stað þess að liðka málið þannig til, að það gæti haldizt sem gengið hafði athugasemdalaust frá 1930. Ég man það, að þessi núv. fiskimatsstjóri fékk að fara til Spánar 1929. Hann kom með það erindi heim, að nú ættum við að ganga inn á það við Spánverja að binda fiskinn og vefja hann. Glöggur maður reiknaði út, að það hefði orðið 70 þús. kr. skaði fyrir landsmenn, ef gengið hefði verið inn á það. Árið eftir fór Jón Magnússon til Spánar, og hann fékk þessu aflétt. Þegar svona menn eru sendir út, sem ekki vinna sér annað til frægðar en að sýna undanlátssemi og hafa ekki vitsmuni til að semja, svo að gagni verði fyrir landsmenn, þá er það meira tjón en almenningur gerir sér grein fyrir, að hafa slíka menn í trúnaðarstöðum.

Það hefir sýnt sig, að matið fyrir Portúgalsmarkaðinn hefir skaðað landsmenn um 400 þús. kr. 1935, og 1936 nokkuð líkt. Og þegar menn eru að tala um, að ég telji eftir launin, sem þessi maður hefir, þá er það ekki rétt. Ég er einmitt að telja eftir það, sem við þurfum að borga fyrir skemmdarverk hans, en laun þau, sem maðurinn hefir, tel ég ekki svo mikils virði.

Hæstv. ráðh. sagði, að hann hefði verið fenginn hingað til að samræma matið. Hann getur ekki fengizt við að samræma matið, því að hann þekkti ekki nema Austfjarðamat, þegar hann kom hingað suður. Hann er því enginn maður til að samræma matið, enda er ómögulegt að samræma matið milli landsfjórðunga, þar sem um ólíkar fisktegundir er að ræða að vissu leyti, sem þurfa ólík þurrkstig. Ég veit ekki til, að það hafi komið hroðalegri vörur utan af landi en þær, sem komu til Alliance í sumar. En eftirlitsmaðurinn í Rvík bjargaði þeim frá að fara í skip.

Ég veit ekki, hve miklar aðfinnslur Sölusambandið hefir fengið um matið á þessu ári. En ég vissi, að þegar verið var að syngja stofnun þessa embættis lof á sinni tíð, þá var það aðalatriðið, að samræma matið hér innanlands, sem ég hefi leitt rök að, að sé í raun og veru ómögulegt. Fiskimatsstjórinn verður að trúa yfirmatsmönnunum fyrir þessu, og þeir undirmatsmönnunum, svo að það getur hvenær sem er komið annar flokkur af fiski en ætlazt er til að komi. Um þetta þýðir ekki að þrátta.

Hæstv. ráðh. þykir viðurhlutamikið að leggja niður þetta embætti. En ég get með þeirri reynslu, sem ég hefi, sagt honum, að það hefir alveg þveröfug áhrif, að setja hverja húfuna upp af annari, svo að ábyrgðin dreifist, sem einstakir starfsmenn eiga að hafa. Slíkt getur aldrei orðið til góðs.

Hv. þm. Snæf. sagðist hafa starfað mikið að fisksölumálum, og er það rétt. En hann hefir ekki gert sér grein fyrir því, sem um er að ræða í slíkum tilfellum, enda kærir hann sig kannske ekki um að kannast við það, þótt hann hafi heyrt einhverja segja frá því, sem orðið hafa fyrir barðinu á slíkum tiltektum og þeim, að herða fiskinn svona mikið. — Hv. þm. sagði, að hann hefði látið herða á matinu sumstaðar, en sumstaðar ekki. Ég get vel trúað þessu. En ég verð að segja það, að sumir verða fyrir barðinu á þessu, sem ekki höfðu áður fengið neina kvörtun á sinn fisk.

Það er rétt, sem hæstv. ráðh. sagði, að þessi maður var álitinn allra manna hæfastur í þetta embætti. Ég er nú búinn að segja frá einni för hans til Spánar. Hann komst líka einu sinni svo hátt, að hann fékk einkaleyfi hjá þinginu á vissri fiskverkunaraðferð. Ég veit ekki betur en hún sé hin mesta fjarstæða og hafi leitt af sér ærinn skaða fyrir landið. Af þessum orsökum og fleirum álít ég, að þessi maður hafi aldrei verið fær um að taka að sér þetta embætti. Hann hefir farið til Portúgals. Við höfum fengið að kenna á því. En ég óska, að hæstv. ráðh. spari þann kostnað, sem af slíku leiðir, beinlínis og óbeinlínis.

Það bréf, sem hv. þm. Snæf. minntist á, mun vera frá fyrrv. umboðsmanni Alliance, sem er Norðmaður. Þegar hann var umboðsmaður Alliance, þá hafði hann ekkert út á matið að setja. Ég fullyrði, að það hafi ekkert verið út á það að setja, þótt það sé vel skiljanlegt, að Portúgalsmenn vilji ekki kaupa af okkur meira vatn en þeir eru nauðbeygðir til eða fá okkar sendimenn til að ganga inn á. Allir vita, að fiskimatsstjórinn hefir gengið inn á þetta að óþörfu, af tillátssemi og þeirri ástæðu, að hann er ekki maður til að fara með slík vandamál.

Ég skal ekki segja neitt um þær reglur um mat, sem fiskimatsstjórinn á að hafa sett. En ég vissi, að fiskifulltrúinn okkar á Spáni setti matsreglur um allt land, þegar hann var á ferð, og hélt fundi með fiskimatsmönnunum. Ég hefi fengið að sjá fundargerð frá síðasta fundi, sem fiskimatsstjórinn hélt með matsmönnum, og get ekki dáðst að þeirri þekkingu, sem þar kemur fram, eða þeim ráðleggingum, sem hann útdeilir þar. Mér er líka ljóst, að þar er ekki hægt að miðla neinu, og óþarfi að ætla sér að gera það við þá sömu menn, sem hafa haft matið í hverjum landsfjórðungi.

Ég get að vísu látið útrætt um þetta mál. Það hefir enga þýðingu að vera að karpa um það. Ég veit, að það eru ótal vitni, glöggir menn, sem hafa sagt mér, hvernig þessum málum er háttað, sem ég reyndar þarf ekki að láta segja mér neitt um. Meðal annars sagði mér einn maður, að hann hefði árið 1925 skaðazt um 25 þús. á Portúgalsfiskinum. Sama er að hafa suður með sjó og viðsvegar þar, sem ég þekki til.

Ekki það, að ég sjái eftir launununm; þau hafa ekki verið svo stór. En ég harma, að þetta skuli hafa átt sér stað alveg að ástæðulausu og til stórskaða fyrir landsmenn.

*Thor Thors: Það vita allir, að hv. 1. þm. Rang. er mjög kappsfullur maður, og ég skil vel hans kapp og met það venjulega. En ég verð að segja það, að í þessu tilfelli hefir hann gengið nokkuð langt, ekki sízt í því, að telja upp ávirðingar eins utanþingsmanns, sem enga aðstöðu hefir til þess að verja sig hér.

Mér er ekki nægjanlega kunnugt um sum atriðin, sem hv. þm. gat um, en ég vil geta þess, að krafan um bindingu fiskjarins kom frá spönsku innflytendunum til ríkisstj. Það kom því núv. fiskimatsstjóra ekkert við. — Um Norðurlandsfiskinn, sem hv. þm. talaði um, að hefði verið illa metinn, er það að segja, að það var fiskimatsstjóri, sem lét meta þennan fisk að nýju, en ekki yfirfiskimatsmaður. Bréfið, sem hv. þm. gat um áðan, frá Portúgal, er ekki frá umboðsmanninum í Oporto, heldur sölumanninum í Lissabon, sem hefir unnið að útbreiðslu ísl. fiskjar allt frá byrjun.

Þegar þess er gætt, hversu erfitt er að ná fótfestu fyrir okkur á markaðinum í Portúgal, af því að við getum ekki hert nógu mikið, verður að telja mikinn ávinning, þegar sagt er, að gæði okkar vöru séu orðin það mikil, að hún beri af. Það sé okkar traustasta reipi, hversu gæði fiskjarins séu jöfn. Þetta er mikill ávinningur, og það verður vart metið til fjár, hversu mikinn hag við höfum af slíku áliti.

Ég er ekki í neinum vafa um það, hvað sem líður kvörtunum manna í einstaka tilfellum hér heima, að fiskimatsstjóri hefir eftir beztu getur og vilja reynt að tryggja, að við næðum því marki, sem við nú höfum náð, og hann hefir átt sinn verulega þátt í því, að það hefir náðst.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til sjútvn. með 18 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

46. Fiskimálanefnd o. fl. (frv. JÓl).

Á 27. fundi í Nd., 30 marz, var útbýtt:

Frv. til l. um breyting á lögum um fiskimálanefnd, útflutning á fiski, hagnýtingu markaða o. fl., nr. 120 12. des. 1935 (þmfrv., A. 146).

Á 29., 30., 32., 33. og 38. fundi í Nd., 2., 3., 7., 8. og 14. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

47. Viðreisn sjávarútvegsins.

Á 8. fundi í Sþ., 1. apríl, var útbýtt frá Nd.:

Frv. til l. um ýmsar ráðstafanir til viðreisnar sjávarútveginum (þmfrv. A. 151).

Á 31. fundi í Nd., 5. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 40. fundi í Nd., 16. apríl, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 20 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Forseti (JörB): Það stendur til, að útvarpsumr. fari fram um þetta mál síðar í dag, og þingflokkarnir hafa komið sér saman um að fara fram á þau afbrigði frá þingsköpum, að ræðutími fyrir hvern flokk verði 1 klst.

ATKVGR.

Afbrigði um að lengja upp í eina klukkustund ræðutíma hvers flokks við útvarpsumræður, er fara skyldu fram um málið, leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Umr. frestað um stund, en fram haldið síðar á fundinum.

Flm. (Jónas Guðmundsson): Frumv. það, sem hér liggur fyrir á þskj. 151 og nefnt er frumv. til l. um ýmsar ráðstafanir til viðreisnar sjávarútveginum, er flutt af öllum þm. Alþfl. í neðri deild, ásamt hv. þm. V.-Ísf. Ásgeiri Ásgeirssyni. Okkur er það sönn ánægja, að Sjálfstfl. skuli hafa óskað eftir útvarpsumr. um þetta frv. Alþfl., sem óhætt má telja eitt hið merkasta frv., sem á síðari árum hefir legið fyrir Alþingi.

Hversu þýðingarmikil ákvæði frv. þetta hefir að geyma til hagsbóta fyrir sjávarútveginn, má mest marka á því, að enginn stjórnmálaflokkanna hefir þorað að ráðast á frumv., hvorki á þeim grundvelli, að það, sem þar er lagt til, sé óframkvæmanlegt af fjárhagslegum ástæðum, né hinu, að þær leiðir, sem þar er bent á, séu rangar og því ekki rétt að fara þær.

Hinsvegar hafa blöð Sjálfstfl. talið, að ýms ákvæði í frumv. þessu séu tekin frá sjálfstæðismönnum, og ég býst við, að þeir muni við þessar umr. halda fram einhverju svipuðu. Vil ég því taka það fram strax, að svo er ekki um eitt einasta atriði frumv., heldur kemur hér fram það sama, sem svo oft hefir áður komið fram, að þegar Alþfl. eða Framsfl. hafa barizt árum saman fyrir lausn merkra mála, og þeirri baráttu er svo langt komið, að þær tillögur, sem fyrir eru lagðar af þessum flokkum, eru orðnar það ákveðnar og hafa orðið við svo mikil rök að styðjast, að ekki verður lengur gegn þeim staðið, þá kemur Sjálfstfl. og þykist hafa verið með þessum málum og barizt fyrir þeim. Nægir hér að minna á, að svona hefir þetta verið t. d. í málum eins og rýmkun kosningaréttarins, breytingu á kjördæmaskipuninni, verkamannabústöðunum, kjötlögunum, mjólkurlögunum, framfærslulögunum, og nú síðast í dragnótaveiðunum.

Nákvæmlega það sama á sér stað í þeim málum, sem frumv. þetta fjallar um, að fyrir því, sem þar er fram borið, hefir Alþfl. beitt sér undanfarin ár, og að frumv. það, sem hér liggur fyrir, er ekkert annað en beint framhald af fyrra starfi flokksins á þessum vettvangi, en gegn því flestu hefir Sjálfstfl. barizt með hnúum og hnefum, meðan Alþfl. var að afla þeirrar nauðsynlegu reynslu, sem þurfti til þess að verulegar og skipulagsbundnar framkvæmdir gætu hafizt.

Áður en ég vík að efni frv. sjálfs, vil ég færa rök að því, sem ég nú sagði, og sýna fram á, hvernig Alþfl. hefir barizt fyrir lausn þessara mála, og er þau rök að finna í starfsemi flokksins í útgerðarmálunum á undanförnum þingum. Á fyrsta þingi núv. stjórnarflokka var afnumið gjald af landbúnaðarafurðum og lækkað stórlega útflutningsgjald af síld. Það kom þá skýrt í ljós, að það var vilji stjórnarflokkanna að létta þessu gjaldi af, þó fjárhagsástæður ríkissjóðs leyfðu ekki, að hann væri þá í einu sviptur um 1 millj. króna tekjum.

Þá hvíldi einnig á útgerðinni annað gjald, ennþá tilfinnanlegra og hærra en útflutningsgjaldið, og það var gjald það, sem þá var greitt til markaðs- og verðjöfnunarsjóðs. Það gjald var afnumið á þinginu 1935. Alþfl. hefir því unnið að því að létta útflutningsgjöldunum af bæði landbúnaðar- og sjávarafurðum, þó hann hinsvegar sem fullábyrgur stjórnarflokkur hafi orðið að taka þar tillit til ástæðna ríkissjóðs og samstarfsflokks síns — Framsfl.

Á fyrsta þingi núv. stjórnarflokka bar Alþfl. fram og beitti sér fyrir því, að sett var löggjöf um skipulagningu fisksölunnar og nýbreytni í verkunaraðferðum. Voru það lögin um fiskimálanefnd, útflutning fiskjar, hagnýtingu markaða o. fl. Á sama þingi bar Alþfl. fram og fékk samþ. lög um síldarútvegsnefnd og skipulag á síldarsölu og síldveiðum.

Lögin um fiskimálanefnd eru fyrsti vísir að löggjöf hér á landi um að breyta verkunaraðferðum í fiskframleiðslunni, og var fiskimálanefndinni falið að hafa tilraunir í því skyni með höndum og heimilað að verja 1 millj. króna af

ríkisfé í þær tilraunir. Sú grein laganna, sem um það fjallar, er svo hljóðandi:

„Ríkisstjórninni er heimilt að veita einstaklingum og félögum lán eða styrk til þess að gera þeim kleift að koma upp tækjum til þess að verka fisk og aðrar sjávarafurðir með nýjum aðferðum, svo sem herðingu, hraðfrystingu o. fl., svo og til þess að gera tilraunir með útflutning og sölu sjávarafurða á nýja markaðsstaði, enda leggi þá markaðs- og verðjöfnunarsjóður einnig fram fé í sama skyni.

Fiskimálanefnd sér um veitingu lána og styrkja samkv. 1. málsgr. eftir reglum, sem ríkisstj. setur, að fengnum till. fiskimálanefndar, og mega lánin vera vaxtalaus um tiltekið árabil.

Ríkisstjórninni er heimilt að verja allt að 1 millj. króna samkv. ákvæðum þessarar gr., og heimilast að taka þá upphæð að láni, eða jafngildi hennar í erlendri mynt."

Í þessari grein felst stefna Alþfl. í þessu efni. Flokkurinn taldi rétt að fara ekki hraðara af stað í byrjun, en byggja síðar á þeirri reynslu, sem af þessum tilraunum fengist. En gegn setningu þessara laga — og þar með gegn því, að tilraunir væru hafnar í þessum málum — barðizt Sjálfstfl. allur og óskiptur og við afgreiðslu málsins frá þessari hv. d. greiddi hver einasti þingmaður Sjálfstfl. atkvæði móti lögunum.

Okkur Alþfl.mönnum var það þá þegar ljóst, að saltfiskmarkaðurinn var í þeirri hættu staddur, að hann hlaut að hrynja að verulegu leyti á næstu árum, eins og líka hefir komið á daginn. En með þessari lagasetningu var hægt að hefja byrjunartilraunir, sem voru nauðsynlegur undanfari þess, að í stærri stíl yrði lagt út á þessa braut.

Nákvæmlega hin sama var afstaða Sjálfstfl. til síldarútvegsmálanna, eins og til laganna um fiskimálan., og það er svo fjarri því, að þeir hafi átt þar frumkvæði að nokkurri nýtilegri hugmynd, að þeir hafa þar, eins og gagnvart fiskimálanefnd, gert allt, sem í þeirra valdi hefir staðið til að vinna þar gegn allri nýbreytni og skapað ókyrrð og deilur um þau mál, og það svo, að stundum hefir horft til vandræða.

Á þinginu 1935 fékk Alþfl. breytt lögunum um fiskimálanefnd á þann hátt, að stofnaður var sérstakur sjóður — fiskimálasjóður — og honum tryggðar nokkrar tekjur.

Hlutverk þess sjóðs er hið sama og ákveðið var í þeirri grein laganna um fiskimálanefnd, er ég áður las upp, sem sé það, að veita styrk til að verka fisk og aðrar sjávarafurðir með nýjum aðferðum, svo sem herðingu, hraðfrystingu, niðursuðu o. fl.

Og nú hefir fyrir atbeina fiskimálanefndar fengizt nokkur reynsla í þessu öllu:

Herðing fiskjar — sérstaklega ufsans — hefir aukizt svo mjög, að sýnilegt er, að sá atvinnuvegur getur átt mikla framtíð fyrir sér, sérstaklega hér á Suðurlandi.

Hraðfrysting hefir verið reynd í allstórum stíl sumstaðar — sérstaklega hér í Reykjavík — og sýnir sú reynsla, að þar getur legið að verulegu leyti framtíðarlausnin í okkar útvegsmálum, ef fljótt er við brugðið og skynsamlega á þeim málum haldið.

Niðursuða fiskjar og sjávarafurða hefir og verið reynd með sæmilegum árangri og sýnir, að hér er unnt að framleiða góðar og útgengilegar niðursuðuvörur.

Þá má benda á, að fyrir aðgerðir fiskimálanefndar og síldarverksmiðjustjórnar hefir hafizt hér í landi alveg nýr og áður óþekktur atvinnurekstur, sem er karfaveiðar og hagnýting karfans.

Þetta verð ég að láta nægja, en þetta ætti að vera nóg til þess að sýna og sanna, að það er Alþfl., sem frumkvæðið átti að öllum þessum nýmælum, að það var hann, sem með tilstyrk Framsfl. kom þessum málum það á veg, sem þau enn eru komin, og það er Sjálfstfl., sem unnið hefir gegn þeim, fyrst og fremst hér á Alþingi, og þó ekki síður utan þings, með látlausum árásum á fiskimálanefndina og starfsemi hennar. Nægir þar að benda á, að í fyrra flutti form. Sjálfstfl. frumv. um að leggja nefndina niður, og nú liggur hér fyrir frá öðrum sjálfstæðismanni frv. um að fækka nefndarmönnum og með því að gera nefndina verr hæfa til að inna störf sín af hendi. Auk þess hefir Sjálfstfl. í hverju máli, þar sem tök hafa verið á, veizt að nefndinni á hinn fautalegasta hátt.

Allt tal hv. sjálfstæðismanna í blöðum þeirra um, að eitthvað af till. okkar sé frá þeim komið, er því hin hreinasta fjarstæða og hefir við svo lítil rök að styðjast, að ef segja ætti sannleikann, er hann sá, að þeir hafa alltaf verið því andvígir, að reynsla fengist í þessum efnum.

Þá verður heldur ekki komizt hjá því, áður en vikið er að efni frv., að minnast á afstöðu Alþfl. á undanförnum þingum til togaraútgerðarinnar. Okkur hefir um mörg ár verið það ljóst, að sérstakra aðgerða hefir þurft til þess að togaraflotinn yrði endurnýjaður. Við fluttum því á þingunum 1935 og 1936 frv. til laga um útgerð ríkis og bæja. Bentum við þar á leið til endurnýjunar og aukningar á togaraflotanum og dreifingu þeirrar útgerðar í kaupstaði og kauptún landsins, þar sem vilji og geta væri fyrir hendi til þess að taka þátt í slíkri útgerð. Þetta frv. mætti á báðum þessum þingum mótstöðu beggja flokkanna, sjálfst.- og framsóknarmanna.

Það ætti að vera óþarft að taka það fram, að bæði þessi ár hefir frumvarpið verið flutt fyrst og fremst til þess að benda á ákveðna lausn á þessu þýðingarmikla máli, og til þess að geta orðið samningsgrundvöllur gagnvart samstarfsflokki okkar — Framsókn. En hann hefir neitað allri samvinnu um það mál bæði fyrr og síðar.

Afstaða Sjálfstfl. til tillagna okkar hefir verið sú, að þeir hafa talið frumvörp okkar flutt sem kosningamál — óframkvæmanleg með öllu, og nú, er við höfum flutt hér á þinginu frumv. um uppgerð togaraútgerðarinnar, þá telja þeir það fjandskap einn við togaraeigendur.

Sjálfir hafa sjálfstæðismenn ekki borið fram nokkra till., er færi í þá átt, að endurnýjun togaraflotans gæti hafizt, og kleift yrði að kaupa ný skip, en einu sinni hafa þeir flutt frv. um að verja 5 millj. kr. úr ríkissjóði til skuldaskila, aðallega fyrir núv. togarafélög.

Nú er öllum landslýð orðið það ljóst, hvernig hag togaraútgerðarinnar er komið. Stærsta tog-

arafélag landsins er gjaldþrota og hefði verið gert upp af bönkunum, ef Framsfl. hefði ekki notað fulltrúa sína í bönkunum til þess að bjarga því í bili. Hin önnur togarafélög eru flest svipað á vegi stödd. Um endurnýjun af hálfu núv. eigenda eða aukningu flotans verður því ekki að ræða. Aðgerðir í þeim efnum verða að koma frá því opinbera — frá Alþingi.

Þá vil ég að lokum minnast á það, að á þinginu 1936 fluttum við allir þm. Alþfl. í neðri deild frv. um breyt. á lögum um Fiskveiðasjóð Íslands, þar sem heimilað var að veita lán út á 2. veðrétt í nýjum vélbátum, og er sá kafli þess frv. tekinn óbreyttur að kalla upp í frv. það, sem hér liggur fyrir.

Frumv. það, sem hér er til umr., verður að skoðast út frá því sjónarmiði, er ég hefi hér lýst. Frumv. er beint framhald af tillögum okkar og tilraunum á undanförnum þingum til þess að skipa þessum málum með þeim hætti, sem kleift er og reynslan hefir sýnt, að fara ber. En ég vil taka það skýrt fram, að við teljum að viðfangsefni þau, sem frv. þetta gerir ráð fyrir að leyst verði, verða að leysast í einu lagi, og þeim verður að vera samfara uppgerð á fjárreiðum þeirra togaraútgerðarfyrirtækja, sem fyrir eru í landinu og eru svo skuldum hlaðin, að rekstur þeirra getur ekki borið sig. Það er margsýnt, að kreppuhjálp, í hverri mynd sem hún er veitt, verður ekki að gagni nema jafnframt sé tryggt, að rekstur fyrirtækjanna geti borið sig fjárhagslega við þau skilyrði, sem fyrir hendi verða, þegar uppgerð fyrirtækjanna hefir farið fram.

Þetta kom greinilega í ljós í bændakreppunni, og hið sama mun sýna sig, er frá líður, um skuldaskil útgerðarmanna og kreppuhjálp bæjar- og sveitarfélaga. Sú hjálp öll verður þýðingarlítil, ef framleiðslan getur ekki staðið undir rekstrinum til frambúðar, eða bæjar- og sveitarfélög fá ekki tekjur til að mæta þeim gjöldum, sem á þau eru og verða lögð.

Ég skal þá rekja hér aðaldrætti frumv. á þskj. 151. Því hefir áður verið greinilega lýst í þingfréttum útvarpsins, og er því óþarfi fyrir mig að fara ýtarlega í hvert einstakt atriði.

Í frv. þessu er það lagt til, að útflutningsgjald af saltfiski verði ekki innheimt frá 1. maí 1937 til 1. maí 1939, eða næstu 2 ár.

Er þetta gert til þess að létta byrðar saltfisksframleiðenda, en þeir eiga nú allra framleiðenda erfiðasta aðstöðu. Þetta mundi þýða um 225 þús. króna tekjumissi fyrir ríkissjóð, og þá sennilega tilsvarandi tekjuhalla fyrir ríkissjóð á yfirstandandi ári. En þegar á það er litið, hversu stórkostleg framlög saltfisksframleiðendur hafa greitt á undanförnum árum til ríkissjóðs, er ekki nema sanngjarnt, að þeim verði veitt þessi ívilnun nú, jafnvel þó ekki yrði séð fyrir tekjum í skarðið.

Þá leggjum við til, að útflutningsgjald á öðrum sjávarafurðum haldist óbreytt, en renni frá 1. jan. 1938 í fiskimálasjóð. Yrðu árlegar tekjur hans þá um 600 þús. krónur. Með þeim tekjum hefir fiskimálasjóður aðstöðu til þess að taka lán til framkvæmda þeirra, er í frv. felast, nú þegar, svo hefjast mætti handa þegar á þessu ári. Fiskimálasjóði er því heimiluð allt að 3 millj. króna lántaka, eða jafnhá upphæð í erlendum gjaldeyri. Sjóðnum er ætlað að taka lán þetta með ábyrgð ríkissjóðs, en standa að öllu leyti straum af því af árlegum tekjum sínum.

Með þessu eru að vísu teknar af ríkissjóði um 700 þús. krónur af tekjum þeim, sem hann nú hefir. Er það allstór upphæð, en þegar til þess er litið, í hverjum vanda sjávarútvegurinn er staddur, hygg ég, að fæstir hiki við að færa þá fórn, ef öll rök hníga að því, að á þann hátt megi færa sjávarútveginn yfir á meiri framtíðargrundvöll en hann nú hvílir á. Þessi breyting er ætlazt til, að fari fram um næstu áramót og að við samningu fjárlaga fyrir 1938 verði tekið tillit til þessara breytinga á tekjum ríkissjóðs. Við erum fúsir til samstarfs um að tryggja ríkissjóði tekjur í skarðið eða færa útgjöld hans niður að einhverju leyti til að mæta þessum tekjumissi.

Í fjárlagafrumv. því, sem fyrir Alþingi liggur, eru styrkir til landbúnaðarins 2 millj. króna, og afkoma hans batnandi. Er því ekki til of mikmælzt þó að sjávarútvegurinn fái að nota það gjald, sem hann nú, einn allra atvinnuvega, greiðir í ríkissjóð, til þess að rétta við hag sinn, ef það mætti með því takast.

Með þessum hætti viljum við tryggja fé til framkvæmdanna. Og þó nú þegar yrði tekið 3 millj. króna lán handa sjóðnum, og það lán væri ekki með betri skilmálum en þeim, að 10% af láninu þyrfti árlega til vaxta og afborganagreiðslna, þá hefði fiskimálasjóður 300 þús. krónur árlega umfram vaxta og afborganagreiðslur af láninu til að mæta öðrum útgjöldum sínum og auka starfsemi sína.

Auðvitað er, að lánsheimild sú, sem hér er veitt, mundi ekki verða notuð öll í einu, heldur yrðu lánin tekin eftir því, sem þyrfti með til framkvæmdanna. Væri því kleift að veita lán þessi afborganalaust og jafnvel vaxtalaust um einhvern tíma, meðan skipun væri að komast á málin.

Annar kafli frv. fjallar um endurnýjun togaraflotans og 7. kafli þess um endurnýjun vélbátaflotans, og er rétt að þeir séu teknir hér saman. Er heimilað að veita lán til kaupa á allt að 6 nýtízku botnvörpungum, og má veita lánin bæjar- og hreppsfélögum, hlutafélögum og samvinnufélögum og einstökum mönnum. Lánin mega nema 25% af kaupverði eða kostnaðarverði skipanna, og verða veitt gegn 2. eða 3. veðrétti í skipum, enda sé tryggt, að erlendis fáist lán út á 1. og 2. veðrétt fyrir 55—65% af kaupverði skipanna, Eigendum er ætlað að leggja fram 10%, ef það eru bæjar- og hreppsfélög, sem kaupa skipin, en 20%, ef það eru félög eða einstaklingar. Þá er og heimilað að láni, sem fiskimálasjóður veitir til slíkra kaupa, megi breyta í hlutafjár- eða stofnfjárframlag, ef í hlut á bæjar- eða sveitarfélag, og virðist það mjög sanngjarnt, ef við sérstaka örðugleika yrði að stríða í útgerð skipanna á einhverjum stað.

Þetta ákvæði hafa ýmsir viljað telja sem grímuklæddan ríkisrekstur, en því fer fjarri, að svo sé. Þó framlagið yrði gert að hlutafé eða

stofnfé í fyrirtæki með takmarkaðri ábyrgð, skapar það ekki ríkissjóði nein útgjöld vegna sjálfrar útgerðarinnar á skipinu, og enga áhættu umfram þá, sem tekin er á sig með því að veita 3. veðréttar lán til kaupanna. Hinsvegar gæti það verið léttir og styrkur fyrir það bæjar- eða sveitarfélag, sem í hlut ætti. Lán til vélbátabygginga eru hugsuð á þann veg, að fiskimálasjóður láni skipasmíðastöð innlendri, er byggja vill báta til sölu, 25% byggingarkostnaðar báts eða skips undir 60 smál., og sé skipasmíðastöðin skyld til að láta jafnmikið lán hvíla á skipinu til kaupandans, er hún selur það, enda séu vextir þeir sömu og skipasmíðastöðin greiðir til fiskimálasjóðs. Þessi lán mega vera vaxtalaus. Tryggingar fyrir þessum lánum eru skuldabréf skipseiganda og aðrar þær tryggingar frá skipasmíðastöð, er fiskimálanefnd tekur gildar. Lán þessi eru tryggð með öðrum veðrétti í skipunum og eiga að greiðast upp á 7 árum.

Þriðji kafli frv. er um byggingu hraðfrystihúsa. Fjórði kafli þess er um fiskimjöls-, síldar- og karfavinnsluverksmiðjur, sem eigi eru stærri en 600 mál, og fimmti kafli þess um niðursuðuverksmiðju. Þar sem meginatriði frv. um allar þær framkvæmdir, sem í þessum köflum eru ráðgerðar, eru svipuð, tek ég þá alla í einu.

Svo er fyrir mælt, að fiskimálanefnd skuli falið að rannsaka, hvar þarf að reisa hraðfrystihús eða síldar- og karfavinnsluverksmiðjur til þess að tryggja smáútveginum greiðan aðgang að þessum fyrirtækjum, og gera tillögur þar um, í hvaða röð þetta skuli koma til framkvæmda. Eins skal hún fara að um niðursuðuverksmiðjur. Þegar þetta hefir verið ákveðið og samþ. af ríkisstj., skal hefja framkvæmdir. Fiskimálasjóður leggur fram einn fjórða hluta af stofnkostnaði allra þessara fyrirtækja, og er það afturkræft framlag, en skoðast sem eign fiskimálasjóðs í fyrirtækjunum og veitir fiskimálanefnd íhlutun um stjórn fyrirtækjanna, ef þess er óskað.

Þá skal fiskimálasjóður styrkja með lánum eða ábyrgðum: frystihús með 60% stofnk., síldarverksmiðjur með 40% og niðursuðuverksmiðjur með 75%.

Hlunnindi laganna má veita bæjar- og hreppsfélögum, hlutafélögum og samvinnufélögum til að reisa fyrirtæki þessi. Ábyrgðar bæjar- og sveitarfélaga er hægt að krefjast fyrir hluta af láni og ábyrgð fiskimálasjóðs. Þá er og heimilað, að lán og styrk megi veita til að koma hraðfrystitækjum fyrir í frystihúsum, sem fyrir eru, þegar lögin koma til framkvæmda, svo og, að styrks skuli njóta þau frystihús og síldarbræðslur, sem þegar hafa verið reist með aðstoð ríkissjóðs eða fiskimálasjóðs.

Nánari ákvæði eru sett um styrk til veiðarfærakaupa, þar sem teknar yrðu upp nýjar veiðiaðferðir, svo sem dragnætur, og að styrk megi veita til kaupa á nýjum og áður lítið eða ekki þekktum veiðarfærum hér á landi. Þá er loks fiskimálanefnd heimilað að kaupa eða byggja til eigin starfrækslu hraðfrystihús í Reykjavík.

Ýms önnur ákvæði, sem nánar tiltaka það, sem hér hefir verið sagt, hefir frv. að geyma, en þetta eru aðalatriði þess, og læt ég nægja að geta þeirra.

Með þessu frv. er, eins og ég áður hefi sagt, aðeins haldið áfram og gert ákveðnara það starfssvið, sem fiskimálanefndinni var falið að starfa á, og fé tryggt til framkvæmdanna. Hversu hratt yrði farið í málunum, yrði að vera á valdi ríkisstjórnar og fiskimálanefndar, en vitanlega yrðu kröfurnar úr hinum ýmsu bæjar- og sveitarfélögum um þessi hlunnindi miklu um það valdandi, hversu fljótt gengi.

Engum kemur þó til hugar að halda, að þeim framkvæmdum, sem hér eru ráðgerðar, yrði lokið á skemmri tíma en 4 árum, og mætti þá kallast vel áfram haldið.

Hvað mundi nú kosta framkvæmd þessa frv., ef í hana væri ráðizt? mun vafalaust margur spyrja.

Ég skal leitast við að gera grein fyrir því, og er þá farið eftir upplýsingum bæði frá atvinnumála- og fiskimálanefnd um þau atriði, sem skýrslur liggja fyrir um, en áætlað eftir því, sem verður komizt í öðrum atriðum.

Til þess að þetta geti orðið sem ljósast, er réttast að taka sérstaklega styrkina og sérstaklega lánin eða ábyrgðirnar, sem sjóðnum er ætlað að veita eða takast á hendur.

Skulu þá fyrst teknir styrkirnir:

Ef byggð yrðu 20 hraðfrystihús og hvert þeirra væri áætlað að kosta 100 þús. krónur, þyrfti að veita til þeirra allra í styrk

		kr. 500000,00
Ef reistar yrðu 6 síldarbræðslu- og karfavinnslustöðvar c. 250 þús. = 1,5		— 625000,00
Ef reistar yrðu 6 niðursuðuverksmiðjur hver á 50 þús. kr. = 300000,00		— 75000,00
Veiðarfærastyrkur (áætlaður)		— 25000,00
	Styrkir samtals	kr. 1225000,00

Lánin yrðu þessi:

Til togarakaupa 6 skip c. 700 þús. kr. hvert = ...	4200000,00	
¼ þar af	1050000,00	1050000,00
Eigið framlag 10% ...	420000,00	
Erlend lán með 1. veðrétti	2830000,00	
Til hraðfrystihúsa 60% af 6 millj.		1200000,00
Til síldarverksmiðjanna 40% af 1,5 millj. ..		600000,00
Til niðursuðuverksm. 75% af 300 þús.		225000,00
Til vélbátabygginga 200 smál. c. 500,00 (á ári)		100000,00
	Lánin samtals kr.	3175000,00

Alls verður þá niðurstaðan þessi, ef kaupa á í einu 6 togara, byggja 20 hraðfrystihús, 6 síldarverksmiðjur, 6 niðursuðuverksmiðjur, styrkja veiðarfærakaup og bátabyggingar allríflega og lána allt til þess, umfram hin lágu tilskyldu framlög:

að styrkirnir verði samtals kr.	1225000,00
að lánin verði samtals ..... —	3175000,00
Samtals kr.	4400000,00

Og mun þetta vera mun lægri upphæð en eitt einasta togarafélag landsins skuldar nú í höfuðbanka þjóðarinnar í föstum skuldum auk rekstrarlána!

Framlög fiskimálasjóðs nema ekki meiru í allt í þessu skyni en samanlagðar tekjur hans mundu nema á 2 árum, eða afgangur hans, frá því að standa undir 3 millj. króna láni, mundi greiða upphæðina að fullu á 4—5 árum.

Lánin eða ábyrgðirnar, sem sjóðurinn tæki að sér, nema ekki samtals nema röskum 3 millj. króna, og eru það lán, sem tryggð eru með fyrsta veðrétti í frystihúsum og verksmiðjum, að upphæð rúml. 2 millj. króna, en hin, sem tryggð eru með 2. veðrétti í skipum og bátum, 1150 þús. króna. Á þeim lánum er hættast við, að sjóðurinn tapaði, en þó hann tapaði því öllu, er það ekki nema helmingur þess, sem landbúnaðurinn fær á einu einasta ári í beinan styrk úr ríkissjóði.

Það skal og viðurkennt, að hér er um ekki óverulegar lántökur að gera, bæði af hálfu fiskimálasjóðs og einstaklinga eða félaga. Vafalaust mætti taka allmikið af þessum lánum innanlands, en nokkuð yrði að takast erlendis. En hins verður þá einnig að gæta, að allar þessar ráðstafanir miða að því, að skapa erlendan gjaldeyri, og það í þeim löndum og það á þeim mörkuðum, þar sem sá gjaldeyrir er frjáls.

Ég hefi þá sýnt fram á, að framkvæmd þess alls, sem sanngjarnt væri að krefjast að leyst yrði af hendi á 4 árum, kostar hið opinbera ekki þær fórnir í fjárframlögum eða lántökum, að í það sé horfandi. 1 millj. og 100 þús. krónur kæmu að meðaltali á hvert ár, og þyrfti þá árleg lántaka ekki að nema meiru en sem svaraði ½ milljón króna, ef gengið er út frá, að tekjur sjóðsins væru kr. 600 þús. á ári, og oft þyrftu lántökurnar ekki að vera svo háar út á frystihúsin og verksmiðjurnar í öðrum lánsstofnunum.

Þetta verð ég að láta nægja til að sýna, að frá hagsmunalegu sjónarmiði er þetta allt vel kleift, jafnvel þó því væri að verulegu leyti hrundið í framkvæmd á skemmri tíma en 4 árum.

Að lokum mun ég þá minnast nokkuð á afstöðu þingflokkanna þriggja til útgerðarinnar og málefna hennar.

Á afstöðu Alþfl. hefi ég minnzt hér á undan og einnig nokkuð vikið að stefnu Sjálfstfl. En stefna hans er í fám orðum sú, að látast vilja gera ýmislegt til viðreisnar, en þegar tillögur hans koma fram, eru þær vanhugsaðar eða vantar þann fjárhagslega grundvöll, sem nauðsynlegur er til framkvæmdanna. Vil ég því til sönnunar benda á tvö frumv., sem Sjálfstfl. hefir flutt hér á Alþingi. Hið fyrra var um „fiskiráð“ og flutt af form. flokksins, Ól. Th. Var þar gert ráð fyrir því að stofna ráð, sem ekkert vald var veitt til neinna framkvæmda, heldur átti að vera einskonar ráðgefandi samkoma, sem enginn þurfti að fara eftir frekar en honum sýndist, og ekki hafði veitt fé til umráða til að koma þeim málum í framkvæmd, sem þetta ráð nú annars hefði viljað hrinda af stað.

Hitt frv. þeirra er frv. það um byggingu hraðfrystihúsa, sem nú liggur fyrir þessari hv. deild. Þegar ég fyrir alllöngu síðan flutti í sam. þingi till. til þál. um, að ríkið styrkti verksmiðjuna á Norðfirði með fjárframlagi, benti ég á, að sjálfsagt væri, að bæði hraðfrystihús og smærri síldarverksmiðjur yrðu styrktar á sama hátt og frystihús kaupfélaganna og mjólkurbúin hafa hingað til verið styrkt. Þessa hugmynd mína grípa sjálfstæðismenn og bera fram frumv. um þetta efni. En svo vanhugsað er þetta frv. þeirra, að ekki eru nein tök á að samþ. það eins og það er. Það er vanhugsað af því, að ekki eru þar nein ákvæði um, hvernig fé skuli fá til framkvæmdanna. Ríkinu eru hvorki tryggðar tekjur til að standast útgjöldin við þessar ráðstafanir né heldur veitt heimild til lántöku í þessu skyni. Og enn er það vanhugsað af því, að þar er ekki heimilað að styrkja uppsetningu hraðfrystitækja í hús, sem nú eru fyrir, svo sem öll frystihús kaupfélaga og samvinnufélaga, sem auðvitað er sjálfsagt að nota, þar sem það er hægt. Samþykkt þessa frv. eins og það er þýddi því engar framkvæmdir í þessum málum, heldur pappírslög, sem væru einskis virði.

Þeir sjálfstæðismenn hafa engar tillögur borið fram til viðreisnar og endurnýjunar togaraútveginum, en verið andvígir öllu, sem í málum útvegsins hefir verið gert á undanförnum árum.

Stefna Framsóknar í útgerðarmálum hefir verið ákaflega óljós og reikandi. Ef marka skal hana af þeim frv., sem flokkurinn hefir flutt hér á Alþingi, er þar ekki um auðugan garð að gresja. Þeir hafa þó nú á nokkrum þingum flutt frv. til laga um útgerðarsamvinnufélög, en hver sá, sem nokkurn hlut þekkir til við sjávarsíðuna, hlýtur að sjá það strax, að það frumv., eins og það hefir legið fyrir, er algerlega óframbærilegt. Valda því þau ákvæði frv., að hlutur skipverjanna skuli hækka og lækka í samræmi við rekstrarafkomu félagsins eftir á. Þetta getur ekki þýtt annað, ef tap verður á rekstrinum, en að það skuli að öllu leyti ganga út yfir sjómennina og þá aðra, sem fyrir hlut eru ráðnir. Sjá allir, hversu óframkvæmanlegt slíkt er, því samkv. því má ekki skila þeim neinu af hlut sínum fyrr en í lok útgerðar, og ef tapið er þá það mikið, að nema mundi öllu kaupi skipverja eða meiru, sem vel gæti verið og oft hefir orðið á vélbátum, fengju mennirnir ekkert, — ekki einu sinni til að framfleyta sér og sínum meðan á útgerðinni stendur.

Ég er hér ekki að mótmæla því, að samvinnuútgerð geti átt rétt á sér. En eigi hún að vera til, verður að tryggja þeim, sem við hana vinna, hlut sér til framfærslu, alveg eins og bændur landsins þeir, sem nú eru í samvinnufélögunum, nota afrakstur búa sinna fyrst og fremst sér og sínum til lífsframfærslu, en láta það, sem afgangs verður, upp í viðskipti sín við kaupfélag sitt, eða í afborganir og vexti. Afstaða Framsóknar til togaranna og stórútgerðarinnar yfirleitt er þó ennþá óákveðnari en afstaða þeirra til smáútvegsins. Sannleikurinn mun vera sá, að í þeim efnum hefir flokkurinn enga stefnu. Hann virðist vilja láta reka á reiðanum þar, þangað til gjaldþrot bankanna verður afleiðing-

in, eins og átti sér stað í tíð íhaldsins, er ýms stórfyrirtæki, sem þá eyddu milljónum af fé landsmanna, voru búin að gera aðalbanka landsins (Íslandsbanka sáluga) gjaldþrota, áður en þingið rumskaði.

En Framsfl. er ekki stætt með það, að hafa enga stefnu í málum stórútgerðarinnar. Hann verður þar annaðhvort að hallast á sveif með Sjálfstfl. eins og hann nú hefir gert með því að hindra gjaldþrot Kveldúlfs og beita sér gegn því, að rannsókn fari fram á hag stórútgerðarinnar, eða hann verður að vera með Alþfl. í því að finna leiðir til viðreisnar þessum þýðingarmesta atvinnuvegi landsmanna.

Sá ágreiningur, sem nú hefir orðið milli Alþfl. og Framsfl., stafar eingöngu af þessari vandræðaafstöðu Framsfl. Hann hefir neitað að ræða þetta mál við okkur, og nú þegar hann þurfti um það að velja, hvort hefja ætti nýtt tímabil í togaraútveginum með því að stærsta togarafélag landsins yrði yfirtekið til rekstrar með tilstyrk þess opinbera, þá lagðist flokkurinn svo gersamlega á sveif með Sjálfstfl., að hann beinlínis varð til þess að bjarga fyrirtækinu.

Við eigum því engan kost annan, Alþfl.menn, en þann, að leggja fram mál okkar fyrir alþjóð, svo hún megi sjá, hvað það er, sem við viljum, og hvað það er, sem Framsókn vill ekki. Þess vegna höfum við flutt hér á Alþingi þau fjögur frumv., sem sérstaklega marka afstöðu okkar í þessum málum, en það eru:

1. Frv. um breyt. á lögum Landsbankans, til þess að fyrirbyggja, að of miklu fé verði veitt í einstök fyrirtæki og að eftirgjafir verði veittar umfram lögákveðin takmörk.

2. Frv. um skiptameðferð á búi h.f. Kveldúlfs — til þess að sýna, hverjum tökum við teljum, að eigi að taka þau fyrirtæki, sem of djúpt eru sokkin í skuldir.

3. Frv. um ráðstafanir til stuðnings togaraútgerðinni, þar sem við bendum á, hvaða leið muni heppilegast að fara til að létta þeim skuldabyrðum af togaraútgerðinni, sem á henni hvíla nú, og skapa henni möguleika til að komast á heilbrigðan grundvöll — og

4. Frv. um ýmsar ráðstafanir til viðreisnar sjávarútveginum, sem hér liggur fyrir til umr. og ég hér hefi lýst.

Það erum ekki við, Alþfl.menn, sem nú stöndum á mikilsverðum vegamótum, heldur er það samstarfsflokkur okkar — Framsókn. Hún á nú að velja um, hvort hún hallast til hægri eða vinstri í pólitíkinni, því um þessi mál kemur deilan til með að standa í næstu framtíð.

Ég skal engu spá um það, hvorn kostinn hún velur, en Alþfl. hefir lagt fram sín rök og sína stefnu, og henni munum við fylgja.

Ég vil svo að lokum endurtaka það, að við teljum lausn allra þessara mála svo samtvinnaða, að hún verði að fást í einu — með ákveðinni heildarlöggjöf um þennan mikilvægasta þátt íslenzks atvinnulífs — sjávarútveginn.

*Sigurður Kristjánsson: Herra forseti! Mál það, sem hér er til umr. á þskj. 151 og þm. Alþfl. flytja, myndi hafa vakið athygli, ef þeir hefðu flutt það strax og þeir fengu hluttöku í stjórn landsins eftir síðustu kosningar. Og jafnvel þótt það hefði ekki komið fram fyrr en á þessu þingi, mundi það hafa vakið athygli, ef það hefði verið flutt í þingbyrjun og ekki í sambandi við þingrof og nýjar kosningar.

Þingið, sem nú situr, er fjórða þingið síðan síðustu þingkosningar fóru fram. Sagt er, að það verði rofið innan fárra daga. Vissulega væri því hentugur tími nú fyrir Alþfl. til þess að rifja upp fyrir sér, hvað hann hefir gert á þessu tímabili til viðréttingar sjávarútveginum. Hitt mun flestum sýnast bera nokkuð einkennilega að, að þessi flokkur, sem farið hefir með völd allt tímabilið og haft aðstöðu til að fá umbótatillögur samþ. öll þessi ár, skuli nú fyrst, viku áður en kjörtímabilinu lýkur, koma fram með tillögur sínar um „alhliða viðreisn sjávarútvegsins," eins og flokkurinn orðar það í blaði sínu. Ég held, að réttara hefði verið að kalla þetta frv. tilraun til alhliða viðreisnar á mannorði Alþfl. vegna afskipta hans af sjávarútvegsmálum.

En þótt þessi tilraun Alþfl. til þess að punta biðilsbuxur sínar sé dálítið brosleg, gefur hún okkur sjálfstæðismönnum þó æskilegt tækifæri til þess að skýra alþjóð frá því, hvernig þessi flokkur, Alþfl., hefir snúizt við viðreisnarmálum sjávarútvegsins, meðan tími og aðstaða var til að sinna þeim. Mun af því mega sjá, af hve djúpri og göfugri rót frv. þetta er sprottið og hvers virði sjávarútveginum muni vera þessi nýja vinátta, þetta afturhvarf Alþfl. á dauðastundinni.

Þess er ekki að dyljast, að flm. frv. þess, sem hér er til umr., munu hafa ætlazt til, eins og menn hafa heyrt af ræðu hv. 6. landsk., að því verði trúað, að hér séu á ferðinni algerðar nýjungar og að þeir séu brautryðjendur, einu mennirnir, sem til þess hafi vit, þekkingu og vilja að segja fyrir leið í sjávarútvegsmálum. Það mun nú að sönnu þurfa einstaklega einfalda menn til að trúa því, að þá menn, sem stunda sjávarútveg og hafa stundað allan sinn aldur, skorti öðrum fremur þekkingu og hugkvæmni í þeim málum, og þó einkanlega góðan vilja, en að samskrap sósialista hafi þar yfirburði yfir alla. Eigi að síður tel ég skylt að leggja fram nokkrar staðreyndir í þessu máli, og ætlast þá til, að þær jafnframt nægi til að hnekkja slagorðaþvættingi þeim, sem ég því miður verð að kalla ræðu hv. 6. landsk.

Þetta um stofnlánastarfsemi fyrir útveginn er nú ekki sérstaklega frumleg hugmynd. Það mun hafa verið á þinginu 1928, sem sjálfstæðismenn hófu baráttu fyrir því, að séð yrði fyrir stofnlánum til útgerðarinnar í samræmi við þarfir hennar. Báru þeir þá fram frv. um eflingu fiskveiðasjóðs Íslands. Mál þetta mætti þegar andstöðu og óvild núv. stjórnarflokka, og var það ekki fyrr en á þinginu 1930, að samþ. fengust núgildandi lög um fiskveiðasjóð Íslands. Lögin urðu ekki svo fullkomin eða hagkvæm sem sjálfstæðismenn vildu, en þó stórvægileg umbót frá því, sem áður var.

Skv. þessum lögum á ríkissjóður að leggja sjóðnum eina millj. króna, og var síðar með reglugerð ákveðið, að þessi millj. skyldi greið-

ast með 100 þús. kr. á ári og vera að fullu greidd árið 1941. Auk þess skyldi lagt aukaútflutningsgjald á sjávarafurðir, ⅛%, er renna skyldi í sjóðinn. Sex ár eru nú liðin síðan lög þessi komu til framkvæmda, en ríkissjóður hefir ekki enn greitt sjóðnum einn eyri af milljóninni. Hefir sjóðurinn því orðið að starfa með dýru lánsfé, og því ekki risið undir hlutverki sínu. Í þessari framkomu stjórnarflokkanna birtist að mínu viti mjög greinilega umhyggja þeirra fyrir útgerðinni, og einlægni þeirra í því að sjá henni fyrir hagkvæmum stofnlánum.

Á þinginu 1933 fluttu sjálfstæðismenn þáltill. í 6 liðum. Var þar skorað á ríkisstj.:

1. að rannsaka og safna skýrslum um fjárhagsástæður og afkomuhorfur sjávarútvegsmanna um land allt.

2. að undirbúa tillögur til úrlausnar vandamálum útvegsmanna, einkum um ráðstafanir af hálfu hins opinbera til að firra þá vandræðum vegna yfirstandandi krepputíma.

3. að athuga leiðir til þess að treysta betur en nú er sameiginlega hagsmuni vinnuþiggjenda og vinnuveitenda, þeirra er vinna að sjávarútveginum bæði á sjó og landi, og gera tillögur til að draga úr fjárhagsáhættu útvegsins.

4. að rannsaka skilyrði fyrir bættum og fjölbreyttari verkunaraðferðum.

5. að gera tillögur um framkvæmdir til aukins markaðar fyrir fisk, fiskafurðir og aðrar innlendar framleiðsluvörur.

6. að undirbúa rekstrarlánastofnun fyrir bátaútveg landsmanna.

Mál þetta horfði ekki illa í byrjun, því þá var í sæti atvmrh. maður vinveittur sjávarútvegi. Skipaði hann nefnd þriggja manna til að leysa af hendi það verk, sem í þingsályktuninni ræðir um, og var form. nefndarinnar hv. núv. þm. Vestm.

Með áliti því og skýrslum, sem nefndin skilaði atvmrh., fylgdu fjögur frumvörp: um skuldaskil útgerðarinnar, um fiskveiðasjóð Íslands, um rekstrarlánafélag bátaútvegsmanna og um vátryggingu opinna vélbáta. — Auk þess fylgdu tillögur um afnám útflutningsgjaldsins, um markaðsleitir, um það, að hafizt yrði handa um verkun og útflutning harðfisks, kælds fisks, og hraðfrysts fisks, niðursoðinna fiskafurða og ýmislegt fleira.

Allt þetta fékk nefndin atvmrh. í hendur. En svo óheppilega hafði nú skipazt fyrir útgerðina að stjórnarskipti höfðu orðið, og í atvinnumálaráðherraembættið var kominn maður úr Alþfl. Er skemmst frá að segja, að ráðh. stakk flestum tillögunum undir stól. — Þetta vona ég að færi mönnum heim sanninn um það, að það eru engar nýjungar, sem bornar eru fram í þessu frv. á þskj. 151. Allt, sem þar er nýtilegt, og margt fleira er löngu áður borið fram af sjálfstæðismönnum, en hefir strandað á andstöðu núv. stjórnarflokka, og þó einkanlega Alþýðuflokksins.

En sagan er ekki öll sögð enn.

Þegar sjálfstæðismenn sáu, að atvmrh. vildi ekki sinna tillögum milliþinganefndarinnar, afréðu þeir að leggja fyrir þingið 1934 fumvörp um alhliða viðréttingu sjávarútvegsins. Veit ég, að engum muni hafa þótt þetta bera vott um hlutdrægni eða óeðlilega umhyggju fyrir sjávarútveginum fram yfir aðra atvinnuvegi, því búið var þá að gera ráðstafanir til hjálpar landbúnaðinum. En verzlun og smáiðnaður hér á landi eiga að mjög miklu leyti þrifnað sinn undir því, að sjávarútvegurinn standi með blóma. Vænti ég líka, að fleiri en sjálfstæðismenn viti það og hafi þá þegar vitað, að ríkisbúskapurinn er að langmestu leyti byggður á afkomu sjávarútvegsins, og að verulegur hluti þjóðarinnar hefir beint eða óbeint lífsuppeldi sitt af honum. Það mun því verða litið svo á af öllum vitibornum mönnum, að með þeim ráðstöfunum, sem sjálfstæðismenn lögðu til, að gerðar yrðu til þess að koma í veg fyrir hrun sjávarútvegsins, væri fyrst og fremst séð fyrir hag alþjóðar.

Fyrsta frv. sjálfstæðismanna til viðréttingar útgerðinni var frv. þeirra um skuldaskil fyrir alla útgerð landsmanna. Stjórnarflokkarnir snerust öndverðir gegn þessum tillögum og gengu Alþfl.mennirnir þar fram fyrir skjöldu. Stóð baráttan um þetta lengi með hinni mestu hörku. Og loks eftir það, að margar þúsundir manna úr flestöllum verstöðvum á Íslandi höfðu sent Alþingi alvarlegar áskoranir um það, að samþ. frv. sjálfstæðismanna, fengust skuldaskil fyrir nokkurn hluta útgerðarinnar. En ófullkomin þó. Og þótt telja verði, að sjálfstæðismenn ynnu hálfan sigur í þessu máli, varð hann þó að minna gagni fyrir útgerðina en orðið gat, sökum þess að ekki náðu fram að ganga þær ráðstafanir, sem gera þurfti til þess að bæta rekstrarafkomuna.

Engin þjóð í heimi, önnur en Íslendingar, leggja útflutningsgjald til ríkissjóðs á fisk. Þar á móti greiða margar fiskiveiðaþjóðir útflutningspremíur á útfluttan fisk. Og nú er svo komið, að allar samkeppnisþjóðir okkar um saltfiskmarkaðinn hafa ríkisstyrk til útflutningsins, auk margháttaðs stuðnings á annan hátt. Svo er um Norðmenn, Dani (Færeyjar) og Frakka. Við sjálfstæðismenn töldum og teljum það hina mestu fásinnu að taka hið háa útflutningsgjald, sem hér er tekið af útfl. sjávarafurðum. Við fluttum því strax á þinginu 1934 frv. um afnám útflutningsgjalds af fiski. Þingið, sem nú situr, er 4. þingið, sem haft hefir þetta til meðferðar. En það hefir aldrei náð fram að ganga. Hafa engir tekið þverar í þetta mál en þm. Alþfl., sem talið hafa þessu kröfu sjálfstæðismanna bera vott um þið mesta ábyrgðarleysi og ósamrýmanlegt hag ríkissjóðs.

En nú er allt í einu komið nýtt hljóð í strokkinn. Þingrofið og væntanlegar kosningar hafa unnið kraftaverk í Alþfl., því nú er afnám útflutningsgjaldsins allt í einu orðið baráttumál flokksins; meira að segja heldur hann því nú fram, að gjaldið eigi engan rétt á sér og að ríkissjóður geti auðveldlega verið án þess. Allt þetta segir flokkurinn um leið og hann kemur frá því að drepa málið í fjóða sinn.

Á þessu sama þingi, fyrsta þingi kjörtímabilsins, fluttu sjálfstæðismenn frv. um eflingu fiskveiðasjóðs Íslands. Eftir frv. skyldi stofnfé sjóðsins aukast upp í 12 millj. kr. Sjálfstæðis-

menn töldu það höfuðskilyrði fyrir viðgangi sjávarútvegsins, að fiskveiðafloti landsmanna væri ávalt í nýtízku ástandi og að öflugur iðnaður risi upp við hlið hans, svo Íslendingar gætu sjálfir unnið úr sjávaraflanum hinar verðmætustu útflutningsvörur. En til þess þurfti að koma upp öflugri stofnlánstofnun, er væri þess megnug að lána hagkvæm lán til skipabygginga og verksmiðjubygginga. Þess vegna er sjóðnum, skv. frv. sjálfstæðismanna, ætlað að starfa með eigin fé og lána gegn 4—4½% vöxtum til bygginga stærri og smærri skipa, síldarverksmiðja, fiskimjölsverksmiðja, niðursuðuverksm., frystihúsa o. fl.

Frv. þetta höfum við flutt á fjórum þingum í röð, þar á meðal á yfirstandandi þingi, og hefir Alþfl. í öll skiptin lagzt á móti því. Það er því næsta skoplegt, er þm. flokksins tína þetta allt upp í frv. sitt, og ætla nú alveg að rifna af áhuga fyrir öllum þessum málum, sem meira að segja á þessu þingi hafa ekki einu sinni fengizt rædd fyrir andúð og ofríki Alþfl.

Í öllum smærri verstöðvum landsins eiga bátaútvegsmenn við þá örðugleika að stríða að kaupa vörur til útgerðarinnar langt yfir sannvirði. Stafar þetta af því, að menn geta ekki fengið vörurnar beint á staðinn og greitt þær við móttöku, svo á þær hleðst mikill aukakostnaður.

Við sjálfstæðismenn fluttum því á þinginu 1934 frv. um rekstrarlánafélög bátaútvegsmanna. Með því frv. átti að gera lánstofnunum fært, án verulegrar áhættu, að veita smáútvegsmönnum rekstrarlán, en það átti aftur að tryggja útvegsmönnum það, að þeir fengju vörur til útgerðarinnar með lægsta stórsöluverði. Hefir þetta verið og er mjög almenn ósk útvegsmanna.

Frv. hefir legið fyrir þrem þingum, en Alþfl. hefir séð um að það yrði ekki að lögum, og nú þegar Alþfl. er á þessu þingi að murka úr því lífið í þriðja sinn, kemur álit óskanefndar flokksins, Rauðku, og flytur þá staðhæfingu, að bátaútvegsmenn verði að kaupa vörur til útgerðarinnar að meðaltali 50% yfir sannvirði.

Frv. um fiskiráð fluttu sjálfstæðismenn á þinginu 1934. Það átti að bæta úr þeirri höfuðnauðsyn útgerðarinnar að ryðja nýjar brautir á sviði framleiðslu og markaða. En Alþfl. og bandalagsflokkur hans drápu þetta frv. Upp úr hugmyndinni suðu þeir síðan lögin um fiskimálanefnd. — En sú nefnd sannar átakanlega hvernig góð hugmynd getur orðið notuð til ófarnaðar, ef hún er tekin í þjónustu ills tilgangs.

Ræðutími minn leyfir ekki, að ég reki öll þau mál, sem Sjálfstfl. hefir á þessu kjörtímabili flutt í þeim tilgangi að styðja sjávarútveginn. En áður en ég hverf frá þeirri upptalningu, er þó skylt, að ég minnist þriggja mála, sem flokkurinn hefir flutt og Alþfl. ekki lagzt á móti. Þetta eru tvær þingsályktunartillögur, önnur um friðun Faxaflóa fyrir botnvörpuveiðum, hin um sjómælingar og rannsóknir fiskimiða. Hafa tillögur þessar náð samþykki þingsins. — Þriðja málið er frv. um byggingu hraðfrystihúsa í verstöðvum landsins. Það frv. er á leið gegnum þingið, og hafa Alþfl. þm. dregizt á að verða því ekki að bana.

Þótt ekki sé tóm til að hafa upptalningu þessa lengri, ætla ég, að af henni sé ljóst, að sjálfstæðismenn hafa gert sér far um að rannsaka mein þau, sem þjáð hafa útgerðina og gert rekstur hennar erfiðan, og að þeir hafa gert viðtækar tillögur til umbóta. Þeir hafa gert tillögur:

um, að útgerðinni verði komið á öruggan fjárhagsgrundvöll með skuldaskilum,
að útflutningsgjaldinu verði létt af,
um endursköpun veiðiflotans í nýtízku skip,
um tryggingu markaða og leit að nýjum mörkuðum,
um breytta framleiðslu eftir kröfum neytenda ýmsra landa,
um fjölbreyttan verksmiðjurekstur til þess að vinna verðmætar vörur úr veiðiföngum,
um rannsókn fiskimiða og fiskistofna og friðun uppeldisstöðva nytjafiska.

Ég tel nú engan vafa á því, að allir þeir, sem heyrt hafa mál mitt, hafi af því máli skilið, að Alþfl. hefir átt þess kost á hverju þingi allt þetta kjörtímabil að veita stuðning og koma í lög öllum þeim umbótum, sem hann nú ráðgerir og hefir tínt á þessa eindagskrá sína. En hann hefir ekki stutt þær, heldur veitt þeim mótstöðu, og hana oftast allillvíga.

Það er að sönnu eðlilegt, að sjálfstæðismenn hafi meiri áhuga en aðrir flokkar fyrir umbótum á sviði sjávarútvegsins og gleggri skilning á þörfum hans, því flestir þeir, sem hafa að lífsstarfi útgerð til fiskveiða, hagnýtingu sjávaraflans og verzlun með sjávarafurðir, eru í Sjálfstfl. En þar fyrir þurftu stjórnarflokkarnir ekki að rísa gegn þessum málum, sízt sæmdi Alþfl. að gera það, því að margt af því fólki, sem hann þykist sjálfkjörinn til að fara með umboð fyrir, á allt sitt undir því, að sjávarútvegurinn geti veitt þeim, sem að honum vinna, ríkulegt lífsuppeldi. Eigi að síður hefir þetta gengið svo, og er það kunnara en um það þurfi að hafa hér mörg orð. Út um byggðir landsins hafa borizt tíðar fréttir af hörðum deilum hér á Alþingi. En af þeim hafa deilurnar um sjávarútvegsmálin verið harðastar. Í þeim deilum hafa staðið annarsvegar sjálfstæðismenn með þær lágmarkskröfur f. h. sjávarútvegsins, að hann fengi í friði að rétta sig við sjálfur og hætt yrði að ofsækja hann með takmarkalausum álögum og höftum, — og þar næst að ríkið veitti honum stuðning til að laga sig eftir breyttum skilyrðum í markaðslöndunum. Á móti hafa staðið stjórnarflokkarnir. Hafa deilur þessar verið svo háværar, að stundum hefir almenningur í sjávarbyggðunum risið upp og gert kröfur sjálfstæðismanna að sínum kröfum, eins og áskoranir þúsunda manna til Alþingis bera óhrekjandi vitni um. Það er því með öllu vonlaus tilraun, sem Alþfl. nú gerir til þess að hafa hausavíxl á þessum staðreyndum.

Nú kynni sú spurning að vakna hjá einhverjum, hvort við sjálfstæðismenn gleðjumst ekki yfir þessum sinnaskiptum andstæðinganna, og hvort við munum ekki þiggja stuðning þeirra með fögnuði. Það mundum við vissulega gera, ef við hefðum nokkra trú á því, að hugur fylgdi máli. En því miður eru engar líkur til þess.

Þó fortíðinni væri sleppt, sem ekki er unnt,

vitnar þó ærið margt á móti þessum mönnum. Þeir hafa sjálfir sagt í útvarpsumr. fyrir nokkrum dögum, að þessi atvinnurekstur sé svo að segja allur í höndum andstæðinga þeirra. En það er löngu sannað, að þroski forystumanna Alþfl. er ekki meiri en það, að þá óvild, sem þeir ala í brjósti til sjálfstæðismanna, hafa þeir yfirfært á atvinnurekendur, landi og lýð til ófarnaðar.

*Bergur Jónsson: Á ófriðarárunum varð allmikil bylting í þjóðlífi Íslendinga. Á sumum árum þessa tímabils græddu ýmsir af einstaklingum þeim, sem síldveiðar ráku, stórfé, svo sumir voru jafnvel taldir milljóneigendur. Á næsta ári eftir ófriðinn, árið 1919, var svo komið um mánaðamótin ágúst—september, að saltsíldartunnan var komin upp í 97—99 kr. Hefði slík sala vafalaust gefið ca. 200% ágóða. En á sölunni var ekkert skipulag, og útgerðarmennirnir virðast hafa litið á atvinnurekstur sinn eins og áhættuspil, sem þeir hefðu leyfi til að spila eins djarft í eins og þeim sýndist. Meginþorri þeirra þáði eigi þessi kostakjör, en heimtaði eina eða hálfa krónu í viðbót. Afleiðingin varð sú, að þeir, sem ætluðu að kaupa, gerðu samtök með sér um að kaupa ekkert af Íslendingum; meginhluti síldarinnar varð verðlaus og eigendurnir sköpuðu sjálfum sér og þjóðinni *10—11 millj. kr. tap. Þetta varð gjaldþrot hins* óskipulagða einkaframtaks og samkeppni í síldarsölunni. Síldarbraskararnir reyndu síðan að koma á skipulagi, en gátu eigi. Síldareinkasala var stofnuð. Hún fór verr en skyldi, en hefir þó vafalaust gert meira gagn en ógagn. Loks árið 1934, eftir að núv. stjórnarflokkar tóku við völdum, koma þeir skipulagi á síldarsöluna *með lögum um síldarútvegsnefnd,* útflutningi á síld, hagnýtingu markaða o. fl. Það skipulag hefir gert ómetandi gagn. Söltunarleyfi og verkunarleyfi eru eigi gefin út umfram það, sem óhætt er, svo unnt sé að selja síldina. Lágmarksverð hefir verið ákveðið og milliliðagróði minnkaður svo sem fært hefir verið. Verðmæti venjulegrar saltsíldar og sérverkaðrar *síldar hefir líka* hækkað úr 1 *millj.* 400 þús. kr. 1934 í 2 millj. 100 þús. 1936.

Annað, sem Framsfl. fyrst og fremst hefir hrundið í framkvæmd fyrir síldarútveginn, er stofnun síldarbræðsluverksmiðjunnar á Siglufirði. Var það eldheitt áhugamál hins mikla látna áhugamanns, Magnúsar Kristjánssonar fyrrv. ráðh. Nú er svo komið, að ríkið hefir síldarbræðsluverksmiðjur, sem geta brætt 8200 mál á sólarhring, aðrar verksmiðjur geta brætt 9500 mál. Aukning afkasta frá 1934 eru 4300 mál, eða ca. 70%. Með aukningu síldarbræðslunnar hefir síldarútvegurinn verið gerður að stórfelldum og tiltölulega tryggum atvinnuvegi. Framleiðsla síldarbræðsluafurðanna hefir aukizt um 83% frá 1934, og verðmæti til sjómanna um 324%, eða rúmlega þrefaldast. Loks er rétt að geta þess, að með lausn Kveldúlfsmálsins, sem sósíalistar þykjast í agitations-tilgangi vera mótfallnir, kemur upp ný síldarbræðsluverksmiðja, sem á að geta brætt um 2400 mál á sólarhring.

Þá nokkur orð um fisksölumálin. Sama samtakaleysið og braskið, sem átti sér stað í síldarsölumálunum, sérstaklega 1919, var líka í fisksölumálinu nærri búið að glata fjárhagslegu sjálfstæði þjóðarinnar. Aðalbankinn í landinu, Íslandsbanki, lánaði með taumlausri óforsjálni til fiskkaupa og fisksölubrasksins, ekki síst til fiskibraskarans Coplands. Afleiðingin varð 10 millj. kr. lántaka 1921, með veðsetningu tolltekna ríkisjóðs, fyrir aðstoð Kúlu-Andersens og annara slíkra, og var fénu að mestu leyti sökkt í skuldahít Íslandsbanka, sem síðan hrundi 1930. Nokkur heppnisár björguðu því í bráð, þótt lítt virðist þau hafa verið notuð til þess að leggja upp til síðari ára. En er markaðsörðugleikarnir skullu yfir, stóðu einstaklingsframtaks- og samkeppnismennirnir ráðalausir og urðu loks að neyðast til þess að brjóta boðorð hinnar frjálsu samkeppni og mynda með sér samtök árið 1932. Voru það 3 stærstu fisksalarnir, Kveldúlfur, Alliance og þeir, sem stóðu að baki Ólafi Proppé, sem mynduðu þá með sér sölusamband íslenzkra fiskframleiðenda (S. Í. F.), fyrir forgöngu þáv. forsrh. Framsfl., Ásgeirs Ásgeirssonar, og bankastjóranna Helga Guðmundssonar og Magnúsar Sigurðssonar. S. Í. F. gerði áreiðanlega gagn, náði á eina hönd ca. ⅗ af saltfiski landsmanna og verðið hækkaði. En stjórnin var sjálfkjörin og ekkert skipulag að baki, sem tryggði réttlæti fyrir framleiðendurna og réttláta þáttöku í sölunni, auk þess sem framlenging samtakanna var aðeins ákveðin fyrir eitt ár í senn. Framsóknarmenn kröfðust samvinnuskipulags á fisksöluna, enda mátti þegar í ársbyrjun 1934 sjá fyrir hrun á Spánarmarkaðinum. Á þinginu 1934 settu svo stjórnarflokkarnir lögin um fiskimálanefnd, útflutning á fiski, hagnýtingu markaða o. fl., gegn harðvítugri mótstöðu Sjálfstfl. og hinna skoðunarlausu taglhnýtinga þeirra, hins svokallaða Bændaflokks. Fisksölumenn og framleiðendur urðu að velja um samvinnuskipulagið eða einkasölu. Var það fyrir áhrif framsóknarmanna, að samvinnuskipulagið var gert að aðalatriði, en einkasala neyðarúrræði, ef fisksalar gætu eigi skipulagt sig. S. Í. F. varð að beygja sig, og þótt skipulagið sé eigi reist á fullum lýðræðis- og samvinnugrundvelli, er það stór bót frá því, sem áður var, og stendur sennilega til bóta.

En nú skall fyrir alvöru á hrun saltfiskmarkaðarins, um ca. 20 millj. kr. verðmæti á ári. Spánn hefir lokazt alveg, Ítalía a. m. k. að hálfu og Grikkland má heita lokað nema til vöruskipta, og á Portugalsmarkaðinum hefir orðið verðlækkun vegna innkaupasambands saltfisksinnflytjenda, hins svokallaða „Gremio". Því var sjáanlegt, að hefjast yrði öflugra handa um að beina framleiðslunni inn á nýjar brautir, auka fjölbreytni í meðferð afurðanna og leita að og vinna nýja markaði. Í þessu skyni var fiskimálanefnd sett, fiskimálasjóður stofnaður og ríkisstj. heimilað að veita til hans allt að millj. króna.

Nefndin hefir unnið að fiskherzlu til útflutnings. Árið 1935 var flutt út úr landinu harðfiskur fyrir 117 þús. kr. Árið 1936 voru flutt út 560 tonn harðfisks, fyrir 315 þús. kr., og frá áramótum munu hafa verið seld um

270 tonn. Með fiskherzlunni komust í útflutningsverðmæti fiskitegundir, sem lítt eða ekki höfðu verið nýttar áður, svo sem ufsi og keila. Nú eru til í landinu tæki til fiskherzlu á 2000 tonnum.

Þá var byrjað á karfaveiðum og karfavinnslu fyrir atbeina fiskimálanefnda og síldarbræðsluverksmiðju ríkisins. Karfaafurðirnar 1936 seldust út úr landinu fyrir 1628 þús. kr. Rétt er að geta þess, að útgerðarfélagið Ó. Jóhannsson á Patreksfirði hefir reist nýtízku karfavinnsluverksmiðju fyrir 2 togara.

Með tilstyrk fiskimálanefndar hefir verið komið upp rækjuverksmiðju á Ísafirði, sem sauð niður 100000 dósir 1936, fyrir tæplega 50 þús. kr.,þar af í vinnulaun og til sjómanna 30 þús. Rækjurnar hafa reynzt ágætlega, og má vafalaust vinna þeim markað erlendis. Virðist því líka sjálfsagt að verða við beiðni Bilddælinga um að styrkja þá til að stofna rækjuverksmiðju á Bíldudal, því í Arnarfirði munu hin beztu rækjumið, en kauptúnið í neyðarástandi vegna atvinnuleysis. Vil ég benda á, hve sjálfsagt er að leggja hönd á plóginn um stuðning við rækjuveiðar og vinnslu, þar sem ⅝ hlutar af fé því, sem til rekstrarins þarf, ganga til verkalýðsins.

Þá hefir nefndin staðið fyrir útflutningi á fiskflökum.

Með tilstyrk nefndarinnar og ríkissjóðs hafa verið reist 6 hraðfrystihús fyrir fisk, en það fé, sem veitt er til hraðfrystihúsa verður að skiptast svo, að ekki verði eingöngu reist ný hús fyrir það, heldur einnig veittur styrkur til þeirra húsa, sem hafa verið reist undanfarin ár.

Allt það, sem nú er talið, og fleira, sem eigi er tími til að telja, hefir orðið til þess að vinna að miklu leyti upp hið geysilega hrun á saltfiskmarkaðinum frá 1934. Er þetta tímabil, frá 1934—1936, fyrsta tímabilið í fjármálasögu okkar, sem bein fjárframlög hafa verið veitt úr ríkissjóði til eflingar og viðreisnar sjávarútveginum svo verulegu nemi. Til nýbreytninnar og markaðsleitanna hefir ríkissjóður lagt fram yfir 600 þús. kr. Nýjar afurðir hafa numið 2690000 kr., aukning á síld og síldarafurðum hefir numið 6538000 kr. Hefir heildarútflutningur sjávarafurða því aðeins orðið 470000 kr. minni árið 1936 heldur en 1934, þrátt fyrir hið stórkostlega hrun saltfiskmarkaðsins.

Samkv. lögum um skuldaskilasjóð vélbátaeigenda frá 1935 mátti verja 1½ millj. til skuldaskila fyrir eigendur vélbáta undir 60 smál. Ríkissjóður hefir samkv. þessari heimild þegar veitt smáútgerðinni á aðra millj. kr. að láni í þessu skyni, og jafnótt og það fé kemur inn aftur rennur það í fiskveiðasjóð og verður þannig áfram útveginum til styrktar.

Alls hafa 122 menn með 157 vélbáta fengið lán úr sjóðnum, og þar að auki eftirgjöf á lánum 2 millj. 800 þús. Auk þess hefir verið lánað til 116 vélbátaeigenda 226 þús. kr. 250 þús. kr. var heimilað að verja á síðasta þingi til línuveiðagufuskipa.

Framsfl., og þá sérstaklega forsrh., Hermann Jónasson, hefir gert landhelgigæzluna margfalt virkari en áður með uppljóstrun togaranjósnanna og raunverulegri útilokun þeirra framvegis.

Ég þykist hafa með þessu sýnt, að Framsfl. hefir eigi legið á liði sínu til þess að vinna sjávarútveginum allt það gagn, er hann mátti. Og vel ættu menn að athuga það, að allar aðgerðir flokksins hafa verið í fullu samræmi við flokksþingssamþykkt framsóknarmanna 1934. Er það lærdómsríkt til samanburðar við þá flokka, sem fyrir hverjar kosningar gylla sig í augum kjósenda með glamursfullum loforðum, sem þeir sumpart vita, að eigi er unnt að efna, sumpart ætla sér alls ekki að reyna að efna.

Á síðasta flokksþingi framsóknarmanna voru gerðar ýtarlegar samþykktir um sjávarútvegsmál, sem sýna vilja flokksins í þeim málum nú. Þar er lögð sérstök áherzla á að auka og tryggja tekjur útvegsins:

1. Með því að halda ötullega áfram tilraunum með að gera sem flestar fisktegundir að markaðsvöru.

2. að auka framleiðslu og nýtingu þeirra sjávarafurða, sem þegar hafa sýnt góðan árangur.

3. að halda áfram að reyna nýjar verkunaraðferðir, svo sem niðursuðu og reykingu, og ýta undir framleiðslu með þeim nýju verkunaraðferðum, sem vel hafa reynzt, svo sem fiskherzlu og hraðfrystingu.

4. að leita að nýjum fiskimiðum og að hagnýtum fiskitegundum á grunnmiðum,

5. að auka atvinnu í landinu og verðmæti útflutnings með því að senda afurðirnar sem mest unnar út úr landinu,

6. að halda einbeittlega áfram markaðsleitum fyrir sjávarafurðir.

Þá leggur flokkurinn sérstaka áherzlu á að tryggja heilbrigðan rekstur á síldarverksmiðjum ríkisins.

Til þess að létta kostnað útgerðarinnar er í samþykktunum lögð rík áherzla á að lækka verðið á vörum til útgerðar, svo sem olíu, veiðarfærum, kolum, salti, annaðhvort með löggjöf um hámarksverð eða hámarksálagningu á útgerðarvörum eða með samtökum útgerðarmanna um samvinnu við innkaup. Ennfremur lagði flokkurinn áherzlu á, að sjávarútveginum væri eigi íþyngt um of með kröfum um mannahald á skipum. Má merkilegt heita, að mjög sanngjarnar kröfur í þessa átt, sem ég hefi borið fram í frumvarpsformi á þinginu, hafa mætt illkynjaðri mótstöðu einmitt af hálfu flm. frv. um „viðreisn sjávarútvegsins". Sýnir það vel skeytingarleysi þessara manna um fjárhagsafkomu sjávarútvegsins, að þeir vilja eigi létta t. d. af togaraútgerðinni 100 þús. kr. óþörfum kostnaði, þótt engin nauðsyn sé fyrir þessum útgjöldum.

Þá lagði flokksþingið áherzlu á að lækka tryggingarkostnað vélbáta og hefja rækilega rannsókn á því, hvernig smábátaútvegurinn yrði bezt studdur og rannsókn á því, hvernig bezt sé unnt að samræma og lækka vexti til útgerðar.

Ég vil geta þess hér, að í byrjun þessa þings sagði einn af hv. þm. Alþfl., Finnur Jónsson, við mig, að hann væri tilbúinn til samvinnu um

viðreisn sjávarútvegsins, en flokksbræður hans hafa hlaupið fram fyrir skjöldu og ráðizt með illkynjuðum árásum í blöðum flokksins á frv. okkar framsóknarmanna. Alþfl. var vel kunnugt um, að við mundum ekki ganga inn á till. þeirra um ríkisrekstur, og má því með sanni segja, að þær séu aðeins skröktill.

Eitt atriði vil ég nefna, sem ekki hefir komið fram í umr. um þessa alhliða viðreisn sjávarútvegsins. Það eru hvalveiðarnar. Framhjá þeim má ekki ganga á þeim erfiðu tímum, sem nú eru fyrir sjávarútveginn. Það er til ein smá hvalveiðastöð hér á landi, sem einstaklingur hefir komið upp án nokkurs stuðnings frá ríkinu, annars en heimildar til að hafa þar 2 eða 3 erlend skip. Í bók, sem Rauðka er kölluð, gefin út af samnefndri n., þ. e. a. s. skipulagsnefnd atvinnumála, er talað, að með núv. verðlagi muni söluverð afurðanna geta orðið um 2 millj. kr. og að arðvænleg veiði muni geta enzt um 8—10 ár, en að minu áliti mun hún geta enzt í 12—14 ár. Slíkri atvinnu og erlendum gjaldeyri höfum við ekki ráð á að kasta frá okkur. Vil ég benda á þetta sem eina leiðina til að bæta úr því hruni, sem orðið hefir við missi saltfiskmarkaðarins.

Við framsóknarmenn viljum stuðla að því, að aukin verði samvinnuútgerð í landinu á heilbrigðum fjárhagslegum grundvelli, þar sem þeir sem vinna að fiskframleiðslunni, eru sjálfir þátttakendur í útgerð og eiga beinna hagsmuna að gæta um rekstrarniðurstöðuna. Höfum við flutt frv. í þessa átt á 3 undanförnum þingum, en þau hafa ávallt verið svæfð af Alþfl. og Sjálfstfl. í sameiningu. Þó hafa þeir ávallt verið látnir vita, að flm. væru reiðubúnir til þess að athuga allar þær rökstuddar aths., sem fram kæmu við frv. Hinsvegar viljum við alls eigi samþ. ríkisútgerð til fiskveiða.

Við höfum látið sósialista vita, að við erum fúsir til þess að verja útflutningsgjaldi sjávarafurða, sem getur numið um 700 þús. kr., að mestu eða öllu leyti til heilbrigðrar starfsemi fyrir sjávarútveginn, ef unnt væri að útvega ríkissjóði nauðsynlegan tekjustofn í staðinn. En þeir hafa eigi fengizt til að ræða málið alvarlega, en kasta hinsvegar út kosningabombufrv. um raunverulega ríkisútgerð togara, sem Framsfl. hefi lýst sig andvígan.

Að lokum vil ég taka þetta fram: Framsfl. er fullljóst, að fjárhagsafkoma og velgengni sjávarútvegsins er meginskilyrðið fyrir fjárhagsafkomu ríkissjóðs og þjóðarinnar. Fjárhagslegt sjálfstæði þjóðarinnar veltur ekki hvað sízt á honum.

Flokkurinn vill því styrkja á allan hátt fjárhagslega viðreisn sjávarútvegsins og leggja fram til þess fé svo sem frekast er unnt. En þá fyrst er útvegurinn er kominn á öruggan fjárhagslegan grundvöll með öruggan markað að baki sér, er vit í því að fara að leggja stórfé, sérstaklega er það fé fæst aðeins með nýjum milljónalántökum erlendis, í það að kaupa ný og dýr skip í stórum stíl. Nýjar erlendar lántökur í því skyni gætu valdið fjárþroti ríkisins, í stað þess að lyfta sjávarútveginum, svo hann gæti orðið það, sem hann vegna legu landsins, auðlegðar fiskimiðanna og dugnaðar sjómannastéttarinnar á að vera: Aðalgrundvöllur undir fjárhagsafkomu þjóðarinnar út á við.

*Ásgeir Ásgeirsson: Það er algengt að kenna þingi og stjórn um allt það, sem aflaga fer, bæði í atvinnuvegunum, verzlun og yfirleitt öllum greinum. Ég vil segja, að þessi ákæra hefir ekki alltaf verið réttlát, en þó verður hún e. t. v. réttlátari með hverju árinu, sem líður, af þeirri ástæðu, að viðskipti þjóðfélags okkar þurfa að vera meiri nú en nokkru sinni áður í okkar sögu. En þeir, sem beita þessari ákæru á þing og stjórn um allt, sem aflaga fer, verða þá einnig að vera tilbúnir að nota þing- og ríkisvaldið til að ráða bót á því öllu. Þessi neikvæða ákæra heimtar jákvæðar athafnir ríkisins; hún heimtar stuðning við atvinnuvegina.

Má vera, að þeir, sem landbúnað stunda, hafi ekki orðið fyllilega varir við þá stóru hættu, sem yfir honum hefir vofað nú síðustu 7—8 árin, og ástæðan til þess er sú, að svo snemma var farið að gera ráðstafanir til að koma í veg fyrir hættuna. Strax og þess varð vart, að þrengjast tók um kjötmarkað landsmanna, lagði ríkið fram fé til stuðnings því, að reist væru frystihús og byggð kæliskip, og til að bæta úr skorti þeim, sem var á vinnukrafti, voru keyptar vélar. Ríkið kom og á verðjöfnunargjaldi til eflingar hinum innlenda markaði. Allt þetta er gert af hálfu ríkisvaldsins, og kjósendur þingflokkanna til sveitanna hafa rétt til þess að heimta þessar aðgerðir af þingflokkunum. Þessar ráðstafanir hafa borið góðan árangur. Líku máli gegnir um sjávarútveginn, þó að hans kreppa kæmi kannske seinna. Það er líka komið að því nú, að það þarf að gera samskonar ráðstafanir og gerðar hafa verið um landbúnaðinn. Breytingin, sem orðið hefir, er gífurleg. Á flestum mörkuðum okkar í aðalviðskiptalöndunum fáum við nú ekki önnur kjör en jafnaðarkaup, en þetta eru lönd, sem okkur er mjög erfitt að verzla við.

Nú virðist svo komið, að sjávarútvegurinn sé í öldudal kreppunnar. Á þessu kjörtímabili hefir samt þó nokkuð verið gert til þess að koma í veg fyrir þær hættur, sem hafa steðjað að sjávarútveginum. Það hafa verið byggðar síldarverksmiðjur. Við skyldum hafa séð, hvernig ástandið hefði orðið síðasta ár, bæði í síldarútgerðinni og öðrum rekstri, ef þær hefðu ekki verið til. Þá hefir verið tekin upp ýmiskonar nýbreytni í sjávarútveginum, svo sem karfaveiðar og frysting á fiski, þó að það sé að ýmsu leyti á tilraunastigi, en á vonandi mikinn vöxt fyrir sér. Það hefir verið fyrirskipað fisksölusamlag og síldarsölusamlag, og það hefir orkað miklu um að draga úr þeim skelfingum, sem hafa steðjað að sjávarútveginum.

En hvað hefðum við sagt fyrir 7—8 árum um allar þessar aðgerðir viðvíkjandi sjávarútvegi og landbúnaði? Þetta hefði þá allt verið kallað kúgun og ófrelsi. Það hefði verið sagt, að hér væri verið að koma upp háskafyrirtækjum o. s. frv. Þó er ég viss um það, að það, sem á að gera, er að halda áfram á þessari braut, því að ennþá er margt ógert, ekki sízt í sjávar-

útveginum. Það er einmitt skipulagning og stuðningur, sem þessi atvinnuvegur hefir fullan rétt á og landbúnaðurinn eða þeir, sem hann stunda, eiga að vera og munu flestir vera fúsir til að styðja á sama hátt og sjávarútvegurinn hefir áður á margan hátt stutt landbúnaðinn og skipulagningu hans.

Þörfin er rík. Við skulum hugsa okkur þorp — það eru mörg þorp kringum landið, sem eiga erfitt, — við skulum hugsa okkur þorp, þar sem hafa verið skip, t. d. línuveiðarar. Svo flytjast þeir allir burt. Hvað á að gera við þessa þorpsbúa? Á að segja við þá: „Þið hafið fullkomna fiskimenn, og þið skuluð bara bíða eftir einstaklingsframtakinu. Það bjargar öllu, ef ríkisvaldið lætur allt afskiptalaust". Ég býst við, að þeir mundu svara sem svo: „Ef við eigum ekki annars kost, þá viljum við heldur þennan ríkisrekstur, sem allir vara okkur við."

Við skulum hugsa okkur þorp, þar sem smábátaútgerð er stunduð. Þar er sjórinn fullur af margskonar fiski, sem er mjög verðmætur á erlendum markaði, ef markaðurinn er góður. Í slíku þorpi strita sjómennirnir; þeir eru á sjónum í vondum veðrum, og það, sem þeir bera úr býtum fyrir sig og sína fjölskyldu, er kannske 50—70 kr. yfir mánuðinn. Eiga þessir menn ekki kröfu á, að ríkisvaldið komi til aðstoðar, hvað sem annars má segja um ríkisrekstur? Einstaklingsframtakið bætir ekki úr vandræðum þessara manna og kemur ekki með þær ráðstafanir, sem þarf til þess að gera þær vörur, sem þessir menn framleiða, verðmætar. Þessir menn eiga fullan rétt á sér, og það er engin frekja, þó að þeir leiti til þess þings, sem þeir hafa kosið, og þeirrar stj., sem þeir styðja. Þeir hafa jafnvel rétt á því, að það sé kallað einstaklingsframtak, sem þeir starfa, öll þeirra sjósókn og allt þeirra erfiði.

Svona er víða kringum landið. Það er ekki hægt að rétta við þessa atvinnuvegi eða sjá mönnum fyrir því kaupi, sem þeir þurfa til þess að lifa á, öðruvísi en með öflugum samtökum og þá fyrst og fremst með stuðningi ríkisvaldsins. Og héruðin kringum þessi þorp hugsa sem svo: „Við erum því fylgjandi, að atvinnulífinu í þessum þorpum sé lyft upp, því að það er kaupgeta þessara þorpsbúa, sem er orðin undirstaðan undir okkar atvinnuvegi." Þeir eiga líka rétt á því, að þessi atvinnuvegur sé ekki látinn afskiptalaus.

Það, sem þarf að gera, er að halda áfram á sömu braut, sem gengin hefir verið frá því er kreppan hófst á þessu landi. Það þarf meiri ríkisstuðning og meiri skipulagningu á mörgum sviðum. Það þarf afskipti af bankarekstri, svo að honum sé hagað með hag fólksins og þörf almennings fyrir augum. Það þarf jafnvel að taka lán erlendis, þó að hv. síðasta ræðumanni litist ekki á það, og ég vil segja, að þau lán, sem tekin eru erlendis til þess að gera þennan atvinnuveg „rentabel", hafa jafnmikinn rétt á sér og þau beztu lán, sem áður hafa verið tekin erlendis til ræktunar og ýmissa slíkra hluta. Hér á landi hagar líka svo sérstaklega til, þegar um er að ræða viðreisn atvinnuvegar, sem er kominn í öldudal kreppunnar.

Ríkisvaldinu ríður einnig á að rannsaka alla bankastarfsemi hér á landi. Það er mesti barnaskapur að hefja söng um ríkisrekstur og vafasöm erlend lán í landinu, þar sem allar bankastofnanir eru reknar af ríkinu. Ég hefi verið í félagi við framsóknarmenn um að taka ríkisábyrgð á öllum bankarekstri í þessu landi, og þar með í rauninni á allri útgerð og öllum atvinnurekstri landsmanna. Að vísu er sú ábyrgð takmörkuð af lánveitingum bankanna. En það nefnir enginn í sambandi við þau frv., sem hafa legið fyrir Ed., annað en að takmarka áhættu ríkisins. Ég skal fullkomlega játa, að það er ekkert unnið við að skella öllum frumlegustu atvinnuvegunum alveg yfir á ríkið, svo að hvert kot og vélbátur sé rekinn af ríkinu, enda hefir enginn nefnt það. Það eina, sem hér er beðið um, er að gera ráðstafanir til þess, að mönnum verði eitthvað úr því, sem þeir afla. Það eina, sem er óskað eftir, er, að ríkið veiti sinn stuðning til að stofna ný fyrirtæki og afla nýrra atvinnutækja, sem eru í samræmi við þörf tímans. Vitanlega má hafa hvaða fyrirkomulag á slíkum félögum sem vill. Það má hafa sambland af hlutafélögum og samvinnufélögum, sem of langt yrði að útskýra. Annars hygg ég, að allur rekstur, sem ríkið styður, jafnvel sá, er ríkið rekur sjálft, sé bezt kominn þannig, að hann sé byggður upp sem einstök fyrirtæki, sem ríkið hefir takmarkaða ábyrgð á. Þá kemur gleggst fram, hvaða gagn hvert fyrirtæki gerir og hvernig þau standa undir þeim þörfum, sem þeim er ætlað að standa undir. Það þarf margt að gera til þess að rétta við sjávarútveginn nú og svara þeim kröfum, sem komið hafa úr öllum áttum á þessum tveimur verstu árum sjávarútvegsins. Ýmsir hrópa um að lækka gengið, og halda, að það sé lykillinn að allri velmegun. Ég hygg, að það sé bændum, sjómönnum og verkamönnum til lítils gagns að lækka gengið. En á þessu landi, þar sem ríkið ræður öllum bankarekstri, mætti gera annað. Það mætti lækka vextina. Þegar ég var við stjórn, voru einu sinni lækkaðir vextir af Landsbankanum. En vextirnir eru þó miklu hærri en svo, að atvinnuvegirnir, sem eiga erfitt, geti borið þá uppi. Til þess að lækka vexti af útlánum, þarf að lækka innlánsvextina. En bankarnir bera það fyrir sig, að ef þeir lækki innlánsvexti, muni innstæðan verða sett í verðbréfakaup. En því ekki að koma skipulagi á verðbréfamarkaðinn í landinu til þess að hindra slíka hættu? Það er búið að skipuleggja markað með erlendan gjaldeyri landsins, og þá er ekki forsvaranlegt að leyfa verðbréfasölu, kannske á verðbréfum, sem eru með ríkisábyrgð, svo að verzlunin verði fyrir stórum afföllum. Nei, ef þingið þrýstir nóg hér á eftir, er hægt að lækka vextina stórlega.

Það er margt, sem mætti minnast á í sambandi við togaraútgerð og togaraeign. Slík tæki þurfa menn ekki að óttast eins og þetta séu einhverjar fornaldarófreskjur, sem ríkisvaldið megi ekki koma nálægt. Það er stór og góð hugmynd að stofna stórt togarafélag, ýmist með þeim togurum, sem fyrir eru og hafa orðið að gefast upp, eða þeim, sem fengnir væru nýir, og þeim dreift út um land, en það þyrfti sam-

eiginlega stjórn til þess að reksturinn yrði sem ódýrastur. Í þessu sambandi vil ég minna á, að það þarf ekki að kvarta yfir, að togaraútgerðin fái ekki skuldaskil, þegar borið er fram frv. um, að hún fái skuldaskil, þó að það fylgi, að sá, sem leggur það fram, fái tilsvarandi vald, því að þegar hlutafélög fá skuldaskil, verður að hafa aðra aðferð en þegar það er kannske aðeins ein fjölskylda, sem vinnur að fyrirtækinu. Það er ein meginregla allra íhaldsflokka, að fjármagninu eigi að fylgja vald. En því ekki að framkvæma þessa reglu líka, þegar það er bæjarsjóður eða kannske ríkissjóður sjálfur, sem leggur fram fjármagnið?

Ég er því fylgjandi, að valdið eigi að vera í höndum þeirra, sem leggja fram fjármagnið. En hinu er ég mótfallinn, sem er versta tegund af ríkisrekstri, þegar bankarnir, sem eru reknir af ríkinu og með ríkisábyrgð, leggja fram allt áhættufé ár eftir ár, en valdið látið vera í höndum einstakra manna, sem eru kannske hættir að bera áhættuna.

Við þurfum að gera okkur það ljóst, að nú gera menn yfirleitt miklar kröfur í þessum málum sem öðrum. Við megum ekki segja lengur, að þessi spillta pólitík megi ekki koma nálægt þessu eða hinu, ekki nálægt bönkunum, sem þó eru stofnaðir af þinginu og stjórnað af mönnum, sem eru kosnir af þinginu, og af mönnum, sem skipaðir eru af ráðh. Nei, þessir bankar eru sannarlega ekki fyrir utan þetta pólitíska vald, og þingið er fullvalda yfir öllum þessum hlutum. Ég hygg, að við höfum ekki ennþá gert okkur þetta fyllilega ljóst, hversu mikill er máttur þingsins. Og einmitt í sambandi við þetta mál, þar sem ekki er að ræða um eyðslufé, heldur verðmæti til viðreisnar og til þess að menn fái meira út úr þeim afurðum, sem þeir skapa, en ella mundi, einmitt í sambandi við þetta mál er ástæða til að minna á bankareksturinn eins og hann er, og að það er þingið, sem er fullvalda í þessum málum.

Þegar svona er komið hjá þjóðfélaginu, og fyrir eðlilega þróun og að miklu leyti fyrir erlend lán, þá á ekki að vera hægt að hræða þingið frá að nota sitt mikla afl með því að draga upp allskonar skrípamyndir. Þessu frv. virðist mér hafa verið vel tekið af þeim ræðumönnum, sem hér hafa talað. Fæ ég í rauninni ekki skilið, eftir slíkar undirtektir, að ekki sé mögulegt að samþ. nú þegar slíkt frv. á þessu þingi. Ef það verður ekki gert, þá er það af því, að einhver önnur öfl eru þar ríkjandi. En undir öllum kringumstæðum er það komið fram í þessari umr., að þetta frv. er eitt það merkilegasta, sem komið hefir fram á þessu kjörtímabili, og mun, hvort sem það verður nú eða á næsta þingi, marka tímamót í sögu sjávarútvegsins hér á landi.

***Finnur Jónsson:** Þetta frv., sem hér er til umr., hefir vakið mikinn ótta að því er virðist, sérstaklega hjá sjálfstæðismönnum. Þeir hafa haldið því fram, að það væri einskonar *kosningabomba, sem Alþfl. hefði sent út, þegar* sýnilegt hefði verið, að samvinnan mundi slitna milli núv. stjórnarflokka. Nú er þetta vitanlega alveg rangt. Samninginn um stjórnarsamvinnuna, sem gerður var, þegar gengið var til samvinnu milli Alþfl. og Framsfl. 1934, var búið að framkvæma í öllum atriðum nema tveimur. Sambandsþing Alþfl. á síðasta hausti, sem setið var af 150 fulltrúum fyrir 13 þús. félagsbundna verkamenn og verkakonur, gerði því uppkast að nýjum samningi frá Alþfl. hálfu. Þetta uppkast sem átti að vera skilyrði fyrir því, að stjórnarsamvinnan héldi áfram, er starfsskrá Alþfl.

Frv. þau, sem hér hafa verið til umr., svo sem frv. um uppgerð Kveldúlfs, breyt. á Landsbankalögunum og svo þetta frv., eru einstakir liðir í þessari starfsskrá. Það er því helber uppspuni, að þessi frv. séu búin til af Alþfl. hálfu sem kosningafrv., þvert á móti, þau eru kröfur um viðreisn atvinnulífsins við sjávarsíðuna, kröfur þessara 13 þús. manna og kvenna, sem eru skipulögð í Alþýðusambandi Íslands. Hræðsla íhaldsins við þessi frv. er skiljanleg, þegar athuguð er framkoma þess í sjávarútvegsmálum á síðari árum, þegar það er athugað, að íhaldið hefir á sínum tíma og hefir raunar nú bankana alveg eins og þeir væru þeirra eigin eign, vilja ausa úr þeim fé eins og þeir hafa gert. Það hefir notað gjaldeyrinn, ekki til þess að mynda varasjóð fyrir útgerðina, ekki til þess að endurnýja togarana, heldur látið þá grotna niður, svo að þeir eru eins og form. Sjálfstfl. lýsti þeim, ryðkláfar og fúaduggur. Fé það, *sem komið hefir inn og átt hefði* að nota sem varasjóð, hefir íhaldið notað í allt annað, sér til persónulegrar eyðslu og bílífis og til að byggja sumarbústaði, og a. m. k. í einu tilfelli notað í búskap upp í sveit; búskap, sem alls ekki getur borið sig eins og hann er rekinn. Það er þess vegna von, að íhaldið skelfist, þegar það sér, að fram eru komnar frá Alþfl. alvarlegar till. um alhliða viðreisn sjávarútvegsins.

Þau frv., sem íhaldið lagði fram og samin voru af milliþn. í sjávarútvegsmálum, voru, eins og hv. 6. þm. Reykv. lýsti, frv. um afnám útflutningsgjalds af sjávarafurðum, frv. um skuldaskilasjóð, og ennfremur frv. um fiskiráð. Ég hefi ekki tíma til að fara nákvæmlega út í þessi frv., en viðvíkjandi skuldaskilunum vil ég segja, að frá Alþfl. hálfu stóð aldrei á að *gera till. um fjárframlög til viðreisnar vélbáta*útveginum. Hitt vildi Alþfl. alls ekki aðhyllast, að leggja 3½ millj. kr. til skuldaskila togara til þess að láta eigendur togaranna halda áfram með það fé, sem komið var í þeirra rekstur, draga það út úr rekstrinum og leggja það í hallir, búskap uppi í sveit eða beinlínis nota það í óhæfilega eyðslu handa sjálfum sér.

Frv. sjálfstæðismanna um fiskiráð var ekkert nema ráðleggingar. Sjálfstfl. sá eins og aðrir, að sjávarútvegurinn stóð höllum fæti og var raunar að sökkva fjárhagslega. Hvað gerir hann þá? Hann kemur með frv. um ráðleggingar, ekkert nema ráðleggingar. Engar framkvæmdir var talað um í þessu frv. Það var meira að segja sagt í þessu ágæta frv. sjálfstæðismanna, að ríkissjóður eigi alls ekki að leggja fram neitt *fé til viðreisnar sjávarútveginum.* Þvert á móti er þar sagt, að undir þessari viðreisn verði útgerðin sjálf að standa og það muni vera af-

farasælast. Ríkisvaldið eigi a. m. k. fyrst um sinn ekki að láta neitt af hendi, en aðeins skipa ráðleggingarnefnd, sem ekkert framkvæmdarvald hafi og yfir engu fjármagni ráði. Þetta er samskonar aðferð og sagt var frá í gamansögu, að hafi verið höfð við mann, sem var að drukkna. Annar maður var þar nærstaddur og sagði: „Bíddu með að drukkna, meðan ég tek af mér skóna.“ Sjálfstfl. hefir borið fram till. samskonar og þetta. Hann hefir sagt við sjávarútveginn, að hann skuli bíða, meðan hann taki af sér skóna. Það voru ráðleggingarnar, sem hann gaf sjávarútvegsmönnum.

Þegar þetta er borið saman við þær framkvæmdir, sem Alþfl. og Framsfl. hafa hafið til viðreisnar sjávarútveginum, þá er það vitanlega ákaflega ólíku saman að jafna. Það er engin furða, þó að Sjálfstfl. skelfist, þessi flokkur, sem alltaf hefir kallað sig málsvara sjávarútvegsins, en hefir þó legið eins og mara ofan á framkvæmdum hans alla tíð og stjórnar málum hans með framúrskarandi ábyrgðarleysi og skipulagsleysi.

Í þessu frv., sem Alþfl. hefir lagt fram, eru settar fram óskir og kröfur hinna vinnandi stétta við sjávarsíðuna um skipulag sjávarútvegsins, til þess að létta af því böli, sem leitt hefir af því, að markaðirnir í Suðurlöndum hafa lokazt mikið til. Og þessar kröfur eru, eins og Alþfl. hefir sett þær fram, vel framkvæmanlegar. Til þess að koma fram þeim málum, sem ræðir um í þessu frv., þarf ekki meira fé en það, sem eitt togarafyrirtæki skuldar Landsbankanum. Það er ekki furða, þó að framsóknarmönnum, sem illu heilli björguðu þessu svindilfyrirtæki, blæði í augum þessi upphæð sem gert er ráð fyrir í þessu frv., að lögð sé fram til þeirra hluta, sem lagt er til í frv.

Ég þykist vita, að hæstv. fjmrh., sem væntanlega talar hér bráðlega, lýsi miklum vandkvæðum á því að koma þessu í framkvæmd, vegna þess að ríkissjóð vanti peninga. En ef hægt er að halda áfram að leggja 700000 kr. á ári, samkv. jarðræktarl., til sveitanna, er þá hægt að neita því að leggja fram álíka upphæð til þess að reisa við sjávarútveginn, sem annars hefir staðið að miklu leyti undir útgjöldum ríkissjóðs, en er nú í þeirri þröng, að hann getur það ekki lengur? Er nokkurt vit í að neita því?

Hv. þm. Barð. sagði, að þetta frv. fæli í sér m. a. glæfralegar till. um nýjar lántökur til þess að leggja fé í togara. Nú er þetta vitanlega ekki rétt. Þetta er ekkert annað en sjálfsagðar till. um endurnýjun togaraflotans, sem er genginn mjög úr sér. Og það er ómögulegt að neita því með neinum rökum, að þetta sé framkvæmanlegt fyrir ríkissjóð og algerlega sjálfsagt. Og þeir, sem halda því fram, að þessar till. séu glæfralegar, þeir eru skyldugir til að koma og bera fram skýringar á því. Hvaða till. vilja þeir þá gera um viðreisn togaraflotans? Vilja þeir láta stórútgerðina, einn stærsta þáttinn í atvinnulífi þjóðarinnar algerlega leggjast niður? Eða hvað vilja þeir gera til viðreisnar togaraflotanum, ef þeir vilja ekki láta stórútgerðina leggjast niður?

Kröfur Alþfl. í þessu sambandi eru, eins og ég hefi þegar sagt, ekki neinar kosningakröfur, búnar út í flaustri og bráðræði, heldur kröfur hinna vinnandi stétta við sjávarsíðuna um viðreisn atvinnuveganna við sjóinn á heilbrigðum grundvelli.

Hv. 6. þm. Reykv. sagði, að þessi till. væri örþrifaráð flokks, sem gengi hræddur til kosninga. En ég ætla að ljúka máli mínu með þeirri spá, að hv. 6. þm. Reykv., sem allajafna í viðskiptum sínum við Alþfl. hefir borið nokkuð mikið lægra hlut og hrökklaðist loks burt frá Ísafirði og í skjól Kveldúlfs í Reykjavík, hann muni sanna það við næstu kosningar og eftir þær, að þessar till., sem nú liggja hér fyrir til umr. eru ekki örþrifaráð flokks, sem gengur hræddur til kosninga, heldur þær kröfur, sem alþýða manna við sjávarsíðuna fylkir sér um við væntanlegar kosningar og sýnir svo mikinn vilja til sigurs, að móti þeim kröfum verði ekki staðið eftir næstu kosningar.

*__Jóhann Jósefsson__: Herra forseti! Góðir hlustendur! Árum saman og þing eftir þing höfum við sjálfstæðismenn flutt ýms frv. til þess að efla hag sjávarútvegsmanna og ráða bót á ýmsum vandkvæðum þeim, er að steðja þessum atvinnuvegi. Og þing eftir þing hafa sósialistar á Alþingi staðið öndverðir gegn þeim viðreisnarmálum, sem við sjálfstæðismenn höfum flutt, og ýmist eyðilagt þau með öllu eða limlest.

Nú, þegar í almæli er, að kosningar fari í hönd mjög bráðlega, snara sósialistar út 2 frv., því, sem rætt var á dögunum í hv. Ed., um ráðstafanir til stuðnings togaraútgerðinni, og frv. því, er hér liggur fyrir, um ýmsar ráðstafanir til viðreisnar sjávarútveginum. Flokksbróðir minn, hv. 6. þm. Reykv., rakti í stórum dráttum, hvað við sjálfstæðismenn höfum flutt til viðreisnar sjávarútveginum, síðan 1928 og allt fram á þetta þing, er nú stendur yfir. Var þar með greinilega sannað og sýnt fram á, hver endemis fjarstæða það var, sem hv. 4. landsk. (JBald) hélt fram í umr. í hv. Ed. á dögunum um afskipti þingflokks sjálfstæðismanna af sjávarútvegsmálum. Þá sýndi hv. 6. þm. Reykv. ennfremur ljóslega fram á það, að þær till., sem í þessu frv. sósialista felast og til verulegra bóta horfa, eru allar soðnar upp úr því, sem við sjálfstæðismenn höfum fyrr og síðar til þessara mála lagt.

Till. okkar sjálfstæðismanna, er við á ýmsum tímum höfum borið fram hér á Alþ. til hagsbóta fyrir sjávarútveginn og þá, er hann stunda, hafa ávallt byggzt á reynsluþekkingu þeirra manna, sem árum saman hafa sjálfir stundað þessa atvinnugrein, og á þeirri þörf, er í hvert sinn hefir verið aðkallandi. Af þessum ástæðum höfum við frá upphafi barizt fyrir því, að fiskveiðasjóður Íslands yrði efldur svo sem hægt væri, svo að hann gæti veitt hagkvæm lán til endurnýjunar fiskiskipaflotans og til stofnsetningar þess iðnrekstrar til hagnýtingar sjávarafurða, sem sýnt þótti, að nauðsynlegur væri eða að nauðsynlegur yrði.

Af þessum ástæðum áttum við sjálfstæðismenn frumkvæðið að því á þinginu 1933, að skipuð yrði milliþn. til að rannsaka hag útgerðarinnar og koma með till. til lausnar hinna margvíslegu

vandkvæða hennar. Af þessum ástæðum höfum við borið fram frv. um rekstrarlán fyrir báta-útveginn, og af þessum ástæðum höfum við lagt það til þing eftir þing, að útflutningsgjaldið af sjávarafurðum,sem þessi atvinnuvegur, einn allra atvinnuvega landsins, er látinn greiða í *ríkissjóð, væri látið renna í sjóð til viðreisnar* sjávarútveginum, þar á meðal til endurnýjunar fiskiskipaflotans. Það er ekki fyrst nú, að bent hefir verið á það, hve alvarleg hætta af því stafar í framtíðinni, að ekki hefir í tíma verið séð fyrir því, að unnt væri að endurnýja skipastólinn, eignast ný skip smátt og smátt, eftir því sem hin eldri detta úr leik. Aldrei hefir á Alþ. verið sýnt eins greinilega fram á þessa hættu eins og við sjálfstæðismenn gerðum á þinginu 1934, eftir að athugun milliþn. í sjávarútvegsmálum á högum útgerðarinnar hafði farið fram. Ekki fengust samt sósialistarnir þá til þess að sinna till. okkar. Nei, það þurfti til viðbótar 3 ára hnignun sjávarútvegsins og 3 ára hrörnun skipastólsins til þess að frá þeim *fengist þó viðurkenning á þörfinni fyrir meiri* nærgætni sjávarútveginum til handa heldur en hann hefir átt að mæta frá stjórnarflokkunum á undanförnum síðustu þingum.

Þótt sósialistar taki nú upp í frv. sitt kjarnann úr því, sem við sjálfstæðismenn höfum áður til þessara mála lagt, er engin ástæða til þess fyrir okkur að fagna því eða taka það sem vott þess, að nú hafi þeir séð sig um hönd og vilji nú fyrir alvöru sinna þessum baráttumálum okkar. Þeir bera fram þessi mál þann veg, að auðsætt er, að það er aðeins gert til gyllingar þeim sjálfum og til atkvæðaveiða meðal þeirra landsmanna, sem bíða eftir, að handa sé hafizt til að veita sjávarútvegsmönnum betri aðstöðu og betri afkomuskilyrði. Ef þeir geta safnað að *sér atkvæðum með þessu, er þeirra tilgangi náð.* Og komist þeir svo í valdaaðstöðu, svíkja þeir í þessum málum, eins og þeir hafa svikið hina frægu 4 ára áætlun, sem höfð var til að ginna fólkið 1934.

Á þinginu 1934, sama þinginu og sjálfstæðismenn báru fram frv. sín um skuldaskilasjóð útgerðarmanna, um stórfellda nýskipulagningu fiskveiðasjóðs Íslands og eflingu hans, og um rekstrarlánafélög bátaútvegsmanna, var lagt fram frv. hv. þm. G.-K. Ólafs Thors, um fiskiráð. Verkefni fiskiráðsins skyldi vera að rannsaka og gera till. um breyttar og nýjar aðferðir um framleiðslu og sölu sjávarafurða, útvegun nýrra markaða og annað, sem lyti að vexti og viðgangi sjávarútvegsins. Var fiskiráðinu ætluð *forusta í þessum efnum.*

Fyrir sama þingi lá skýrsla í sjávarútvegsmálum frá 1934, en í þeirri n. voru 2 sjálfstæðismenn og 1 framsóknarmaður. Var þar m. a. lögð áherzla á nauðsyn fjölbreyttari verkunaraðferða, að þegar í stað yrði byrjað á herzlu á fiski, hraðfrystingu og niðursuðu o. s. frv. Get ég þessa vegna þess, að í ræðum sósialista kemur það jafnan fram, er sjávarútvegsmálin ber á góma, að þeir telja sig hafa átt frumkvæði að því, að nokkuð hefir verið breytt til um verkunaraðferðir eða þær gerðar fjölbreyttari.

Þegar hér var komið málum, lét atvmrh. bera fram og lögfesta á sama þingi frv. til l. um fiskimálanefnd, hagnýtingu markaða o. fl. Með l. þessum var þrengt svo að kosti Sölusambands íslenzkra fiskframleiðenda, sem þá hafði nýskeð fengið fast og vel viðunandi skipulag samþ. af fundi fiskframleiðenda víðsvegar af landinu, að skipulaginu var ekki lift eftir þær aðgerðir atvmrh., og varð hann nokkru eftir að því þingi lauk, er setti þessi lög, að gefa út bráðabirgðal. til breyt. þessum lögum, til þess að samtök fiskframleiðenda, sem fram að þessu höfðu reynzt hin affarabeztu fyrir sjávarútvegsmenn, yrðu ekki lögð í rústir með þessari lagasetningu. Þó var offors atvmrh. svo mikið, meðan frv. var til meðferðar á þinginu, að ekki var komandi nærri því, að nokkur brtt. frá þm. Sjálfstfl. við frv. væri tekin til greina, og voru þær þó margar, því að frv. var stórgallað, eins og sýndi sig, þegar ráðh. átti að fara að framkvæma l., eins og áður er getið. Þá voru teknar upp í frv. um fiskimálanefnd að efni til tillögur Ólafs Thors um fiskiráð, eða fiskimálanefnd falið verkefnið — forustan í nýjum verkunaraðferðum og öflun nýrra markaða. Í l. um fiskimálan. var ekkert, er til umbóta horfði, er ekki fólst í till. og skýrslu mþn. í sjávarútvegsmálum eða í frv. Ólafs Thors um fiskiráð. Þetta er í sjálfu sér eðlilegt. Hvaðan er líkara, að haldkvæm ráð komi heldur en frá þeim mönnum, sem sjálfir stunda og hafa stundað þessa atvinnugrein, og hver getur til þess ætlazt, að hv. 2. þm. Reykv., (HV),· sem er form. fiskimálan., verði allt í einu með ráðherraúrskurði sérfræðingur í öllu, sem snertir veiði, verkun, hagnýtingu og sölu á fiski, eða yfir höfuð sérfræðingar í öðrum sjávarútvegsmálum?

Í frv. hv. þm. G.-K., Ólafs Thors, um fiskiráð hafði höfuðáherzlan verið á það lögð, að *framkvæmdir til viðreisnar sjávarútveginum* yrðu reistar á þekkingu eða reynslu. Þá gall við fyrirlitningarhróp sjá sósialistum: Já. En peningarnir? Og valdið? Ólafur Thors er að tala um fjölbreyttari verkunaraðferðir, um nýjan iðnrekstur, um skipulagða markaðsleit o. s. frv. En það vantar valdið og peningana til þess að framkvæma valdboðin!

Hugsanlegt er, að reynslan eigi eftir að kenna þessum mönnum það, að valdið er tvieggjað sverð og verður því aðeins að liði, að því fylgi þekking. Fiskimálan. fékk bæði peningana og valdið. Allur kostnaður við nefndarstörfin skyldi að sjálfsögðu greiddur úr ríkissjóði. Þá var ríkisstj. heimilað að afhenda fiskimálan. til ráðstöfunar samkv. hinum nýju l. 1 millj. króna. Á *næsta Alþ.* var svo lagður nýr skattur á sjávarútvegsmenn, er mátti vera ½—¾ % af útfluttum sjávarafurðum, til þess að standa straum af kostnaðinum við störf þessarar nefndar. Þá var og fiskimálasjóður stofnaður. Fiskimálanefnd hefir nú haft til meðferðar völdin og peningana á þriðja ár. En ennþá hefir engin skýrsla birzt um störf hennar og engin opinber reikningsskil frá henni sézt. Hvaða kostnað hefir ríkissjóður borið af störfum n.? Hvað hefir skatturinn, sem á útvegsmenn var lagður, fært fiskimálasjóði miklar tekjur, og til hvers hefir þeim verið varið? Og svo loks milljónin. Hefir

n. fengið hana með öllu, eða að hve miklu leyti, og til hvers hefir fénu verið varið?

Á aðalfundi S. Í. F., sem haldinn var 4. des. síðastl. ár, beindi einn fulltrúinn utan af landi þeirri spurningu til form. fiskimálanefndar, Héðins Valdimarssonar, hvenær von væri á skýrslum og reikningsskilum frá fiskimálanefnd, og svaraði Héðinn þá því, að reikningsskil og skýrslur fiskimálan. mundu birtar verða í janúar (þ. e. síðastl.). Síðan þetta gerðist er nú komið á fimmta mánuð, og enn hefir ekkert verið almenningi birt af þessu tægi. Þegar nú hér er borið fram frv. um að auka svo milljónum skiptir fiskimálasjóðinn, sem lagt er til, að ráðstafað verði til lána og framlaga eftir till. og áliti fiskimálan., er það eðlileg og sjálfsögð krafa, að þjóðin fái að sjá grg. nefndarinnar fyrir því, hvernig hún hefir varið því mikla fé, sem hún hefir haft til meðferðar, bæði úr ríkissjóði og beint frá útvegsmönnum, síðan hún tók til starfa árið 1935, og hvernig hún hefir farið með vald sitt. Þetta er nauðsynlegt, til þess að þjóðin geti dæmt um það, hvort heppilegasta fyrirkomulagið sé það að fela fiskimálan. enn viðtækari íhlutun á málefnum sjávarútvegsins en hún hefir haft fram að þessu.

Það er aðallega þrennt, sem einkennir þetta frv. Í fyrsta lagi er hér saman tínt flest það, er við sjálfstæðismenn höfum barizt fyrir í mörg ár, en sósialistar hafa beitt sér gegn, eða jafnvel barizt gegn. Þar með er talið það, sem gagnlegt er í frv. Þó er þetta þannig, að það, sem sjálfstæðismenn hafa ætlazt til, að væri styrkur til stuðnings frjálsu framtaki einstaklinga, á samkv. till. sósialista um leið að verða fjötur um fót útvegsmanna og gera þá háða ríkisíhlutun um allar framkvæmdir, sem þeir fá styrk til.

Í öðru lagi er hér rekstur bæjar- og sveitarfélaga gerður rétthærri en rekstur einstaklinga, hlutafélaga eða samvinnufélaga. Það er, eins og vant er hjá sósialistum, ríkis- eða bæjarrekstrinn, sem þeir vilja öllu fremur.

Í þriðja lagi réttindaafsal allra þeirra, sem styrk eða framlög fá úr fiskimálasjóði, á stjórn og rekstri fyrirtækjanna í hendi fiskimálan., og sölu afurðanna sömuleiðis, ef fiskimálanefnd skipar svo fyrir.

Löngu áður en sósialistar komu fram með frv. þetta höfðum við sjálfstæðismenn borið fram á yfirstandandi þingi frv. til l. um byggingu hraðfrystihúsa. Það frv. gerir ráð fyrir meiri og hagkvæmari stuðningi til þeirra, er koma vilja upp hraðfrystihúsum, heldur en frv. sósialista þerir. Þörfin fyrir hraðfrystihús í sem flestum veiðistöðvum er brýn. Sjálfstæðismenn vilja gera ráðstafanir til að sinna henni nú þegar.

Hvað gera sósialistar? Þeir koma með till. um styrk til hraðfrystihúsa að vísu, í þessu frv., en þó minni hjálp en við höfum lagt til, að veitt yrði. Auk þess demba þeir þessu máli saman við þann graut af till. og bollaleggingum um ýms önnur efni í þessu frv., þannig að sýnt er, að þeir ætlast ekki til, að málið nái afgreiðslu á þessu þingi.

Sósialistar segjast vilja veita milljóna lán til þess að kaupa nýtízku togara. Þeir gera ráð fyrir, að mögulegt sé að fá einstaklinga, hlutafélög eða samvinnufélög til að leggja fram 10% af andvirði skipanna. Hitt á allt að vera lán. Hafa þeir trú á því, að félag, sem byrjaði útgerð nú með togara og fengi 90% af stofnfénu lánað, gæti lengi staðið undir taprekstri, þegar byrjað væri með svo stóran skuldabagga á skipinu sjálfu? Mundu þeir vilja leggja fé sitt í þennan rekstur? Þeir menn, sem hingað til hafa hætt fé sínu og lagt fram starfskrafta sína til togaraútgerðar, vita nú, hvert hlutskipti bíður þeirra samkv. frv. sósialista, er rætt var í hv. Ed. á dögunum, þegar skuldir fara að hlaðast á útgerðina vegna tapa, er á atvinnurekstrinum verða. Sósialistar ætla þeim eitt hlutskipti — það að gera þá upp, taka útgerðarfyrirtækin til gjaldþrotaskipta. Á rústunum ætla svo sósialistar að byggja hinn eftirþráða ríkisrekstur togaranna. Þegar litið er á afskipti sósialista af togaraútgerðinni síðan hún hófst hér á landi, er engin ástæða til að ætla, að þeir skipti um hugarfar framvegis gagnvart þessum atvinnurekstri.

Fiskimálasjóður, með þriggja milljóna kr. stofnfé ríkissjóðs og árlegar tekjur 500—600 þús. kr. eða meira, sem sé skatt af útfluttum sjávarafurðum, á samkv. þessu frv. að vera einskonar banki eða lánstofnun, þar sem lánin eru ýmist afturkræf eða óafturkræf, eftir því sem bankastjórnin, fiskimálan. og atvmrh. kunna að álíta í hvert sinn. Fiskimálasjóður yrði með þessu móti sambland af láns- og styrktarstofnun, alveg eins og fiskimálan. er orðin sambland af verzlunarfyrirtæki og tilraunastofnun, sem hið opinbera fær hundruð þúsunda kr. til meðferðar og engar skýrslur eða skilagreinar sjást frá, en þó er vitað, að hefir tekizt allslysalega með ýmsar sínar tilraunir.

Í þrem köflum frv. eru upp talin hvers kyns framlög og lán til ýmsra iðnfyrirtækja sjávarútvegsins, ef þau finna náð fyrir augum fiskimálanefndar. 8 kafli frv. nefnist „ýms ákvæði", en þar segir svo m. a., að framlögin eða styrkirnir til hraðfrystihúsa til síldar-, karfa- og fiskimjöls, sem og niðursuðuverksmiðja, skuli teljast hlutafé eða stofnsjóðstillag fiskimálasjóðs í fyrirtækjunum, og veiti þau fiskimálan. eða umboðsmanni hennar um stjórn og rekstur sömu réttindi og félagsmanni eða hverjum hluthafa. Auk þess getur fiskimálan., ef Alþ. samþykkir, endurkrafið þessa eign sína eða selt hana öðrum.

Sé um bæjarfyrirtæki að ræða, t. d. síldarverksmiðju eða þess háttar verksmiðju, er nýtur styrks frá fiskimálasjóði, skoðast það sem sameign fiskimálasjóðs og viðkomandi bæjar- eða hreppsfélags.

Þessir bögglar fylgja skammrifjum sósialista, og þó er ekki allt upptalið, því að fiskimálan. getur ákveðið, að fengnu samþykki ráðh., að frystihús skuli taka þátt í samsölu og útflutningi kældra fiskafurða, og sama rétt hefir stjórn síldarbræðsluverksmiðja ríkisins til að ákveða, að afurðir þeirra verksmiðja, er notið hafa aðstoðar frá fiskimálasjóði, skuli seldar í sambandi við sölu á afurðum ríkisverksmiðjanna.

Alþ. hefir á undanförnum árum lagt fram drjúgan skerf til að koma upp kjötfrystihúsum

og mjólkurbúum, án þess að láta nein slík skilyrði fylgja, sem hér er gert ráð fyrir gagnvart útvegsmönnum. Framlögin, sem flaggað er með í þessu frv., eru því engan veginn samskonar styrkveiting til viðreisnar sjávarútveginum eins og þau framlög, sem hið opinbera hefir veitt til kjötfrystihúsa og mjólkurbúa. Sósialistar ætla sjávarútvegsmönnum að kaupa hliðstæða hjálp hins opinbera fyrir afsal réttinda sinna að nokkru leyti á stjórn og rekstri fyrirtækjanna og fyrir fullkomið afsal á ráðstöfunarrétti afurðanna eða sölu á þeim, ef fiskimálan. vill svo vera láta.

Í lok grg. frv. segjast flm. leggja á það höfuðáherzluna, að frv. þetta verði afgr. nú á þessu þingi. Þessari höfuðáherzlu, sem þeir svo kalla, fylgdi nú svo mikil alvara, eða hitt þó heldur, að frv. er fyrst lagt fyrir þingið 1. apríl, en Alþ. hófst, eins og kunnugt er, 15. febrúar. Hv. þm. Ísaf. (FJ) segir, að þetta frv. sé ekki nein kosningabomba, því að frumdrættir frv. séu shlj. starfsskrá Alþýðusambandsins, sem samþ. var á alþýðusambandsþingi í haust síðastl. Þeir hafa þá flýtt sér að því, sósarnir, á maður víst að halda, að koma fram í frumvarpsformi á Alþ. þessu stefnumáli Alþýðusambandsins, þar sem Kveldúlfsfrv. var vísað til n. í Nd. 30. marz, og lágu þá fyrir fullar yfirlýsingar framsóknarráðherranna um það, að þeir myndu ekki samþ. það mál. Ágreiningurinn um það mál lá því fyrir 30. marz, og þá mátti búast við þingrofi að viku liðinni — og þá er það, sem sósialistarnir leggja fram þetta frv. sitt með höfuðáherzlunni á því, að það nái fram að ganga á þessu þingi.

Hið pólitíska ástand var þannig, að engin ástæða var til að ætla, að þingið sæti lengur en viku eða svo úr því. Þá er það, sem sósialistar koma með þessi frv. sín, sem manni skilst þeir leggja höfuðáherzluna á, að fáist afgr. á þessu þingi. Það hafa menn, sem standa sósialistum miklu nær heldur en við sjálfstæðismenn, lagt dóm á það, hvað mikil alvara fylgir þessum málaflutningi sósialistanna. Við umr. í Ed. sagði hv. 1. þm. Eyf., að þeir bæru þessi mál fram til þess að fá þau felld, og hv. þm. S.-Þ. sagði, að þeir flyttu þau til þess að skemmta fólkinu o. s. frv. Þessir menn hafa reynslu af einlægni sósialista í 10 ára náinni samvinnu, svo ég get látið liggja milli hluta fyrir mitt leyti; til hvers þessi mál sósialistanna eru borin fram. Hitt vil ég segja, að það mál, sem hér er um að ræða, er alvarlegra mál en svo, að það eigi nokkur flokkur að nota það á þennan hátt, sem sósialistar gera nú.

***Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Ég mun nú ekki nema að litlu leyti svara þeim ræðumönnum, sem talað hafa á undan mér, heldur snúa mér beint að því að ræða nokkuð um, hvernig þetta frv. er fram komið og aðalefni þess.

Samvinna tveggja flokka eða fleiri um ríkisstjórn og afgreiðslu mála á þingi á erfiðum tímum verður að byggjast á nánu samstarfi flokkanna, sem með völdin fara. Þetta hefir núv. stjórnarflokkum verið ljóst, og meginregla þeirra í meðferð mála hefir því verið sú, að ekkert stórmál, sízt stórt fjárhagsmál, væri flutt af flokkunum eða þingmönnum þeirra, án þess málið hefði fyrirfram verið athugað af báðum flokkunum, og málinu a. m. k. fyrirfram komið í það horf með samningum, að ekki væri um verulegan ágreining að ræða. Undantekningar frá þessu eru að vísu einstök mál, sem þá hefir nánar verið gert ráð fyrir, að ekki næðu fram að ganga, en á meðal þeirra undantekninga hafa a. m. k. fram að þessu engin mál verið, sem flokkarnir hafa talið svo mikils virði, að þeirra vegna væri samvinnu flokkanna slitið.

Síðan Alþfl. gerði ágreining við Framsfl. út af afgreiðslu Kveldúlfsmálsins hér á Alþingi og kastaði hér fram frv. um skiptameðferð á bú h/f Kveldúlfs, þá hefir meðferð mála verið með nokkuð öðrum hætti en hingað til, a. m. k. frá Alþfl. hálfu. Undireins og þessi ágreiningur lá fyrir byrjaði Alþfl. að láta flytja hér frv. um hvert stórmálið á fætur öðru, og það meira að segja stórt fjárhagsmál, án þess að svo mikið sem frumsmíð að þeim hafi verið til umr. milli flokkannna áður en þau voru flutt. Þá verður því ennfremur ekki á móti mælt, að þessi frv., þar á meðal það frv., sem hér er til umr., er með allt öðrum blæ en þær till., sem venjulega eru fluttar af flokkum í stjórnaraðstöðu og ætlaðar eru til afgreiðslu, eins og þó látið er í veðri vaka um þetta frv. Jafnframt þessu hefir hið ótrúlega skeð, að blöð Alþfl. hafa eytt í það miklu rúmi, og ritstjórarnir mikilli vinnu, að sannfæra landsfólkið um það fyrirfram, að Framsfl. væri á móti þessum málum, og ekki sízt þessu frv., sem hér er til umr. Því hefir einnig verið haldið fram, og talin ástæða fyrir því, hve skyndilega þessu máli er varpað fram í þinginu, að Alþfl. hafi í allan vetur gert árangurslausar tilraunir til þess að fá Framsfl. til að sinna málefnum sjávarútvegsins á þann hátt, er Alþfl. vildi. Þessu var slegið föstu undir eins og mál þetta var komið fram, enda þótt enginn framsóknarmaður hafi séð svo mikið sem frumdrög að þessu frv. Vegna þess að málið hefir borið að á þennan hátt, get ég ekki látið hjá líða að skýra nokkuð frá því, sem stjórnarflokkunum hefir farið á milli um sjávarútvegsmálin.

Skömmu eftir að Alþfl. hélt flokksþing sitt hér á síðastl. hausti, kom nefnd frá flokknum til viðtals við nefnd frá Framsfl., og var þá m. a. rætt um sjávarútvegsmál, sérstaklega till. Alþýðuflokksþingsins um togarafélögin, sem nú liggur fyrir hv. Ed. í frumvarpsformi og nefndar eru frv. um stuðning við togaraútgerðina, en eru þó raunverulega um uppgjör togaraflotans og ríkisrekstur á togurum, eins og menn munu hafa sannfærzt um af umr. um það mál. Framsóknarmenn sögðu, að engin endanleg svör væri hægt að gefa um málefnaafstöðu Framsfl. fyrr en flokksþing hans hefði komið saman í byrjun Alþingis, en jafnframt, að fyrirfram væri vitað, að flokkurinn mundi taka afstöðu gegn ríkisrekstri togaraflotans. Hefir síðan lítið sem ekkert verið minnzt á almenna uppgerð togaraflotans og ríkisrekstur togara, fyrr en um það kom hér fram frv., eftir að ágreiningurinn varð

um Kveldúlfsmálið. Í síðari viðtölum, sem orðið hafa á milli flokkanna, hefir ennfremur verið rætt um önnur sjávarútvegsmál, og hefir ýmislegt borið á góma, er gera þyrfti til aðstoðar sjávarútveginum. Hefir það m. a. verið eitt meginatriði þess frv., sem hér liggur fyrir, að verja útflutningsgjaldinu af sjávarafurðum til styrktar sjávarútveginum, eða fella það niður, og hefir það komið skýrt fram frá fulltrúum Framsfl. í þeim viðræðum, að flokkurinn vildi verja útflutningsgjaldinu að miklu eða öllu leyti til styrktar sjávarútveginum, eftir því sem nánar væri ákveðið, en þó því aðeins, að ríkissjóði yrði bættur sá tekjumissir, er hann við það yrði fyrir, með nýjum ábyggilegum tekjuauka. Alþfl. hefir hinsvegar í þessum umr. aldrei bent á neinar leiðir í því efni, og stóð málið svo búið, er síðast var um það rætt á milli flokkanna. Eru því harla undarleg ummæli Alþfl. um afstöðu Framsfl. um þetta aðalatriði í frv., og raunar allt tal um langar samningaumleitanir, sem engan árangur hafa borið. Hitt er annað mál, að í þessu frv., eins og það liggur hér fyrir á þskj. 151, eru mörg önnur ákvæði, sem Framsfl. getur ekki fallizt á, eða telur mjög varhugaverð, en þau atriði hafa yfirleitt alls ekki verið undir flokkinn borin eða reynt að semja um þau áður en frv. kom hér fram. Sannleikurinn í þessum málum hlýtur að vera sá, að eftir að Alþfl. hafði gert ágreining í Kveldúlfsmálinu og taldi sig sjá fram undan kosningar í vor, þá hefir verið þotið upp til handa og fóta og frv. þetta samið, enda hefir það á sér ótvíræðan auglýsingablæ. Líkist frv. sjálft, og þó einkum grg. þess, að ýmsu leyti að því er orðfæri og efni snertir meira blaðagrein heldur en þingskjali. Því verður heldur ekki neitað, að það er mjög einkennileg aðferð til þess að afla málum sínum fylgis, að fullyrða fyrirfram, að óathuguðu máli, að þeir, sem ætlazt er til, að leysi málin, séu á móti þeim. Mér finnst sú aðferð a. m. k. ekki líkleg til þess að stuðla að heppilegri lausn á vandasömu stórmáli.

Hv. þm. Barð. hefir gefið nokkurt yfirlit yfir afstöðu Framsfl. til sjávarútvegsmálanna yfirleitt, og hvað það er, sem framsóknarmenn telja nauðsynlegt að gera í þeim málum, en ég mun aftur verja mestu af þeim tíma, sem ég á eftir, til þess að ræða frv. það, sem hér liggur fyrir. Eitt aðalatriði frv. er, að útflutningsgjaldið, sem hingað til hefir runnið í ríkissjóð, renni í fiskimálasjóð. Eins og ég hefi áður sagt, þá er Framsfl. reiðubúinn til þess að fylgja þessu ákvæði fram að miklu eða öllu leyti, en þó því aðeins, að ríkissjóði sé bættur upp tekjumissirinn. Í frv. eru ekki nein ákvæði um það, hvernig ríkissjóður skuli fá tekjur í staðinn, en í grg. er drepið á það sem aðalúrræði, að hækka skuli söluverð áfengis. Þetta getur ekki talizt neitt úrræði, er komi á móti útflutningsgjaldinu, því þegar fjárlögin fyrir yfirstandandi ár voru afgr., var gert ráð fyrir því, að verðlag á þessari vöru yrði hækkað, og er fráleitt, að ríkissjóði veiti af þeim tekjuauka, ef einhver yrði, þar sem tolltekjurnar hafa hrapað niður frá því, sem áætlað var, og greinilega kom fram við bráðabirgðauppgerðina fyrir 1936 og hér hefir verið skýrt frá. Þar að auki er á það að líta, að hækkað verðlag hefir sjálfsagt í för með sér minnkaða neyzlu, og því nokkuð vafasamt, hvort um tekjuaukningu yrði að ræða. Þetta, sem á er bent í grg., getur því ekki talizt neitt úrræði. Útflutningsgjaldið hefir verið einn af stöðugustu tekjustofnum ríkissjóðs, og það er bezt að gera sér það ljóst undir eins, að í staðinn fyrir það yrðu að koma skattar, sem alveg er hægt að reiða sig á, og ennfremur að vel getur svo farið, að í staðinn yrði að koma álag á aðflutningsgjöldin. Ég fyrir mitt leyti tel aðflutningsgjöldin eðlilegri heldur en útflutningsgjöld, a. m. k. eins og nú standa sakir.

Hinsvegar verður að taka það alvarlega, að Alþfl. sé reiðubúinn til að semja um nýjan tekjustofn í stað þess, sem niður er felldur, ef útflutningsgjaldinu af sjávarafurðum verður framvegis varið í þágu sjávarútvegsins, og skal ekki farið nánar út í það hér.

Þá er ríkisstj. heimilað í frv. að taka ábyrgð á 3 millj. kr. láni, er fiskimálasjóður fái til framkvæmda sinna. Eins og kunnugt er, þá er það og hefir verið stefna Framsfl. að forðast skuldaaukningu erlendis og reyna af fremsta megni að koma á þeim endurbótum í atvinnulífi þjóðarinnar, sem unnt er, án nýrra lántaka erlendis, nema um sérstök stórfyrirtæki sé að ræða, sem standa undir lánunum sjálf. Þriggja millj. kr. lántaka erlendis nú á næstunni til fiskimálasjóðs, sem raunverulega væri sama og ríkislán, fer því í bága við þessa stefnu Framsfl.

Þessu næst koma svo ákvæði frv. um það, hversu verja skuli fé fiskimálasjóðs. Er í fyrsta lagi gert ráð fyrir ýmiskonar styrkjum til nýrra framkvæmda: Hraðfrystihúsa, fiskimjöls-, síldar- og karfaverksmiðja, niðursuðuverksmiðja og veiðarfærakaupa. Er að verulegu leyti gert með þessu ráð fyrir áframhaldi af því starfi, sem fiskimálanefnd hefir haft með höndum fyrir fé fiskimálasjóðs, og hefir því verið greinilega lýst yfir af Framsfl., að hann muni styðja áframhald þeirrar starfsemi. En álitamál getur þó verið, hvort unnt verði að sjá fiskimálasjóði fyrir svo miklu fjármagni, að hann geti greitt styrki til allra þeirra framkvæmda, sem hér er gert ráð fyrir, svo sem síldarbræðslustöðva, enda mikið vafamál, hvort ekki er meiri þörf á að styrkja aðrar greinar útvegsins með beinum framlögum fremur en síldarútgerð, þar sem hún er nú langarðvænlegust talin allrar útgerðar. Vil ég í því sambandi minna á hina gífurlegu erfiðleika, sem þeir eiga við að stríða nú, sem ekki geta notið síldveiðanna vegna þess, hve þeir hafa smáa báta til veiðanna.

Þá er einnig gert ráð fyrir, að fiskimálasjóður annist lánveitingar í stórum stíl. Lánveitingar þessar eru í raun og veru tvennskonar eftir frv.: Annarsvegar lánveitingar til togara- og vélbátakaupa, þar sem gert er ráð fyrir, að á undan lánum fiskimálasjóðs megi hvíla á vélbátum allt að 50% af virðingarverði, en á togurum allt að 65% af kostnaðarverði. Er hér því gert ráð fyrir lánveitingum, sem undir óbreyttum kringumstæðum eru nú orðið taldar mjög hættulegar, og það hættulegri en svo, að venju-

legar lánsstofnanir takist þær á hendur. Að meðtöldum lánum fiskimálasjóðs má samkv. frv. hvíla á togurum 80—90%, en á vélbátum 75%. Að vísu getur komið til mála, ef fiskimálasjóður hefir nægilegt fjármagn fyrir hendi, að ætla honum einhverjar slíkar áhættulánveitingar sem þessar, en þó vill Framsfl. benda á, að eðlilegra mun að ætla fiskiveiðasjóði Íslands, sem þegar er starfandi, að auka lánveitingar sínar til þessara fyrirtækja, en að láta fiskimálasjóð annast slíkt, sem a. m. k. hingað til hefir aðallega verið ætluð styrktarstarfsemi.

Í sambandi við frv. til l. um útgerðarsamvinnufélög hefir Framsfl. líka í samræmi við þetta lagt til, að fiskiveiðasjóður lánaði út á vélbáta allt að ⅘ af kostnaðarverði, ef samvinnurekstur er á bátunum, og virðist það eðlilegra úrræði til hjálpar við endurnýjun vélbátaflotans en það úrræði, sem hér er stungið upp á.

Þá gerir frv. ráð fyrir, að atvmrh. sé heimilt að ákveða, að í stað þess að lána til togarakaupa allt að því ¼ kaupverðs, megi sjóðurinn leggja fram þá fjárhæð sem stofnfé eða hlutafé í fyrirtæki, sem bæir eða kaupstaðir reka. Er þessu ákvæði auðsjáanlega smeygt inn í frv. til þess, að þau nýju útgerðarfyrirtæki, sem þannig yrðu sett á stofn, verði raunverulega rekin sem ríkisfyrirtæki. Undir þessum kringumstæðum myndi fiskimálasjóður, sem er sama og ríkissjóður, eiga hlutafé, sem nemur einum fjórða kaupverðs, en samkv. frv. myndi hlutaðeigandi bæjarfélag aðeins eiga sem svarar 10% af kaupverðinu. Mundi því yfirgnæfandi meiri hl. hlutafjárins koma frá fiskimálasjóði. Ef hægt verður í framtíðinni að efla fiskimálasjóð svo að hann reynist þess megnugur að styðja að endurnýjun togaraflotans, virðist einsætt, að það fé verði lagt fram sem lánsfé, en fiskimálasjóði eða ríkissjóði ekki blandað inn í reksturinn sem hluthöfum.

Þá eru fiskimálasjóði ætlaðar frekari lánveitingar, sem eru nokkuð annars eðlis. Honum er ætlað að ábyrgjast eða lána allt að 60% af stofnkostnaði frystihúsa, allt að 40% af stofnkostnaði síldar-, fiskimjöls- og karfaverksmiðja, allt með 1. veðrétti, auk þeirra 25%, sem gert er ráð fyrir, að lagt verði fram sem beinn stuðningur og áður er getið um. Þetta frv. gerir í raun og veru ráð fyrir því, að fiskimálasjóður verði nýr stofnlánsbanki fyrir sjávarútveginn, jafnframt því sem hann er styrktarstofnun, eins og áður er sýnt fram á. Til þessa get ég ekki séð nokkra ástæðu. Við höfum fiskveiðasjóð Íslands, sem á að vera stofnlánsbanki fyrir útveginn, og það virðist alveg óeðlilegt að setja upp við hliðina á honum aðra slíka stofnun. Mér virðist miklu réttara, eins og gert er grein fyrir í frv., sem legið hafa fyrir á undanförnum þingum og flutt hafa verið af framsóknarmönnum hér í deildinni, að ef hægt er að útvega aukið fjármagn til stofnlána útgerðarinnar, þá sé því fjármagni haldið til fiskveiðasjóðs og starfsvið hans aukið. Ég get ekki varizt þeirri hugsun, að öll þessi ákvæði um lánveitingar og fyrirgreiðslur til sjávarútvegsins séu dregnar inn í frv. til þess, að það verði meira að vöxtum, stingi meira í augun, verði betri auglýsing. Mér finnst mjög eðlilegt að gera ráð fyrir því, að fiskveiðasjóður eða bankarnir lánuðu til þeirra fyrirtækja, sem frv. fjallar um, eftir að búið væri að styrkja þau að ¼, ef fært reyndist, úr fiskimálasjóði, og eftir að stofnendur fyrirtækjanna hefðu lagt fram til þeirra sinn skerf. Reynslan hefir nú verið sú, að þegar átt hefir að koma upp slíkum fyrirtækjum, þá hefir alltaf fengizt þó nokkurt fé í því skyni, þrátt fyrir ýmsa örðugleika, annaðhvort bein peningaframlög eða vinnuframlag. Ég get ekki betur séð en að það eigi að vera hlutverk fiskveiðasjóðs og bankanna að lána þessi lán, og myndu þau áreiðanlega ekki verða meiri áhættulán en mörg önnur útgerðarlán á þessum tímum. Auk þess er ég sannfærður um það, að það er mjög óheppilegt, að sama stofnunin hafi með höndum styrkveitingar og lánveitingar. Ég held, að enginn vafi geti á því leikið, að það myndi reynast mjög skaðlegt fyrir stofnunina og leiða til þess, að lítið yrði að meira eða minna leyti á allt fé, sem frá stofnuninni kæmi, öðrum augum en venjuleg lán, til tjóns fyrir stofnunina. Ákvæði frv. um að heimila fiskimálanefnd að takast á hendur ábyrgð fyrir þessi nýju fyrirtæki álít ég bæði skaðleg og óþörf. Í framkvæmdinni myndi vitanlega verða litið svipað á þetta og venjulega ríkisábyrgð, þar sem fiskimálasjóður hefir ekkert á bak við sig annað en ábyrgð ríkissjóðs, og þær tekjur, sem Alþingi skapar honum. Fiskimálanefndin, sem ætti að veita þessar ábyrgðir, er ekki að neinu leyti skipuð fulltrúum Alþingis, og ríkisstj. á þar aðeins einn fulltrúa, formanninn, sem er fulltrúi atvmrh. Samkv. þessu frv. ætti slík stofnun að geta veitt stórkostlegar ábyrgðir, sem í eðli sínu yrði lítið á sem ríkisábyrgðir, án þess að það komi nokkuð til kasta fjármálaráðuneytisins eða fjmrh., sem þó er falið af Alþingi á hverjum tíma að fara með umboð þess í fjármálum. Ég lít líka svo á, að auk þess að vera varhugaverð, ættu þessi ákvæði einnig að vera óþörf, og þykist hafa fært rök að því. Ég hefi sýnt fram á, að lánveitingar til þessara fyrirtækja er ekki unnt að telja áhættusamari en lánveitingar bankanna og fiskveiðasjóðsins eru yfirleitt, og þess vegna ekki ástæða til annars en að ætla þeim aðiljum að annast þessa starfsemi á venjulegum bankagrundvelli.

Aðalatriði málsins, efling fiskimálasjóðs með tekjum af útflutningsgjaldinu að miklu eða öllu leyti, er Framsfl. sammála, ef samkomulag gæti náðst um tekjuöflun til ríkisjóðs í staðinn. Ýms önnur atriði frv. hafa verið gagnrýnd, enda getur það vitanlega verið álitamál, til hverra nauðsynja sjávarútvegsins verja ber því fé, sem til sjóðsins rynni. Frv. þetta ber það með sér, að því hefir verið rubbað upp í flýti, enda kunnugt, að svo hefir verið gert. Það hefir ennfremur á sér, að minu áliti, of mikinn auglýsingablæ, enda mun því fyrirfram varla hafa verið ætlaður framgangur á þessu þingi, fremur eiga að notast sem málefnagrundvöllur í kosningabaráttu þeirri, er flutningsmennirnir munu hafa reiknað með, eftir að sjáanlegt var, hvernig réðist um afgreiðslu Kveldúlfsmálsins. Það er

öllum kunnugt, að Framsfl. a. m. k. hefir álitið það meginatriðið í öllu sínu starfi að reyna að forðast tekjuhalla á landsreikningi og skuldasöfnun við útlönd, og hafa tillögur stjórnarflokkanna fram að þessu verið miðaðar við það. Í frv. þeim, sem fram eru komin nú síðustu dagana af hálfu Alþfl., virðist mér önnur stefna vera uppi á teningnum. Í þessu frv. er t. d. ætlazt til, að 200 þús. kr. af útflutningsgjaldinu skuli ganga til fiskimálasjóðs þegar á þessu ári, án þess að nokkrar tekjur eigi að koma í staðinn. Í frv., sem liggur fyrir Ed. um togaraútgerðina, er gert ráð fyrir, að kola- og salttollurinn renni til þess að standa straum af lántökum, sem ríkissjóður á að taka til þess að stofnsetja ríkisútgerð, og er ekki heldur gert ráð fyrir, að ríkisjóður fái neinar tekjur í staðinn. Nú vita flm. frv. það þó mætavel, að þeir hafa ásamt framsóknarmönnum tekið ábyrgð á fjárhagsafkomu ársins 1937, með samþykkt fjárl. fyrir það ár. Og þeir vita það einnig, að síðan þau fjárlög voru afgr. er langt frá því, að tekjuvonir ríkisjóðs hafi aukizt, þvert á móti sýna tolltekjur ársins 1936, að tekjuvonir ríkissjóðs eru minni 1937 en fyrirfram var gert ráð fyrir. Samt virðist hv. flm. óhætt að rýra með sínum till. stórkostlega tolltekjur ríkissjóðs þegar á þessu ári. Þetta kalla ég að renna frá þeirri stefnu, sem mörkuð hefir verið í þessum málum.

Þá er eigi síður eftirtektarvert, að í 4 frv., sem flutt eru af hv. þm. Alþfl., er gert ráð fyrir samtals 8 millj. kr. lántökum, og það er vitanlegt, að slíkar lántökur gætu ekki farið fram innanlands. Það yrði að leita út fyrir landsteinana og taka stórlán erlendis. Þessi frv. koma því í bága við þá stefnu í fjármálum, sem Framsfl. a. m. k. hefir beitt sér fyrir og fylgt hefir verið af fremsta megni af stjórnarflokkunum og ríkisstj. undanfarin ár. Framsfl. getur ekki fallizt á að breyta um stefnu í fjármálum. Flokksþing hans hefir samþ., að hann skuli halda þeirri sömu stefnu og fylgt hefir verið tvö undanfarin ár, að forðast lántökur erlendis, nema til fyrirtækja, sem eru fær um að rísa undir þeim sjálf. Sennilega verður ekki hægt að koma á nauðsynlegum breyt. án þess að leita að einhverju leyti eftir lánsfé utan að, og þó ekki nema til þeirra fyrirtækja og framkvæmda, sem standa undir lánum, en till. Alþfl. um 8 millj. kr. lántöku er ekki í samræmi við þá varfærni, sem sýna þarf í þessum málum.

***Flm. (Jónas Guðmundsson):** Á þeim 6 mínútum, sem ég hefi til umráða, get ég ekki miklu svarað af því, sem komið hefir fram af hálfu andstæðinga Alþfl. hér á undan. Ég vil meta meira hæstv. fjmrh. heldur en þá sjálfstæðismenn, sem ég gjarnan vildi svara nokkru, og byrja því á þeim atriðum í ræðu hans, sem ég tel rétt að svara.

Það, sem sérstaklega kemur fram hjá hæstv. fjmrh., er það, að hann telur ekki með þessu frv. stefnt að lausn sjávarútvegsmálanna á þeim grundvelli, sem hægt væri að vænta samstarfs um milli Alþfl. og Framsfl. eftir samstarfi þessara flokka að undanförnu. Þetta er rétt hjá hæstv. ráðh., — en vegna hvers? Af því að Framsfl. hefir þing eftir þing ekki fengizt til þess að taka afstöðu til þess, sem er stærsti þátturinn í viðreisn sjávarútvegsins, hvernig ber að endurnýja togaraflotann og koma rekstri hans á fjárhagslega heilbrigðan grundvöll. Og flokkur, sem skorast undan því þing eftir þing að taka ákvörðun um slík mál, getur ekki ætlazt til þess, að Alþfl., sem ber sjávarútveginn mjög fyrir brjósti, sætti sig við, að út úr þeim till., sem hann hefir rætt um við Framsfl. á undanförnum árum og síðast nú í vetur, verði tint eitt og eitt atriði og því komið í framkvæmd. Eins og ég tók fram áðan, eru þær till., sem við höfum sett fram, ein samfelld heild, sem ber að líta á sem okkar stefnu í þeim málum, sem að sjávarútveginum lúta.

Þær aths., sem hæstv. fjmrh. hafði að gera við frv. það, sem hér liggur fyrir, voru harla lítilsverðar. Hann benti á, að við í grg. frv. töluðum um að hækka útsöluverð áfengis til þess að mæta brottfellingu útflutningsgjaldsins af sjávarafurðum. En við bendum á fleiri leiðir, t. d. að færa niður þau útgjöld, sem nú hvíla á ríkissjóði. Í frv., sem liggur fyrir hv. d., er gert ráð fyrir, að lagður verði nýr skattur á verzlunarálagningu, sem einnig gæti gengið til þess að jafna þann halla, sem af burtfellingu útflutningsgjaldsins leiddi.

Hæstv. ráðh. talaði einnig um, að það væri ætlazt til, að fiskimálasjóður yrði gerður að áhættulánsstofnun með þessu frv. Það er rétt. Þess vegna er útflutningsgjaldinu ætlað að standa undir skuldbindingum fiskimálasjóðs, að hann á að vera áhættulánsstofnun. Fiskveiðasjóð Íslands, sem ekki er áhættulánsstofnun, þar sem hann lánar út á 1. veðrétt bátanna, á ekki að gera að áhættulánsstofnun, heldur á fiskimálasjóður að taka að sér áhættusömu lánveitingarnar og fá útflutningsgjaldið til þess að leggja það á móti áhættunni. Hér er um nýbreytni að ræða á mörgum sviðum útgerðarmálanna, togarakaup, frystihúsbyggingar, verksmiðjubyggingar o. fl. Það má því búast við, að nokkurt fé tapist, og því er frv. rétt byggt. Ætlazt er til, að það verði lagt á útflutningsgjald til að mæta þessum töpum. En hinsvegar er það rangt að leggja útflutningsgjald á þessar stofnanir, nema þeim verði að öðru leyti séð fyrir nýjum tekjustofnum.

Hann sagði, að tillögur um hlutdeild bæjarfélaga og ríkisstj. í þessum rekstri væru bara grímuklædd þjóðnýting. Þetta er ekki rétt, því þó ríkisstj. sé hluthafi í þessum rekstri, þá þarf ekki að vera nein áhætta. Ég verð nú að láta þetta nægja, en vil þó taka það fram, að það er rétt, sem hv. þm. Barð. og hæstv. fjmrh. tóku fram, að Sjálfstfl. hefir ekkert gert í þessum málum. Það eina, sem þeir hafa gert, er að grobba yfir einhverjum afrekum, sem vitað er að þeir hafa aldrei unnið.

***Sigurður Kristjánsson:** Ég leyfi mér að segja hér nokkur orð utan dagskrár. Við þessar umr. hefir Ásgeir Ásgeirsson talað fyrir málstað Alþfl. Þessi hv. þm. telur sig vera utan flokka, en vitað er, að hann fylgir jafnaðarmönnum að

málum, og álít ég því, að með því sé lengdur tíminn, sem sá flokkur hefir við þessar umr. Ég vil því spyrja hæstv. forseta, fyrir hönd hvaða flokks hann hefir talað.

Forseti (JörB): Út af því, sem hv. 6. þm. Reykv. sagði, tel ég rétt, að hv. þm. V.-Ísf. svari þeim fyrirspurnum, sem hann beindi til mín, og tekur hann því næst til máls.

***Ásgeir Ásgeirsson:** Hv. þm. er vel kunnugt um það, að ég er kosinn á þing sem utanflokksmaður fyrir þetta kjörtímabil. Og ég hefi tekið þær ákvarðanir, að ég væri utan flokka þetta kjörtímabil á enda. Ef ég verð í kjöri næst þegar kosið verður til Alþingis, þá býst ég við, að ég bjóði mig fram fyrir hönd einhvers flokks. Ég hefi verið stuðningsmaður núv. stjórnarflokka, því ég tel þá menn, sem að þeim flokkum standa, hafa mest gagn unnið af þeim mönnum, sem voru kosnir í byrjun þess kjörtímabils.

Forseti (JörB): Ég vil upplýsa það í þessu sambandi, að hv. þm. V.-Ísf. ((ÁÁ) hefir talað hér af hálfu utanflokksmanna. Og samkv. þingsköpum hefir hann rétt til að tala helmingi minni tíma en flokkarnir, og ég vil geta þess, að hann hefir ekki notað sér þennan rétt sinn að fullu.

***Sigurður Kristjánsson:** Mér var vel ljóst, að Ásgeir Ásgeirsson mátti tala sem utanflokkamaður, en hann hefir alltaf aðstöðu til að nota þann rétt sinn illa, og það hefir hann nú gert.

Ég skal nú snúa mér að aðalefninu. Það er ekki til neins að fara að rekja stefnu Sjálfstæðismanna í þessum málum; það hefir verið gert áður við þessar umr. En það væri hinsvegar vonandi, að frsm. væru ekki úti á þekju þegar verið er að tala um jafnmikil nauðsynjamál og þetta er. Jafnaðarmenn vilja ásaka útvegsmenn fyrir tvennt. Í fyrsta lagi ásaka þeir þá fyrir það, að þeir vilji of lítið gera fyrir þjóðarheildina, og í öðru lagi, að þeir reyni ekki að reka þennan atvinnuveg með nýtízku áhöldum og nýtízku sniði.

Enga menn veit ég ófróðari um þetta en jafnaðarmenn. Það er öllum kunnugt, að sjávarútvegurinn er rekinn með nýtízku sniði, og sá rekstur stendur alveg jafnfætis slíkum rekstri erlendis. Þarna helzt þrennt í hendur: Góð veiðitæki, duglegir sjómenn og hagsýnir kaupsýslumenn, — og það er alveg víst, að engum þýðir að keppa við Íslendinga í veiðitækni. Það er staðreynd, að Íslendingar hafa alltaf farið hallóka fyrir stórþjóðunum í baráttunni á heimsmarkaðinum, og þegar Alþfl.menn eru að tala um, að útvegsmenn séu seinir til að gera nýbreytingar á þessum atvinnuvegi, þá hlýtur öllum að vera það ljóst, að það er fjarstæða og blekkingar.

Í útflutningsskýrslum má sjá það, að árið 1932 var útfluttur fiskur 69%, en aðrar afurðir 31%, en árið 1936 var saltfisksútfl. 36%, en aðrar afurðir 64%. Hér sést, hvernig útvegsmenn hafa með undrahraða breytt þessum atvinnuvegi. Þeir sáu, hvert stefndi. Þeir sáu, að langbeztur markaður mundi í framtíðinni verða fyrir fituefni, og tóku því það ráð að skapa lýsisframleiðslu með því að koma upp kaldhreinsunarstöðvum fyrir lýsi, og svo síldarbræðslustöðvum. En hvað gera stj.flokkarnir? Þeir banna það með lögum, að einstaklingar fái að byggja síldarverksmiðjur hér á landi. Það má því segja, að Sjálfstfl. hafi staðið fremstur í baráttunni fyrir nýbreytni sjávarútvegsins.

Þá má minnast á þá tilraun útvegsmanna um að vinna markaði í Ameríku, er maður var sendur þangað til að athuga möguleika um sölu á hraðfrystum fiski. Þegar til átti að taka, bannaði hæstv. atvmrh. að flytja út hraðfrystan fisk. Þetta er allt, sem hæstv. ríkisstj. hefir gert til viðreisnar sjávarútveginum. En þeir hafa byggt brýr og vegi, og marga skóla, en þeir athuga það ekki, að sú orka, sem byggt hefir þessi mannvirki, á upptök sín í fiskimiðunum íslenzku. Þá er það einnig kunnugt, að iðnaðurinn hefir sótt fé sitt eingöngu til sjávarútvegsins.

Ég lýk máli mínu með því að fullyrða það, að sjálfstæðismenn hafa haldið fram heilbrigðustu lausninni í þessum vandamálum. Og það má segja, að hann hafi unnið dyggilega að því, að þeim málum væri komið á fullkomið stig. En það má segja, að eggið ætti að fara að kenna hænunni, þegar jafnaðarmenn ætla að fara að kenna framsóknarmönnum að ráða fram úr þessum örðugleikum.

***Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson):** Alþfl. gekk til kosninga fyrir þrem árum síðan, á grundvelli stefnuskrár sinnar um lausn aðkallandi verkefna, sem oft í daglegu tali er nefnd 4 ára áætlunin; en meginatriði hennar var að efla og tryggja atvinnulíf í landinu, jafnvel til sjávar og sveita, og skapa jafnvægi í kjörum bænda með gagnkvæmum stuðningi. Að kosningunum afstöðnum gerðu Alþfl. og Framsfl. með sér opinberan málaefnasamning um þau atriði 4 ára áætlunarinnar, sem brýnust þörf var á að leysa á næstu 2 árum. Samstarf Framsfl. og Alþfl. um löggjöf og stjórnarframkvæmdir síðan 1934 hefir verið byggt á þessum málefnasamningi, sem kominn var til framkvæmda (12 atriði af 14) á síðastl. ári.

Í samræmi við þennan samning hafa þessir flokkar á árunum 1934 til 1936 komið fram mikilsverðum málum og þýðingarmiklum umbótum með löggjöf og stjórnarframkvæmdum, og hefir um þau verið gerð samvinna. Þykir mér rétt að drepa á nokkur þeirra.

1. Sala innlendra afurða á innlendum og erlendum markaði. Þar undir heyrir stofnun fiskimálanefndar, fisksölusambandið, síldarútvegsnefnd, og að nokkru leyti breyt. á lögum síldarverksmiðju ríkisins, lögin um sölu kjöts og mjólkur og ýmsar ráðstafanir til jafnvirðiskaupa eða aukinna kaupa í því skyni að afla markaða fyrir íslenzkar afurðir.

2. Beinn fjárhagsstuðningur við atvinnuvegina. Þar má telja: stofnun fiskimálasjóðs og nýbreytni fiskimálanefndar, lögin um nýbýli og samvinnubyggðir, vaxtalækkun til handa landbúnaðinum, skuldaskilasjóð, vertíðarhjálpina 1936 og fóðurbætiskaup til harðindasvæðanna norð-

anlands og austan, skuldaskil línuveiðagufuskipa, sérstakan styrk til kartöfluræktunar, leitun fiskimiða, tilraunir til síldveiði við Faxaflóa, stofnun iðnlánasjóðs, og skattfrelsi nýrra iðnfyrirtækja. Í þessu sambandi má nefna vernd og stuðning við iðnaðinn, fyrir starfsemi gjaldeyris- og innflutningsnefndar.

3. Félagsmálalöggjöf, svo sem alþýðutryggingar, lögin um framfærslu sjúkra manna og örkumla og hin nýju framfærslulög.

4. Stuðningur við sveitar- og bæjarfélög, með stofnun kreppulánasjóðs, til lánveitinga þeim til handa.

5. Stóraukin opinber framlög, beint og óbeint, til opinberra framkvæmda og til atvinnubóta.

6. Þrátt fyrir stórfelld fjárframlög til þessara margháttuðu framkvæmda hefir verið afnumið sérútflutningsgjald af síld, 6% verðjöfnunargjald af saltfiski, og lækkaður tollur á kaffi og sykri. Hefir og verið samkomulag milli stjórnarflokkanna um fjáröflun handa ríkissjóði til að mæta kostnaði við framangreindar aðgerðir, svo að tekizt hefir að reka búskap ríkissjóðs hallalaust bæði árin 1935 og 1936. Jafnframt tókst árið 1936 að ná fullum greiðslujöfnuði við útlönd þrátt fyrir lokun Spánarmarkaðarins, og aðra erfiðleika á saltfisksölu. Alþfl. lítur svo á, að með þessum margþættu ráðstöfunum hafi þegar tekizt, þrátt fyrir hið geysilega áfall, sem lokun Spánarmarkaðarins og innflutningsörðugleikarnir til Ítalíu hlaut að verða þjóðinni, að vinna mikilsvert starf til hagsbóta fyrir hinar vinnandi stéttir í sveitum og við sjávarsíðuna. Með þeim hefir beinlínis tekizt að afstýra hruni, sem ella hefði orðið óhjákvæmileg afleiðing lokunar fiskmarkaðsins á Spáni og innflutningstakmarkana á Ítalíu. En frá þessum löndum fengum við 18—20 millj. króna í frjálsum gjaldeyri umfram vörukaup næsta ár fyrir stjórnarskiptin, árið 1933. Hinsvegar verður því ekki neitað, að þótt ástand og horfur flestra atvinnugreina sé nú stórum vænlegra en þegar samstarf flokkanna hófst, þá stendur þó enn höfuðatvinnuvegur þjóðarinnar, sem verið hefir undirstaðan undir öllum viðskiptum við útlönd, sjávarútvegurinn, höllum fæti fyrir það áfall, sem þorskveiðarnar hafa hlotið vegna markaðsörðugleikanna og eindæma aflabrests síðustu vertíðir.

Þrátt fyrir stórfelldar framfarir í öðrum greinum sjávarútvegsins (síldveiðar, karfi, ufsi, herðing, hraðfrysting, rækjur o. fl.), hefir sjávarútvegurinn í heild ekki getað haldið í horfinu meðan hagur annara höfuðatvinnuvega, landbúnaðar og iðnaðar, hefir stórum batnað.

Af þessu hefir leitt, að atvinna og tekjur sjómanna og verkafólks við sjávarútveg hefir komizt úr jafnvægi við atvinnu og tekjur annara vinnustétta. En það verður aftur til þess, að bezti markaðurinn, innlendi markaðurinn í kaupstöðum og þorpum, fyrir afurðir bænda og innlendar iðnaðarvörur spillist, til tjóns einnig fyrir þá aðila.

Þingi Alþýðusambands Íslands, sem haldið var á síðastl. hausti, var þetta ljóst. Það samdi starfsskrá fyrir Alþfl. um næstu 2 ár, eða til loka kjörtímabilsins, þar sem höfuðáherzlan var lögð á nauðsynina á því að halda áfram og auka stórkostlega við aðgerðir hins opinbera til stuðnings sjávarútveginum, til þess að tryggja atvinnu þess fólks, sem á afkomu sína undir honum beinlínis eða óbeinlínis.

Tilætlun Alþýðusambandsins var sú, að um lausn þessara mála og annara meginatriða starfsskrárinnar, svo sem lagfæringar á lögunum um alþýðutryggingar o. fl., yrði gerður opinber málefnasamningur milli Alþfl. og Framsfl. á sama hátt og 1934. Var leitað eftir þessu við Framsfl. bæði fyrir flokksþing hans og að því loknu, eftir að Alþingi kom saman. Fóru þessar viðræður fram milli nefnda, sem báðir flokkar tilnefndu. Viðræður þessar báru ekki árangur. Samkomulag náðist ekki, hvorki um það, að gerður yrði opinber málefnasamningur, né heldur um þá lausn málanna á annan hátt, er Alþfl. gæti sætt sig við.

Þegar þetta var séð, sá Alþfl. ekki aðra leið færa en þá, að bera mál sín fram í frumvarpsformi á Alþingi, til þess að Framsfl. og aðrir flokkar þingsins tækju þar opinbera afstöðu til þeirra. Þessi frumv. eru:

1. Frv. um mat, uppgerð og fjárhagslega viðreisn togaraflotans í heild, og í sambandi við það frv. um mat á efnahag h/f Kveldúlfs og um uppgerð félagsins, ef matið sýndi, að það ætti ekki fyrir skuldum.

2. Frv. til breyt. á landsbankalögunum, til tryggingar því, að yfirstjórn bankans sé jafnan í samræmi við vilja meiri hl. Alþingis, og um nauðsynlegar takmarkanir á rétti bankans til veitinga milljónalána og stórra skuldaeftirgjafa.

3. Frv. um breytingar á lögum um alþýðutryggingar, til þess að tryggja fjárhag þeirra, létta iðgjaldagreiðslur og auka nokkuð framlag til ellilauna og atvinnuleysissjóða.

4. Frv. til breyt. á lögum um iðnlánasjóð, til aukningar starfsemi hans, svo að iðnaðurinn geti enn fært út kvíarnar og séð því fólki fyrir atvinnu, sem ekki kemst í aðrar atvinnugreinir, og jafnframt sparað þjóðinni gjaldeyri til kaupa á erlendum iðnaðarvarningi.

5. Frv. það, sem hér er nú til umr., um ýmsar ráðstafanir til viðreisnar sjávarútveginum, í viðbót við og í framhaldi af stórfum fiskimálanefndar og síldarútvegsnefndar, svo sem styrk til að koma upp síldarverksmiðjum, frystihúsum og niðursuðuverksmiðjum o. fl., til að reyna nýjar tegundir veiðarfæra o. þ. h., og síðast en ekki síst ráðstafanir til að endurnýja vélbáta- og togaraflotann með nýtízku skipum, er geti hagnýtt margbreyttan afla til fulls.

Hæstv. fjmrh. sagði í ræðu sinni hér í kvöld, að frv. Alþfl. hefðu ekki verið lögð fyrir Framsfl. áður en þau voru borin fram á Alþingi. En hann játaði þó, að rætt hefði verið við Framsfl. um stuðning við togaraútgerðina, sem hann þá hafði tekið afstöðu gegn. Hann játaði ennfremur, að milli Alþfl. og Framsfl. hefði verið rætt um afnám útflutningsgjaldsins af sjávarafurðum til ríkissjóðs, sem hann nú tjáir sig meðmæltan, en átelur Alþfl. jafnframt fyrir það, að hann bendi ekki á nýjar tekjur fyrir ríkissjóð í staðinn. En ef hæstv. fjmrh. er sjálf-

ur meðmæltur afnámi útflutningsgjaldsins, hverjum stendur það nær en honum sjálfum sem fjmrh. að gera till. um auknar tekjur eða lækkuð gjöld í staðinn? Hæstv. fjmrh. telur fjárhag ríkissjóðs ekki þola þann stuðning við togaraútgerðina, sem Alþfl. fer fram á. En hvar er fjárhag ríkissjóðs komið, ef ekki er réttur við hagur sjávarútvegsins? Undirtektir Framsfl. undir þessi mál hafa til þessa verið á þann veg, að Alþfl. getur ekki unað þeim. Algert afsvar við því að láta fara fram mat á fjárhag Kveldúlfs og togaraflotans í heild, í því skyni að gera upp þau fyrirtæki, sem ekki eiga fyrir skuldum og því í raun réttri eru eign bankanna, þ. e. þjóðarinnar, og koma fjárhag þeirra og rekstri í sæmilegt horf. Afsvar við því, að svo stöddu a. m. k. að ráða bót á ágöllum laganna um alþýðutryggingar. Sama er svarið a. m. k. í bili við því að efla iðnlánasjóðinn svo, að hann geti hjálpað iðnaðinum til að skapa verulega aukna atvinnumöguleika og sparað erlendan gjaldeyri.

Á Landsbankalögunum vill Framsfl. gera þá einu breyt. á þessu þingi, að gera fundi landsbankanefndarinnar starfhæfa, og takmarka nokkuð réttinn til eftirgjafa, en ekki tryggja það, að landsbankanefndin og bankaráðið sé skipað í samræmi við þingvilja, eða takmarkaður verði réttur bankans til veitingu milljónalána.

Um undirtektir Framsfl. undir frv. það, sem hér er nú til umr., er svipað að segja. Að vísu tekur flokkurinn vinsamlega í einstök atriði þess, svo sem styrk til frystihúsa o. þ. h. En um meginatriðin, endurnýjun skipastólsins fyrir forgöngu hins opinbera, virðist hann að svo stöddu taka að fallast á till. Alþfl. án þess þó að benda á aðrar færar leiðir að sama marki.

Alþfl. getur ekki sætt sig við það, að einstök smærri atriði séu tekin út úr frv. hans, en meginatriðin, þau, sem mest veltur á, séu felld. Alþfl. kýs þá hitt heldur, að málin, stefnurnar, séu lögð undir úrskurð kjósenda í landinu, í fullu trausti þess, að við kosningar komi í ljós sú afstaða þjóðarinnar til þessara mála, er knýi fram lausn þeirra í samræmi við till. Alþfl. Alþfl. telur einnig, að Framsfl. hafi með því að láta fulltrúa sína í nefnd þeirri, er ég skipaði til þess að gera till. um vinnulöggjöf, með það fyrir augum að reyna að finna grundvöll í því máli, er Alþfl. og Framsfl. gætu sameinazt um, slíta samvinnu í n. með því að bera fram sérstök frv. á Alþingi, áður en n. hafði lokið störfum, sýnt skort á vilja til samstarfs um eitt hið þýðingarmesta og viðkvæmasta mál, er úrlausnar bíður.

Samvinna Alþfl. og Framsfl. hefir byggzt á því, að jöfn tillit yrðu tekin til beggja vinnustétta þjóðarinnar, við sjó og í sveitum: verkafólks, sjómanna og iðnaðarmanna annarsvegar og bænda og vinnufólks við landbúnað hinsvegar.

Alþfl. hefir jafnan verið fús til að vinna að hagsmunum sveitanna og komið fram umbótamálum þeirra með Framsfl. Nú síðast þessa dagana hefir hann ákveðið að styrkja Framsfl. í því að gera ráðstafanir til varnar Deildartunguveikinni, sem kosta hundruð þúsunda af opinberu fé. Þetta sýnir vilja Alþfl. til áframhaldandi samstarfs. En flokkurinn verður að krefjast skilnings Framsfl. á hagsmunamálum þeirra, er búa við sjávarsíðuna. Ef Framsókn neitar að taka tillit til þeirra hagsmuna er grundvöllurinn að samstarfinu brostinn. Og svör Framsfl. sýna, að vilji til aðgerða í þessum efnum er nú ekki fyrir hendi. Af þessum ástæðum, er ég nú hefi greint, verð ég að tilkynna hæstv. forsrh., að Alþfl. getur ekki haldið áfram á Alþingi samstarfi við Framsfl. né samvinnu um stj. landsins, að óbreyttri þessari afstöðu.

*Jóhann Jósefsson: Herra forseti! Góðir hlustendur! Þegar við sjálfstæðismenn fórum fram á það, að opinberar umr. færu fram í útvarpið um þetta frv., gerðum við það til þess, að hægt væri að fá fram skýra afstöðu flokkanna og til að auglýsa stefnu þá og till., er við sjálfstæðismenn höfum undanfarin ár borið fram í málum sjávarútvegsins. En ég býst ekki við, að við höfum vænzt þess, að þetta yrði til þess, að hér færi fram stórpólitísk uppgerð milli hv. stjórnarflokka. Ég mun láta heimiliskrit þeirra, sem allir vita, að er sannkallað kærleiksheimili, vera mér óviðkomandi við þessar umr.

Það verður að teljast einkennilegt fyrirbæri, hve hv. sósialistaflokkur leggur nú mikið á sig til að hamra í gegn þetta frv. um viðreisn sjávarútvegsins, þar sem það er borið fram viku fyrir væntanlegt þingrof, því að það, sem frv. inniheldur til viðreisnar sjávarútveginum, eru umskrifaðar till. sjálfstæðismanna. Ég hefði vænzt þess, að hæstv. ráðh. hefði gefið skýringu á því einkennilega fyrirbæri í sjávarútveginum, sem við höfum verið vottar að undanfarna mánuði, að settur er fótur fyrir, að fyrirtæki hér í landi fái að setja upp síldarverksmiðju á Hjalteyri, sem getur unnið úr 25000 málum, þegar vitað er, að síldarafli á Norðurlandi var í sumar meiri en svo, að hægt væri að taka á móti honum, svo að fiskimenn misstu mikið af eðlilegum ágóða sínum vegna verksmiðjuskorts.

Jón Baldvinsson, forseti Alþýðusambandsins, sagði í Ed. á dögunum, að það þýðingarmesta af öllu hér á landi væri nú síldin og frystihúsin. Þetta er rétt. En hví er flokkur hans þá að eyðileggja það, að sjómenn á Norðurlandi fái bætta afkomumöguleika og að verkamenn á Hjalteyri fái að njóta þeirrar atvinnu, sem verksmiðjubyggingin myndi veita þeim? Þegar maður heyrir, hve mikinn áhuga sósialistar segjast bera fyrir sjávarútveginum, er óskiljanlegt, að þeir skuli hafa fengið sig til að bregða fæti fyrir það, að þessi nýja síldarverksmiðja á Hjalteyri kæmist á fót.

Í fyrri ræðu minni sýndi ég fram á ýmsar firrur, er fram hefðu komið hjá hv. 6. landsk., Jónasi Guðmundssyni. Í svarræðu sinni hélt hann því fram, að það, sem ég og hv. 6. þm. Reykv. sögðum, hefði verið skætingur og grobb. Ég bið hann að athuga það, að í sinni frumræðu dæmdi hann svo gersamlega alla æru af Sjálfstfl. í málum þeim, er snerta sjávarútveginn, að það sem ég svaraði, var ekki nema lítið af því, sem hann átti skilið. Annars er ekki ástæða fyrir okkur sjálfstæðismenn til að lengja umr. um

þetta mál, enda læt ég nú máli mínu því sem næst lokið. Við fögnum þeirri stefnubreyt., sem sýnilega hefir orðið hjá báðum stjórnarflokkunum í veigamiklum málum, er við lögðum fram áður hér á þingi. Ég hefi hlustað á yfirlýsingar hæstv. fjmrh. og atvmrh. um, að heppilegt væri að hætta að innheimta útflutningsgjald af sjávarafurðum fyrir ríkissjóð, en verja heldur fénu til þessarar atvinnugreinar sjálfrar. Þessu fögnum við, því að við höfum fyrstir lagt til, að þessi leið yrði farin. Við höfum ekki haft valdaaðstöðu til að koma þessum málum fram, og því frekar er það okkur ánægjuefni, er grundvallarhugsanir okkar í þessum efnum fá slíka viðurkenningu sem þær hafa fengið í kvöld hjá hv. stjórnarflokkum. — Góða nótt.

***Forsrh. (Hermann Jónasson):** Hæstv. forseti, góðir hlustendur!

Ég tek hér til máls í tilefni af yfirlýsingu hæstv. atvrmh., Haralds Guðmundssonar, er hann gaf mér á ráðherrafundi í gær. Þegar til átaka kom milli stjórnarflokkanna um Kveldúlfsmálið, lét Alþýðublaðið ummæli falla, sem hægt var að ráða af, hvert stefndi, og því mun fáum hafa komið á óvart þessi yfirlýsing. Alþfl. og Framsfl. gerðu með sér opinberan málefnasamning, er þeir tóku við ríkisstj. sumarið 1934. Upp í þann samning voru tekin þau mál, er Framsfl. hét fyrir síðustu kosningar að vinna að, og auk þess ýmsir liðir úr svonefndri fjögra ára áætlun Alþfl., en aðeins þó þeir liðir, er fólu í sér umbótamál, er Framsfl. sem aðrir umbótaflokkar taldi sér ljúft að vinna að. Á þessum grundvelli telur Framsfl. samvinnu sína við Alþfl. eiga að byggjast.

Frá sjónarmiði Framsfl. hafa jafnaðarmenn tvennskonar starfssvið. Í fyrsta lagi umbótamál, sem þeir geta unnið að með umbótaflokkum, og í öðru lagi sérstefnu sína, þjóðnýtingarstefnuna. Þeirri stefnu geta þeir ekki vænzt að koma á nema þeir vinni meiri hl. kjósenda. Þannig hafa jafnaðarmenn á Norðurlöndum og Englandi litið á afstöðu sína. Þar hefir sérstefna þeirra ekki komið til framkvæmda. Við framsóknarmenn lítum svo á, að ef samvinna á að geta tekizt milli þessara tveggja flokka hér á landi, verði þar að hlíta sömu reglum. Í skýrslu hæstv. atvmrh. kom það í ljós, að samvinna flokkanna hefir snúizt um þessi umbótamál, en ekki sérstefnu jafnaðarmanna. Hæstv. atvmrh. benti á, að ástandið hefði batnað nokkuð í sveitunum, en þetta hefði aftur á móti ekki orðið við sjávarsíðuna. Hann kvað Alþfl. vilja leggja alla áherzlu á að bæta úr þessu ástandi, en taldi Famsfl. ekkir sýna skilning á þeirri þörf. Framsfl. er þó fús til að vinna að umbótum á þessu sviði, þó að hann vilji sýna fulla atorku um lausn á vandamálum landbúnaðarins, sem enn eru að miklu leyti óleyst, þó að nokkuð hafi á unnizt. Um þau mál, er Alþfl. gerir ágreining út af, hafa nú aðeins farið fram lauslegar umr. milli flokkanna. T. d. hefir ekki verið minnzt á frv. um iðnlánasjóð við Framsfl. fyrr en svo seint, að ljóst var að til þingrofs myndi koma. Eins er um frv. til l. um endurbætur á alþýðutryggingunum. Það frv. fékk Framsfl. ekki að sjá fyrr en ljóst var, að til stjórnarskipta kæmi, og héldu þá framsóknarmenn því fram, að það ætti að bíða. Um frv. til breytinga á landsbankal. er sama að segja, og frv. um skiptameðferð á Kveldúlfi var lagt fram án þess að tilkynnt væri um það áður. En framsóknarmenn vilja skipa milliþn. í þessu máli, til að rannsaka það og undirbúa. Framsfl. hefir alltaf verið búinn til að semja um eitt atriði í till. þeim, sem fram hafa komið til styrktar sjávarútveginum, niðurfellingu útflutningsgjaldsins. Ágreiningurinn er því einungis um hin stórkostlegu þjóðnýtingarmál Alþfl. og eins að nokkru leyti um fjármálin, og svo um Kveldúlfsmálið. Með tilliti til hinna stórkostlegu þjóðnýtingarmála, sem á að fara að framkvæma með till. Alþfl., er gengið út af samningsgrundvelli flokkanna. Alþfl. hefir tekið upp þá nýju aðferð að krefjast þess af Framsfl., að sérmál hans verði tekin til framkvæmda. En af afstöðu Framsóknar ætti Alþfl. að vita það, að Framsfl. gengur ekki inn á framkvæmd mála, er eingöngu tilheyra sérstefnu Alþfl. Og ef Alþfl. ber fram kröfu um þetta á þingi, hlýtur hann að gera sér ljóst, að það leiðir til samningaslita. Í samstarfi við venjulega umbótaflokka getur Alþfl. ekki vænzt að komast lengra en stefna þeirra flokka leyfir. Þetta hefir verið regla allra jafnaðarmannaflokka undanfarin ár. Hér verður að gilda sama regla.

Alþfl. verður að taka ákvörðun um, hvenær hann vill slíta samvinnunni. Ég mun út af ummælum hæstv. atvmrh., er hann viðhafði í lok ræðu sinnar, taka til athugunar þau viðhorf, er við þetta hafa skapazt á Alþingi. Að því loknu mun ég svara yfirlýsingunni. En ég segi við ykkur, góðir flokksmenn, framsóknarmenn úti um land allt: Verið viðbúnir kosningunum. Fylkið ykkur saman undir merki Framsfl. og stefnu þeirrar, er flokksþing hans markaði í vetur.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 41. fundi í Nd., 17. apríl, var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15:2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PÞ, PO, SE, StJSt, ÞorbÞ, ÁÁ, BÁ, BB, EystJ, FJ, GG, HV, JG, MT, JörB.

nei: SK, TT.

PZ, GSv, GÍ, GTh, JakM, JónP greiddu ekki atkv.

10 þm. (PHalld, SigfJ, BJ, EmJ, GÞ, HannJ, JJós, JÓl, JS, ÓTh) fjarstaddir.

Frv. vísað til sjútvn. með 18 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

48. Menntun kennara.

Á 8. fundi í Sþ., 1. apríl, var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um menntun kennara (þmfrv., A. 154).

Á 38. fundi í Nd., 14. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

49. Alþýðutryggingar (frv. StJSt).

Á 29. fundi í Nd., 2. apríl, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 26 1. febr. 1936, um alþýðutryggingar (þmfrv., A. 156).

Á 31. og 32. fundi í Nd., 5. og 7. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 33. fundi í Nd., 8. apríl, var frv. enn tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 18 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

***Flm. (Stefán Jóh. Stefánsson):** Hv. þm. V.-Sk. hefir ásamt fleiri þm. flutt frv. á þskj. 25. Þegar það var rætt hér, gat ég þess, að ég myndi síðar bera fram frv. um breyt. á l. um alþýðutryggingar, og liggur það nú hér fyrir. Ég tek það fram, að með frv. mínu er ekki fullnægt þeim kröfum, sem Alþfl. kysi að gera í þessu máli, en hinsvegar hefir það að geyma miklar endurbætur á l., sem vert er að samþ. Ég fer ekki rækilega út í einstakar gr. frv. þar sem því fylgir ýtarleg grg., er skýrir það að mestu.

Um 1. og 2. gr. er ekki margt að segja. Þar eru aðeins leiðréttingar og viðaukar við nokkur atriði í slysatryggingal., sem að nokkru leyti eru komin til framkvæmda. En um 3. gr. er það að segja, að þar hefir slæðzt inn villa. Þar stendur í upphafi: „10. gr. laganna orðist svo", en á að vera: „1. töluliður 10. gr. l. orðist svo". Þetta atriði bendi ég á, til þess að það verði leiðrétt í n. Að öðru leyti ræði ég ekki sérstaklega um gr. þær, sem fjalla um slysatryggingarnar, en vil þó benda á, að lagfærð eru, samkvæmt umkvörtunum, ákvæði um dánarbótagreiðslu til aðstandenda manna, er látizt hafa af slysum. Í frv. hv. þm. V.-Sk. er svipað ákvæði, og vænti ég því, að þetta nái fram að ganga. Auk þess hefir komið fram annað frv., frá þeim hv. þm. N.-Þ. og hv. þm. Barð., þar sem reynt er að bæta úr þessu. Ætti því upp úr öllum frv. að mega finna viðunandi lausn á þessum ákvæðum um dánarbætur.

Þá eru sjúkratryggingarnar. Að því er þær snertir, eru með frv. gerðar nokkuð veigamiklar breytingar á l. Eins og í grg. segir, eru þær fjórar, en ég vildi þó fremur segja, að þær væru fimm. Með 1. brtt. er tryggingaskylda afnumin fyrir gamalmenni eldri en 67 ára. Hefir komið í ljós, að mörg gamalmenni á þessum aldri eru þannig að heilsufari, að þau geta ekki talizt tryggingarhæf. Og þó að sjúkratryggingarnar greiði götu þeirra, sem komnir eru í kör, þá sjá sjúkrasamlögin aðeins um greiðslu til þeirra í hálft ár, og hinn helminginn af árinu yrðu þá sveitarfélögin að taka þetta að sér. Því ætti að afnema tryggingaskyldu þessara gamalmenna, en heimila þeim hinsvegar að tryggja sig í sjúkrasamlögum, ef þau eru ekki haldin alvarlegum, langvinnum eða virkum sjúkdómum. — Þá er í frv. afnumin tryggingarskylda og tryggingarréttindi fyrir þá menn aðra, er haldnir eru alvarlegum, langvinnum eða virkum sjúkdómum. Sjúkratryggingin getur ekki séð fyrir slíkum mönnum, en þar ætti að taka við fyrirkomulag, sem lögfest hefir verið, þó að á ófullkominn hátt sé, en það er ríkisframfærsla sjúkra manna og örkumla.

Þriðja breytingin er í því fólgin, að dagpeningatryggingin er gerð að frjálsri tryggingu. Það hefir komið í ljós, að iðgjöldin yrðu að vera svo há, að fæstir gætu greitt þau, ef dagpeningatryggingin ætti að koma að verulegu gagni. Í Reykjavík geta menn ekki fengið dagpeninga fyrr en eftir 16 vikur með lægstu greiðslu, en fæstir þeirra, sem þurfa á dagpeningum að halda, geta haldið sér uppi af eigin rammleik í svo langan tíma. Þessi skylda hefir því verið afnumin, en hinsvegar er mönnum heimilað að tryggja sér dagpeninga gegn hærri greiðslum.

Fjórða breytingin er í því fólgin, að sjúkrahjálp sú, sem samlagi er skylt að greiða fyrir einn og sama sjúkdóm, er færð niður í 12 vikur úr 26 vikum og niður í 24 vikur úr 32 vikum fyrir mismunandi sjúkdóm á sama ári. Læknisfróðir menn segja, að einn sjúkdómur á ári, sem stendur yfir lengur en 12 vikur, sé fágætt fyrirbæri, nema um sé að ræða sjúkdóma, sem ríkisframfærsla sjúkra manna og örkumla ætti að ná til. Mönnum kann að virðast sem með þessu ákvæði sé stigið spor aftur á bak, en það ætti ekki að vera ef ríkið veitti nægilegt fé til framfærslu þessum mönnum, en þar á framfærsla þeirra að vera að réttu lagi.

Í fimmta lagi er lagt til, að það verði afnumið, að tryggðir menn greiði heimilislækni sínum fjórða hluta kostnaðar utan sjúkrahúsa. Þessar aukagreiðslur hafa mælzt illa fyrir, en þetta ákvæði var sett til að koma í veg fyrir, að menn leituðu læknis að óþörfu. Töldu læknar þetta geta verið öryggisventil gegn ofnotkun þeirra. En til þess að hindra slíka ofnotkun, er gert ráð fyrir, að menn greiði fjórða hluta kostnaðar utan sjúkrahúsa, ef þeir leita annars læknis en heimilislæknis síns. Tel ég þessu sæmilega fyrir komið með því ákvæði.

Þessar höfuðbreytingar eru lagðar til af mönnum, sem vinna hjá vissum stofnunum, sem hafa sinn sérstaka lífeyrissjóð, og frv. fer fram á, að þeim verði ívilnað um greiðslu á lífeyrissjóðsgjaldi til sjúkratrygginganna. Það má nefna t. d. Eimskipafélag Íslands og Olíuverzlun Íslands og fleiri hliðstæðar stofnanir, sem hafa lífeyrissjóð fyrir starfsmenn sína, og þeir greiða visst árgjald í þessa sjóði, auk þess sem þeir

verða samkv. lögum um alþýðutryggingar að greiða til sjúkratryggingannna. Þessir menn hafa borið sig upp við tryggingarstjórnina og með frv. er þeim ívilnað með greiðslu til örorkubóta.

Brynjólfur Stefánsson tryggingafræðingur telur málinu mjög vel komið með þeim breyt., sem frv. gerir ráð fyrir.

Um atvinnuleysistryggingar er það að segja, að sú eina verulega breyting, sem þar er gerð, er sú, að mönnum, sem eru á launum, sé skylt að greiða ½% í sérstakan sjóð, sem síðan úthluti framlagi til hinna einstöku atvinnuleysissjóða, og þeir sjóðir afli sér tekna með framlagi frá atvinnurekendum, sem nemi jafnhárri upphæð og framlög ríkis og bæja eru samanlögð.

Til þessa hefir ekki verið stofnaður neinn atvinnuleysissjóður, og veldur það mestu, að menn hafa ekki getað gert sér vonir um, að hann yrði svo stæltur, að hann kæmi að nokkru gagni.

Vegna nokkurra umkvartana frá hreppum úti á landi og ýmsum kaupstöðum um framkvæmd alþýðutryggingarlaganna á greiðslu ellistyrksgjaldanna, hefir frv. gert ráð fyrir að skipta heildarupphæðinni í 2 hluta: 1) vexti ellistyrktarsjóðanna og helming af framlagi lífeyrissjóðs og 2) hinn helminginn af framlagi lífeyrissjóðs. Með þessu mætti því hækka ellistyrkinn til einstakra manna, ef tillag lífeyrissjóðs er hækkað, og það ætti líka að geta hrokkið til úthlutunar á örorkubótum. Aftur á móti verður að gera kauptúnum og hreppum mögulegt að *hafa þann styrk nægilegan til allra, sem ellilaun þurfa.*

Ég hefi nú í fáum dráttum lýst þeim höfuðbreytingum, sem ég tel standa mest til bóta; þó eru nokkrar smærri ónefndar, sem eru til nokkurra umbóta. Og ég vildi vænta þess, að þessar breytingar verði samþ. eins og þær nú liggja fyrir.

Ég er fús til þess að ræða um breyt. á frv., sem betur mætti fara, og legg til, að því verði að lokinni umr. vísað til allshn.

***Páll Þorbjörnsson:** Ég get tekið undir það, sem hv. 1. landsk. sagði um frv., en það hefir inni að halda þær breyt., sem sósialistar vilja, og ég býst við því, ef það er athugað, að lengra sé ekki hægt að fara. Það hefir sýnt sig, að öryggi manna hefir batnað mikið, síðan lögin gengu í gildi. Áður fengu foreldrar 300 kr. fyrir einhleypinga, sem féllu frá, og má segja, að þeir hafi fallið óbættir. Nú er í mörgum tilfellum mjög erfitt að sjá, að hve miklu leyti foreldrar hafi haft þessa einhleypinga á framfæri sínu, því að stundum er það svo, að t. d. sonur, sem er talinn vera á framfæri foreldra sinna, er raunverulega fyrirvinna þeirra, þótt ekki sé getið um það í opinberum skýrslum. Skv. 4. gr. er gert ráð fyrir 1500 kr. bótum við dauðsfall. Það getur ekki numið mikilli fjárhæð á ári, sem þessi mismunur er í heild, en það munar miklu fyrir einstaka menn. En þótt foreldri hafi ekki notið stuðnings hins látna, þá verður ekki hægt að ganga út frá því, að hann hafi ekki haft hann á framfæri sínu. Ekkju, sem hefir misst mann sinn í sjóinn, gefst ekki kostur að fá 1500 kr. bætur, og því standa hjón miklu betur að vígi, þótt þau missi son sinn. Það væri ástæða til að athuga það sérstaklega, og vildi ég að lokum mælast til þess, að sú hv. n., sem fær þetta til meðferðar, athugaði það.

***Gísli Sveinsson:** Það er að vísu svo, að bæði ég og aðrir, sem hafa með þessi lög að gera, hefðu búizt við því, að frv., sem yrði lagt fram til nokkurra bóta, yrði lagt fram af stofnuninni sjálfri. Raunin er sú, að það er flutt af þeim mönnum, sem mest hafa barizt fyrir því, að koma þessum tryggingum í lög á Alþingi.

Þetta frv., sem hér er fram komið, sem ekki er um að sakast, ber það með sér, að hlutaðeigendur hafa séð, að það þýddi ekki að leggja fram nokkra breyt., sem frsm. telur, að sé til bóta. — Ég neita því alls ekki, að þessar breyt. eru til nokkurra bóta. En mikið af þessum breyt. eru aðeins *smábreyt. á orðalagi, sem* gerir l. auðveldari í framkvæmdinni, en aftur á móti tel ég umbæturnar ekki miklar. Flm. er það vel ljóst, að eftir anda þeirra, sem hafa átt að framfylgja þessum lögum, áttu breyt. að sniðast.

Mér hefði fundizt, að Alþfl. hefði átt að bera fram viðtækari og hagkvæmari breyt. en með þessu er gert, og vitna ég þar í ræðu hv. 1. landsk., sem virtist vera á sömu skoðun og við, sem fluttum aths. við frv. frá byrjun. Þær mikilvægu breyt., sem 3 landsk. talaði *um að gerðar væru með þessu frv.*, eru alveg hliðstæðar því, sem ráðið er bót á á þskj. 105, sem ég og fleiri þm. bárum hér fram á öndverðu þingi. Það getur verið, að n. hafi verið að bíða og biðla eftir fleiri till., en eftir öllum líkum að dæma verður erfitt að framkvæma eða samþ. breyt. á þessu í þetta sinn. Sjúkrastjórnin hefir ennþá ekki komið með neina till. um þetta, og ég álít út frá því, að málinu sé stefnt í voða með því að framkvæma þetta frv. nú eins og það liggur fyrir.

Hv. 3. landsk. talaði um það sama og stóð í okkar frv., og það þykir mér einkennilegt, að tryggingastjórnin lagði fram brtt. á þessu, en þá kom í ljós, að það var miklu veigaminni breyting. Þm. vita vel um þá óánægju, sem hefir ríkt hjá hlutaðeigendum, síðan lögin komu til framkvæmda.

Þá vantar ákvæði um það í 4. gr., að bót sé ráðin á aðstöðu foreldra, sem missa sína fyrirvinnu og eru að nokkru leyti framfærslumenn, þótt það sé ekki gert að öllu leyti, og það má ekki vanta slík ákvæði í frv. Þskj. 105 gerir ráð fyrir 3000 kr. í sonarbætur, en í þessu frv. hv. 1. landsk. er aðeins gert ráð fyrir 1500 kr. Við viljum leggja til, að þessi styrkur verði hækkaður a. m. k. upp í 2500 kr.; það vantar alveg í frv. Og það væri mögulegt, að þær bætur féllu í þennan styrk á þessu ári; um það var einnig talað í okkar frv.

Það má segja um þetta frv., að það er lélegur frágangur á því. T. d. er eitt atriði, sem ég sakna og þarna er ekki tekið tillit til. Það er, að ráðnir yrðu tryggingastjórar víða um landið,

sem gætu gert mikið til að bæta slysatryggingar sjómanna. Álit ég, að gott væri að hafa lausatryggingu fyrir menn, sem eru til sjós lítinn tíma úr árinu. Hið opinbera gæti greitt helming tillagsins, en hlutaðeigandi hinn helminginn. Mér finnst sjálfsagt að taka þetta ákvæði með, og ég býst við því, að úr því verði bætt í nefndinni. — Í frv. eru engin ákvæði eða tillögur um það, að gjöldin geti fyrr eða síðar lækkað, sem tryggingin leggur á herðar almennings. Á till. um örorku- og ellitryggingar sést ekki, að þörf hafi verið á slíku, og það má segja, að það sé hinn mesti ásteytingarsteinn hjá fólkinu, þegar það er gert gjaldskylt á svo áberandi hátt. Þetta getur ekki gengið. Ég fullyrði, að það ætti ekkert að standa í veginum fyrir því, að fyrr eða síðar gætu gjöldin lækkað að miklum mun.

Það er kunnugt, að það er ekki nærri komið að því, að borga út elli- eða örorkubætur, og það kemur ekki til mála fyrr en eftir tugi ára. Hér er um að ræða allt fólk yfirleitt, sem er umkringt og gert gjaldskylt með raunverulegum nefskatti. Það hefði verið betra að taka allan þennan bálk til rækilegrar athugunar og reyna að bæta úr því, sem mesta óánægju hefir vakið. Í okkar frv. var gjaldskyldan bundin við visst aldurstakmark, til þess að hægt væri fyrir almenning að losna út úr þessu, og þá líka eiga von á því, að geta fengið einhvern styrk úr þessum viðtæka og í rauninni mikla sjóði, ef öll kurl koma til grafar að lokum.

Í þessu sambandi má geta þess, að það er ekki einungis ætlazt til, að þessi mikli sjóður eigi að myndast af gjöldum, heldur var tekinn stærsti lífeyrissjóður, sem til var í landinu, og sá eini reglulegi lífeyrissjóður, sem stofnaður hefir verið með l., sem sé lífeyrissjóður embættismanna og barnakennara. Ákvæði alþýðutryggingarlaganna er beinlínis þannig, að taka þennan sjóð og slengja honum saman við þennan allsherjarlífeyrissjóð Íslands. Það er lagt til, eins og hv. þm., sem hlustað hafa á mál mitt, munu hafa heyrt, í þessum till. okkar, að þessi ákvæði alþýðutryggingarl. falli alveg burt, því að það sé óleyfilegt og óforsvaranlegt að taka stóran sjóð ríkra stétta og slengja honum með nýrri löggjöf saman við óskyld mál, og fólk, sem ekkert hefir fyrir sjóðinn gert. Lífeyrisjóður embættismanna og kennara er til orðinn fyrir iðgjöld um mörg ár og frá öllum embættis og starfsmönnum hins opinbera, og þau gjöld hafa verið að allra dómi allt of há. En það hefir verið liðið, að þessi löggjöf ætti sér stað, vegna þess að stéttin taldi sig eiga þessa fúlgu í nútíð og framtíð, og hún myndi koma að notum bæði öldum og óbornum úr þessari stétt.

Tryggingarlögin nema nú þetta allt burtu, ekki einungis ákvæðin, heldur alla þessa hugsun, sem liggur bak við. Ef þessum lífeyrissjóði er slengt saman við þennan almenna sjóð, þá er hugsunin algerlega farin af hálfu þeirrar stéttar, sem þarna stóð að, og enginn áhugi lengur fyrir því, að greiða slík gjöld, eins og verið hafði. Þá má segja, að allir embættis- og starfsmenn hins opinbera hafi um langt árabil greitt langsamlega of mikið í þennan sjóð og fái í rauninni ekkert í staðinn nema vonina að lokum í þessum almenna sjóði, þótt þeir, sem nú lifa og eiga í sjóðnum, haldi sínum rétti.

Ég veit ekki betur en sá ráðh., sem hefir farið með þessi mál undanfarið og enn fer með þau, og sá ráðh. er samflokksmaður hv. flm., hafi látið það í ljós, þegar aths. voru gerðar við þetta ákvæði, að það væri sanngjarnt að taka ekki með lífeyrissjóð embættismanna, enda mundi það verða leiðrétt, því að það væri misgáningur, að þetta hefði verið gert, og mér skildist þetta vera loforð af hans hendi, að það mundi ekki verða svo framvegis. Við þetta var látið sitja, og þm. sá í d., sem gerði þessa aths., sætti sig við þetta og trúði þessu. Nú bólar ekkert á þessu. Nei, þvert á móti. Í till. okkar er það gert að beinni till., að sú grein, sem fjallar um niðurlagningu þessa sjóðs, verði felld úr l., 62. gr. Ég varð ekki var við, að hv. flm. gerði tilraun til að skýra, hvers vegna ekki er farið inn á þetta atriði, eða hvers vegna skellt er skolleyrum við þessu. Það er sjálfsögð sanngirni, sem mælir með því, að leiðrétta þetta.

Það væri ástæða til að fara mjög nákvæmlega út í þetta frv. og sýna lið fyrir lið, hvernig það er vaxið, og hversu lítill vöxtur er þar gagngerðra og góðra breytinga, sem ástæða var til að vonast eftir, og hversu lítil umskipti verða á þessu ástandi, þótt þetta frv. verði samþ. En við þessa umr. geri ég það ekki að umtalsefni, en held mig við nokkur höfuðatriði, og tel þó ekki ástæðu til að fjölyrða um þau. Ég hafði gefið nokkuð greinilega skýringu á þessu máli, er ég talaði fyrir flutningi frv. á þskj. 25, og sé ekki þörf á að endurtaka það. En ég vil þó geta þess, að annað frv. er nú komið hér til d., sem ekki hefir verið tekið fyrir, en á víst eftir að koma til umr., en það er frv. á þskj. 192, sem flutt er af hv. þm. N.-Þ. og hv. þm. Barð., þar sem komið er inn á efni, sem öll þessi frv., sem hér hafa verið lögð fyrir d., taka nokkuð til meðferðar, sem sé um meðferð á ellitryggingarsjóðum hreppanna. En það er það einkennilega við þessar breyt., sem koma frá stjórnarflokkunum, að ekki er farið að þeirra óskum nema að nokkru leyti. Það er gert ráð fyrir og lagt til, að leiðrétt verði það atriði, sem eftir sjálfum tryggingarlögunum var mjög hæpið í framkvæmd, að tryggingarstofnunin sjálf ætlar ekki aðeins að hremma ellitryggingarsjóðina, heldur líka að hafa full ráð yfir vöxtum sjóðanna, til þess að láta þá reiknast með í því lögskipaða tillagi, sem tryggingarstofnunin ætlar að leggja fram móti hinu fyrirskipaða hreppatillagi. Það er gerð tilraun til þess að bæta úr þessu í frv. stjórnarflokkanna með því, að vextirnir af sjóðunum eigi að úthlutast sér í lagi, enda er ekki hægt að mæla á móti því, að hreppsnefndirnar eigi að hafa aðalráðin þar. En það er einmitt talað um það í þessum frv., sem ég nú ræði um, að þetta eigi að vera alveg utan við hin tillögin, — það eigi að vísu ekki að reiknast með, ekki allskostar, og eftir frv. á þskj. 192 að reiknast sem hluti af tillagi tryggingar-

stofnunarinnar. En það má ekki heldur, eins og lagt hefir verið til og hrepparnir hafa heimtað, vera á fullu valdi hreppanna, og þá reiknast sem tillög úr hreppunum, því að það gefur að skilja, að það er hið eina rétta. Því meira sem kemur af vöxtum til úthlutunar, því minna er hið fyrirskipaða tillag hreppanna. Þeir hafa átt ellitryggingarsjóðina, og ef þeir eru teknir af þeim, þá er það ranglega gert. Þeim hefir verið gert þetta að skyldu og það er skylda, sem ekki hefir áður þekkzt í löggjöfinni, og er ofanálag á allt annað, sem á hreppunum hvílir. Ég býst við, að tryggingarstofnunin og þeir, sem að henni standa, hafi ætlazt til, að hreppunum væri skylt að leggja fram úr hreppasjóðunum til þessarar greiðslu og nú til svokallaðra ellilauna, en l. eru í rauninni þannig, að það er ekki skylda, ef hreppsnefndirnar telja, að þörfin sé ekki fyrir hendi. En samt sem áður er það ekki gott, að þurfa að skorast undan því, vegna þess að ef hrepparnir leggja ekkert fram, þá kemur ekkert á móti. Það kemur því ekkert inn í hreppana, ef ekkert er lagt fram heima fyrir. Þessi nýja skylda á hreppasjóðina er í sjálfu sér óbærileg, og það er þess vegna sjálfsagt, að vextir ellitryggingarsjóðanna, sem úthlutað er í hverjum hreppi og hrepparnir eiga, komi sem tillög úr hreppunum. Á þessu er ekki ráðin bót nema í frv. því, sem við sjálfstæðismenn höfum borið fram og áður hefir verið lýst, en alls ekki fullnægjandi í frv., sem komið er frá Framsfl., og engan veginn og allra sízt í frv. því, sem hér liggur fyrir og flutt er af hv. 1. landsk.

Ég hefi þá með fáum orðum getið um þau helztu atriði, sem máli skipta. Ég mun að sjálfsögðu fylgja þessu frv. og greiða því atkv. frá þessari umr. og til n. Ég vona, að n. sjái sér fært að taka allt málið mjög skjótlega til rækilegrar íhugunar og miklu gagngerðari breytinga en frv. á þskj. 156, sem hv. 1. landsk. flytur af hálfu tryggingarstofnunarinnar. Ég tel ekki, að það sé í höfuðatriðum nein slík bót á málinu, sem þjóðin viðurkennir að verði að gera nú þegar, þar sem alþýðutryggingarl. var dembt á hana, algerlega að henni forspurðri, og það er fyrst nú, að hún getur látið til sín heyra, svo að segja úr öllum hreppum landsins, og er skylt að taka fullt tillit til þeirra ráða.

Ég fer ekki út í neina kafla tryggingarlaganna, sem gerð er tilraun til þess að færa í lag í þessu frv. Það er með sömu rökum og frv. okkar sjálfstæðismanna fór ekki út í það, þótt þess væri full þörf. Eins og kunnugt er, þá bárum við það fram, fulltrúar úr héruðum landsins utan kaupstaða, til þess að ráða bót á þeim veigamestu atriðum í löggjöfinni, sem snerta allt landið, en ekki sérstaklega kaupstaðina í þeirri tryggingargrein, sem fjallar um sjúkratryggingarnar. Það hefi ég ætlað kaupstöðunum og fulltrúum þeirra að taka rækilega til athugunar og að sjálfsögðu til breytinga og ég er ekki í vafa um, þótt skammt sé gengið í frv. hv. 1. landsk., að takazt mætti í allshn. að ráða á því frekari bót. Það skal sannast, að það verður engin ánægja í kaupstöðunum heldur, ef breyt. verða ekki veigameiri og meira í réttlætisáttina en hér er gert ráð fyrir. Ég er viss um, að óánægjan um landið allt heldur áfram, þótt eitthvað líkt verði lögleitt og frv. það, sem er á þskj. 156 fer fram á. Óánægjan er svo mikil, að það þarf fyrr eða síðar að taka dýpra í árinni.

Ég skal að lokum lýsa yfir því, að ég mun ekki fara inn á það veigamesta atriði, sem kom nokkuð til tals við fyrstu atrennu þessa máls. En það var viðvíkjandi því, hversu tímabært það hafi verið, og hversu mikil ágóðavon það hafi verið, að demba á bákni eins og þessari löggjöf. Ég skal láta það liggja milli hluta, en bæði af mér og öðrum var talsvert vikið að því, þegar l. voru í smíðum í Alþ., en það er alltaf mjög þess vert í stórum málum, að taka með í reikninginn, hvort tímabært er að demba þeim á eða ekki. Svo er líka þess að geta, að um tryggingarlöggjöfina annarsstaðar ríkir ekki einber ánægja, og á henni eru alstaðar svo gífurleg misferli í framkvæmdinni, að það er mjög þess vert, að reyna að taka það til eftirbreytni hér, og hefði reyndar verið skylt að gera það, áður en nokkur löggjöf var sett.

*__Flm. (Stefán Jóh. Stefánsson)__: Á þessu stigi málsins sé ég ekki ástæðu til að fara ýtarlega út í að svara hv. þm. V.-Sk., sem hér hefir haldið langa ræðu um málið, ekki sízt fyrir þá sök, að við ræddum nokkuð um það við framkomu hans frv. fyrr á þinginu. Ég vil aðeins minnast á örfá atriði, sem ég tel rétt að drepa á, áður en málið fer til n.

Þeir tveir hv. þm., sem talað hafa, hafa lagt nokkra áherzlu á, að mikil þörf væri á að laga ákvæði í alþýðutryggingarl. um greiðslu dánarbóta. Það er gert í því frv., sem ég flyt hér og þessum hv. þm. þykir ekki fullnægjandi. Mér virðist, að gagnrýnin hjá þeim báðum, sérstaklega hv. þm. V.-Sk., sé að sumu leyti ekki réttlát. Það er sem sé gengið framhjá atriði, sem er undirstaðan undir þeim breytingum, sem gerðar voru á reglunum um dánarbætur með alþýðutryggingarl., frá því, sem var í slysatryggingarl., en það er, að með þeim var lengra gengið í því, að taka tillit til ómegðar hins látna, svo að dánarbæturnar hækka til muna, eftir því sem ómegðin er meiri. Þetta verður bezt skýrt með því, að tilgreina dæmi, sem samið er af forstjóra tryggingarstofnunar ríkisins og fylgir sem skýring á l. um alþýðutryggingar, og vil ég, með leyfi hæstv. forseta, lesa það upp:

„Setjum svo, að tveir menn farist með sama skipi. Annar þeirra lætur eftir sig ekkju og tvö börn á 1. og 3. ári og átti auk þess fyrir öldruðum foreldrum að sjá, sem voru á framfæri hans. Hinn maðurinn hafði fyrir engum að sjá, en átti uppkomin systkini. Dánarbætur hins fyrrtalda hefðu orðið 4200 kr., en 3000 kr. fyrir hinn síðari, eftir gömlu l. Eftir alþýðutryggingarl. hefðu engar dánarbætur verið greiddar fyrir hinn síðari, en eftirlifandi vandamenn hins fyrrtalda hefðu fengið dánarbætur, sem hér segir: Ekkjan 3000 kr., hvort barn 100 kr. fyrir hvert heilt ár, sem vantar í 16

ára aldur, eða 1500 kr. fyrir yngra barnið og 1300 kr. fyrir það eldra, og foreldrar 2500 kr., eða dánarbætur samtals 8300 kr.“

M. ö. o. hafa eftir breytingu í alþýðutryggingarl. verið greiddar dánarbætur fyrir þá, sem féllu frá af slysförum og skyldu eftir sig jafnmarga menn á ómagaaldri, 8300 kr. eftir alþýðutryggingarl., en eftir slysatryggingarl. 4200 kr., eða nærri helmingi minna. Framhjá þessu er alltaf gengið í gagnrýninni á alþýðutryggingarl., að því er snertir reglur um dánarbætur. En þetta atriði er sannarlega ekki veigalítið, og á það vildi ég benda sem sönnun þess, hve gagnrýnin á fyrirmæli l. um dánarbætur er einhliða.

Eins og ég sagði áðan, þá sé ég ekki ástæðu til að fara út í almennar rökræður um tryggingar, um tilvist þeirra hér á landi og ástæðuna fyrir setningu alþýðutryggingarl. Til þess er ég reiðubúinn við betri tíma og tækifæri en á þessum fundi, þar sem ég fyrir mitt leyti vildi leggja aðaláherzluna á að koma þessu máli áleiðis, ef mögulegt væri að fá það afgreitt í einhverri mynd. Ég tók það líka fram, að ég væri reiðubúinn til samninga við alla þá menn, sem einhverjar endurbætur hafa fram að bera á því frv., sem ég flyt. Hinsvegar er nokkur skoðanamunur á milli mín og hv. þm. V.-Sk. um, hvað séu endurbætur á tryggingarlöggjöfinni, en út í það atriði hirði ég ekki heldur að fara á þessu stigi málsins. Mér finnst, að hv. þm. V.-Sk. geri fulllítið úr þeim endurbótum, sem frv. það, sem ég flyt nú, hefir vissulega að geyma, en ég sé ekki heldur ástæðu til að endurtaka og benda á þær endurbætur, sem ég benti á í fyrri ræðu minni. En það eru óvefengjanlega stórkostlegar endurbætur á öllum þáttum tryggingarl., sem felast í frv. mínu. — Til þess að tefja ekki umr. þessa máls frekar en orðið er, þá mun ég á þessu stigi málsins láta nægja að vísa til fyrri ræðu minnar um þetta atriði og endurtaka, að ég er reiðubúinn til að ræða um endurbætur á frv., einnig með hliðsjón af frv., sem aðrir hv. þm. hafa flutt og liggja fyrir þessari hv. d.

***Gísli Sveinsson:** Herra forseti! Ég mun segja örfá orð um eitt atriði, sem hv. flm. frv. vék að, en ég sé enga ástæðu til að endurtaka það, sem ég hefi áður sagt, og eins og hann, vil ég styðja að því, að þetta mál komi til rækilegrar athugunar. Það er eitt atriði, sem ég ætla að minnast á, og bæði ég og hv. 1. landsk. höfum talað um.

Það er ekki í sjálfu sér og undir öllum kringumstæðum, að ætlunin í alþýðutryggingarl. sé sú, að það lægju alltaf bætur til foreldra og vandamanna, sem misst hafa uppkomna syni sína í sjóinn eða af slysförum, því að þar með væri nokkuð mikið sagt. En það er svo áberandi misrétti í þessari löggjöf frá því, sem áður var, að það er ekki hægt við það að hlíta, og það er misrétti, sem krefst þess, að það verði endurbætt. Ég tek dæmi, sem gerðist síðastl. sumar, þessu máli til stuðnings, og að vísu í mínu héraði, og sem hv. flm. kannast við, því að það urðu skrif um það á víxl. Ég taldi, að því máli hafi verið alltof illa tekið af tryggingarstofnuninni, sem hv. flm. stendur að. Foreldrar, sem eiga heima í mínu héraði, áttu uppkominn son, sem drukknaði. Foreldrarnir eru nokkuð við aldur, en eiga þó börn í ómegð, og vitaskuld var þessi eini uppkomni sonur, sem á sjónum var, þeirra eina stoð og stytta, þótt ekki geti talizt, að þau séu öryrkjar, en þau hafa ekki ofan af fyrir sér nema með aðstoð. Þegar þessi maður drukknar, lítur tryggingastofnunin á hann sem einhleypan mann og skeytir þessu ekki, en heldur sér við ákvæði l. og telur ekki sannað, að foreldrarnir hafi verið á framfæri þessa sonar síns. Þetta er hróplegt ranglæti og algert réttarrán, frá því sem áður var, og maður skilur ekki vel, hvers vegna þessir hv. þm., sem þykjast vilja styðja að jafnrétti og réttaraukningu alþýðunni til handa, vilja halda slíku við. Ég gerði tilraun til að skýra þessa lagagrein á annan veg og benti tryggingarstjóranum á, að það mætti komast undan þessu ákvæði á ærlegan hátt með því að taka það til greina, sem hlaut að vaka fyrir mönnum, sem báru þetta fram, en því var ekki skeytt. Frv. það, sem ég og fleiri bárum fram, fer fram á, að þetta misrétti sé að fullu bætt og fært í sama horf og áður var, enda má ekki minna vera. Ég veit, að hv. flm. sér þetta nú, þótt honum hafi ekki tekizt í frv. sínu að ráða á þessu bót. Ég vil því skora á hann, þar sem hann á sæti í þeirri n., sem fjallar um málið, að hann taki málið upp á réttan hátt og geri á því fulla bragarbót, ekki aðeins með auknum ákvæðum um, að greiðslan verði svo, að misréttið verði ekki eins hróplegt og verið hefir, heldur færa ákvæðin saman við eða frá, svo að enginn verði réttlaus milli vega.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 34. fundi í Nd., 9. apríl, var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til allshn. með 21 shlj. atkv.

Á 41. fundi í Nd., 17. apríl, var útbýtt nál. frá minni hl. allshn., á þskj. 356, en frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

50. Hegningarlög.

Á 29. fundi í Nd., 2. apríl, var útbýtt:

Frv. til l. um breyting á og viðauka við hin almennu hegningarlög (þmfrv., A. 181).

Á 31. og 32. fundi í Nd., 5. og 7. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 33. fundi í Nd., 8. apríl, var frv. enn tekið til 1. umr.

***Flm. (Bergur Jónsson):** Hér er um að ræða smávægilegar breyt. á hegningarlögunum, aðallega á 81. gr. þeirra.

Aðallega er þetta frv. gert til að samræma l. við hegningarlög annara menningarlanda. Í samræmi við það hefir 81. gr. verið orðuð um, og er hún svo að segja eins og 103. gr. dönsku laganna. Ég get ekki farið að ræða þetta nánar; þetta eru sem sagt smávægilegar og sjálfsagðar breyt., sem ég vona, að allir geti verið sammála um. Ég vil mælast til, að frv. verði vísað til allshn. að lokinni þessari umr.

***Gunnar Thoroddsen:** Ég skal ekki hafa mörg orð um þetta frv. á þessu stigi. Flm. hefir skýrt þær breyt., sem frv. fer fram á og ég er að efni til samþykkur fyrir mitt leyti. Hitt verð ég að játa, að er að sumu leyti óviðkunnanlegt, að hafa þessar breyt. endilega svo að segja orðréttar þýðingar á dönsku l.; mér finnst það bera vott um andlega fátækt. — Ég mun bera fram nokkrar breyt. til viðbótar við 2. umr., sem ég tel aðkallandi. Ég vil þess vegna beina þeirri ósk til hv. allshn., að hún afgr. málið, áður en þing verður rofið, svo að það geti a. m. k. komið til 2. umr., áður en til þess kemur.

Að endingu vil ég svo aðeins segja, að mér finnst það í ósamræmi við það, sem hv. flm. hefir áður sagt og gert, að hann skuli nú koma með þessar smávægilegu breyt. Hann og hv. 1. landsk., sem báðir eiga sæti í n., sem skipuð var til að endurskoða réttarfarslöggjöfina, hafa alltaf haldið því fram, að ekki mætti taka neitt út úr af þeim breyt. til endurbóta, er þyrfti á þessari löggjöf; þær ættu allar að koma samtímis. Í samræmi við þessa skoðun var hér í hv. d. fellt frv. um opinberan ákæranda, og það fært fram sem ástæða, að heildarendurskoðun á réttarfarslöggjöfinni stæði yfir.

***Flm. (Bergur Jónsson):** Ég sé ekki ástæðu til að fara að deila neitt um þetta mál. Ég get sagt 11. landsk., að það er ekki í neinu ósamræmi við mína skoðun á heildarendurskoðun réttarfarslöggjafarinnar, að ég ber fram þetta frv. Þetta eru allt atriði, sem er alveg hægt að breyta án minnstu röskunar á heildarsvip hegningarlaganna, og ég held, að þessar breyt. hljóti allar að vera til bóta. Ég hefi ekkert á móti því, að hv. þm. komi með aðrar breyt. á l., en ef honum finnst nauðsynlegt, að málið gangi fram, áður en þing verður rofið, þá er óheppilegt að gera stórt mál úr þessu.

***Gunnar Thoroddsen:** Ég get tekið það fram, að mér dettur ekki í hug, að þetta mál geti gengið fram, áður en þing verður rofið, hins vildi ég óska, að n. athugaði það og skilaði áliti, til þess að hægt sé að koma fram með brtt. í málinu.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til allshn. með 21 shlj. atkv.

Á 14. fundi í Sþ., 20. apríl, var útbýtt frá Nd. brtt. við frv., á þskj. 411, en nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

51. Alþýðutryggingar (frv. GG og BJ).

Á 30. fundi í Nd., 3. apríl, var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr 26 1. febr. 1936, um alþýðutryggingar (þmfrv., A. 192).

Á 34. fundi í Nd., 9. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 20 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

***Flm. (Gísli Guðmundsson):** Við hv. þm. Barð. höfum leyft okkur að gera till. um breytingar á 11. og 81. gr. l. um alþýðutryggingar. Brtt. við 11. gr. l. lýtur að því, að foreldrar fái bætur fyrir börn sín, er dáið hafa af slysum, þótt þau hafi ekki verið á framfæri hins látna, er slysið vildi til.

Brtt. við 81. gr. lýtur að því, að vöxtum af ellistyrktarsjóði sveitarfélaga skuli úthlutað af viðkomandi sveitarfélagi, og teljist þau ellilaun, sem þannig er úthlutað, hvorki með framlagi lífeyrissjóðs né bæjar- eða sveitarsjóðs.

Ég held, að nokkur vafi hafi ríkt um það, hvernig skilja bæri ákvæði l. um þetta atriði, og hafa ýmsir sýslumenn skilið þetta á ólíka vegu. Vil ég, að þetta sé svo skýrt ákveðið í l., að ekki verði um villzt.

Við flytjum báðar þessar till. í samræmi við ályktun síðasta Framsóknarþings, sem háð var í vor hér í Reykjavík. Á þessu þingi var Framsóknarflokkurinn á einu máli um það, að rétt væri að beita sér fyrir þessum breytingum.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til allshn. með 17 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

52. Húsmæðrakennaraskóli og húsmæðraskóli í Reykjavík.

Á 31. fundi í Nd., 5. apríl, var útbýtt:

Frv. til l. um húsmæðrakennaraskóla Íslands og húsmæðraskóla í Reykjavík eða nágrenni hennar (þmfrv., A. 203).

Á 35. fundi í Nd., 10. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 17 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

***Flm. (Pétur Halldórsson):** Herra forseti! Það stendur svo á um húsmæðrakennslu hér, að fyrir kennslunni er litt séð á Suðvesturlandi og í Reykjavík. Hér í bæ eru að vísu margir skólar, og mætti segja, að ekki væri ástæða til að fjölga þeim. En hér er sérstakt mál á ferðinni, og mætti um það segja, að það, sem að er, sé, að skólarnir í þessari grein hafi ekki nógu hagnýta kennslu. Yrði sérstaklega að sjá kvenþjóðinni fyrir þeirri fræðslu, sem konur þurfa á að halda, er verða húsmæður og mæður barna. Í þessu efni er mikill skortur hér í Reykjavík. Bæjarstj. hefir mjög fundið til þessa og hefir ætlað nokkurt fé fyrir árið 1937 til að bæta úr þessu. Er það gert vegna þess, að ekki hefir enn verið fyrir þessari fræðslu séð af löggjafarvaldinu. En það er skylt, að ríkissjóður taki þátt í þessu, og því er frv. þetta á þskj. 203 borið fram, að ekki er viðunandi skipun gerð um þetta mál fyrr en teknar hafa verið upp þær ráðstafanir, sem það fer fram á. Nú eru til nokkrir húsmæðraskólar hér á landi, en ekki hefir verið séð fyrir því, að kennslukonur í þessari grein geti fengið menntun sína hérlendis. Færi vel á því, að í sambandi við húsmæðraskóla hér í höfuðstaðnum yrði haldið uppi kennslu fyrir kennara húsmæðraefna. Þær þurfa að hafa sérstaka þekkingu á íslenzkum staðháttum, að því er þetta snertir, og er því ekki fullnægjandi, að þær hafi erlenda menntun.

Ég tel víst, að hv. þm. geti fallizt á aðalefni þessa frv., þó að ég telji ekki líkur til, að málinu verði komið fram á þessu þingi. En það er þá komið af stað, og er mikill áhugi fyrir því meðal kvenfólks í Reykjavík, að framkvæmd þess dragist ekki lengi. Menn munu sjálfsagt verða sammála um nauðsyn þessa máls, en hitt er annað mál, hvort það þykir fært að gera þetta að l., þar sem því hlýtur að fylgja nokkur kostnaður.

Að síðustu vil ég óska þess, að frv. verði vísað til 2. umr. og menntmn. þessarar deildar.

Finnur Jónsson: Af hálfu löggjafarvaldsins hefir húsmæðrafræðslunni ekki verið sýndur sá sómi sem skyldi. Fyrir þessu þingi liggur nú annað frv. um húsmæðrafræðslu í sveitum. Ef settur yrði upp skóli hér í Reykjavík, þá væri eftir að sjá um húsmæðrafræðsluna í öðrum kaupstöðum landsins. Ég vil skjóta því til hv. menntmn., hvort ekki væri ástæða til að taka til athugunar, að sett yrði heildarlöggjöf um húsmæðrafræðslu í öðrum kaupstöðum landsins.

Sigurður Einarsson: Það mun ekki þykja vonum meira, að Alþingi geri nú ráðstafanir til að bæta úr ástandi því, sem ríkir hér í Reykjavík og nærliggjandi héruðum um húsmæðrafræðslu. Því verður ekki neitað, að síður hefir verið séð fyrir þessum málum hér í Reykjavík en víða annarsstaðar á landinu. Er því gott að fá nú frv. þetta um fræðslu húsmæðra og húsmæðrakennara. Hinsvegar er margt í þessu frv., sem hv. flm. ættu ekki að taka illa upp, þó að brtt. kæmu við. Ég vil stuttlega geta þess, hvað ég finn frv. til foráttu, og er það þó allt þann veg, að bæta má úr með samkomulagi.

Ég held, að hinn tvöfaldi tilgangur frv., að veita konum verklega og bóklega fræðslu, sé fyllilega réttmætur, og í öðru lagi fagna ég því, að húsmæðrafræðslan fær hér það form, sem nauðsynlegt er, að húsmæðrakennarar hljóti fræðslu sína hér á landi. En þó er ýmislegt í þessu frv., sem er þess eðlis, að það er óþarft eða gæti orðið til að tefja málið, ef það væri látið standa óbreytt. Ég get t. d. ímyndað mér, að til mála geti komið, að mönnum þyki ástæða til að byrja þessa starfsemi, áður en búið er að koma upp skólahúsum og slíku. Í 2. gr. er t. d. ýmislegt, eftir að 1. málsgr. er lokið, sem orðið gæti til að tefja framkvæmdir, vegna þess að gert er ráð fyrir, að skólinn verði reistur fyrst. Að skólinn skuli búinn öllum nauðsynlegum tækjum til kennslunnar o. fl. slíkt, er algert reglugerðaratriði. Sumu í 1. gr. er og sjálfsagt að breyta, eins og þar sem stendur, að skólinn skuli „veita konum þá kunnáttu, sem gerir þær færar um að takast á hendur o. s. frv.“ Það getur verið álitamál, hvar látið skuli staðar numið, ef sagt er, að skólinn **skuli** gera konurnar færar um þá hluti, sem þarna eru taldir. Væri nær að segja, að skólinn eigi að veita þá menntun, sem hæfileg þykir til að gera konur færar um að takast á hendur o. s. frv. Þá segir á einum stað í frv., að stjórnarráðið skuli hafa íhlutun um forstöðu skólans, en á öðrum stað er kennslumrh. falin svipuð íhlutun. Virðist eðlilegra, að þar sem sagt er, að stjórnarráðið skuli skipa eina konu í skólaráð, sé því breytt í kennslumrn. — Þá er 3. gr. nokkuð óljós, þar sem segir, að skólinn skuli hafa umráð yfir 5 ha. af landi, því að þar er ekki tiltekið, hver skuli leggja honum til þetta land. Við síðari umr. mun ég bera fram brtt. við þessa gr., þar sem lagt verður til, að Reykjavíkurbær leggi skólanum til allt að 5 ha. af landi, ef stj. skólans fer þess á leit, til að geta stundað þar þann búskap, sem hún telur ástæðu til.

Það, sem fyrir mér vakir, er tvennt; bæði það, að stofnun slíks skóla hlýtur óhjákvæmilega að verða allmikil útgjöld fyrir ríkið, og sérstaklega að verulegu leyti rekstur hans, þegar hann er kominn á nokkurn rekspöl, og hinsvegar tel ég, að stofnun slíks skóla sé allmikið hagsmuna- og menningarmál fyrir það hérað, sem hlut á að máli, svo að það sé ekki ósanngjarnt að ætlast til, að það sýni, að það meti þessar aðgerðir hins opinbera með því að leggja honum til land. Víða annarsstaðar hafa bæjarstjórnir og bæjarsjóðir lagt land ríkulega til menntastofnana, því að þótt þær séu almennar, þá verða þær alltaf að meira eða minna leyti framar öðru til góðs fyrir þá, sem þær eru settar niður hjá. Akureyri lagði t. d. myndarlega fram land til skólans þar, þegar kom að því, að gera á honum breytingu, og gera hann að menntaskóla.

Fyrir nokkrum árum, þegar talað var í fjvn. um framlög til skóla og annars slíks, þá kom fram hjá mér og fleirum nm. sú skoðun, að það væri einn starfandi skóli hér í Rvík, sem hefði í raun og veru að verulegu leyti lokið hlutverki sínu sem skóli, og það er Kvennaskólinn í Rvík. Þegar Kvennaskólinn var stofnaður, þá hagaði svo til, að konum var ákaflega torvelt að komast í

skóla og njóta almennrar menntunar, hvað þá heldur sérmenntunar, sem fremur mætti kallast kvenleg menntun. Skólinn var stofnaður með það fyrir augum að bæta úr báðum þessum þörfum, og hann hefir alla tíð síðan verið rekinn sem nokkurskonar sambland þessa tvenns. Þar er verulegur hluti af náminu venjulegt gagnfræðaskólanám. Nú er okkur öllum kunnugt, að fjöldi skóla hefir orðið til síðan, sem eru samskólar fyrir pilta og stúlkur, svo sem menntaskólar, gagnfræðaskólar og héraðsskólar, sem stúlkur þær, sem hafa hug á að afla sér almennrar menntunar, sækja ekki síður en aðra skóla. Hinsvegar hefir þetta tvöfalda hlutverk Kvennaskólans gert það að verkum, eins og kemur hér fram, að hann hefir aldrei getað orðið eiginlegur húsmæðraskóli.

Ég geri ráð fyrir, að það mundi ekki verða litið svo á, um leið og gerðar eru viðtækar ráðstafanir til þess að koma fótum undir húsmæðrafræðsluna með stofnun slíks húsmæðraskóla og húsmæðrakennaraskóla, að kreppt sé að möguleikum kvenna til að afla sér almennrar menntunar, þótt Kvennaskólinn í Rvík legðist niður um sama leyti. Ég vildi, að það mál væri tekið sérstaklega til athugunar, því að við hliðina á fullkomnum húsmæðraskóla og húsmæðrakennaraskóla er ekki ástæða til að reka í bænum sérgagnfræðaskóla fyrir konur með þeim skólakosti, sem annars er völ á í bænum. En sá möguleiki, að svo yrði litið á sem Kvennaskólinn hefði í raun og veru lokið hlutverki sínu um leið og húsmæðraskóli yrði stofnaður, gæti orðið til þess, að ef til vill mætti byrja þessa starfsemi með nokkru minni tilkostnaði og nokkru fyrr heldur en ella, ef að einhverju leyti mætti stofna hann á grunni Kvennaskólans, sem hér hefir starfað og starfar enn.

Þetta eru aðeins nokkrar aths. við 1. umr. þessa máls. Ég vil taka það fram, að þær eru bornar fram af velvilja til málsins. Ég álít þetta mál þess eðlis, að það sé algerlega ófært af löggjafarvaldinu að taka ekki vinsamlega á því. Við verðum að líta á það sem hlutverk næstu ára, að sjá til þess, að höfuðstaður landsins og nærliggjandi héruð eigi við sama kost að búa í þessu efni og önnur héruð. Það verður aldrei ofsögum sagt, sem segir í grg. þessa frv., að praktísk menntun kvenna í þeim störfum, sem verða aðalstörf þeirra í lífinu, er svo stórkostlegt, þjóðhagslegt og menningarlegt atriði, að því er allur gaumur gefandi, að gera þar sitt ýtrasta.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til menntmn. með 18 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

53. Jarðhiti.

Á 32. fundi í Nd., 7. apríl, var útbýtt:
Frv. til l. um eignar- og notkunarrétt jarðhita (þmfrv., A. 205).

Á 35. fundi í Nd., 10. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 18 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.
Enginn tók til máls.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 37. fundi í Nd., 13. apríl, var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til allshn. með 21 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

54. Fasteignaskattur.

Á 9. fundi í Sþ., 6. apríl, var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um breyt. á og viðauka við l. nr. 66 27. júní 1921, um fasteignaskatt (þmfrv., A. 206).

Á 36. fundi í Nd., 12. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 17 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

***Flm. (Hannes Jónsson):** Aðeins örfá orð. Ég hefi borið þetta frv. fram á undanförnum þingum, en málið hefir ekki verið afgr. Síðan hafa verið flutt frv. um tekjuöflun sveitar- og bæjarfélaga. Nú hefi ég heyrt, að hvorugt þessara frv. muni ná fram að ganga á þessu þingi. Þessi frv. liggja nú sitt fyrir hvorri deild. Þykir mér því ekki vonlaust um, að hv. þm. geti sameinað sig um að vilja þó eitthvað starfa til viðreisnar fyrir sveitarfélögin, þó í smáum stíl sé. Hér er um smáupphæð að ræða, sem farið er fram á að komi sýslusjóðum til tekna, en tiltekið, að hækka megi þá upphæð um helming.

Ég ætla ekki að fjölyrða um málið, en vænti þess, að hv. þd. fáist til að samþ. frv. sem spor í áttina til að leysa vandamál, sem tafizt hefir fyrir Alþ. að leysa. Þessi úrlausn á málinu getur ekki talizt nema rétt aðeins byrjunarlausn. En ég hygg, að það mundi þó flýta fyrir því, að greiðari lausn fengist á málinu á næstu þingum, ef þetta spor væri stigið nú. Vil ég svo mælast til þess, að frv. verði að umr. lokinni vísað til allshn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til fjhn. með 19 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

55. Þurrmjólk í brauð o. fl.

Á 9. fundi í Sþ., 6. apríl, var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til þess að fyrirskipa blöndun á þurrmjólk í brauð í brauðgerðarhúsum og til þess að ákveða hámarksverð á brauði og þurrmjólk (þmfrv., A. 217).

Á 34. og 35. fundi í Nd., 9. og 10. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 37. fundi í Nd., 13. apríl, var frv. enn tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 23 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

***Flm. (Emil Jónsson):** Hæstv. forseti hefir farið þess á leit við mig, að ég eyddi ekki löngum tíma til þess að tala um þetta mál, frá öðrum málum, sem liggja fyrir þessari hv. d., og er sjálfsagt að verða við því. Enda er það hægt, af því að ýtarleg grg. fylgir frv. og grein eftir dr. Jón E. Vestdal.

Tilgangur frv. er tvennskonar. Annarsvegar sá, að auka hollustuhætti í mataræði almennings, — því að sá matur, sem almenningur neytir mest, eru brauðin, — með því að gefa ráðuneytinu heimild til þess að ákveða með reglugerð, að allt brauð, sem selt er í brauðgerðarhúsum, skuli vera skylt að blanda þurrmjólk, er framleidd sé innanlands, og að landbrh. megi ákveða, að þurrmjólkin nemi allt að 1/10 hluta af þyngd þurrefnis brauðsins. Þetta er sérstaklega nauðsynlegt vegna þess, að margir í kaupstöðum landsins, og enda víðar, lifa við svo einhæfan kost, að þeir bíða tjón í mataræðinu, ef í fæðuna vantar ýmis þau efni, sem heilsunni eru nauðsynleg, eins og mineralefni eða steinefni. Úr þessu yrði bætt að verulegu leyti, af þessi íblöndun mjólkur í brauð væri höfð, sem hér ræðir um, og það jafnvel þótt hún væri ekki í eins stórum stíl og í frv. er gert ráð fyrir. En það er 1/10 hluti af þurrefni brauðsins, eins og ég hefi sagt, sem sett er sem hámark. Þetta hámark er miðað við það, að bakarameistarar, sem þetta hefir verið borið undir, segja, að meira af þessu efni sé ekki hægt að setja í brauðin án þess að verð þeirra þurfi að hækka. Liggur það a. n. l. í því, að þeir blanda í sumar brauðtegundir mjólk nú, og a. n. l. í því, að spara mætti sykur og önnur efni í brauðin, með því að nota þetta efni í þau. Hin ástæðan er ekki veigaminni, að með þessu móti mætti fá markað fyrir mikið af mjólk, sem erfitt yrði að fá markað fyrir annarsstaðar. Ef blandað væri í helming alls rúgs, sem fluttur er inn, 1% af undanrennudufti og í helming alls innflutts hveitis 5% af undanrennudufti, þyrfti til þess, eftir öllum líkindum að dæma, undanrennu úr 2,2 millj. lítrum nýmjólkur á ári. Og það er ákaflega mikið mjólkurmagn, eins og sjá má af því, að bera þetta saman við þann markað, sem er fyrir mjólk hér í Rvík.

Þetta tvennt, að auka hollustu í mataræði og auka að miklum mun markað fyrir mjólk, er höfuðtilgangur frv.

Að endingu skal ég taka það fram, að ég er fús til samvinnu um breyt. á frv., ef þurfa þætti og nauðsynlegt væri til þess að málið næði fram að ganga, þannig að frv. gæti verið grundvöllur undir lagasetning um þetta efni.

Legg ég svo til, að frv. verði, að umr. lokinni, vísað til landbn. og vil mega vænta þess, að sú hv. n. taki það fljótt til rækilegrar meðferðar og afgr. það greiðlega.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til landbn. með 19 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

56. Friðun hreindýra (frv. HannJ).

Á 9. fundi í Sþ., 6. apríl, var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um friðun hreindýra (þmfrv., A. 218).

Á 34. fundi í Nd., 9. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 17 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

***Flm. (Hannes Jónsson):** Í vikublaðinu Framsókn, 9. tölublaði þessa árs, birtist grein eftir Benedikt Gíslason frá Hofteigi um hreindýr. Hann benti þar á, að þau væru nú mjög til þurrðar gengin í landinu og mundu nú ekki vera fleiri en 40 alls, sem héldu sig í Kringilsárrana. Hann benti þar á það, að friðun þessara dýra hefði fallið niður í árslok 1935, en þessu mun ekki hafa verið veitt eftirtekt af þinginu fyrr en nú, að frv. eru komin fram um þetta efni.

Ég skal nú með fáum orðum lýsa nokkuð, hvernig ástatt er um þetta mál og hvernig gangur þess hefir verið á undanförnum árum.

Það mun hafa verið 1771—1787, að hreindýr voru flutt inn til landsins í fjórum hópum. Fyrsta sendingin kom til landsins 1771. Það voru 3 dýr, sem voru flutt til Rangárvallasýslu, og eftir 5 ár voru þau talin vera um 11. En litlar sögur fóru af þessum dýrum, og er talið, að þau hafi farizt öll í Móðuharðindunum, eða a. m. k. um það leyti.

Næsta hreindýrasendingin kemur 1776 og voru alls um 30 dýr send, en komust ekki hingað nema 23, og var þeim sleppt á land á Hvaleyri við Hafnarfjörð. Héldust þau við á Reykjanesi nokkuð langt tímabil á eftir. Um 1880 er talið, að stofninn hafi verið orðinn talsvert mikill, og er getið um, að sézt hafi 35 dýr í hóp. Þau lifðu af Móðuharðindin, og er talið, að þau hafi a. m. k. lifað fram yfir 1880—81 og allt fram að síð-

ustu aldamótum. En þau munu hafa fallið mjög mikið harða veturinn, 1880—81, og munu þau hafa dáið alveg út um síðustu aldamót. Ég skal geta þess, að talið er, að 1890 hafi sézt 15—20 dýr á þessum slóðum.

1783 kemur enn hópur til landsins. Er það hinn svonefndi Vaðlaheiðarstofn. Ég veit ekki, hvað mörg dýr hafa þar verið sett í land, en þessi stofn dafnaði vel á þessum slóðum. Aðalbækistöð þessara dýra var vestan Ódáðahrauns og afréttir Þingeyjarsýslu og Eyjafjarðar, og döfnuðu þau það vel, að eftir 7 ár er talið, að þau hafi verið orðin 300—400 á þessum slóðum.

Um 1790, þegar dýrastofninn er orðinn svona mikill, þá er leyft að skjóta tarfa, og þrátt fyrir að það mun hafa verið gert nokkuð á þessu tímabili, heldur stofninn áfram að fjölga, svo að 1817 er leyft að skjóta kýr. Þessu heldur áfram fram um miðja 19. öld, að dýrunum fjölgar þrátt fyrir þetta veiðileyfi, og þá eru þau orðin svo mörg, að það er talað um ágang af þeim í beitilöndum bænda, og voru þau þá um tíma algerlega ófriðuð.

Fjórði og síðasti hreindýrastofninn, sem hingað var fluttur, kom hingað árið 1787, og var honum sleppt í Múlasýslu. Það voru 30 dýr, og lífsskilyrði þeirra þarna austur frá virðast hafa verið góð, ekki síður en hinna, sem sleppt var í Eyjafirði. Bækistöðvar þeirra voru frá Hofsjökli eystra og Þrándarjökli, norður að byggðum Norður-Múla- og Norður-Þingeyjarsýslna og vestur að Ódáðarhrauni. Þessi stofn þreifst svo vel, að 1810 er talið, að dýrin hafi sézt 500 til 600 í hóp saman. Það kom fljótt fram þarna eins og í Eyjafirði, að dýrin þóttu valda ágangi, og var á svipaðan hátt hagað friðun þeirra. Eftir 7 ár var farið að leyfa að skjóta tarfa, og nokkru seinna var leyft að skjóta kýrnar líka. Þrátt fyrir þessa ófriðun, sem að vísu var takmörkuð, hefir þó stofninn haldið áfram að vaxa fram um miðja öldina.

Eins og ég er að nokkru leyti búinn að taka fram, var friðun hreindýranna hagað þannig, að árið 1790 leyfði stjórnin að skjóta tarfa, 3 ára og eldri, í Eyjafirði. Árið 1794 var veitt tilsvarandi leyfi fyrir Þingeyjar- og Múlasýslur og árið 1798 var þetta leyfi fært út yfir allt landið. Árið 1817 var leyft að skjóta bæði tarfana og kýrnar, en yngri dýr en ársgömul voru þó friðuð áfram. Þrátt fyrir þetta dráp fullorðnu dýranna hélt þó stofninn enn áfram að vaxa þangað til 1854, að leitt var í lög, að dýrin skyldu vera með öllu ófriðuð, sökum kvartana, sem höfðu borizt frá bændum um ágang þeirra. Árið 1882 var svo aftur farið að hugsa til að friða hreindýrin, og var þá friðunin bundin við tímann frá 1. janúar til 1. ágúst. Árið 1902 voru dýrin alfriðuð, og var sú friðun framlengd þangað til í árslok 1935.

Það, sem sjá má af þessari sögu hreindýranna hér á landi, er það, að fyrstu árin eftir að þau voru flutt hingið fjölgaði þeim mjög ört. Og fjölgunin hélt áfram, þó leyft væri að skjóta tarfana, og jafnvel þó eitthvað væri drepið af kúm líka. Þetta bendir til, að til þess hjörðin haldist vel við þurfi að halda hæfilegu hlutfalli á milli tölu tarfanna og kúnna. Það er líka vitanlegt, að ef tarfarnir verða hlutfallslega of margir, þá valda þeir svo miklum ófrið í hjörðinni, að það getur haft áhrif í þá átt að fækka dýrunum. Þegar alfriðun kemst á, sýnist hreindýrunum fara að fækka, þangað til svo er komið, að nú er ekki vitað um, að til séu nema eitthvað 40 dýr. Það eru vitanlega engar skýrslur til um, hvað hreindýrastofninn er stór nú, en allar líkur benda til, að hann sé mjög genginn til þurrðar. Náttúrlega geta hér fleiri ástæður komið til greina heldur en friðunarráðstafanir. M. a. getur maður hugsað sér, að beitilöndin hafi versnað af því dýrastofninn hafi orðið of stór. En ég hygg, að aðalástæðan liggi í þessu, að tarfarnir hafi orðið of margir í hlutfalli við kýrnar. En einmitt samkv. þessari niðurstöðu, sem reynslan virðist benda á, hefi ég hagað mínu frv. eins og sjá má á þskj. 280. Ég hefi hér farið mjög eftir þeim till., sem þm. N.-M. flutti á þingi 1927, þegar þetta mál var til meðferðar. Ég geri ráð fyrir, að þó e. t. v. ýmislegt bendi til þess, þá sé þó ekki svo algert áhugaleysi orðið um ræktun hreindýra hér á landi, að öllum sé sama, hvernig fer um þennan litla dýrastofn, sem eftir er. Það var vitanlega hugmynd manna í fyrstu, að hreindýrin yrðu nytjadýr hér á svipaðan hátt og í heimalöndum þeirra, en þó menn séu búnir að tapa trúnni á þannig lagaða ræktun þeirra og hér verði því aðeins um villta framleiðslu að ræða, þá má gera ráð fyrir, að mikil not mætti af henni hafa, ef skynsamlega er að farið og hæfilegt dráp leyft. Það þarf ekki að taka það fram, að kjöt þessara dýra er mjög gott, og þó við séum ekki yfirleitt í vandræðum með kjöt til manneldis, þá gæti orðið gott á vissum stöðum, þar sem refarækt er að komast á, en lítið er um heppilegt og ódýrt kjöt til refaeldis, að grípa til hreindýrakjötsins sem fóðurbætis. Eins og menn vita, er kýrkjöt ekki eins gott til refaeldis eins og t. d. hrossakjöt. En þar sem mjólkurframleiðsla er mikil og mikið fellst því til af kýrkjöti, sem lítt er til manneldis fallið, en hinsvegar dýrt að ala hross til refafóðurs, mundi mega bæta kýrkjötið upp með hreindýrakjötinu. Mér sýnist, að á þessu árabili, sem hreindýrin hafa verið hér á landi, hafi furðu lítið verið gert til þess að fylgjast með lífnaðarháttum þeirra. Það tel ég, að væri þó mjög nauðsynlegt, og gera þyrfti víðtækar tilraunir með, hvernig hægt er að láta hreindýrahjarðir þrífast bezt hér á landi. Vitanlega þurfa þau öðruvísi beitarland heldur en t. d. sauðfé; þau þurfa helzt fjallagrös og skógvið. Á þeim stöðum, þar sem slíkur gróður vex, tel ég líklegt, að hreindýrarækt gæti komið að miklum notum, með skynsamlegri friðun og hæfilegri veiði.

Ég skal svo ekki hafa þessi orð miklu fleiri. Hér er komið fram frv. um algerða friðun hreindýra, en ég vænti þess, að hv. landbn., sem væntanlega fær þetta mál til meðferðar, athugi það vandlega áður en hún hverfur frá mínum till., að hin blinda friðun, ef svo má að orði kveða, á undanförnum árum, sýnist ekki hafa náð tilgangi sínum. Hér þarf frekari ræktun að eiga sér stað en verið hefir; það tjáir ekki að láta náttúruna eina í þessu efni. Ef hreindýrin ættu ekki meiri framtíð fyrir sér en það hér á landi, að stofninn geti ekki vaxið meira en raun hefir á orðið, þá væri að vísu ekki mikil ástæða til að gera sér-

stakar ráðstafanir til þess að halda þeim við. En ég hefi trú á, að víða hér á landi gæti ræktun hreindýra komið að miklum notum, ef rétt er á haldið.

*Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Ég hefi flutt hér í d. frv. um algerða friðun hreindýra. Hv. þm. V.-Húnv. hefir borið fram annað frv., sem nú er hér til umr. og í tveimur atriðum er frábrugðið mínu frv. Annað er það, að það skuli skipaður sérstakur umsjónarmaður til þess að hafa eftirlit með hreindýrastofninum, kynna sér, hvað dýrin eru mörg og hvaða ráðstafanir eru líklegastar til þess að þau þrífist betur en að undanförnu. Ég álít, að þetta atriði í frv. hv. þm. geti verið til bóta og vil beina því til hv. landbn., hvort hún vill ekki taka það upp í mitt frv., ef hún fellst á að leggja það til grundvallar við afgreiðslu þessa máls. Ég er hv. þm. V.-Húnv. sammála um, að friðun hreindýranna hefir verið of lítill gaumur gefinn og það gæti vel verið athugandi að láta sérstakan mann fylgjast með og gera skýrslur um stærð og ástand dýrastofnsins og tillögur um meðferð hans.

Hitt atriðið er það, að hv. þm. V.-Húnv. vill leyfa að skjóta tarfana á tímabilinu frá 1. ágúst til 15 september. Helzta röksemdin, sem ég heyrði hv. þm. bera fram fyrir þessu var sú, að hentugt væri að afla á þennan hátt kjöts til refaeldis. Ég tók svo eftir, að hv. þm. teldi dýrastofninn ekki vera orðinn nema ca. 40 dýr, og nálgast sú skoðun það, sem ég hefi heyrt um þetta atriði. Þegar stofninn er orðinn svona lítill, finnst mér ekki koma til mála að leyfa neina veiði, a. m. k. fyrst um sinn. Ég tel sjálfsagt að friða hreindýrin alveg um skeið, en vil gjarnan taka upp tillögu hv. þm. um eftirlitsmann og fá svo frá honum skýrslu um vöxt stofnsins og tillögur um, hvenær réttmætt kann að vera að leyfa einhverja veiði. Ég álít, að ef nokkur veiði er leyfð á annað borð, þá verði erfiðara á allan hátt að líta eftir því, að friðunarákvæðunum sé hlýtt, enda sé ég enga ástæðu til að leyfa veiði; menn hafa nóga aðra möguleika til þess að fá kjöt handa refum heldur en að skjóta þá fáu hreintarfa, sem enn kunna að vera til.

Ég vil benda á það eins og hv. þm. V.-Húnv., að nauðsynlegt er, að þetta mál fái einhverja afgreiðslu á þessu þingi. Vil ég beina því til hv. n., að hún reyni að koma sér niður á eitthvert samkomulag sem fyrst. Þó ég vænti þess, að hv. n. haldi sér við till. mína um algerða friðun, vil ég ekki gera út af því þann ágreining, að það tefji framgang málsins.

Páll Zóphóníasson: Það kom eitt fram í ræðu hv. flm., sem mér finnst ég verða að leiðrétta strax, þó málið komi væntanlega til þeirrar n., sem ég á sæti í. Hann talaði um það, og hæstv. fjmrh. tók það upp eftir honum, að ekki mundu vera til nema um 40 hreindýr á landinu nú. Það er náttúrlega erfitt að segja nokkuð ákveðið um þetta efni. Ég hefi spurt menn úr þeim sveitum, sem liggja að afréttinni, þar sem hreindýrin halda sig, en hún er svo víðtæk, að það tekur 8 daga að smala hana til réttar. Þeir segjast sjá marga hreindýrahópa; sumir gizka á, að dýrin séu nokkur hundruð, sumir jafnvel nokkur þúsund. Hvað sem rétt er í þessu, þá er a. m. k. fjarstæða að vera að tala um ein 40 dýr. Ástæðan til þess, að e. t. v. hefir sézt minna af dýrunum tvö síðustu árin getur verið sú, að tvær ár, sem falla austan úr hálendinu, niður í Jökulsá að vestan, runnu saman í eina á, sem Kringilsá er kölluð. Við það varð hún ófær. Í afréttarland það, sem þarna króaðist of — Kringilsárrananн— og Jökuldælir höfðu áður smalað, hefir enginn komið síðan, nema menn, sem fóru á ís þangað í vetur til að sækja sauðkindur, sem sézt höfðu yfir ána. Þegar þessi breyting varð, króaðist þarna af hópur af hreindýrum, sem fara framhjá gangnamönnum á haustin, nema ef þeir sjá þau yfir ána. Það má vel vera, að hv. þm. V.-Húnv. hafi heyrt frá einhverjum, sem verið hefir í réttunum síðustu ár og ekki séð eins mikið af hreindýrum og áður, af því þessi dýr hafa farið framhjá þeim.

Ég vildi leiðrétta þetta strax, og í öðru lagi vil ég benda á, að það mundi, held ég, verða erfitt að koma við veiðitúrum og eftirliti með þeim, eins og hv. þm. hugsar sér. Ég held, að hann geri sér ekki grein fyrir, um hvaða vegalengdir er að ræða á þessum slóðum. Ef farið er inn í öræfin upp undir Snæfell, er það meir en viku ferðalag. Í slíkt ferðalag mundu menn varla leggja til þess að skjóta einn eða tvo hreintarfa. En ef það væri gert, yrði víst eftirlitsmaðurinn að vera með í hverjum túr til þess að gá að, hvort menn skjóta ekki kýr eða kálfa, eftir till. hv. þm.

*Flm. (Hannes Jónsson): Ég get þakkað hæstv. fjmrh. undirtektir hans, a. m. k. við aðalatriði þessa máls. Vonast ég til, að samkomulag geti orðið um að fá afgr. ákvæði í þá átt, sem ég legg hér til. Það, sem fram kemur í þessum umr., bendir einmitt til, að nauðsynlegt sé að fylgjast betur með viðgangi hreindýrastofnsins heldur en gert hefir verið. Bæði ég og hæstv. fjmrh. höfum heyrt, að hreindýrin séu ekki orðin nema um hálft hundrað, og má nokkuð á milli vera, ef þau, eins og hv. 2. þm. N.-M. heldur fram, skipta jafnvel þúsundum. Þetta sýnir, hvað nauðalitið menn fylgjast með viðgangi þessara dýra. Ég er að vísu ekki kunnugur vegalengdum þarna eystra, en það getur á engan hátt talizt ókleift að fara um hálendið og veita eftirtekt lífnaðarháttum dýranna og fylgjast með, hvernig ástatt er um stærð stofnsins.

Hæstv. ráðh. vil ég segja það, að þó ekki væri um að ræða nema 40 dýr, gæti verið fullkomin ástæða til að lóga nokkrum törfum. Ef helmingur stofnsins eða meira er tarfar, getur það verið óheppilegt fyrir viðgang hjarðarinnar, eins og ég veit, að hæstv. ráðh. skilur, þó ég fari ekki út í það frekar. Sé stofninn eins stór og hv. 2. þm. N.-M. álítur, getur verið mikil ástæða til að leyfa að skjóta tarfana. Þeir þurfa ekki að vera nema í mesta lagi 20% af hjörðinni, en miklar líkur eru til, að þegar allt elst upp, sem lifað getur, þá verði þeir fleiri en kýrnar, því þeir ættu að vera betur gengnir undan og síður hætt við slysförum og öðrum áföllum á vorin. Ég held, að ef þetta er allt athugað til hlítar, þá komist menn

að þeirri niðurstöðu fyrr eða seinna, að fara beri þá leið, sem ég hefi bent á. Því skiptir mestu máli, að eftirlitsstarfið sé sett á stofn. Ég vil bæta því við, að í sambandi við dráp tarfanna lagði ég ekki aðaláherzluna á það, að með því væri hægt að útvega refafóður. Ég talaði um það sem framtíðarmöguleika, að e. t. v. mætti auka hreindýraræktina með þetta fyrir augum.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og landbn. með 19 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

57. Verkamannabústaðir.

Á 33. fundi í Nd., 8. apríl, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 3 1935, um verkamannabústaði (þmfrv., A. 238).

Á 35. og 38. fundi í Nd., 10. og 14. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

58. Hæstiréttur.

Á 34. fundi í Nd., 9. apríl, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 112 18. maí 1935, um hæstarétt (þmfrv., A. 251).

Á 38 fundi í Nd., 14. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

59. Sala Grísartungu.

Á 34. fundi í Nd., 9. apríl, var útbýtt:
Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til að selja jörðina Grísatungu í Stafholtstungnahreppi (þmfrv., A. 255).

Á 36. fundi í Nd., 12. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 17 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

*Bjarni Ásgeirsson: Hv. flm. frv. eru hvorugur viðstaddur. Ég ætla þó ekki að tala um málið sem flutningsmaður. Ég mun leggja til, að það fari til n. En ég ætlaði aðeins að lýsa afstöðu minni til þess, sem er í fám orðum þessi, að ég álít, að frv. hafi þann rétt á sér, bæði af því, að landfræðilega séð liggur þetta Grísartunguland þannig, að eðlilegast væri, að Borgarhreppur fengi það til eignar og umráða, og einnig af því, að það er afskekkt og lítil líkindi til, að þetta býli verði byggt til lengdar. En svo stendur á, að Eystritungur vantar mjög upprekstrarland. Og það er mikil ásókn frá þeim líka um að eignast þetta land. Nú tel ég, að unnt verði að útvega Stafholtstungum afréttarland annarsstaðar, og að því beri að stefna. Þegar það er fengið, álít ég sjálfsagt, að Borghreppingar fái þetta land, sem hér er um að ræða. En meðan þetta mál er óleyst að því er Stafholtstungur snertir, mun ég leggja til, að þetta frv. verði ekki afgreitt. Ég tel víst, að í framtíðinni beri að stefna að því, að Borghreppingar fái þetta land til eignar og umráða. Það verður að gæta þess, að hagsmunir þeirra aðilja annara, sem svipaðan rétt hafa í þessu efni, séu ekki fyrir borð bornir.
Annars legg ég til, að frv. verði vísað til n.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til landbn. með 15:4 atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

60. Byggingarsjóðir í sveitum.

Á 35. fundi í Nd., 10. apríl, var útbýtt:
Frv. til l. um heimild fyrir hreppsfélög til þess að stofna byggingarsjóði í sveitum (þmfrv., A. 261).

Á 38. fundi í Nd., 14. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

61. Áfengislög.

Á 43. fundi í Nd., 19. apríl, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á áfengislögum, nr. 33 9. jan. 1935 (þmfrv., A. 382).

Frv. var aldrei tekið á dagskrá.

62. Ríkisframfærsla sjúkra manna og örkumla.

Á 6. fundi í Ed., 20. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 78 23. júní 1936, um ríkisframfærslu sjúkra manna og örkumla (þmfrv, A. 27).

Á 11. fundi í Ed., 27. febr., var frv. tekið til 1. umr,

Flm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Ég ætla að leyfa mér að fylgja frv. þessu úr hlaði með fáum orðum.

Á síðasta þingi voru samþ. l. um ríkisframfærslu sjúkra manna og örkumla. Það hefir komið í ljós, að við framkvæmd þeirra laga *muni* allmikil og þungbær gjöld leggjast á sveitir og bæjarsjóði. Hafa því mörg þeirra nú þegar kvartað undan álögum þeim, sem á þau leggjast vegna laga þessara, og telja, að þær muni verða þeim óbærilegar, enda þótt þau eigi ekki að greiða nema ⅕ hluta af kostn. við framfærslu sjúklinganna. Í kjördæmi mínu voru því samþ. einróma áskoranir um það, að þetta væri lagfært, a. m. k. á þá leið, að berklasjúklingar nytu þó alltaf sama styrks úr ríkissjóði og áður. Vegna þessara áskorana hefi ég því flutt frv. þetta, ásamt hv. þm. N.-Ísf.

Það hefir verið álitið hingað til, að berklaveikin væri sá sjúkdómur, sem þyrfti alveg að taka sérstökum tökum, og hefir um nokkurt skeið verið beitt slíkri aðferð gegn þeim sjúkdóm og beitt er jafnan gegn næmum farsóttum, að sóttvarnir hafa beinlínis verið fyrirskipaðar gegn honum og ríkið látið taka á sig stórar byrðar til þess að reyna að koma í veg fyrir útbreiðslu hans. Eins og kunnugt er, var sýslunum fyrst ætlað að taka á sig nokkurn hluta af framfærslukostnaði berklasjúklinga sinna, en síðar var þessu ákvæði breytt þannig, að þeim var gert að greiða 2 kr. á hvern sýslubúa, upp í berklavarnakostnaðinn. Eftir lögunum frá í fyrra verður aftur sú breyting á þessu, að nú verða þeir sjúklingar, sem styrk þurfa, að kljást við hreppsnefndirnar. Þeir eru með lögunum beinlínis gerðir að þurfalingum, a. m. k. virðist mér það. Getur jafnvel svo farið, að hrepparnir verði að leggja hverjum einstökum styrkþega *400—500* kr. árl., en með því verða þeir allmjög háðir eftirliti sveitarfélags síns, en slíkt eftirlit getur haft ýmsa örðugleika í för með sér, bæði fyrir sjúklinginn og hlutaðeigandi sveitarfélag. Verður það að teljast mjög óheppilegt.

Þá leiðir það og af þessari breytingu á lögunum, að berklavarnagjaldið kemur mjög misjafnt niður á hreppunum. Sumir þurfa jafnvel ekkert að greiða, en aðrir, sem hafa kannske 3—4 sjúklinga, þurfa að greiða svo þúsundum skiptir, sem mörgum þeirra getur orðið alveg um megn. Ég fæ því ekki annað séð en að þeir hreppar, sem þungt verða úti í þessu efni, verði að fá einhverja hjálp eða nýja tekjustofna. Verði lögum þessum breytt, þá getur svo farið, að sumir hreppar komist í hreint og beint fjárhagslegt öngþveiti. Reynslan mun verða sú, eins og jafnan vill verða, að skilamennirnir borga, en hinir sleppa, sem láta reka á reiðanum um greiðslur sínar. Að endingu vil ég svo óska þess, að frv. þessu verði vísað til allshn. að umr. lokinni, og hún mun að sjálfsögðu lagfæra það, ef með þarf.

***Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson):** Ég mun að sjálfsögðu ekkert hafa á móti því, að mál þetta fái að ganga til n. og verði athugað þar. Hinsvegar get ég sagt það strax, að ég mun greiða atkv. gegn því, að það nái fram að ganga. Mér finnst það nefnilega óhæft bráðlæti, ef nú þegar ætti að fara að breyta lögum þeim, sem hér ræðir um.

Á síðasta þingi var berklavarnagjaldinu breytt þannig, að tveggja króna nefskatturinn var *felldur niður, en héruðunum* í þess stað gert að greiða ⅓ hluta af framfærslukostnaði sjúklinga sinna, og mun láta nærri, að um sömu upphæð verði að ræða fyrir héruðin í báðum tilfellunum. Nú hefir berklavarnakostnaðurinn, eins og kunnugt er, lækkað nokkuð hin síðari árin, og kemur það þá sveitunum til góða skv. breytingunni frá í fyrra. Að sjálfsögðu var það öllum ljóst í fyrra, að *vegna þessarar breytingar á berklavarnalögunum*, myndi kostnaðurinn koma nokkru misjafnara niður en áður, en til þess að draga úr því, var samtímis gerð veruleg breyting á fátækralögunum, sem fór í þá átt, að gera jöfnuð fátækraframfærslunnar á milli sveitarfélaganna fyllri en áður. Jafnast því kostnaður sá, sem lendir á hinum einstöku sveitarfélögum vegna *berklasjúklinga þeirra, nokkuð með jöfnunarfé* ríkissjóðs. Annars hygg ég, að sveitirnar verði yfirleitt betur úti vegna þessarar breytingar á berklavarnalögunum en kaupstaðirnir, sem verða skv. sjúkratryggingarlögunum að sjá um berklasjúklinga sína.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til allshn. með 9 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

63. Bændaskólar (frv. ÞBr.).

Á 3. fundi í Sþ., 23. febr., var útbýtt frá Ed.:

Frv. til l. um breyt. á l. um bændaskóla, nr. 51 19. maí 1930 (þmfrv., A. 35).

Á 12. fundi í Ed., 2. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Þorsteinn Briem): Það er undirstaða allra framfara í búnaði og trygging fyrir því, að nýjar framkvæmdir komi að notum, að menn eigi kost á nægilegum leiðbeiningum um framkvæmd framfarafyrirtækja. Búnaðarfél. Íslands og búnaðarsamböndin hafa því undanfarið reynt að vanda til slíkra leiðbeininga eftir mætti. En jafnframt því, að búnaðarsamböndunum hefir fjölgað mjög og þau fært út verksvið sitt, hefir orðið tilfinnanlegur skortur á mönnum með nægilegri menntun til þess að taka að sér þessi störf.

Fyrir þremur árum var bent á þessa nauðsyn á búnaðarþingi. Þá var gerð á þingi ályktun þess efnis, að Alþingi athugi möguleika um framhaldsnám í búfræði. Þessu máli hefir verið haldið vakandi síðan. Á búnaðarþingi 1935 var gerð samþykkt í því formi, að mæla með frv., er lá fyrir því þingi og var hér um bil samhljóða því frv., sem ég flyt nú hér.

Þörf á aukinni búnaðarmenntun fer sívaxandi með breyttum búnaðarháttum. Hingað til hafa þeir menn, sem viljað hafa fullnægja þessari þörf, orðið að leita til erlendra búnaðarháskóla. En slíkt nám er fyrst og fremst allt of dýrt í hlutfalli við kjör þeirra, er það stunda, og auk þess kemur það ekki að fullum notum, þar sem það er miðað við erlenda staðhætti, sem eru frábrugðnir vorum. En innlend þekking hefir einmitt aukizt mjög hin síðari ár fyrir rannsóknir og tilraunir, og áríðandi, að hún komi bændum landsins að notum.

Þetta frv. er borið fram með þessa nauðsyn fyrir augum: að þörf búnaðarsambandanna fyrir menntaða leiðbeinendur verði fullnægt og innlend reynsla megi koma að sem fyllstum notum í starfi Bf. Ísl. og búnaðarsambandanna.

Því er full þörf á því að bæta við verklegu námi í búnaðarskólunum og gefa mönnum kost á að kynnast vinnbrögðum og nýjungum á fyrirmyndarbúum, og að stofnað verði til framhaldsnáms við annanhvorn búnaðarskólann. Vegna þess að þetta mál hefir verið rætt talsvert hér áður, þótt það hafi ekki hlotið afgreiðslu, þar sem það hefir aldrei orðið útrætt, mun ég ekki fara nánar út í það nú. En ég vil enn minna á það, að búnaðarþing hefir hvað eftir annað ítrekað þá ósk, að bætt verði úr þessari brýnu þörf í samræmi við ákvæði frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til landbn. með 11 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

64. Drykkjumannahæli.

Á 11. fundi í Ed., 27. febr., var útbýtt:

Frv. til l. um drykkjumannahæli (þmfrv., A. 44).

Á 13. fundi í Ed., 3. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. Guðrún Lárusdóttir): Herra forseti! Ég þarf ekki að orðlengja um þetta frv. Það er kunnugt hér í hv. d. Það hefir legið hér fyrir áður og því fylgir ýtarleg grg. til viðbótar þeirri vitneskju, sem ég hygg, að flestir hafi af því ástandi, sem nú er orðið með þjóð vorri í þessu efni. Ég lít á þetta sem einskonar björgunarráðstöfun, og sé litið til þess árangurs, sem orðið hefir af samskonar björgunaráðstöfunum hjá öðrum þjóðum, t. d. Dönum, þá finnst mér ekki óaðgengilegt að reyna að feta sömu braut með íslenzka drykkjumenn.

Ég hygg, að þetta frv. hafi tvennskonar þýðingu. Í fyrsta lagi þau beinu áhrif, sem það kemur til með að hafa á einstaka mann, sem ráðstafað verður á slíkt hæli, og í öðru lagi þau óbeinu áhrif til viðvörunar, sem það kann að hafa á aðra, sem máske ekki eru enn sem komið er illa farnir sökum vínhneigðar.

Frv. er að mestu leyti sniðið eftir samskonar löggjöf hjá Dönum, en þess er að gæta, að drykkjumannahæli Dana eru flest stofnuð af einstökum mönnum og félögum, en þrátt fyrir það hafa Danir orðið að setja í fátækralöggjöf sína ákvæði um meðferð drykkjumanna á þessum hælum. — Ég hygg, að enginn neiti því, að þörf sé fyrir þessa starfsemi, því að við stöndum hér andspænis erfiðleikum, sem okkur er skylt að leysa. Hvort þetta frv. er leið til þess að leysa málið, skal ég ekki segja, en ég vona, að það sé þó spor í rétta átt, ef frv. verður athugað af mönnum, sem með sannsýni vilja taka á málinu, og ef það fær góða meðferð á þinginu. — Ætla ég svo ekki að orðlengja frekar um þetta, en óska, að frv. verði að aflokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og allshn.

***Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson):** Ég er sammála hv. flm. þessa frv. um, að á því sé hin mesta nauðsyn, að þetta mál sé leyst. Og ég fæ ekki séð, að það sé annað, sem athuga þarf í því efni um einstök ákvæði í frv., heldur en fjárhagshlið málsins. Hér er gert ráð fyrir í 1. gr. frv., að hælið sé komið upp fyrir árslok 1938. En það er margt, sem kallar að í þessu efni, svo að ég geri ráð fyrir, að það verði aðalverkefni þeirrar n., sem fær þetta mál til athugunar, að athuga möguleikana á því, hvort þetta verði kleift. Í þessu sambandi vil ég geta þess, að nokkur athugun hefir verið gerð á því, bæði hvar heppilegt væri að hafa hælið og hvort til væru heppilegar eignir, þar sem hægt væri að hafa hælið.

Ég vildi mælast til þess, að sú n., sem fær málið til meðferðar, vildi leita upplýsinga hjá landlækni, sem þessu máli er kunnugur, og taka við bendingum frá honum viðvíkjandi málinu.

***Forsrh. (Hermann Jónasson):** Ég get tekið undir það, sem mun vera almenn skoðun, að það sé þörf á að koma upp drykkjumannahæli, og að það væri mikil bót að slíku hæli, ef það væri vel rekið. Ég fer ekki út í það hér, hvernig ég álít, að ætti að koma slíkum hælum fyrir, að öðru leyti en því, að það er óhætt að segja, að það hafi reynzt bezt að koma þeim fyrir í sveit, þar sem er landrými mikið og hægt að láta menn fást við jarðrækt. Þannig hefir það reynzt á Norðurlöndum, þar sem drykkjumannahælum hefir verið komið upp og verið rekin með miklum myndarskap, ekki síst í Svíþjóð, þar sem tekin hafa verið fyrir þessi hæli heil herrasetur, sem höfðu mikið landrými.

En áður en þetta mál fer til n., vil ég vekja athygli á atriðum, sem eru þess verð, að á þau sé bent. Það er fyrst og fremst, að með þessu móti flyzt talsverður hluti af fátækraframfærinu frá kaupstöðunum yfir á ríkissjóð, aðallega frá þeim kaupstöðum, þar sem mest er af þessum drykkjumönnum. Það er áreiðanlega þess vert fyrir n., sem tekur þetta mál til athugunar, að rannsaka það gaumgæfilega, hve mikil brögð myndu verða að þessu. — Ég sé líka, að í þessu frv. er gert ráð fyrir því, að dómsvaldið í þess-

um málum sé dálítið óvenjulegt. Ég a. m. k. geri það að atriði fyrir mig, hvort þessu verður breytt eða ekki, á hvern hátt ég greiði atkv. um málið, þegar það kemur í d. aftur. Hér er sem sé gert ráð fyrir, að það sé framfærslunefnd eða sveitarstjórn, sem rannsaki málið með aðstoð lögreglunnar. Eftir að þeirri rannsókn er lokið á framfærslunefnd að dæma um það, hvort viðkomandi manni skuli komið fyrir á drykkjumannahæli. Hér er því dómsvaldið í þessum málum, sem eru mjög alvarleg mál — því að það er hægt að dæma þessa menn til vistar á drykkjumannahæli — flutt til framfærslunefndanna, og það tel ég óforsvaranlegt fyrir allt réttaröryggi í þessu landi. Ég tel það ekki fullnægjandi, þó að það megi skjóta þessum málum til úrskurðar ráðh. Ég verð að viðurkenna það, að ég veit ekki, hvernig þessu er fyrir komið í dönskum lögum, sem hér er vísað til, en hvernig sem því er fyrir komið þar, álít ég, að það fyrirkomulag geti ekki komið til greina hér.

Lesi maður svo frv. áfram, t. d. 6. gr., þá eru þar enn viðtækari ákvæði, því að þótt engin umkvörtun hafi komið fram, getur framfærslunefnd skorizt í leikinn og úrskurðað viðkomandi mann á drykkjumannahæli til lengri tíma. Svo er ósamræmi í þessu, þar sem segir í 8. gr., að heilbrigðisstjórnin geti stytt ákveðinn dvalartíma vistmanns á drykkjumannahæli, þegar sannað þykir með vottorði frá héraðslækni og forstjóra hælisins, að vistmaðurinn þurfi ekki að dvelja þar lengur. Eftir þessu getur heilbrigðisstjórnin tekið fram fyrir hendurnar á framfærslun., þó að hún telji þess þörf, að viðkomandi maður dvelji áfram á hæli. Vitanlega verða þessi mál að vera í höndum sama aðilja, — sá, sem úrskurðar manninn til vistar, verður jafnframt að hafa vald til þess að láta hann lausan aftur eftir tiltekinn tíma, ef honum þykir ástæða til. Viðvíkjandi þeim mönnum, sem dæmdir eru til fangelsisvistar, er það þannig, að þetta vald er alltaf í höndum dómarans, sem dæmdi manninn til fangelisisvistar, því að til hans er skotið, hvort eigi að náða mann eða ekki. Hér geta því sjónarmið framfærslun. og heilbrigðisstjórnar rekizt á. Ég held, að sú rétta leið í þessu efni væri að hafa einkamálameðferð á þessum málum. Ég þarf ekki að skýra þá málsmeðferð; hún er höfð á nokkrum málflokkum og hefir reynzt vel. Það er líka langfljótust afgreiðsla á málum á þann hátt. Ef ekki þætti fært að áfrýja þessum málum til hæstaréttar, þá fyndist mér réttara að hafa meðdómendur með lögreglustjóra heldur en að búa til nýjan dómstól, þar sem er framfærslunefnd.

Þetta vildi ég aðeins taka fram. Ég er ekki með því að gera lítið úr þessu máli, því að eins og ég tók fram í upphafi, tel ég, að málið sé mjög gott og þess vert, að það sé athugað, og því meiri þörf góðrar athugunar, sem það er meira nauðsynjamál. En þetta vildi ég taka fram við þessa umr. og biðja n., sem fær málið til meðferðar, að taka það til athugunar. Þetta getur ekki heldur komið í bága við tilgang hv. flm., sem tók fram, að gerð frv. væri ekkert aðalatriði, heldur málið sjálft og að það fengi sem bezta og fljótasta afgreiðslu.

Flm. (Guðrún Lárusdóttir): Herra forseti! Þegar litið er á það, að við höfum enga reynslu og ekki eftir neinu að fara með svona mál, þá er afsakanlegt, þó að fram kunni að koma einhverjir agnúar, sem menn reka sig á, en ég vænti þess, að hér séu þeir ekki meiri en svo, að hægt sé að sníða þá af með góðum vilja og viðleitni.

Ég vil aðeins víkja örfáum orðum að því, sem hæstv. forsrh. sagði um framfærslun., að þær séu of miklir aðiljar í þessu máli. Það er öðru máli að gegna með þetta heldur en venjuleg lögreglumál, því að hér er ekki um neinar sakir að ræða aðrar en þær, að vera sjúkur af ástríðu, sem hefir í för með sér bjargræðisleysi og ýmiskonar böl, bæði fyrir sjálfan sjúklinginn og aðra. Oftar munu þeir menn koma upp í hendur þeirra, sem með framfærslumálin fara, leita styrktar heimilum sínum, eða aðrir fyrir þeirra hönd, auk margskonar annara vandræða, sem ávallt bitna á heimilum drykkjumanna. Það var með þetta fyrir augum, að ég samdi þessa frvgr., og þessari sömu reglu fylgja aðrar þjóðir, sem hafa drykkjumannahæli. Þær blanda ekki dómsvaldinu inn í málið, heldur láta framfærslun. hafa afskipti af málunum að mestu leyti. Annars tel ég þýðingarlaust að eltast við einstakar greinar frv. við þessa umr. og hefi beztu von um, að hv. nefnd, sem fær frv. til meðferðar, vinni að því með vandvirkni og samvizkusemi, eins og málið verðskuldar.

***Forsrh. (Hermann Jónasson):** Ég vildi aðeins taka það fram í sambandi við ummæli hv. flm., sem ekki vill blanda lögreglunni í þessi mál, vegna þess að þau séu ekki afbrotamál, að það má náttúrlega deila um það, hvað séu afbrotamál. En þetta á a. m. k. að varða frelsisskerðingu, svo að árum skiptir, og það eru ekki í okkar löggjöf til svo viðtæk ákvæði, að engin tímatakmörk séu fyrir því, hvað má setja mann langan tíma á drykkjumannahæli. (GL: Það er reglugerðarákvæði). Svo að hér er um meiri refsingu að ræða heldur en fyrir nokkurt almennt lögbrot, og náttúrlega er það aðalatriðið í hverju máli, að frelsisskerðingin er fyrst og fremst refsingin.

Frelsisskerðingin er tilfinnanleg fyrir hvern mann, tilfinnanlegri en menn almennt gera sér grein fyrir. En lögreglan fæst við mál í einkalögregluréttinum, sem ekki eru beinlínis refsimál, t. d. ágreiningsmál milli meistara og sveina, hjúamál og einstaka sifjamál eru rekin þar. Þar er lögreglustjóra lögð sú skylda á herðar að leita allra upplýsinga frá báðum hliðum, sem hann telur þörf til þess að fá rétta niðurstöðu í málinu.

Það er lögð viðtækari rannsóknarskylda á hann þar heldur en í nokkrum öðrum málaflokki. Það er vegna þess, að t. d. í málum milli meistara og sveina er annar aðilinn miklu veikari. Þannig er einnig í barnsfaðernismálum, sem farið er með á sama hátt. Mér finnst því rétt, að þessi drykkjumannamál séu rekin í einkalögreglurétti, því að drykkjumaðurinn verður alltaf veikari aðilinn í þessari málssókn. Það sjá því allir, hversu hættulegt væri, ef framfærslunefndirnar hefðu dómsvaldið í þessum málum. Ég tók þetta ekki nógu

skýrt fram áðan, en ég vil undirstrika, hvað þetta væri hættulegt, úr því að menn láta sér slíkt til hugar koma.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til allshn. með 9 shlj. atkv.

Á 33. fundi í Ed., 7. apríl, utan dagskrár, mælti

Guðrún Lárusdóttir: Þann 3. marz, eða fyrir meira en mánuði síðan, var borið hér fram frv. um drykkjumannahæli og því vísað til nefndar. Þetta mál hefir ekki komið frá nefndinni ennþá, og því vil ég leyfa mér að spyrja formann n., hvað líði þessu mikla nauðsynjamáli.

Sigurjón Á. Ólafsson: Nefndin hefir athugað þetta mál gaumgæfilega og átt tal um það við sérfróða menn og aflað sér ýmsra upplýsinga. En n. hefir talið þýðingarlaust að skila áliti um málið, nema veitt væri fé í þessu skyni í fjárl., en eins og kunnugt er, virðist ólíklegt, að þau verði afgr. á þessu þingi. Þetta er ástæðan, en ekki neinn óvilji til málsins.

Guðrún Lárusdóttir: Ég hefi heyrt svar hv. form. nefndarinnar og get að sumu leyti tekið ástæður hans til greina. Þó get ég bent á það sem dæmi, að skólinn á Laugalandi var afgreiddur hér án þess að fyrir lægi nokkur fjárveiting í fjárlögum. Ég tel því rétt, að n. láti uppi álit sitt, og geri þá þessar aths. um leið. Þá liggur og fyrir nefndinni annað merkilegt mál, stofnun heimilis fyrir vangæf börn. Ég vil ennfremur mælast til þess, að n. láti ekki undir höfuð leggjast að skila áliti um það.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

65. Uppeldisheimili fyrir vangæf börn og unglinga.

Á 4. fundi í Sþ., 1. marz, var útbýtt frá Ed.:
Frv. til l. um uppeldisheimili fyrir vangæf börn og unglinga (þmfrv., A. 49).

Á 15. fundi í Ed., 6. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Guðrún Lárusdóttir): Herra forseti! Öldin, sem við lifum á, hefir verið kölluð öld barnanna, af því að aldrei hefir verið starfað meira fyrir börnin en á þessari öld. Það má sjá þess víða vott, þótt ekki beri mikið á því hjá okkur enn. Eitt ljóst dæmi þess var afarfjölmennt barnaverndarþing, sem haldið var í Kaupmannahöfn síðastl. sumar, í síðustu viku júnímánaðar. Þangað komu á annað þúsund fulltrúar frá öllum Norðurlöndum. Ég vil geta þess, að Danir álitu það hreint og beint þjóðarsóma að gera mótið sem bezt úr garði. Félagsmálaráðherra Dana opnaði mótið, og má taka það fram, að ríkisstj. bauð öllum þeim fulltrúum, sem komnir voru til þess að tala máli barnanna, til veglegrar veizlu, og danska þjóðin lánaði sitt veglegasta hús, ríkisdagshúsið, til þessara fundarhalda.

Ég hefi með mér dagskrá þessa þings, og hún ber það með sér, að málefni barnanna eru mörg, og þau eiga sér góða talsmenn í nágrannalöndunum. Á fyrsta fundinum var byrjað á því að tala um meðferð á vangæfum börnum. Erindi um það flutti menntakona frá Stokkhólmi, og talaði hún af miklum skilningi. Tók hún það skýrt fram, að það, sem hver þjóð þyrfti að gera, sé að komast að raun um, hvaða börn væru vangæf börn og hvað væri hægt að gera fyrir þau. Hún leit svo á, að það bezta, sem hægt væri að gera fyrir þau, væri einmitt það, sem ég tala um í þessu frv., að hafa fyrir þau sérstaka uppeldisstofnun, þar sem þeim eru gefnar góðar gætur af sérfróðum mönnum og þeim veitt heilbrigt uppeldi við vinnu og nám. Annað atriðið á dagskránni var atvinnuleysið og æskulýðurinn. Það er brennandi spurning hjá nágrönnum okkar, ekki síður en hjá okkur. Erindið flutti form. fátækramálanna í Bergen. Það var mjög athyglisvert, sem maðurinn sagði, en ég ætla þó ekki að rekja það hér. Mér þykir ekki illa við eiga að minna á þetta hér, þar sem fyrir þinginu liggja mál um atvinnuleysið og unglingana hjá okkur. Ennfremur var talað um eftirlit með uppeldisheimilum einstakra manna eða félaga. Þá var talað um barnaverndarráðstafanir ýmsar og aðstöðu barnanna gagnvart dómsvaldinu í landinu. Haldinn var fyrirlestur um skipulag á mataræði og meðferð ungbarna, og allt það, sem manni getur hugkvæmzt, að barninu geti komið vel. Að þinginu loknu var öllum þátttakendunum boðið í ferð um Danmörku til þess að skoða hæli Dana. Ég get sagt fyrir mig, að í þeirri ferð leit ég sérstaklega eftir þeim hælum, sem þar eru fyrir vangæf börn.

Þetta var nú dálítill útúrdúr frá aðalumtalsefninu, en ég vona, að hv. þm. misvirði það ekki. En því minntist ég þessa, að ég vil undirstrika, hvað málefni barnanna — og þá ekki síður vangæfu barnanna — eru áríðandi, og nauðsynlegt að sinna þeim engu síður hér en annarsstaðar. Barnaverndarþingið bar það með sér, að nágrannaþjóðunum er þetta ljóst. Og það er alls ekki vansalaust fyrir okkur, ef við látum skeika að sköpuðu með vangæfu börnin okkar, sem því miður fer óðum fjölgandi.

Þá finnst mér, að beri að líta á það, sem gert hefir verið hér. Það eru nokkur barnaheimili, sem við eigum, og er Vorblómið þeirra elzt. Þá er barnavinafélagið Sumargjöf, og hefir það haft með höndum dagheimilisstarfsemi undanfarin 12 ár. Þessi starfsemi hefir gefizt vel, og þar hafa verið allmörg börn. Ég held, að ekki sé hægt að segja annað en börnunum hafi yfirleitt farið þar fram, bæði andlega og líkamlega. En starfstíminn hefir verið helzt til stuttur, aðeins 2—3 mánuði ársins. Mér þykir vænt um, að þingið er farið að styrkja þessa starfsemi, því að hún á það skilið. Þá eru ekki síður til gagns

dagheimili þau, sem oddfellowar hafa í nágrenni Rvíkur. Það er aðeins stór ágalli, að þau standa allt of stutt. En fyrirmynd eru þau, og eins og allar meyjar vildu með Ingólfi ganga, eins vilja allir foreldrar, sem hafa haft börn sín þar, fá að hafa þau þar áfram. Börnin verða fyrir ágætum áhrifum hjá þeim fyrirmyndarkonum, sem þar hafa starfað. Barnaheimilið Sólheima í Grímsnesi vil ég einnig nefna og dagheimili í Hafnarfirði, á Akureyri og Siglufirði, sem kvenfélögin hafa stuðlað að. Alstaðar eru menn í mestu vandræðum með elztu börnin, sem eru búin með skólann og lítið eða ekkert hafa að starfa.

Ég vil nefna hér starfsemi á meðal barna, sem ég hygg, að fólki sé ekki mikið kunnugt um. Mér þykir rétt að geta þessarar starfsemi, þannig að hún komist í Alþt. þjóðarinnar. Hún sýnir okkur, hvað einn einstakur maður getur gert, þegar góður vilji og löngun til að gera gott er fyrir hendi. Maður er nefndur Jón Pálsson. Ég veit, að allir hv. þm. kannast við hann. Fyrir 3 árum kallaði hann á sinn fund 7 smádrengi. Þetta voru drengir upp og ofan, hvorki betri né verri. Þessi maður er form. barnaverndarnefndar, og hann komst á snoðir um, að litlum drengjum væri töluvert hætt hér í bæ. Hann vildi reyna að ráða bætur á þessu og vildi ráðfæra sig við drengina, og tel ég, að það hafi verið heppilegt. Hann skírskotaði til dómgreindar þeirra og sagðist vilja gera þá að félögum sínum í starfsemi, sem hann vildi fela þeim á hendur, en það var að taka að sér að varðveita og líta eftir litlu fuglunum á tjörninni. Við vitum, að flest börn eru þannig af guði gerð, að þau elska dýrin og vilja vera góð við þau. Ég held, að Jón Pálsson hafi hér hitt naglann á höfuðið. Þetta félag, sem hann stofnaði, fékk strax kjörorð, og eru þau þessi:

1. Hugsaðu gott.
2. Talaðu satt.
3. Gerðu rétt.
4. Bragðaðu aldrei áfengi.

Þetta eru í raun og veru lög félagsins, sem kallar sig fuglavinafélagið Fönix. Ég held það eigi 3 ára afmæli næsta mánudag. Nú eru félagsmenn orðnir 50. Ég held, að hv. þm. gæfist á að líta, ef þeir kæmu í Oddfellowhöllina og sæju þessa drengi, en þar safnast þeir saman til þess að tala um málefni sín. Oddfellowar hafa veitt þeim þar ókeypis húsnæði til þess að halda fundi sína.

Ég hefi nú dvalið við það, sem mér í fljótu bragði dettur í hug af því, sem gert hefir verið fyrir börnin hér. Sú starfsemi, sem ég hefi nefnt, fer fram fyrir þau börn, sem ekki eru sérstaklega kölluð vangæf börn. Ég vil geta þess í sambandi við fuglavinafélagið Fönix, að meiri hl. þar eru ágætir drengir, en form. hefir sagt mér, að hann hafi blandað saman drengjum, sem voru ágætir, og öðrum, sem voru lakari, svo að þeir betri hefðu góð áhrif á hina lakari. Þetta hefir gengið prýðilega, þar sem þeim hefir verið stjórnað af ágætum manni.

En hvað hefir þá verið gert fyrir vangæfu börnin? Venjan hefir verið að reyna að koma þeim upp í sveit, og það hefir oft gefizt vel. En upp á síðkastið hefir það verið vandkvæðum bundið að fá nógu mörg góð heimili, sem vilja taka þessi börn. Það er ekki neinn leikur að taka barn, sem hefir orðið uppvíst að óknyttum, inn á heimili, þar sem er kannske barnahópur fyrir. Það eru færri foreldrar, sem óska eftir að fá slíkan félagsskap fyrir börn sín, enda er farið að kreppa svo að þessari leið, að barnaverndarnefnd á oft fullt í fangi með að útvega heimili. Óknyttir hafa magnazt svo upp á síðkastið, að síðan um nýár hafa n. borizt kringum 30 þjófnaðarkærur á smádrengi. Þetta er alvarlegur hlutur, og það er ekki hægt að loka augunum fyrir þessu. Það verður að ráða bætur á slíku, hvernig sem mönnum kemur nú saman um að haga því. Það mætti spyrja, hvað valdi þessum ósköpum. Þetta er að verða svo illkynjað og áberandi átumein hjá þjóðinni, að slíks hafa ekki verið dæmi áður. Það má sjálfsagt kenna ýmsu um, en ég ætla ekki að tala mikið um það. Þó get ég ekki stillt mig um að minnast á eitt atriði, sem ég held, að eigi talsverða sök á þessu. Það er hið ljóta og viðbjóðslega lesmál, sem börnum er boðið upp á, og miður góðar kvikmyndir. Þá vil ég líka benda á kærulaust skraf og hjal fullorðna fólksins gagnvart börnunum. Ég vil benda á, að það vaða uppi í þessu landi stefnur og kenningar, sem eru með óhróður um þá, sem eitthvað eiga, og það er jafnvel gefið í skyn, að þetta sé í raun og veru stolið frá hinum, sem ekkert eiga. Ég hefi tilhneigingu til þess að lesa smápistil úr grein, sem nýlega kom út í blaði einu hér í bæ. Það getur vel verið, að hv. þm. beri ekki mikla virðingu fyrir Þjóðviljanum okkar nýja. En börnin lesa þetta engu síður en fullorðna fólkið, og það, sem börnin lesa, muna þau oft. Greinin heitir „Stórþjófar og smáþjófar". Með leyfi hæstv. forseta ætla ég að lesa svolítið upp úr þessari grein, enda þótt mér finnist ekki til koma að festa slíkt bull og þvaður í Alþt. þjóðarinnar. Þegar greinarhöfundur, sem kallar sig Göngu-Hrólf, er búinn að lýsa löggjöfunum, og í raun og veru búinn að setja þá á bekk með stórþjófum og bófum, þá segir hann: „Það eru mennirnir, sem hafa stolið öllu þessu landi, hafa stolið bönkum þess, fólkinu sjálfu og lífsmöguleikum þess og neytt það til að fremja smáþjófnað í ýtrustu neyð." Er það í ýtrustu neyð, að smádrengir stela hlutum, sem þeir geta ekkert gagn haft af? Áframhaldið er í sama anda: „Börnin vita líka, að þetta fólk hefir ekki unnið fyrir þessum peningum; þeir eru stolnir. Þetta eru peningarnir okkar, og við tökum þá bara þar, sem við náum þeim."

Svo mörg eru þessi orð. Þau sýna, að sá andi er uppi hér í landinu, sem ekki gerir mikið úr eignarréttinum, — og hvernig ættu börnin að gera það, þegar fullorðna fólkið og blöðin hafa þetta fyrir þeim? Það verður aldrei of mikið brýnt fyrir þeim, sem umgangast börn, að vanda sig. Það kemur seinna að skuldadögunum fyrir þessu fólki, en það er sannarlega átakanlegt að sjá ávextina þegar koma fram í mynd stórþjófnaðar smábarna. Við getum ekki komizt hjá því að gera björgunartilraunir; það má ekki dragast lengur. Það eru ekki nema fáeinir dagar síðan hér í salnum heyrðist áskorun frá barnaverndarnefndinni á Ísafirði um, að Alþingi hefjist handa um að koma til hjálpar, og bréf berast manni mjög

oft um þessi efni, og ennfremur er oft á þetta vandamál minnzt í blaðagreinum og viðtali við menn, sem hafa með þessi mál að gera, og nú nýlega birtist samtal við Svein lögregluþjón Sæmundsson, og hefi ég að nokkru leyti tekið það viðtal í grg. þessa frv. Allt þetta sýnir okkur, að hér er á ferðinni rammasta alvara, sem við verðum að hafa hug til þess að horfast í augu við og hefjast handa til umbóta, áður en það er um seinan. Við erum þegar búin að tapa of miklu. Maður getur bent á fjölda marga meðal fullorðna fólksins, sem farið hafa villir vegar, mest vegna þess, að þeim gafst ekki kostur á því uppeldi, sem nauðsynlegt var. Ég gæti dregið fram úr minni mínu ógurlegar æfisögur, en ég ætla ekki að gera það, því að ég veit, að hv. þm. hljóta að hafa heyrt margar slíkar sögur um börn, sem flæktust manna á milli og enginn vildi hafa: alstaðar voru þau óvelkomin. Þau lærðu að fela og stela. Þau urðu með tímanum vandræðagripir þjóðfélagsins, sem þjóðfélagið þurfti að kosta upp á með fangelsum og ýmiskonar meðferð. Árlega er bætt við lögregluna, meðfram af því, hversu óknyttir hafa farið í vöxt.

Um framkvæmd frv. geta orðið deildar meiningar, og ég segi um þetta mál, eins og ég sagði um daginn um frv. til l. um drykkjumannahæli, að mér finnst málefnið sjálft fyrir öllu, og ég er fús til samvinnu við þá, sem vilja koma þessu í heppilegt og gott horf. Aðalatriðið er, að vangæfu börnin eignist einhverja stofnun, sem getur orðið heimili þeirra, og að sú stofnun fái hæfa stjórn, sem hefir fullan skilning á sálarlífi barnanna, því að fá börn eru viðkvæmari en einmitt vangæfu börnin, sem eru vön að fá hnútur og hnýfilyrði, en fá eru orðin svo a. m. k. á yngra skeiði, að kærleikurinn geti ekki bjargað þeim. Þetta er fyrsta boðorð slíks hælis. Ég minnist með mikilli gleði þeirra hæla fyrir vangæf börn, sem ég heimsótti í Danmörku; það var ánægjulegt að sjá alla þá alúð, sem stjórnarnefndirnar lögðu fram, enda tókst það allajafna að gera úr þessum börnum væna og dugandi menn. Auðvitað má búast við, að slík uppeldisheimili kosti töluvert fé, en ég sé ekki eftir þeim peningum, og ég held, að ekki sé hægt að verja fé öllu betur en til þess að bjarga þjóðarinnar eigin börnum. — Samkv. 3. gr. frv. er ætlunin, að sett verði reglugerð um allt fyrirkomulag þessarar stofnunar, svo og um það, að hve miklu leyti aðstandendur barnanna gefi með þeim og að hve miklu leyti ríkið geri það. Í Danmörku er það svo, að aðstandendur barnanna greiða venjulega fæðiskostnaðinn, ef þeir geta; hitt lætur barnaheimilið af hendi. Ég spurði t. d. einu sinni, hvernig það væri um fatnaðinn, og mér var sagt, að barnaheimilið sæi fyrir því, svo að það gæti ráðið klæðnaði barnanna. Börnunum fyndist leiðinlegt að vera öðruvísi til fara en hin börnin, t. d. gæti einhver haft betri ráð og sent stúlkunni sinni fallegan kjól, en svo eru önnur fátæk og fá engan kjól; slíkt vekti óánægju meðal barnanna, sem ekki mætti eiga sér stað, þar sem þetta væri systkinahópur í einni fjölskyldu. Þannig þarf þetta að vera; annars kemur það ekki að fullum notum.

Ég geri ráð fyrir, að þeir, sem geta, borgi sjálfir eitthvað með börnum sínum, og svo geri ég ráð fyrir, að framfærslunefndir og sveitarstjórnir borgi með þeim börnum, sem foreldrar geta ekki greitt með. Við höfum barnaverndarlöggjöf, sem leggur þá skyldu á herðar barnaverndarnefnd, að skipta sér af börnum, sem eitthvað verður að í þessum efnum. Foreldrarnir hafa leyfi til að snúa sér til slíkra nefnda, þegar þeir eru í vandræðum með börn sín. Í smærri tilfellum geri ég ráð fyrir, að barnaverndarnefnd mundi koma þessum börnum fyrir, en annars lögreglustjóri; en hvernig sem börnunum er komið inn á hælin, þá þarf sú hugmynd alstaðar að vera ríkjandi, að hér sé um að ræða kærleiksheimili, sem tekur á móti börnunum eins og sínum eigin börnum og skilar þeim aftur sem góðum og nýtum borgurum.

Ég vil svo óska, að frv. verði lagt í hendur hv. allshn. að lokinni þessari umr.

*__Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson)__: Ég get verið sammála hv. flm. um það, að hér sé mikið vandamál á ferðinni, sem fullkomin nauðsyn er að leysa úr sem bezt. En hinsvegar get ég ekki verið flm. sammála um það, að nú á seinni tímum sé eitthvert ógurlegasta skemmda- og spillingatímabil, sem yfir landið hefir gengið, eins og hv. flm. komst að orði; að ástandið fari svo hraðversnandi, að horfi til fullkominnar eyðileggingar fyrir þjóðlífið, held ég sé ofmælt. Ástæðan fyrir því, að svo kynni að virðast, er sú, að nú liggja fyrir tölur um þetta. Nú er farið að vinna gegn þessum vandræðum, og nú er komið barnaverndarráð og barnaverndarnefnd, sem sjá fyrir þessu málefni og birta glöggar skýrslur, sem ekki var áður til að dreifa. Þess vegna fá menn yfirlit yfir þetta, en menn mega ekki láta þetta blinda sig svo, að þeir haldi, að áður en þessar stofnanir komust upp, hafi allt verið í himnalagi í þessum efnum. Því miður hefir það verið hér eins og annarsstaðar, að óknyttir hafa átt sér stað í stærri og smærri stíl meðal unglinga, en það eru engar sannanir fyrir því, að þessi faraldur fari mjög í vöxt. Hitt veit ég, að skýrslur sýna glöggar nú en áður ástandið eins og það er, einmitt vegna þess, að nú er farið að starfa að þessu máli af barnaverndarnefnd og ráði; nú er málið tekið til athugunar, sem ekki var gert áður. Menn mega ekki skilja orð mín svo, að ég vilji draga úr nauðsynlegum aðgerðum í málinu, en það er bara ekki rétt, að málið sé borið fram á þeim grundvelli, að nú á þessum síðari tímum sé ástandið í þessum efnum svo miklu verra en verið hefir. Og hinu get ég heldur ekki látið ósvarað, sem fram kom í ræðu hv. flm., að það séu háskalegar kenningar og stefnur, sem flokkar, stéttir og blöð hefðu boðað þjóðinni, er væru undirrót þessara skaðsemda. (__GL__: Ég nefndi hvorki flokka né stéttir). Ég bið þá afsökunar, ef ég hefi misskilið. Ég vil á engan hátt mæla bót og tel mér ekki nákomið að mæla bót Þjóðviljanum; hann er oft fyrir neðan allar hellur. (__GL__: Hæstv. ráðh. ætti að gera hann upptækan). Það heyrir nú ekki undir mig, en ef það ætti að gera þetta blað upptækt, þá ætti jafnt yfir alla að ganga, og þá væri rétt að gera mörg blöð upptæk. Ég sé t. d. daglega

í blöðunum því haldið fram, að ríkisstj. og meiri hluti þings sé fólk, sem vitandi vits sé að spilla afkomumöguleikum landsmanna, eyða verðmætum og ofsækja fólkið. Hv. flm. hneykslast ekki á þessu og vitnar ekki til þess. Ég er sammála hv. flm. um það, að oft er ósæmilega að orði komizt í þessu blaði, og einnig í blöðum, sem eru nákomin hv. flm.

Ég get sagt hv. flm., hvað ég tel aðalrót þessarar alvarlegu meinsemdar, óknytta unglinga: ég hygg ekki, að það séu bíómyndir, bækur eða blaðaskrif nema að tiltölulega mjög litlu leyti; aðalrót þessa meins er því miður annarsstaðar að finna. Hún er fyrst og fremst í ákaflega misjöfnum lífskjörum fólksins og misjöfnum aðbúnaði þess, auk þess sem innræti einstaklinganna er að sjálfsögðu misjafnt. En það veit hv. flm. eins vel og nokkur annar, að skorturinn er að jafnaði langsárastur og tilfinnanlegastur, þegar rétt við nefið á þeim, sem skortinn líður, eru allsnægtir. Manneskjan er þannig gerð, að það hlýtur að verka mjög óheppilega á hvern einstakling og þjóðfélagið í heild, að slíkar andstæður skuli vera hlið við hlið, og því miður eru þessar andstæður mjög áberandi, sérstaklega í stærri bæjum, eins og Reykjavík. Þetta er grundvallarmeinsemdin, ekki aðeins að því er snertir þetta mál, heldur líka mörg önnur af vandamálum þjóðfélagsins, bæði líkamleg heilbrigðismál og einnig á því andlega sviði. Þetta er það, sem ég vildi segja almennt um málið.

Ég vil endurtaka þau ummæli mín, að menn mega alls ekki taka það svo, að ég vilji mæla gegn málinu. Þvert á móti vil ég taka undir það, að það er fullkomin nauðsyn á aðgerðum í þessu máli, og eitt af því, sem ég álít, að gera þurfi, er, eins og tekið er fram í frv., að koma upp uppeldisheimilum fyrir vangæf börn, en þó get ég ekki stillt mig um að benda á það nú strax við 1. umr., að það þarf mjög mikla aðgæzlu, áður en börn eru brennimerkt sem óknyttabörn með því að setja þau á þessi hæli, því að sé um smáyfirsjón að ræða, þá er hæpið að setja börnin á slík hæli, því að það hefir sýnt sig í nágrannalöndum vorum, að börn, sem hafa verið sett á hæli fyrir óknyttabörn, eru skilin frá öðrum börnum og sett sem vanmetakindur í sérstakan flokk, og ef hægt er að ná sama árangri, að því er snertir uppeldi og breytingu á hugarfari barnanna, á annan hátt, þá er það talið aðgengilegra. En hitt er rétt hjá hv. flm., að viss hluti þessara barna er þannig gerður, að það eru ekki líkur til þess, að gott sé að hafa þau með öðrum börnum, og þau börn er náttúrlega sérstaklega nauðsynlegt að einangra á slíkum heimilum sem þessum. Mér er kunnugt um, að fyrir Alþingi hafa verið lögð tilmæli frá barnaverndarnefnd og barnaverndarráði í sameiningu um, að þau fái fé til þess að ráða sérstakan mann, helzt sérfræðing í uppeldismálum og því, sem að þeim málum lýtur, til þess að flokka þau vandræðabörn, sem barnaverndarráð hefir afskipti af. Þetta segi ég í sambandi við það, að ekki má setja öll slík börn á uppeldisheimili fyrir vangæf börn. Ég álít rétt að byrja á þessu, því að það er ekki nægilegt að fá skýrslur um óknyttabörn, heldur þarf að hafa mann, sem er vanur að umgangast börn og kynnir sér eiginleika þeirra. Það þarf að athuga þessi börn og flokka þau, svo að þessi sérfræðingur geti sagt sitt álit um það, hverjar aðgerðir séu líklegastar til úrbóta í hverju einstöku tilfelli, því að hér er svo misjafnlega á komið, svo að það væri glapræði að hugsa sér, að eitt gilti í öllum tilfellum; sumt stafar af neyð og skorti, sumt af lausung og léttúð og sumt af því, að forustuna vantar, ef svo mætti segja, en það er að sjálfsögðu mesta glapræði að flokka saman og láta eitt ganga yfir öll þessi misjöfnu börn með þessa misjöfnu eiginleika.

Ég skildi hv. flm. svo, að hann liti svo á, að samkvæmt 3. gr. frv. væri ekki til þess ætlazt, að ríkið hefði verulegan kostnað af þessum aðgerðum umfram það, að koma upp þessum heimilum fyrir vangæf börn, því að í flestum tilfellum skildist mér, að annaðhvort framfærendur barnanna eða hlutaðeigandi bæjar- og sveitarfélög verði að greiða meðlag með börnunum. Þetta skilst mér vera fjárhagslega hliðin á málinu, og það verður athugað af nefndinni.

Ég skal svo ekki fara fleiri orðum um þetta, en vil mæla með því, að frv. verði látið ganga til hv. allshn., eins og hv. flm. hefir lagt til, og fái þar beztu athugun og þær upplýsingar, sem barnaverndarráð og þeir, sem að þessu starfa, geta látið í té.

Flm. (Guðrún Lárusdóttir): Ég má vel við una, að hæstv. atvmrh. hefir lýst því yfir, að hann sé málinu fylgjandi, og það er mér fyrir öllu í rauninni, því að bæði hefir hann aðstöðu og alla getu til að vinna fyrir málið, svo að nú rofi til í þessu efni. Mér þykir náttúrlega vænt um bjartsýni þessa góða manns, sem fram kemur í því, að hann telur ekki, að ástandið sé neitt lakara en það hefir verið; en þegar ég horfi á tölurnar og skýrslurnar, sem fyrir liggja um þessi efni, getur mér ekki sýnzt þær sérlega bjartar yfirlitum. Samkv. þeim fer stighækkandi fjöldi þeirra barna, sem lenda í allskonar vandræðum, þannig að árið 1932 eru slík börn 50 talsins, 1934 58, 1935 76 og 1936 eru þau orðin 102. Og þegar formaður barnaverndarráðs segir mér, að barnaverndarnefnd hafi borizt síðan um áramót 30 kærur út af þjófnaði smádrengja, þá sýnist mér þetta vera talandi tölur, sem sýna einmitt það, sem ég sagði, að ástandið fer versnandi; hinu dettur mér ekki í hug að neita, að á öllum tímum hafa verið misstigin spor, bæði af eldri og yngri, en ekki get ég munað til þess, að áður hafi verið eins mikið um óknytti meðal barna og nú á sér stað. Satt er það, að þá voru að vísu ekki til skýrslur um slík efni, en þá var líka miklu minni þörf á þeim, því að fólkið var svo miklu færra en nú. Ég vil að vísu ekki gera of mikið úr hinu versnandi ástandi, þó ég bendi á þá staðreynd, sem fyrir hendi er um hið alvarlega ástand, og þá þýðir ekki heldur að hugga sig eða afsaka sig með því, að svona hafi þetta alltaf verið. Ég á ekki við, að hæstv. atvmrh. hugsi þannig, en ég býst við, að til séu þeir menn, sem þannig hugsa. Það er því réttara að kannast við ástandið eins og það er, en vera ekki að bera það saman við það, sem var.

Hæstv. ráðh. virtist ekki vera sem ánægðastur með upplestur minn hér áðan, ekki fyrir það, að hann tæki svari Þjóðviljans, heldur af því, að honum þótti orsakanna annarsstaðar að leita en í blaðagreinum. En af því læra börnin, sem á bæjum er títt, og það er ég viss um, hvað sem hæstv. ráðh. segir um það, að lesmálið, sem íslenzku þjóðinni hefir verið boðið upp á á seinni tímum — ég sný ekki aftur með það —, hefir oft verið stórspillandi og til smánar landi og lýð.

Hæstv. ráðh. hélt því fram, að ástæðan fyrir hinu ömurlega ástandi í barnauppeldi okkar væri mismunandi efnahagur fólks. Efnahagurinn er sjálfsagt mjög mismunandi, en það er ekki fátækt fólksins, sem gerir börnin að óknyttabörnum. Heiðarleiki og fátækt eru oft samferða, já mjög oft, enda stafa fæstir eða kannske engir þjófnaðir af vöntun á fæði eða klæði.

Hæstv. ráðh. hélt því fram, að varhugavert væri að láta bera mikið á því, að börn væru sett á stofnanir fyrir vangæf börn. Þetta er bergmál af mínum eigin orðum, því að ég vil ekkert gera, sem getur orðið til þess að særa þessar viðkvæmu sálir, en þegar litið er á reynsluna, þar sem hún hefir fengizt, þá veit ég ekki, hvort það er svo mikil ástæða til að óttast þetta, því að allt er undir því komið, að stjórn stofnana sé góð og heimilið leiði börnin á rétta braut. Undirbúningslaust hefir mér ekki dottið í hug, að hægt væri að ráða þessu máli til lykta. Því bar ég fram þáltill. í fyrra, sem samþ. var hér í deild, um að hæstv. stj. undirbyggi málið. Ég vil því segja, að hæstv. stj. eigi hér talsverða sök á, hvað seint gengur. Hún gat verið búin að gera það, sem þáltill. fól henni, undirbúa málið, m. a. með því, sem hæstv. ráðh. einmitt nefndi, að láta rannsaka börnin, flokka þau niður og kynna sér ástand þeirra. Ef þetta hefði verið gert, væri málið nú komið lengra áleiðis en það er, og við vitum ekki nema þá hefði verið hægt að afstýra einhverju af því böli, sem orðið er. En í stað þess að gera skyldu sína í þessu efni, hefir hæstv. stj. svæft málið í fullkomnu aðgerðaleysi.

Það gleður mig, að hæstv. atvmrh. hefir nú lýst því yfir í heyranda hljóði, að hann sé þessu máli fylgjandi. Ég veit, að hann gerir þá það, sem hann getur, til þess að koma málinu áleiðis, þótt mér leiðist, að hann getur ekki að öllu leyti fallizt á það, sem ég hefi sagt um málið.

Viðvíkjandi 3. gr. frv. get ég sagt það, að mér finnst ekkert á móti því, þótt þeir, sem geta, séu látnir borga með börnum sínum og að þar, sem foreldrana þrýtur, taki sveitar- eða bæjarfélagið við. Nú verða framfærslusveitir að annast meðlag með slíkum börnum, ef foreldrarnir geta ekki séð fyrir þeim, og það ætti ekki að vera verra, þótt þeim sé komið fyrir á hæli, sem ríkið kemur á fót. Þetta er atriði, sem ákveða verður af þeim, sem um framkvæmd málsins ráða.

Ég vil benda á það í sambandi við það, er hæstv. ráðh. var að tala um, að flokka þyrfti óknyttabörnin, að þótt eitt barn sé vangæft að einhverju leyti, er ekki þar með sagt, að það sé óknyttabarn; það getur verið erfitt viðfangs á heimili, óþægt í skóla o. s. frv., en algerlega saklaust af hnupli og öðrum slíkum óknyttum.

*Forsrh. (Hermann Jónasson): Það eru ekki mörg atriði í sambandi við þetta mál, sem ég sé ástæðu til að drepa á, en vil þó minnast á nokkur.

Það hefir verið rætt hér um, hvort ástandið á því sviði, sem hér er um að ræða, muni hafa farið svo mikið versnandi, sem hv. flm. hefir haldið fram og stutt sig þar við skýrslur, sem lesnar hafa verið upp. Ég hygg það rétt, að ástandið muni hafa versnað nokkuð, en tel jafnframt vafalaust, að það hafi ekki versnað eins mikið eins og þessar skýrslur í fljótu bragði sýna. Þær eru dálitið villandi vegna þess, að áður voru ekki haldnar eins nákvæmar skýrslur um þetta efni hjá lögreglunni eins og barnaverndarnefndirnar gera, síðan þær tóku málið í sínar hendur. Hvað miklu getur skakkað, er ekki gott að segja. Hitt er vafalaust, að ástandið hefir eitthvað versnað hér eins og annarsstaðar. Það eru eftirstriðsáhrifin, sem eru mjög margháttuð og viðurkennt er, að hafa áhrif á börnin í öllum löndum.

Hv. flm. talar um, að ekki dugi að sofa á málinu, eitthvað verði að gera. Það er náttúrlega rétt, að eitthvað þarf að gera, en það þarf að vera eitthvað, sem vitað er, að komi að gagni. Það er ekki nóg að gera bara eitthvað. Ég verð að segja, að þegar gengið var frá l. um barnaverndarnefndir, þá fylgdu þeim l. þær vonir, að með þeim væri komið þeirri skipun á þetta mál fyrir landið í heild, sem gæti komið að verulegu gagni. Þau l. voru rökstudd með því, að með þeim væri skapað kerfi um allt landið, þannig að samstarf n. gerði auðveldara að koma börnum fyrir á góðum sveitaheimilum. Því verður heldur ekki neitað, að með skipun barnaverndarnefndanna var stigið verulega stórt skref á þessu sviði. Nú hefir dómsmrn. gefið leyfi til að barnaverndarnefndin hér í Reykjavík megi hafa með sér sérfróðan mann, til þess að reyna að komast fyrir orsakir óknyttanna og hvaða meðferð hæfi börnunum hverju fyrir sig. Ég lét þá skoðun í ljós, þegar l. um barnaverndarnefndir voru sett, og er á sömu skoðun ennþá, að leggja beri aðaláherzluna á, að koma börnunum fyrir á góðum heimilum í sveit. Styðst ég þar nokkuð við reynslu mína, síðan ég var lögreglustjóri. Þegar vel tókst að koma vandræðabörnum fyrir í sveit, bar það svo góðan árangur, að hann hefði aldrei orðið meiri á sérstöku barnaheimili. Þetta er líka í samræmi við reynslu annara þjóða. Dagheimili barna, eins og notuð hafa verið hér í Reykjavík til mikilla bóta, og alstaðar hafa reynzt til bóta, eru ekki sambærileg við þau barnahæli, sem hér er talað um og reynzt hafa misjafnlega annarsstaðar. Ég reyndi nokkuð að kynna mér þessi mál, meðan ég var lögreglustjóri, sérstaklega á ferðalagi um Norðurlönd. Og mér er óhætt að segja, að það var einróma álit þeirra, sem fengust við þetta mál, að bezta lausnin á því væri það, ef hægt væri að standa í sambandi við góð sveitaheimili og koma börnunum fyrir þar, — að það bæri ekki að fara inn á þá braut, að nota sérstök barnahæli fyrir vandræðabörn nema í sárustu neyð, þegar börnin

væru svo óþæg, að ekki væri hægt að hemja þau á heimilum. Meira að segja álitu þeir, sem mesta höfðu reynsluna, ef ég man rétt, að það væri ekki gerlegt að hafa slík barnaheimili stærri heldur en fyrir svona 12 börn. Ef þau eru stærri, fara þau að líkjast hælum, en ekki heimilum. Þessi barnaheimili þurfa að líkjast sem mest góðum heimilum, og það gera þau helzt, ef góð forstöðukona kemst yfir að hafa góða yfirsýn með öllum börnunum. Að þessi hæli hafa stundum ekki reynzt sem bezt, stafar sennilega að einhverju leyti af því, að oft verður að velja þeim forstöðu, sem ekki er komin reynsla á. Hinsvegar eru oft fyrir hendi heimili, sem góð reynsla er fengin um. Það er rétt hjá hv. flm., að hér er forstaðan fyrir öllu.

Ég saknaði þess, þegar ég las þetta frv., að grg. þess er ekki ýtarleg, og frv. sjálft er líka mjög stutt. Það gerir e. t. v. ekki mikið til, þótt frv. sé ekki ýtarlegra en það, að hér eigi að koma á stofn uppeldisheimili og að um rekstur þess fari eftir reglugerð, er dómsmrh. setur. Ég vil þó benda n. þeirri, er væntanlega fær þetta mál til meðferðar, á það, að samkv. 3. gr. frv. getur ekki verið um það að ræða að ákveða í reglugerð, að framfærslusveit barnanna beri eitthvað af dvalarkostnaði þeirra. Það er beinlínis tekið fram í 3. gr. frv., að hælið skuli rekið á ríkisins kostnað, og það væri ekki leyfi til að fara út fyrir það í reglugerð. — Þá gerir frv. ráð fyrir, að hælið skuli taka 25—30 börn. Ég vil biðja n. að athuga vel, hvort sú tala er ekki of há. Ég álít, að heppilegra væri að stofna fleiri en eitt hæli, ef nauðsyn krefði, að tekið væri á móti svo mörgum börnum.

Ég sakna þess, að í grg. frv. skuli ekki vera rakin sú reynsla, sem fengizt hefir á Norðurlöndum um þessi mál. Hún er okkur, að ég hygg, mikils virði og er nauðsynlegt að taka tillit til hennar, ef þetta mál á að fara vel úr hendi. Vil ég beina því til þeirra, er málið fá til meðferðar. Það má finna margt til fyrirmyndar og einnig mörg mistök, sem einkum hafa stafað af því, að hælin hafa verið of stór. Yfirleitt er sú stefna uppi á Norðurlöndum, að hafa barnaheimilin lítil, og koma börnunum heldur fyrir á sveitaheimilum, ef það er hægt. Við eigum að styðja okkur við reynslu hinna Norðurlandanna, og þá þarf hún að liggja fyrir eins og hún er. Ég vona, að þeir, sem fá málið til meðferðar, verði mér sammála um, að það eigi að athuga þessa leið fyrst og fremst, áður en ákvörðun er tekin um málið.

*Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson): Mér þótti vænt um þau ummæli hv. flm., að hún kysi jafnan að hafa mig með sér við afgreiðslu mála. Ég get vitanlega sagt hið sama, að ég kysi mjög gjarnan að mega vænta hennar fylgis sem oftast, en því miður vill nú oft fara svo, að okkur ber dálítið á milli.

Mér skildist hv. flm. átelja stj. fyrir að láta undir höfuð leggjast að sjá um nauðsynlegan undirbúning þessa máls. Ég gerði nokkra grein fyrir þessu í fyrri ræðu minni, en ef til vill ekki nægilega skýrt. Það hefir ekki verið völ á sérfræðingi hér heima á þessu sviði fyrr en á síðastliðnu hausti. Ég hefi talað við barnaverndarnefndina hér í bænum og barnaverndarráð, og báðar þessar stofnanir hafa talið, að rétta byrjunin væri að láta sérfræðing rannsaka ástand og eiginleika barnanna, því að mismunandi aðgerða þarf við eftir því, hvernig háttsemi barnanna er og tilhneigingar. Það er víst, að ekki nema nokkur hluti þeirra barna, sem hér koma til greina, eiga heima á barnahælum. Hvað heppilegast er að gera við hin, má deila um. Það hefir verið talað um að koma börnunum fyrir í sveit, en það mun vera rétt hjá hv. flm., að ekki er heldur á þann hátt hægt að leysa vandræði þeirra allra.

Hv. þm. segir, að það sé ekki nóg að rannsaka; það verði eitthvað að framkvæma. En við þurfum þó fyrst að vita, hvað við eigum að gera. Slík rannsókn, sem ég drap á áðan, er nauðsynleg undirstaða. Við höfum hér talsvert af lögum, þar sem framkvæmdirnar eru bundnar því skilyrði, að þær komi ekki til, fyrr en fé er veitt til þeirra á fjárlögum. Ég er leiður á því, að slíkum lögum sé fjölgað, því að það hefir oft sýnt sig, að þau verða ekki annað en pappírslög, og þegar sett verða lög um það efni, sem hér er um að ræða, þá vil ég, að þau verði annað og meira en pappírsgagn.

3. gr. frv. er sjálfsagt að athuga, ef í henni á að felast það, sem hv. flm. telur, og vona ég, að hv. n. geri það.

Það er misskilningur, ef hv. flm. vill skilja orð mín svo, að ég beini því að fátæku fólki, að börn þess séu hnuplgjarnari en börn annara. Ég hefi ekkert slíkt talað. En ég vildi benda á, að meginundirrót margs af því illa, sem hv. flm. talaði um, væri of misjöfn lífskjör. Hv. þm. nefndi dæmi um telpu í tötrum og aðra í fögrum kjól, sem mér skildist hún telja óheppilegt, og taldi það kost á barnahælum, að þar gengju börnin öll í eins fötum og borðuðu sama mat. Um þetta er ég henni sammála, og með þessum orðum viðurkennir hún það, sem ég sagði áðan, að það eru oft hin misjöfnu lífskjör, sem leiða börnin inn á hinar óheppilegu brautir. Það þarf ekki alltaf að vera fyrir það, að börnin séu svöng. Því miður er mikið af þessu hnupli barnanna til þess að afla sér góðgætis, tóbaks og þesshátta hluta, af því að þau sjá aðra krakka betur megandi með nóg af þessu og langar að hafa það líka. Hafi ekki svipað vakað fyrir hv. flm., er hann var að tala um hinar misjöfnu flíkur barnanna, þá veit ég ekki, hvað hann hefir meint. — Ég er hv. flm. sammála um, að þessi hætta hlýtur að aukast með stækkandi borgum og auknu þéttbýli. En ég er henni ósammála um, að skýrslur síðustu ára beri vott um tiltölulega meiri spillingu en verið hefir, þótt ég vilji á engan hátt draga úr því, hve alvarlegt málefni hér liggur fyrir.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til allshn. með 10 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

66. Háskóli Íslands.

Á 12. fundi í Ed., 2. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. um Háskóla Íslands, nr. 21 1. febr. 1936 (þmfrv., A. 55).

Á 21. fundi í Ed., 18. marz, var frv. tekið til 1. umr.

***Flm. (Jónas Jónsson):** Ég get verið stuttorður um þetta frv., af því að í grg. er nokkurnveginn það, sem um það er að segja. Þetta frv. er hugsað eins og partur af stóru verki viðvíkjandi háskólanum, og gert er ráð fyrir, að innan skamms komi fram það, sem boðað er í grg. um gagngerðar breyt. á þessari stofnun.

Það hefir komið í ljós, að það, sem menn ætluðu sér með því að lengja starfstímabil háskólarektors úr einu ári upp í 3 ár, er þýðingarlaust frá því sjónarmiði, sem þarf að vinna að, nefnilega að háskólinn fái sterka stjórn. Þess vegna er lagt til að gera þessa einföldu breytingu, að gera þetta eins og það var, enda mun það koma sér vel, því að allir eru samdóma um, að hafa þurfi fastan embættismann, sem vinni að skyldustörfum við háskólann, en rektorsembættið sé aðeins tignartitill, sem flyzt milli prófessoranna frá ári til árs.

Ég vil svo mælast til, að þessu frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og menntmn.

***Magnús Jónsson:** Það er kannske óþarfi að tala mikið um þetta mál, úr því að hv. flm. hefir lýst því yfir, að þetta sé aðeins fyrsta bindið af stóru verki, sem kemur út smám saman. En þar sem hv. flm. sagði, að óþarfi væri að tala um frv., af því að í grg. væri tekið fram allt viðvíkjandi þessu frv., þá vil ég benda á, að þetta er eitt af þeim frv. þessa hv. þm., þar sem er eitt í frv., en annað í grg. Það er í raun og veru ekkert í grg. um þetta frv. Ef það er grg. fyrir einhverju, er það grg. fyrir einhverju væntanlegu frv., því að í þessu frv. er ekkert sagt annað en að rektorinn skuli kosinn til eins árs í stað þriggja og kosningin fari í fyrsta skiptið fram í vor. En grg. er nálega öll um aðra skipun á háskólanum, um skipun kanslara.

Það er einkennilegt þetta frv. vegna þess, að hér er verið að fara fram á breytingu á lögum, sem eru alveg ný, og meira að segja svo ný, að fyrsti rektorinn, sem kosinn var eftir þeim lögum til þriggja ára, er ekki búinn að vera nema hálft skólaár. Það er einkennilegt, þegar hv. flm. segir, að sá tilgangur hafi ekki náðst, sem átti að nást með lögunum frá því í fyrra. Ég vil spyrja hv. flm., hvaða reynsla sé komin um þennan fyrsta rektor, sem ekki er búinn að starfa nema í hálft ár? Ég verð að segja, að það þarf spádómsgáfu til þess að segja að tilgangurinn hafi ekki náðst, því að reynslan er ekki komin á það. Annars var það litilfjörleg breyting, sem var gerð með lögunum 1936 og var ávöxtur talsvert langra hugleiðinga um þetta mál. — Það var upphaflega þannig ákveðið, að rektor skyldi kosinn á hverju ári. Það voru ýmsir, sem væntu góðs af þessari tilhögun, því að það er í hæsta lagi demokratískt, að háskólakennararnir komi saman á aðalfundi háskólans og kjósi úr sínum hópi rektor, og það er ekkert á móti því, að sami maður geti verið rektor æfilangt, því að það má endurkjósa hann. Það var samt ekki gert. Rektor var kosinn á hverju ári, en það kom ekki að sök, því að háskólakennaraembættin eru yfirleitt þannig skipuð, að prófessorarnir geta gegnt störfum rektors. Samt voru ýmsir, sem töldu að meiri festa mundi komast á stjórn háskólans, ef rektorinn væri kosinn til lengri tíma, og sumir vildu láta kjósa deildarforsetana til lengri tíma. Það varð svo úr, að þetta var gert í reyndinni, að rektor var endurkosinn, og svo var farið fram á breytingu á l. og hún samþ. á þinginu 1935, þó að lögin séu frá 1. febr. 1936.

Ég verð að segja, að í þessum umr., sem urðu ár eftir ár um þetta fyrirkomulag háskólans, hafi öllum komið saman um, að það væri mjög óheppilegt fyrirkomulag, ef skipa ætti einhvern yfirmann við háskólann, sem væri háskólanum svo og svo óviðkomandi, en það væri fast embætti, þar sem sæti kannske einhver gamall karl, sem að ýmsu leyti væri kominn út úr samneyti við háskólann og þann hugsunarhátt, sem þar ríkti. Reynslan af þessu er alþekkt annarsstaðar. Það eru háskólar til, sem hafa kanslara, og það eru oft merkir vísindamenn, sem eru „honoreraðir" með þessu embætti. Þar sitja þeir, en eru vitagagnslausir menn í sínu embætti, nema til þess að njóta þessa einskonar heiðursmerkis, sem háskólarnir veita þeim.

Það má vera, að það megi koma þessu kanslaraembætti þannig fyrir, að það mætti synda fyrir þessa örðugleika, en ég er ekki farinn að sjá, að það verði nein bót á stjórn háskólans, að setja þar fastan starfsmann.

Stjórn háskólans er, eins og vera ber, ákaflega einföld. Deildirnar kjósa hver sinn forseta, og þeir koma saman á háskólaráðsfund, sem svo kýs rektor, sem er forseti háskólaráðs og stjórnar starfi þess. Víða við háskóla er þetta fyrirkomulag flóknara, og ég hefi talað við marga erlenda háskólamenn, og þeir öfunda okkur af þessu einfalda fyrirkomulagi.

Ég verð að segja, að ég veit ekki, hvað það er í stjórn háskólans, sem hefir komið svona mikið að sök, að ástæða sé til að breyta þessu af þeim sökum. Ef deildirnar væru fleiri, kæmu þær hver með sinn forseta, og það fyrirkomulag er einfalt og fljótvirkt. Að fá meiri festu í stjórn háskólans fæst með því að kjósa rektorinn til nokkurra ára, þannig að hann venjist við störfin og fái tóm til að flytja fram sín áhugamál. Ef hann sýnir sig á þessum 3 árum að vera góður maður í sínu starfi, verður hann vafalaust endurkosinn. Þá verður hann 6 ár. En ég er ekki viss um, að það sé heppilegt, að sami maðurinn og sama stefnan sé lengur ríkjandi við háskólann en það. Annars er frjálst að kjósa sama manninn oftar. Það er hinsvegar annað, sem gerir festuna og gerir háskólaráðinu auðvelt að starfa. Það er háskólaritarinn. Það er fast skipaður maður, og hann vitanlega man og veit, hvað fram hefir farið við háskólann, svo að hann getur séð um samræmi í störfum ekki flóknari stofnunar en háskólinn er. Mér virðist aftur á móti hitt fyrir-

komulagið ákaflega einkennilegt, ef fyrir það fyrsta á að skipa fastan forstöðumann, sem á að hafa embættisaðstöðu í háskólahverfinu til þess að annast fjárhagslega og uppeldislega stjórn háskólans. Það er misskilningur, af því að háskólinn er í raun og veru fleiri skólar. Enda þótt háskólinn komi fram út á við sem ein heild, þá er hver deild raunverulega sjálfstæð. Það mætti alveg eins sameina t. d. verzlunarskólann og kvennaskólann eða ýmsa aðra sérskóla og setja þá undir sameiginlega yfirstjórn, en það mundi bara alltaf verða þannig, að hver einstök deild mundi halda sínu sjálfstæði. Það kyndugasta við frv. þetta finnst mér þó vera hugmyndin um kanslarann, sem ætlazt er til, að verði skipaður. Ég sé satt að segja ekki, hvað þetta nýja embætti á að þýða. Mér skilst helzt, að það muni vera einskonar virðingarstaða fyrir háskólakennara, þessi kanslari; hann á ekki að vera kennari neinnar sérstakrar deildar, — hvað á hann þá að gera? Ef hann á að koma fram fyrir háskólans hönd t. d. við móttöku erlendra gesta og háskólasetninguna, ja, hvað á þá að þýða að vera að hafa háskólarektor? Mér skilst satt að segja, að þetta embætti sé gersamlega óþarft og ekki þess vert, að mynda heilan lagabálk utan um það.

Ég skal svo ekki hafa þessi orð fleiri að sinni, en að lokum vil ég aðeins segja það, að enda þótt ég sjái ekki annað en það sé tilgangslaust, að frv. þetta gangi til n., þá sé ef til vill ekki rétt að leyfa ekki athugun á því í n.

***Flm. (Jónas Jónsson):** Það er mikið ólán fyrir háskólann, að þessi hv. þm., sem nú settist niður, er oft heldur ógiftusamlegur í till. sínum, þegar um er að ræða málefni háskólans. Ég skal ekki fara langt út í þetta, en ég vil aðeins minna á, hvað þungt þessum hv. þm. var um að hræra tunguna, þegar byggingarmál háskólans var á döfinni, og hvað hann var algerlega trúlaus á það mál, enda þótt það hafi nú sýnt sig, að málið var vel framkvæmanlegt. Annað dæmi um óhappaverk þessa hv. þm. í garð háskólans er það, þegar nokkrir miður velviljaðir menn háskólanum, en ráðamenn hér í þessum bæ, vildu fara að óvirða stofnunina með því að leggja svokallaðan grútarveg inn á háskólalóðina. Ég hygg, að það hafi verið núv. form. Alþfl. og ég, sem fluttum þá till. um, að skora á stj. að reyna að verja réttindi háskólans og hans friðindi fyrir þessum grútarvegi. Ég get satt að segja ómögulega skilið það, að hv. 1. þm. Reykv. telji það neina goðgá, þó að þessar till. komi hér fram á Alþ., sem fengu svo góðar viðtökur, þegar ég hreyfði þessu máli í ræðu, sem ég hélt, þegar hornsteinninn var lagður að háskólabyggingunni. Þar var fjöldi manns viðstaddur, og mér virtist eins og orð mín væru töluð út úr hugum flestra viðstaddra. Það verður kannske að afsaka hv. þm. með því, að það sé ekki gaman að gefa mönnum áhuga á málum, sem þeir ekki hafa fyrirfram, eins og það gengur erfiðlega að koma þekkingu inn í þá menn, sem ekki hafa greind né áhuga til að nema. Hv. þm. hefir gott af því að skilja, að það eru menn utan háskólans, en ekki innan hans, sem hafa getað gefið honum lífsmark, útvegað honum möguleika til að fá sína eigin byggingu og nú í haust gefið þessum góðu starfsbræðrum hv. þm. ráðningu, þegar sumir þeirra voru að fara villigötur. Þegar einhver stofnun er svona veik eins og þessi stofnun hv. þm., þá er svo sem ekki ástæða til að hlaupa til að spyrja hana ýtarlega um alla skapaða hluti. Hv. 1. þm. Reykv. virtist vera mjög hneykslaður yfir þeirri uppástungu, að kalla forstöðumann þessarar stofnunar kanslara, og sagðist hann ekki skilja, hvað það embætti ætti að þýða. Ég vil bara segja hv. þm. það, að þegar búið er að leggja svo mikið fé fram til byggingar fyrir háskólann og útlit er fyrir, að hann muni í framtíðinni verða hin veglegasta stofnun hið ytra, þá er full nauðsyn og þjóðin á heimtingu á, að stofnunin fái á sig þann svip, sem slíkri stofnun sæmir, hvað snertir stjórn hans og starfskrafta. Ef hv. þm. skilur ekki, hver meiningin er með þessum kanslara, þá skal ég bara taka dæmi af hinu stóra; ég get bent honum á, að t. d. Ítalir hafa konung, en þeir hafa líka mann, sem raunverulega stjórnar ríkinu; þessi maður er hjá þeim kallaður kanslari. Eitthvað svipað þessu er hugsunin, að verði við háskólann; rektorsembættið á að verða einskonar æðsta virðingarstaða við háskólann, en þessu embætti þarf ekki að fylgja nein sérstök ábyrgð eða vandi, svo að jafnvel menn á því menningarstigi, sem hv. 1. þm. Reykv. hefir lýst sjálfum sér og sínum starfsbræðrum að vera á, gætu hæglega gegnt þessu framtíðarembætti. Háskólinn er stofnun, sem þarfnast mikillar virðingar, og það þarf þess vegna að gera allt, sem unnt er, til þess að hann megi öðlast hana.

***Magnús Jónsson:** Hv. þm. S.-Þ. hélt hér eina af sínum skemmtilegu ræðum, sem að vísu eru svo skemmtilegar, að enginn getur hlegið að þeim. Ræða hv. þm. var að mestu óviðkomandi sjálfu efni málsins og því, sem ég beindi til hans í minni ræðu, svo að ég veit nú ekki, hvað ég á að fara út í af því, sem hann sagði. Hv. þm. ætlaði að fara að ná sér niðri á mér, þegar hann var að tala um, að þegar hefði átt að fara að afla fjár handa háskólanum til byggingarinnar, þá hefði ég staðið þar á móti. Það vill nú einmitt svo undarlega til, að ég átti fyrstu hugmyndina um stofnun háskólahappdrættisins. Þegar svo frv. um það kom fram, þá gerði ég allt, sem ég gat, til að greiða fyrir því. Ég veit ekki, nema þetta sé nærri því eins mikill skerfur, sem ég hefi lagt til málsins eins og l., sem hv. þm. fékk samþ. á sínum tíma, þegar hann var ráðh., um það, að á vissu tímabili mætti reisa háskóla, ef þingið veitti til þess fé. Þetta var nú hans stórkostlega hjálp. Það er ekki furða, þótt hv. þm. tali digurbarkalega. — Hvað viðvíkur þessum grútarvegi, sem hann var að minnast á, þá get ég sagt það, að ef háskólinn hefði fengið alla þá lóð, sem honum var ætluð í upphafi þarna suður frá, þá hefði verið óhjákvæmilegt að taka stykki undir götu fyrir framan háskólann. Hv. þm. má náttúrlega kalla þetta grútarveg, ef hann hefir ánægju af. Þetta var því ekkert annað en skipulagsatriði. En til allrar hamingju fyrir háskólann var horfið frá því, að láta honum í té svona stóra lóð,

því að vitanlega hefði það orðið mikill kostnaðarauki fyrir hann, að þurfa að sjá um svo stóra lóð, en þörfin hinsvegar engin fyrir slíkt flæmi.

Hv. þm. sagðist hafa komið með þessa hugmynd, sem hann nú vill gera að veruleika með frv. þessu, í veizlu, sem haldin var, þegar hornsteinninn var lagður að háskólanum. Ég verð að játa, að ég man ekkert eftir þessu, en ég man, að hv. þm. hélt ræðu við þetta tækifæri, og það var klappað fyrir honum eins og öðrum og eins og venja er við slík tækifæri. Hv. þm. má vera eins stoltur af þessu eins og hann vill mín vegna.

Ég þykist vita, að allir þeir, sem vita, hvað háskóli er, viti nokkurnveginn um það, hvaða námsgreinar eru kenndar, t. d. í læknisfræði. (JJ: Hefi ekki verið dósent við háskóla). Það vill til, að slíkir menn koma ekki þangað. (JJ: Hinsvegar ekki eins vitlaus og hv. þm.) Ég veit varla, hvort ég á að fara út í þá útreið, sem hv. þm. sagði, að ég hefði fengið út af embættisveitingu lagadeildar, því að ekki liggur fyrir nein ástæða til að ræða það hér. En ég vildi bara segja það, að menn almennt telja það sjálfsagt, að deildir háskóla ráði, hvort samkeppnispróf skuli fara fram eða ekki. Og hvort haldið þið, að sé betra fyrir einn háskóla, að deildir hans fái að ráða, eða pólitískir ráðh. velji kennarana eftir pólitískum litum.

Ég er sannfærður um, að hv. þm. S.-Þ. veit vel hvernig hagað er veitingu háskólaembætta í Svíþjóð. Það er skipuð nefnd, og sú nefnd fer í gegnum allt það, sem umsækjendur hafa skrifað, en þeir fá frí frá störfum í eitt ár til undirbúnings, ef um samkeppnispróf er að ræða. Álíti nefndin einn af umsækjendum beztan er hann tafarlaust skipaður í embættið, en ef um fleiri er að ræða, fer fram samkeppnispróf. Niðurstaðan var sú í haust við háskólann hér, að 2 menn sóttu um embættið í lagadeild. Annar sagði: „Ég skal keppa". Hinn sagði: „Ég vil ekki keppa". Og þá velur ráðh. þann mann, sem ekki þorði að keppa.

Ég held, að hv. þm. S.-Þ. ætti að segja sem minnst um þetta og láta allt slíkt liggja á milli hluta. Þm. má fara í alla háskóla í veröldinni, og hann skal alstaðar fá sama svarið, að háskóladeildirnar ráði öllu um þetta. Og reynslan hefir alltaf sýnt það, að ef utanaðkomandi áhrif grípa inn í slík mál, þá er það æfinlega til bölvunar.

Ég sé ekki ástæðu til að ræða þetta frekar. Eina skýringin, sem þm. gaf á kosningu rektors, var, að hún væri eins og konungurinn á Ítalíu og Mussolini. Þetta er það ideala fyrirkomulag eftir hans skoðun.

***Flm. (Jónas Jónsson):** Hv. 1. þm. Reykv. er vel að því kominn, að prýða afrek sín og skilning á málum háskólans, en hans skilningur gengur ekki lengra en það, að hann sér ekki þörfina til að kjósa rektor háskólans til eins árs í senn. Meðan menn áttu þennan háskóla sem hverja aðra „lumpna" stofnun, þá stóð á sama, hvort það vandræða ástand héldist eða ekki. Það hefir ekki í 25 ár komið fyrir neina stofnun eins mikill álitshnekkir og kom fyrir háskólann í haust. Það er fyrsta stóra hneykslið, sem komið hefir fyrir háskólann, eins og hv. 1. þm. Reykv. veit.

Þá er hv. þm. að hrósa sér fyrir að hafa fundið upp happdrættishugmyndina. Í sambandi við það vil ég minna þennan hv. þm. á það, að hans flokksbræður, sem þá voru í meiri hl., þótti frv. hneykslanlegt, og jafnvel þeir, þótt undarlegt megi virðast, álitu þetta vera gróðabrallsfrv. Og Morgunblaðið vitnaði í frv., sem Hannes Hafstein flutti um háskólann. Það er því afarbarnalegt að vera að grobba yfir þessum afrekum.

Þm. var ágætur í sambandi við grútarvegginn. En hvernig stóð á því? Var það hann eða hans nótar, sem fundu það upp? Þessi hv. þm. stóð uppi á Skólavörðuholti, eins og menn muna, til að grafa fyrir stúdentagarðinum, en þar vildi hann hafa bæði stúdentagarðinn og háskólann.

Ég þakka hv. þm. fyrir það að hafa minnzt hér á ýms atriði í sambandi við þetta mál. Ég sýndi fram á það, þegar grófturinn byrjaði í Skólavörðuholtinu, að þetta væri hreinasta vitleysa, að byggja háskólann á þessum stað, og það er yfirlýst, að háskólinn og stúdentagarðurinn voru búnir að kosta 20 þús. kr. í gröftinn þarna í holtinu, en svo kom það í ljós, að staðurinn var afaróheppilegur, lóðin lítil og hugmyndin eftir því bjánaleg. Það er sannast að segja, að þessu var svo breytt. Sú lóð, sem háskólinn hefir nú fengið, kom svo af sjálfu sér, því að sjálfsagt þótti að byggja háskólann, þar sem hann nú er.

Alstaðar þar, sem byggð eru slík hús sem þetta, fara fram margra ára tilraunir með teikningar og líkön, til þess að ekki þurfi að verða árekstur, þegar kannske er búið að leggja fleiri þús. kr. í verkið, þótt hv. þm. þætti ekki nein þörf á því, að leita ráða sérfróðra manna um það, hvar eða hvernig ætti að byggja háskólann. Við Ingibjörg H. Bjarnason settum þetta mál fyrst á stað í þinginu, og ég útvegaði lán, til þess að hægt væri að framfylgja lögum frá 1932. Þá þurfti bara að fá lóð, sem hægt væri að byggja á, því að eins og þm. benti á, eru ákvæði um það í háskólalögunum, að staðurinn, sem byggt er á, sé fenginn með leyfi bæjarstjórnar Reykjavíkur. Knut Zimsen tók vel í þetta, en flokksbræður hans í bæjarstjórninni í Rvík voru í mörg ár að ráða við sig, hvort þeir ættu að láta lóð undir háskólann. Meiri hl. bæjarstjórnar Rvíkur vildi ekkert gera til að styðja þetta. Það var alveg út í hött, að háskólinn þyrfti endilega að vera í Vatnsmýrinni, því að hyggilegra var, að hann hefði þá lóð, sem hann hefir nú fengið, en bærinn hefði leikvelli í mýrinni. Götuplanið var þannig hugsað, að byrja átti niður hjá hafnarhúsi, kaupa Hótel Ísland og húsin meðfram Tjarnargötu, sprengja hús og taka „villur" úr götunni, og fylla út í tjörnina og með því breikka Tjarnargötu. Þarna voru gerðar tvær stórar vitleysur. Í fyrsta lagi að kaupa svona dýran hluta af bænum, og í öðru lagi að minnka tjörnina. En þessi íhalds meiri hluti hafði ekki vit til að fordæma þessa vitleysu. Þá var til ætlazt, að rífa háskólabygginguna frá skemmtigarðinum fyrir þann ávinning,

sem þótti liggja í því, að háskólinn hefði umferðargötu að baki sér. En það hefir mikið að segja, hvort háskólinn hefir höfuðgötu fyrir framan sig eða að baki sér. Þetta götuplan er fordæmanlegt vegna fjárhagsins, vegna tjarnarinnar og Tjarnargötu. Þetta plan á að eyðileggja. Þetta kemur aldrei. Bærinn getur ekki keypt Hótel Ísland eða hús B. H. B.

Síðan þetta varð landsmálefni, hefir þessi hv. þm. hvorki haft vit né orð til að fordæma grútarveginn.

Ég hefi þá skoðun um þau orð, sem þessi hv. þm. *lét falla í garð stéttar sinnar, að þau hefðu* mátt kyrr liggja. T. d. telur þm. það lýsa yfirburðaþekkingu á guðfræði, að hafa ekkert vit á því, sem við kemur málfræði eða sagnfræði. [Eyða í handr.]. Þá leyfði hann sér að hafa vit á, hvernig ætti að ala upp lögfræðinga, verkfræðinga og aðra starfsmenn fyrir þjóðfélagið. Hv. þm. veit það, að þessi háskóli okkar, sem býr menn undir embætti í litlu landi, getur ekki gefið mönnum tækifæri til að stunda það, sem kallað er vísindi í stærri löndunum, af því, hvað þjóðin er fátæk, og það þýðir ekkert fyrir okkur að ætla í alþjóðlegum vísindum að keppa við stofnanir, sem styðjast við eins geysilega mikið *fjármagn og þeir erlendu háskólar gera.* Þess vegna er, að það hefir verið sá feiknamisskilningur hjá hv. þm. og hans stéttarbræðrum, þegar þeir hafa haldið, að háskólinn okkar væri vísindastofnun. Það væri gaman, ef hann vildi leggja fram allar ritgerðir, sem rektorar hafa látið frá sér fara síðustu 25 ár, og heyra hann svo halda því fram, að þær væru jafnmerkar vísindalega séð og þær, sem koma frá þeim stóru erlendu háskólum. Ég er ekki að ásaka prófessorinn, en hann ætti að sjá, að háskólinn er aðeins lítill embættismannaskóli, og hlýtur að verða það, og það er enginn kóngakraftur yfir þessu. Allt, sem við þurfum, er að fá góða og ærlega embættismenn út úr þessu, og annað getum við ekki fengið út úr því. Þess vegna er heimskulegt að ætla sér að fara að líkja eftir Sorbonneháskólanum eða háskólanum í London, sem hafa 10—15 þús. meðlimi. Það er barnaskapur hjá hv. þm., ef hann heldur, að á þann sama hátt geti það verið hjá okkur, sem getum ekkert nema leitazt við að fá sómasamlega embættismenn með sómasamlegan karakter og sómasamlega almenna menntun. Við getum ekki hér í okkar fátækt og fámenni líkt eftir þeim miklu skólum í stórveldum heimsins. Þar eru ekki heldur notuð sömu lausatökin og hv. þm. vill hafa hér hjá okkur og hafa verið hjá þeim spekingum, sem voru með grútarveginum.

Og svo er þetta hneyksli í haust, og það var eins og með strákinn, sem hafði fengið hirtingu. Hann sagði: „Ég skal taka fötin af mér aftur". Og þá skyldu menn nú halda, að þessir vísu menn notuðu lærdóminn til að verja málstað sinn. En það gerðu þeir ekki. Þeir gáfust alveg upp við það af þeirri mjög svo frambærilegu ástæðu, að þeir vissu, að þeir höfðu þar orðið sér til stórskammar.

Ég skal svo ekki að þessu sinni tala fleira um þetta, en ástæða væri til, og gefst ef til vill tækifæri til þess síðar, að tala um ýmislegt af því gamla framferði, sem þarna hefir átt sér stað, eins og þegar hv. 1. þm. Reykv. komst að þessari stofnun með röngu. Og svo aumir hafa þessir menn verið, að um eina af þessum persónum, sem var fram á hjá þeim, óskuðu þeir, að hann yrði rekinn. Ástandið í þessari stofnun var komið á þetta ömurlega stig.

Ég hugsa, að ekki sé svo ástæða til að tala frekar um málið við þessa umr., en ég vona, að málinu verði vel fylgt eftir till. n., m. a. af hv. 1. þm. Reykv., sem mun sjá, að það er viðurhlutamikið fyrir hann að vera alltaf á móti þessari *stofnun, sem hann hefir sitt lífsframfæri af,* þó að hann hafi komizt þangað með ranglæti.

Forseti (EÁrna): Þessar umr. hafa farið nokkuð langt frá því frv., sem hér liggur fyrir. Báðir aðiljar eru nú búnir að tala það, sem þingsköp leyfa, en ég mun þó leyfa hvorum þeirra að gera stutta aths., ef þeir óska.

***Magnús Jónsson:** Hv. flm. hefir rétt til að tala einu sinni oftar en ég, og hefir hann nú notað þann rétt óspart. Samt gat hann nú, sem vænta mátti, ekki útskýrt, hvernig sú reynsla, sem rektor á að fá með því að kjósa hann til 3 ára, á að geta komið honum að haldi, þegar hann er að setja skólann í fyrsta sinn, þ. e. a. s. að vinna sitt fyrsta verk sem rektor. Ég vil nú spyrja hv. þm.: Heldur hann, að sá rektor, sem nú er, hefði hagað sér á einhvern hátt öðruvísi, ef hann hefði ekki verið kosinn til 3 ára en til eins árs. Ég vænti, að hann svari þessu.

Þá sagði hann, að ég hefði fengið hugmyndina um happdrættið frá svindlurum, og Hannes Hafstein hefði neitað að bera það fram fyrir konung. Ég bar frv. fram einmitt til þess að kveða niður þessa hugmynd. En það er bezt fyrir hv. þm. að snúa sér til flokksmanns síns, hæstv. forseta Nd., og spyrja hann um það frv., sem hann var 1. flm. að hvað eftir annað. En ég lét rannsaka í Danmörku, hvernig heppilegast væri að koma svona happdrætti fyrir. Frv. var ekki afgr. í fyrsta skipti, sem það kom fram, en vegna þess að það hafði verið rannsakað, var hægt að bera það fram síðar án frekari undirbúnings. Ég geymdi þetta, vegna þess að ég vildi heldur bíða að bera málið fram, þangað til það hefði fengið nauðsynlegan undirbúning og þingið yrði þannig skipað, að tryggingu væri fyrir, að málið næði fram að ganga. Ég var samt dálítið smeykur um afdrif þess, þegar því var hent inn í þingið, en það bjargaðist betur en ég hélt, vegna þess að á bak við það stóð duglegur agitator frá stofnuninni og duglegir þm. eins og hv. þm. S.-Þ.

Þá var hv. þm. að tala um þá dæmalausu fásinnu, að ætla að hola háskólanum niður uppi á Skólavörðuholti, og var að skopast að því, að ég hefði staðið þar sjálfur með skóflu í höndum. Hann má gjarnan kasta rýrð á mig fyrir það, að ég hafi haldið á skóflu. Ég teldi mér enga minnkun, þó að ég hefði alla ævi verið að vinna með því þarfa verkfæri. En hver var þá kennslumrh.? Það væri gaman að sjá Tímablöðin frá þeim tíma með öllum þeim lofgreinum, sem þá voru skrifaðar um hv. þm. fyrir

hans miklu hlutdeild í að útvega þarna ókeypis lóð fyrir stúdentagarðinn, og með því var vitanlega um leið ákveðið, að háskólinn stæði þarna líka. Annars held ég, að hv. þm. hafi verið sú náðarsól, sem skein þannig, að allir gluggar vissu undan. En svo kom Knud Zimsen og stakk upp á að færa skólann á heldur rýmri stað, og var svo horfið að því ráði.

Hv. þm. sagði sem dæmi upp á, hvað lítið vit ég hefði á þessu máli, að ég sæi ekki einusinni, að það þyrfti mikinn undirbúning. Ég veit ekki, á hverju hann byggir þetta. Þegar byrjað var að reisa stúdentagarðinn, leyfði ég mér að vera á móti, að byrjað yrði þá strax á að koma honum upp, en hélt því fram, að fyrst yrði að planleggja alla lóðina. Hann var nú samt settur þar, sem hann er, og held ég, að það hafi tekizt sæmilega, en þó held ég, að hann sé heldur neðarlega. Hann er of nærri þessari götu, „grútarveginum", sem hv. þm. nefnir svo, og sýnir með því hugarfar sitt, að vilja kalla götuna þetta. En þarna verður þó a. m. k. að vera akbraut framhjá háskólalóðinni. Ég held því, að það hríni ekki á mér, að ég vilji hroða þessu af, því að ég vildi einmitt rannsaka allt og undirbúa, áður en hafizt yrði handa um framkvæmdir.

Mér skilst, að hv. þm. telji sig fyrsta manninn, sem sá, að byggja þurfti háskóla. Það var svo sem eins og þegar hann fann Íþöku, þó að það hús hefði staðið langalengi. Það væri gaman að vita, hvað mörg erindi frá háskólanum hafa legið fyrir þinginu, þar sem bent er á nauðsynina fyrir að byggja háskólann. Það hafa sem sagt alltaf verið að koma álit og áskoranir um, hve aðkallandi væri að sjá þessari stofnun fyrir betra húsnæði.

Um skipulag bæjarins skal ég ekki segja margt. Það getur vel verið, að Gjerlöff hafi fyrstur haldið þessu fram hér. Verið getur, að skaði sé að gera Tjarnargötuna að mikilli umferðagötu, en að einu leyti er það þó skynsamlegt. Það er sem sé miklu ódýrara að breikka Tjarnargötuna út í tjörnina heldur en ef þarf kannske að rífa niður heil hús til að breikka götu, og það er áreiðanlegt, að þótt gerð yrði svo sem 2 m. breið uppfylling út í tjörnina til að breikka götuna, þá mundi enginn geta fundið út nema með vísindalegum mælingum, að tjörnin hefði minnkað. En þegar hv. þm. er að tala um, að eigi að rífa niður heil bæjarhverfi, þá væri rétt að minnast á þjóðleikhúsið. Hver réði því, að það var sett á stað, þar sem ómögulegt var að sjá það?

Hv. þm. var mikið hrósað fyrir að hafa fengið ókeypis lóð, en svo þurfti að kaupa hús og lóðir og gera eignarnám og kosta stórfé til að fá blett til að geta séð leikhúsið á þessari ókeypis lóð. Það er eins og í sögunni um Molbúana, sem ætluðu að láta smalann reka storkinn úr akrinum, en smalinn hafði stóra fætur, svo að þeir létu átta menn bera hann, svo að hann gæti rekið storkinn burt. Þarna var fengin ókeypis lóð, sem var á svo óheppilegum stað, að varð að gera eignarnám á húsum og lóðum og verja til þess stórfé, svo að rúmið yrði nægilega mikið.

Annars er það fjarstæða, sem ég hefi aldrei heyrt, að ætti að framkvæma, að byrja á götunni niður við höfn. En húsin, sem standa þar, sem gatan á að liggja, eru smá timburhús, og það á að nota hvert tækifæri, þegar eitthvert þeirra er aflagt, til að rýma til á þessari línu, unz hægt verður að leggja alla götuna. Ég skal samt engan dóm á það leggja, hvort leggja skuli þessa götu eða hvort nauðsynlegt sé fyrir háskólann að fá hana.

Þá þarf ég aðeins að minnast á þau orð hv. þm., að ég hefði komizt að háskólanum með rangindum. Ég skil vel, að hann áliti það, fyrst hann telur menn réttast komna að slíkum embættum með því að neita að keppa, en ég aftur á móti tók þátt í samkeppninni og sigraði. En mér er sem ég heyri, hvað hann hefði sagt, ef ég hefði neitað að keppa og síðan fengið embættið. Hann hefði sagt sem svo: „Sjáið, þarna er maðurinn, sem neitaði að taka þátt í samkeppnisprófinu, en fékk stöðuna samt og hefir þannig komizt ranglega að þessari stofnun". Hv. þm. segir, að af því að ég keppti, hafi ég fengið stöðuna með rangindum, en sá, sem neitar að keppa, sé rétt að henni kominn, og þá væri sá líklega allra réttkjörnastur, sem keppti og félli svo í keppninni. Það væri sjálfsagt það alfullkomnasta eftir hans skilningi.

Þá var hv. þm. enn að sýna ást sína á háskólanum með því að sýna fram á, hvað hann væri lítilfjörlegur. Það þyrfti ekki annað en að líta á ritgerðirnar, sem fylgt hafa árbókinni til að sannfærast um það. Ég hefði gaman af, ef hv. þm. ætti kost á að lesa erlenda dóma um fjölda af þessum ritgerðum. Þær hafa margar verið lesnar úti um heim og vakið mikla athygli, og sumar verið lagðar til grundvallar í sinni grein, en sumar eru vitanlega léttari eða yfirlitsritgerðir. Ég vil t. d. benda á ritgerð, sem einn af prófessorum háskólans hefir skrifað í stórt útlent vísindarit, þar sem skrifað var um fólksfjölda í ýmsum löndum. Þessi prófessor skrifaði ritgerð um Ísland. Ég hefi séð marga dóma um þessar ritgerðir, og allir telja íslenzku ritgerðina bezta, en sumir telja þó, að danska ritgerðin komist til jafns við hana. Hv. þm. ætti að gleðjast yfir, að ekki skuli allt vera lítilfjörlegt hjá okkur, og að til skuli vera fræðimenn hjá okkur, sem geta skrifað slíkar ritgerðir. Ég vil aðeins nefna fá nöfn, t. d. Guðmund Magnússon. Var hann kannske ekki vísindamaður? Eða Sæmundur Bjarnhéðinsson? Hann hafði heimsnafn. Eða Björn Ólsen eða Sigurður Nordal? Það er óþarfi að draga af okkur það, sem við eigum. Eða Helgi Tómasson, sem hv. þm. þekkir vel? Eða menn eins og Niels Dungal? Rockefellersstofnunin kann að meta hann betur en hv. þm. Háskólinn okkar á við svo slæm skilyrði að búa, að slíkt þekkist ekki við nokkurn annan háskóla, hvar sem leitað væri. En hann hefir átt marga vísindamenn, *menn sem hafa haft heimsnafn* og verið stofnuninni og þjóð sinni til hins mesta sóma, og það er ekki rétt af okkur að draga úr því á nokkurn hátt og gera minna úr okkur en þörf er á.

Þá fór hv. þm. að tala um stjörnina á skólanum og benti þar á sem einhverja fyrirmynd, að Wilson hefði verið kosinn kanslari fyrir ein-

hvern stóran háskóla. En ég vil segja: Okkar litla háskóla hæfir sú einfalda stjórn. Hún hefir ekki komið háskólanum að baga.

Ég þakka svo hæstv. forseta fyrir þolinmæðina, þar sem þetta er aðeins stutt aths.

*Flm. (Jónas Jónsson): Ég vona, að ég geti í lok míns máls þakkað hæstv. forseta á sama hátt og hv. síðasti ræðumaður. — Hann er nú búinn að játa það, sem ég tók fram í sambandi við happdrættið, og hvernig fór með það mál hjá honum í sambandi við þá útlendu loddara. Mig minnir, að það væri Jón Þorláksson, sem stakk tituprjóni í þetta, og svo heyrðist ekki meira um það.

Þá sagði hann, að hann hefði verið að geyma hugmyndina, þangað til við eitthvert hátíðlegt tækifæri. Það er alveg eins og hjá manninum, sem ætlaði sér að verjast tannpínu með því að tyggja ekki nema öðrumegin, en þessar vara-tennur hurfu á undan hinum. Þetta er dálítið lærdómsríkt fyrir hv. þm. Hann segist hafa endurbætt gamla planið frá tíð Hannesar Hafsteins, og þá er hann stuðningsmaður stj. Hann er í meiri hl. og hefði átt að geta fengið frv. framgengt, þar sem hægt var að leggja þessi pund á borðið fyrir framan þakklátan fjmrh. En fjmrh. bara hundsaði það og þótti skömm til koma. Svo lendir hv. þm. í minni hl. og geymir tanngarðinn eftir einhverjum óvæntum atburði. Svo koma háskólalögin og fer að vanta peninga, og þá fyrst vaknar áhugi hans.

Nei, hann ætlaði að bíða eftir, að hann kæmist í meiri hl. og hefði skynsamari ráðh. en Jón Þorláksson. Ég held, að þessi saga sé of góð til þess, að henni sé trúað.

Annaðhvort er hv. þm. ekki vel heyrandi eða ekki vel skynjandi, ef honum er ekki ljóst, að ég taldi honum þetta til lofs. Þetta umtal um lóðina var komið upp hjá þeim, sem stóðu að stúdentagarðinum, áður en ég kom í stj. En þegar ég fór að kynna mér málið, sá ég strax, að lóðin var of lítil, og vildi fá stykki þar suður af í viðbót undir háskólann, með tilliti til framtíðarmöguleikanna. Hv. þm. viðurkennir gersamlegan ósigur sinn með því að játa, að hann hafi verið á móti því, að garðurinn yrði reistur þarna, en auðvitað var ekkert tillit tekið til hans í því efni.

Hv. þm. sagði, að ég hefði gefið í skyn, að ég hefði fundið bókasafn menntaskólans. Ég hygg, að þetta séu nokkrar ýkjur hjá honum. En hitt er annað mál, að þetta laglega bókasafn, sem skólanum var gefið fyrir 2 mannsöldrum, varð fyrir því, að við því tóku menn á svipuðu kúltúrstigi og hann, menn sem lokuðu því, létu það fyllast af ryki o. s. frv. Saga þess íhalds, sem tók við gjöfinni og ráðstafaði á þennan hátt, er lærdómsrík um þann blæ, sem verið hefir á því andlega lífi, sem hv. þm. er sprottinn upp úr og tilheyrir enn. Meðferð Íþöku hefir verið svo svívirðileg, svo skammarleg og ber vitni um svo mikinn ræfilsskap, að ég er hv. þm. þakklátur fyrir að hafa minnzt á þetta, svo að þessar umræður okkar á milli kæmust inn í þingtíðindin. Er það því seinheppilegt af hv. þm. að vera að halda fram því, sem hann gerði.

Þá var hv. þm. ekki heppnari með þjóðleikhúsið. Liggur fyrir ýtarleg skýrsla í einu dagblaðinu hér, þar sem sagt er frá öllum fundargerðum um þetta mál, og hefir Indriði Einarsson skrifað mér bréf, þar sem sagt er, að allt þetta sé rétt. Þetta bréf á ég enn. Samkvæmt þjóðleikhúsl. frá 1923 er ákveðið, að landið leggi leikhúsinu til ókeypis lóð á Arnarhólstúni. Í n. þeirri, sem um þetta fjallaði, voru þeir Indriði Einarsson, Jakob Möller og Einar Kvaran. Þessir menn réðu því, að Þjóðleikhúsið var sett þar, sem það nú er, þvert á móti mínum till., en ég hafði þá einungis ráðgefandi vald í málinu. En ég vildi, að húsið yrði reist á Skólavörðuhæð. Þeir færðu þær ástæður fyrir sínu máli, að lóðin væri gefin og að heppilegra væri að hafa húsið nálægt miðbænum. En húsið var sett þarna, sem það er, þvert á móti vilja mínum og húsameistara ríkisins.

Ég hefi bent á það, að Alþingi hefir með miklum meiri hl. atkv. samþ. að skora á ríkisstj. að hefja undirbúning að því, að reynt yrði að mynda torg framan við þjóðleikhúsið. Ef hv. þm. hefði nokkurt vit á skipulagi bæja, ef hann hefði t. d. séð Þrándheim, sem er allmiklu stærri bær en Rvík, myndi hann vera þessu samþykkur. Er svo lítið af torgum hér í bæ, að hann ætti að vera okkur þakklátur, sem stóðum að þessari till. í fyrra. Það er víða gert, að hafa svona torg, þar sem það á við, enda borgar það sig jafnaðarlega, með því að lóðirnar kringum torgin verða dýrari, þegar fram í sækir. Ef hann vissi, hvernig Oslóbúar eru að skapa torg í kring um sitt ráðhús, myndi hann ekki vera með þetta háðsglott fáfræðinnar á vörum.

Hv. þm. segir um sjálfan sig, að hann hafi unnið í prófþraut. Ég fer ekki út í það mál. Sá, sem við hann keppti, var honum á allan hátt fremri, og ástæðan til, að Tryggvi Þórhallsson fékk ekki embættið, var sú, að einn maður í nefndinni hafði sérstaka öfund og óbeit á föður hans. En ef horinn er saman ferill þessara manna eftir 1917, er fljótséð, hvor þeirra ber þar hærra hlut, þó að öðrum þeirra hafi ekki enzt aldur á við hinn. (MJ: Ef hann væri enn á lífi, ætli hann fengi þá lof?). Ég býst við, að ég hafi sagt meira gott um hann en þessi hv. þm. Ég get sagt hv. þm. það, að hann getur leitað vel í annálum flokksklofninga hér á landi, án þess að finna, að meir hafi verið stillt í hóf deilum manna í millum en þá, er Bændaflokkurinn klofnaði frá Framsóknarflokknum. (MJ: Var það ekki Tryggvi Þórhallsson, sem fann einu sinni 70 lygar í einni grein hv. þm.?). Jú, að því er hann sagði, en ég lét hann ekki gjalda þess, þó að hann væri þar nokkuð seinheppinn, og þó að ég bæði hann að finna eina eða tvær, þá tókst það ekki. Það var svipað og afstaða hv. þm. gagnvart kennslumálarh. í vetur. (MJ: Nú, var hann þá svipaður?). Nei, ekki hv. þm., því að þeir hafa báðir gengið undir stór próf síðar í lífinu, þar sem orðið hefir ólík útkoma.

Þá er röksemd, sem þeir hafa heykzt á að svara, hv. þm. og kumpánar hans. Í haust sendu þeir Bjarna Benediktsson, dreng nýbakaðan, út með styrk frá háskólanum. En Þórður Eyjólfsson, sem allir vita, að hefir miklu meiri hæfi-

leika, og hafði auk þess verið styrktur áður, mátti ekki koma til mála. Íhaldsklíkan sagði sem svo: Við viljum hafa mann, sem er eins og við, utan og innan. Svo finna þeir Bjarna og kosta hann til Þýzkalands. Próf vildu þeir ekki hafa, því að þeir óttuðust Þórð Eyjólfsson. En þegar þeir geta ekki haldið Þórði burtu, þá taka þeir þennan dreng, sem hv. þm. getur kynnt sér hjá prófdómendum, hvernig hans próf gekk, og senda hann út með styrk frá háskólanum. Þeir þrjózkast við að hafa keppni um þetta, þótt vitað væri, að fleiri sæktu. En þegar þeir eru svo búnir að kosta sinn kandidat, þá neitar auðvitað sá maður, sem til móts við hann var, að taka þátt í þessum skripaleik, að ganga til einvígis, þar sem öðrum er fengin skammbyssa í hönd, en hinn á að vera vopnlaus. En nú reyndi á, hvernig þeir ættu að klára sig frammi fyrir landslýð öllum, og endirinn varð sá, að þeir láku niður eftir allar sínar samþykktir. Minnir frammistaða þeirra á hetju eina í Njálu, sem stundum var í félagi við Kára Sölmundarson.

Þá var hv. þm. mjög gleiðgosalegur yfir því, hve góðar árbækurnar væru. Hann sagðist hafa heyrt það sagt og jafnvel séð ritdóm, þar sem þetta væri fullyrt. Í Englandi er það máltæki, að enginn Íri sé svo fátækur, að hann hafi ekki annan í eftirdrægi, sem sé enn fátækari. Og ég get skilið, að til séu svo lítilfjörlegir menn, að þeir vitni í „Pál postula", þó að ég hafi ekki heyrt getið nema einnar vinnukonu fyrir norðan, sem sagði upp úr svefni þau viðurkenningarorð, að Páll postuli væri svo ódýr, af því að hann væri gefinn út fyrir styrk úr sáttmálasjóði.

Annars held ég, að hv. þm. misskilji möguleikana fyrir því, að hér sé hægt að reka vísindastarfsemi. Heldur hann, að auðvelt sé með þjóð, sem er ekki nema 115 þús. að tölu, að reka vísindalegar rannsóknir í náttúrufræði, eða jafnvel lögfræði eða guðfræði, í samkeppni við háskóla stærri þjóða, þar sem allt er lagt upp í hendur vísindamönnum. Það er ekki annað en fjarstæða, að hér sé hægt að keppa við erlenda vísindamenn. Hv. þm. vitnaði í mann, sem varpar ljóma á okkar háskóla, Sigurð Nordal. En man hann, hvaða styrk Sigurður Nordal fékk frá háskólanum, þegar hann var í þann veginn að flæmast héðan? Hann fékk styrk alls Framsfl., alls Alþfl. og Ingibjargar Bjarnason og Ágústs Flygenrings frá Sjálfstfl. Ef sjálfstæðismenn hefðu mátt ráða, hefðu þeir flæmt hann héðan fyrir einar 2000 kr. Þeim þótti illt, að þingið skyldi vilja sýna þann stórhug, að gera honum fært að haldast hér við. Það er gott að fá þetta staðfest einu sinni enn í þingtíðindunum, hverja stórsýn Sjálfstfl. sýndi, þegar um það var að ræða að fella tillagið til Sigurðar Nordal. (MJ: Væri ekki nær að launa prófessorana þannig, að þeir gætu lifað?). Ég vil minna á, að munur er á Jóni og séra Jóni. Ég álít, að því er hv. þm. snertir, að hann hafi nóg laun, miðað við præstationir hans í háskólanum. Ég get ekki sætt mig við, að laun hans við háskólann verði hækkuð, með tilliti til alls, sem hann dregur að sér þar fyrir utan. (MJ: Ég sé, að hv. þm. myndi vera með launahækkun prófessora yfirleitt). Ég væri því samþykkur, að laun yrðu hækkuð við 4—5 menn. (MJ: Framsóknarmennina?). Ég veit ekki, hvort nokkrir framsóknarmenn eru í prófessorsstöðum háskólans.

Þá minntist hv. þm. á tvo fræga vísindamenn, og var annar vinur minn Helgi Tómasson, en hinn Niels Dungal. Ég held ekki, að ég þurfi að argúmentera um vísindahæfileika Helga Tómassonar, því að ég hefi víst óafvitandi afsannað hans kvalifikationir, enda lifir hann nú nokkurskonar skuggalífi, og virðist honum vera orðið það ljóst sjálfum, að hann sé ekki mikill vísindamaður. En að því er hinn snertir, ætla ég að minna á síðasta vísindaafrek hans í sambandi við Deildartunguveikina, þegar hann sá sniglana skríða út og suður og fara í hausana á rollunum, eins og segir í skýrslunni í Mogga. Menn voru himinlifandi, sérstaklega þeir, sem trúa á Moggann. Maðurinn kemur á staðinn og sér þegar kvikindin og skrifar síðan um málið í Moggann. Málið lá ljóst fyrir; veikin er ekki smitandi, en ef fé gengur þröngt á beit, getur kvikindum þessum fjölgað, og er það slæmt, og því ráðleggur Mogginn Jóni í Deildartungu að hafa færra fé. Þetta er ein af 4 útgáfum kenninga Nielsar Dungals. Kenningar þessar leiddu til þess, að bændur urðu grandalausir og hirtu ekki um að einangra fé, en fóru heldur eftir kokkabókum þessa ljóss frá Háskóla Íslands. Öll ábyrgðin á mistökunum í sambandi við Deildartunguveikina hvílir á Niels Dungal og Morgunblaðinu fyrir að trúa á herfilegustu vitleysu. Niels Dungal þykist vita út og inn hluti, sem hann vissi alls ekki, og verður síðan að standa sem glópur frammi fyrir allri þjóðinni og viðurkenna, að hann viti ekkert. Þegar ríkisstj. ymprar á því við hann, að ástæða væri til að reyna að fá einhverja hjálp frá útlöndum, þá segir Dungal, nei, ég veit allt. Svo mikil var trúin orðin á þessum vísindahæfileikum Dungals, að þessu var látið fram fara. Svo verður hann brí- eða fjórsaga frammi fyrir þjóðinni, og veikin heldur áfram að herja. Þá kemur landbrh. að máli við hann og segir, að þetta megi ekki lengur svo til ganga, það verði að fá úr því skorið annarsstaðar, hvort engin ráð séu til við þessu. Nú var ungur læknir, sem þingið hefir veitt styrk og unnið hefir hjá Dungal. Forsrh. sagði við hann: Viljið þér fara til London með sýkt lungu sem sýnishorn og reyna að fá mann þaðan hingað. En þegar Hermann Jónasson er búinn að tala um þetta við Guðmund Gíslason, þá kemur Dungal upp í stjórnarráð heldur lúpulegur og biður þess, að hann verði látinn fara til Lundúna. Og hann fær að fara. Allir, sem lesið hafa Moggann, vita þessa sorgarsögu. Dungal átti að útvega mann, sem gæti hjálpað. Hann finnur engan mann. Hann fær enga vitneskju um sjúkdóminn. Síðan hittir hann, í London eða Kaupmannahöfn, mann, sem honum lízt vel á, og er sá frá Suður-Afríku. Símar hann nú heim í Moggann þessi gleðitíðindi, sem er vel tekið þar og þakksamlega, og eru birtar fregnir um það, að nú sé Dungal að koma heim með góðan mann, og nú ætli þeir tveir að berjast sameiginlega gegn borgfirzku veikinni. Forsrh. heimilar, að maðurinn komi. Dungal kemur heim,

og birtist nú mynd í Morgunblaðinu og löng skrif um það, að Suðurafrikumaðurinn sé væntanlegur innan skamms. En sá, sem ekki kemur, er Suðurafrikumaðurinn, en sú, sem lætur sjá sig, er kona hans, sem hingað kemur eitthvað á vegum Dungals og býr hér á hóteli, og hún gerir aðra tegund visindalegra athugana en að rannsaka Deildartunguveikina. Hún kemst að raun um það, að landið sé svo óbyggilegt og loftslag hér svo illt, að það nái engri átt, að hennar verri helmingur komi hingað, hann muni ekki þola loftslagið. Þannig var þessi eini aðdráttur Dungals sá versti, sem orðið gat, því að ef konan hefði ekki komið, þá hefði hann þó líklega getað slysazt til að draga manninn hingað. Dungal er hér enn, en ekki veit ég, hvort konan er farin.

Ég veit ekki, hversu mikla þakklátssemi ég á að láta í té við hæstv. forseta fyrir það, að hann hefir verið miskunnsamur við mig, eins og hv. 1. þm. Reykv., og leyft mér að ræða þetta mál svona ýtarlega. En sérstaklega er ég þakklátur hv. 1. þm. Reykv. fyrir það, að hann hefir gefið mér tækifæri til þess að upplýsa hér ýms mál viðvíkjandi Háskóla Íslands, sem hann hefir sjálfur bent á. Ég hefi fengið tækifæri til þess að gera upp mitt viðhorf til háskólans, en það er, að þar eru þó nokkrir dugandi menn, sem ástæða er til að hlynna að, enda hefir það tekizt, að því er suma snertir. Hinsvegar vona ég, að það standi ljóst fyrir eftir þessar lítilfjörlegu umræður okkar hér, að það mun ekki veita af því, að gera fyrst og fremst þessa breyt. á kosningu rektors til eins árs í stað þriggja, heldur líka aðrar mjög stórvægilegar breytingar, þangað til háskólinn verður eins og þjóðin þarf að hafa hann.

*Magnús Jónsson: Ég ætla ekki að vaða í gegnum allan þennan gashnött, sem hv. þm. hefir búið til. Ég get sett á mig gasgrímu og náð í eitt eða tvö korn. — Hann sagði, að ég hefði sigrað í samkeppninni, af því að einn af kennurum guðfræðideildar hefði öfundað föður og tengdaföður Tryggva Þórhallssonar. Ég skal upplýsa það, að tveir menn utan guðfræðideildar, þeir Björn Ólsen og Jón Aðils, voru kvaddir til, af því að um sögulega ritgerð var að ræða, og þeir kváðu upp úr með dóminn. Hinir voru svo sammála. Ég hygg, að eitt atkv. hafi verið á móti mér, annaðhvort í ritgerðinni eða fyrirlestrinum, eftir því sem mér hefir verið tjáð. Annars voru atkv. alveg sammála, og sagnfræðingarnir utan d. réðu dómnum um söguritgerðina. Þetta er fullt eins satt og það, sem hv. þm. S.-Þ. sagði, því að ræða hans var þessi dæmalausi vaðall.

Það er leiðinlegt, að Dungal skuli ekki vera hér viðstaddur, svo að maður gæti haft sanna sögu af rannsóknum hans. Ég held, að bændur í Borgarfirði séu fullt svo dómbærir í þessu máli og hv. þm. S.-Þ., og mér sýnist, að þeir hafi mikla trú á Dungal. Ég er ekki viss um, að hv. þm. afli sér mikilla vinsælda hjá bændum landsins með því að sýna fram á, að Dungal sé alveg gagnslaus maður í sínu starfi. Ég held, að honum endist ekki lengi það blaður.

Þessar umræður hafa ekki verið gagnslausar. Þær sýna, hvers vegna þetta frv. er borið fram. Það er borið fram af því, að Dungal er núna rektor háskólans. Það er eingöngu borið fram af því, að hann hlaut kosningu til þriggja ára. Þess vegna er svo fyrirskipað í frv., að rektorskosning skuli fara fram þegar í vor. Hann virðist hafa von um, að hann geti unnið að því, að Dungal verði ekki endurkosinn. Bara að Dungal verði þá ekki endurkosinn! Svo hafa þessar umræður gert það að verkum, að maður hefir enn einusinni fengið kvikmynd af Gróu frá Leiti. *Hann blandar erlendri konu í þetta mál*, og manni átti víst að skiljast svo, að hún hefði elt Dungal hingað. Hann talaði um þetta aðdráttarafl hans. Ég held, að hann hafi með því, að bæta þessari skömm ofan á það, sem hann hefir áður sagt, slegið met með þessu.

*Flm. (Jónas Jónsson): Ég er ánægður yfir því, að hv. þm. finnur til nokkurs sviða undan því, að hafa fengið dósentsembættið ranglega. Nú segir hann, að aðkomumenn utan úr bæ, sem ekki voru guðfræðingar, hafi dæmt um þetta.

Það, sem hann hefir sagt um þetta hér, skiptir ekki máli. Það, sem máli skiptir, er, að sá eini guðfræðingur, sem hafði nokkurt álit, en það var Haraldur Níelsson, var á móti þessum hv. þm. og með Tryggva Þórhallssyni. Það var þess vegna, sem þetta var svo þungt fyrir hv. þm., því að þótt hann hefði með sér sagnfræðingana, þá hafði hann ekki með sér þann mann, sem mestu máli skipti að hafa með sér.

Þá hefir hv. þm. farið að tala hér um visindalega „kvalifikation“ ýmsra, meðal annars Dungals, svo að hann á það upp á sjálfan sig, að hafa byrjað á því, að ræða um þessa hluti hér. Hann talaði um Helga Tómasson og ýmsa aðra, sem ekki hafa verið rektorar Háskólans, og þeirra visindalegu „kvalfikation“ kom líka til umræðu hér. En það, sem hv. þm. vill ekki skilja, er, að þau vinnubrögð í háskólanum, sem staðið hafa í sambandi við útnefningu Bjarna Benediktssonar og Gunnars Thoroddsens, þurfa að hverfa.

Þá heldur hv. þm., að bændur landsins standi á blístri út af því, hvað Dungal vilji fyrir þá gera. Sannleikurinn er sá, að Dungal hefir gert bændum mikið ógagn, með því að þykjast vita, hvað borgfirzka veikin væri. Hann þóttist vita, hverjar sóttkveikjurnar væri, og sendi falsskýrslur um veikina út um land. Sannleikurinn er sá, að Dungal er orðinn nokkuð framlágur upp á síðkastið, enda er hann á sömu leið og vinur minn Helgi Tómasson. Deildartunguveikin hefir gert Dungal sama gagn og mér tókst að gera Helga Tómassyni með því að liggja í hálsbólgunni. Það var nokkurskonar Deildartunguveiki, sem gekk að Helga Tómassyni og hefir gert það að verkum, að hann hefir síðan lifað í nokkurskonar Hadesarheimi og fyrirlitið sjálfan sig og verið fyrirlitinn af öðrum.

Hv. þm. heldur, að bændastéttin sé þakklát þessum manni, sem búinn er að gefa henni ósannar upplýsingar og búinn að hindra það, að fenginn væri hingað erlendur maður, og nú hefir fengið þá ánægju, að allir dýralæknar landsins

hafa risið móti honum og vilja ekkert með hann hafa. Þeir dýralæknar, sem eru sérstaklega íhaldsmenn, vilja, að hingað sé fenginn maður frá Englandi til þess að standa fyrir rannsóknunum, af því að þessi mikli vísindamaður er svo fallinn í gegn, að þeir vilja ekki líta við honum. Ósigur hans er svona fullkominn.

Að síðustu vil ég segja þetta við hv. þm.: Ef hann getur neitað því að „specialistinn" frá Suður-Ameríku hafi sent konu sína hingað, þá eru það náttúrlega rök. Sannleikurinn er sá, að þetta er það eina, sem Dungal hefir gert, og það er svo hlægileg ráðstöfun, að annað eins þekkist varla. Ef hv. þm. leggur annað í þetta en ég, þá er það hans innræti og þekking hans á Dungal, sem sést á því.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til menntmn. með 10 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

67. Eftirlit með skipum.

Á 13. fundi í Ed., 3. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 93 3. maí 1935, um eftirlit með skipum (þmfrv., A. 58).

Á 16. fundi í Ed., 8. marz, var frv. tekið til 1. umr.

***Flm. (Sigurjón Á. Ólafsson):** Ég hefi gert nokkra grein fyrir máli þessu í þeirri grg., sem því fylgir og sjá má á þskj. 58. En mér þykir rétt að gera nokkru nánari grein fyrir innihaldi þess heldur en þar er gert.

Lög þau, er hér um ræðir, eru ekki gömul, því að síðasta meðferð þeirra á þingi var árið 1935, og sú breyting, sem þá var gerð á lögunum, miðaði að því, að færa skipaeftirlitið á okkar stærri skipum inn í landið, en áður var það í höndum Dana. Nú á síðustu tímum hafa verið upp allháværar raddir — og hvorki undanskildir yfirmenn á skipunum eða aðrir sjófarendur — um að eftirlitinu sé mjög ábótavant, og gagnrýni í þá átt hefir alltaf orðið háværari eftir því sem tímar líða. Meðfram hygg ég, að orsökin til þessarar gagnrýni og ótta um, hvað mikið sé í húfi, sé sú, hvað skipafloti okkar er orðinn gamall og þar af leiðandi farinn að hrörna. En það liggur í augum uppi, að eftir því sem skipin eru eldri, því betra eftirlit þarf. Þessi gagnrýni kemur fram á ýmsan hátt, að eftirlitinu gegni menn, sem ekki séu starfi sínu vaxnir, og í öðru lagi, að ábyrgðartilfinning þeirra sé ekki nógu rík fyrir því, hverju þeir eigi að líta eftir. Ennfremur hefir gagnrýnin beinzt í þá átt, að það sé farið í kringum skipaskoðunina af hálfu þeirra, sem skipin eiga. Þegar skoðun fer fram, séu jafnvel lánaðir á skipin nauðsynlegir hlutir til þess að sýna, þegar skipaskoðunarmaður er viðstaddur, sem svo er skilað eigendum þeirra aftur. Það eru til rökstudd dæmi um, að þetta hefir átt sér stað. — Þá er því ennfremur haldið fram, jafnvel þegar flokkun eigi sér stað, að þá sé ekki sem vandlegast gengið til verks í viðgerð skipa, að þau séu nægilega örugg á eftir. Því miður er þessu til staðfestingar dæmi um það, að skip hafi farið úr Slippnum, komizt vestur fyrir Öndverðanes og verið komin að því að sökkva þar.

Það væri ýmislegt fleira í þessu sambandi, sem hægt væri að nefna sem nauðsyn fyrir því, að herða á eftirliti með skipum.

Höfuðbreytingin, sem felst í þessu frv., er sú, að skoðuð verði árlega öll skip, allt niður í 15 rúmlesta stærð, sem orðin eru 12 ára gömul, en eins og lögin eru nú, eru þau ekki skoðuð nema annaðhvert ár, önnur en farþegaskip. Þau eru skoðuð árlega. Þetta er veruleg breyting, sem ætti að þýða það, að öryggi skipa ætti að vera nokkru betur borgið en nú er, einkum ef reiknað er með því, að 12 ára gömul skip séu á þeim aldri, að þau þurfi nánara eftirlits með. Og í öðru lagi er í ýmsum minni atriðum ætlazt til, að eftirlitið sé miklu betur rækt heldur en áður.

Þá er ein höfuðbreytingin sú, að sjómannastéttin ráði því að nokkru, hverjir framkvæmi þessa skoðun, en nú eru þeir menn eingöngu valdir af skipaskoðunarstjóra. Vitanlega má vænta þess, að skipaskoðunarstjóri hafi góða þekkingu á því, hverjir séu til slíks starfs ráðnir, en hinsvegar verður einnig að vænta þess, að þekking sjómanna sé jafngild og þeir megi benda á menn, sem geti gert slíkt samvizkusamlega. Í öðru lagi er í þessu sambandi rétt að benda á, að þessir menn eiga að sjálfsögðu að vera svo hæfir til starfsins, sem frekast er, með þá sjómannsþekkingu og almenna þekkingu á skipum, sem útheimtist til þess að geta talizt fullgildir til starfsins, og það sem mest er um vert, að þessir menn séu alveg óháðir allri útgerð. Því hefir jafnvel þótt nokkuð við bregða, að menn, sem gegnt hafa þessu starfi, hafi sýnt nokkra linkind meðfram af því, að þeir að einhverju leyti hafa verið við útgerð riðnir.

Aðrar höfuðbreytingar, sem mestu máli skipta í þessu frv., eru þær, að hleðslumerki skuli sett á öll skip niður í 30 smál. stærð, en eins og lögin eru nú, er ekki skylt að hafa hleðslumerki á öðrum skipum en þeim, sem sigla á milli landa og ekki eru fiskiskip. Þetta er gert vegna þess, að dæmi eru til, að ofhleðsla hefir valdið fjörtjóni og legið nærri fjörtjóni í öðrum tilfellum. Þess munu og dæmi með öðrum þjóðum, að skylt sé að hafa hleðslumerki á öllum skipum, jafnt fiskiskipum og öðrum. Mér er sagt, að t. d. í Færeyjum séu öll skip með hleðslumerkjum.

Þá fer frv. fram á, að auk hinna föstu skoðunarmanna séu settir nokkurskonar eftirlitsmenn eða lögreglumenn, sem fylgist með því, hvernig yfirleitt er fylgt þeim reglum, sem settar eru um öryggi skipa, á milli þess sem skoðun fer fram. Það hefir þótt hörgull á því, jafnvel þótt einhver hlutur hafi gengið úr sér, að hann hafi verið endurnýjaður. En skipaskoðunarmenn munu yfirleitt ekki telja það skyldu sína að vaka yfir því, að þessari reglu sé fylgt, að endurnýja það,

sem aflaga fer. Þetta eftirlit er hugsað þannig, að þessir menn eigi alltaf aðgang að skipunum og megi athuga, hvort allt sé eins og vera ber. Verði þeir þess áskynja, að svo er ekki, þá hafa þeir leyfi til að kvarta til skipaskoðunarstjóra eða lögreglustjóra. Þeir skulu vera bundnir þagnarheiti um að gefa ekki upp nöfn þeirra skipverja eða annara, sem kvarta. — Mönnum finnst þetta kannske einkennilegt, en ég verð að geta þess, að þó menn hugsi sem svo, að það sé sjálfsögð skylda sjómanna, að vaka yfir velferð sinni, með því að láta uppi allar umkvartanir, sem þeim þætti nauðsyn á um öryggi skipa, þá er það svo, að menn vilja sem fæst segja, því að ef til vill getur það valdið þeim óþægindum, ef þeir hafa sig mjög uppi í þessum efnum. Og það hefi ég orðið var við, að það sé jafnvel sama, hvort það eru yfirmenn eða undirmenn, að báðir vilja fara varlega í þessu efni. Hinsvegar finnst þeim oft rík ástæða til þess að kvarta, en vilja því aðeins gera það, að það séu ekki gefin upp nöfn þeirra. Ég mun kannske við meðferð þessa máls hér í hv. d. koma nánar inn á þetta atriði; það er svo merkilegt, að sjálfsagt virðist að taka tillit til þess, að eftir litsmennirnir séu bundnir þagnarheiti, eins og hér er gert ráð fyrir.

Ég tel svo ekki rétt á þessu stigi málsins að fara nánar út í efni frv., en vil geta þess, að hér er svo mikið í húfi fyrir þær 6 þús. manna eða fleiri, sem yfirleitt sækja atvinnu út á hafið, að þjóðfélagið verður að gera allt, sem hægt er, til þess að skipastóllinn sé þannig úr garði gerður, að hann geti talizt öruggur. Ef um aukinn kostnað er að ræða, sem þetta hefir í för með sér, þá má ekki telja hann eftir. Ég skal játa, að sá kostnaðarauki, sem verður af þessu frv., er vegna eftirlitsmannanna. Að öðru leyti eru ekki lagðar neinar nýjar byrðar, hvorki á ríkissjóð eða skipaeigendur, en ég geri ráð fyrir, að ríkissjóður greiði þessum eftirlitsmönnum, en ekki skipaeigendur.

Ég geri ráð fyrir, að sú n., sem fær þetta mál til meðferðar, athugi, hvort þessar till. mínar fái staðizt, og hvort ekki sé rétt málefnisins vegna að leggja þessar auknu byrðar á ríkissjóð. Hins vænti ég einnig, að máli þessu verði veitt fullkomin athygli af hv. dm., því að ég held, að ég megi mæla það fyrir munn íslenzku sjómannastéttarinnar í heild, að hún væntir þess, að Alþingi skilji þá nauðsyn, sem hér er á ferðinni, og geri sitt ýtrasta til þess að skapa henni betra og meira öryggi heldur en hún telur sig eiga við að búa.

Ég tel svo ekki þörf á að hafa fleiri orð sem rök fyrir þessu máli, nema frekara tilefni gefist til, en vænti, að að þessari umr. lokinni verði frv. vísað til 2. umr. og sjútvn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til sjútvn. með 9 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

68. Hrafntinna.

Á 5. fundi í Sþ., 5. marz, var útbýtt frá Ed.:
Frv. til l. um einkaleyfi til að flytja út hrafntinnu og selja hana á erlendum markaði (þmfrv., A. 67).

Á 17. fundi í Ed., 9. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til fjhn. með 9 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

69. Húsmæðrafræðsla.

Á 7. fundi í Sþ., 16. marz, var útbýtt frá Ed.:
Frv. til l. um húsmæðrafræðslu (þmfrv. A. 77).

Á 22. fundi í Ed., 19. marz, var frv. tekið til 1. umr.

***Flm. (Páll Hermannsson):** Eins og sjá má á þessu frv., er það flutt eftir tilmælum hæstv. landbrh. Eins og menn vita, er engin löggjöf til í þessu landi um húsmæðrafræðslu. Sú húsmæðrafræðsla, sem farið hefir fram í landinu að undanförnu, hefir þess vegna ekki stuðzt við ákveðna lagareglugerð, og hefir fjárframlag ríkisins til þeirrar starfsemi leikið töluvert í lausu lofti, og stundum er varla hægt annað að segja en að þar hafi gætt mikils ósamræmis. Þetta frv. ætlast til þess, að sett verði lög og fyrirmæli um húsmæðrafræðsluna, að því leyti er snertir sveitafólkið. Það er sem sé gert ráð fyrir því, að húsmæðraskólarnir verði framvegis, eins og þeir reyndar eru nú, sjálfseignarstofnanir, sem eigi aðgang að ákveðnu fjármagni frá ríkinu. Að því leyti, er snertir stofnkostnaðinn, er gert ráð fyrir, að haldið verði þeirri reglu, sem reyndar hefir að nokkru leyti verið farið eftir, sem sé þeirri, að ríkið kosti byggingu og undirbúning skólanna að hálfu leyti, en héruðin að hálfu leyti. Hinsvegar eru sett þau skilyrði um rekstur skólanna, að ríkið leggi fram ákveðna fjárupphæð, miðað við nemendafjölda.

Þegar litið er á húsmæðrafræðsluna hér á landi að undanförnu og svo bændafræðsluna, þá sér maður gríðarmikinn mun. Bændaskólar hafa nú um allangt skeið, hér um bil það, sem liðið er af þessari öld, verið reknir tveir hér á landi á ríkisins kostnað, en hinsvegar hefir húsmæðrafræðslan verið rekin á kostnað héraðanna og nemendanna, að svo miklu leyti sem framlag ríkissjóðs hefir ekki hrokkið til. Ég geri ráð fyrir, að menn séu sammála um, að nauðsynlegt sé að hlúa að menntun bændaefnanna, og ég býst við, að menn séu líka sammála um, að það

sé engu síður gagnlegt að hlúa að menntun væntanlegra húsmæðra og mæðra í landinu, og ég geri ráð fyrir, að menn sjái, að hér er nokkuð misjafnlega skipt, þar sem húsmæðraefni verða, auk þess sem þær verða að greiða mikil skólagjöld, einnig að leggja sérstakt með sér við kennsluna, en húsbændaefnin geta notið kennslunnar algerlega ókeypis að öðru leyti en því, að þeir verða að greiða fæðiskostnað, og fá jafnvel styrk úr ríkissjóði, þegar um verklegt nám er að ræða.

Ég vil nú enganveginn fullyrða, að þetta frv. sé þannig útbúið, að menn geti fallizt á form þess og ýms smærri atriði, en ég vil gera mér vonir um, að hv. þm. fallist á þá stefnu, sem í frv. felst. Ég sé ekki ástæðu til að fara langt út í að lýsa þessu frv. Því fylgir allýtarleg grg. og skýrslur, og þar er náttúrlega hægt að sjá þær upplýsingar, sem ég mundi nefna hér, ef ég héldi um þetta langa ræðu. Ég vil þó benda á það, að þessu frv. er ætlað að hafa tvennskonar tilgang. Það er í tveimur köflum, sem eru nokkuð aðskildir. Í fyrsta lagi er gengið út frá þeirri almennu húsmæðrafræðslu og settar um hana ýmsar reglur, það er fjárframlög, námsgreinir og því um líkt. Í öðru lagi er gengið út frá því, að koma á stofn, áður en langt um líður, skólum, sem geti lagt þeim almennu húsmæðraskólum til forstöðukonur og kennslukonur. Það er svo um alla skóla og ekki síst skóla, sem kenna jafnmikið verklegt og húsmæðraskólarnir, að þeir koma svo bezt að gagni, að hægt sé að láta þeim í té hæfa kennara og forstöðumenn. Ég vil svo sérstaklega benda á það, að tilætlunin er að setja ákveðnar reglur um fjárframlög úr ríkissjóði. Það er gengið út frá því, að á 15 nemendur í hverjum húsmæðraskóla leggi ríkið til 450 kr. á hvern nemenda, og er það þó nokkuð lægri upphæð heldur en ríkið hefir kostað til hvers nemanda á bændaskólunum að undanförnu. Síðast er gert ráð fyrir, að skólarnir kynnu að þola heldur lægri framlög á nemanda, eftir því sem þeim fjölgar, og það er ætlazt til þess, að þegar nemendur eru orðnir fleiri en 15, komi 400 kr. á hvern nemanda fram yfir 15. Sömuleiðis er gengið út frá því, að það misrétti og sá ósiður hverfi alveg, að nemendur á húsmæðraskólunum þurfi að borga kennslugjald. Það er ætlazt til þess, að því leyti sem ríkisstyrkurinn ekki hrekkur til rekstrar húsmæðraskólanna, að þá hljóti viðbót að koma einhversstaðar annarsstaðar að úr þeim byggðarlögum, sem skólarnir starfa í.

Það er ekki ástæða til að fjölyrða meira um þetta frv. Ég geri ráð fyrir, að það muni eftir eðli sínu eiga að ganga til hv. landbn., og ég geri það að till. minni, að því verði vísað til þeirrar n. að þessari umr. lokinni.

*Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson): Það er rétt, sem hv. flm. sagði í framsöguræðu sinni, að hér vantar alveg löggjöf um húsmæðrafræðslu, reglur um, að hve miklu leyti og hvernig ríkissjóður tekur þátt í kostnaðinum við slíka starfsemi og hvernig henni skuli hagað.

Ég er honum sammála um þetta, eins og ég álít líka, að það sé annað svið í sambandi við fræðslumálin, sem einnig vantar löggjöf um; það vantar heildarlöggjöf um styrk til iðnaðarmanna í landinu. Hvortveggja fræðslan fær ekki annan styrk frá því opinbera en það, sem veitt er til einstakra skóla á fjárlögum á hverju ári, en þetta á svo mikinn þátt í fræðslustarfsemi þjóðarinnar, að ég álít rétt, að um það sé sett sérstök löggjöf. En hinsvegar get ég ekki neitað því, að þetta frv. er mér nokkur vonbrigði í þessu efni. Það eru taldir upp sjö skólar, sem ætlazt er til, að verði viðurkenndir með lögum sem húsmæðrafræðsluskólar, og ennfremur þeir skólar, sem síðar kunna að verða stofnaðir, og skulu allir þessir skólar verða sjálfseignarstofnanir eða eign héraða og sýslufélaga til að geta öðlazt réttindi og skyldur laganna.

Eins og fram kom í ræðu hv. frsm., er gert ráð fyrir, að hér skuli einvörðungu vera um að ræða húsmæðrafræðslu í sveitum. Nú er það svo, að það er tæplega helmingur landsmanna, sem býr í sveitum, og það virðist ekki vera minni þörf á því, að hinn helmingurinn, sem býr í kaupstöðum og kauptúnum, fái að afla sér þekkingar í þessari fræðslu fyrir húsmæður. Að þessu þarf ekki að færa mörg rök; það liggur svo í augum uppi. En ég vil leyfa mér að beina því til þeirrar n., sem fær málið til meðferðar, að hún athugi þennan mjög svo stórfellda galla. Ég sé enga skynsamlega ástæðu til að gera fólki misjafnlega hátt undir höfði eftir því, hvort það á heima í sveit eða kaupstað. Ég veit, að sumir þessara skóla, sem hér eru nefndir, hafa áður verið starfræktir með styrk á fjárlögum, en það eru líka til aðrir skólar, sem veita kennslu í húsmæðrafræðslu og hafa verið á fjárlögum, eins og t. d. Kvennaskólinn í Reykjavík, húsmæðraskólinn á Ísafirði og fleiri kaupstöðum, þótt ekki sé um beinlínis fastan húsmæðraskóla að ræða.

Ég sé ekki ástæðu til að hafa um þetta fleiri orð við þessa umr. Ég vildi strax benda á þennan galla, og vona, að n. athugi þetta.

Þorsteinn Þorsteinsson: Ég hefi athugað þetta frv. nokkuð og get látið í ljós ánægju mína yfir I. kafla frv. Að vísu má vera, að eitthvað megi hér um bæta, en yfirleitt virðist mér vera margt til bóta í þessu frv.

Það var nú orðið þannig með suma skólana, að þeir áttu erfitt uppdráttar. Þannig var ástatt um þann skólann, sem næstur er mér og var sjálfseignarstofnun, að hann gat ekki starfað lengur vegna fjárskorts, nema hann fengi styrk frá ríkissjóði.

Ef þetta frv. verður að lögum, þá hverfur sú togstreita, sem verið hefir á milli héraða um styrk til skólanna. Það hefir verið um „slumpa styrki" að ræða hingað til, en samkv. frv. þessu á að fastákveða styrkinn miðað við nemendafjölda, og ég held, að það fari miklu betur á því.

Ég vil nú samt minnast á örfá atriði við þá n., sem þetta mál fær til athugunar. Í 7. gr. frv. virðist mér ekki lögð áherzla á, að matreiðslukennslan fari fram úr innlendum afurðum, en það er nauðsynlegt, að það verði fastákveðið; það getur náttúrlega verið reglugerðaratriði, en ég tel heppilegast, að það verði sett inn í frv. — Að því er snertir ákvæði 8. gr., þá tel ég heppilegast, að það væri fastákveðið, að annar af þeim

mönnum, sem frv. gerir ráð fyrir, að verði valdir í skólaráð af stofnendum hlutaðeigandi skóla, verði valinn af hlutaðeigandi sýslunefnd þeirrar sýslu, sem skólinn starfar í. Nú er það svo um tvo af þeim skólum, sem frv. gerir ráð fyrir, Hallormsstaðaskóla og Reykholtsskóla, að það eru tvö sýslufélög, sem standa að hvorum; í báðum þeim tilfellum mundu tvö sýslufélög þurfa að ráða mann í skólaráð, og mætti gera það með þeim hætti, að sá, sem fengi hæstu samanlagða atkvæðatölu beggja sýslunefndanna, yrði kosinn í skólaráð. — Í 2. lið 9. gr. stendur, að skólaráð skuli ákveða tölu kennara og ráða forstöðukonu. Ég bið hæstv. forseta að afsaka, að ég fer út í einstakar gr. frv., en ég vildi bara benda á það, að ég tel heppilegra, að skólaráð réði einnig kennarana.

Fleiri atriði ætla ég ekki að fara út í að þessu sinni, þó að þau séu að mínu áliti nokkur fleiri, sem athugunar þyrftu við.

Ég vil að endingu endurtaka það álit mitt, að ég hygg, að I. kafli þessa frv., ef að lögum verður, geti orðið mörgum þeim skólum, sem nú starfa og eiga erfitt með að halda áfram starfsemi sinni, til bóta og eflingar.

***Flm. (Páll Hermannsson):** Út af því, sem hv. þm. Dal. minntist á fyrirkomulag á stjórn skólanna og verksvið skólaráðs, þá skal ég taka það fram, að ég tel, að vel geti komið til mála að lagfæra þau ákvæði eitthvað frá því, sem þau eru í frv., og mun ég benda n. þeirri, sem málið fær til meðferðar, á að athuga þetta.

Það er vitanlega alveg rétt, sem hæstv. atvmrh. benti á, að frv. þetta nær aðeins til húsmæðrafræðslu í sveitum. Að við flm. höfðum það ekki viðtækara, var fyrst og fremst sökum þess, að til þess að byrja með fannst okkur þetta nóg viðfangsefni, og ennfremur var það, að við þóttumst færari um að gera till. um húsmæðrafræðslu sveitanna út af fyrir sig en að taka húsmæðrafræðsluna alla í einni heild til meðferðar.

Annars er okkur að sjálfsögðu kunnugt um það, að húsmæðrafræðsla kaupstaðanna þarf líka endurbóta við, og til sönnunar því skal ég geta þess hér, að innan skamms mun von á þál. um húsmæðrafræðslu kaupstaðanna.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til landbn. með 11 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

70. Tekjur bæjar- og sveitarfélaga (frv. BSt).

Á 20. fundi í Ed., 17. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um tekjur bæjar- og sveitarfélaga (þmfrv., A. 81).

Á 22. fundi í Ed., 19. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 11 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Bernharð Stefánsson): Dæmin eru deginum ljósari um það, að tekjur ýmsra bæjar- og sveitarfélaga nægja ekki fyrir gjöldunum. Bæjar- og sveitarfélögin hafa yfirleitt ekki aðrar tekjur, svo að teljandi sé, en útsvörin, sem jafnað er niður eftir efnum og ástæðum. En nú hefir það sýnt sig, að niðurjöfnunarnefndir og hreppsnefndir hafa sumpart ekki getað jafnað niður nægilega háum upphæðum, til þess að standast útgjöld bæjar- og sveitarfélaganna, og í öðru lagi hefir ekki verið hægt að innheimta útsvörin, þó að þeim hafi verið jafnað niður. Af þessu hefir svo leitt það, að mörg bæjar- og sveitarfélög hafa komizt í fjárþröng, eins og uppgerð ýmsra þeirra í kreppulánasjóði sýnir ljósast. Þó aldrei nema hagur sumra þeirra hafi eitthvað batnað við þessa uppgerð, þá er hann þá ekki betri en það, að sum þeirra treysta sér ekki til þess að gera fjárhagsáætlun fyrir yfirstandandi ár vegna tekjuskorts.

Um ástæðurnar fyrir þessu ástandi þýðir ekki að deila. Ýmsir vilja kenna löggjafarvaldinu um, hvernig komið sé, o. s. frv. En ég hygg, að aðalorsökina sé að finna í hinum sívaxandi kröfum, sem gerðar eru til bæjar- og sveitarsjóðanna, kröfum sem fulltrúar fólksins í kaupstöðunum a. m. k. sjá sér ekki annað fært en að sinna. Skal ég svo ekki að sinni fara frekar út í það.

Til þess að bæta úr þessu ástandi hefir aðallega verið talað um 3 möguleika. Fyrst það, að hlutaðeigandi bæjar- og sveitarsjóðir gætu sparað meira en þeir gera nú. Það er aldrei nema rétt og sjálfsagt að gera þessar kröfur, enda þótt slíkt sparnaðarhjal beri oft lítinn árangur. Þá er í öðru lagi talað um beint framlag ríkissjóðs til hjálpar þessum illa stöddu bæjar- og sveitarfélögum, a. m. k. þegar örðugleikarnir steðja að. Hvað þetta atriði snertir, þá verð ég að segja það, að mér finnst ríkið hafa nóg á sinni könnu, þó að ekki sé farið að bæta þessum bagga á það. Þetta er líka aðeins krókaleið, því að hinar auknu byrðar ríkissjóðs vegna þessara útgjalda myndu vitanlega lenda á gjaldendunum, og að því leyti bæri þar allt að sama brunni. Þá er þriðja leiðin eftir, og hún er sú, að útvega nýja tekjustofna, sem hrokkið gætu fyrir skynsamlegum útgjöldum. Þessa leið ákvað þingið 1935 að fara, því að það samþ. heimild til atvmrh. um að skipa 3 manna n. til þess að athuga, hvaða leiðir heppilegast væri að fara til þess að afla bæjar- og sveitarfélögunum þessara föstu tekjustofna. Um skipun n. er öllum hv. þdm. kunnugt. Í framhaldi af þessu bárum svo við hv. 1. þm. Skagf. og ég, sem sæti áttum í milliþn., fram frv. á þinginu í fyrra um nýja tekjustofna fyrir bæjar- og sveitarfélög. Eftir því frv. áttu bæjar- og sveitarfélög að fá nýja tekjustofna, sem gert var ráð fyrir, að myndu geta gefið allt að 1,8 millj. á ári. Það var ekki hægt að segja, að frv. þessu væri beinlínis illa tekið af þinginu í fyrra til þess að byrja með, því að ræður manna hnigu mjög í þá átt, að nauðsyn bæri til að setja löggjöf um þetta efni. En þing-

ið fór þó þannig með þetta nauðsynlega mál, að ekkert varð úr framkvæmdum.

N., sem fékk það til meðferðar hér í d., byrjaði á því að sitja allt of lengi á því, áður en hún afgr. það til d. Þó að svo færi nú, að frv. væri allmjög skemmt í meðferð hv. n. og þessarar hv. d., þá fór það þó þannig héðan, að það hefði getað orðið til allmikilla bóta fyrir hlutaðeigendur, ef það hefði ekki verið brjálað enn þá meira. Þegar til Nd. kom, voru gerðar á því miklar breyt., og að síðustu sofnaði það alveg út af.

Ég verð að telja mjög illa farið, að frv. skyldi fá slíka meðferð, sem hér hefir verið lýst, því að það hefði óneitanlega getað orðið til mikils gagns, ef það hefði fengið að ganga fram í sinni upphaflegu mynd eða þá eins og þessi hv. d. gekk frá því.

Síðastl. haust fékk svo mþn. aftur tilmæli frá hæstv. atvmrh. um að taka útsvarslögin til athugunar. Kom n. því saman í október í haust og hélt þá nokkra fundi. Henni kom þá þegar saman um það, að enda þótt mikil þörf væri á að endurskoða útsvarslögin, þá væri þó meiri ástæða til þess að setja lög um nýja tekjustofna fyrir bæjar- og sveitarfélögin. Skipti n. þá þegar með sér verkum. Nokkru fyrir þing í vetur hélt hún svo aftur fundi, en á þeim fundum gat ég ekki mætt, en í minn stað mætti annar maður úr Framsfl. Í n. náðist þá ekki fullt samkomulag um að bera fram frv. frá í fyrra óbreytt eða samkomulag um breyt. á því. En aftur á móti var n. á einu máli um það, að finna þyrfti nýja tekjustofna fyrir bæjar- og sveitarfélög, ef ekki ætti verr að fara.

Í frv. því, sem hér liggur fyrir, eru lítil nýmæli, því að það er að miklu leyti byggt á frv. mþn. frá í fyrra. Þó er tekið tillit til þeirra breyt., sem gerðar voru á því hér í Ed.

Í fyrra var hugmyndin að fara aðallega tvær leiðir til þessarar tekjuöflunar. Fyrst þá, að leggja á fasteignaskatt. En sá kafli er ekki í frv. nú. Er það ekki sakir þess, að ég sé þeirri leið mótfallinn, heldur er það af því, að sá nm., sem sæti á í Nd., hefir fastákveðið að flytja sérstakt frv. um þennan skatt í Nd.

Hin leiðin, sem fara átti til tekjuöflunar, var sú, að ná gjaldi af verzlun landsmanna, bæði með vörugjaldi í kaupstöðum og kauptúnum og viðauka á tolla, sem síðar átti að skipta út til hreppanna. Eins og hv. þdm. munu eflaust muna, þá felldi Ed. vörugjaldið niður, en hækkaði tollaviðaukann um helming og ákvað, að það skyldi skiptast á milli sveitar- og bæjarfélaga. Í frv. mínu er þessu fylgt, og ég legg til, að skiptingin verði sú sama og ætlazt var til af hv. Ed. í fyrra. En jafnframt legg ég til, að tollaviðaukinn verði hækkaður um ½, eða úr 10% upp í 15%, og að 10% af því gangi til bæjar- og sýslusjóða, en 5%, eða ⅓, gangi til jöfnunarsjóðs bæjar- og sveitarfélaga. Fær sá sjóður þannig samkvæmt þessu þrefaldar tekjur á móts við það, sem ætlazt var til í fyrra í frv. mþn.

Ég þykist nú vita, að þessi kafli frv. míns, um tollaviðaukann, verði ekki vinsæll, því að það er aldrei vinsælt að leggja ný gjöld á borgarana. En þess ber að gæta, að gjöldin verða að koma einhversstaðar frá, því að það þýðir ekki að heimta og heimta fé til allra mögulegra hluta án þess að jafnframt sé séð fyrir einhverjum möguleikum til þess að afla fjárins. Ég vil því í þessu sambandi beina því til þeirra, sem kunna að vera á móti þessum till. mínum um tollaviðaukann, að benda á eitthvað skynsamlegt, sem komið getur í hans stað. Á útsvörin þýðir ekkert að benda; þau er ekki hægt að hækka frá því sem nú er. Það lætur að sjálfsögðu vel í eyrum að segja, að fólkið geti ekki borgað þetta og hitt, og gera svo kröfur til hins opinbera um aðstoð án allrar ábyrgðar.

Annar kafli frv., um skatt ríkisstofnana, er að efni til alveg hinn sami og í frv. mþn.

Þá er þriðji kafli frv. Hann er að nokkru leyti sá sami og í frv. í fyrra, en fyllri að því er snertir jöfnunarsjóði sveitar- og bæjarfélaga, því að eins og ég gat um áðan, þá fær hann þriðjungi hærri tekjur eftir frv. mínu en eftir frv. okkar í fyrra, og því hefi ég sett nánari ákvæði um starfsemi hans, sem líka er eðlilegt, einnig af því, að starfsemi hans verður miklu víðtækari. Eftir frv. í fyrra var t. d. gengið út frá því, að sjóður þessi yrði aðeins notaður til þess að greiða með honum skuldir kaupstaða og kauptúna og bæta tjón af völdum náttúrunnar. Að sjálfsögðu er gengið út frá því, að þetta gangi fyrir um styrkveitingar úr sjóðnum, en vegna hins aukna starfssviðs hans er gert ráð fyrir, að hann geti og sinnt fleira. Þegar sjóðurinn stækkar, eins og hér eru lögð drög til, má búast við, að mikið kapphlaup verði um að ná í styrk úr honum, og fyrir því slæ ég varnaglann og legg til í 18. gr., að bæjar- eða sveitarstjórn, sem vill verða aðnjótandi styrks úr honum, verði að senda umsókn um hann fyrir febrúarlok ár hvert og að umsókninni fylgi ýtarlegar skýrslur um efnahagsástæður umsækjanda, svo að stjórn sjóðsins geti áttað sig á því, hvort um þörf sé að ræða hjá hlutaðeiganda eða aðeins ágengni.

Þá er það nýmæli í 19. gr., að ef sveitar- eða bæjarstjórn sækir um styrk, sem sannanlegt er, að sjálf eigi sök á þrengingum sveitarfélagsins, þá megi ekki veita styrkinn nema undir sérstökum skilyrðum. Legg ég til, að gerðar séu ákveðnar ráðstafanir út af þessu, þannig að bæjarstjórnum eða sveitarstjórnum sé settur meðráðamaður og að ekki megi verja neinu af þeim styrk, sem bæjar- eða sveitarfélögin fá, öðruvísi en eftir ákvörðunum ráðh., sem yrði að sjálfsögðu einnig í samráði við þennan meðráðamann, og einnig það, að það ár, sem styrkurinn er veittur, megi ekkert greiða úr bæjar- eða sveitarsjóði nema með samþykki meðráðamanns.

Þetta þykir kannske hart, en ég fyrir mitt leyti álít það nauðsynlegt, að setja einhver varúðarákvæði í þessu skyni.

Í grg. frv. þessa er ofurlítil áætlun um, hvaða tekjur bæjar- og sveitarsjóðir munu af þessu hafa, ef frv. yrði að lögum, og eru þær áætlanir byggðar á því sama og áætlanir mþn. í fyrra. Nú hafa náttúrlega ýmsar breyt. orðið síðan, sem kynnu að raska þessari áætlun að einhverju leyti, en stórvægilegar munu þær ekki vera. Og samkv. þessari áætlun minni, sem ég hygg, að fari ekki mjög langt frá því sanna, eru þær tekjur, sem

gengju beint til bæjar-, sýslu- og sveitarsjóða um ½ millj. kr., en tekjur þær, sem jöfnunarsjóður ætti árlega að fá, eru 325 þús. kr., eða tekjur samkv. þessu frv. samtals nokkuð yfir 800 þús. kr. Þetta er auðvitað miklu lægri upphæð heldur en mþn. í fyrra gerði ráð fyrir, að gæti fengizt samkvæmt frv. sínu, en ég hygg þó samt, að ef þetta frv. yrði að lögum, gæti verstu örðugleikunum í þessu efni verið aflétt, ekki síst sökum þess, að þegar jöfnunarsjóður fengi þó það miklar tekjur, sem hér er gert ráð fyrir, mætti að sjálfsögðu mikið hlaupa undir bagga með þeim bæjar- og sveitarfélögum, sem verst eru sett. Ég veit sérstaklega um eitt bæjarfélag, sem mundi töluvert rétta hag sinn með þeim tekjum, sem hér er ætlað, að gangi beint til bæjar- og sveitarsjóða. Ég geri svo ráð fyrir, að þar að auki verði lagt fram frv. um fasteignaskatt, og ef það yrði samþ., sem gera má ráð fyrir, þá teldi ég, að þetta þing hafi gert skyldu sína í þessu efni, ef það hvorttveggja yrði samþ. En menn verða að skilja það, að ástandið í þessu efni er orðið það alvarlegt sumsstaðar, að það er hrein og bein skylda þessa Alþingis, að skiljast ekki við, fyrr en einhver bót er á því ráðin.

Það er langt frá því, að ég haldi því fram, að ég hafi fundið hér það eina rétta, sem eigi að vera í þessu efni, og ég er fús til þess að taka allar sanngjarnar breyt. til greina og yfirleitt til samninga um aðrar leiðir, ef hægt er að sannfæra mig um, að þær séu eins góðar eða betri. En því vil ég slá föstu, að minna má ekki gera á þessu þingi heldur en það, sem farið er fram á í þessu frv.

Ég vil leggja til, að þessu frv. verði vísað til n., en ég er dálítið í vafa um, til hvaða n. Það var í hv. allshn. í fyrra, og ég verð að segja, að meðferð hennar á málinu var ekki þannig, að ég telji hana forsvaranlega að því leyti, hvað n. sat lengi á málinu. Ég held þó, þar sem þetta mál heyrir að sjálfsögðu undir allshn., að ég verði að leggja til, að málinu verði þangað vísað, en ég vil mælast til við hæstv. forseta, að hann gangi eftir þessu máli hjá n., ef það sýnir sig, að hún ætlar að hafa það óhæfilega lengi. Ég þykist hafa fullt tilefni til þess af reynslunni frá því í fyrra, að láta þennan fyrirvara fylgja till. um að vísa málinu til allshn.

*__Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson):__ Ég skal ekki ræða frv. mikið við þessa umr. Ég vil aðeins mæla með þeirri till. hv. flm., að málið gangi til allshn.

Ég heyrði það á hv. flm., að hann gerði ráð fyrir, að borið yrði fram í hv. Nd. frv. um fleiri tekjustofna til sveitar- og bæjarfélaga heldur en hér er gert ráð fyrir. Ég vildi því mega beina því til n., sem fær þetta mál til meðferðar, að hún, um leið og hún athugar þetta frv., taki til athugunar þau frv. um svipuð efni, sem kynnu að koma fram í Nd. á þeim tíma, sem n. tekur þetta frv. hér til athugunar. Það mundi flýta fyrir afgreiðslu málanna, ef þau væru athuguð öll í sameiningu.

*__Pétur Magnússon:__ Mér er það alveg ljóst, að það er ekki ófyrirsynju, að þetta mál er fram komið. Ég veit, að það er rétt hjá hv. flm., að ástandið er að verða þannig víða, að skattheimtan er að verða óviðráðanleg. Ástæðan til þess, að svona er komið, er augljós. Ástæðan er engin önnur en sú, að borgararnir eru, víða a. m. k., orðnir ofhlaðnir af sköttum. Skattabyrðin er orðin þyngri heldur en þeir fá undir risið.

Þegar þess er gætt, að ástæðan til erfiðleikanna er þessi, og það hygg ég, að verði ekki vefengt með rökum, þá liggur það í augum uppi, að sérhver ný leið til tekjuöflunar er í raun og veru ekki annað en hrossalækning á meinsemdinni. Hverjar leiðir, sem farnar eru til þess að ná fé eða sköttum af borgurunum, eru það vitanlega sömu mennirnir, sem gjöldin verða að bera. Það eru skattgreiðendur landsins, sem verða að bera byrðarnar, inna af hendi þær nauðsynlegu greiðslur, sem hið opinbera þarf að fá, hvort heldur það er ríki, bæjar- eða sveitarfélög. Ef þess vegna á að fá nokkra raunverulega bót á þessu ástandi, þá verður óhjákvæmilega að stefna að því, að heildarskattabyrðin verði lækkuð. Hinsvegar er mér ljóst, hversu miklir erfiðleikar eru á því, eins og ástandið er. Eins og búið er að atvinnuvegum landsins, eru náttúrlega ekki miklar vonir um, að unnt sé að lækka heildarskattabyrðina, meðan atvinnuleysið vex ár frá ári, og meðan búið er að framleiðslunni í landinu á þann hátt, sem verið hefir síðasta áratuginn, þá er það augljóst, að m. a. fátækraframfærið hlýtur að fara vaxandi, eins og raun er á orðin, og yfirleitt lítil von um, að ástandið breytist þannig, að unnt sé að lækka skattana.

Það, sem þarf að gera í þessu efni, er fyrst og fremst að skapa annað viðhorf í atvinnuvegum landsins. Með því móti einu verður ráðin nokkur varanleg bót á þessari meinsemd. Þá fyrst, þegar atvinnuvegirnir verða reknir með hagnaði, en ekki með tapi, og fólkið getur haft nægilega vinnu, er von um, að breyt. geti orðið á þessu. Eins og ástandið er nú, er jafnvel ekki lítill hluti af vinnuaflinu, í stað þess að vera lyftistöng fyrir atvinnuvegina, orðið niðurdrep. Það á við um alla vinnu, sem unnin er sem atvinnubótavinna. Ég er því ekki í neinum vafa um, að það er viðfangsefni fyrir löggjafann og ríkisstj., að koma á þessari breytingu. Þá fyrst verður ráðin veruleg bót á þessu ástandi, sem allir eru sammála um, að sé óviðunandi. Þrátt fyrir að ég er sannfærður um, að það er þetta viðfangsefni, sem fyrir liggur, þá dettur mér ekki í hug að neita því, að ástæða sé til að grípa til einhverra bráðabirgðaráðstafana, finna einhverjar leiðir til þess að gera því opinbera kleift að rísa undir þeim gjöldum, sem á því hvíla, hvort sem það eru bæjar- eða sveitarfélög. Að því leyti er og góðra gjalda vert að leitast við að finna nýjar leiðir í þessu efni. — Sú leið, sem hv. flm. hefir valið í þessu frv., er að láta bæjar- og sýslufélögin — sem óbeinlínis verða sveitarfélögin, því að um leið og sýslufélögunum eru skapaðar þessar tekjur, er ætlazt til, að þau þurfi minna að heimta af sveitarfélögunum — fá nokkurn hluta af tollunum eða hækka tollana fyrir þessar stofnanir.

Eins og okkur er öllum kunnugt, var farin sú leið framundir síðustu ár, þangað til fyrir 15

eða 16 árum, að láta sveitarfélögin hafa tekjuskattinn svo að segja óskertan, en láta ríkið að mestu leyti afla sinna tekna með óbeinum sköttum. Nú virðist sú stefna hafa fengið allmikil ítök — því að það er ekki í fyrsta skiptið, sem lagt er inn á þá braut — að skipta tollunum á milli ríkisins og bæjar- og sveitarfélaganna. En hver er nú ástæðan til þess, að lagt er inn á þá braut? Það sýnist mér ekki orka tvímælis, að hún er vitanlega sú, að tekjuskatturinn, eins og hann er nú, er orðinn of hár. Þetta er reynslan búin að sýna. Hún hefir sýnt það á tvennan hátt. Fyrst og fremst með því, að þrátt fyrir gífurlega hækkun á tekjuskattinum, sem gerð hefir verið þing eftir þing síðari árin, hefir heildarupphæð hans lítið eða ekkert hækkað. Það hefir verið sýnt fram á, að tekjuskatturinn 1935 var lítið hærri heldur en 1928, þrátt fyrir að skattstiginn hefir á þessum tíma verið hækkaður á annað hundrað prósent. Það bendir ótvírætt í þá átt, að komið sé upp fyrir það leyfilega takmark með tekjuskattinn, þegar hann hættir að vaxa í sömu hlutföllum og stiginn er hækkaður. En annað má þó segja, að hafi skorið úr um þetta, og það er sú staðreynd, sem hv. flm. vakti athygli á, að það reyndist ógerlegt að innheimta hann. Skattavöldin hafa ekki getað, þrátt fyrir allmikla harðneskju, náð inn þessum sameiginlega tekjuskatti. Og þegar maður gætir þess, hversu skattstiginn sameinaður er orðinn, þá er það ekkert undrunarefni. Ég fékk í morgun upplýsingar um það hjá einum niðurjöfnunarnm. í Reykjavík, að eftir þeim skattstiga, sem fylgt er við útsvarsálagningu í Reykjavík, er sameinaður skattur til ríkis- og bæjar orðinn 98% af 28 þús. kr. tekjum, en hann gat þess um leið, að hann efaðist ekki um, að útkoman yrði sú, að það yrði að hækka þennan skatt frá því sem nú er. Leiðir þá af því, að skattur af þessum tekjum, 28 þús. kr., sem á okkar mælikvarða eru að vísu hátekjur, fer upp fyrir 100%. Það sér hver maður, sem vill sjá það, að slík skattatilhögun getur ekki staðizt. Ég ætla ekki að rekja þetta nánar; það er svo augljóst mál, að ekki þarf um það að ræða. Að þessu athuguðu er það sízt undarlegt, þótt erfitt reynist að innheimta þennan tekjuskatt. En nú vil ég spyrja: hver er heildarvinningurinn við það að fara inn á þessa braut, að skipta tollunum milli ríkisins og sýslu- og bæjarfélaganna og skipta líka tekjuskattinum á svipaðan hátt? Hver er vinningurinn fram yfir gamla fyrirkomulagið, að láta bæjar- og sveitarfélögin afla sinna tekna með tekjuskatti eins og þau gerðu og hafa líka fasteignaskattinn og smávegis tekjur af ýmiskonar starfrækslu, en láta svo ríkið búa eitt að óbeinu sköttunum, þá fyrst og fremst tollunum? Mér sýnist þetta þvert á móti vera erfiðara í framkvæmdinni heldur en gamla fyrirkomulagið, og ef menn eru orðnir sannfærðir um það, sem ég heyrði, að hv. flm. er sannfærður um, að þessi sameinaði tekjuskattur sé orðinn svo hár, að ekki sé unnt að innheimta hann, þá sýnist auðveldara að lækka tekjuskattinn, sem ríkinu er ætlað að ná, og gera bæjar- og sveitarfélögunum á þann hátt mögulegra að ná fyrir sínum gjöldum með tekjuskatti. — Það voru aðallega þessi sjónarmið, sem ég vildi láta koma fram, áður en málið færi lengra. En einstök atriði í frv. þykir mér þó rétt að gera lítilsháttar að umtalsefni.

Það er gert ráð fyrir því í 9. og 10. gr. frv., að ríkisstofnanir greiði skatt til sveitar- og sýslufélaga, samtals 10% af nettótekjum sínum. Ég verð að segja það, að þegar lítið er á þann skatt, sem verður að greiða af verzlunum yfirleitt, þá sýnist mér, að þessi skattur sé óeðlilega lágur, jafnvel þó að það sé ríkið, sem hér á hlut að máli. Meðal hinna svokölluðu hátekjumanna eru verzlanirnar langfjölmennastar, og þegar þess er gætt, að þessar hátekjustofnanir, hvort sem það eru einstakir menn eða félög, verða að greiða skatt, sem getur orðið um 100% eða þar yfir, þegar komið er upp fyrir 28 þús. kr. tekjur, þá er ekki eðlilegt, að þessar sérstöku tegundir verzlana sleppi svo vel við skattgreiðslu til bæjar- og sveitarfélaga. Þetta er e. t. v. enn þá óeðlilegra, þegar þess er gætt, að a. m. k. enn sem komið er, er á aðalmunaðarvörunum — mjðlungi nauðsynlegum varningi — komin einkasala. Á ég þar fyrst og fremst við áfengis- og tóbaksverzlanirnar.

En náttúrlega eru til ríkisverzlanir, sem verzla með nauðsynjavörur, eins og t. d. bifreiða- og raftækjaeinkasalan, en a. m. k. að því er snertir þessar tvær verzlanir, áfengis- og tóbaksverzlanirnar, er óeðlilegt, að svo miklu minna gjald skuli borgað til bæjar- og sveitarfélaga af þeirra vörum heldur en af öðrum vörum, sem eru miklu nauðsynlegri heldur en þær, sem þar er um að ræða. Auðvitað kemur þessi skattur sem verðhækkun á vörunum, en ég get ekki séð, hvaða vörur það eru, sem er þó réttmætara að leggja á skatta, sem verka sem verðhækkun, heldur en þessar munaðarvörur eins og vín og tóbak. Óhugsandi væri þó ekki, að einhver mismunur væri á sköttum á ríkisstofnunum, og mér sýnist að það ættu ekki að vera neinar hindranir fyrir, að svo væri gert, ef nauðsyn þætti að stilla sköttunum mjög í hóf.

Ég vildi því beina til þeirrar n., sem fær þetta mál til athugunar, hvort ekki væri ástæða til að breyta þessu ákvæði.

Þá vildi ég aðeins drepa á þessa skiptingu, sem gert er ráð fyrir á tekjunum samkv. 1. gr. frv. Það er gert ráð fyrir, að ⅔ hlutum skipti bæjar og sýslufélög á milli sín eftir fólksfjölda, ⅓ renni í sérstakan sjóð, sem úthluta á eftir sérstökum reglum, aðallega til þeirra bæjar- og sýslufélaga, sem hafa við fjárhagsörðugleika að búa. Ég verð að játa, að mér virðist ekki eðlilegt að hafa þessi skipti eins og hér er lagt til. Mér sýnist að vísu eðlilegt, að meiri hlutanum, t. d. ⅔ af þessum tekjum, sé skipt eftir fólksfjölda, sem má gera ráð fyrir, að sé a. m. k. í einhverri líkingu við neyzlu á þessum vörum. Það virðist vera meira réttlæti í því, að tekjunum sé skipt eftir því, hvaðan greiðslurnar koma, þannig að íbúar hvers bæjar og sýslu njóti teknanna í líku hlutfalli og varanna er neytt. Hitt skal ég játa, að geti verið heppilegt, að hafa einhvern varasjóð, ef í nauðirnar rekur. Hinsvegar sýnist mér það ekki eðlilegt ákvæði, að það eigi að nota þennan varasjóð til þess að greiða að fullu eða lækka lán bæjar- og sveitarsjóða. Ég held fyrir mitt leyti, að eins og ástandið er, sé meiri þörf

á að auka ábyrgðartilfinninguna hjá bæjar- og sveitarfélögunum í þessum málum. Mér finnst fremur ástæða til að gefa bæjar- og sveitarfélögum aðhald um að halda fjárreiðum sínum í lagi heldur en að gefa þeim undir fótinn um það, að öllu sé óhætt, því að það verði hlaupið undir bagga með þeim, ef eitthvað á bjátar. Það er ómögulegt að neita því, að ábyrgðarleysið er orðið allt of mikið í þessum efnum. Það þarf að ráða bót á því, og ég held, að þetta sé ekki leiðin til þess að ráða bót á því ábyrgðarleysi, sem víða er farið að gera vart við sig. Hitt finnst mér mjög eðlilegt og sjálfsagt, að ef eitthvert hérað hefir orðið fyrir skakkaföllum af óviðráðanlegum orsökum, þá sé reynt að hlaupa undir bagga með því. Þetta getur borið að á ýmsan hátt, svo sem af völdum óviðráðanlegra náttúruafla, og svo á þann hátt, sem efst mun nú í hugum landsmanna, en það er sem veikindi í búfénaðinum. Það er ómögulegt að neita því, að þegar slíkt ber að höndum, þá er gott að hafa tryggingarsjóði til að hlaupa undir bagga. Með því er að nokkru endurvakin sú hugsun, sem vakti fyrir þeim, sem stofnaðu viðlagasjóðinn gamla. Það er náttúrlega alveg rétt hjá hv. flm., að þær tekjur, sem hér er ætlazt til, að verði aflað með þessari aðferð, hossa náttúrlega ekki hátt í þær þarfir, sem vitanlegt er, að eru til staðar hjá bæjar- og sveitarfélögum. Þetta getur náttúrlega verið bráðabirgðahjálp, en annað álít ég það ekki vera. Hinsvegar, ef það gæti komið í veg fyrir, að allur atvinnurekstur manna stöðvist, þá er náttúrlega nokkuð fengið.

Ég skal svo ekki fara um þetta mál fleiri orðum að sinni. Það má enginn skilja þessi orð mín svo, að ég ætli að leggjast á móti því, að málið verði athugað í n., ég vildi aðeins benda á, að þetta er ekki annað en fálm og engar líkur til, að með því verði ráðin bót á því, sem mest þörfin er að ráða bót á.

***Sigurjón Á. Ólafsson:** Það, sem kom mér aðallega til að standa upp, var till. um það, í hvaða n. þetta mál ætti að fara. Hv. flm. sveigði nokkuð að vissum nefndarhluta í allsh. á síðasta þingi. Ég get að vísu tekið minn hluta af þessu, og gat ég ekkert að því gert, þótt honum líkuðu ekki mínar till. En hvað viðvíkur því, að málið hafi verið dregið á langinn, þá frábið ég mér það, að hafa orðið þess valdandi; það voru vitanlega stjórnmálaflokkarnir, sem ekki voru á því hreina, hvað gera skyldi. En ég vildi benda á, að ég álít, að þetta mál eiga miklu fremur heima í hv. fjhn. heldur en í allshn., þó að því væri vísað þangað í fyrra. Þetta stafar ekki sízt af því, að það mun nú vera ofarlega í einstökum mönnum hér, að fara eigi þá leið, að skipta að einhverju leyti milli ríkis og bæja um tekjustofna. Og ég er ekki fráleitur þeirri hugsun, að það geti komið til mála, að ríkið verði að láta eitthvað af þeim tekjustofnum, sem það nú hefir, beint til bæjanna. Ég álít, að það verði miklu hreinna og beinna að fara þá leið heldur en að hlaða sköttum á skatta ofan. Og ef menn yfirleitt vildu láta athuga þessa leið, þá liggur beint við, að málið eigi heima í fjhn., því að sú n. hefir til meðferðar öll skattamál. Ég get sagt það fyrir mitt leyti, að ég er andvígur þeirri stefnu, að leggja neyzlutolla á þær vörur, sem hvert mannsbarn í landinu verður að nota og getur ekki verið án. Hinsvegar hefi ég ekkert á móti því, að skattleggja ýmsar ónauðsynlegar vörur, og ég er ekkert frá því, að t. d. áfengisverzlunin gæti hækkað álagningu sína á vínum. Mætti þá ef til vill láta bæjar- og sveitarfélögin fá einhvern hluta þeirrar álagningar.

Ég sé svo ekki ástæðu til að ræða þetta nánar, bendi aðeins á þetta og geri það að till. minni, að málinu verði vísað til fjhn.

Flm. (Bernharð Stefánsson): Hv. 2. þm. Rang. taldi höfuðgalla þessa frv. vera þann, að það væru sömu menn, sem það kæmi niður á, að greiða þessi gjöld, eins og þeir, sem greiddu nú útsvörin. Þetta er rétt, að það séu sömu mennirnir, en þess vegna eru tollar hafðir, í stað þess að taka öll gjöld með beinum sköttum, að þeir eru innheimtanlegri og menn vita yfirleitt minna af því að greiða þá. Hv. þm. sagði, að það væri vitanlegt, að í framtíðinni þyrftu gjöldin til hins opinbera að lækka. Ég get verið honum sammála um, að þjóðfélagið sé orðið nokkuð dýrt fyrir landsmenn og að það væri hin mesta nauðsyn á, að opinber gjöld gætu lækkað. En það er bara ekki nóg að segja, að gjöldin þurfi að lækka; það þarf að benda á leiðir til þess og framfylgja þeim, ef nokkuð á úr því að verða. Og mér sýnist stefnan í þjóðmálum ekki vera sú, að maður geti vænzt þess, að opinber gjöld lækki á næstu árum til mikilla muna. Ef það takmark á að nást, þá þarf þjóðin að vera einhuga og samtaka. Það næst aldrei með því, að haldið verði áfram á sömu braut og verið hefir, sem sé, að þótt þeir, sem í stjórnarmeirihluta eru á hverjum tíma, geri tilraunir til að lækka útgjöldin, þá komi andstæðingarnir alltaf með eitthvað nýtt, sem framkvæma þurfi, og heimti til þess framlög af opinberu fé, en á þessu hefir allt of mikið borið í okkar þjóðfélagi, bæði að því er snertir framlög ríkis og bæja. Með þessu er ég ekki að bera sakir á neinn sérstakan flokk. Það stendur svo á nú, að Sjálfstfl. er í stjórnarandstöðu, og hann gerir sig sekan um þetta bæði hér á þingi, á fundum og í blöðum sínum, en ég vil ekki halda því fram, að það kynni ekki alveg eins að vera með aðra flokka, ef þeir væru í stjórnarandstöðu, og innan bæjar- og sveitarfélaga er þetta sitt á hvað. Það er alveg sama, hver með völdin fer; alstaðar er krafizt af þeim, sem ekki bera fulla ábyrgð, og undan þeim kröfum og kröfum fólksins verður að láta. Hv. þm. taldi gamla fyrirkomulagið betra, að hafa glögg skipti á tekjum til ríkisins annarsvegar og bæjar- og sveitarfélaganna hinsvegar, og láta hina óbeinu skatta ganga til ríkisins, en hina beinu til bæjar- og sveitarfélaga. Þess vegna hélt hann þeirri stefnu fram, að ríkið ætti að hafa eftir sína beinu skatta, en ekki að vera að láta bæjar- og sveitarfélögin fá nokkurn hluta af tolltekjum sínum. Mér skildist hann vilja afnema tekjuskattinn, og þá kæmi hitt af sjálfu sér, sagði hann. Ég verð að viðurkenna, að það er nokkuð í þessari kenningu, enda þótt hún sé á engan hátt fullnægjandi. Það verður að

taka það með í reikninginn, að það er svo ástatt í mörgum sveitarfélögum og bæjarfélögum, að tekjuskatturinn er svo sáralítill, að þótt hann fengi allur að ganga til hlutaðeigandi sveitarfélags, þá segði það ekki neitt; það væri sami dauðinn fyrir því. Nú mætti ef til vill segja, að ef þessi regla yrði upp tekin, þá yrði hvert bæjar- og sveitarfélag að bjarga sér sjálft, og það væri engin sanngirni eða ástæða til, að landsmenn færu að leggja á sig tolla til að hjálpa þeim. Og þetta mætti ef til vill til sanns vegar færa, ef þau gjöld, a. m. k. sum, væru ekki alþjóðleg gjöld, en svo er t. d. um fátækraframfærsluna. Mér er ómögulegt að sjá annað en að hún sé í eðli sínu alþjóðlegt mál. Hv. þm. spurði, hvaða kosti þetta fyrirkomulag hefði fram yfir það gamla. Kostirnir eru þessir, að gamla fyrirkomulagið nægir ekki. Hann talaði um það, að sér virtust skattar á ríkisstofnanir vera lágir eftir frv. Það má vel vera, að skynsamlegra væri að hækka þá eitthvað, og ég get látið mér detta í hug, að þeir bæir t. d., þar sem áfengisútsala er, fengju beinlínis tekjur af sölunni, t. d. eitthvert ákveðið gjald af hverri flösku. Þetta o. fl. skattar er náttúrlega atriði til athugunar í þeirri n., sem fær þetta frv. til meðferðar. En ég get samt sem áður ekki verið hv. þm. sammála um það, að rétt sé að bera þetta saman við verzlun einstakra manna, því að hér er yfirleitt um einkasölur að ræða, og það er vitanlegt, að ágóðinn af einkasölu er meiri heldur en af verzlun einstakra manna. Einkasölur eru settar á stofn til þess að hafa upp úr því fyrir ríkissjóð. Þar af leiðandi er sumt af ágóða einkasölunnar skattur og ekki sambærilegt við ágóða kaupmannsins að því leyti.

Ég get ekki farið að deila við hv. 4. þm. Reykv. um það, til hvaða n. þetta frv. eigi að ganga. Ég lagði til, að það yrði látið fara til allshn., sökum þess að það var þar í fyrra, og einnig sökum þess, að þrátt fyrir það, að ég treysti form. þeirrar n. miðlungi vel í þessu máli, þá treysti ég hinum, sem þar eiga sæti, mjög vel einmitt í þessu máli. (**SÁÓ**: En ekki fjhn?). Jú, líka, a. m. k. sjálfum mér. En ég geri þetta ekki að neinu kappsmáli; ég vil gjarnan taka við því í fjhn., ef d. óskar þess. Ég get ekki fallizt á það, sem þessi hv. þm. sagði, að hann frábæði sér ábyrgð á þeim drætti, sem orðið hefði á þessu máli í fyrra, og vildi kenna flokkunum um það. Flokkarnir fóru hver sína leið í málinu, og þeirra vegna hefði málið því getað gengið sinn gang.

Þessi sami hv. þm. taldi það helzt til ráða í þessu máli og benti á það sem úrlausn, að ríkið léti eitthvað af sínum tekjustofnum renna til bæjar -og sveitarfélaganna. Þetta væri ágætt ráð og málið auðleyst, ef gullpeningar streymdu í ríkissjóðinn. En ríkissjóður fær nú engar tekjur nema frá landsmönnum sjálfum, og ef hann ætti að verða af tekjum sínum og bæjar- og sveitarfélög að fá þær, þá býst ég við sama ágreiningi, þegar ætti að bæta ríkinu þessa tolla, eins og nú um það að skaffa bæjarfélögunum tekjur.

Hv. þm. sagðist vera mótfallinn stefnu minni eins og hún kemur fram í frv. Það er vitanlegt, að hans flokkur hefir alltaf verið tollum mótfallinn, þótt óhjákvæmilegt sé stundum að setja þá á. Annars vil ég benda á, að þótt frv. yrði samþ., mundi kaffi- og sykurtollurinn samtals verða mun lægri heldur en hann var, meðan gengisviðaukinn var; hann var 25%, en hér er aðeins um 15% að ræða.

Ég held satt að segja, að sá tollviðauki hafi ekki haft sjáanleg áhrif á afkomu manna, en það er samt betra, að vera laus við, að leggja þessi gjöld á, en ég sé þó ekki fram á, að hér sé um neitt stórvægilegt að ræða.

Magnús Guðmundsson: Ég mun ekki lengja umr. mikið um þetta mál. Þó þykir mér rétt að segja frá, hvers vegna ég er ekki meðflm., að þessu frv., þótt ég ætti sæti í þeirri n., sem átti að undirbúa lög um það; það er af því, að mér finnst frv. hvorki vera fugl né fiskur, eða með öðrum orðum ekki til þess hæft að hjálpa til að geta staðið undir þeim byrðum, sem á kauptúnunum og kaupstöðunum hvíla.

Ég verð að endurtaka það, sem ég sagði í fyrra, að það er ekki hægt að ná þessu marki nema innleiða vörugjöld, og ég hygg, að síðan í fyrra hafi hugir manna breytzt í þessu efni. Mér er kunnugt um stór verzlunarfyrirtæki hér á landi, sem viðurkenna þörfina á þessu, þótt það kynni að koma mest niður á þeim, ef til þess þyrfti að taka.

Ég held, ef það er tilætlunin, eins og kemur fram í aths. við frv., að hinn parturinn af frv., sem fluttur var í fyrra, verði fluttur í Nd., að þá sé málinu stefnt í tvísýnu, því að það eru ekki líkur til, að mál, sem er jafnumdeilt og þetta, sé rétt að bera fram í 2 pörtum, og það sinn í hvorri deild. Ég vil sterklega benda á, að það getur ekki gengið lengur að vísa kaupstöðum og kauptúnum á tekjustofna, sem allir viðurkenna, að séu orðnir þannig, að ómögulegt sé með þeim að ná inn því, sem þarf. Það er svikamylla, sem hlýtur að leiða til þess fyrr eða seinna, að ríkissjóður verður að taka sveitar- og bæjarfélögin að meira eða minna leyti á sínar herðar, eins og nú er komið á daginn með einstök sveitarfélög. Ég veit ekki betur en að til séu sveitarfélög, sem eru á beinni ríkisframfærslu með föstum mánaðarlegum styrk, og það er víst, að þau eru fleiri á leiðinni.

Þá verður líka í löggjöf bæjar- og sveitarfélaga að taka tillit til þess, hversu fátækraframfærið hefir flutzt til með framfærslulögunum nýju. Það er vitað, að það eru þyngst gjöld til fátækraframfæris í kauptúnum og kaupstöðum, en á þeim stöðum býr meira en helmingur þjóðarinnar, og það er lítil sanngirni í því, að gleyma þessum hluta þjóðarinnar, þegar setja á löggjöf um þetta efni. Öllum er kunnugt, að kaupstaðir og kauptún landsins eru yfirleitt byggð upp af verzlun og viðskiptum, og þeirra tilveruréttur grundvallast á því, og þegar svo fer, að verzlunin færist öll yfir til samvinnufélaganna, sem eru skattfrjáls eða a. m. k. borga minna en verzlun einstakra manna, þá hlýtur það að leiða til þess, að kaupstaðir og kauptún komist í vandræði.

Það er eftirtektarvert að lesa þau svör, sem

komið hafa frá hreppsnefndum við fyrirspurnum hæstv. atvmrh. viðvíkjandi þessu máli. Ég ætla, að hv. 4. þm. Reykv. hljóti að vita af því, að sumir af flokksmönnum hans hafa beðið um að fá að innleiða vörugjöld til þess að geta haldið sínu sveitarfélagi gangandi næstu árin. Það er leiðinlegt að þurfa að leggja á ný gjöld í árferði eins og nú er, en það er ljóst mál, að hér er ætlazt til, hvort sem það verður í reyndinni eða ekki, að útsvörin verði lækkuð sem nemur þeim gjöldum, sem á eru lögð með þessu frumvarpi.

Umr. frestað.

Á 23. fundi í Ed., 20. marz, var frv. tekið til frh. 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 24. fundi í Ed., s. d., var fram haldið 1. umr. um frv.

*__Pétur Magnússon:__ Það voru 2—3 atriði í ræðu hv. flm., sem ég vildi víkja aðeins að.

Ég benti á það í gær, þegar ég talaði, að mér sýndist, að eins mætti fara þá leið, að láta ríkissjóð búa einan að óbeinu sköttunum, en ef nauðsynlegt þætti að auka tekjur bæjar- og sveitarfélaga, þá að lækka tekjuskattinn og gera þeim hægara fyrir að ná inn þeim tekjum, sem þeim væru nauðsynlegar. Hv. flm. gerði þá aths. við þetta, að sumsstaðar stæði þannig á, að gjaldendur sveita eða jafnvel bæja greiddu lítinn eða engan tekjuskatt, en samt sem áður væri nauðsynlegt að innheimta svo og svo miklar tekjur, til þess að hlutaðeigandi bæir eða sveitir gætu staðið undir sínum álögum, og sagði hann, að ekki væri þá óeðlilegt, að aðrir, sem betur væri staðir, bættu á sig gjöldum fyrir þessi héruð, sem svo illa væru stæð. Þetta er allt saman rétt hjá hv. flm., svo langt sem það nær, en ég vil vekja athygli hans á því, að þetta gjald, sem um er að ræða, verður nokkurskonar nefskattur. Þetta eru tollar, sem lagðir eru á almennar nauðsynjavörur fólks, eða a. m. k. almennt eru kallaðar nauðsynjavörur, eins og kaffi og sykur, að maður ekki tali um kornvörur og annað slíkt, og það er nú álitið, að einmitt þessar vörur séu ekki minna notaðar af því fólki, sem lægstar hafa tekjurnar og verstar fjárhagsástæður. Það er því augljóst mál, að þessi gjöld lenda einnig á þessum héruðum, sem eru svo illa stæð eins og hv. flm. var að lýsa hér í gær. Og ef það er fært að ná þessum gjöldum af fólkinu, sem ætlazt er til að ná með óbeinni álagningu, þá ætti í þessu tilfelli einnig að vera mögulegt að ná þeim með beinni álagningu. Mér finnst því, að þessi röksemdafærsla hans gegn því, að sömu tekjuöflunarleiðir séu farnar eins og verið hefir, sé heldur veigalítil, þegar af þessari ástæðu, að það er ætlazt til, að þetta sama fólk, sem útsvör nú eru lögð á, verði að borga þessa tolla, sem um ræðir í frv. En svo er annað, sem mér hefir náttúrlega aldrei dottið í hug að halda fram, að þar sem svo stendur á, að sveitir eða bæir geta ekki risið undir nauðsynlegum útgjöldum, t. d. fátækraframfæri, þá ætti að láta skeika að sköpuðu og láta fólkið deyja úr hungri. Vitanlega hefir mér aldrei komið til hugar að halda slíku fram, og sú leið hefir verið farin hingað til, eins og hv. 1. þm. Skagf. sagði, að ríkið hefir hlaupið undir bagga, þar sem svona hefir borið að höndum. Kemur það þá ekki nokkuð í sama stað niður, hvort ríkið er látið halda þessum tollum, og hlaupi svo undir bagga með þessum héruðum, sem verst verða úti, eða tollarnir eru lagðir á beint til hagsmuna fyrir þessi héruð? Mér sýnist, að heildarútkoman á þessu muni verða sú sama, en það verður naumast vefengt, sem ég vakti athygli á í gær, að það er hentugra og umsvifaminna í framkvæmdinni að hafa hreina skiptingu á tekjuöflunarleiðunum. Hvaða skipting svo kann að vera sú heppilegasta, hefi ég ekki hugsað svo vel, að ég treysti mér til að taka neina ófrávíkjanlega afstöðu til þess. Hinsvegar hefi ég ekki komið auga á, að önnur aðferð væri heppilegri en að láta hreppsfélögin búa að beinu sköttunum, svo sem verið hefir, en láta ríkið hafa óbeinu skattana.

Hv. flm. sagði, að vinningurinn við þessa breyt. væri sá, að innheimtan yrði frekar kleif, og hv. 1. þm. Skagf. gat þess, að fjmrh. mundi ekki vilja lækka tekjuskatt til ríkisins til hagsbóta fyrir sveita- eða bæjarfélög. En ég vil vekja athygli á því, að vitanlega kæmi það í sama stað niður fyrir ríkissjóð, hvort tollar væru hækkaðir til hagsmuna fyrir hann eða tekjuskatturinn væri lækkaður um samsvarandi fjárhæð. Ég get ekki séð, að í raun og veru sé nokkur vinningur við þetta, hverjum augum sem á það er litið. Mér sýnist, að það hljóti alltaf að verða erfiðara í framkvæmdinni að koma á þessari tvískiptingu í tekjuöflunarleiðunum.

Út af því, sem hv. flm. sagði um skattinn, sem ráðgert er að leggja á einkasölurnar, vil ég aðeins segja, að það vakti aldrei fyrir mér, að skattleggja ætti einkasölurnar á sama hátt og einkafyrirtækin. Það er alveg augljóst, hver afleiðing mundi verða af því, að hún er sú, að svo að segja allar tekjur þessara fyrirtækja rynnu til bæjar- og sveitarfélaga, en eftir í ríkissjóð yrði ekki nema örlítið. En ég vil bara vekja athygli á því, að það er langt bil á milli 10% og 100%, og maður gæti látið sér detta í hug að bera niður einhversstaðar á þessu langa svæði, sem þarna er á milli. Mér finnst, að það gæti ekki talizt óeðlilegt, sérstaklega þegar litið er á það, hvað mikill hluti af tekjum bæjarfélaganna hefir lent á verzlununum, að lagt væri á þessi fyrirtæki útsvar, sem næmi 20% af nettótekjunum. M. ö. o., að það mætti tvöfalda þennan skatt, sem stungið er upp á af hv. flm. Það má kannske segja, að þetta sé ekkert höfuðatriði fyrir bæjarfélögin, en ef haldið verður áfram á einkasölubrautinni eins og gert hefir verið á síðari árum, þá getur það orðið afarþýðingarmikið atriði, sérstaklega hér í Reykjavík. Og ég verð að segja það, án þess að mig langi til að leggja stein í götu Siglufjarðar í hans tekjuöflunarleiðum, að mér finnst það skjóta dálítið skökku við, hvernig hv. flm. hefir hugsað sér að skattleggja síldarverksmiðjur ríkisins. —

Að öðru leyti skal ég ekki fjölyrða frekar

um ræðu hv. flm. frá í gær. Það er margt í þessu máli, sem við erum alveg sammála um. Það, sem okkur greinir á um, er hvort ástæða sé til að fara inn á þessa skiptingu tekjuöflunarleiðanna, sem hér er gert, og hv. flm. hefir ekki getað sannfært mig um, að nokkur vinningur sé í raun og veru við þetta. Hitt er mér ljóst, að það er nauðsynlegt að gera einhverjar ráðstafanir til þess að gera bæjar- og sveitarfélögum það mögulegra heldur en verið hefir undanfarin ár, að afla þeirra tekna, sem þau þurfa, til þess að standa straum af sínum útgjöldum. Að því leyti erum við alveg sammála.

***Magnús Jónsson:** Ég er nú anzi hræddur um, að eins og afgreiðslan var á þessu máli í fyrra, ekki flóknara en það lá fyrir þá, að ekki verði auðveldara að afgreiða það nú eins og það er borið fram, þegar frv. er skipt í tvo parta, og ekki einu sinni svo vel, að báðir partarnir lifi og hrærist í sömu d. í einu. Ég hefi ekki haft tækifæri til annars en rétt að líta á það frv., sem borið hefir verið fram í Nd., og skal því ekkert um það segja, hvað þessir tveir partar bæta hvor annan upp. En ég býst við, að enginn geti orðið undrandi yfir því, þótt ég sem þm. Reykv. geti ekki litið með sérlegri ánægju á þetta frv., sem hér liggur fyrir, því að ég get ekki betur séð en að aðaltilgangur þess sé sá, að sækja peninga til Reykjavíkur til þess að létta undir með öðrum bæjar- og sveitarfélögum á landinu.

Tekjuöflunarleiðir þær, sem hér eru farnar, eru þrjár. Fyrir það fyrsta er hér farið fram á viðauka við nokkur aðflutningsgjöld, sem áætluð eru 450 þús. kr., og af því á að úthluta ⅔ hlutum eftir mannfjölda milli sýslu- og bæjarfélaga landsins, og mér sýnist fljótt á litið, að þá sé þetta eiginlega eini parturinn, sem Reykjavík á að geta notið, þannig að nokkur vissa sé, af þeim 825 þús. kr., sem ætlazt er til, að aflað sé handa bæjar- og sveitarfélögum samkv. þessu frv. Það mun láta nærri, að það verði um 130 þús. kr., sem þannig koma í hlut Reykjavíkur, og er það náttúrlega tiltölulega mjög lítill hluti af þessu fé, og eins og reikningar Reykjavíkur nú eru orðnir, þá er þetta eins og dropi í hafinu, að fá 130 þús. kr. ⅓ hluti af þessu gjaldi á svo að renna í jöfnunarsjóð, sem talað er um í þriðja kafla þessa frv.

Önnur tekjuöflunarleið er svo gjald af verzlunarstofnunum ríkisins, sem er áætlað 100 þús. kr., og á þetta gjald allt að renna í þennan jöfnunarsjóð, en ekki í þá bæjasjóði, þar sem þessar stofnanir starfa. En 5% af nettóágóða skulu þessar stofnanir greiða í bæjar- og sveitarsjóði.

Þriðja tekjuöflunarleiðin er svo gjald af síldarverksmiðjum ríkisins, sem áætlað er 50 þús. kr., og á það gjald allt að renna til þeirra bæjar- og sveitarfélaga, þar sem síldarverksmiðjur starfa, en ekki í þennan jöfnunarsjóð, — sennilega af því að engin þeirra er í Reykjavík! Mér sýnist því, að af þessum 825 þús. kr., sem afla á samkv. þessu frv., séu 130 þús., sem renna í bæjarsjóð Reykjavíkur. Hitt allt rennur ýmist í bæjarsjóði annara bæja eða í þennan jöfnunarsjóð. — Það er þá næst að athuga, hvaða möguleika Reykjavík hefir á því að fá úr þessum sjóði. Fyrirmælin um það eru mjög sanngjörn á yfirborðinu, því að það er talað um, að þau bæjar- og sveitarfélög, sem að dómi landsstj. þurfa mestrar hjálpar við, skuli styrkt úr þessum sjóði, og maður skyldi því ætla eftir útvarpsumr. og blaðaskrifum, að Reykjavík muni gleypa þetta að mestu leyti, því að eftir því, sem stjórnarflokkarnir segja, þá er Reykjavík á heljarþröminni. En það er bara svo einkennilegt, að alltaf, þegar afla á fjár, er farið til Reykjavíkur til að fá peninga, og ég býst við, að það muni verða sá endinn á dýrinu, sem mest verði að marka, þegar á að fara að úthluta úr þessum sjóði. Ég segi dýrinu út af sögunni um hundinn, sem dinglaði rófunni, en sýndi um leið tennurnar, svo að maðurinn vissi ekki, hverjum endanum hann átti að trúa. Hitt er annað mál, að það er ekki nema sjálfsagt, að athuga þær till., sem koma fram um að afla bæjar- og sveitarfélögum tekna, en það má ekki taka það út úr, sem snertir vissa aðilja, en skilja hitt frá. Lauslega hefir mér reiknazt svo til, að af þeim 825 þús. kr. gjöldum, sem þetta frv. gerir ráð fyrir, myndi Reykjavík vera látin borga a. m. k. 500 þús. kr., en fá inn 130 þús. kr. og kannske einhverntíma þegar við, sem erum í þessari hv. d., erum orðnir gráhærðir, er röðin komin að Reykjavíkingum um að fá fjárveitingu úr jöfnunarsjóði. En ég ætla að vona það fyrir hönd bæjarins, að hann þurfi ekki að vera talinn hafa mesta þörf á að fá gjald úr jöfnunarsjóði, því að það á aðeins að úthluta þeim bæjar- og sveitarfélögum úr þessum sjóði, sem þurfa mestrar hjálpar við. Það er nú náttúrlega mikil huggun í því, að þessir nýju skattar, sem talað er um í þessu frv., eiga að verða til þess að lækka útsvörin, en það er bara útsvarsupphæðin á öllu landinu, sem kannske lækkar, en hinsvegar er mjög mismunandi, hve lækkunin yrði mikil á hinum einstöku stöðum. Frv. eins og þetta myndi ekki gera annað en stórhækka gjöldin á Reykvíkingum. Þeir yrðu að láta 3—4 kr. fyrir hverja eina, sem þeir fengju aftur.

Ég vil taka alvarlega undir það með hv. 2. þm. Rang. — eins og ég hefi oft látið í ljós hér áður — að það er ekkert vit í því, að fara ekki eins langt og mögulegt er eftir þeirri leið, að láta bæjar- og sveitarfélögin fá þá skattstofna, sem eru bundnir við viðkomandi pláss, svo sem skatt af tekjum og eignum og fasteignaskatt. Það er augljóst, að það á að bæta úr þörf bæjar- og sveitarfélaganna með þessum skattstofnum. Þegar það hrekkur ekki til, þá fyrst er hægt að láta sér detta það í hug, að láta einstök svæði fá tekjustofna, sem óhjákvæmilegt er að dreifa yfir víðara svæði. Mér finnst, að það mætti komast nokkuð langt með að bæta úr þessari þörf bæjar- og sveitarfélaganna með góðri samvinnu um að afla bæjar- og sveitarsjóðum aukinna tekna með tekju- og fasteignaskatti, með því að haga gjöldum þeim, sem lögð eru á bæjar- og sveitarfélögin, nokkuð eftir því, sem geta þeirra leyfði, og í þriðja lagi með því, að létta af þeim gjöld-

um, sem koma hlutfallslega þyngst niður á þeim, sem eiga erfiðast með að afla tekna á þennan hátt. Ég skal játa, að ef einhversstaðar er svo ástatt, að ómögulegt er að bæta úr þörfinni á þennan hátt, þarf að hlaupa undir bagga þar með sérstökum ráðstöfunum. Það getur vel verið, að það sé ekki fjarri sanni, að ríkið hafi einhvern jöfnunarsjóð, einhverskonar púlíu, sem hægt væri að úthluta úr í þessu skyni, en hitt er svo annað mál, að það verður auðvitað að bæta ríkissjóði upp þann tekjumissi, sem hann yrði fyrir, ef þessir skattar yrðu látnir renna í bæjar- og sveitarsjóð, að svo miklu leyti, sem ekki væri hægt að spara ríkisfé að sama skapi, sem náttúrlega væri æskilegt. En ég held, að varla sé hægt að hugsa sér, að allir hv. dm. sjái ekki sanngirnina í því, að fara jafnan í þennan eina sérstaka vasa eftir fé, jafnframt því sem byrðirnar eru þyngdar einmitt á þessum sama aðilja með framfærslulöggjöfinni.

Flm. (Bernharð Stefánsson): Það hefir verið orðað hér, að þetta frv. gengi skammt, en á þessum fundi var útbýtt frv. um svipað efni frá hv. þm. í Nd. Ég vissi um það, eins og ég gat um í gær, að þetta frv. myndi koma fram. Mitt frv. er borið fram sökum þess, að flm. hins frv. vildi ekki fallast á allar þær tekjuöflunarleiðir, sem ég vildi halda, úr frv. frá í fyrra, og sumpart fara aðrar leiðir að því er snertir skatt ríkisstofnananna. Menn verða að skoða frv. í því ljósi, að það er aðeins partur af málinu.

Ég segi fyrir mig, og gerði grein fyrir því í gær, að I. kafla í frv. hv. 6. landsk. mun ég samþ., ef hann kemur undir mitt atkv., sem ég vona að verði, og ég hefði haft þennan kafla í mínu frv., ef ég hefði ekki vitað, þegar ég samdi það, að þetta átti að koma fram annarsstaðar. Hv. 2. þm. Rang. sagði út af þeim aðflutningsgjöldum, sem ég legg til, að sett verði, að þau væru auðvitað ekki annað en nefskattur. Það má segja það yfirleitt um þá tolla, sem ekki hvíla á hreinum munaðarvörum, að þeir séu hreinir nefskattar, en ég hygg, að þó að farin yrði sú leið, að ríkið léti bæjar- og sveitarfélögunum eftir t. d. tekjuskattinn og hækkaði í þess stað þessa tolla um sömu upphæð, sem því næmi, sem gengi í ríkissjóðinn, þá kæmi það í sama stað niður fyrir gjaldendurna. Þó að þetta væri kallaður nefskattur, sé ég ekki, að verra væri að greiða hann í bæjar- eða sveitarsjóð en í ríkissjóð. Hv. þm. vildi álíta, að ef fólkið á annað borð gæti staðið undir því að greiða þennan tollaviðauka, sem hér er farið fram á, þá gæti það eins staðið undir því að greiða útsvörin, því að það kæmi í sama stað niður á hvern hátt þetta sé greitt. Ég er honum ekki sammála um þetta. Ég er viss um, að hv. þm. veit það, að þó að segja megi, að um sömu peningaupphæðina sé að ræða, þá er samt sem áður léttara að greiða oft mjög lágar upphæðir en að greiða í einu eða tvennu lagi. Ef þessi röksemd hans væri rétt, mætti að sjálfsögðu ganga inn á skattapólitík sósialista, því að skv. þessari kenningu ætti að mega afnema alla tolla og hafa tóma skatta. **(SÁÓ:** Er það skattapólitík íslenzkra sósialista?) Ég átti við sósialistastefnuna eins og hún kemur fram í fræðibókum.

Hv. þm. fannst reyndar ekki þýða mikið að ná tekjum bæjar- og sveitarfélaga á þennan hátt, heldur væri alveg eins hentugt, að ríkið hlypi beinlínis undir bagga á þeim stöðum, sem þess væri sérstaklega þörf. Það er nú svo. En ég held, að það sé töluvert varhugaverð leið, að ríkið sé að hlaupa undir bagga fyrr en í fulla hnefana, einmitt vegna þess, að slíkt sljóvgar ábyrgðartilfinninguna og viðleitnina til þess að bjarga sér sjálfur, ef það færi að tíðkast öllu meira en nú er. Ég held, að það sé hyggilegra, að gefa bæjar- og sveitarfélögunum einhverja aukna möguleika til þess að geta bjargað sér sjálf, heldur en að vísa á þessa beinu hjálp ríkisins. Það má vel vera, að það komi í sama stað niður fyrir ríkissjóð, þó að hann gæfi eftir eitthvað af þeim tekjum, sem hann hefir nú, en hækkaði tollana til sín í þess stað, en eins og ég hélt fram í gær, og hv. þm. gekk að nokkru leyti inn á, kemur það ekki í sama stað niður fyrir sveitarfélögin. Ég vissi um það — en það eru að vísu nokkur ár síðan —, að eitt árið varð tekjuskatturinn úr heilum hreppi 13 krónur, svo að ég geri ráð fyrir, að það munaði ákaflega lítið um það, þó að þessi hreppur fengi þessar 13 kr.

Ég ætla ekki að fara að deila við hv. þm. um það, hve skattur ríkisstofnananna ætti að vera hár. Ég tók sömu upphæð eins og samþ. var hér í hv. d. í fyrra, nefnilega 10%, sem skiptist í tvo staði; annar helmingurinn gangi beint í hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarsjóð, en hinn í jöfnunarsjóð.

Mér skildist það á hv. þm., að það væri rétt hjá mér, að ekki væri hægt að bera saman skatt ríkisstofnana og fyrirtækja einstakra manna, því að útsvörin á þeim síðarnefndu kæmust jafnvel upp í 100%. **(PM:** Tekjuskattur og útsvar). Ég er þessu ekki svo kunnugur, að ég geti neitt um það fullyrt, en ég veit, að mörg fyrirtæki hér í Reykjavík a. m. k. og víða annarsstaðar geta staðið og sum hagnazt. En ef útsvörin og tekjuskattur næmu 100% af ágóðanum, **(PM:** Þegar hann er kominn upp í 28 þús. kr.) þá fæ ég ekki séð, að neitt fyrirtæki gæti þrifizt, en sem betur fer, fara ekki öll fyrirtæki með háar tekjur á hausinn. **(PM:** Þau færu öll á hausinn). Ég er ekki sérstaklega á móti því, þó að skatturinn á ríkisstofnununum væri eitthvað hækkaður, og mér fannst tala sú, sem hv. þm. nefndi, ekki vera nein fjarstæða.

Hv. þm. fannst Siglufjörður njóta sérréttinda hjá mér, þar sem gert sé ráð fyrir því í frv. að skatturinn af síldarverksmiðjum ríkisins gangi í hlutaðeigandi bæjarsjóð. Það eru vitanlega fleiri staðir en Siglufjörður, sem myndu njóta góðs af þessu; það eru a. m. k. 3 staðir. Ég lít svo á, að starfsemi eins og síldarverksmiðjurekstur ríkisins sé svo nákvæmlega hliðstæður atvinnurekstri þeim, sem einstaklingar yfirleitt reka í bæjarfélögunum, að sjálfsagt sé, að hlutaðeigandi bær fái einhverjar tekjur af þeim atvinnurekstri (Rödd af þingbekkjum:

Gildir ekki sama um verzlunina?) Það gildir ekki sama um hana, sizt þann hluta ágóðans, sem skoða má sem skatt á landsmenn; auk þess er mikill munur á því, hve síldarverksmiðjurnar þurfa meira á eignum bæjarins að halda, sem hann hefir kostað til, heldur en verzlanir ríkisins, sem eru yfirleitt með vörur, sem fer ekki neitt sérstaklega mikið fyrir eða sérstaklega þungar samanborið við veltuna. — Annars var hv. þm. sammála mér um það, að einhverjar ráðstafanir þyrfti að gera í þessum efnum, og þó að hann nefndi ekki, hvaða ráðstafanir það væru, vonast ég til, að fram komi till. frá honum um það; fyrirfam skal ég ekki fordæma þær. Það getur verið, eins og ég sagði í gær, að ég geti fallizt á ýmsar breyt. og sérstaklega viðauka á frv., því að ég hefi borið frv. fram af þeim ástæðum, sem ég hefi nefnt, ekki sízt til þess að koma þessu máli af stað, því að nú er svo komið, að þingið verður að afgreiða þetta mál, því að þótt ekki náist kannske nema hluti af því, sem mþn. fór fram á í fyrra, þá verður þegar á þessu þingi að gera einhverjar ráðstafanir til að afla bæjar- og sveitarsjóðunum aukinna tekna.

Hv. 1. þm. Reykv. sagði, að hann væri sem þm. Reykvíkinga óánægður með þetta frv. og að tilgangurinn með frv. væri sjáanlega sá, að sækja peninga til Reykjavíkur, en ekki til þess að hjálpa þeim bæ neitt. Mér er ómögulegt að fallast á, að það sé rétt, sem hann sagði, því að í frv. er ekki gerður nokkur munur á bæjar- eða sveitarfélögum í landinu, hvað hlunnindi snertir, nema ef telja skyldi það, að Siglufjörður og þeir staðir, sem eins stendur á með, hefðu kannske hvað mest upp úr frv., að öðru leyti er það ekki. Hvernig á það að vera, að þessi gjöld komi þyngra niður á Reykvíkingum en öðrum landsmönnum? Ég skil það ekki. Ég hugsa, að Reykvíkingar noti ákaflega svipað af þeim vörum, sem í 1. gr. frv. er ráðgert að tolla, eins og aðrir landsmenn.

Ég vona, að hv. þm. sé ekki haldinn af þeirri hégilju, að miða þetta við það, hvar tollarnir eru greiddir, heldur hvar vörunnar er neytt, því að það eru neytendurnir, sem borga þessa tolla raunverulega. Kaupmaðurinn er vitanlega ekki annað en milliliður að því leyti, að hann greiðir tollinn í upphafi. Ég hygg, að tollarnir komi svipað niður á Reykvíkinga eins og aðra landsmenn. Hv. þm. komst að þeirri niðurstöðu, að Reykjavík myndi borga 500 þús. kr. af þessum rúml. 800 þús. kr., en fengi 130 þús. kr. Þetta er náttúrlega hreinasta fjarstæða. Ég hugsa, að Reykjavík borgaði raunverulega jafnmikinn hluta af þeim gjöldum, sem þarna kæmu á landsmenn, eins og þeir eru mikill hluti af þjóðinni. Það stendur nákvæmlega í sama hlutfalli eða mjög nálægt því a. m. k.

Að frv. myndi stórhækka gjöldin á Reykvíkingum fremur en öðrum landsmönnum er því ekki annað en fjarstæða. Um hlunnindin af frv. gegnir að vísu ofurlítið öðru máli, þar sem ekki á að skipta öllum tekjunum eftir fólkstölu, heldur á nokkur hluti teknanna að ganga til þess að styrkja þá, sem verst eru settir, en ef Reykvíkingar fá aldrei styrk, þá er það fyrir það eitt, að þeir verða aldrei svo illa settir og mér finnst, að hv. þm. mætti vel við það una f. h. síns kjördæmis. Það má benda á það — þó að ég vilji ekki vekja deilur um það atriði — að Reykjavíkurbær hefir raunverulega aðstöðu í miklu ríkara mæli en önnur bæjar- og sveitarfélög til að skattleggja ríkissjóðinn óbeinlínis í gegnum útsvörin á þeim fjölda starfsmanna ríkisins, sem hér eru, svo að það er ekki sambærilegt á neinum stað öðrum á landinu; enn fremur er hér ýmiskonar atvinna og tekjur, sem ríkið skapar bænum, einmitt vegna þess, að allar stærstu ríkisstofnanirnar eru hér í Reykjavík. Ég er ekki að telja þetta eftir, en þegar hv. þm. heldur slíkri fjarstæðu fram, að frv. sé borið fram til þess að hafa peninga af Reykvíkingum til þess að láta aðra landsmenn hafa, má þó benda á þetta. Það er ekki hægt að neita því, að frv. gerir öllum landsmönnum jafnhátt undir höfði, það leggur sömu gjöld á alla landsmenn og ætlar þeim öllum sömu hlunnindi, sumpart með beinni skiptingu, sumpart með rétti til þess að geta fengið styrk, ef á þarf að halda, Reykvíkingum alveg eins og öðrum.

Hitt er aftur annað mál, að ég get játað, að það er ekki nógu langt gengið með þessu frv. mínu, en ég vona, að eitthvað af því frv., sem komið er fram í hv. Nd., geti lifað, og þá gætu þessi bæði frv. í sameiningu orðið dálítil réttarbót fyrir bæjar- og sveitarfélögin.

Það féllu einhver orð um það hér áðan, að það myndi vera óheppilegt, að þetta mál kemur fram í tvennu lagi. Ég er ekki viss um, að það sé svo óheppilegt, því að eitt atriði, sem menn væru óánægðir með, gæti e. t. v. orðið heilu frv. að falli. Ég álít það öruggara, að einhver hjálp komist fram, ef málið er borið fram í tveimur eða fleiri frv. heldur en ef það er borið fram í einu. Ég hygg því, að þetta séu ekkert óhyggileg vinnubrögð, að við tveir þm. höfum borið fram sitt frv. hvor.

*__Magnús Jónsson:__ Það eru aðeins örfá orð. Mér fannst hv. 1. þm. Eyf., jafnrökvís maður eins og hann er, ekki komast vel út úr því, þegar hann var að reyna að sýna fram á, að skv. frv. væri Reykjavík alveg eins vel sett eins og önnur bæjar- og sveitarfélög á landinu. Það má náttúrlega setja svona reglur og láta gilda jafnt yfir alla, en koma þessu þannig fyrir, að það snerti bara einn, og annan ekki. Ef litið er á tekjuöflunarleiðir frv., þá sér maður, að hlutfallslega langmestur hlutinn af þessum gjöldum er greiddur úr Reykjavík. Af hverju sem það er, þá er það alkunnugt, þótt ekki sé farið eftir því, hvaða tollar séu innheimtir hér eingöngu, að verzlun er hér langmest, og af verðtolli þykist ég vita, að mjög mikið komi á Reykjavík og nokkra stærstu kaupstaðina, og a. m. k. er þetta ekki sambærilegt með stærstu kaupstaðina og sveitirnar. Sveitalífið er þannig, að það er fleira, sem menn hafa þar af sínum búum sér til viðurværis, og það er yfirleitt mikið meira, sem kaupstaðabúinn þarf að sækja í verzlanirnar, og reynslan er alstaðar sú, að því stærri sem bæirnir eru, því dýrara er að lifa

þar; verzlunin verður örari, og menn láta meira út af peningum og hafa þá ef til vill möguleika til að afla meiri peninga. Af þessu leiðir það, að gjöld, sem lögð eru á verzlun, og ef til vill sérstaklega þau gjöld, sem lögð eru mest á dýrari muni, sem verzlað er með, leggjast alltaf mest á fjölmennari bæi. Þess vegna er enginn vafi á því, að tekjuöflun 1. gr. lendir hlutfallslega miklu meira á Reykjavík en öðrum kaupstöðum. Á hinn bóginn eru svo aftur tekjur, sem þannig er aflað, að þær koma að nokkru leyti jafnmikið til Reykjavíkur og annara staða, og renna að nokkru leyti í sjóð, sem þannig er umbúið, að það er ekki gert ráð fyrir, að Reykjavík muni njóta hans, a. m. k. sennilega ekki í náinni framtíð, og ég get tekið undir með hv. flm. og sagt, „vonandi ekki í bráð", þótt ég skuli ekki segja, hversu fljótvirkar allar þær „maskínur" eru, sem stjórnarfl. hafa í fullum gangi til þess að koma Reykjavík á kné. Um tekjuöflun 11. gr. er ekki að ræða. Það er vitanlegt, að svo og svo mikið af þeirri starfsemi, sem fram fer við síldarverksmiðjurnar, er af völdum Reykjavíkur og manna hingað og þangað af landinu, en þær tekjur renna eingöngu í örfáa bæjarsjóði. Að því er snertir tekjuöflun 10. gr. er það svo, að langtekjuhæsta verzlunin, vínverzlunin, er að langmestu leyti kostuð af þeim stöðum, þar sem útsölur eru, og það er mikið böl fyrir Reykjavík, hvað hún ber mikið af þessum skatti, og þessar 100 þús. kr., sem þarna eru áætlaðar, eru ekki hátt áætlaðar eftir seinasta landsreikningi. Mér finnst þess vegna, að þetta fagra og slétta yfirborð, þar sem enginn munur er gerður á landsins börnum, sé í raun og veru lítið annað en sauðargæra yfir eitthvað annað, sem þarna er undir. Það má náttúrlega búa til frv., þar sem lagt er á alla jafnt, það mætti t. d. leggja skatt á sauðfjáreign manna til sjávar og sveita, og úthluta svo jafnt eftir smálestatölu skipa á öllu landinu. Það mætti standa upp með helgisvip, eins og hv. 1. þm. Eyf., og segja, að enginn munur sé gerður á, allir eigi að borga þetta jafnt og allir eigi að fá það jafnt, hvar sem þeir eru á landinu, en því er hagað svo lævíslega, að einn borgar og annar fær. Ég er ekki að segja, að þetta sé svona, ég tók þetta grófa dæmi til að sýna, hve langt má fara með fögrum orðum til þess að ná ákveðnum tilgangi. Og þetta frv. stefnir í þessa átt, þó að það sé ekki eins gróft útfært og í þessu dæmi. — Svo get ég ómögulega fallizt á, að það sé heppileg vinnuaðferð, ef bæði þau frv., sem um þetta fjalla, verða afgr., svo að til verði tvenn lög um þetta. Ég vil skjóta því til hv. nefndar, hvort hún vildi ekki tala sig saman um þessi tvö mál, ég er alveg sammála hv. flm. um ákvæðið um jöfnunarsjóðinn og nokkra af tekjustofnunum líka, svo að ég held, að það þyrfti að steypa frv. saman.

Hv. þm. sagði, að Reykjavík mætti vel við una að þurfa ekki á því að halda að fá fé úr verðjöfnunarsjóði. Ég játa, að það getur verið rétt, en hv. þm. veit, að það er ekki hægt að verja þetta á þeim grundvelli, að það sé til hagsmuna fyrir Reykjavík. (BSt: Hún þarfnast réttar eins og aðrir). Ég skal ekki fara út í það, hvort Reykjavík hafi mikinn fjárhagslegan hagnað af að vera í bandalagi við ríkið. Ef það er skoðað frá sjónarmiði bæjarsjóðs og ríkissjóðs, þá er það dæmi nokkuð ljóst. Ef Reykjavík væri laus við þau gjöld, sem hún hefir af öðrum hlutum landsins, þá væri hægt að lifa hér sældarlífi, og allir hefðu nóg að gera. (BSt: Því er þá Seltjarnarnesið ekki sérstakt ríki?) Ef litið er á það frá sjónarmiði opinberra sjóða, þá yrði það fyrirtaks ríki, en þá yrði að gera ráðstafanir til að banna mönnum að flytja þangað, því að landsmenn mundu streyma þangað, og ég vona, að hv. þm., sem er höfundur hugmyndarinnar um byggðaleyfi, taki vel í það, ef fram koma till. um, að einhver slík ákvæði þurfi að setja, einmitt vegna þess, að hér hefir safnazt of mikið fólk. Ef miða á við þær stofnanir, sem Reykjavík hefir, eins og aðrar höfuðborgir, þá mætti athuga það víðar á landinu. Ég býst t. d. við, að Siglufjörður, sem séð er sérstaklega vel fyrir með þessu frv., hafi útsvör af mönnum, sem starfa þar við ríkisfyrirtæki.

Ég vil svo að lokum ítreka það, sem ég hefi sagt, að hv. n. athugi frv. hv. Nd. ásamt þessu, því að ég tel nauðsynlegt að greiða úr þessu máli.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til allshn. með 8:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PHerm, ÞBr, BSt, HG, IngP, JAJ, JJ, EÁrna.

nei: MJ, PM, SÁÓ, ÞÞ, GL.

MG greiddi ekki atkv.

Tveir þm. (HermJ, JBald) fjarstaddir.

Á 36. fundi í Ed., 10. apríl, utan dagskrár, mælti

Bernharð Stefánsson: Mig langar til að spyrjast fyrir um það, hvað afgreiðslu líður á frv., sem ég bar fram snemma á þinginu og vísað var til hv. allshn., það er frv. um tekjur bæjar- og sveitarfélaga. Ég vænti þess að fá góð svör frá n., en annars vil ég mælast til þess við hæstv. forseta, að hann fari að taka málið á dagskrá til 2. umr.

Sigurjón Á. Ólafsson: Út af fyrirspurn hv. 1. þm. Eyf., sem mun vera beint til allshn., skal þess getið, að n. hefir haldið nokkra fundi um þetta mál, en það var enginn áhugi hjá henni á því að afgreiða það út úr n., þar sem nú lítur út fyrir, að þinglok séu skammt fram undan. Það var því talið þýðingarlaust að taka málið fyrir, enda var líklegt, að nefndarmenn gætu ekki orðið sammála um frv. eins og það lá fyrir.

Bernharð Stefánsson: Mér þykir leitt, ef hv. allshn. hefir ekki áhuga fyrir því að skila áliti um þetta mál, og ég verð að segja, að ég sé ekki, að það komi málinu neitt við, þó að út-

lit sé fyrir, að þinginu fari bráðum að ljúka, því að þetta er nauðsynjamál, sem þarf að afgreiða, hvernig svo sem endalok þingsins kunna að verða. Og ég ætla að tjá hv. n. það, að það litur beinlínis þannig út með sum bæjarfélög landsins, að þau muni komast í algert þrot á þessu ári, þrátt fyrir kreppuuppgerðina, sem er nýlega afstaðin. Eftir þetta svar vil ég mælast til þess við hæstv. forseta, að hann taki málið samt sem áður á dagskrá hið allra fyrsta.

Forseti (EÁrna): Ég vænti þess, að hv. allshn. taki þetta til athugunar, og ég mun verða við beiðni hv. flm. og taka þetta mál á dagskrá á næstunni.

Á 41. fundi í Ed., 15. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 81, n. 294 og 318, 311).
Forseti tók málið af dagskrá.

Á 43. fundi í Ed., 17. apríl, utan dagskrár, mælti

Magnús Guðmundsson: Fyrir nokkrum dögum gerði hv. 1. þm. Eyf. fyrirspurn um það, hvað liði frv., er hann flutti á öndverðu þingi um tekjustofna fyrir bæjar- og sveitarsjóði. Forseti skoraði þá þegar á n., sem hafði málið til meðferðar, að flýta því, og nú hefir hún skilað áliti sínu fyrir nokkru. Ég vildi því spyrjast fyrir um það, hvort hæstv. forseti muni ekki sjá sér fært að taka málið á dagskrá nú sem fyrst. Þetta er mikið nauðsynjamál, og ég hefði haldið, að það mætti koma því fram, eða a. m. k. út úr deildinni, ef það væri tekið á dagskrá strax.

Forseti (EÁrna): Út af ummælum hv. 1. þm. Skagf. vil ég geta þess, að það er rétt, sem hann sagði. Ég ýtti undir n. að skila áliti. En þegar nál. kom, var n. klofin og greindi allmjög á um afgreiðslu málsins. Þar sem mjög var liðið á þingtímann, er nál. kom, og hinsvegar var víst, að miklar umr. mundu verða um þetta umdeilda mál, þá sá ég ekki, að það hefði þýðingu að taka málið á dagskrá; það mundi aldrei geta fengið afgreiðslu nú. Fyrir þinginu liggja líka mörg fleiri mál, sem líkt er ástatt um og þetta.

Frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

71. Búfjársjúkdómar.

Á 7. fundi í Sþ., 16. marz, var útbýtt frá Ed.:
Frv. til l. um ráðstafanir vegna búfjársjúkdóma (þmfrv., A. 84).

Á 22. fundi í Ed., 19. marz, var frv. tekið til 1. umr.

***Flm. (Páll Hermannsson):** Mér skilst, að maður þurfi að vera stuttorður um þau mál, sem eftir eru á dagskrá. — Það, sem ég í fyrsta lagi get sagt um frv., er, að það er flutt að tilhlutun landbrh. og hefir verið samið af tveim dýralæknum, þó í samráði við suma aðra dýralækna landsins.

Mönnum er kunnugt um það, sérstaklega nú, hvaða vágestur búfjársúkdómarnir hafa reynzt landsmönnum nú að undanförnu. Um það má segja, að ekki hefir þeim verið gefinn meiri gaumur undanfarin ár en svo, að það hefir engum borið skylda til að fylgjast með eða gefa skýrslu um ýmsa búfjársjúkdóma, sem þó hefði getað orðið til þess að tefja fyrir þeim. 1905 voru að vísu sett lög um skýrslur um alidýrasjúkdóma, en þau voru úr gildi numin 1917.

Þetta frv. gengur út frá því, að nú sé hafizt handa um að koma í veg fyrir þessa sjúkdóma, og dýralæknar hver í sínu umdæmi hafa yfirumsjón með eftirlitinu, og hreppstjórar hver í sínu sveitarfélagi gefi upplýsingar um heilbrigði búfjárins. Mér þykir sennilegt, að bezt væri að láta dýralæknana fyrst og fremst vinna að skýrslusöfnun um sjúkdómana. Þetta eru þeir menn, sem eiga bæði að þekkja búfjársjúkdómana og hafa sérstaka tilhneigingu til að kynnast þeim. Og mönnum sé skylt að láta þeim í té allar upplýsingar um, hvort um er að ræða smitandi sjúkdómsfaraldur eða dauðsföll í einstökum tilfellum. Gert er ráð fyrir kostnaði í sambandi við þetta, sem ferðir dýralækna hafa í för með sér.

Mér þykir rétt að taka það fram, að þetta frv. stefnir ekki að þeirri allra skæðustu búfjárveiki, sem nú geisar í landinu þ.e. borgfirzku fjárpestinni. Þetta er aðeins almennt, en ekki bundið við þá sérstöku veiki. Ég geri ráð fyrir því, að þetta þing muni gera einhverjar tilraunir til að taka þá sérstöku veiki til meðferðar. Ég skal svo ekki tefja tímann meir, en legg til, að þessu frv. verði að loknum umræðum vísað til landbn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til landbn. með 10 shlj. atkv.

Á 35. fundi í Ed., 9. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 84, n. 229).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

***Frsm. (Páll Hermannsson):** Þegar landbn. hafði þetta mál til meðferðar var einn nm. forfallaður, en við hv. 2. þm. Rang. urðum á eitt sáttir um að leggja frv. fram óbreytt með tilliti til þess, að það yrði samþ. Okkur leizt svo á, að þessar ráðstafanir, sem hér er um að ræða, séu mjög nauðsynlegar, og ég vil því leggja til, að þessi hv. deild samþ. frv.

***Þorsteinn Þorsteinsson:** Þegar þetta frv. var til 1. umr., átti ég tal við hv. flm. um það, að n. gerði á því nokkrar breyt. En ég sé nú, að þetta hefir alveg brugðizt, og ég býst við, að ég flytji brtt. við 3. umr. Með frv., eins og það er,

þykir mér vera hrúgað of miklum störfum á hreppstjóra landsins, sem er þessi skýrslusöfnun, og þeir fá þó ekkert fyrir það. Það er öllum vitanlegt, að hreppstjóralaunin eru smánarlega lítil, þar sem hreppstjórar í stórum sveitum fá ekki nema 80 kr. og alltaf er verið að hlaða á þá ýmsum aukastörfum. — 2. gr. frv. gerir ráð fyrir, að dýralæknum sé skylt að ferðast um læknisumdæmi sitt. Hvort þeir eiga að koma á hvern bæ eða hverja sveit, er mér ókunnugt um, en fyrir þetta er þeim ætlað sem ferðakostnaður 500 kr. En ég álít það betra, að þeim verði greiddur kostnaður eftir reikningi.

Ég mun flytja brtt. við þetta frv. við 3. umr. Ég vildi aðeins taka þetta fram, áður en atkvgr. fer fram.

*Frsm. (Páll Hermannsson): Það er rétt, sem hv. þm. Dal. benti á, að það eru ýms atriði, sem álitið er, að fara mætti betur. Í n. var talað um þessi atriði, en við nánari athugun kom það í ljós, að þau mundu kannske ekki verða öðruvísi betri. Hv. þm. Dal. er það frjálst að koma með einhverjar brtt. við 3. umr. málsins, og það væri ánægjulegt, ef hann kæmi með till. sem væri takandi til greina. — Um það, sem hann talaði um hreppstjórana, vildi ég upplýsa, að það starf, sem þeim er ætlað, er ekki erfitt starf, því að dýralæknarnir eru aðalstarfsmenn þessa máls. Hreppstjórum er ætlað að safna skýrslum á hreppsfundum og öðrum samkomum. En um ferðir dýralækna er það að segja, að þeim er ætlað að koma í hvern hrepp og taka þar skýrslur, sem hjá hreppstjórunum eiga að liggja.

Ég geri mér von um, að hv. dm. fylgi frv. til 3. umr., og þá má gera þær breyt., sem nokkru máli skipta.

*Þorsteinn Þorsteinsson: Hv. 1. þm. N.-M. sagði, að hér væri ætlazt til, að þessi störf hreppstjóranna yrðu létt. Er rétt af Alþingi að ákveða störf hreppstjóra og segja, að þau séu létt? Nei, það verður aðeins til þess, að þeir vinna sér þetta verk léttara, og með því hlýtur árangurinn af þeim störfum að verða minni og það er alveg óvíst, að hinn tilætlaði árangur náist með þessu, þegar hreppstjórarnir heyra það frá hærri stöðum, að þetta verk eigi að vera létt. Það er því miklu betra að borga eitthvað fyrir það og ganga þá rikt eftir því, að það sé vel af hendi leyst.

*Frsm. (Páll Hermannsson): Ég geri ráð fyrir, að hreppstjórar yfirleitt hafi ekki neina tilhneigingu til að trassa verk þau, er þeim eru falin, og það er hugsanlegt, að það sé ekki rétt að borga þeim, þótt þeir söfnuðu skýrslum í sínum eigin hreppi, og mér finnst það skylt, að þeir geri það endurgjaldslaust. Mér finnst hv. þm. Dal. ekki vera eins hörundssár og hann hefir verið áður, þegar till. hefir komið fram um að hlynna eitthvað að hreppstjórunum, sem skemmst er að minnast, þótt það starf væri miklu meira en það, sem hér er um að ræða. Annars skal ég segja það sem mína skoðun, að ég er ekkert sérstaklega á móti því, sem hv. þm. Dal. fer hér fram á.

*Jón Baldvinsson: Hv. frsm. hefir skýrt frá því, að ég hafi verið forfallaður, þegar n. tók þetta mál til meðferðar.

Þetta frv. ber með sér, að það er um almenna búfjársjúka, en ekki um hina einstöku veiki, sem komið hefir upp í Borgarfirði og hefir verið nefnd Deildartunguveikin, en um þá sérstöku veiki má ætla, að sérstakt frv. verði flutt, áður en lýkur. — Af því að þm. þessarar hv. d. voru svo spakir í gær við framlag til viðreisnar sjávarútveginum, þá fyndist mér þeir ekki hafa mikla ástæðu til að fara að leggja fé fram til þessara manna, sem hér er um að ræða. Ég kynni betur við það, ef hv. frsm. vildi gefa upplýsingar um það, hvort hér er um að ræða krónur í þúsunda eða milljónatali. Hér er um takmarkalausa heimild að ræða, og því ekki gott að segja, hvað það verður mikið. Dýralæknum eru ætlaðar 500 kr. hverjum í ferðakostnað, en hreppstjórar fá ekkert, nema ef hv. þm. Dal. ákveður einhvern bita handa þeim við 3. umr. Ég vildi aðeins láta hv. frsm. vita um þetta.

*Þorsteinn Þorsteinsson: Ég vildi aðeins leiðrétta það, sem hv. 1. þm. N.-M. sagði, að í samtali við hann áleit ég, að sýslumenn réðu þessa menn, en hreppsnefndir kysu menn til eftirlits við fjárbaðanir.

*Frsm. (Páll Hermannsson): Mér þykir leitt að samnm. minn skuli ekki hafa haft tækifæri til þess að ræða við okkur um þetta í n., því að þá hefði hann staðið betur að vígi hér til að svara fyrir sig. — Hann spurði, á hvaða upphæð það mundi velta, sem hreppstjórum væri ætlað að fá fyrir vinnu þeirra að þessum skýrslusöfnunum? Ég get alls ekki gizkað á, hvað sjúkdómarnir verða miklir á hverju ári. En ef um slíkt væri að ræða, að sjúkdómarnir mögnuðust, mundi Alþingi láta það máli skipta. Eins og búfjárheilsunni er nú komið, ætti ríkisstjórninni að vera heimilt að leggja fram nokkurt fé til rannsókna og ráðstafana gegn búfjársjúkdómunum, og það mætti framkvæma með bráðabirgðalögum. Ég veit, að hv. 4. landsk. hefir ekki haldið, að ég færi að leggja það niður í krónutölum, sem hreppstjórarnir fá fyrir skýrslusafnanir, og læt ég það vera nægilegt svar til hans.

*Jón Baldvinsson: Þótt við höfum rætt um þetta í n., hv. 1. þm. N.-M. og ég, þá finnst mér vel við eiga, að það komi fram í opnu þingi til þess að upplýsa fyrir d., hvað hér er á ferðinni. Ég veit ofurvel, að hv. 1. þm. N.-M., sem er form. n., hefir svarað þessu samvizkusamlega. Heimildin er takmarkalaus, svo að þetta getur oltið á hundruðum þúsunda og kannske milljónum, og þetta getur kannske heldur ekki orðið nema lítið eitt! (PHerm: Og gæti borgað sig). Ég ætla ekkert að segja um það. En ég vil aðeins út af því formi, sem hér er haft, að menn taki það til athugunar við samningu frv., að í stað þess að binda sig við

t. d. 2—3 milljónir, þá hafi þeir heimildir fyrir ríkisstj. takmarkalausar, svo að hún geti gert það, sem nauðsynlegt er, því að í 7. gr. frv. segir, að landbrh. sé heimilt að gera „hverskonar nauðsynlegar ráðstafanir", þegar skæðir húsdýrasjúkdómar brjótist út, og í 4. og 5. gr. er líka takmarkalaus heimild til fjárútláta úr ríkissjóði, því að í 6. gr. segir, að kostnaður sá, sem leiði af ráðstöfunum þeim, sem gerðar séu samkvæmt 4. og 5. gr., greiðist úr ríkissjóði. Það er eins og gengur og gerist, að menn eru misjafnlega fúsir á að leggja takmarkalausar heimildir í hendur ríkisstj.; það fer náttúrlega eftir því, hvort menn treysta ríkisstj. vel eða ekki. En ég sé, að hér er tekið upp form, sem sjálfsagt er að taka til athugunar að viðhafa!

*Forsrh. (Hermann Jónasson): Ég ætla ekki að tala um frv. í heild eða nauðsyn þess. Það hefir hv. frsm. þegar gert.

Frv. er, eins og hv. þdm. er sennilega kunnugt, samið af dýralæknum landsins, vegna þess að hér er augsýnilega mikil vöntun á skýrslum um veikindi í búpeningi. Þetta finnum við nú, þegar þessi skæði sjúkdómur hefir brotizt út í sauðfénu. En þessar skýrslur eru ekki til, svo að fræðimennirnir deila um það, hvort þessi veiki hafi í raun og veru geisað hér í mörg ár áður. Um þetta þarf að koma skýrslugerð, þannig að alltaf sé hægt að fylgjast með því, hvernig við stöndum á þessu sviði, og getum gert þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar kunna að vera til þess að koma í veg fyrir, að illa fari.

Ég sé ekki ástæðu til að svara miklu þessum gamanyrðum hv. 4. landsk. En það voru aðallega ákvæði 7. gr., sem hann vitnaði í, þar sem hann talaði um, að gefin væri ótakmörkuð heimild til fjárútláta úr ríkissjóði, sem gæti jafnvel skipt milljónum. Hv. 4. landsk. hlýtur að vita, að þó að um þetta stæði ekki einn einasti stafur í lögum eða bráðabirgðalögum, þá hefði hvaða ráðh. sem er leyfi til þess að gera það, sem talað er um í þessu frv. Og heldur hann, að nokkur ráðh. myndi láta þetta ógert, þó að það kostaði milljónir? Nei, sannleikurinn er sá, að þó að ekkert stæði um þetta í þessum l., þá væri heimildin jafn opin og sjálfsögð fyrir ráðh., og honum væri skylt að nota þá heimild. Hér er því ekki nokkur heimild gefin frá því, sem verið hefir.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2.—9. gr samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. visað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 36. fundi í Ed., 10. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 84, 268).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Ennfremur var of skammt liðið frá útbýtingu brtt. 268. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

*Þorsteinn Þorsteinsson: Ég gat þess við 2. umr., að ég myndi koma með brtt. við þetta frv. við 3. umr.

Ég verð að segja eins og er, að mér virðist að það hefði verið rétt að koma með jafnvel fleiri brtt., en ég vil láta þessar nægja.

1. brtt. miðar að því, að þeir dýralæknar, sem hafa lítil umdæmi, fái e. t. v. ekki jafnhátt kaup fyrir sínar ferðir eins og hinir, sem hafa stærri umdæmi, en þó er það takmarkað við víst hámark. Ég tel rétt, að þeir embættismenn, sem ferðist, sýni reikning yfir ferðakostnað sinn, og vona, að ekki verði deilur um þetta atriði. — Þá er 2. brtt., og hún er sú, að í staðinn fyrir eitthvert búnaðarrit, sem ekki er greint, hvert sé, þá sé ákveðið, að það sé það búnaðarritið, sem gera má ráð fyrir, að sé útbreiddast í landinu, nefnilega það, sem Búnaðarfélag Íslands gefur út, en það er nú búnaðarritið Freyr. Þetta er aðeins lagfæring. — Við 3. brtt. er það að athuga, að ef þeir, sem getið er um í 3. gr., verða að gera sér sérstaka snúninga við að safna skýrslunum, fái þeir einhverja greiðslu fyrir það, því að mér finnst réttmætt, að þessir menn fái einhverja þóknun fyrir þessa skýrslusöfnun, úr því að þeir mega búast við að verða sektaðir skv. 8. gr. fyrir vanrækslu við söfnun skýrslnanna. — 4. brtt. er um það, sem mér virðist hafa gleymzt að taka fram í frv. Er hvergi getið um það, hvert sektir skuli renna, sem ákveðnar eru skv. þessu frv., og er sjálfsagt að geta þess. Það hefir líka verið venja að geta þess í l., hvernig fara skuli með mál, sem rísa kunna út af brotum gegn l. — Ég skal geta þess, þó að ég hafi ekki flutt brtt. um það, að samkv. 4. og 5. gr. frv. skal tafarlaust tilkynna hlutaðeigandi dýralækni, en það er ekki getið um það, hvað eigi að tilkynna, og sektarákvæði 8. gr. virðast því eiga að ná til þess, sem maður virðist ekki vita, hvað er. Annars vænti ég, að tekið verði tillit til þessara till. og þær samþ., og skal ég ekki hafa fleiri orð um þær.

*Frsm. (Páll Hermannsson): Það hefir eðlilega ekki unnizt tími til þess að bera þessar brtt. undir landbn., þar sem þeim var útbýtt á þessum fundi. Ég get því vitanlega ekkert um þær sagt fyrir n. hönd. Ég get hinsvegar lýst því yfir, að ég mun sjálfur fylgja 3 síðari liðunum; ég álít, að 2. liður sé til bóta, 4. liður sömuleiðis og 3. liður saki ekkert. Ég gekk út frá því, að þarna verði ekki um neinn kostnað að ræða. Hinsvegar mun ég greiða atkv. á móti 1. lið, sem er um þá þóknun, sem dýralæknar fái fyrir sitt starf, ekki af því að það geti ekki vel verið, að það sé allt eins sanngjarnt að ráða fram úr þessu máli á þann hátt og till. gerir ráð fyrir, heldur vegna þess, að ég hygg, að það hafi orðið einskonar viðtal um það við dýralæknana, að þetta skyldi verða svona í frv., og þar sem ég geng út frá því, að ef þeir leysi þetta verk vel af hendi, þá muni það hafa í för með sér fyrirhöfn og tilkostnað, sem muni verða upp á 500 kr., og þar sem þessir embættismenn munu vera frekar lágt launaðir, þá mun ég sjálfur greiða atkv. á móti 1. lið þessarar brtt.

*Þorsteinn Þorsteinsson: Ég vil þakka flm. þessa frv. fyrir þær góðu undirtektir, sem brtt.

minar hafa fengið. Okkur greinir ekkert á nema um fyrstu brtt., og mér skildist það á hv. flm., að hér hafi verið um einhverja fyrirframsamninga að ræða. Ég geri ráð fyrir, að það sé ekki rétt að gera samninga um atriði, áður en þau eru borin undir þingið. (**PHerm:** Engir samningar nefndir). Það, sem eðlilega felst í minni brtt., er, að menn gefi reikning yfir sinn ferðakostnað, eins og ég held, að flestir ráðunautar Búnaðarfélags Íslands geri. Ef reikningar liggja fyrir, er hægara að hafa eftirlit með því, að dýralæknarnir hafi farið þessar ferðir eins og til er ætlazt í l., og mér finnst í raun og veru sanngjarnt og sjálfsagt að hafa hér einhver takmörk og að hámarkið sé ekki meira en þetta.

ATKVGR.
Brtt. 268,1 samþ. með 9:2 atkv.
— 268,2 samþ. með 11:2 atkv.
— 268,3 samþ. með 8:5 atkv.
— 268,4 samþ. með 8:3 atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 36. fundi í Nd., 12. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 276).
Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv og til landbn. með 17 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

72. Búnaðarbanki Íslands.

Á 20. fundi í Ed., 17. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 31 14. júní 1929, um Búnaðarbanka Íslands (þmfrv., A. 88).

Á 22. fundi í Ed., 19. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9:2 atkv. og til landbn. með 9 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

73. Kreppulánasjóður (frv. PHerm).

Á 20. fundi í Ed., 17. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 78 19. júní 1933, um Kreppulánasjóð (þmfrv., A. 89).

Á 22. og 23. fundi í Ed., 19. og 20. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 24. fundi í Ed., 20. marz, var frv. enn tekið til 1. umr.

***Flm. (Páll Hermannsson):** Það eru að nokkru leyti viss tengsl milli þessa frv. og frv. um búnaðarbankann, sem umræðulaust var vísað til n. í hv. deild í gær. Í frv. er sem sé gengið út frá því, að breyta þannig stjórn Búnaðarbankans, að framvegis verði þar ekki nema einn bankastjóri. Hinsvegar er gert ráð fyrir því í l. um Kreppulánasjóð frá 1933, að eftir að sjóðurinn hefir lokið útlánastarfsemi sinni, skuli stjórn Búnaðarbankans annast um stjórn kreppulánasjóðs. Menn sjá það náttúrlega, að ef horfið er að því ráði, að fækka bankastjórum Búnaðarbankans úr þremur í einn, þá víkur því nokkuð öðruvísi við, en auk þess hafa verið uppi mismunandi raddir um það, hvernig heppilegast væri að haga stjórn kreppulánasjóðs, og hér er gengið út frá, að henni bæri að haga þannig framvegis, að sinn maður frá hverjum banka landsins hefði með höndum stjórn þessara mála. Náttúrlega mætti færa ýmislegt fleira fram sem ástæðu fyrir því, að stungið er upp á þessari breyt., en ég sé ekki frekari þörf á því, nema umræður hefjist verulega um málið.
Ég legg svo til, að þessu frv. verði vísað til hv. landbn. að þessari umræðu lokinni.

***Jón Auðunn Jónsson:** Ég sé, að í þessu frv. er gert ráð fyrir framkvæmdarstjóra fyrir sjóðinn auk stj. Ég hélt satt að segja, að það þyrfti ekki sérstakan framkvæmdarstjóra fyrir sjóðinn og það starf, sem þarf að vinna, sem er eingöngu skrifstofustarf; ég hélt, að það yrði unnið af starfsmönnum Búnaðarbankans. — Ég vil aðeins benda á þetta, áður en málið fer til n., og ég vænti þess, að n. athugi, hvort hér er þörf á sérstökum framkvæmdarstjóra, sem fengi sennilega nokkuð há laun, til þess að annast þessa afgreiðslu, þar sem búið er að veita lánin og ekki er annað að gera en innheimta vexti og afborganir.

***Pétur Magnússon:** Eins og hv. flm. sagði, eru viss tengsl á milli frv. á þskj. 88 og 89, en þó eru þessi tengsl fremur óbein en bein. Ég vona, að hæstv. forseti taki það ekki illa upp, þó að ég víki að hinu frv., af því að það var ekkert rætt í gær. Ég álít, að sú breyt., sem þar er farið fram á að gera á stjórn Búnaðarbankans sé réttmæt og sjálfsögð. Ég hefi satt að segja alltaf verið þeirrar skoðunar, að stjórnarfyrirkomulag Búnaðarbankans væri mjög óheppilegt. Það liggur í hlutarins eðli, að stjórn bankans hlýtur að hvíla á aðalbankastjóranum; það er hann, sem ber ábyrgð á stjórn bankans, og þessir tveir aðstoðarbankastjórar

geta leyst ýms störf af hendi, sem við koma rekstri og stjórn bankans, en að öðru leyti geta þeir ekki á neinn hátt haft aðstöðu til þess að marka þar neina línu, og auk þess sem þeir hafa ekki aðstöðu til þess að bera ábyrgð á rekstri bankans, sem ef til vill hefir upphaflega verið ætlazt til að einhverju leyti, að hvíldi á þeim, þá vil ég segja, að sú ábyrgð verði enn minni fyrir það, að þeir eru tveir, þannig að störfin skiptast á milli þeirra, svo að þeir fylgjast verr með öllu því, sem gerist í bankanum heldur en ef aðstoðarbankastjórinn væri aðeins einn og liti eftir öllu með aðalbankastjóranum. Og ég held, að þetta gæti orðið til þess, að þessi aðstoðarmaður, hvort sem hann er nefndur gæzlustjóri eða aðstoðarbankastjóri, finni til einhverrar ábyrgðar. Ég get a. m. k. í höfuðatriðunum lýst yfir fylgi mínu við þetta frv. um Búnaðarbankann. Að vísu er einstaka atriði í frv., sem getur orkað tvímælis, en það verður tækifæri til að athuga það í nefndinni. Aftur á móti verð ég að játa það, að mér er engan veginn ljóst, á hverjum rökum þær till. eru reistar, sem fram koma í frv. á þskj. 89, um breyt. á stjórn kreppulánasjóðs. Ég verð að játa, að ég er jafnófróður um þetta, eftir að hv. flm. hefir reifað málið, því að mér fannst hann ekki gera grein fyrir því, hver nauðsyn knýr til þess að koma þessu stjórnarfyrirkomulagi á kreppulánasjóðinn, sem gert er ráð fyrir í frv. Eins og hv. þdm. er kunnugt, er lánveitingum kreppulánasjóðs lokið fyrir meira en ári síðan. Þar er því ekki um neitt annað að ræða en venjulegt innheimtustarf. Náttúrlega geta komið þar fram vafaatriði eins og gefur að skilja; t. d. er oft álitamál, hvenær á að ganga að eignum og hvenær á að gefa frekari gjaldfrest, en ég held, að það sé venjulega ekki meira vandamál en svo, að það ætti að vera óhætt að trúa þeim manni, sem falin er stjórn Búnaðarbankans, fyrir því að ráða fram úr slíkum vafamálum, sem kunna að koma fyrir í kreppulánasjóði.

Ég get ekki betur séð en að till. þær, sem hér eru gerðar, séu afturför. Það liggur í augum uppi, að það er ekki hentugt fyrirkomulag, að setja til forstöðu yfir stofnun menn, sem ekki er einu sinni líklegt, að hafi tækifæri til að hafa nokkurn sameiginlegan skrifstofutíma. Það er ætlazt til, að einn verði frá Landsbankanum, annar frá Útvegsbankanum og oddamaðurinn frá Búnaðarbankanum. Eftir því sem störfum kreppulánasjóðs er nú farið, geri ég ekki ráð fyrir að þessir þrír stjórnendur mundu koma saman daglega eða hafa ákveðinn skrifstofutíma. Svo framarlega sem afgreiðslan verður áfram í Búnaðarbankanum, og ég tel það sjálfsagt, að það verði, því að ég álít, að það sé til hagsbóta fyrir Búnaðarbankann og kreppulánasjóð að hafa þetta saman, þá hlýtur þetta að vera framkvæmt þannig, að bankastjórinn í Búnaðarbankanum verði að leysa af hendi þá daglegu afgreiðslu, sem nauðsynlegt er að inna af hendi í kreppulánasjóði. Og það eru litlar líkur til þess, að hann færi í hvert skipti að kalla saman þessa tvo meðstjórnendur til þess að leggja málið fyrir þá. Ennfremur mundi þetta fyrirkomulag án efa gera afgreiðsluna heldur þunglamalega. Ef forsvaranlegt er að láta einn bankastjóra stjórna Búnaðarbankanum, þá er ekki síður forsvaranlegt að láta hann stjórna innheimtustarfseminni í kreppulánasjóði.

Að því er snertir þá breyt., að setja framkvæmdarstjóra fyrir kreppulánasjóð, vil ég taka það fram, að mér er algerlega óskiljanlegt, hver meiningin er með því, að setja fyrst þriggja manna bankastjórn yfir þessa innheimtustarfsemi og svo framkvæmdarstjóra fyrir þessa sömu innheimtustarfsemi. Ég get ekki séð, að hér sé um að ræða neitt annað en venjulegt afgreiðslustarf, og það liggur í hlutarins eðli, að það fer bezt á því, að starfsmenn Búnaðarbankans eða þeirrar stofnunar annarar, sem kynni að verða falin innheimtan, hafi þetta starf með höndum, og ég skil alls ekki, hver nauðsyn knýr til þess að setja sérstakan framkvæmdarstjóra yfir þetta starf undir því fyrirkomulagi, sem ætlazt er til, að komið verði á, og raunar, þótt haldið yrði því fyrirkomulagi, sem er. Ég skil ekki, hvert starf þessa framkvæmdarstjóra ætti að vera annað en venjulegt skrifstofustarf. Allar bindandi ákvarðanir fyrir kreppulánasjóð á stjórnin að taka, t. d. hvort ganga á að veðum, hvort gefa skuli gjaldfrest, hvort skrifa skuli af skuldum o. s. frv. Mér þætt æskilegt, áður en málið fer til 2. umr., að hv. flm. lofaði okkur þdm. að heyra, á hverju þessi breyt. er byggð.

*__Flm. (Páll Hermannsson)__: Eins og sjá má af grg. frv., þá er það flutt fyrir tilhlutun landbrh. Það, sem ég sagði um það, er þó allt á mína ábyrgð, en ekki hans. Ég verð að segja eins og mér finnst vera, að ég tel það skipta litlu máli, hvað framkvæmdastjóri sjóðsins er nefndur; aðalatriðið er, að hans sé þörf, eins og mér virðist óneitanlega vera, eins og starfssvið kreppulánasjóðs er nú orðið. Útlán úr sjóðnum munu nú vera um 10 millj. króna, svo að árleg innheimta hlýtur að vera töluvert mikið og erfitt verk. Og þegar fram líða stundir, gæti ég ímyndað mér, að hún yrði þó töluvert erfiðari en hún þó er nú, og til þess að sannfærast um það, þarf ekki annað en athuga veð þau, sem sjóðurinn hefir, og einnig útlánstímann.

Hv. 2. þm. Rang. sagði, að störfum kreppulánasjóðs væri lokið fyrir ári síðan. Þetta er að sumu leyti rétt. Það er lokið útlánstíma þess kreppulánasjóðs, sem byggður var á lögum nr. 78 frá 1933. En mér skilst, að kreppulánastarfsemin hafi töluvert fært kvíarnar út síðan, a. m. k. hefir allmikið fé verið lánað úr kreppulánasjóði til bæjar- og sveitarfélaga, sem ég fæ ekki betur séð en að heyri einnig undir þetta frv. Annars hefir kreppulánastarfsemin þanizt út miklu meira en gert var ráð fyrir, þegar lögin um kreppulánasjóð voru fyrst sett, og jafnframt fjarlægzt að töluverðum mun sína upphaflegu hugmynd, því að í eðli sínu er kreppuhjálp til bæjarfélaga t. d. allfjarskyld kreppuhjálp til bænda. Þegar hv. 2. þm. Rang. fer að athuga þetta mál betur en hann virðist hafa gert, þá trúi ég ekki öðru en að honum skiljist, að það fer ekki vel sam-

an, að bæta störfum á stjórn Búnaðarbankans, um leið og bankastjórunum er fækkað svo, að aðeins einn á að verða eftir, en því mun vart verða í móti mælt, að störf þau, sem af kreppulánasjóði myndu leiða fyrir hann, myndu auka störf hans að miklum mun. Þá getur mér dottið í hug, að það muni vera töluvert vinsælla starf að úthluta peningum úr kreppulánasjóði en innheimta þá aftur, og það jafnvel þó að kreppuhjálpin hafi verið mörgum hagkvæm, þar sem stórar upphæðir voru strikaðar út og það, sem eftir var af skuldunum, fært yfir í föst og hagkvæm lán. Ég get því haldið, að það yrði erfitt fyrir Búnaðarbankann að annast þessa innheimtu, og ekki síst þegar bankastjórinn er aðeins orðinn einn. Þá finnst mér og ekki nema rétt, að allir aðalaðiljarnir, sem þetta kreppulána „væsen" kemur mest við, hafi sína íhlutun um stjórn sjóðsins, enda þótt það komi ríkissjóði að sjálfsögðu mest við, hvernig fer um stjórn hans.

*__Pétur Magnússon:__ Mér skilst, að það séu aðallega tvenn rök, sem hv. flm. færir fram fyrir þessari breyt. á stjórn kreppulánasjóðs. Annarsvegar heldur hann því fram, að stjórn Búnaðarbankans muni eiga erfiðara með að leysa af hendi störf þau, sem kreppulánasjóðnum fylgja eftir að bankastjórinn sé orðinn einn. Þessu er því fyrst til að svara, að samkv. frv. um breyt. á l. Búnaðarbankans á bankastjóri hans ekki að vera einn um stjórn bankans, heldur á gæzlustjóri, skipaður af ráðh., að annast stjórn bankans ásamt bankastjóra. Hvað snertir þessa tvo meðstjórnendur, sem bankastjóri Búnaðarbankans á að fá frá hinum bönkunum, til þess að annast stjórn kreppulánasjóðs, þá er ég helzt þeirrar skoðunar, að þeir létti lítið undir með störfin, heldur er mér nær að halda, að þeir verði til þess að gera honum starfið erfiðara, því að sjálfsögðu yrði að bera öll vafaatriði undir þá, og það yrði til þess að gera honum starfið umfangsmeira og stirðara. Þetta hljóta allir að skilja, sem eitthvað hafa fengizt við almenn opinber störf. Venjan er nefnilega sú, að það er oft léttara að framkvæma störfin upp á eigin spýtur en þurfa að bera sig saman við aðra. Annars er það svo, að eftir því sem nú er komið með kreppulánasjóð, þá er mjög lítið af störfum við hann, sem þurfa að koma til stjórnarinnar. Störfin eru mest venjuleg afgreiðslustörf, sem ganga „automatiskt" í bankanum. Ég verð því að segja, að ef stjórn Búnaðarbankans hefir ekki verið um of hlaðin störfum með því að hafa á hendi lánveitingarnar úr kreppulánasjóði, þá er það sízt ofmikið á hana lagt, þó að hún þurfi að hafa eftirlit með innheimtunni.

Þá er hitt atriðið, sem hv. flm. vildi láta skina í, að innheimta kreppulánanna myndi verða óvinsæl, og því gæti verið heppilegt fyrir Búnaðarbankann að vera lausan við hana. Það er að sjálfsögðu rétt, að það er alltaf óvinsælt verk, að krefja inn skuldir, og ekki síst hjá þeim mönnum, sem eiga erfitt með að borga. En að það sé nokkur ástæða til þess að fara að dreifa óvinsældunum með því að koma á þessu þunglamalegu skipulagi, fæ ég hreint ekki séð. Ég tel það þvert á móti slíkar fjarstæður, að ég trúi því ekki ennþá, að hv. flm. sé alvara með það.

Þá sagði hv. flm., að sér væri sama, hvað sá maður væri kallaður, sem sæi um innheimtuna; það skipti engu máli, hvort hann væri kallaður framkvæmdastjóri eða eitthvað annað. Þetta má vel vera. En það, sem skiptir máli í þessu tilfelli, er, hvort binda á starfssvið þessa manns við þetta eina starf. Það er að sjálfsögðu mikið atriði fyrir hverja stofnun, að geta notað starfsmenn sína sitt á hvað, eftir því sem störfin kalla að. Það er því þetta, að binda þennan mann við þetta eina ákveðna starf, sem ég tel óheppilegt, en ekki hitt, hvort hann er kallaður framkvæmdastjóri eða eitthvað annað.

Að endingu vil ég svo segja það, að rökfærsla hv. flm. var á þann veg, að hún verkaði ekki á mig. Ég var engu nær um nauðsyn málsins en ég var áður.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til landbn. með 10 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

74. Sauðfjárbaðanir.

Á 20. fundi í Ed., 17. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um sauðfjárbaðanir (þmfrv., A. 90).

Á 23. fundi í Ed., 20. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 24. fundi í Ed., s. d., var frv. aftur tekið til 1. umr.

*__Flm. (Páll Hermannsson):__ Á þingi 1935 voru sett lög um heimild til að fyrirskipa útrýmingarböðun um land allt. Þá voru að vísu skiptar skoðanir um það, hvort þetta væri heppilegasta leiðin til útrýmingar fjárkláðanum. En þessi heimild hefir eigi verið notuð, enda hefir heilsufar fjárins verið þannig síðan víða um land, að slíkt hefir ekki þótt fært. Þetta frv. gengur í þá átt, er sumir hneigðust fremur í 1935, að fram skuli fara góðar þrifabaðanir. Margir ætluðu þá og ætla enn, að þær muni duga, ef þær eru vel framkvæmdar. Hinsvegar kemur frv. alls ekki í veg fyrir, að fram geti farið útrýmingarböðun, þegar fært þykir. En ég álít, að hina leiðina verði að fara, eins og stendur. Annars er frv. ljóst og skýrt með grg. Legg ég til, að því verði að lokinni umr. vísað til landbn.

*__Þorsteinn Þorsteinsson:__ Ég get tekið fram, að ég er meðmæltur þessu frv. og tel það til bóta. Ég álít, að ekki komi til mála, að þetta frv., ef að l. verður, tefji á neinn hátt fyrir

útrýmingarböðun, þegar fært er að láta hana fara fram. Kvað hv. flm. linlega að orði, en sagði, að frv. yrði engan veginn til að útiloka, að útrýmingarböðun færi fram. En ég lít svo á, að þetta frv. komi alls ekki í staðinn fyrir útrýmingarböðun, enda er gert ráð fyrir því, að stj. annist um það, strax og fært verður að láta útrýmingarböðun fara fram, þar sem mest er þörfin. Ég játa, að eins og sakir standa nú, er ekki fært að láta fara fram útrýmingarböðun á þessu svæði, sem Deildartunguveikin er að gera vart við sig.

Ég get tekið það strax fram, að ég álít, að þessi l. bæti að einu leyti um það ástand, sem nú er. Áður en l. um útrýmingarböðun gengu í gildi, greiddi ríkissjóður jafnan baðlyf í annað baðið, þar sem tvíbaðað var. En nú hefir ríkisstj. neitað að greiða nokkurn hluta baðlyfja, en samkv. 5. gr. er hér gert ráð fyrir, að framvegis skuli baðlyf greidd úr ríkissjóði, þar sem tvíbaðað er. Mér þykir þetta ekki nógu fast að kveðið og álít rétt að bæta því við þessa gr., að ákvæðið nái einnig til þeirra, sem hafa orðið að tvíbaða á þessum vetri vegna fjárkláðans. Ég álít þetta mjög vel framkvæmanlegt, þar sem fyrir liggur í fjárl. þetta ár, að ég ætla, 24 þús. kr. til útrýmingarböðunar, og mætti taka þá upphæð, sem ekki er notuð í þeim tilgangi, til þess að greiða þetta. Þessu mætti koma þannig fyrir, að hreppsnefndir gefi vottorð um það til ríkisstj., að tvíböðun hafi farið fram, og gefi jafnframt upp fjártöluna á viðkomandi bæjum. — Ég vona, að landbn., sem væntanlega fær þetta mál til meðferðar, taki þetta til athugunar og reyni að kippa þessu í liðinn.

Þá vildi ég aðeins lauslega minnast á einstök atriði í frv. — Ég tel það líka til skaða í frv., að hreppsnefndir og bæjarstjórnir skuli eiga að skipa skoðunarmenn við fjárkláðann. Hingað til hefir það verið svo, að sýslumenn eða lögreglustjórar hafa skipað skoðunarmenn, og hreppstjórar hafa haft eftirlit með því, að skoðunin færi fram á réttum tíma, og ég held, að réttara sé að fela þeim þetta heldur en hreppsnefndunum. Aftur á móti sé ég ekkert því til fyrirstöðu, að hreppsnefndir og bæjarstjórnir ráði þá menn, sem hafa eiga eftirlit með böðun í hverjum hreppi. — Þá tel ég það nauðsynlegt, að í 5. gr. sé ákveðin hámarksupphæð launa þeirra eftirlitsmanna, sem starfa að þessu, í staðinn fyrir að þar er talað um „hæfilega þóknun", og svo ekkert sagt um það, hver eigi að meta hana. — Hér er talað um það, að eftirlitsmaður sá, sem um ræðir í l. um útrýmingarböðun, skuli skipa fyrir í þessu máli. En hver greiðir honum fyrir það starf hans? Ég veit, að það er sýslusjóður, sem á að greiða honum fyrir útrýmingarböðun, en hver á að greiða honum fyrir þetta starf, sést ekki í þessu frv., en einhverja þóknun þarf hann að fá fyrir það. — Í 6. gr. er talað um, að tafarlaust skuli segja eftirlitsmanni frá því, ef vart verður við kláða. En hvaða eftirlitsmaður er það? Þeir eru nú orðnir margir eftirlitsmenn við útrýmingarböðun, við kláðaskoðun og við þrifabaðanir. En hér er ekkert talað um það, hvaða eftirlitsmanni skuli tilkynna þetta, og þyrfti því að vera skýrara tekið fram um það.

Ég hefi aðeins drepið á þessi atriði n. til athugunar, og vona ég, að hún taki uppástungur mínar til greina, því að ég tel þær heldur til bóta.

Ég sé það nú, að eftir þessu frv. eiga l. um útrýmingu að standa eins og áður hefir verið, og ég tel það sjálfsagt, að ef þetta reynist ekki fullnægjandi, sem ég því miður geri mér ekki vonir um, þá verði gripið til heimildarinnar, sem gefin er í þessum útrýmingarlögum, undir eins og fært þykir.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til landbn. með 11 shlj. atkv.

Á 33. fundi í Ed., 7. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 90, n. 198, 222).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 222. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

*__Frsm. (Páll Hermannsson)__: Þessu frv. var dálítið lýst hér í hv. d. við 1. umr. Það er sérstaklega fram komið vegna þess, að ekki hefir þótt fært að framkvæma þær kláðabaðanir, sem hafa verið ákveðnar. Hinsvegar þótti ótækt að reyna ekki á einhvern hátt að stemma stigu fyrir útbreiðslu fjárkláðans, auk þess sem telja verður þrifaböðunina gagnlega, þótt ekki sé um fjárkláða að ræða.

Landbn. hefir athugað frv. og mælir með því, að það verði samþ., jafnvel þótt tveir hv. nm. hafi um það einhverja sérstöðu. — Hér á fundinum hefir verið útbýtt brtt. 222 frá hv. þm. Dal. Mér var kunnugt um efni þessarar brtt., áður en hún kom fram, og get ég sagt það, að mér þykir nokkur sanngirni mæla með því, að brtt. verði samþ.

*__Þorsteinn Þorsteinsson__: Við 1. umr. þessa máls minntist ég á nokkur atriði í frv., er ég taldi betur fara á annan hátt, en yfirleitt ætla ég þó ekki að gera sérstakan ágreining vegna þeirra atriða að þessu sinni. Það getur verið, að það fyrirkomulag, sem frv. gerir ráð fyrir, reynist nokkurnveginn, en eitt atriði er það þó, sem ég vil leggja eindregið til, að breytt verði, og hefi ég fengið góðar undirtektir um það hjá hv. landbn. Þar sem sú venja hefir verið, að bændur hafa tvíbaðað fé sitt og fengið til þess styrk, virðist ekki réttlátt að svipta þá þeim styrk þótt sérstakar ástæður séu fyrir því, að útrýmingarböðunin geti farið fram eins og Alþingi hefir ákveðið. Það, sem hér er um að ræða, er ekki mikið, sennilega 1000—2000 kr. Brtt. mín á þskj. 222 er aðeins um heimild fyrir landbrh. og nær aðeins til eins árs. Ég vil sérstaklega taka það fram, að skilríki fyrir því, að styrkur þessi veitist, eru þau, að hreppstjóri gefi vottorð um, að tvær baðanir hafi farið fram og um fjártöluna.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

2.—4. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

Brtt. 222 samþ. með 9 shlj. atkv.
5. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.
6.—9. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 35. fundi í Ed., 9. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 235, 243).

*Þorsteinn Þorsteinsson: Það hefir þótt fara betur á, að sú brtt., sem hér liggur fyrir, sem raunar var samþ. við 2. umr., komi fram sem bráðabirgðaákvæði heldur en að hnýta henni aftan í frv.gr. í frv. sjálfu. Af þeirri ástæðu er þessi brtt. komin fram. Vænti ég, að hv. dm. muni samþ. þessa till., eins og þeir hafa í rauninni gert áður.

ATKVGR.
Brtt. 243,1 samþ. með 9 shlj. atkv.
— 243,2 samþ. með 9:1 atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 35. fundi í Nd., 10. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 260).

Á 36. fundi í Nd., 12. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til landbn. með 18 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

75. Laugarnessókn við Reykjavík.

Á 25. fundi í Ed., 22. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um sérstaka sókn í Laugarnesskólahverfi (þmfrv., A. 118).

Á 27. fundi í Ed., 24. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.

Á 28. fundi í Ed., 30. marz, var frv. aftur tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 12 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

*Flm. (Magnús Jónsson): Það hefir á undanförnum þingum verið fyrir þinginu frv. um prestakallaskipun og sóknarskipun í Reykjavík. Þau frv. hafa verið borin fram á þeim grundvelli, að dómkirkjan, sem er ríkiseign, yrði afhent söfnuðinum og söfnuðurinn tæki við kirkjunni með þeirri skyldu, að koma upp nægilegum kirkjum fyrir bæinn, og svo mælt fyrir, að bænum skuli skipt í allmargar sóknir og skipað í prestaköll. Þetta frv. er í tvennum skilningi allfrábrugðið þessum fyrri frv. Fyrst og fremst er það miklu minna. Það grípur aðeins niður á örlitlum parti þessa stóra máls. Hitt atriðið er, að það er byggt á reynslunni. Það hefir í einu og reyndar fleirum af úthverfum bæjarins verið hafið starf af áhugamönnum, til þess að koma upp prestsþjónustu á þessum stöðum. Þetta hefir aðallega verið gert á 3 stöðum, í Laugarnesskólahverfi, í Skerjafirði, kringum „Shell", og vestur á Nesi, þar sem guðsþjónustan hefir verið flutt í skólahúsinu. Af þessum 3 stöðum hefir starfið fengið fastast form í Laugarnesskólahverfi. Þeir hafa fengið lánað skólahúsið, og þó með þeim skilyrðum, að allir þeir, sem þangað óskuðu að koma, fengju sér læknisvottorð. Þeir hafa ráðið til sín fastan prest, sem annast þar flest prestsstörf. Það hefir komið í ljós, að fólkið þarna hefir sýnt þessu starfi mikinn áhuga. Og það er í ráði að koma þarna upp bráðabirgðakirkju til þess að losna við þá kvöð, að þurfa að fá skólann lánaðan, sem ekki er fullkomið hús fyrir guðsþjónustu, og auk þess má fólk ekki koma þangað, nema það hafi læknisvottorð.

Það virðist liggja beint fyrir að halda því starfi áfram, sem áhugasamir menn hafa nú þegar hafið. Og það er orðið alveg óhjákvæmilegt að skipta hinum mikla fólksfjölda bæjarins niður í ákveðnar sóknir, því að jafnvel þótt prestarnir væru nógu margir, sem þó er ekki, þá gæti enginn prestur vitað, hver væri hans sóknarbörn, ef engin skipting væri. Það virðist liggja nærri að nota sér þá reynslu, sem fengin er, og þann áhuga, sem er vaknaður, til þess að byrja á þessari skiptingu Reykjavíkur í fleiri prestaköll.

Ég hefi farið svo varlega í þessu frv., að þar er ekki einusinni farið fram á að stofna sérstök prestaköll, heldur aðeins sóknir, sem gætu svo ráðið sér presta. Og það er vitanlega ekki hægt að skipta Reykjavík í prestaköll, fyrr en búið er að skipta bænum í sóknir, svo að hæfilega margir komi í hvert prestakall. Ég geri ráð fyrir, að þessar sóknir hefðu 2—3 þús. manns. Vafalaust ættu prestaköllin að hafa fleiri meðlimi. Í þeim frv., sem áður hafa fram komið um þetta efni, hefir verið gert ráð fyrir 5 þús. meðlimum í hverju prestakalli. Til þess hinsvegar að þessi prestur hafi nægilegt starf — og það hefir hann í raun og veru, því að það er erfiðara að byrja starf í nýrri sókn — þá er svo ákveðið, að hann skuli verja þeim tíma, sem hann hefir afgangs, til þess að inna af hendi prestsþjónustu í öðrum úthverfum safnaðarins.

Þetta er nú önnur hlið málsins. Hin hliðin snýr að því, að koma upp kirkju. Ég geri ráð fyrir því, að þeir, sem sýnt hafa á þessu mestan áhuga, byrji á að koma upp bráðabirgðahúsum, án þess að ríkið leggi nokkuð fram. Hin eina ívilnun, sem veitt er, er sú, að gjöldin af þessum svæðum renna til hinna væntanlegu kirkna. Svo er gert ráð fyrir því, að þegar sóknarmeðlimir Laugarnessóknar koma sér upp væntanlegri kirkju, þá leggi sá núv. kirkjueigandi, þ. e.

ríkið, fram nokkurn hluta. Hefir verið gert ráð fyrir ⅝, en hámarksupphæðin, sem sett er, eru 30 þús. kr., sem má gera ráð fyrir, að yrði að borga, því að sú kirkja myndi kosta það mikið. En til þess nú hinsvegar að gera þetta sem minnst tilfinnanlegt, þá er svo ákveðið, að þetta skuli greiðast á 10 árum. Má gera ráð fyrir, að það sé í lófa lagið að fá þetta fé í byrjun, ef það á að greiðast úr ríkissjóði.

Ég held, að ég eyði ekki fleiri orðum í að ræða þetta mál að svo stöddu. Óska ég þess, að málið fái að ganga til 2. umr. og n., sem ég veit þó ekki almennilega, hver ætti að vera. Það eru 2 n. til þess að velja á milli, allshn. og menntamn. Ég býst þó við að leggja til, að frv. verði vísað til menntmn., en geri það ekki að neinu kappsmáli.

Ég vil geta þess, að ég hefi heyrt, að nokkur hreyfing væri uppi hér í bænum um það, að fá 2 presta skipaða, auk þeirra, sem nú starfa við dómkirkjuna, án þess að þeim sé ákveðinn nokkur sérstakur verkahringur. Þeir hafa nóg starf. Það er fjarri því, að ég sé meinsmaður þess, heldur finnst mér það eðlilegt, að þessi nýja sókn fái að kjósa sér prest, segi ég þetta, til þess að n. viti, að ég skoða þetta ekki sem neina skemmd á þessu frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til menntmn. með 11 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

76. Síldarverksmiðjur ríkisins (frv. BSt og EÁrna).

Á 25. fundi í Ed., 22. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 14 9. jan. 1935, um síldarverksmiðjur ríkisins (þmfrv., A. 124).

Á 27. fundi í Ed., 24. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 10 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Bernharð Stefánsson): Mönnum mun vera það í fersku minni, að í fyrra var ekki sem bezt ástand innan stjórnar síldarverksmiðja ríkisins. Ágreiningur var þar mikill, og það gekk svo langt, að stjórnarnm. deildu mjög harkalega hver við annan í opinberum blöðum og báru hvern annan þungum sökum. Stjórnarstörfin á þessu tímabili fóru náttúrlega eftir því, og má segja, að svo væri komið, að stjórn þessa stóra ríkisfyrirtækis hafi ekki verið starfhæf. Það voru gerðar tilraunir, meðan þing stóð yfir í fyrra, að finna sæmilega lausn á þessu deilumáli, en þær tilraunir mistókust. Í stuttu máli skeður það svo eftir þingslit, að 2 af hinum þingkjörnu stjórnarnm. lögðu niður umboð sín, og voru engin ákvæði í l. um það, hvernig þá skyldi að fara. Þess vegna var það, að gefin voru út bráðabirgðalög um breyt. á síldarverksmiðjulögunum, þess efnis að stjórn verksmiðjanna skyldi skipuð 3 mönnum, sem allir væru stjórnskipaðir.

Ég vil nú taka það skýrt fram, sérstaklega vegna blaðaummæla, sem fallið hafa, að við flm. þessa frv., og Framsfl. allur, teljum, að eins og á stóð hafi verið rétt að setja þessi bráðabirgðalög, því að ástandið í stjórn síldarverksmiðjanna var þannig, að það varð að ráða einhverja bót á því. Tilgangurinn var sá, þegar þessi bráðabirgðalög voru sett, að í stjórn verksmiðjanna yrðu skipaðir 3 menn, sem væru sinn úr hverjum aðalstjórnmálaflokki þingsins, og atvmrh., sem gaf bráðabirgðalögin út, skipaði líka stjórnina þannig. En eins og alkunnugt er, varð þó ekki af því, að í stjórn verksmiðjanna ættu sæti fulltrúar allra flokka, og ástæðan til þess var sú, að Sjálfstfl. lagði bann við því, að sínir menn tækju sæti í þessari stjórn. Ég lít því svo á, að Sjálfstfl. eigi sök á því, að stjórn síldarverksmiðjanna er ekki þannig skipuð sem sanngjarnast er og tilætlunin var. Ég hygg, að flestir sanngjarnir menn séu sammála um það, að hæstv. atvmrh. hafi tekizt svo val mannanna í verksmiðjustjórnina og val þess manns, sem í fyrstu átti að vera fulltrúi sjálfstæðismanna þar, að flokkurinn hefði mátt vel við una. En Sjálfstfl. kaus nú þá leið, að hafna því að eiga fulltrúa í verksmiðjustjórninni, skipaðan á þennan hátt, og bar því við, að þetta væri eftir bráðabirgðalögum, sem hann vildi ekki viðurkenna, að rétt hefði verið að setja.

Nú lítum við flm. svo á, að þrátt fyrir það þótt kenna megi Sjálfstfl. um, að verksmiðjustjórnin er skipuð eins og hún er nú, þá sé það svo áríðandi, að öll sjónarmið komi fram í stj. þessa fyrirtækis, að taka verði það til greina og búa svo um, að allir flokkar eigi þar fulltrúa. Ef einn af 3 aðalstjórnmálaflokkunum hefir engan fulltrúa, hlýtur svo að fara, að annar hinna flokkanna hafi aðalvaldið, m. ö. o. að verksmiðjurnar séu að mestu leyti undir stjórn eins flokks, og slíkt vekur alltaf tortryggni, sem getur verið mjög óheppileg. Ég hefi enga ástæðu til að segja, að stj., sem skipuð var samkv. bráðabirgðalögunum í vor, hafi ekki unnið sitt verk sæmilega, og það er vitanlegt, að að einu leyti skipti um til batnaðar, því að þá komst á friður innan verksmiðjustjórnarinnar, sem ekki hafði verið áður. En hitt er líka jafnt vitað, að það ríkir tortryggni gagnvart núv. verksmiðjustj. meðal þeirra manna, sem ekki eru Alþýðuflokksmenn, sérstaklega á Siglufirði. Er litið svo á þar, að Alþýðuflokksmenn standi æði mikið betur að vígi með að fá atvinnu við verksmiðjurnar heldur en aðrir. Ég hefi ekki aðstöðu til að leggja dóm á, hvort þessi tortryggni hefir við rök að styðjast, en hún á sér stað, og það er óheppilegt fyrir stofnun eins og síldarverksmiðjurnar, að slík tortryggni eigi sér stað og hafi a. m. k. við sterkar líkur að styðjast.

Eins og ég tók fram áðan, lítum við flm. svo á, að það hafi verið, eins og á stóð, rétt að gefa út bráðabirgðalögin um stjórn síldarverksmiðjanna. Þau voru sett til þess að ráða bót á illþol-

andi ástandi, sem áður var, og vitanlega voru þau sett til bráðabirgða. En þótt við lítum svo á, að þetta hafi verið rétt, eins og á stóð, þá finnst okkur ekki sjálfsagt, að nákvæmlega sama fyrirkomulag sé haft eftirleiðis. Það er ekki einasta svo, þegar bráðabirgðalög eru sett, að því fyrirkomulagi, sem þau ákveða, geti verið eðlilegt að breyta á næsta þingi, heldur er það oft, þótt Alþingi setji sjálft lög um eitthvert efni, að eftir árið sjá menn, að annað má betur fara og taka þá nýtt fyrirkomulag upp. Og með þessu frv., sem við þm. Eyf. höfum borið hér fram, reynum við að benda á heppilegra skipulag á stj. síldarverksmiðja ríkisins heldur en það, sem bráðabirgðalögin ákveða, þótt við jafnframt játum, að bráðabirgðalögin hafi verið til bóta frá því, sem áður var. Með þessu frv. reynum við fyrst og fremst að tryggja það, að aðalstjórnmálaflokkar landsins hafi jafnrétti í stjórn síldarverksmiðjanna. En jafnframt reynum við að sníða af þá galla, sem áður fylgdu og voru bein afleiðing af jafnrétti flokkanna.

Menn hafa nú sjálfsagt kynnt sér þetta frv., svo að ég þarf ekki mikið að ræða um einstök atriði þess, enda á það ekki við við þessa 1. umr. En í aðalatriðum er till. okkar í þessu efni sú, að yfirstjórn verksmiðjanna sé í höndum 12 manna verksmiðjuráðs, og séu 9 þessara manna kosnir í sameinuðu þingi, að viðhafðri hlutfallskosningu. Af hinum 3 er ætlazt til, að einn sé tilnefndur af Alþýðusambandi Íslands, annar af Fiskifélagi Íslands og hinn þriðji af Sís. Tilgangur með þessari tilnefningu er sá, að þessir 3 fulltrúar verði ekki beinlínis fulltrúar pólitískra flokka. Nú mun verða sagt, að þessir menn muni án efa verða pólitískir, og ég geri ráð fyrir, að svo verði, að erfitt verði að finna stj. fyrir nokkra n. eða fyrirtæki hér á landi, sem ekki sé pólitískt, því að allir Íslendingar eru í rauninni pólitískir Ég geri meira að segja ráð fyrir, að þessir 3 aðiljar tilnefni menn, sem séu hver úr sínum stjórnmálaflokki. En þó að ég geri ráð fyrir þessu, er þó nokkur munur á því, hvort maður er tilnefndur til að gæta hagsmuna ákveðins flokks, eða kosinn af stofnun, sem á að hafa atvinnuveginn og hag hans eingöngu fyrir augum. — En hvað sem um það er, þá er hitt víst, að með þessari skiptingu myndi fást jafnrétti milli stjórnmálaflokka.

Það mætti segja, að í þessu ráði geti verið hætta á sömu pólitískri togstreitu og verið hefir í stj. síldarverksmiðjanna. En ég tel ekki svo mikla hættu á því. Ef slíkt ráð hefði verið til í fyrra, þegar deilur voru sem mestar í verksmiðjustj., þá tel ég miklar líkur til, að ráðið hefði getað sett deilurnar niður

Þá virðist ástæða til, að einhver stofnun sé til að leggja úrskurð á verksmiðjureikningana. Það er verksmiðjuráðinu ætlað að gera. Og sérstaklega teljum við eitt unnið með þessu verksmiðjuráði, sem sé það, að með því er hægt að koma út úr Alþingi ýmsum deilum um stj. verksmiðjanna. Í frv. er gert ráð fyrir, að þetta 12 manna ráð kjósi 3 menn í stj. verksmiðjanna, og aðra 3 til vara, en ráðh. tilnefni svo einn þeirra til að vera formann verksmiðjustj.

Þá er það nýmæli í frv., að framkvæmdarstjórar geti verið 2. Við álítum störf verksmiðjanna svo umfangsmikil, að óviturlegt sé að fyrirbyggja, að framkvæmdarstjórar geti verið fleiri en einn. En hér er það aðeins heimilað. Ég hefi ekki sérþekkingu á þessu, en ég álít þörf á, að framkvæmdarstjóri sé jafnan á Siglufirði, meðan verksmiðjurnar eru þar í gangi. En auk þess eru verksmiðjur t. d. á Raufarhöfn og Vestfjörðum, sem ástæða er til, að líka sé litið eftir. Þá er og gert ráð fyrir, að framkvæmdarstjórar skuli hafa umsjón með sölu afurðanna, og sé ég ekki, að einn maður geti annað öllum þeim störfum.

Við flm. höfum haft landsbankan. til fyrirmyndar um þetta verksmiðjuráð. Hún var sett með það fyrir augum, að stjórnmálaflokkarnir skipuðu hana og hefðu jafnan rétt til þess í hlutfalli við styrkleik sinn, en var þó jafnframt gert ráð fyrir því, að slík n. miðaði ekki starf sitt eins mjög við pólitíska hagsmuni og stjórnmálaflokkarnir sjálfir. Ég álít því rétt það, sem í grg. stendur, að jafnframt því, sem flokkunum sé tryggt jafnrétti, beri að draga úr því, að pólitísk sjónarmið geti orðið alls ráðandi um meðferð málanna.

Kostnaðarauka gerum við ekki ráð fyrir af þessum breytingum. Við gerum ráð fyrir, að fulltrúar í ráðinu vinni kauplaust, en fái greiddan ferðakostnað, ef þeir þurfa að sækja fundi til annara staða. Það þykir ef til vill hart, að ætlast til, að þeir vinni kauplaust, en ég skil ekki annað en stjórnmálaflokkarnir geti fundið menn, sem af áhuga á málunum sjálfum vilja taka þetta að sér. Af þessu hafa engin vandkvæði orðið í landsbankan., og hefir hún nú starfað um 9 ára skeið.

Þá er eitt nýmæli í 2. gr., sem leiðir af því, að verksmiðjuráð þetta er tekið upp. Þar er gert ráð fyrir, að ef verksmiðjurnar kaupa hráefnin af framleiðendum, þá skuli verksmiðjustj. ákveða verðið í samráði við verksmiðjuráð. En ef upp kemur ágreiningur milli verksmiðjustj. og verksmiðjuráðs um það, hvert verðið skuli vera, þá skal fjmrh. skera úr. Að öðru leyti er ætlazt til, að sá ráðh., er fer með útvegsmál, sé yfirmaður verksmiðjanna. En ákvæðið um það, að fjmrh. skeri úr um þetta atriði, er af því, að þetta getur haft svo mikil áhrif á hag ríkissjóðs, að ekki er nema rétt, að þetta heyri undir fjmrh. Ef verksmiðjurnar eru reknar með halla, er það ríkissjóður, sem ber þann halla.

Í bráðabirgðaákvæði leggjum við til, að kosning þessara 9 manna í verksmiðjuráðið fari fram á því þingi, sem samþ. þessi l., en tilnefning annara fulltrúa í verksmiðjuráðið fari fram svo fljótt sem auðið er.

Ég vona, að þetta frv. fái að ganga til n. óhindrað. Ég held því ekki fram, að við höfum í öllum atriðum fundið það réttasta, en það stendur þá væntanlega til bóta. Þó að eitthvað megi sjálfsagt að till. okkar finna, held ég þó, að það sé betur tryggt með þeim en núverandi fyrirkomulagi, að þetta mikla fyrirtæki landsins hafi tiltrú allra aðilja, er við það vinna, útgerðarmanna, sjómanna og verkamanna, og að þjóðin almennt geti treyst stj. þess til þess, að ekki verði gálauslega að farið.

Legg ég svo til, að frv. verði vísað til sjútvn.

***Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson):** Eins og hv. dm. er kunnugt, liggur fyrir Nd. frv. til staðfestingar á bráðabirgðal. þeim, er gefin voru út um breyt. á stj. síldarverksmiðjanna. — Hv. síðasti ræðumaður gat þess, að þessi l. hafi verið sett með samþykki flokks hans. Hinsvegar kvað hann það síðar hafa komið í ljós, að rétt væri að setja fyllri ákvæði um þetta efni en í bráðabirgðal. er gert. Og mér skilst, að frv. hans og þeirra þm. Eyf. eigi að koma í staðinn fyrir bráðabirgðalögin.

Það mun enginn ráðh. kippa sér upp við það, þótt nokkrar breytingar séu gerðar á bráðabirgðal., er hann hefir gefið út, en þessar breyt. eru svo stórvægilegar, að ég verð að taka sérstaklega til athugunar, á hvern hátt ég tel rétt að svara því, ef að l. verða.

Hv. frsm. sagði, að tvennskonar tilgangur væri með frv. þessu, að með því ætti að tryggja tvö meginatriði: annarsvegar aukna tiltrú viðskiptamanna við fyrirtækið, en hinsvegar, að komið yrði í veg fyrir, að pólitískir hagsmunir yrðu of mjög ráðandi um stj. verksmiðjanna. Mér skildist stj. verksmiðjanna vera svo pólitísk, að á Siglufirði gætti nú tortryggni gagnvart henni hjá því fólki, sem ekki fylgir Alþfl.

Ég ber ekki brigður á orð hv. þm., um að þetta sé tilgangur þeirra hv. flm. En ef svo er, hefir þeim mistekizt herfilega með frv. Frv. gerir ráð fyrir, að verksmiðjustj. verði margbrotnari en nú er. Fyrst komi 12 manna ráð, svo 3 manna stjórn, svo 2 framkvæmdarstjórar. Ég hefi stundum heyrt úr þessum herbúðum, að sum opinber fyrirtæki væru of viðamikil og seinvirk, en það virðist ekki sem hv. flm. vilji forðast það í þessu tilfelli. Svo á að tryggja það, að stj. verksmiðjanna verði ekki pólitísk, með því að Alþingi, sem er pólitískasta stofnun landsins, velji 9 menn í ráðið. Hv. þm. gerði þó sjálfur ráð fyrir, að þetta yrðu pólitískir menn. En til þess að hin pólitísku sjónarmið yrðu ekki alveg yfirgnæfandi, eiga Fiskifélagið, Alþýðusambandið og Sís að tilnefna sinn manninn hvert. Hann var þó sannfærður um, að þessar stofnanir mundu líka tilnefna mennina pólitískt. Það á því að gera stj. verksmiðjanna ópólitíska með því, að pólitísku flokkarnir á Alþingi kjósi 9, en stofnanir, sem hann er ekki í vafa um, að kjósi pólitískt, tilnefni hina 3. Þetta á nú að vera trygging þess, að stjórnin verði ekki pólitísk. Hafi þetta verið tilgangur hv. flm., þá hefir þeim misheppnazt hrapallega.

Annars er það óskiljanlegt um eina af þessum stofnunum, Sís, hversvegna hún á að tilnefna mann í þetta ráð. Ég veit ekki til, að Sambandið hafi selt síldarafurðir eða fengizt við síldarútgerð eða síldarvinnslu, nema að það hafi lítilsháttar selt síld til niðursuðu.

Hinsvegar eiga útgerðarmenn, sem eiga allra manna mest undir því komið, að stj. verksmiðja þessara takist vel, ekki að tilnefna nema einn mann, og sama er að segja um verkamenn og sjómenn. Ef Sís á að tilnefna þarna mann, þá gæti Búnaðarfélagið eins átt heimtingu á því eða Verzlunarráðið, og hver veit, nema Bændaflokkurinn gæti þá einnig fengið einn fulltrúa, svo að hv. 10. landsk. yrði fullnægt.

Ef menn telja, að það muni sérstaklega valda pólitískri hlutdrægni, að ráðh. skipi stj. verksmiðjanna, þá væri eina leiðin til að bæta úr því sú, að verkamenn, útgerðarmenn og sjómenn skipuðu hana. En ég álít þessa röksemd fjarstæðu. Allir vita, að kosningar í Sþ. verða miklu pólitískari en útnefningar ráðh. Ráðh., sem hefir á sér mikla ábyrgð, hlýtur að gæta meira varúðar en gætt er við hlutfallskosningar á Alþingi. Með þessari skipunaraðferð er gerður leikur að því að skapa eld og óróa kringum fyrirtækin, og gæti það jafnvel komið þeim á kné.

Í frv., 1. gr. a, segir: „Yfirstjórn síldarverksmiðja ríkisins er í höndum verksmiðjuráðs og ráðherra þess, er fer með útvegsmál". En ég sé annars ekki, að frv. geri ráð fyrir, að ráðh. geti haft nokkur afskipti af fyrirtækjunum. Hann má velja einn mann af þeim, sem hinir eru áður búnir að kjósa, til að vera formaður í stj. verksmiðjanna. Og það er fjmrh., en ekki atvmrh., sem á að ákveða verðið á hráefninu, ef til ágreinings kemur. Ég vil í allri góðsemi stinga upp á því við hv. flm., að þeir ákveði jafnframt nafn þess ráðh., er þeir vilja, að hafi þetta með höndum, því að það virðist helzt vaka fyrir þeim.

Um það verður ekki deilt, að þetta frv. er ekki til bóta frá sjónarmiði þeirra, er koma vilja í veg fyrir, að pólitík verði ráðandi um stj. verksmiðjanna. Með fyrirkomulagi frv. myndi flokkastreitan verða þar enn skarpari en nú.

Um það, hvort réttara sé að hafa einn eða tvo framkvæmdarstjóra, skal ég játa, að það væri vert að ræða.

Ég skal ekki setja mig á móti því, að frv. fari til n., og þá væntanlega sjútvn. En ég er frv. mótfallinn. Hér er um svo stórvægilega breyt. að ræða frá því, er bráðabirgðal. voru sett síðastl. vor, að það þarf að taka til athugunar, hvernig svara eigi því, ef þetta frv. skyldi verða að lögum.

***Jón Auðunn Jónsson:** Ég ætla ekki að fara út í efni frv., sem fer væntanlega til þeirrar n., sem ég á sæti í. Það var undarlegt, að hv. frsm. skyldi í framsöguræðu sinni leggja áherzlu á að kenna Sjálfstfl. um hina illu stjórn, sem nú væri á verksmiðjunum. Hann sagði, að það væri svo mikil tortryggni í kringum þær, þótt þar ríkti friður, að það væri óhafandi og ótækt. Mér skildist eftir hans orðum, að Alþfl. réði þar öllu og misnotaði aðstöðu sína á Siglufirði til þess að koma sínum flokksmönnum að störfum við þessar verksmiðjur og notaði sér þannig sem bezt þetta ríkisfyrirtæki undir þeim kringumstæðum, sem nú eru. Hann vildi kenna Sjálfstfl. um þetta, vegna þess að hann hefði ekki viljað taka þátt í útnefningu manns í verksmiðjustjórnina samkvæmt bráðabirgðal. En hv. þm. ætti væntanlega að skiljast, að ef nokkur flokkur í landinu rís gegn því, að þingræðisreglur séu brotnar á svo herfilegan hátt sem gert var með setningu þessara bráðabirgðal., þá er það Sjálfstfl. Hv. þm. segir nú, að hann hafi verið samþykkur því, að bráðabirgðal. voru sett. En þetta gæti orðið til þess, að ráðh. fyndu upp á því að setja bráðabirgðal. og brjóta niður þau l., sem þingið hefði sett, ef þeim ekki líkaði lagasetn-

ingin að öllu leyti. Þeir gætu þá sett bráðabirgðal., þegar þm. væru komnir heim, eða kannske ekki einu sinni það, eins og átti sér stað með þessi bráðabirgðal. Þessir flokkar, sem að þessu standa, hafa stundum keyrt frv. í gegnum þingið á 3 til 4 dögum, þau hafa ekki fengizt rædd og ekki farið til n., en verið keyrð áfram í þinglok. Það eru mörg dæmi þess frá þingunum 1934 og 1935. Nú er það óverjandi að keyra þannig áfram stórar lagasetningar, en hvað er það á móti því, að setja bráðabirgðal., þegar þm. eru ekki einu sinni farnir heim? Hv. þm. má á engan hátt kippa sér upp við það, þótt Sjálfstfl. reyni að spyrna á móti því einræðisbrölti og gerræði, sem hinir ráðandi flokkar hér á landi beita.

Hv. þm. segist vilja koma á sem mestu jafnrétti við hlutdeild í stjórn þessa fyrirtækis. Hann gleymir þó einum flokki, sem á 2 eða 3 fulltrúa að réttum landslögum, svo að jafnréttið hefir ekki verið aðalatriði hjá hv. þm. Það er sýnilegt. En ég ætla ekki að ræða hér efni frv.

Út af því, sem hæstv. ráðh. sagði, að það væri vanalega miklu ópólitískari útnefning ráðh. heldur en Alþ., þá voru þó völdin í þessu efni hjá Alþ. að landslögum, þangað til að bráðabirgðal. komu. Ég held, að það mundu fáir vilja sleppa völdum Alþ. í hendur þessa ráðh., sem nú talaði, eða annars manns, sem hefði brotið svo freklega allar þingræðisreglur eins og hann hefir gert.

Það er undarlegt, að framsóknarmenn skuli endilega þurfa að hnýta í Sjálfstfl. í þessu efni og kenna honum um þau vandræði, sem væru á hinni illu verksmiðjustjórn, af því að flokkurinn hefði ekki útnefnt mann í hana. Það er auðvitað rétt hjá hv. þm., að ef sjálfstæðismaður hefði tekið sæti í stjórninni, þá hefði hún verið miklu betri. Sjálfstfl. hefði auðvitað ekki látið annan mann í stjórnina en þann, sem hefði verið hæfur og góður til þess starfs, sem hér um ræðir. Að þessu leyti er það rétt, sem hv. þm. sagði. En þetta var ekki hægt. Ef á að vernda þingræðið í landinu, þá verður að veita viðnám þeim valdhöfum, sem eru að brjóta það niður.

Flm. (Bernharð Stefánsson): Bæði hæstv. atmrh. og hv. þm. N.-Ísf. hafa gert aths. út af þeirri ræðu, sem ég flutti. En það lítur út fyrir, að þeir hafi ekki treyst sér vel til þess að mæla móti þeim rökum, sem ég bar fram, sökum þess að báðir hafa lagt mér orð í munn, sem ég hefi ekki talað og svo lagt út af þeim.

Út af því, sem hæstv. atvmrh. sagði um tildrögin að því, að bráðabirgðal. voru sett, þá skal ég taka það fram, að það er rétt, að ráð var fyrir því gert í fyrra, að stjórn verksmiðjanna kynni að segja af sér út úr því ósamkomulagi, sem þar ríkti, og Framsfl. féllst á, ef þeir atburðir kæmu fyrir, að þá yrði slík bráðabirgðal. sett. En hæstv. ráðh. mun minnast þess, að þá var jafnframt tilskilið um framkvæmdina, að stj. yrði skipuð þannig, að það yrði sinn maður frá hverjum flokki. Þetta var ekki gert af þeim ástæðum, sem ég er búinn að tilgreina. En vegna þess að þetta var ekki gert, þá er stjórn verksmiðjanna nú skipuð með öðrum hætti heldur en Framsfl. ætlaðist til.

Ræða hæstv. ráðh. gekk út á það, að svo miklu leyti, sem hann svaraði mér, að mótmæla þeirri skoðun, sem hann taldi, að hefði komið fram hjá mér, að samkv. þessu frv. yrði stjórn síldarverksmiðjanna ópólitísk. En ég hélt þessu aldrei fram. Ég hélt því aldrei fram, að pólitík kæmi ekki til greina. Mér er það vel ljóst, að ef stjórnmálaflokkarnir eiga að kjósa 9 menn í verksmiðjuráð, þá mun sú kosning fara fram eftir pólitískum línum. En ég hélt því fram, að með þessu næðist það, að ekki yrði aðeins eitt sjónarmið ráðandi. Pólitísk aðstaða yrði ekki eina sjónarmiðið, sízt þegar að því kæmi, að velja verksmiðjustjórnina sjálfa. Ég tel víst, að flokkarnir kjósi í verksmiðjuráðið menn, sem sérstaklega eru kunnugir síldarútgerð og þeim öðrum störfum, sem að þessu lúta. Mér finnst fullkomin ástæða til að vænta þess, að þegar þeir kjósa í verksmiðjustjórnina, þá verði pólitísk aðstaða ekki eina sjónarmiðið, þótt ég efist ekki um, að pólitísk sjónarmið koma þar einnig til greina.

Þá minntist hann á, að þetta mundi verða þunglamalegt og að allmikill kostnaður myndi stafa af því, að taka þetta skipulag upp. Eins og ég vék að í fyrri ræðu minni, þá þarf ekki að gera ráð fyrir auknum kostnaði frá fyrri l., þar sem 5 menn voru í stjórn, sérstaklega ef það gæti haldizt, sem hér er lagt til, að fulltrúar í verksmiðjuráði verði það kauplaust. — Ég skal ekki leggja dóm á það, hvort líkur eru til, ef ráðh. skipar stjórn fyrirtækis, að þá sé hún ópólitískari heldur en ef þingið kysi hana. Það má vel vera, að svo sé. En það er mikill munur á því, þótt stjórn fyrirtækis sé kosin pólitískt, hvort hún er kosin einhliða pólitískt eða jafnréttis er gætt.

Það er mesti misskilningur hjá hv. þm. N.-Ísf., að ég hafi verið að kenna Sjálfstfl. um þá illu stjórn, sem nú væri á verksmiðjunum. Ég var ekkert sérstaklega að tala um illa stjórn. Ég var að kenna Sjálfstfl. um það, að hann hefði ekki valið fulltrúa í stjórnina. Það var það, sem ég var að tala um. Þess vegna er allt það, sem hv. þm. sagði þessu viðvíkjandi, fallið um sjálft sig. Hvort stj. hefði orðið beinlínis betri með því að sjálfstæðismaður hefði átt sæti í henni, skal ég ekki leggja dóm á. Ég tel víst, að hún hefði haft meiri tiltrú hjá sjálfstæðismönnum heldur en hún hefir nú. Útgerðarmenn eru flestir í Sjálfstfl., og það er nauðsynlegt, að þeir hafi tiltrú til stj. þessa fyrirtækis, og þess vegna nauðsynlegt, að sjálfstæðismaður eigi sæti í stjórninni.

Hæstv. ráðh. fannst það óskiljanlegt, hvers vegna lagt væri til, að S. Í. S. skipaði einn af þessum 3 mönnum, sem gert er ráð fyrir, að tilnefndir séu utan þings. Ég verð að líta svo á, að ef þessi skipun verður á gerð, sem frv. fer fram á, þá muni Fiskifélagið tilnefna mann með sérstöku tilliti til útgerðarmanna og Alþýðusambandið með tilliti til sjómanna og verkamanna. En það er vitanlegt, að í S. Í. S. eru menn af öllum stéttum og flokkum í landinu; það er þess vegna valið sem sú stofnun, sem bezt sé til þess fallin, að tilnefna mann, sem ekki hafi einhliða hagsmuna að gæta í þessu efni og gæti verið

jafnvægi milli hinna tveggja. Við höfum ekki komið auga á stofnun í landinu eða aðilja, sem betur væri til þess fallinn, að tilnefna mann frá þessu sjónarmiði.

Ég þarf ekki að svara því, sem hv. þm. N.-Ísf. sagði um þingræðisreglur. Hann taldi, að þær hefðu verið brotnar með setningu þessara bráðabirgðal. Það er hæstv. ráðh. að svara því. En mig minnir, að það standi í stjskr., að konungur geti gefið út bráðabirgðal. milli þinga, og ekkert sé um, að það þurfi að vera liðinn ákveðinn tími frá því, að þingi sleit. Ég held, að flest þingræðislönd hafi í sínum stjskr. ákvæði um, að setja megi bráðabirgðal., og ég sé ekki, að hér hafi neitt skeð annað en það, sem oft hefir áður skeð. Það er næsta þings í hvert skipti, að skera úr um það, hvort bráðabirgðal. eigi að gilda áfram eða ekki. Ef þau eru ekki samþ. á næsta þingi, þá falla þau. Hvort þm. voru komnir heim eða ekki, þegar lögin voru gefin út, skiptir ekki máli. Jafnvel þótt allir þm. séu staddir í bænum, þá er ekki hægt að halda þing, þegar búið er að slíta því.

Þá talaði hv. þm. um, að jafnréttið væri ekki aðalatriðið fyrir mér, vegna þess að ég gleymdi Bændafl. Ég þykist ekki hafa sýnt Bændafl. ranglæti með því að bera fram þetta frv. Þar er stungið upp á því, að allfjölmenn n. sé kosin með hlutfallskosningu í Sþ., og ef flokkurinn hefir atkvæðamagn til þess að koma manni í n., þá gerir hann það. Til þess að Bændafl. kæmi til greina, þyrfti að vera 25 manna ráð. Ég held, að það verði erfitt að koma því svo fyrir, að flokkur, sem aðeins telur 2 þm., geti allsstaðar verið með. Annars gerir það ekki til, hvað hv. þm. N.-Ísf. segir um þetta, því að þótt ég sé hér að halda fram rétti Sjálfstfl., vegna þess, hvernig málið horfir við núna, þá er það ekki fyrir það, að ég búist við neinu þakklæti úr þeirri átt. Ég skal játa, að það er ekki vegna Sjálfstfl. nú í dag, sem ég er að þessu, heldur vegna framtíðarinnar. Það gæti komið fyrir hvaða flokk sem er samskonar aðstaða til málsins og Sjálfstfl. hefir nú, og það er þess vegna, að við leggjum þetta til. Það er til þess að gera rétt. Það vill svo til núna, að Sjálfstfl. nýtur þess, ef rétt er gert, en vitanlega er þetta gert fyrir framtíðina og fyrir hvern þann flokk, sem eins kynni að standa á um. Ég vil því alveg mótmæla því, að tilgangur okkar sé ekki sá, að skapa jafnrétti með þessu.

Ég ætla svo ekki að fara frekar út í þetta mál núna, til þess, ef mögulegt væri, að það kæmist til n. á þessum fundi, því að annars verður það ekki fyrir páskahelgina.

***Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson):** Hv. þm. N.-Ísf. taldi, að setning bráðabirgðal. hefði verið brot á öllum þingræðisreglum, sérstaklega vegna þess, að því er mér skildist, að svo skammt var liðið frá því, að þingi sleit, þegar l. voru gefin út. Ég svaraði þessu í Nd., þegar þetta frv. var þar til 1. umr., og ég get gefið sömu andsvör hér. Það skiptir í sjálfu sér engu máli snertandi útgáfu bráðabirgðal., hvort þau eru gefin út skömmu eða löngu eftir þingslit. Það eina, sem máli skiptir, er, hvort ástand það, sem varð til þess, að l. voru gefin út, er í samræmi við þá gr. stjskr., sem um þetta fjallar. Svo stóð á, þegar l. voru gefin út, að 2 af 5 stjórnendum síldarverksmiðjanna höfðu lagt niður störf sín. Eftir l. áttu þeir að vera 5, en þingi var slitið, svo að ekki var hægt að kjósa nýja menn. Nú var tvennt til, annaðhvort að ráðh. gæfi út l. um að skipa menn til viðbótar eða skipa stjórnina á ný, og það var gert, En hvorttveggja var jafnþingræðislegt. Ástæðan til þess, að ég fór þá leið, að skipa 3 nýja menn, var sú, að ég taldi, að með því væri betur tryggð samvinnan í stjórninni en ella mundi. Ég hafði að sjálfsögðu kynnt mér, áður en l. voru gefin út, að nægilegur þingmeirihluti væri fyrir hendi. Ef ég hefði ekki gert það, þá hefði ég beinlínis brugðizt skyldu minni sem ráðh. Þegar slíkt tilfelli kemur fyrir, þá verður ráðh. að leysa það á þann hátt, sem gerlegast er. Þetta var gert og á þennan hátt, og er það fullkomlega í samræmi við lög og reglur og anda þingræðisins. — Hitt geta menn svo verið með hugleiðingar um, en það kemur ekki þessu máli við, hvort flokkarnir hefðu getað verið búnir á þinginu að gera breytingar á l., svo að ekki hefði til þessa komið. En það er ekki ástæða til þess að ræða um það í þessu sambandi.

Hv. 1. þm. Eyf. taldi, að ég hefði annaðhvort rangfært eða misskilið orð sín, þar sem ég sagði, að tilgangurinn að hans dómi með frv. væri sá, að girða fyrir það, að pólitísk sjónarmið væru jafnmikils ráðandi í stjórn verksmiðjanna eftir þessu frv. eins og þeim málum nú er skipað. Ég vil ekki meðganga, að ég hafi á nokkurn hátt rangfært orð hans. Það stendur í grg. frv., og ég skal lesa það upp með leyfi hæstv. forseta, svo að ekki þurfi um það að karpa:

„Á hinn bóginn verður þó að varast, að pólitísk sjónarmið séu yfirgnæfandi í stjórn verksmiðjanna. Atvinnurekstur inn og heill og þrif fyrirtækisins er aðalatriðið.

Með þessu frv. er reynt að ná því tvennu, að stjórnmálaflokkarnir njóti jafnréttis um val manna í stjórn síldarverksmiðjanna, en draga þó jafnframt úr því, að valið sé í stjórnina með pólitíska hagsmuni fyrir augum."

Nú taldi hv. 1. þm. Eyf. í sinni ræðu, að með því fyrirkomulagi, sem nú er, væri hætt við, að pólitísk sjónarmið yrðu of mikils ráðandi, en með því frv., sem hann leggur fram, þá verði hættan minni. Ég verð eins og ég sagði áðan, að halda því fram, að ef þetta hefir verið tilgangurinn, þá hefir það mistekizt. Það er enginn vafi á því, að mannaval verður beinlínis pólitiskara í gegnum kosningu þingflokkanna heldur en í gegnum skipun ábyrgs ráðh., hver svo sem hann er. — Þar sem hann talaði um, að verksmiðjustjórnin væri of einhliða, þá hefir hann sjálfur skýrt, hvers vegna svo er. Það er kunnugt, að leitað var eftir því, að ákveðnir sjálfstæðismenn fengjust til þess að taka þátt í stjórn verksmiðjanna, en því var neitað. Ég vil mótmæla því, þótt svo hafi farið um skipun stjórnarinnar, að þá hafi þess í nokkru gætt. A. m. k. hefir flokkur hv. þm. ekki ástæðu til þess að kvarta undan neinu, því að það er maður frá hans flokki í stj. Hann sagði, að það stoðaði lítið, þótt hans

flokkur, Framsfl., ætti mann í stjórn, því að ef hinir væru sammála, þá væri hann áhrifalaus. Ég veit ekki betur en það hafi verið hin bezta samvinna við fulltrúa Framsfl. á liðnu ári. Mér er ekki kunnugt um, að ágreiningur hafi verið innan stj. í neinu mikilvægu máli. — Ég vil ennfremur geta þess í sambandi við tortryggni þá, sem hann kvartaði undan, að væri ríkjandi í garð verksmiðjustjórnarinnar, sérstaklega á Siglufirði, að ég hefi ástæðu til að halda, ef þetta er sagt, að þá sé það fullkomið ranghermi. Ég hefi enga vitneskju um það fengið. Mér er þvert á móti kunnugt um, að sambúðin milli verksmiðjustjórnarinnar og verkamanna yfirleitt á Siglufirði hefir verið betri á síðasta ári heldur en undanfarið. Tölur sýna, að afkoma verksmiðjunnar hefir batnað stórum í ár, og ekki bendir það til þess, að neinir erfiðleikar séu í sambandi við stj. hennar, enda er það svo, að þó að 3 flokkar ættu þar fulltrúa, þ. e. a. s. þessir 3 stjórnendur væru sinn úr hverjum flokki, þá er það alveg víst, að séu 2 þessara manna sammála, þá getur þriðji fulltrúinn ekki komið fram sínu máli. Ef t. d. fulltrúar Framsfl. og Alþfl. eru sammála, þá verður fulltrúi sjálfstæðismanna áhrifalaus, og séu hinsvegar fulltrúar Framsfl. og Sjálfstfl. sammála, þá verður vitanlega fulltrúi Alþfl. áhrifalaus. Það er aldrei hægt að fyrirbyggja það í nokkurri stj., að minni hl. hennar geti ekki komið fram sínum málum, enda væri það óeðlilegt.

Hv. þm. sagði, að ástæðan til þess, að S. Í. S. væri ætlað að tilnefna mann í ráðið, væri sú, að í Sambandinu væru menn af öllum flokkum og stéttum. Ég skal ekki mæla því í gegn, þótt hann segði, að maðurinn, sem Sambandið tilnefndi, yrði af ákveðnum flokki. En svona mun það vera með flest félög hér á landi, t. d. Slysavarnafél., stúkur, Búnaðarfélagið og svo mætti lengi telja. Þar eru menn af öllum flokkum og stéttum, og er þá vitanlega allt undir því komið, hverjir með völdin fara.

Ég hjó eftir því í fyrri ræðu hv. þm., að hann talaði um, að fordæmið um skipun slíks ráðs og þessa væri gefið með ákvæðunum í landsbankal. um landsbankanefndarmennina. Ég vil spyrja hv. þm., hvort hann hafi þá skoðun á landsbankanefndarmönnunum, að þeir hafi sýnt í starfi sínu fyrir bankann þann dugnað og atorku, að nein sérstök ástæða sé til þess að fitja upp á fleiri slíkum? Þeir hafa ekki verið áhrifaríkari en svo, að þeir hafa engin afskipti haft af neinum málum að öðru leyti en því, að undirskrifa bankareikningana og kjósa í bankaráð. En hinsvegar hafa þeir engin afskipti haft af rekstri bankans.

Ég skal svo láta þessar umr. falla niður af minni hendi, og set ég mig ekkert á móti því, að málið fari í n., þótt ég sé andvígur því, að það gangi fram.

*__Sigurjón Á. Ólafsson:__ Jafnvel þó að þetta mál fari til þeirrar n., sem ég á sæti í, þykir mér hlýða að segja um það nokkur orð við þessa umr.

Ég vildi gjarnan fræðast frekar um það hjá 1. flm., hvað er tilefnið með þessu frv. Samkv. hans framsöguræðu skildist mér hann telja tilefnið aðallega þrennt. Í fyrsta lagi sú óstjórn og það ranglæti, sem komið hefir fram hjá núv. verksmiðjustj. Í öðru lagi, að ekki hafi verið fullnægt settum skilyrðum um valið í stj. Og svo það þriðja, sem hér er mikið um þráttað, að stj. ætti ekki að verða eins pólitísk og sú stj., sem nú situr, eftir því skipulagi, sem hann stingur upp á.

Það er fyrsta atriðið, sem ég vil fá upplýsingar um, áður en málið kemur til n. Hv. flm. gerði enga tilraun til þess að rökstyðja það, í hverju sú óstjórn og það ranglæti hefði komið fram, sem núverandi stj. hefði sýnt á þeim tíma, sem hún hefir setið. Mér þætti vænt um, að hann kæmi með einhver dæmi. Það var ómögulegt að skilja, í hverju stj. hefði brotið af sér. Hann gat þess, að mikil óánægja væri með skipun hennar. Nú vil ég leggja þá spurningu fyrir hv. flm., hvernig var það með þennan þingmálafund, sem hann hélt í sínu kjördæmi um þetta mál. Ég þykist hafa séð það í blöðum þarna norðan að, að þegar rætt var um það, hvort bráðabirgðalögin skyldu samþ. eða ekki, þá voru það ein átta atkv., sem hv. þm. fekk með sér gegn þeim. M. ö. o., kjósendur þessa hv. þm. litu öðrum augum á þetta mál en hann, og get ég því ekki skilið, að það sé í umboði þeirra, að hann kemur fram með róttæka breyt. á skipun stj.

Ég verð nokkru að svara hinu atriðinu, að ekki skuli hafa verið valið í stj. eins og hann telur skylt, þ. e. a. s. einn maður úr Sjálfstfl. Það er rétt að rifja þá sögu upp dálítið nánar. Ég hygg að mjög þekktir og valinkunnir menn í Sjálfstfl. hafi verið kjörnir til þess að fara í stj. Hv. flm. vissi vel, um hvaða menn var að ræða. Og ég ætla, að þeir menn, sem þar voru efstir á þugi og voru fúsir til að fara í stj., hafi átt almennt fylgi sjómanna. En þá skeður það merkilega, að miðstj. Sjálfstfl. leggur bann á þann mann, sem gerist svo djarfur, að taka sæti í stj. Hvað átti hæstv. ráðh. að gera? Hann verður að velja þennan mann í stj., og enginn neitar því, að hann hafi staðið vel í stöðu sinni. Mér er ekki kunnugt um það, að hann sé yfirlýstur alþýðuflokksmaður. En hann er reyndur og valinkunnur útflutningsmaður og mun hafa staðið nærri sjálfstæðismönnum eftir skoðun hv. flm. En hvorrar skoðunar, sem maðurinn er, þá hefi ég ekki heyrt neinn dæma verk hans á þá leið, að hann hafi reynzt hlutdrægur. Og ég sé enga ástæðu til þess, að gera breyt. á skipulaginu, þó að flokkur, annar en sá, sem hv. flm. tilheyrir, hafi valið í stj., og það menn, sem voru manna bezt hæfir til þess að fylla það sæti.

Ég verð að geta þess hér, að rekstur verksmiðjunnar hefir aldrei gengið betur en á síðasta ári. Vinnuráð hafa verið meiri en áður, og allur aðbúnaður og aðhlynning þeirra, sem þar vinna, aldrei verið betri. M. ö. o., samkomulagið hefir verið ágætt. En eins og kunnugt er, lá við, að allt færi í blossa undir fyrrv. stj. En svo brá við á síðasta sumri, að verksmiðjan hefir aldrei gengið betur og útkoman aldrei verið betri. Hefi ég ekki heyrt neinn halda því fram, að verksmiðjustj. hafi ekki staðið mjög vel í stöðu sinni. Og ég heyrði ekki hv. flm. færa nein rök fyrir því,

að tilefni væri til þess að skipta um stj., af því að þessi stj. væri ekki starfi sínu vaxin og fyllilega þess verð, að halda áfram starfi sínu næsta sumar.

Fyrirtæki eins og þetta, sem hér um ræðir, eru stofnuð í þágu atvinnuveganna, til þess að koma skipulagi á vinnslu síldarinnar og gera sjómönnum og útvegsmönnum kleift að nota sér þann mikla auð, sem í síldinni felst. Það eru sjómennirnir og verkamennirnir, sem eiga líf sitt komið undir þessu, og svo vitanlega þriðji aðilinn skipaeigendur. Og ég verð að álíta, að það séu þessir tveir aðiljar, sem eiga sjálfir að ráða mestu um það, hvernig þessum málum er stjórnað.

Ég get bent á það, að við jafnaðarmenn höfum yfirleitt gert afarlítið að því, að seilast til yfirráða í landbúnaðarmálum, þó að við vitanlega eigum fullan rétt á því, að eiga menn í stj. þeirra stofnana, sem ríkið leggur til stórfé, eða þar sem það tekur að meira eða minna leyti þátt í rekstrinum. Ég get vel skilið afstöðu hv. flm. hvað það snertir, að hann vilji láta áhrifa síns flokks gæta í stj. þessara fyrirtækja. En að hann eigi að vera sá, sem mestu ræður, fæ ég ekki skilið út frá sjónarmiði þeirra, sem hafa mestra hagsmuna að gæta og mest eiga undir því komið, að allt gangi vel, en það eru hinar vinnandi stéttir. Og ég get sagt það sem mína skoðun, að ég hefi enga trú á því, að það veljist nýtari menn til þessa starfs, þó að Alþingi skipi þá en ráðh. velji þá. Og reynslan hefir sýnt það. (BSt: En ef væri nú sjálfstæðis- eða framsóknarráðh.?) Hann myndi skilja þá ábyrgð, sem á honum hvíldi, og velja hæfa menn til starfsins.

Ég get ekki séð, að neitt tilefni liggi fyrir, sem réttlæti slíka skipun á fyrirkomulaginu á stj. verksmiðjanna, sem hér er farið fram á. Það eru nú uppi háværar kröfur meðal almennings um að fækka í verksmiðjustj. Einnig eru háværar kröfur um það norðanlands, að hafa ekki nema einn framkvæmdarstjóra, og er það talið nóg. Og yfirleitt er sú stefna ríkjandi hjá almenningi, að hlaða ekki saman mörgum mönnum í stj. slíkra fyrirtækja og hér um ræðir. Og ég get vel skilið þá kröfu. Hvað því viðvíkur, hvort þessar ríkisverksmiðjur kunni að auka svo rekstur sinn, að nauðsynlegt sé að hafa þá fleiri, þá skal ég ekki leggja neinn dóm á það. En reynslan hefir sýnt, að við meðalrekstur, eins og nú standa sakir, er verksmiðjunum ekki þörf á nema einum hæfum og duglegum manni.

Ég vil svo að lokum minnast nokkrum orðum á ákvæðin í 2. gr. Ég hygg, að þar sé nokkur ágreiningur á milli mín og hv. flm. En það er einmitt um það, hvenær og hvað mikið eigi að verðleggja síldina, þegar hún er flutt á land, í verksmiðjurnar. Í l. eins og þau voru upphaflega og eru enn, er þetta fyrirkomulag hugsað þannig að síldin sé tekin til vinnslu, og fáist svo fyrir hana eins og reynslan sýnir, að varan selst að frádregnum kostnaði. Ég hygg, að ég tali í umboði allra, sem við verksmiðjurnar skipta, þegar ég segi, að þetta fyrirkomulag sé talið óþolandi. Það, sem verður að ske, er það, að verksmiðjurnar kaupi síldina fyrir ákvæðisverð, og verður þá vitanlega farið eins nærri hinu raunverulega verði hennar og unnt er. Ég skal játa, að í 2. gr. er gert ráð fyrir möguleikum um þetta. En það er ekki sama, hverjir hafa úrslitaatkvæðin um það. Það er einmitt þetta, sem er orðin svo hörð og ákveðin krafa meðal sjómannanna hér, að síldin sé keypt föstu og sanngjörnu verði, og vona ég, að mér gefist tækifæri til þess við 2. umr. þessa máls, að skýra frá, hvers vegna þessi krafa er fram komin. Og vitanlega veltur mikið á því í 2. gr., að úrslitaatkvæðin hafi þeir, sem hafa fullkominn skilning á því, hvort hér sé farið eftir sanngjörnum leiðum fyrir þá, sem við verksmiðjuna skipta.

Ég hefi óskað þess af hv. flm., að hann færi skýrari rök fyrir því, hvað sú verksmiðjustj. hefir brotið af sér, sem hann vill koma frá og fá aðra í staðinn fyrir. Mér er nauðsynlegt að fá að vita það út í æsar, áður en ég skapa mér um það ákveðna skoðun, hverjar eru hinar sönnu ástæður fyrir þessu frv., sem er fram komið þvert ofan í gefin loforð hv. flm. og hans samflokksmanna um það, að bráðabirgðal. skyldu ná fram að ganga.

Flm. (Bernharð Stefánsson): Ég ætla ekki að fara út í málið sjálft eða ganga inn á þær ræður, sem hér hafa verið fluttar, því að til þess er ekki tími. Ég kveð mér eingöngu hljóðs til þess að bera af mér sakir.

Hæstv. ráðh. varð það á að fara ekki alveg rétt með orð mín. Og það var svo sem auðvitað, að hv. 4. þm. Reykv. mundi taka það eftir, sem miður mátti fara. Hann sagði, að ég hefði haldið því fram, að í stj. verksmiðjanna eins og nú er, ríkti óstjórn og ranglæti. Þetta er ranghermi. Ég hefi aldrei sagt neitt um það, og ég er viss um, að þau orð, sem hv. þm. hafði eftir mér, standa ekki í handriti skrifaranna. En hitt sagði ég, að það ríkti tortryggni um þetta hjá þeim mönnum, sem væru utan Alþfl. Hvort sú tortryggni er á rökum byggð, hefi ég ekki sagt neitt um, en ég gæti kannske sagt eitthvað um það.

Þá spyr hv. þm., hvað hæstv. ráðh. hafi átt að gera, þegar enginn sjálfstæðismaður hafi viljað vera í stj. verksmiðjanna. Ég var ekkert að deila á ráðh., en sagði, að úr því að það tókst ekki, þá væri ástæða til þess að breyta l. um þetta. Annars get ég upplýst, að það var hægt að fá sjálfstæðismann til þess að taka sæti í stj.

Þar sem hv. þm. sagði, að aldrei hefði gengið betur rekstur verksmiðjanna en í ár, þá er því til að svara, að það hefir ekki í mörg ár verið eins hátt verð á síldarafurðum né aflinn eins mikill, og ætla ég, að það sé þyngst á metunum.

Loks sagði hv. þm., að ég flytti þetta frv. þvert ofan í gefin loforð. Ég vil upplýsa það, að ég hefi aldrei gefið nein loforð um að samþ. bráðabirgðal. óbreytt. Hitt hefi ég fallizt á, að þau væru gefin út sem bráðabirgðaráðstöfun.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til sjútvn. með 9 shlj. atkv.

Á 32. fundi í Ed., 5. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 124, n. 182 og 195, 189, 194).

***Flm. meiri hl. (Ingvar Pálmason):** Svo sem nál. bera með sér, hefir sjútvn. ekki getað orðið sammála um frv. þetta. 2 nm., ég og hv. þm. N.-Ísf., leggja til, að frv. nái fram að ganga, en við leggjum þó til, að á því verði gerðar breyt. Við leggjum til sameiginlega á þskj. 194 nokkrar breyt. En svo flytur hv. þm. N.-Ísf. sérstaka brtt. á þskj. 189.

Ég held, að það sé öllum hv. þm. kunnugt, að um stj. síldarverksmiðjanna frá því fyrsta hefir verið nokkur ókyrrleiki. Það er búið að breyta skipun stjórnar síldarbræðslanna a. m. k. þrisvar sinnum, tvisvar með l. frá Alþ. og einu sinni með bráðabirgðal. Þetta virðist benda til þess, að það sé rétt, sem ég sagði, að um stjórn þessara fyrirtækja hafi ríkt nokkur ókyrrleiki. Og mér virðist, að svo langt hafi það gengið á árinu 1935 og árið 1936, að þessi ókyrrleiki hafi komizt inn í stj. verksmiðjanna og valdið því, að 2 af stjórnarnm. sögðu af sér, svo að atvmrh. varð að grípa til þess úrræðis að setja bráðabirgðal., til þess að verksmiðjurnar hefðu þó lögformlega stjórn.

Nú virðist mér, að Alþ. hafi alltaf verið að leita eftir leiðum til þess að skipa á sem heppilegastan hátt stj. þessara fyrirtækja og betur en áður hefir átt sér stað. Og þetta frv. bendir einmitt í sömu átt. Fyrir flm. þess vakir það, að þær leiðir, sem farnar hafa verið, hafi ekki gefizt þannig, að búast megi við, að sú nauðsynlega ró geti komizt á um stj. þessara fyrirtækja með því að fara þær leiðir áfram. Og ég hygg, að við, sem skipum meiri hl. sjútvn. og höfum fallizt á, að frv. gangi fram, höfum einnig litið þannig á. Þessi fyrirtæki eru svo mikill þáttur í atvinnulífi þjóðarinnar, að reyna verður til hins ýtrasta að fá það skipulag á stj. þeirra, að um þau geti orðið nokkurnveginn kyrrt, en ekki standi sífelldur styrr um þau. Og ég álít, að sérstaklega þyrfti að fyrirbyggja það, ef hægt væri, að í stj. þeirra væri jafnvel hið megnasta ósamkomulag. Það er náttúrlega engin reynsla fyrir því hvernig það fyrirkomulag, sem gert er ráð fyrir í frv., gefst. En þetta er þó tilraun til þess að reyna að fjarlægja stj. síldarbræðslanna nokkuð hinum daglega pólitíska styr. Mér dettur þó ekki í hug að halda fram, að þó að þetta fyrirkomulag verði tekið upp, verði stj. þessara fyrirtækja skipuð alveg ópólitískt. En ég held, að með því að fara þessa leið, þá verði frekar möguleikar fyrir því, að stj. þeirra geti staðið fyrir utan hinar pólitísku erjur. A. m. k. er það tilraun til þess að reyna að færa þessi fyrirtæki út úr hinum pólitíska eldi. Auk þess er ég þeirrar skoðunar, að með því að stj. fyrirtækjanna verði skipuð aðeins 3 mönnum, tilnefndum af sérstöku verksmiðjuráði, þá hnigi það og í þá átt, að skapa meiri ró um fyrirtækin en verið hefir.

Það kom fram við 1. umr. þessa máls hér í d., að hæstv. atvmrh. taldi það ekki vera í samræmi við bráðabirgðal. frá síðastl. vori. Ég skal játa, að ef einhver tilraun hefði verið gerð til þess að afgreiða þessi umræddu bráðabirgðalög, sem nú liggja fyrir Nd., þá hefði mátt tala um þetta, en þar sem það hefir ekki verið gerð minnsta tilraun til þess, þá var vitanlega ekki annað fært en koma með þetta frv. Og upp í það eru tekin öll aðalatriði bráðabirgðalaganna. Mér og fleirum hefir víst aldrei dottið í hug, enda þótt þessi 3 manna stjórn verksmiðjanna væri skipuð í vor samkv. bráðabirgðal., að það út af fyrir sig væri framtíðarlausn þessa máls. Það var *aðeins bráðabirgðaúrræði, sem* varð að hverfa að, eftir því sem þá stóð á.

Sökum þess að því hefir allmjög verið haldið hér á lofti, að bráðabirgðal. frá í vor hafi verið sett með samþykki beggja stjórnarflokkanna, vil ég taka það fram, að það er rétt, að hæstv. atvmrh. talaði um þetta við þann flokkinn, sem ég heyri til. En um hitt var aldrei rætt, og mun a. m. k. ekki hafa verið ætlun okkar framsóknarmanna, að það yrði framtíðarskipulag, að atvmrh. skipaði stjórn síldarverksmiðjanna. Ég fæ því ekki séð, að þetta frv., *sem hér liggur fyrir* til umræðu nú, komi í bága við það, þó að stjórnarflokkarnir hafi báðir staðið að bráðabirgðal. Af þessu hefði mátt vænta, að bráðabirgðalögin, sem nú liggja fyrir n., hefðu fengið einhverja afgreiðslu, var að sjálfsögðu hægt að ræða um þetta frv. í sambandi við þau, en nú bólar bara ekkert á þeim, svo að um neitt slíkt getur því ekki verið að ræða. En geri þingið aftur á móti ekki neitt í þessu máli, þá fæ ég ekki annað séð, en að það lendi í sama öngþveitinu og áður, *því að þá gilda aðeins hin fyrri* lög um skipun síldarverksmiðjustjórnarinnar. (PM: Það koma þá bara bráðabirgðalög). Það má vel vera, að sú yrði raunin á, en ég teldi samt réttara, að þingið afgreiddi þetta á þinglegan hátt; annað myndi leiða til vandræða ástands. Ég held t. d., að það yrði ekki til þess að skapa ró um þetta stóra fyrirtæki, ef farið yrði að bæta 2 mönnum í stjórn fyrirtækisins eftir hinum eldri lögum.

Að sjálfsögðu má margt tala um þetta mál fram og aftur, en hvað sem *menn* kunna að segja, þá verður því aldrei neitað, að mikill ókyrrleiki hefir jafnan verið um þetta fyrirtæki, — svo mikill ókyrrleiki, að ég held, að það sé fyllilega forsvaranlegt af Alþingi, þó að það verji nokkrum dögum af þeim tíma, sem það á eftir að sitja, til þess að reyna að finna einhverja lausn á þessu máli.

Um brtt. þær, sem fyrir liggja, mun ég ekki verða margorður. Brtt. okkar hv. þm. N.-Ísf. eru ekki veigamiklar, og ég tel, að þær muni verða til bóta. — 1. brtt. gengur út á það, að ráðh. skuli því aðeins tilnefna form. verksmiðjustj. að samkomulag um val hans náist ekki innan stj. — 2. brtt. er um það, að stj. verksmiðjanna skuli setja framkvæmdastjórunum erindisbréf. Verði frv. samþ. og framkvæmdastjórarnir verði tveir, hljóta allir að vera sammála um, að nauðsynlegt sé að setja þeim erindisbréf. — 3. brtt. er um það, að í stað þess, sem frv. gerir ráð fyrir, að fjmrh. skuli úrskurða um verð á hráefnum, sem verksmiðjurnar kaupa, ef ágreiningur verður um *það milli verksmiðjustjórnar og verksmiðjuráðs*, þá skuli það vera sá ráðh., sem mál þessi heyra undir. Það má vel vera rétt, að það sé fjármál, að ákveða verð á síld, sem verksmiðjurnar kaupa, og eigi því samkv. eðli sínu að heyra undir fjmrh., en okkur finnst eðlilegra, að það eigi að

síður heyri undir þann ráðh., sem rekstur verksmiðjanna heyrir undir.

Um brtt. hv. þm. N.-Ísf. á þskj. 189 mun ég ekki heldur verða fjölorður. Hv. flm. þessara brtt. leggur mikla áherzlu á, að verksmiðjuráðið sé eingöngu tilnefnt af Alþingi. Hvað mig snertir, þá tel ég, að það veiki allmjög þann tilgang, sem með skipun verksmiðjuráðsins á að nást. Um þetta hefi ég áður rætt við hv. þm. og skal því ekki fara inn á umræður um það nú, áður en hann hefir a. m. k. talað fyrir brtt. sínum.

Ég mun svo ekki hafa þessi orð mín öllu fleiri nú. Ég get rætt kalt og rólega um þetta verksmiðjumál; það snertir hvorki mig persónulega eða mína kjósendur, og færi betur, ef fleiri gætu sagt slíkt. En í þessu tilfelli mun það verða svo, sem jafnan vill verða, þegar um er að ræða fyrirtæki, sem gefur mikla atvinnu, að tilhneiging vakni hjá mönnum um að nota það til hagsbóta sér og skjólstæðingum sínum. Að endingu vil ég svo fullyrða það, að komist skipulag það á, sem í frv. felst, þá muni það skapa meiri kyrrð um þessi fyrirtæki, og á því er sízt vanþörf. Ég get búizt við, að hv. flm. frv. taki til máls hér á eftir og skýri málið eitthvað frekar en ég hefi gert, því að hann er að sjálfsögðu kunnugri en ég, hvernig spilin liggja í þessu efni. Það, sem fyrir honum vakir, mun aðallega vera það, að reyna að koma stj. þessa mikla fyrirtækis inn á þær leiðir, sem heppilegri eru en þær, sem farnar hafa verið.

*__Jón Auðunn Jónsson:__ Ég er sammála hv. frsm. meiri hl. um brtt. þær, sem við berum sameiginlega fram á þskj. 194, og um grundvöll frv. sjálfs, tilraunina til þess að reyna að skapa ró um þessi fyrirtæki. Um verksmiðjuráðið verð ég að segja það, að mér finnst það of fjölmennt, jafnvel þó að það sé ekki skipað nema 9 mönnum, eins og ég legg til að verði. Þá finnst mér það og galli á frv., að 3 af þessum 12 mönnum, sem skipa eiga ráðið, skuli eiga að tilnefna af vissum aðiljum, en þó skuli eiga að útiloka frá því þá aðiljana, sem þetta síldarverksmiðjumál skiptir mestu, en það eru sjómennirnir og útgerðarmennirnir, því að Fiskifélagið getur að sjálfsögðu ekki talizt „representant“ við útnefningu í verksmiðjuráðið fyrir þá. Eigi að taka tillit til þeirra og gefa þeim kost á að hafa einhver áhrif á skipun stjórnar síldarverksmiðjanna, verður að sjálfsögðu að lofa þeim að velja í verksmiðjuráðið að einhverju leyti a. m. k. Náist ekki samkomulag um það, að þessir aðiljar, sem leggja til efnið í framleiðslu verksmiðjanna, fái að hafa einhverja íhlutun um stjórn þeirra, þá tel ég ekki rétt eða sanngjarnt, að hinir 3 aðiljar, sem í frv. eru taldir og ekki geta talizt umboðsmenn sjómanna eða útgerðarmanna, fái íhlutun um stjórn fyrirtækjanna. Hv. flm. vildi halda því fram, að það væri ekki nema sanngjarnt, að S. Í. S. tilnefndi einn mann í verksmiðjuráðið, af því að þetta mál snerti svo marga meðlimi þess. Við þessu er það að segja, að enda þótt svo sé, að eitthvað af sjómönnum og útgerðarmönnum geti talizt til meðlima S. Í. S., þá er það svo lítið, að það er aðeins örlítill hluti þeirra, sem hér eiga hlut að máli. Eins og ég þegar hefi tekið fram, þá tel ég, að verksmiðjuráðið sé of fjölmennt eins og frv. ætlast til, en hins vegar get ég vel gengið inn á það, að verksmiðjuráð skipað 9 eða jafnvel ekki nema 7 mönnum, kosnum af sameinuðu Alþingi eða að einhverju leyti tilnefndum af útgerðarmönnum og sjómönnum, sem hér eiga hlut að máli, geti orðið til þess að skapa meiri ró um þessi fyrirtæki en verið hefir. Hlutverk þess á m. a. að vera það, að jafna deilur, sem upp kunna að koma á milli verksmiðjustj. og þeirra, sem leggja til verkefnið handa verksmiðjunum, sjómannanna og útgerðarmannanna.

*__Frsm. minni hl. (Sigurjón Á. Ólafsson):__ Eins og nál. sjútvn. ber með sér, þá gat sjútvn. ekki orðið á einu máli um afgreiðslu þessa máls. Fyrir afstöðu minni til málsins hefi ég gert lauslega grein á þskj. 195. — Það, sem fyrst og fremst greindi á um á milli mín og meðnm. minna, var það, að ég taldi ekki rétt að flýta málinu svo mjög, að ekki væri beðið eftir umsögn þingsins um bráðabirgðalögin, sem sett voru síðastl. vor með samþykki þeirra flokka, sem að stj. standa. Ég held, að það megi leita lengi í þingsögunni, til þess að finna dæmi að slíkri aðferð hafi verið beitt við afgreiðslu mála og hér á að viðhafa. Bráðabirgðalögin voru lögð fyrir Nd. til samþykktar, og þegar hún hefir afgr. þau, getur þessi deild átt kost á því að segja álit sitt um málið. Og það þarf ekki að bera það fram, að það sé orðin þörf á að breyta bráðabirgðalögunum.

Mín afstaða í n. var þannig, að ég vildi að beðið yrði með að afgreiða frv., þar til vissa væri fengin fyrir því, hvort Nd. gerði bráðabirgðalögunum nokkur skil, en þess var ekki kostur. Afstaða mín byggist á þeirri skoðun minni, að ég álít og legg til, að málið verði fellt í þessari d. Aftur á móti get ég skýrt þá afstöðu mína, að ég er mótfallinn frv. En ég vil geta þess, að ég verð að hafa formála fyrir því atriði. Ég get alls ekki fallizt á það fyrirkomulag, sem með frv. er ætlað að koma á stjórn síldarverksmiðjanna. Frsm. meiri hl. skýrði frá því, að mikill ókyrrleiki ríkti í stjórn þessara fyrirtækja, og býst ég við, að hann hafi þar átt við tímabilið frá miðju ári 1935 og til byrjunar ársins 1936. Mikils óróleika varð ekki vart innan þessara stj. fyrr en Alþingi hafði breytt lögum nr. 14 frá 1935, og lá það í þeirri óheppilegu ráðstöfun, sem sú stjórn gerði, og hversu henni tókst illa með forstjóravalið. En þá stjórn skipuðu 2 sjálfstæðismenn, 2 alþýðuflokksmenn og 1 framsóknarmaður. Gengið var út frá því, að framsóknarmenn og alþýðuflokksmenn gætu unnið sameiginlega að þessum málum, en þegar til átti að taka, var þessi samvinna ekki til, eins og stjflokkarnir ætluðust til. Líkast var því, að ýmislegt væri þá framkvæmt óafvitandi. Reynslan sýndi, að sá maður, sem falin var stjórn síldarverksmiðjanna, hafði ekki yfir að ráða þeim hæfileikum og gætni, sem þarf til að stjórna þessum fyrirtækjum, án þess að árekstrar verði milli hins stóra fjölda, sem þar vinnur, eða verksmiðjustjórnarinnar annarsvegar og framkvæmdastj. hinsvegar. Þessir árekstrar styrkjast við þau rök, hversu

sambúðin milli verkafólks og verkstjórnar tókst til, og það varð fljótt sýnilegt, að slíkt ástand mátti ekki haldast lengur. Fulltrúar Sjálfstfl. urðu þess fljótt varir, að þetta gat ekki gengið, og þá kom hinn fyrsti þverbrestur milli þessara aðilja um að vinna saman í stjórn verksmiðjanna. Ég legg engan dóm á þá kosti eða galla, sem hafa verið hjá hinum ýmsu stjórnarnefndarmönnum. Þeim varð það ljóst, að þeir réðu ekki yfir þeirri gætni og stilli, sem þeir menn þurfa að hafa. Það kom í ljós á öðrum sviðum, að fulltrúi framsóknarmanna, sem var kosinn form. þessarar stjórnar, hafði sett sig upp á móti ýmsum till., sem fulltrúar Alþfl. báru fram, og sá fulltrúi gekk þá í lið með íhaldinu og sneri sínum seglum ýmist til hægri eða vinstri, eftir því hvað honum fannst flokki sínum bezt henta. Fulltrúar Alþfl. í verksmiðjustjórninni urðu loks ásáttir um það, að þeim væri ekki unnt að vinna lengur í stjórninni, eins og komið væri, og sögðu sig þá báðir úr stjórninni. Eftir það varð þessi stjórn óskipuð, og bráðabirgðalögin urðu svo bein afleiðing af því. Þetta ástand varð ekki leyst nema með bráðabirgðalögum, og þegar þingi lauk, var ekki búið að brúa þessa leið, en önnur leið varð ekki farin, og það var aldrei ákveðið fyrirfram, að þetta mál skyldi leysa með bráðabirgðalögum, því að ríkisstj. var þessi breyt. ekki vitanleg, fyrr en þinginu hafði verið slitið. Þær skipulagsbreytingar, sem bráðabirgðalögin sköpuðu, voru aðallega þær, að í stað hinna 5 manna, sem skipuðu stjórnina, voru skipaðir 3, og í þeim nýju lögum var svo fyrir mælt, að í þessa stjórn ættu að veljast samhentir menn, er hefðu þekkingu til að láta þennan rekstur fara sem bezt úr hendi. Þá voru einnig ákvæði um það, að þessir fulltrúar þyrftu að veljast úr þeim stéttum, sem hefðu hér mestra hagsmuna að gæta. Með bráðabirgðalögunum var ætlazt til, að hver stjórnmálaflokkur hefði einn fulltrúa í verksmiðjustjórninni. Var þá jafnt á komið með sjálfstfl. og Alþfl., sem fengu sinn fulltrúann hvor, og Framsfl. hafði oddamanninn. Svo bar það til, þegar átti að skipa mann fyrir Sjálfstfl., að margir valinkunnir menn sóttu um að taka sæti í stjórninni, en Sjálfstfl. bannaði þeim með öllu að taka þátt í þeirri stjórn, og þessir menn voru hræddir til að ganga frá loforðum sínum. (MG: Var Sjálfstfl. boðið að skipa mann?) Ég veit ekki, hvort miðstjórninni var boðið það, en hitt veit ég, að margir sjálfstæðismenn gáfu kost á sér til þessa starfs, og frá þeirri staðhæfingu er ekki hægt að ganga. — Út af þeim óróleika, sem hv. meðnm. minn var að tala um, vil ég segja það aftur, að það var megnasta óánægja meðal útvegsmanna með þá menn, sem skipuðu stjórnina, og um vinnubrögðin má segja það, að t. d. á Siglufirði hefir aldrei verið unnið eins mikið eins og einmitt á þessu sumri, og má það vel vera, að það sé því að þakka, hversu vel hefir tekizt með skipun á þessari stjórn, eða beinlínis fyrir dugnað forstjórans. Þá má segja það um verkafólkið, að það var allt að undanteknum 3 mönnum ráðið af eldri stjórn verksmiðjanna. Og með þessu fyrirkomulagi hefir skapazt meiri eining milli stjórnar útvegsmanna og verkafólks en nokkru sinni áður, og þessir aðiljar virðast vera fullkomlega ánægðir með það skipulag, sem myndað var með bráðabirgðal. og ég býst við, að slíkt samkomulag fáist ekki með öðru fyrirkomulagi en því, sem nú er.

Frv. gerir ráð fyrir, að vissar stofnanir fái að skipa einn fulltrúa í þetta verksmiðjuráð. En hvaða þörf er á að skipa þetta 12 manna ráð? Það mundi ekki hafa annað verksvið en að skipa þessa stjórn. Það yrði líkt hlutverk, sem það ráð hefði, og landsbankanefndin hefir nú. Það er vel hægt að komast hjá því að mynda þetta nefndarbákn, og að frábreyttum eldri lögum held ég, að bezt sé, að Alþingi kjósi stjórnina. Ef þessi 12 manna n. ætti alltaf að vera vofandi yfir þessum fyrirtækjum og ætti að hafa þar strangt eftirlit og væri nokkurskonar control í rekstri verksmiðjanna, þá liti þetta heldur betur út. Nú er það vitað, að til þess er ekki ætlazt, og ég sé því ekki, að þetta nefndarbákn hafi við neitt að styðjast.

Ég vil geta þess, að það er alveg rétt, sem hv. þm. N.-Ísf. hélt fram, að það væru fiskimennirnir, sem þarna hafa mestra hagsmuna að gæta. Ég veit ekki um neina stofnun, sem gæti nefnt fulltrúa fyrir þá nema ef Alþýðusambandið gerði það. Ég tel frá hagsmunasjónarmiði sjómannanna, að þeir hefðu frekar rétt til að kjósa fulltrúa heldur en t. d. S. Í. S. Ég veit ekki, hvaða hagsmuna S. Í. S. hefir að gæta í þessu sambandi. Það gerir ekki út skip. S. Í. S. er sölusamband fyrir landbúnaðarafurðir o. fl., og svo fer það að blanda sér inn í þessi mál. Hér er gripið út í loftið til þeirra stofnana, sem lítilla hagsmuna hafa að gæta í verksmiðjurekstrinum, þar sem S. Í. S. hefir aðallega fengizt við niðursuðu og beitusölu. Það hefir því ekki lagalegan rétt til að blanda sér inn í þessi mál. Aftur á móti ættu útgerðarmenn að hafa einn fulltrúa, og ég skal játa það, með hv. þm. N.-Ísf., að fiskifélagið sé hér ekki réttur aðili. En verkamenn og sjómenn ættu að hafa sinn fulltrúann hvor, vegna þess að þeir verða að teljast sem tvennskonar aðiljar. En ég áskil mér rétt til þess að bera fram brtt., ef frv. verður samþ. til 3. umr.

Þá skal ég víkja nokkrum orðum að þeim brtt., sem ég hefi ekki nefnt ennþá og eru nýmæli þau, sem meðnm. mínir bera fram; það er sannarlega tímanna tákn, að þeir hafa setzt saman í svona máli. Ég er ekki hissa á því, og að sumu leyti þó.

Ég verð að segja það um hv. þm. N.-Ísf., að ég kalla hann gerast heldur lítilþægan, með því að samtímis sem flokksblað framsóknarmanna vill helzt ota honum út úr þinginu, réttir hann bróðurhöndina yfir til flokksins, því að þeir hafa orðið hér saman um eina till., sem í fljótu bragði sýnist vera efnismeinlaus, en hún er sú, að verksmiðjustj. sjálf eigi að reyna að koma sér saman um formanninn. Þetta sýnist í fljótu bragði eðlilegt, en ef svo vildi til, að sá ráðh., sem með þessi mál fer, skyldi vera úr hópi alþýðuflokksmanna, þá skal valdinu kippt úr hans hendi um að velja form. stj. Um þetta eru þeir orðnir sammála. Ráðh. má ekki tilnefna mann í jafnþýðingarmikla stöðu og þessa. Ég verð að segja, að ríkið og stj. hlýtur á hverjum tíma að verða að leggja svo mikinn trúnað undir stj.

þessa fyrirtækis, að það virðist ekki óeðlilegt, að ráðh. tilnefni þennan mann, sem er oddamaður verksmiðjustj. og hlýtur því að ráða miklu um það, hverjar stjórnarathafnirnar eru. Ég fyrir mitt leyti tel þessa brtt. til skemmdar á þessu frv., sem ég er á móti, og mun ekki geta fylgt henni. — Um 2. brtt. þeirra félaganna hefi ég ekkert að segja. Um 3. brtt. vil ég segja það, að hún er þó spor í réttari átt, því að eins og kunnugt er, hafa þessi mál alltaf heyrt undir atvmrh., enda eru þetta atvinnumál í fyrstu röð. Hv. tillögumanni virðist hafa dottið það í hug, að svo lengi sem hann eigi setu á Alþ., eigi hann fjmrh., og þess vegna sé nauðsynlegt að láta þetta mál heyra undir hann, m. ö. o. hann gat ekki treyst atvmrh. til þess að vera óvilhallur í því máli, sem hér átti sérstaklega undir hann að leggja.

Ég get ekki gengið fram hjá því að minnast örlítið á það, sem felst í 2. gr. frv., en það er um verðlagið á hráefninu, og flm. ætlast til, að heyri undir fjmrh. að úrskurða. Í upphafi míns máls skýrði ég frá ágreiningi, sem hefði orðið innan verksmiðjustj. um það, hvort greitt skyldi fastákveðið verð eða eins og til er ætlazt í l. frá 1929, og það merkilega skeði í málinu, að skilningur sjálfstæðismanna og alþýðuflokksmanna er næmari fyrir því en fulltrúa framsóknarmanna innan verksmiðjustj., hvernig stj. ætti að bera sig að gagnvart þeim, sem síldina veiða. Reynslan sýndi það, á árunum nokkru eftir að verksmiðjurnar tóku til starfa, að þegar verðið *féll jafnmikið og raun varð á*, voru líkindi til, að ekki nema örfá skip vildu nokkuð sinna því að skipta við verksmiðjurnar, ef þeim væri ekki tryggt ákveðið verð. Þetta var á sama tíma og verð á lýsi og mjöli var í svo lágu verði, að það var á takmörkum, að það borgaði sig fyrir skipin að ganga til veiða. Jafnvel þó að verksmiðjurnar yrðu fyrir einhverjum halla við það að greiða ákveðið verð, var það talið borga sig fyrir þjóðfélagið að greiða hið fastákveðna verð, jafnvel þó að afurðirnar ekki skiluðu því. Þessi stefna, að greiða fastákveðið verð, varð ofan á innan verksmiðjustj. og hefir gilt fram á þennan dag. Um það hefir verið rætt á öðrum vettvangi en hv. Alþ., hvor stefnan væri heppilegri, en ég hygg, að ég fari ekki með nein öfugmæli, þó að ég segi, að sú skipun, sem orðið hefir á innan verksmiðjustj. um þetta atriði, sé almennt vel séð jafnt af fiskimönnum og skipaeigendum. Það eru margar stoðir, sem renna undir það, m. a. sú, að fjárhagsgeta útvegsmanna á undanförnum árum hefir ekki verið sterkari en það, að þeir hafa þurft á þessum peningum að halda jafnóðum og aflazt hefir. Ennfremur hefir reynslan sýnt og sannað, að þeir, sem við útveginn vinna, hafa orðið að fá sína greiðslu, ekki einungis þegar farið er úr skiprúmi, heldur jöfnum höndum og veiðin stendur yfir; en þetta er ekki hægt nema því aðeins, að útgerðarmennirnir fái hið fyllsta verð nokkurnveginn jafnóðum og veiðin stendur yfir. Ef útgerðarmönnum væru greidd t. d. 75% af *áætlunarverði, þá nægði sú upphæð ekki til* þess að standa undir hinum daglegu greiðslum, sem útvegurinn verður að standa straum af. Nú er svo ákveðið í öðrum l., sjómannalögunum frá 1930, að hverjum einasta útgerðarmanni er gert að skyldu að greiða sínum skipverjum kaupið, um leið og þeir eru skráðir úr skiprúmi. Í mörgum tilfellum er þetta ómögulegt fyrir útgerðarmanninn, ef hann á svo og svo mikið inni ógreitt hjá verksmiðjunum, þangað til kannske langt fram á næsta ár, að reikningar eru gerðir upp, því að það er ekki víst, að framleiðslan seljist alltaf jafnhratt og síðastl. ár.

Það renna því allar stoðir undir það, að hið rétta fyrirkomulag sé það, að verksmiðjurnar ákveði hið réttlátasta og sanngjarnasta verð, sem þær á hverjum tíma geta fundið, og greiði það beint út, og að menn eigi engin eftirkaup þar á eftir.

Um þetta var deilt innan gömlu verksmiðjustj., sem frá fór á árinu 1936. Það er upplýst hér á Alþ., að 4 af 5 höfðu haldið þessari stefnu fram, að borga ákveðið verð, en einn af þessum mönnum, fulltrúi framsóknarmanna, mun hafa viljað fara hina leiðina, að borga áætlunarverð.

Í 2. gr. frv. er gengið út frá því, að ef um ágreining sé að ræða innan verksmiðjustj. um það, hversu hátt verðið skuli vera, þá sé það fjmrh., en ekki atvmrh., sem skeri úr. N. hefir lagfært þetta og sett „ráðherra“ í staðinn fyrir „fjármálaráðherra“, og eftir eðli málsins hlýtur það að vera sá ráðh., sem hefir yfirstjórn þessara verksmiðja á hendi, sem er atvmrh. (**JAJ**: Sbr. 1. gr. a.). — Ég er sammála n. um, að þessi l. *breyt. sé til bóta.*

Um brtt. hv. þm. N.-Ísf. hefi ég í raun og veru sagt mitt álit. Ég mun lofa þeim að lifa til 3. umr., *þó að ég sé ekki ánægður með* þær stofnanir, sem hér er vitnað til. Ég mun ekki gera neina tilraun til þess að fella þær, en mun bera fram brtt. við 3. umr., *eins og ég hefi lýst*, ef frv. fer á annað borð út úr d.

Meðnm. mínum þarf ég litlu að svara umfram það, sem ég hefi þegar sagt. Við erum allir svo miklir skapstillingarmenn og ræðum málin hver gagnvart öðrum, eftir því sem við höfum bezta stillingu til og án allra hnútukasta. Ég er þeim ekki sammála um, að hér sé fundin rétta lausnin á þessu máli, og hefi gert nokkra tilraun til þess að rökstyðja það. Ég hefi þá persónulegu skoðun, að það sé mikið álitamál, hvort Alþ. eigi yfirleitt í framtíðinni að skipa menn í þessa stj., en slíkar till. liggja nú ekki fyrir.

Mér er það fullkomlega ljóst, að hér er risið upp svo þjóðnýtt og stórfelt fyrirtæki, að það veltur á miklu, að því sé stjórnað með framsýni, gætni og fullum vilja að vinna þjóðfélaginu það gagn, sem það var stofnað til. Ég er ekki viss um, að þingflokkarnir verði neitt glöggskyggnari að velja slíka menn. Það hlýtur að liggja í hlutarins eðli, að stofnanir sem þessar verði alltaf á hverjum tíma að vera að meira eða minna leyti undir áhrifavaldi viðkomandi ríkisstj., og reynsla síðastl. árs hefir bent mér á, að þetta hefir gefizt vel.

Ég get svo lokið máli mínu að þessu sinni. Ég hefi lagt hér fram rökstudda dagskrá, og verður að skeika að sköpuðu, hvort orðið sé svo mikið fóstbræðralag á milli Sjálfstæðis og Fram-

sóknar, að þau taki höndum saman og gangi af minni till. dauðri eða ekki.

Bernharð Stefánsson: Hv. síðasta ræðumanni hefir tekizt að koma flestum út úr d., svo að það er nú kannske þýðingarlítið að ræða um málið. Ég skal reyna að vera ekki langorður, því að ég vildi gjarnan, að málinu gæti orðið lokið á venjulegum fundartíma. — Ég get ekki látið hjá líða, þar sem ég er flm. málsins, að þakka n. fyrir skjóta og meiri hl. hennar fyrir góða afgreiðslu þess að mínu áliti.

Ég skal þá sem flm. aðeins geta um þær brtt., sem fram hafa komið, og vil þá fyrst minnast á brtt. meiri hl. n. á þskj. 194.

Ég ætla, að tvær fyrstu till. séu til bóta og mun fallast á þær. Hvað þriðju brtt. snertir, sem er um það, að atvmrh. í staðinn fyrir fjmrh. skeri úr, þegar ágreiningur er milli verksmiðjustj. og verksmiðjuráðs um síldarverðið, vil ég segja það, að við flm. frv. settum þarna fjmrh. af þeim ástæðum, að þegar það er ákveðið, hvaða verði hráefnið sé keypt, þá er það vitanlega á ábyrgð ríkissjóðs. Það er ríkissjóður, sem blæðir, ef verðið er ákveðið svo hátt, að halli verður á öllu saman.

Okkur fannst það eðlilegt, að fullnaðarúrskurður í því máli heyrði undir fjmrh., þann ráðh., sem á sérstaklega að hugsa um ríkissjóðinn. Á hinn bóginn sé ég ekki ástæðu til að gera mótstöðu gegn þessari till. að neinu kappsmáli og get látið mér það lynda, þó að hún verði samþ., ekki sízt þar sem hinar till. meiri hl. eru frekar til bóta á frv.

Þá skal ég minnast á brtt. hv. þm. N.-Ísf. á þskj. 189. Þær eru um það að fækka í verksmiðjuráðinu um 3 menn og að þar eigi ekki aðrir sæti en þeir þingkosnu, sem eiga að vera 9. Við 1. umr. málsins gerði ég nokkra grein fyrir ástæðunni til þess, að við flm. lögðum til, að þessir 3 menn ættu einnig sæti í ráðinu; auk þess hefir frsm. meiri hl. tekið fram ýms rök, sem mæla með því, að sú tilhögun sé heppileg, og þarf ég því ekki að fara mörgum orðum um það nú. Það er ómótmælanlegt, að ef allt verksmiðjuráðið er kosið af Alþ., þá er og verður sú kosning algerlega pólitísk. Það má segja sem svo, að hún verði það einnig, þó að sú tilhögun sé höfð, sem í frv. er stungið upp á, en eins og ég gat um við 1. umr., er þar þó um menn að ræða, sem vona má, að skoði það ekki sem sitt aðalhlutverk að vera pólitískir fulltrúar. Nú hafa að vísu komið fram ýmsar aths. við þetta, og þær eru sumar þess eðlis, sérstaklega þó hv. þm. N.-Ísf., að vel er þess vert að taka þær til athugunar, og má vel vera, að hægt sé að finna einhverja betri lausn á þessu en lagt er til í frv., þó að ég fyrir mitt leyti og við flm. báðir myndum verða óánægðir með að hafa ráðið algerlega þingkosið. — Hv. þm. taldi, að ef þessi tilhögun væri höfð, sem í frv. er stungið upp á, þá væri útilokað, að sá aðili, sem mestra hagsmuna hefði að gæta, nefnilega útgerðarmenn og sjómenn, ættu þarna fulltrúa. Fyrir okkur flm. vakti það, að Fiskifélag Íslands væri sá sjálfsagði fulltrúi þeirra, Alþýðusambandið fulltrúi verkamanna og sjómanna, a. m. k. þeirra, sem vinna fyrir kaupi, og að Samband íslenzkra samvinnufélaga hefði fulltrúa líka, því að þótt það væri ekki beinlínis aðili, þá væri það sú stofnun, sem báðir hinir aðiljarnir ættu að geta sætt sig við, og að einmitt sú stofnun gæti lagt þeim til sameiginlegan fulltrúa. Við flm. litum svo á, að Fiskifélag Íslands sé að því er snertir sjávarútveginn hliðstætt Búnaðarfélagi Íslands, og það er jafnan talið fullnægjandi, ef landbúnaðurinn á sérstaklega að tilnefna mann til einhvers sem fulltrúa, að Búnaðarfélagið geri það. Hinsvegar skal ég játa það, að ég er málefnum og samsetningu Fiskifélags Íslands fremur ókunnugur og býst við, að hv. þm. N.-Ísf. sé miklu kunnugri þeim málum en ég. Það kann að vera, að á þessu séu einhverjir þeir gallar, að það megi skoðast rétt, sem hann sagði, að fulltrúi frá Fiskifélaginu gæti ekki verið virkilegur fulltrúi þessa aðilja. Ég fyrir mitt leyti myndi vera fús til þess að ganga inn á eitthvert annað fyrirkomulag, sem heppilegra sýnist. Það var ekki meining mín, að útiloka á nokkurn hátt útgerðarmenn og sjómenn frá því, að eiga fulltrúa í gegnum þessa 3 menn, sem ekki væru kosnir af Alþingi. Ég teldi þess vegna heppilegt, ef hv. þm. vildi taka þessar till. aftur nú við 2. umr., og væri þá athugandi milli umr., hvort ekki væri hægt að finna heppilegri lausn á málinu. Það virðist ekki vera svo stórvægilegur ágreiningur, sem hér er um að ræða, að hann megi á nokkurn hátt verða málinu til trafala eða að falli.

Mér kom ekki á óvart afstaða hv. 4. þm. Reykv., því að hún var reyndar kunnug áður; þó verð ég að játa það, að mér kom sumt í röksemdafærslu hans nokkuð á óvart. — Hann sagði, að bráðabirgðal. um síldarverksmiðjurnar hefðu verið sett með samþykki beggja þeirra flokka, sem styddu ríkisstj. Ég þarf ekki að fara nákvæmlega út í það atriði, því að frsm. meiri hl. minntist allrækilega á þá meðferð málsins (**SÁÓ:** Og staðfesti það.), enda tók ég það fram við 1. umr. málsins, að Framsfl. hefði samþ., að ef svo færi eftir þingslit, að verksmiðjustj. reyndist með öllu óstarfhæf, þá myndi hann samþ. það, að gefin væru út bráðabirgðalög til þess að ráða bót á því. En þessu fylgdi það skilyrði, að í stj. verksmiðjanna ættu sæti fulltrúar frá öllum aðalflokkum þingsins. Þetta skilyrði var ekki uppfyllt í framkvæmdinni, en eins og ég gat um við 1. umr., er langt frá því, að ég kenni hæstv. ráðh. einum um það, því að Sjálfstfl. ber sannarlega sína sök á því. Hann vildi ekki fallast á að tilnefndur væri maður úr flokknum. (**MJ:** Flokknum var aldrei boðið það). Hann vildi ekki fallast á, að ráðh. tilnefndi mann úr flokknum. Mér er kunnugt um það, að þrátt fyrir þetta hann, sem miðstjórn sjálfstæðismanna lagði við því, var hægt að fá sjálfstæðismann í opinberri trúnaðarstöðu til þess að taka sæti í verksmiðjustj., en það var þó ekki gert. Sá maður, sem ég á við, er í alla staði heiðarlegur og mjög skýr maður og álitlegur til allra starfa, sem hann á annað borð tekur að sér.

Ég ætla ekki að fara að ræða neitt verulega við hv. 4. þm. Reykv. um sögu verksmiðjanna. Hann sagði margt, sem hann getur ekki á nokkurn hátt staðið við, og margt, sem áður hefir verið

í hans herbúðum sagt, en aldrei sannað. Hann sagði, að orsökin til þessarar ókyrrðar í stjórn verksmiðjanna mundi hafa verið sú, a. m. k. fyrsta undirrótin, að framkvæmdarstjóravalið hefði misheppnazt fyrir stjórn verksmiðjanna á árinu 1935, að mér skildist. Það urðu töluverðar deilur í fyrra um þetta, og eftir þeim vitnisburði að dæma, sem form. þáv. verksmiðjustj. gaf þeim framkvæmdarstjóra og fulltrúar Alþfl. neyddust til að játa, að væri réttur, þá er varla hægt að skilja, að framkvæmdarstjóravalið hafi mistekizt svo mjög. En hitt er vitanlega óvenjuleg aðferð með mann, sem hafði reynzt vel, að bola honum frá starfi, eins og fulltrúar Alþfl. í stj. gerðu þá ásamt öðrum fulltrúa Sjálfstfl., og þegar svo var að farið, var vitanlega eðlilegt, að því yrði ekki á allan hátt tekið með þökkum. Ég held, að það hafi ekkert sannazt um það, að sambúð þessa framkvæmdarstjóra og verkamanna væri svo óheppileg og slæm eins og hv. 4. þm. Reykv. vildi vera láta. En hitt er alveg rétt, að þessi framkvæmdarstjóri þvingaði einn verkstjórann til þess að mæta á réttum tíma og yfirleitt gera skyldu sína, og það var ákaflega illa tekið upp. Hvað það snertir, að einhverja af stjórnarnm. hafi vantað stillingu til þess að vinna þarna heppilega, leiði ég hjá mér með öllu; ég ætla ekki að ræða neitt um það, hvernig geðslag ákveðinna manna er. Ef farið yrði að rökræða um það, hygg ég, að mörg kurl kæmu til grafar, og ég er ekki viss um, að þeir, sem hv. 4. þm. Reykv. vill sérstaklega verja, græddu nokkuð á því. Hv. þm. sagðist ekki hafa orðið var við óánægju með það fyrirkomulag, sem er. Hann er hér á Suðurlandi og verður ekki var við þetta eins og það er, en ég hefi orðið var við óánægju um það, hvernig þessu er skipað, og ég ætla að benda hv. þm. á það, að sú óánægja hefir komið opinberlega fram. Einn af stærstu síldarútvegsmönnum á Norðurlandi hefir skrifað blaðagrein um þetta, þar sem hann lætur í ljós mjög mikla óánægju um það, hvernig þessu sé fyrirkomið nú, og yfirleitt um bráðabirgðal. — þessi maður er Ingvar Guðjónsson —, svo að óánægjan hefir áreiðanlega komið fram.

Að því er snertir það, að síldarverksmiðjunum hafi aldrei gengið betur en í sumar, má vel vera, að hægt sé að segja það, en það eru mörg ár, síðan eins hátt verð hefir verið á afurðum verksmiðjanna, og það er vitanlegt, að þegar svo stendur á, þá verkar það þannig, að öll starfsemi verksmiðjanna gengur vel. Það er ekki hægt að komast hjá því. Mér skildist, að hv. þm. vildi sanna, að ekki hefði verið beitt hlutdrægni í stj. verksmiðjanna að því er snertir mannaráðningar og annað með því að segja, að síðastl. sumar hefði unnið flest það sama fólk við verksmiðjurnar eins og áður. Það mun vera svo, að flest sama fólkið hafi verið í sumar, enda var fyrrv. stj. búin að ráða það, en það fer ýmiskonar vinna fram við verksmiðjurnar að vetrinum, og ég hugsa, að ef hv. þm. kæmi norður á Siglufjörð, þá fyndi hann fleiri en einn, sem staðfestu það, að það gengi fullt eins vel fyrir alþýðuflokksmenn að fá þá vinnu sem aðra. Það má vel vera, sem hv. þm. sagði, að vinnufriður og ánægja ríkti í stj. verksmiðjanna nú; ég neita því ekki. Og ég neita því ekki heldur, að þeir, sem eru nú í stj., séu allir vel hæfir menn. Ég hefi ekki sagt eitt orð þeim til lasts. Það er grundvöllurinn, sem þeir eru skipaðir eftir, sem er rangur, en þar með er ekki sagt, að mennirnir út af fyrir sig séu neitt óheppilegir. Og þó að friður sé innan stjórnarinnar, þá sannar það vitanlega ekki neitt. Það er friður a. m. k. á yfirborðinu í Þýzkalandi, Ítalíu og Rússlandi og víðar, en það er friður, sem margir menn óska ekki eftir. (MG: Er vopnaður friður innan síldarverksmiðjustjórnarinnar?). Ég býst við, að það sé einræðisfriður.

Það geta orðið deildar meiningar um gagnsemi þessa ráðs, sem lagt er til í frv., að sett verði á stofn. Ég hygg samt, að hv. 4. þm. Reykv. hafi á sínum tíma verið með því að setja landsbankan. á stofn. Hann var að vitna í landsbankan. og landsbankafyrirkomulagið, sem mér fannst hann tala um með nokkurri fyrirlitningu, og ég held, að hann sé a. m. k. ekki mótfallinn frv., sem nú liggur fyrir hv. Nd., um það að gera vald þessarar n. meira og auka verkefni hennar, svo að jafnvel þótt fyrirmyndin sé sótt til landsbankalaganna, fyndist mér, að það ætti ekki að verka neitt sérstaklega illa á huga hv. þm., en eins og ég sagði við 1. umr., vakti það fyrir okkur flm. bæði að koma þessu deilumáli út úr síldarverksmiðjunum og þinginu og svo líka að hafa þarna vettvang, þar sem menn, sem hafa sérstaklega áhuga fyrir slíkum málum, gætu rætt ýmislegt viðvíkjandi rekstrinum og óskir frá útvegsmönnum og öðrum aðiljum gætu komið fram og borizt til stjórnar verksmiðjanna, og ennfremur vakti það fyrir okkur flm., að ef deilur risu upp innan stjórnarinnar, sem dæmi eru til, þá væri þarna aðili, sem hefði góða aðstöðu til þess að útkljá þær deilur, — betri aðstöðu en Alþingi, því að sannleikurinn er sá, að reynslan hefir sýnt, að Alþingi hefir ekki tekizt vel að jafna deilur, sem risið hafa upp innan verksmiðjustjórnarinnar.

Það hefir verið minnzt á kostnaðinn í þessu sambandi. Ef frv. verður samþ. óbreytt að því leyti, að verksmiðjuráðsmennirnir vinni kauplaust, þá held ég, að kostnaðurinn, sem af þessu ráði stafar, verði hverfandi lítill, og það er áreiðanlegt, að allur starfskostnaðurinn verður minni heldur en eftir því fyrirkomulagi, sem var, áður en bráðabirgðalögin komu, að hafa 5 manna stjórn, og ég held, að það setji enginn fyrir sig það atriði og fari að vera á móti 5 manna stjórn vegna þess, hvað hún er dýr, og vitanlega er þetta svo stór rekstur, að sá lítilfjörlegi kostnaður skiptir engu máli, ef fyrirkomulagið er að öðru leyti heppilegt.

Hv. 4. þm. Reykv. tók að nokkru leyti undir orð hv. þm. N.-Ísf. um það, að þeir aðiljar, sem þarna ættu hlut að máli, kæmu ekki til greina með val manna í fulltrúaráðið, og mér virtist hann telja, að sjómenn hefðu engan fulltrúa með því fyrirkomulagi, sem stungið er upp á í frv. (SÁÓ: Ekki til viðbótar). Úr því vildi hann bæta með því, að láta Alþýðusambandið fá 2 menn og útvegsmenn 1. Ég skil ekki þennan hugsunargang, því að ef Alþýðusambandið er á annað borð réttur aðili fyrir þessa menn, skil ég

ekki annað en að þessi eini, sem Alþýðusambandinu er ætlað að tilnefna samkv. frv., geti verið fulltrúi þessara manna. Það er rétt, sem hann sagði, að Sís er ekki beinn aðili í síldveiðum og síldarútvegi, en það stendur óhrakið, sem ég gat um við 1. umr., að í þeim félagsskap eru bæði útgerðarmenn og sjómenn. Þar af leiðandi stofnun, sem verður að líta á sem algerlega óhlutdræga í þessu efni. (PM: Það er Bókmenntafélagið líka). Já, en þó að Sís sé ekki beinlínis útgerðarfélag, hygg ég samt, að starfsemi þess komi nær atvinnurekstri og fjármálum heldur en starfsemi Bókmenntafélagsins.

Hv. 4. þm. Reykv. var mjög hneykslaður yfir því, að eitthvað af sjálfstæðismönnum og framsóknarmönnum væri sammála um þetta mál. Hann verður að líta á það eins og honum sýnist, en það þurfti ekki að koma honum neitt á óvart, því að í þessu máli hefir afstaða Framsfl. jafnan verið sú, að allir stjórnmálaflokkar hefðu fulltrúa í verksmiðjustjórninni, og ef það er svo hneykslanlegt, að vera einstaka sinnum sammála sjálfstæðismönnum, þá hefir hv. þm. sjálfur syndgað í þessu efni; ég veit ekki betur en að hann hafi stundum verið sammála þeim, og eitt sinn stóð til, að hann styddi stjórn með sjálfstæðismönnum, enda þótt ekki yrði af því.

*__Pétur Magnússon:__ Hæstv. forseti má ekki misvirða það við mig, þó að ég haldi mér ekki stranglega við þingsköp í þessum fáu orðum, sem ég ætla að segja. Ég ætla ekki að tala um einstakar greinar. Málið hefir verið rætt svo almennt af þeim, sem talað hafa, að mér finnst ástæða til að segja nokkur orð vegna þeirra almennu umræðna, sérstaklega út af því, að afstaða Sjálfstfl. til þeirra breyt., sem gerðar voru á skipun síldarverksmiðjanna með bráðabirgðal. frá síðasta vori, hefir verið dregin allmjög inn í umræðurnar. Ég get vel tekið undir það, sem hv. 4. þm. Reykv. sagði, að það mundi mega leita lengi í þingsögunni til þess að finna meðferð máls, sem líktist meðferð þessa máls. Það er orðið viðurkennt, sem raunar alla grunaði og margir þóttust vita, að þessi skrípaleikur með setningu bráðabirgðal. var ákveðinn þegar á þinginu 1936; það hafa þeir játað hv. 1. þm. Eyf. og hv. 4. þm. Reykv. Hv. 1. þm. Eyf. sagði við 1. umr. málsins, að það hefði verið gert ráð fyrir, að þeir atburðir kæmu fyrir, að bráðra aðgerða þyrfti við, og hv. 4. þm. Reykv. hefir haldið því fram, að það hafi verið beinlínis um það samið á þinginu 1936 milli stjfl., að Framsfl. sætti sig við þessa lausn á málinu. Það er þannig augljóst mál, að til þessa hefir verið stofnað þannig, að það hefir verið gengið algerlega á snið við ákvæði stjskr. um lagasetninguna. Þó að forminu sé að vísu fullnægt að því leyti, að búið var að slíta þinginu, þegar bráðabirgðal. voru sett, þá er það vitanlegt mál, og því dettur engum skynbærum manni í hug að bera á móti, að þau ákvæði voru sett til þess að slá varnagla við því, að í öngþveiti lendi, ef slíka lagasetningu þarf, án þess að kunnugt sé um það á Alþingi, en þegar kunnugt er um það, meðan þingið stendur yfir, að setja þarf lög um tiltekið efni eða breyta þarf gildandi lögum, þá eru fyrirmæli í stjskr. um, að það skuli gert á því þingi, sem situr, og það án tillits til þess, hvort samkomulag næst milli ráðandi flokka í þinginu um lausn málsins. Stjfl. virðast vera búnir að gleyma, að Alþingi er meira en formið eitt. Þeir sjá ekki annað en að það sé flokksaflið, sem öllu eigi að ráða, og ganga svo langt í sumum málum, að ef ekki næst samkomulag innan flokkanna um lausn máls, þá skjóta þeir því fram af sér og láta stj. setja lög um það, og svo gala þeir á eftir á strætum og gatnamótum, að þeir séu að vernda lýðræðið. Þegar á þetta er litið, sýnist mér alveg ástæðulaust að kasta þungum steini að Sjálfstfl. fyrir það, að hann vill ekki gerast samábyrgur um þennan skripaleik, sem verið er að leika.

Hv. 1. þm. Eyf. og þó einkum hv. 4. þm. Reykv. hafa veizt að flokknum með talsvert hörðum orðum fyrir það, að hann vilji ekki eiga þátt í að styðja að því, að menn innan vébanda hans tækju sæti í þessari stjórn síldarverksmiðjanna. Hv. 4. þm. Reykv. varð að játa, þegar á hann var gengið, að flokknum hafði aldrei verið boðið þetta, en hann hélt sér við hitt, að tilteknum flokksmönnum, sem ekki er ástæða til að nefna, hefði verið boðið sæti í stjórn síldarverksmiðjanna, en þessir menn hefðu ekki þegið það. Það mun rétt vera, að 1—2 mönnum í Sjálfstfl. hafi verið boðið að taka sæti í stjórn síldarverksmiðjanna, en hv. 4. þm. Reykv. gerðist svo djarfur að segja, að þessir menn hefðu verið hræddir frá því að taka við þessu, og þegar ég spurði hann, hvernig þeir hefðu verið hræddir frá því, þá gaf hann í skyn, að það hefði verið gert á þann hátt, að þeim hefði verið hótað afarkostum, að þeim skyldi verða gerðir einhverjir fjárhagslegir erfiðleikar, ef þeir gerðu þetta. Mér er fullkunnugt um, hvað gerðist í þessu efni, og ég lýsi yfir því, að þetta eru fullkomlega tilhæfulaus ósannindi og ósæmilegt fleipur af hv. 4. þm. Reykv., að bera slíkt fram á Alþingi. Afstaða Sjálfstfl. var engin önnur en sú, að hann neitaði að eiga þátt í því, að skipa menn í stjórn síldarverksmiðjanna, og lýsti yfir því við þessa menn, sem sneru sér til flokksins, áður en þeir gáfu nokkur svör um þetta, að hann óskaði ekki eftir því, og hlutaðeigandi menn sáu það algerlega af sjálfsdáðum, að það var hæpið, að blanda sér inn í þetta mál eins og það var í pottinn búið. Það var aðallega þetta, sem ég vildi sagt hafa, en hinsvegar verð ég að játa, að ræða hv. 4. þm. Reykv. var að ýmsu leyti lærdómsrík. Ég held, að það sé frekar óvenjulegt hér á Alþingi, að menn fái slíkan fremleikshugsunarhátt eins og fram kom í ræðu hv. þm. Hann var að tala um, að stjórn síldarverksmiðjanna hefði mjög merkileg viðskipti með höndum og afdrifarík fyrir afkomu fjölda manna í landinu, og þegar hv. þm. var að tala um, hvað þyrfti að hafa fyrir augum, þegar menn væru valdir í þessa stjórn, þá datt honum eiginlega ekki í hug nema einn eiginleiki, sem þessir menn þyrftu að hafa, og það var flokksliturinn, og hann var beinlínis hrærður, þegar hann var að tala um þessa „skelfingu“, sem komið hefði fyrir, þegar einn af stjórnarnefndarmönnunum, fulltrúi Framsfl., hefði neitað að

vinna með fulltrúa Alþfl., og hann talaði um þetta allt miklu líkara því, að þessi síldarverksmiðjustjórn væri sameiginleg kosningaskrifstofa fyrir Alþfl. og Framsfl. heldur en að hér væri um að ræða stjórn stærsta atvinnufyrirtækisins í landinu. Hann gat ekki látið sér detta í hug, hvort ráðstafanir meiri hl. væru heppilegar eða óheppilegar fyrir þá, sem hafa hagsmuna að gæta í þessu efni, útgerðarmenn og sjómenn. Þetta sjónarmið hv. þm. er, þó að hann hafi frómleik til að segja frá þessu fram yfir marga aðra, ekki sjónarmið hans eins, heldur margra annara og það sýnir betur en flest annað þá hræðilegu ókosti, sem eru á ríkisrekstrinum; það sýnir, að þegar verið er að skipa stj. slíkra fyrirtækja, þá er valið eftir allt öðru en þekkingu og hæfileikum til þess að leysa af hendi verkefnin. Það er valið eftir því, sem talið er flokkshagsmunir, en ekki því, sem talið er þjóðarhagsmunir, eða hagsmunir þeirra, sem eiga afkomu sína undir þessum fyrirtækjum. Það var í rauninni gott að fá þetta svona skýrt fram hjá hv. þm.

Ég ætla svo ekki að fjölyrða frekar um þetta mál. Ég vil aðeins minnast á brtt. frá hv. þm. N.-Ísf., um að láta S. Í. S., Fiskifélag Íslands og Alþýðusambandið nefna 3 fulltrúa í stjórn verksmiðjanna. Hv. 1. þm. Eyf. sagði, að það mætti gera ráð fyrir, að þessir 3 fulltrúar teldu sitt aðalstarf vera fólgið í því, að líta á flokkshagsmunina, en ég vil mega líta svo á, að það væri a. m. k. æskilegt, að þessir fulltrúar teldu sitt aðalstarf í því fólgið, að líta á annað en flokkshagsmunina. Það er svo mikið, sem þjóðin í heild á undir þessum atvinnurekstri, að mjög ríður á því, að vel sé vandað til um stjórn fyrirtækisins. Þyki það mikils um vert, að flokkarnir hafi jöfn „repræsentation“ í stjórn verksmiðjanna, þá finnst mér, að ákvæði frv. um val í verksmiðjuráðið beinlínis rugli slíkt. Það er t. d. mjög óeðlilegt, að S. Í. S. fái rétt til þess að tilnefna einn mann í þetta verksmiðjuráð, en útiloka sjómenn og útgerðarmenn frá því, að hafa nokkra íhlutun um val manna í ráðið. Ég verð nú að segja, að það voru veigalítil rök, sem hv. 1. þm. Eyf. bar fram til þess að réttlæta þetta, að það væru svo margir útgerðarmenn og sjómenn í S. Í. S. Það má nefna fjölda félaga og fyrirtækja, sem útgerðarmenn og sjómenn eru að einhverju leyti riðnir við, án þess að þeir hafi þar sérstaka „repræsentanta“. Þetta er því alveg út í loftið hjá hv. þm. — Að endingu vil ég svo mæla með brtt. hv. þm. N.-Ísf., að verksmiðjuráðið verði ekki skipað nema 9 mönnum í stað 12, eins og frv. ætlast til, því að það eru engar skynsamlegar líkur fyrir því, að stjórn verksmiðjanna verði að nokkru leyti verri, þó að verksmiðjuráðið verði ekki fjölmennara.

Forseti (EÁrna): Ræðumenn hafa talað mjög almennt um þetta mál. Vil ég því mælast til, að hér eftir verði það meira rætt í einstökum atriðum, eins og þingsköp ætlast til, og hinar almennu umræður um það því látnar bíða til 3. umræðu. — Mun ég svo fresta fundi til kl. 5.

*__Jón Baldvinsson:__ Mér virðist, að umr. um þetta mál hafi snúizt á þann veg, að ástæða sé til, að hæstv. atvmrh. geti átt kost á að taka þátt í þeim. Á hann hafa t. d. verið bornar ýmsar sakir, sem ég tel óforsvaranlegt, að hann fái ekki tækifæri til þess að svara. Þó að hann sé lasinn í dag og geti þess vegna ekki mætt í þinginu, má vænta, að hann geti a. m. k. verið orðinn það heill á miðvikudag, að hann geti mætt. — Þá er það og, að ýmsir þm. eru búnir að binda sig við fundi í eftirmiðdag, svo að þeir geta ekki mætt aftur kl. 5. Er því m. a. af þeim ástæðum nauðsynlegt að taka málið út af dagskrá nú. Ég vil því af þeim ástæðum, sem ég hefi tekið fram, mælast mjög eindregið til þess við hæstv. forseta, að hann fresti umr. um þetta mál til næstkomandi miðvikudags, því að á morgun er fundur í sameinuðu þingi.

Bernharð Stefánsson: Ég vil leyfa mér að benda á, að það var einmitt hv. 4. þm. Reykv., flokksbróðir hæstv. atvmrh., sem leiddi umr. inn á það svið, sem þær eru komnar á nú. — Ég vil svo skora á hæstv. forseta að halda fundinum áfram í dag.

*__Frsm. minni hl. (Sigurjón Á. Ólafsson):__ Út af þeim orðum hv. 1. þm. Eyf., að ég hafi leitt umr. inn á hið almenna svið, sem þær eru komnar nú, vil ég taka það fram, að það var ekki ég, sem gerði það, heldur flokksbróðir þessa hv. þm., hv. 2. þm. S.-M., og hann gerði það þegar í fyrstu ræðu sinni. — Annars á ég svo að skila því frá hæstv atvmrh., sem nú er lasinn, að hann biður hæsv. forseta að fresta umr. um mál þetta nú, a. m. k. til morguns.

Umr. frestað um stund. — Síðar á fundinum mælti

forseti (EÁrna): Hæstv. atvmrh. hefir eindregið óskað eftir því, að umr. um þetta mál verði frestað. Ég vil því verða við ósk hans um að fresta umr. og taka málið af dagskrá.

Umr. frestað.

Á 33. fundi í Ed., 7. apríl, var fram haldið 2. umr. um frv.

*__Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson):__ Ég gat ekki mætt á síðasta fundi og hefi því ekki fylgzt með þeim umr., sem þar fóru fram, en skoðun mín á þessu frv. er óbreytt frá því við 1. umr. — Um þær brtt., sem hér liggja frammi, sumpart sameiginlega frá hv. þm. S.-M. og hv. þm. N.-Ísf., og hinsvegar frá hv. 4. þm. Reykv., er það eitt að segja, að þær gera enga breyt. til bóta á frv., og að vísu heldur ekki til hins verra, ef svo mætti segja, þá er „jo galere, jo bedre“. Eins og ég sagði við 1. umr., þá er að minni hyggju tvímælalaust til óheilla fyrir þetta fyrirtæki, ef breytt er um stjórn þess á þann hátt og gert er ráð fyrir hér í frv., að kosning þingflokka á Alþ. verði ráðandi um stjórn verksmiðjanna. Það er enginn vafi á því, að hver sá ráðh., sem fer með þessi mál, mun gæta meiri varúðar um val manna en þing-

flokkarnir mundu gera við kosningu 12 manna ráðs. Það er rétt, sem hv. flm. sagði, að ástæða er til að reyna að gera stjórn verksmiðjanna sterkari og öruggari, en út frá mismunandi sjónarmiðum er það misjafnt, hvað talið er, að muni gera hana það. En ef að breyta á til um stjórnina, er eðlilegast, að sjómenn og verkamenn í landi leggi til menn þar, en ekki þm., eins og hér er gert ráð fyrir. Ég mundi heldur vilja ræða breyt. á skipun verksmiðjustjórnarinnar á þeim grundvelli en þessum, en þó álít ég fullt eins heppilegt, að ráðh. skipi stj.

Hv. 1. þm. Eyf. hélt því fram, að verksmiðjustjórnin hefði verið hlutdræg í atvinnuveitingum á Siglufirði. Ég hefi leitað mér upplýsinga um þetta síðan, og munu 2 fastir menn hafa verið ráðnir við verksmiðjurnar, síðan þessi stjórn tók við, og mun annar þeirra vera framsóknarmaður, en hinn jafnaðarmaður, en hvorugur þeirra mun vera neinn sérstakur bardagamaður í sínum flokki. Er þetta því alveg tilhæfulaus ákæra. Afstaða mín til þessa frv. er sú, að eina rökrétta meðferðin á því sé að fella það. En fyrir Nd. liggur nú frv., sem gengur út á, að framlengd verði bráðabirgðal. frá í fyrra, og vil ég sjá, hvernig um hana fer, áður en ég geng inn á, að frv. eins og þetta verði gert að lögum.

***Frsm. meiri hl. (Ingvar Pálmason):** Ég tek aðallega til máls vegna þess, að ég vissi, að flm. þessa máls ætlaði að kveðja sér hljóðs, en með því að hann er ekki viðlátinn, vildi ég beina þeirri fyrirspurn til hæstv. ráðh., hvað við tæki, ef ekkert verður samþykkt í þessu máli á þessu þingi. Ég kom dálítið inn á þetta í framsöguræðu minni fyrr við umr., en þá var hæstv. atvmrh. ekki við. Ég sé ekki, að komizt verði hjá vandræðum, ef annaðtveggja verður ekki samþ., frv. það, sem liggur fyrir Nd. um staðfestingu bráðabirgðal., eða eitthvað í þeirra stað. Ég fæ ekki betur séð, ef bráðabirgðal. ganga úr gildi, en að þá verði verksmiðjustj. ólögmæt. Er því þess að vænta, að bráðabirgðal. fái einhverja afgreiðslu í Nd., svo að hægt verði að sjá nógu snemma, hvað úr þeim verður, hvort þingið vill, að sú skipun haldist, sem þar er ákveðin, en verði það ekki, sýnist mér, að þetta mál sé komið í fulla óreiðu. En nauðsynlegt er að fá sem fullkomnasta lausn á því, hvernig skipa skuli stj. verksmiðjanna, og þinginu ber þá auðvitað fyrst og fremst skylda til að leita hennar. Nú var svo með þessi bráðabirgðal., sem sett voru síðastl. vor, að þau voru sett, eins og áður hefir verið tekið fram, í samræmi við vilja beggja stjórnarflokkanna, en voru aðeins bráðabirgðaráðstöfun. Það veit bæði hæstv. atvmrh. og aðrir, að þótt þetta yrði að gera, var það glöggt fram tekið, að þetta var ekki álitin framtíðarráðstöfun; virðist mega ætla, að a. m. k. nokkrir af framsóknarmönnum hafi hugsað sér, að þetta fyrirkomulag tæki breyt. auk þess sem kom fram í ræðu hv. flm., að nokkur óánægja er ríkjandi á Siglufirði um ýmsar ráðstafanir og framkvæmdir þessarar nýju stj. Ég skal ekkert um gildi þessara ummæla segja, enda hefir flm. ekki staðhæft, að svo væri, heldur sagt, að það hafi heyrzt óánægja. En hvað sem því líður, þá er litið svo á nú, að einn af stærstu stjórnmálaflokkum landsins eigi engan mann í stj., en það var álit beggja stjórnarflokkanna síðastl. vor, að allir stjórnmálaflokkar þingsins skyldu eiga fulltrúa í stj. Ég bendi á þetta vegna þess að ég held, að hæstv. atvmrh. hafi haft viðleitni til að skipa hana svo, að hún væri skipuð fulltrúum allra stjórnmálaflokkanna, en við umr. um þetta mál hefir komið fram, að Sjálfstfl. lítur ekki svo á, að hann eigi fulltrúa í stj.

Ég skal ekki fara langt út í að verja það fyrirkomulag, sem stungið er upp á í frv.; ég geri ráð fyrir að 1. flm. frv. geri það, enda honum bezt kunnugt um, hvað fyrir þeim vakti með því. Ég verð að líta svo á, að eftir því, sem fram hefir komið, sé nauðsynlegt að fá í stj. meiri ró en verið hefir, en ég fer ekki lengra út í það, það hefir verið gert áður. — Viðvíkjandi brtt. fórust hæstv. atvmrh. þannig orð, að þær væru sízt til bóta og kannske ekki heldur mikið til hins verra. Hvernig hann lítur á málið, skal ég ekki segja um, en hv. 4. þm. Reykv., sem hafði hér áður haldið uppi vörn fyrir hæstv. atvmrh. við fyrri hl. umr. virtist þeirrar skoðunar, að brtt. væri til allmikilla bóta, og munu þær líka gera stj. stjálfstæðari. Brtt. gera m. a. ráð fyrir, að tilraun verði gerð með það, að stj. kjósi sjálf formann sinn, og miðar það í þá átt, að hún verði sem sjálfstæðust, enda er það víðar venja, að stjórnir kjósi sjálfar formann.

Sé ég svo ekki ástæðu til að fjölyrða um málið; ég læt skeika að sköpuðu um það, en ég vil endurtaka, að ég tel, að töluvert væri unnið við að fá þessa stofnun fjarlægða þeim pólitísku átökum, sem alltaf eiga sér stað innan þingsins, og ég held, að þetta sé viðleitni í þá átt. Ef heppnaðist að koma að 3 fulltrúum í þetta fulltrúaráð, sem kosnir væru utan þings, held ég, að það mundi vera til mikilla bóta og nokkur trygging fyrir því, að kyrrara yrði um þessi mál eftirleiðis.

***Jón Baldvinsson:** Ég hefi fundið hér nokkur atriði, sem ég hefi ritað hjá mér af umr. í fyrradag, og álít ég rétt að segja nokkur orð um ýmislegt af því. Flm. talaði alllangt mál um frv. og síldarmálin í heild, svo að ekki verður komizt hjá að fara dálítið lengra út í málið en stranglega er fyrirskipað í þingsköpum. Hv. þm. gat um þá ókyrrð, sem var í stjórn verksmiðjanna, áður en bráðabirgðal. voru gefin út. Má segja, að síðan núverandi skipulag komst á, hafi hvorki heyrzt stuna né hósti, nema úr einu horni. Það eru kannske 2 persónur, sem eru óánægðar með þetta stjórnarfyrirkomulag, vegna þess að þar hefir borið raun vitni með það, hve stjórn verksmiðjanna hefir farið vel úr hendi á síðasta sumri, og er það ólíkt því, þegar stjórnarmeðlimir lágu í blaðadeilum um stjórn verksmiðjanna. Það, sem mér finnst, að hefði getað gefið hv. þm. Eyf. tilefni til að bera fram þetta frv., var það, ef verið hefði

einhver brestur á stjórn verksmiðjanna. Ég vil benda hv. 1. þm. Eyf. á, að þetta mál kom til umr. á þingmálafundi á Siglufirði og að till. um að fella niður bráðabirgðal. var þar felld, og aðeins 5 eða 7 af fundarmönnum greiddu atkv. með henni. Þannig líta Siglfirðingar sjálfir á málið, og þeir munu manna kunnugastir störfum stjórnarinnar og hvernig henni tekst. Ég get ekki skilið þá afstöðu hv. 1. þm. Eyf. og hv. 2. þm. S.-M., að þeir berjast svo mjög fyrir því, að koma sjálfstæðismanni í verksmiðjustjórnina. Þeir berjast harðar fyrir því en sjálfstæðismenn sjálfir. Mitt álit er, að vel hafi tekizt að mynda þessa stjórn og engin ástæða sé til að fara að breyta um þetta, heldur að lofa þeirri stj., sem hefir stýrt vel, að halda áfram, og að það fyrirkomulag, sem flokkarnir komu sér saman um í fyrra, eigi að haldast. Í fyrra virtist hvaða sjálfstæðismaður sem var mega koma í verksmiðjustjórn nema Sveinn Benediktsson; það var gert að skilyrði. En það var vitað, að ef sjálfstæðismenn tilnefndu mann í stjórnina, mundi það verða Sveinn Benediktsson.

Ég held, eins og hæstv. atvmrh. hefir tekið fram, að það verði betra fyrirkomulag, að ráðh. skipi stj. verksmiðjanna, heldur en að þingið kjósi hana. Getur og verið, að finna megi fyrirkomulag til þess að tilnefna fulltrúa fyrir þá, sem helzt eiga hlut að máli, sjómenn, útgerðarmenn og verkamenn. Ef svo fer, að þetta frv. gangi fram, eru það beinlínis brigður á því hjá framsóknarmönnum, sem samþ. var í fyrra. Ef þessi lög verða samþ., vil ég taka mér í munn orð gamals manns, sem sagði, að þá mundi fleirum skemmt verða, ef á að knýja þetta mál fram, og láta bráðabirgðal. falla úr gildi.

Bernharð Stefánsson: Ég var kallaður í sima meðan hæstv. atvmrh. flutti sína ræðu, svo að ég heyrði ekki nema lítið eitt af henni, og því, sem ég heyrði, sé ég ekki ástæðu til að svara miklu, enda tók sessunautur minn, hv. 2. þm. S.-M. af mér ómakið að mestu leyti. Hæstv. atvmrh. vék að því, svo að ég heyrði, að ekki hefðu verið ráðnir nema 2 fastir starfsmenn við verksmiðjurnar, síðan skipt var um stjórn, svo að ekki gæti verið mikil óánægja um mannahald. Þetta kom einnig fram við fyrri umr. hjá hv. 4. þm. Reykv. Þetta mun vera rétt. En margir menn á Siglufirði líta svo á, að alþýðuflokksmenn gangi fyrir um lausavinnu við verksmiðjurnar, og er það ekki lítið atriði. Hvort þetta er á rökum byggt, get ég ekki fullyrt neitt um, en hitt fullyrði ég, að tortryggni er fyrir hendi þar, og annað hefi ég aldrei sagt.

Hæstv. ráðh. gerði lítið úr því fyrirkomulagi, sem við stingum upp á í frv., en fyrir því gerði ég grein við 1. umr. Hann taldi rétt, að ef við vildum breyta til, þá ættum við að koma með breyt., sem gengu út á beinar kosningar meðal sjómanna og verkamanna í landi, og ég tel víst, að hafa yrði útgerðarmenn með. Má vera, að það væri heppilegt form á því. Ég er fús til að athuga það, en álít, að ekki verði fundið það form á slíku, sem talizt geti heppilegt. Ég álít þm. vera fulltrúa þjóðarinnar yfirleitt, og þá eins verkamanna, sjómanna og útgerðarmanna, og að óhætt sé að trúa Alþingi fyrir að kjósa fyrir hönd þessara manna. Hinsvegar verður að varast, að pólitísk sjónarmið séu yfirgnæfandi í stjórn verksmiðjanna, og því höfum við lagt til, að skipað verði 12 manna verksmiðjuráð, 9 kosnir af Alþingi með hlutfallskosningu, en 3 tilnefndir af öðrum aðiljum. Hlutverk þess á að vera ekki einasta að koma út úr Alþ. ágreiningsmálum, sem upp kynnu að koma innan verksmiðjustjórnarinnar, heldur líka að hafa þarna stj. með allmörgum fulltrúum þeirra manna, sem hlut eiga að máli, til þess að ræða um ýms viðfangsefni þessara stóru fyrirtækja og heppilegustu leiðir í þeim efnum, — stofnun, sem mundi hafa svipað hlutverk og svipað vald eins og hluthafar mundu hafa, ef verksmiðjurnar væru hlutafélagsfyrirtæki, eða félagsmenn í hvaða félagi sem væri, sem ætti þær.

Hv. 4. landsk. fór að ávíta mig fyrir það, að ég hefði talað almennt um málið við fyrri umr. Ég hugsa, að ég hafi ekki gert það úr hófi fram og alls ekki innleitt þær umr., heldur var það hv. 4. þm. Reykv., flokksbróðir hans. (SÁÓ: Þetta er rangt). Já ég segi nú eins og einu sinni var sagt á Alþ. Ég tek engar leiðréttingar til greina. — Hann sagði, að það hefði verið eins og bylur hefði dottið af húsi, þegar skipt var um stj. síldarverksmiðjanna. Það er alveg rétt, að ástandið í stj. verksmiðjanna batnaði, eftir að skipt var um. Og í þeirri von, að svo yrði, var það, að Framsfl. féllst á það, að ef það sýndi sig eftir þinglausnir, að ástandið í verksmiðjustj. yrði alveg óviðunandi, þá yrðu slíkar ráðstafanir gerðar. En það er engin sönnun fyrir því, að það fyrirkomulag sé svo fullkomið sem æskilegast væri, svo að ekki verði um það bætt, þó að núverandi fyrirkomulag á þessu sé kannske til bóta frá öðru verra.

Að það séu ekki nema 2 persónur óánægðar með þetta fyrirkomulag í skipun síldarverksmiðjustj., eins og hv. 4. landsk. sagði, er náttúrlega fjarstæða. Það liggja skýrar sannanir fyrir, að svo er ekki. Ég vil benda hv. þm. á það, að flokksþing framsóknarmanna, þar sem sátu um 300 manns og háð var fyrir ekki löngu, eða í febr. síðastl., gerði samþykkt þann veg, að breytt yrði til í þessu efni. Þingmálafundur var og haldinn á Siglufirði í vetur, þar sem till. kom fram um að fella bráðabirgðal. um þetta frá síðasta vori. Sú till. kom frá sjálfstæðismönnum. Það er að vísu rétt, að þessi till. var felld með yfirgnæfandi atkvæðamun. En hæði var það, að framsóknarmenn yfirleitt sáu ekki ástæðu til þess að samþ. slíka till., af því að hún orðaði ekkert um það, hvað ætti að koma í staðinn. Auk þess var það þannig á fundinum, eins og oft er á fundum í bæjum, að alþýðuflokksmenn og kommúnistar þæfðu málin og héldu ræður langt fram á nótt, þannig að fjöldi manna var farinn af fundinum, þegar til atkvgr. kom, svo að ég held, að ekki sé mikið að marka þá atkvgr. Till. fékk 9 atkv., og tók ég eftir, að 2 framsóknarflokksmenn voru með henni. Og það vita allir, að sjálfstæðismenn á

Siglufirði eru fleiri en 7. En eins og ég sagði, voru flestir farnir af fundi, er atvgr. fór fram, og þar á meðal annar tillögumaðurinn. En ég var á öðrum fundi kvöldið áður, þar sem þetta mál var líka rætt, sem var flokksfundur Framsfl., þar sem samþ. var að krefjast breyt. á bráðabirgðal. í svipaða átt og hér er farið fram á. Sú till. var samþ. með 70 atkv. Það þýðir því ekki að segja, að allir séu ánægðir með þessa skipun verksmiðjustj., nema þessir 9 menn.

Hv. 4. landsk. taldi það ákaflega undarlegt, að við flm., sem erum framsóknarflokksmenn, vildum koma sjálfstæðisflokksmönnum í stjórn verksmiðjanna. Ég álít nú, að þetta sé ekkert undarlegt. Við þm. Eyf. höfum jafnan í öllum málum viljað haga svo til, að fullrar sanngirni væri gætt. Og ég hygg, að það geti ekki orkað tvímælis, að fyllsta sanngirni sé í því, að Sjálfstfl., eins mikið vald og hann er í þjóðfélaginu, eigi fulltrúa í stj. þessa stóra ríkisfyrirtækis, og þá sérstaklega þegar litið er til þess, að langflestir hinna stærri útgerðarmanna eru Sjálfstæðisflokksmenn. Og þeir treysta að sjálfsögðu Sjálfstæðisflokksmönnum betur heldur en ráðh. af andstöðufl. síns fl. til að velja fulltrúa í verksmiðjustj. fyrir sína hönd.

Ég vil alveg mótmæla því, sem hv. 4. landsk. sagði, að það væri brigðun frá Framsfl., að við 2 þm. úr þeim fl. höfum nú flutt þetta frv. Því hefir verið lýst yfir af mér og líka af hv. 2. þm. S.-M., að það væri með samþykki Framsfl., að ráðh. gaf út þessi bráðabirgðal., þ. e. a. s. fl. hafði samþ. það, að ef þeir atburðir kæmu fyrir eftir þinglausnir, sem gerðu það nauðsynlegt, þá yrðu þessi bráðabirgðal. gefin út. Framsfl. mun því fyrir sitt leyti algerlega kvitta ráðh. af því að gefa bráðabirgðal. út. En ég veit ekki til, að Framsfl. hafi nokkurn tíma gefið loforð um það, að slík bráðabirgðal. ættu að standa til eilífðar. Það eina, sem e. t. v. mætti finna að við Framsfl. í þessu efni, er það, að bera ekki þessar till. fram sem brtt. við bráðabirgðal. sjálf heldur en að bera þær fram sem sérstakt frv. Ég skal játa, að það er aðferð, sem venjulegri er, að því er til bráðabirgðal. kemur, því að það er ákaflega algengt að breyta bráðabirgðal. En bráðabirgðal. voru nú lögð fyrir þá þd., sem við þm. Eyf. eigum ekki sæti í, og við áttum þess engan kost að gera brtt. við þau, fyrr en þau kæmu hingað til þessarar hv. d. Og tíminn leið þannig, að bráðabirgðal. þokuðust ekkert áfram í Nd., og þess vegna bárum við þetta frv. fram. Ég sé ekki, að það sé annað en formsatriði, ef farið verður að hreyfa við þeim l., hvor leiðin er farin. Þessi 2 frv. hljóta að mætast einhversstaðar í þinginu. Sé ég þá ekkert á móti því, að því verði hagað svo til, þegar þetta frv. t. d. kemur til Nd., að það verði þá tekið upp sem brtt. við bráðabirgðal. En ef það yrði gert, þá teldi ég allar ákúrur í þessu efni niður fallnar, því að ég tel, hvað sem öðru líður, fyllsta rétt vera til þess að breyta bráðabirgðal., eftir því, sem meiri hl. Alþ. telur heppilegt. Ráðh. verður ekki víttur fyrir Framsfl. hönd fyrir að gefa bráðabirgðal. út. Þar með er það sannað, að sú athöfn er í alla staði þingræðisleg. (PM: Nei). En ég tel ekki heldur, að hæstv. atvmrh. og sá fl., sem hann styður, hafi yfir neinu að kvarta, þó að við 2 úr Framsfl. flytjum till. um þetta mál eftir okkar skoðun á því.

*Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson): Ég sé nú ekki neina sérstaka ástæðu til að þakka hv. 1. þm. Eyf. neitt sérstaklega fyrir það, þó að hann gefi mér sem ráðh. kvittun fyrir því, að Framsfl. á sínum tíma samþ., að bráðabirgðal. væru gefin út. Það er það allra minnsta, sem af honum er hægt að heimta, en þarf ekki að þakka. Hinsvegar verð ég að segja, að það er ákaflega óvenjuleg aðferð, ef gert er ráð fyrir, að samvinna standi með fl., sem að stj. standa, að snúast svo gegn bráðabirgðal. eins og hér er gert með því að bera fram þetta frv., sem hér liggur fyrir til umr. En það kann nú að vera, að komið sé los á ýmsa hluti og það valdi nú með.

Um fundahöld á Siglufirði í sambandi við þetta mál sé ég ekki ástæðu til að segja neitt annað en það, sem allir vita og viðurkennt er af flm., að betri starfsaðferð og samvinna hefir verið hjá stj. síldarverksmiðjanna nú á síðastl. ári heldur en undanfarin ár. Það er fyrir mér mikið aðalatriði. Og mér er ekki kunnugt um, að núverandi stj. sýni vanmátt sinn í neinu. Samvinna hjá henni er hin ákjósanlegasta, og ég veit ekki annað, en að starf hennar gangi mjög sæmilega. Afköst verksmiðjanna hafa verið stórum betri á síðastl. sumri en nokkurntíma áður.

Hv. 2. þm. S.-M. veik að mér nokkrum fyrirspurnum, skildist mér, í fyrri ræðu sinni. Hann spurði hvað við tæki, ef þetta frv. yrði ekki samþ. og ekki heldur bráðabirgðal., sem lögð voru fyrir Nd. Ennfremur spurði hann, hvað liði bráðabirgðal. í Nd. og hvers vegna þau væru ekki komin á meiri rekspöl en orðið er. Viðvíkjandi því, hvað bráðabirgðal. líður í Nd. er hv. 2. þm. S.-M. nær að spyrja sína samflokksmenn í Nd. Þar stendur sem sé ekki á öðru en andstöðu þeirra í málinu, til þess að hægt sé að afgr. bráðabirgðal. út úr Nd. Um það, hvað við tæki, ef hvorugt frv., sem hann nefndi, yrði samþ., er því til að svara, að verði bráðabirgðal. felld, þá standa að sjálfsögðu ákvæði eldri l. um stj. síldarverksmiðjanna, sem voru úr gildi felld með bráðabirgðal., koma nefnilega í gildi aftur. Verði bráðabirgðal. hinsvegar ekki felld, en þó ekki staðfest, falla þau úr gildi um leið og Alþ. hættir störfum næst. En þá er ekki hægt að kjósa menn samkvæmt þeim l. í stj. síldarverksmiðjanna, og verður þá ráðh. að finna lausn á því máli, sem ég geri ráð fyrir, að yrði svipað og útgáfa bráðabirgðal. á síðasta vori. Ég geri ráð fyrir, að svipuð bráðabirgðal. yrðu þá gefin út, sem giltu til næsta þings. Ég veit, að hv. þm. hefir ekki spurt að þessu, af því að honum hafi ekki verið þetta vel ljóst, en ég sé ekki ástæðu til annars en að staðfesta þetta hér í þessari hv. d. Það er atriði út af fyrir sig, ef Alþ. stendur að þessu sinni skemmri tíma en ætlað var í fyrstu, þannig að þess vegna nái bráðabirgðal. ekki afgreiðslu.

Ég get í þessu sambandi ekki komizt hjá að minnast nokkuð á það, sem mér þykir sérstaklega einkennilegt í afstöðu Framsfl. til þessa máls. Ég hefi að vísu heyrt það hjá ýmsum hv. þm. Framsfl., að þeir teldu það mjög miður, að svo hafi verið hagað rekstri síldarverksmiðjanna, að það hafi alltaf, nema eitt ár, fyrsta árið, verið borgað fast verð fyrir síldina, og ýmsir þeirra hafa haldið því fram, að þetta væri óheppilegt og óeðlilegt, en að hitt væri miklu eðlilegra og heppilegra, að ríkisverksmiðjurnar greiddu áætlunarverð fyrir síldina og greiddu svo í lok reksturs hvers árs það, sem sýndi sig, að raunverulega fengist fyrir hana. Þetta atriði ætla ég ekki að ræða hér. Tilefni mun gefast til þess síðar. En ég vildi þó benda á það, að þrátt fyrir þessa afstöðu framsóknarflokksmanna hér á Alþ., þá held ég, að þeir samflokksmenn þeirra, sem verið hafa í stj. verksmiðjanna, hafi alltaf samþ. að greiða heldur fast verð fyrir síldina, af ýmsum ástæðum, sem kunnar eru þeim mönnum, sem vel þekkja til þessara mála. Um afstöðu þeirra manna úr Sjálfstæðisfl., sem verið hafa í stj. verksmiðjanna, til þessa atriðis, er mér ekki kunnugt. Hitt er mér vitanlega kunnugt um, að sjálfstæðismenn hafa nú á Alþ. borið fram þáltill. þess efnis, að borguð verði uppbót á síldarverðið til þeirra, sem seldu ríkisverksmiðjunum á síðasta sumri, með 70 aurum á hvert síldarmál, eða líðlega það, sem nemur rekstrarafgangi verksmiðjanna á síðastl. ári. Ef þessi uppbót væri greidd, yrði afleiðingin sú, að verksmiðjurnar yrðu ekki aðeins að greiða allan sinn rekstrarafgang, heldur líka af sínum sjóði. Þegar síldarverðið yrði svo ákveðið næsta sumar, þó væri það skylda síldarverksmiðjustj. að gæta öryggis fyrirtækisins. En þá stæði hún þeim mun lakar að vígi um að ákveða síldarverðið á þessu sumri, sem gengið hefir verið nær fjárhag þessa fyrirtækis, ef þáltill. yrði samþ. Ríkisverksmiðjurnar stæðu þannig verr að vígi heldur en verksmiðjur í einkarekstri um að greiða verð fyrir síldina á komandi sumri. Líklega yrðu verksmiðjur ríkisins að greiða eitthvað lægra verð fyrir síld í sumar, ef till. um uppbótina yrði samþ., heldur en annars. En það þýddi lægra verð á allri síld, sem seld væri í bræðslu, einnig til verksmiðja í einkarekstri, sem kæmi auðvitað niður á útgerðarmönnum. Nú skilst mér, að frv. þetta sýni, að af allmiklu kappi sé það sótt af framsóknarmönnum, að koma mönnum inn í stj. síldarbræðslnanna, sem líta svo á málið, að ekki eigi að borga fast verð fyrirfram fyrir síldina og greiða allan rekstrarafgang síldarverksmiðjanna, þegar vel gengur, sem uppbót á síldarverðið, en láta verksmiðjurnar taka á sig tapið, þegar illa gengur. Hv. flm. frv. vilja koma einum af þeim mönnum, sem svona líta á málið, inn í stj. síldarbræðslnanna til þess að gera hana öruggari og sterkari(!). Mér er alveg gersamlega óskiljanlegt það geysi-kapp, sem hv. frsm. leggur á þetta, bæði frá almennu sjónarmiði og líka frá því sjónarmiði, sem ýmsir hv. þm. hafa um það, hvernig hagað skuli greiðslum fyrir síldina af hendi síldarbræðslustj.

Hv. 1. þm. Eyf. kvað það rétt vera, að ekki hefðu verið gerðar aðrar breyt. á fastráðnum mönnum en þær, að 2 mönnum var bætt við, og kvaðst hann ekkert hafa að athuga við þá ráðningu. Hinsvegar sagði hann, að það orð hefði leikið á, að við vinnuúthlutun til lausamanna við verksmiðjurnar á Siglufirði gengju menn úr Alþfl. fyrir öðrum. En á meðan ég hefi ekki annað fyrir mér um þetta en þann orðróm, sem hv. 1. þm. Eyf. kveðst hafa heyrt um þetta, legg ég fyrir mitt leyti ekkert upp úr því. Síldarbræðslustj. hefir ráðningu þessara manna í sínum höndum, en ekki stj. Alþfl., og ég veit ekki betur en að einn ágætur samflokksmaður þessa hv. þm., Þorsteinn M. Jónsson á Akureyri, sé í síldarbræðslustj. Og ef hans flokksmönnum þætti sinn hlutur borinn fyrir borð í þessum efnum, þá hefði hann að líkindum látið frá sér heyra um það, ef það hefði verið gert. Og ef sjálfstæðismönnum þætti hlutur sinn borinn fyrir borð í þessu efni, þá hygg ég, að kæmi hljóð úr horni úr þeirri átt, jafnvel án þess að það færi í gegnum hv. 1. þm. Eyf.

Hv. 2. þm. S.-M. taldi, að verksmiðjuráðið mundi fjarlægjast pólitísk áhrif, ef hans till. yrði samþ. og felld inn í frv., en brtt. hv. þm. N.-Ísf. á þskj. 189, um að nema burt þá aðilja úr verksmiðjuráði,sem frv. gerir ráð fyrir, að ekki verði kosnir af Sþ., yrði felld. Mér þykir að sumu leyti vænt um þessa yfirlýsingu hv. þm., því að þar með segir hann, að hann telji, að mjög hætt sé við, að pólitíska yfirráða muni mjög mikið gæta í vali þingfl. á Alþ. á mönnum í þetta verksmiðjuráð. Það er einmitt það, sem ég hefi haldið fram, og einnig, að þessir viðbótarmenn 3 mundu ekki fá því áorkað, að draga úr þessum flokkshrifum, því að þeir yrðu í minni hl. Og gera má einnig ráð fyrir, að þeir yrðu valdir pólitískt, framsóknarflokksmaður af S. Í. S., sjálfstæðismaður af Fiskifélaginu og alþýðuflokksmaður af Alþýðusambandi Íslands. Hinsvegar tel ég hér fengna skýlausa viðurkenningu á því, að verksmiðjuráð mundi velja menn í verksmiðjustj. pólitískt, og það jafnvel kannske meira en þó að ábyrgur ráðh. tilnefndi stjórnarnefndarmennina.

Ég verð að segja það um þá brtt., sem fyrir liggur frá þeim hv. 2. þm. S.-M. og hv. þm. N.-Ísf., að mér þykir vægast sagt ákaflega óviðkunnanlegt að gera ráð fyrir að bægja atvmrh. algerlega frá því, að hafa nokkur áhrif á skipun verksmiðjustj. og störf hennar. Þar er lagt til, að sá ráðh. megi því aðeins tilnefna einn úr verksmiðjustj. sem formann stj., að ekki náist meirihlutasamkomulag innan verksmiðjustjórnarinnar um kosningu formannsins. Yfirleitt er svo sneitt hjá valdi ráðh. í þessu efni, að mér finnst fjarri öllu lagi, algerlega án tillits til þess, hvaða maður er í viðkomandi ráðherrastöðu á hverjum tíma. Eigi að gera lögin svo úr garði, að hendur ráðh. séu með öllu bundnar, tel ég það með öllu ófært. Brtt. hv. þm. N.-Ísf. gera engar breyt. á samsetningu ráðsins, svo að allt verður jafnvitlaust eftir sem áður, hvað sem þeim líður. — Mér er alveg óskiljanlegt, hvers vegna S. Í. S. þarf t. d. að eiga fulltrúa í ráðinu. Það hefir verið bent á það, að sama

eigi sér stað í landsbankanefnd, og ég veit, að svo er. En ég held, að yfirleitt riki nú ekki svo mikil ánægja yfir þeirri n., að hún sé til fyrirmyndar. Og ég leyfi mér að fullyrða það, að ef þetta ráð verður ekki tómt „húmbúg", verður það aðeins til þess að þvælast og tefja fyrir.

Forseti (EÁrna): Þessar umr. hafa nú gerzt nokkuð almennar og fremur heyrt til 3. umr. en 2. En þar sem umr. hafa nú staðið í 3 tíma, vil ég mælast til þess, að menn hagi ræðum sínum svo, að umræðum geti orðið lokið kl. 3½. Ég mun því skipta ræðutíma milli andstæðinga málsins og hinna þannig, að hver ræða taki hér eftir ekki nema 10 mínútur, og ber þetta undir deildina samkv. þingsköpum.

ATKVGR.
Till. forseta um styttingu ræðutíma samþ. með 10:3 atkv.

***Frsm. minni hl. (Sigurjón Á. Ólafsson):** Mér kemur það ókunnuglega fyrir sjónir, ekki meiri umr. en hér eru yfirleitt í d., að hæstv. forseti skuli beita valdi sínu á þenna hátt. (**JAJ:** Nýju þingsköpin! — **MJ:** Jú, var ekki hv. þm. með þeim?). Jú, en ströngustu ákvæðum þeirra hefir aldrei verið beitt í þessari deild, enda ekki verið ástæða til þess. Ég get þegar tekið það fram, að mér endast engar 10 mínútur til þess að taka það allt fram, er ég vildi sagt hafa.

Hv. frsm. meiri hl. vildi kenna mér um það, að ég hefði komið þessum umr. út á of breiðan grundvöll. En það var hann, sem byrjaði á því að rekja forsögu málsins, svo að hann má sjálfum sér um kenna, en ekki mér.

Ég verð að láta mér nægja að taka til athugunar nokkur af frækornum hv. 1. þm. Eyf. Hann sagði, að það hefði verið með sérstökum skilyrðum frá Framsókn, að bráðabirgðalögin væru samþ. En sjálfur sagði hann við atvmrh., að hann væri með lögunum. Hér er því um beina brigðmælgi af hans hálfu að ræða.

Hv. þm. vildi halda því fram, að núverandi verksmiðjustj. hefði ekki reynzt vel, og fékkst einkum um það, að hún sýndi hlutdrægni í starfsmannavali. Þetta hefir nú allt verið hrakið áður, og hv. þm. verður að sætta sig við það, að svo fjölmennur flokkur sem Alþýðufl. er á Siglufirði fái rétta hlutdeild í vinnu við verksmiðjurnar. Hv. þm. varð líka að kingja því, að útgerðarmenn væru óánægðir með verksmiðjustjórnina. Sú óánægja hefir hvergi komið fram, nema í einni grein, er Ingvar Guðjónsson skrifaði eftir pöntun Þormóðs Eyjólfssonar. Hann gat heldur ekki neitað því, að friður ríkti nú um verksmiðjurnar, þvert á móti því sem verið hefir áður. (**BSt:** Það ríkir nú líka friður í Þýzkalandi!). Já, en hér er ekki stjórnað með neinum vopnum. Verkamannastéttin á Siglufirði er nú ánægð í stað þess, að áður ríkti þar svo mikil óánægja, að hvað eftir annað lá við vinnustöðvun, ef okkar menn hefðu ekki komið í veg fyrir það með lagi.

Hv. 2. þm. Rang. virtist í rauninni síður en svo vera hrifinn af þessari breyt. á verksmiðjustjórninni, þótt hann þættist vera að mæla með frv. Ég get líka vel skilið það hugarfar hans, ef honum er það alvara, að ríkisverksmiðjunum eigi að vera stjórnað af nýtum mönnum, en ekki af einhverjum, sem láta troða sér inn, hversu óhæfir sem þeir hafa reynzt áður. Og ég vil ljúka máli mínu með því að óska þess, að þau óheillaöfl, sem með bráðabirgðalögunum var bægt frá verksmiðjunum, eigi þangað ekki afturkvæmt.

ATKVGR.
Rökst. dagskráin frá minnihl. sjútvn. á þskj. 195, felld með 13:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: SÁÓ, HG, JBald.
nei: PHerm, PM, ÞBr, ÞÞ, BSt, GL, HermJ, IngP, JAJ, JJ, MG, MJ, EÁrna.

1. gr. a samþ. með 13:3 atkv.
Brtt. 189, I,a felld með 7:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: ÞÞ, GL, JAJ, MG, MJ, PM, ÞBr.
nei: BSt, HermJ, IngP, JJ, PHerm, SÁÓ, EÁrna.
JBald greiddi ekki atkv.
Brtt. 189,1. b—e, II og III teknar aftur.
1. gr. b samþ.. með 9:3 atkv.
Brtt. 194,1 samþ. með 11:4 atkv.
1. gr. c, svo breytt, samþ. með 11:1 atkv.
Brtt. 194,2 samþ. með 12 shlj. atkv.
1. gr. d, svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
1. gr. e—f samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 194,3 samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 12:3 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12:3 atkv.

Á 35. fundi í Ed., 9. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 241).
Forseti tók málið af dagskrá.

Á 36. fundi í Ed., 10. apríl, var frv. aftur tekið til 3. umr.

***Frsm. minni hl. (Sigurjón Á. Ólafsson):** Það fór svo við 2. umr., að þetta mál var samþ. nokkurnveginn eins og það lá fyrir. Ég hafði þá hugsað mér að svara ýmsu, sem til min var beint, en til þess vannst ekki tími. Við þessa umr. er heimilt að ræða málið almennt, en við 2. umr. fór ég ýtarlega út í einstök atriði þess, svo að ég tel þess ekki þörf nú.

Afstaða mín og okkar Alþflokksmanna er ákveðin á móti þessu máli, og við teljum, að það skipulag, sem frv. gerir ráð fyrir, stefni ekki til hins betra, frá því sem nú er. Hv. 2. þm. Rang. viðhafði ummæli, sem ég tel þess eðlis, að það sé rétt að svara honum. Það voru aðallega tvö atriði, sem hann minntist á. Það fyrra var, að hann vildi halda því fram, að stjórn verksmiðjanna væri nú nokkurskonar flokksmiðstöð Alþfl., hitt var það, að við legðum ekki áherzlu á það, að í stjórnina veldust menn, sem hefðu hæfileika og sérþekkingu öðrum fremur til þess að fara með þessi mál.

Að því er fyrra atriðið snertir, er því til að svara, að það er vitanlegt, að í stj. situr nú ekki nema einn alþýðuflokksmaður, einn framsóknarmaður, og svo maður, sem ég get ekki dregið í dilk, en ég veit, að hann er ekki alþýðuflokksmaður, en það get ég fullyrt, að hann er reyndur og ég vil segja valinkunnur útgerðarmaður, sem menn hafa yfirleitt borið mesta traust til. Stj. er m. a. þannig skipuð, sem menn leggja nokkuð mikið upp úr, að einn er heimilisfastur á Norðurlandi, annar á Vestfjörðum og sá þriðji á Suðurlandi, svo að stjórn verksmiðjanna skiptist á milli þeirra fjórðunga landsins, sem aðallega reka síldveiði. Ég fyrir mitt leyti legg mikla áherzlu á það, að hver þessara fjórðunga eigi hver sinn mann í stjórn síldarverksmiðjanna, burt séð frá því, hvaða stjórnmálaflokki þeir tilheyra, um leið og ég legg áherzlu á, að þetta séu menn, sem treysta má, að vit hafi á þessum málum, og ég hygg, að það hafi engin rök komið á móti því, að þeir menn, sem nú skipa síldarverksmiðjustjórnina, hafi vit á þessum málum, og ég efast um, að stjórn verksmiðjanna hafi nokkurntíma farið betur úr hendi en einmitt á síðasta ári. Þess vegna mótmæli ég algerlega þeim ummælum hv. 2. þm. Rang., að það sé okkar stefna, að stj. verði einskonar alþýðuflokksmiðstöð, og eins hinu, að það sé yfirleitt okkar stefna, að í stj. veljist menn, sem ekki hafa fullkomna reynslu og þekkingu til að bera. En hitt skal ég játa „með frómleika hugans", eins og hv. 2. þm. Rang. orðar það, að ég legg mikið upp úr því, að í stjórn fyrirtækis, sem er jafnþýðingarmikið fyrir þjóðina og síldarverksmiðjur ríkisins eru, veljist menn, sem hafa það eitt að markmiði að stjórna fyrirtækinu vel, en ekki menn, sem eru beinlínis settir með ráðnum hug til þess að skapa þá örðugleika, sem geta valdið því, að þetta verði að gefast upp fyrr eða síðar, og ég hefi ástæðu til að ætla, að hinir pólitísku fulltrúar, sem kynnu að verða settir í stjórn þessa þýðingarmikla fyrirtækis af hálfu Sjálfstfl., hefðu ekki löngun til að hlúa að því, að þetta fyrirtæki geti lifað sem lengst í landinu og orðið þröskuldur í vegi einkafyrirtækjanna, eins og þeir mundu vafalaust óska, að það væri.

Það er sýnt, að þessu máli eru sköpuð örlög í þessari hv. d., hvað sem um það verður í hv. Nd., en það verð ég að segja, að ég er nokkuð undrandi yfir því ofurkappi, sem Sjálfstfl. leggur á það að koma málinu út úr hv. d. í þessari mynd, því að hann getur aldrei haft annað upp úr þessu en að fá kosinn einn mann. Mér er sama, hvaða ráðh. er við völd, ég ætlast til svo mikillar ábyrgðartilfinningar af honum, að hann ætti að standa og falla með því, hvort hann velur hæfa menn í þessa stj. Annars tel ég ekkert aðalatriði, að flokkarnir tilnefni mennina. Málið fer til n., og ég fyrir mitt leyti hefi aldrei ætlað mér að halda uppi málþófi um þetta mál, en ég taldi nauðsynlegt, að það kæmi hreinlega fram, hvaða galla ég tel vera á þessu frv. og á hvern hátt það er fram borið. Þetta frv. er sem sé fram komið af því, að hv. 1. þm. Eyf. er píndur fram af einum kjósanda sínum á Siglufirði til að breyta þessu skipulagi, svo að hann geti komizt inn í stj. Hann hefir haft þau ummæli við prívatmenn: „Ég skal inn í stjórnina". En hversu gott það er fyrir þjóðfélagið, að hann komist þangað, það er annað mál. Ég hélt, að hann væri búinn að reyna sig það mikið á þessum hlutum, að það væri ekki æskilegt að það skipulag kæmi, að hann kæmist inn í stjórnina á ný.

Bernharð Stefánsson: Ég ætla ekki að svara ræðu hv. 4. þm. Reykv., en mér þykir ástæða til að láta þetta mál ekki fara svo frá þessari umr., að ég víti hann ekki fyrir að blanda fjarstöddum mönnum á alveg óviðeigandi hátt inn í þessar umr., og ég mótmæli algerlega því, sem hann sagði um mínar hvatir um að bera þetta frv. fram. Ég hygg, að þessi hv. þm. sé ekki hjartnanna og nýrnanna rannsakari. Ég tel þetta sama fyrir mig, þó að þessi ummæli hafi fallið, þau eru honum til minnkunar og engum öðrum.

***Pétur Magnússon:** Ég er ákaflega ánægður með að heyra, að þau orð, sem féllu hjá mér um þetta mál, skuli hafa sannfært hv. 4. þm. Reykv. Ég lét í ljós, að þegar stjórn slík sem þessi væri valin, væri farið eftir einhverju öðru en pólitískum sjónarmiðum. Þessi sannleikur virðist þó ekki hafa opnazt fyrir hv. 4. þm. Reykv. við fyrri umr. um þetta mál, því að þeir, sem hlustuðu á hann þá, muna, að hann virtist ekki álíta þá, að stjórnarnm. síldarverksmiðjunnar þyrftu að uppfylla önnur skilyrði en að vera réttrúaðir í einhverjum stjórnmálaflokki, en nú er hann kominn á þá skoðun, að nauðsynlegt sé, að þessir menn hafi þekkingu á sínu starfi. Það er gott fyrir minnihlutamenn, að verða þess varir, að einhverntíma á kjörtímabilinu hafa orð þeirra haft áhrif á menn úr meiri hl.

Hv. þm. talaði mikið um það, hversu dæmalaust vel hefði tekizt með skipun þessarar stj. hjá ráðh., hversu valinkunnir dánumenn þetta væru, og hversu prýðileg stjórn verksmiðjanna væri. Það er síður en svo, að ég ætli að neita því, að þetta séu valinkunnir dánumenn, og það liggur ekki heldur fyrir, að skrifa neina palladóma um þá, en mig langar til að spyrja hv. þm. um það, hvaða sérstök skilyrði þessir 3 menn hafi haft til þess að taka að sér stjórn þess fyrirtækis, sem hér er um að ræða. Það væri t. d. ákaflega fróðlegt að heyra, hvaða samband væri milli þekkingar á bókaútgáfu og svo síldarbræðslu og sölu á síldarolíu. Getur vel verið, að eitthvert samband sé þarna á milli, en ég þekki það ekki. Annar maðurinn er gamall barnakennari, sem hefir að vísu fengizt við stjórn útgerðarfyrirtækis, en mér vitandi hefir hann aldrei komið nærri slíkri starfsemi áður. (MG: Hann er póstmaður, það er skylt síldarbræðslu, eins og allir sjá). Þriðji maðurinn hefir eitthvað fengizt við útgerð, en að starfsemi slíkri sem þessari hefir hann aldrei komið, svo að ég viti. Hversu prýðilega sem þessi stjórn hefir tekizt, þá var ekki hægt að sjá fyrirfram

þau sérstöku skilyrði, sem þessir menn höfðu fram yfir alla aðra til þessa starfa. Þeir höfðu enga reynslu, enga æfingu, enga sérstaka þekkingu. En þegar verðlag er hækkandi, er ekki ákaflega mikill vandi að reka slíkt starf, svo að ekki verði halli á rekstrinum. Ég efast ekki um,að ef við fyndum upp á að byggja stjörnuturn og settum hv. 4. þm. Reykv. þar sem yfirmann, þar sem hann hefir lesið siglingafræði og hefir þá um leið verið kennt eitthvað í stjörnufræði, a. m. k. að þekkja sól og tungl og kannske nokkrar fastastjörnur, — ég efast ekki um, að þegar hann færi að horfa í kíkinn sinn, þá mundi hann finna tunglið. En að þetta væri nægilegur undirbúningur til þess, að hægt væri að trúa honum fyrir þessu starfi, held ég, að yrði álitamál. Og í því máli, sem hér er um að ræða, er mjög svipuðu máli að gegna. Þetta getur blessazt, þegar vel gengur, en það er ákaflega hæpið að trúa mönnum, sem enga sérstaka þekkingu hafa og enga sérstaka hæfileika eða kunnáttu hafa til slíks starfs, það er ákaflega hæpið að trúa þeim fyrir því, þó að það geti slampazt af. Ég held því, að hv. 4. þm. Reykv. hafi ekki með þessum lofræðum sínum um þá annars ólöstuðu verksmiðjustjórn tekizt að sannfæra hv. þm. um það, að þessi útnefning sé óræk sönnun fyrir því, að alþjóðarhagsmunir hafi verið hafðir fyrir augum, þegar stjórnin var skipuð.

*Jón Baldvinsson: Það hafa að mínu viti ekki verið færð fullnægjandi rök fyrir, hvernig þetta frv. er flutt og hér fram komið, nema því aðeins að hv. þm. Eyf., sem hafa beitt sér fyrir þessu máli, hafi óskað eftir því, að þetta frv. yrði til þess að slíta þeirri stjórnarsamvinnu, sem hefir verið milli Alþfl. og Framsfl. Ég sé enga aðra skynsamlega ástæðu fyrir því og vil þá benda á, að í þessu frv. er dulbúin árás á hæstv. atvmrh. Það er sem sé, að þrátt fyrir að Framsfl. hafi marglýst því yfir, að hæstv. atvmrh. hafi gefið út bráðabirgðalögin á síðasta vori með fullan þingvilja á bak við sig, þá finna þessir hv. þm. samt sem áður ástæðu til þess að bera þetta frv. fram, halda mjög fast á að fá það samþ. og ganga þar í fylkingu með sjálfstæðismönnum og bændaflokksmönnum. Það, sem ég kalla árás á hæstv. atvmrh., er það, að hér er verið að taka af ráðh. það vald, sem samið hafði verið um milli Alþfl. og Framsfl. viðvíkjandi síldarútvegsmálunum. Aðra ástæðu sé ég ekki en þessa, að með þessu eigi að slíta þeirri samvinnu, sem staðið hefir milli stjórnarflokkanna. (MG: Er nú komið samkomulag?) Ég er ekki að ræða um það, (MG: Það má ekki tala um það ennþá), heldur aðeins þær verkanir, sem þetta mál hefir, ef það er samþ., og hver tilgangurinn hljóti að hafa verið hjá hv. flm.

Segja má, að það skipti ekki miklu um eðli málsins, hvort eru 3 eða 5 menn skipaðir í þetta verksmiðjuráð, en það hefir þó sína þýðingu. Það hefir oft verið notað af andstæðingum Alþfl. til þess að ráðast á ríkisreksturinn, hvílíkt bákn þetta væri og hversu mörgum mönnum væri hrúgað upp í kringum fyrirtækin, því að þótt þessir menn eigi að vera ólaunaðir, þá er þó alltaf talsverður kostnaður því samfara að kalla þá saman á fundi, ef þeir eiga heima úti um allt land. Með frv. er þetta bákn því gert miklu fyrirferðarmeira og þunglamalegra en þörf er á. En að því leyti, sem snýr að sjálfstæðismönnum, þá er eðlilegt, að þeir vilji afgreiða málin á þann hátt, sem þeir halda, að gæti orðið til að draga úr samstarfi núverandi stjórnarflokka. Hinsvegar geta þeir ekki kvartað neitt undan því, hvernig stjórn verksmiðjanna var skipuð, því að þess var farið á leit við kunna útgerðarmenn úr Sjálfstfl., Hafstein Bergþórsson skipstjóra og Sigurð Kristjánsson, að taka sæti í stjórninni, en þá kemur til stjórn Sjálfstfl. og hótar þeim að reka þá úr flokknum, ef þeir geri það. Það eru til yfirlýsingar um það, að hver, sem taki þetta að sér, hann sé ekki sjálfstæðismaður. Þetta er sjálfsagt framhald af því, að Sjálfstfl. hefir neitað að starfa í utanríkismn. Sjálfstæðismenn hafa þar svikið þingskyldu sína til að starfa að utanríkismálum og svikizt undan þeirri skyldu, sem þeir tóku sér á herðar með kosningu í utanríkismn., með því að koma þar ekki á fundi í n. Það er ekki nema samkvæmt sérstöku loforði, að þeir hafa fengizt til að taka þátt í afgreiðslu þáltill. um utanríkismál í Sþ.

Nú er það svo, að enn hefir ekki komið fram eitt einasta atriði, sem réttlæti að breyta til um stjórn þessa fyrirtækis. Það hefir verið viðurkennt, a. m. k. af öllum, sem talað hafa, bæði beint og óbeint, að stjórn verksmiðjanna hafi farið vel úr hendi. Það var eitthvað talað um hlutdrægni í mannaráðningum, en þá kom upp úr kafinu, að þessi nýja stjórn hafði ráðið 2 menn, og það hittist svo á, að annar var alþýðuflokksmaður, en hinn framsóknarmaður. En á það ber að líta, að allmikill hluti þeirra, sem stunda daglaunavinnu, eru alþýðuflokksmenn. Sé það meiningin hjá hv. þm. Eyf., að eigi að taka menn í vinnu við verksmiðjurnar eftir réttum hlutföllum úr flokkum, þá þýðir það bara það, að útskúfa verður alþýðuflokksmönnum þar á staðnum, en flytja að verzlunarfólk og kaupmenn úr Reykjavík sem íhaldsmenn og framsóknarbændur úr sveitum. Þetta yrði að gera, ef taka ætti verkafólk úr flokkunum eftir réttum hlutföllum. Hv. 2. þm. Rang. var hér með alveg ósæmilegar dylgjur í garð þeirra manna, sem nú starfa að stjórn verksmiðjanna. Hann taldi það einhverja framúrskarandi dauðasynd, að einn þessara manna hefði verið barnakennari. Ég gæti vel trúað, að hv. 2. þm. Rang. hefði einhverntíma stundað þetta starf sjálfur, og ég get ekki séð, að það ætti að hafa gert hann óhæfan til alls annars. Nú er það svo, að það er víst ekki nema einn af þessum mönnum, sem hefir verið barnakennari. Það er Þorsteinn Jónsson. Hann hefir verið það lengi, og ég sé ekki, hvernig hv. þm. ræðst á hann fyrir þekkingarleysi í þessum málum, þó að hann hafi stundað barnakennslu. (BSt: Hvernig mundu bakarar vera?) Þeir mundu víst ekki vera góðir. — Það er nú svo, að sumir stjórnmálaandstæðingar mínir hafa viljað gera mig að bakara, eins og menn væru eitthvað verri fyrir það að hafa stundað þá iðn. (JAJ: Hv. þm. er bara

pólitískur bakari). Mér þætti engin minnkun að því, þó ég væri bakari, en annars hefi ég nú aldrei stundað það starf. (**MJ:** Ég er hræddur um, að hann baki bara tjón.) Nú eru farnir að þynnast brandararnir hjá hv. 1. þm. Reykv. — Ég veit ekki betur en að Finnur Jónsson, sem er formaður stjórnar verksmiðjanna, hafi lengi starfað við útgerð og lengi haft afskipti af síldarútvegsmálum og selt síld um margra ára skeið. En ég veit ekki annað en að þegar sjálfstæðismenn völdu menn í stjórn síldarbræðslunnar, þá tóku þeir mann, sem enga kunnáttu hafði á þessum málum. Hann hafði að vísu staðið fyrir útgerð nokkurra báta, en það var völ á mönnum, sem höfðu miklu meiri þekkingu og reynslu í síldarútgerð og sölu síldar. Ég hefi alltaf álitið, að við að fást við þessi mál öðluðust menn þekkingu og leikni í þeim, og það vill nú svo til, að formaður stjórnarinnar hefir fengizt við síldarútgerð og sölu síldar um margra ára skeið. Þá er Þórarinn Egilson. Hann hefir alla sína tíð verið útgerðarmaður eða stundað eitthvað, sem snertir útgerð eða sjávarútveg. Hann hefir því æfilanga reynslu í þessum málum. Það, sem hv. 2. þm. Rang. er að tala um reynslu og þekkingu, það er bara þessi venjulegi gorgeir í sjálfstæðismönnum, að þeir einir og þeirra menn sitji uppi með alla reynslu og þekkingu á málum yfirleitt, en þeir hæfileikar hafa bara ekki komið í ljós hjá þeim, það hefir engu síður farið illa hjá þeim, þar sem þeir hafa stjórnað útgerðarmálum. Ég þykist vita, að meðal þeirra séu margir, sem hafa gott vit á þessum málum, en ég vil ekki segja, að þeir hafi einir þá þekkingu til að bera, og allra sízt vil ég viðurkenna, að þótt þeir hafi einhverntíma kennt börnum, þá geti þeir aldrei annað en kennt börnum frá vöggu til grafar.

Ég býst við, að við hv. 4. þm. Reykv. munum láta okkar álit í ljós á þessu máli með því að greiða atkv. á móti því, þó að ég viti, að hin sterka samfylking, sem hv. þm. Eyf. hafa myndað með íhaldinu í þessu máli, geti komið því í gegnum þessa d. og kannske í gegnum Nd. líka, ef samfylkingin er nógu sterk.

***Frsm. minni hl. (Sigurjón Á. Ólafsson)** Ég vil segja hv. 2. þm. Rang., að hann hefir enga skoðun gefið mér í þessu máli. Ég hefi haft og mun hafa mína skoðun, hvað sem hans orðum líður.

Hv. þm. gat ekki hrakið það, sem ég sagði, að það er ekki hægt að búast við, að sjálfstæðismenn yfirleitt vilji stuðla að því, að ríkisrekstur beri sig. Það er ekki hægt að búast við, að úr flokki, sem hefir það á stefnuskrá sinni að styðja hina frjálsu samkeppni, komi menn, sem vilja gera allt sitt til, að fyrirtæki, sem ríkið hefir með höndum, beri sig. Hv. þm. vildi gera lítið úr kunnáttu þeirra manna, sem nú hafa verið við þessi störf. En ég skal bæta því við um Þórarinn Egilsson, að sá maður hefir, frá því hann kom til vits og ára, alltaf verið við verzlun og útgerð og ætti því að vera vel undir það búinn að stjórna svona fyrirtæki, að því er þekkingu snertir. Að vísu hefir hann ekki fengizt við síldarútgerð. En ég hygg, að aðalstörf stj. verksmiðjanna séu að ráðstafa afurðum verksmiðjanna. Og ég hygg, að Þórarinn Egilsson hafi fullkomið meðalmannsvit á verzlun með þessar vörur, sem verksmiðjurnar framleiða. — Um fulltrúa Framsfl. í verksmiðjustj. er það að segja, að frá því fyrsta hefi ég heyrt, að hann þykir sérstaklega samvinnugóður maður við öll störf, sem hann vinnur. Hann hefir lifað á Norðurlandi um langt skeið, og þar er síldarútvegur höfuðatvinnuvegur. Það þarf ekki að segja mér, að hann hafi ekki fylgzt vel með síldarútveginum á Norðurlandi eða að hann hafi ekki fullkomlega gott vit á því, hvernig bezt muni henta að stjórna síldarverksmiðjum. En hann hefir það kannske framyfir aðra menn marga, að hann er samvinnuþýður, þó að hann haldi fast á sínu máli, ef honum finnst rangt að farið. Ég get ekki búizt við, að hans flokksmenn hér í hv. d. líði þau ummæli um þennan mann, að hann sé ekki hæfur til þessa starfs, sem honum hefir verið trúað fyrir. — Um Finn Jónsson þarf ég ekki miklu við að bæta. Þó að hann eitt sinn væri póstmaður, þá hefir hann mest af sínum manndómsárum unnið að útgerð, og sérstaklega við síldarverzlun og síldarútgerð, enda hefir reynslan sýnt, að hann hefir ýmislegt umfram aðra menn í þeirri grein. Hann hefir ferðazt um önnur lönd og jafnvel komizt að mörkuðum, sem öðrum virtust vera faldir, sem voru markaðir fyrir saltsíld. Þessi maður hefir ýmsa þá kosti, sem þarf til þess að leiða samstarfið í þessum málum síldarútvegsins þannig, að öllum verði til góðs og blessunar. Þetta er reynsla síðasta árs. En áður ríkti ágreiningur innan verksmiðjustj. En þeir vilja líklega ekki, að hin góða samvinna og friður innan verksmiðjustj., sem ríkti þar á síðasta sumri, haldist, sem bera fram og styðja þetta frv.

Þá vildi hv. 2. þm. Rang., er hann talaði um Þorstein M. Jónsson á Akureyri sem stjórnarnefndarmann í síldarverksmiðjustj., líkja því, að hafa hann þar, við það, ef einhver siglingamaður, sem tekið hefði stýrimannspróf, væri látinn stjórna stjörnuturni. Það stendur að vísu ekki næst mér að svara þessu, heldur stendur það nær hv. 1. þm. Eyf. að verja flokksbróður sinn. Ég hefi aldrei heyrt það, að það þyki nokkursstaðar í löndum nein sérstök meðmæli með mönnum til að veita forstöðu vísindalegum störfum eins og t. d. í stjörnufræði, þó að þeir hafi tekið stýrimannapróf og hafi fengizt við siglingar. (**BSt:** Hv. 4. þm. Reykv. treystir sér þá ekki til þess að stjórna stjörnuturni). Ég ætla mér ekki þá dul. Enda veit ég ekki til, að jafnvel hinir allra lærðustu siglingamenn út um heim veljist til þess að stjórna stjörnuturni.

Að síðustu vil ég undirstrika það, að frv. þetta er einhver sú ósvífnasta árás á atvmrh., þar sem í frv. er gert ráð fyrir því, að atvmrh. megi í engu tilfelli ráða neinu um skipun stj. jafnþýðingarmikils fyrirtækis fyrir landið allt í heild sem þessar verksmiðjur eru. Það er ekki svo sem hann megi velja einu sinni formann þessarar stj. Stj. verksmiðjanna á að velja formann úr sínum hópi sjálf, en vilji atvmrh. má ekki koma þar til greina, nema stjórnarn. geti ekki komið sér saman um val

formannsins. Það yrði sennilega ákaflega gott samkomulag á milli framsóknarmanna og sjálfstæðismanna um val formannsins, nefnilega að annarhvor þeirra manna í n. yrði formaður:inn. Og ef svo skyldi vilja til, að alþýðuflokksmaður yrði ráðh., þá á hann ekki að geta neinu um þetta ráðið. Þetta er stærsta vantraust, sem hægt er að sýna nokkrum ráðh.

Ég gat þess, að það mundi skynsamlegt að koma með brtt. um einn af þeim 3 mönnum, sem þetta frv. gerir ráð fyrir, að kosnir verði utan Alþ. í verksmiðjuráð. En ég held, að ég hverfi frá því og um þetta verði að gilda reglan: Bezt sem vitlausast. Og því læt ég án slíkrar brtt. málið fara út úr þessari hv. d.

Bernharð Stefánsson: Mér virðast þessar umr. nú vera komnar nokkuð langt frá efni frv. Ég ætla ekki að eltast við að svara einstökum atriðum í ræðum manna hér, heldur vikja að örfáum atriðum, sem mér finnst sérstaklega ástæða til að taka nokkuð fram um.

Hv. 4. þm. Reykv. sagði, að ekki hefðu verið færð önnur rök fram fyrir þessu máli en þau, að við þm. Eyf. vildum slíta þeirri stjórnarsamvinnu, sem verið hefði á milli stjfl.

Þegar stj., sem nú situr, var mynduð, þá var gerður skriflegur samningur um þá samvinnu, og sá samningur var birtur alþjóð. Og það stóð ekkert í þeim samningi um það, að einstakir þm. í flokkunum mættu ekki bera fram lagafrv. Hefði slíkt staðið í þeim samningi, þá hefðum við þm. Eyf. a. m. k. aldrei stutt að þeirri samningagerð eða stutt stj. á þeim grundvelli. Það hefir sýnt sig áður, að við þm. Eyf. höfum leyft okkur að bera fram frv., sem Alþfl. hefir verið á móti. Á Alþ. 1935 bárum við fram frv. um styrk til ábyrgðarmanna lántakenda í Kreppulánasjóði. Alþýðuflokksmenn voru á móti því, að það væri samþ. En það varð enginn brestur út af því. Það kurraði eitthvað í alþýðuflokksmönnum, en ekki slitnaði upp úr stjórnarsamvinnunni fyrir það. Enda álít ég, að slíkt hefði verið óhæfa. Alþfl. átti heldur engan rétt á að banna okkur að bera fram það frv. eða önnur, sem okkur kynni að sýnast rétt að bera fram.

En svo er annað að athuga í þessu efni. Hvenær bárum við þm. Eyf. þetta frv. fram? Það var ekki fyrr en eftir að alþýðuflokksmenn báru fram frv. í mjög svo þýðingarmiklu máli, algerlega að Framsfl. forspurðum. (**SÁÓ:** Hvaða mál var það?). Það var Kveldúlfsmálið svo kallaða. A. m. k. var Alþfl. búinn að tilkynna það áður en þetta frv. kom hér fyrir, að hann mundi bera það mál fram. Nei. Það, sem fyrir okkur þm. Eyf. vakti, var það, að finna heppilegt fyrirkomulag á stj. verksmiðjanna. Og frv. bárum við svo fram í samræmi við það, sem okkur þótti heppilegt vera, en gátum ekki farið eftir áliti annara manna um það. Þessi einn var tilgangur okkar með því að flytja þetta frv., en alls ekki sá, að stuðla neitt sérstaklega að því að slíta stjórnmálasamvinnu.

Þá vil ég alveg mótmæla þeim orðum, sem sami hv. þm. talaði, að flutningur þessa frv. væri dulbúin árás á atvmrh. Í þessu frv. felst aðeins breyt. á bráðabirgðal., sem atvmrh. gaf út um verksmiðjustj. á síðasta vori. (**JBald:** Þessi árás er nú ekkert dulbúin). Hún er hvorki dulbúin né ódulbúin, því að frv. þetta er alls ekki árás á atvmrh., heldur eins og ég sagði í sjálfu sér aðeins breyt. á bráðabirgðal., en borin fram sem sérstakt frv. af þeirri einföldu ástæðu, að við þm. Eyf. áttum þess engan kost að bera till. okkar fram sem brtt. við bráðabirgðal. En hinsvegar er það ákaflega algengt, að bornar séu fram brtt. við bráðabirgðal. og samþ., og ráðh. sá, sem viðkomandi bráðabirgðal. hefir gefið út, sitji eftir sem áður og láti sér hvergi bregða. Mér þykir það nokkuð mikil viðkvæmni, ef hæstv. atvmrh. skoðar það sem sérstakt vantraust á sér, þótt gerðar séu breyt. á þessum bráðabirgðal. Og í þessu frv. er einmitt því atriði haldið, sem bráðabirgðal. breyttu frá fyrri löggjöf, að ekki skuli vera nema 3 menn í stj. verksmiðjanna. Bráðabirgðal. eru í sjálfu sér ekki um annað en það að fækka stjórnarnefndarmönnunum úr 5 í 3, og því atriði höldum við í okkar frv. Það kemur hinsvegar ekki til nokkurra mála, að það hafi verið ætlunin með skipun stj. þessarar á síðasta ári, að verksmiðjustj. skyldi vera stjórnskipuð til frambúðar. Eins og form. n. tók hér fram við 2. umr., þá var það vitanlega meiningin, að þegar hægt væri að koma því við, þá yrði verksmiðjustj. kosin af Alþ. eða á einhvern hátt kosin af flokkum þingsins. Og ég býst við, að hv. 4. landsk. neiti því ekki, að það var alltaf talað um það af Framsfl. hálfu, að í henni yrði sinn maðurinn úr hverjum flokki.

Ég geri ekkert úr því, sem hv. 4. landsk. var að tala um, að þetta fjölmenna ráð yrði notað Alþfl. til miska, þannig að á það yrði bent sem tákn þess, hvað ríkisrekstur væri dýr og þungur í vöfum o. s. frv. Í fyrsta lagi eru, eins og gengið er frá þessu í frv., engar líkur til þess, að þetta ráð kosti nema hverfandi litla upphæð fjár, þar sem meðlimir þess eiga ekki að hafa kaup. Og ég álít ástæðulaust að kjósa þá stofnun þannig, að ferðakostnaður meðlima verksmiðjuráðsins verði gífurlegur. Og hvað, sem um það er, þá er ómögulegt, að Alþfl. hafi skömm af þessu ráði á neinn hátt. Mér finnst hv. 4 landsk. geti verið rólegur, hvað það atriði snertir. Ég sé ekki, að Sjálfstfl. standi vel að vígi til að svívirða Alþfl. út af skipun þessa verksmiðjuráðs. Ég veit ekki, hvaða taugaóstyrkur hefir gripið hv. 4. landsk. út af þessu. Það er eins og hann máli vissa persónu á vegginn alveg á óliklegustu stöðum.

Þá hefir af ýmsum hv. þm. verið talað hér langt mál um þá menn, sem nú eiga sæti í stj. verksmiðjanna. Það hefir komið fram hjá einum hv. þm. svona nokkur efi um hæfileika þeirra og frá öðrum hv. þm. hafa aftur fallið mörg hróssyrði í þeirra garð. Ég vil algerlega mótmæla því, að þetta frv. sé borið fram sem nokkurt vantraust á þessa menn persónulega. Það er eins og sumir hv. þm. hér geti ekki gert greinarmun á mönnunum og fyrirkomulaginu. Ég tek dæmi af því, þegar stj. landsins var breytt. Þegar það fékkst loks eftir langvarandi baráttu, að landsöfðingjaembættið var afnumið

og sett ráðherrastjórn, sem Alþ. réði yfir, þá var hjá miklum hluta þjóðarinnar ekki um nokkurt vantraust að ræða á hendur landshöfðingjanum. Þvert á móti naut hann mikils trausts persónulega hjá miklum hluta þjóðarinnar. Vantraust hefir hann kannske haft hjá sumum, en alls ekki hjá þeim fl., sem var í meiri hl., heldur var það fyrirkomulagið, sem menn vildu breyta. Það, sem meiri hl. vildi, var, að Alþ. hefði réttinn til þess að ráða fyrir því, hver æðsti yfirmaður í landinu væri, án tillits til þess, hvaða maður sat í þeirri stöðu þá. Ég þekki 2 af stjórnarnefndarmönnunum í verksmiðjustj., og ég get sagt, að ég ber fullt traust til þeirra, nefnilega þá Þorstein M. Jónsson og Finn Jónsson. Ég álít, að þeir séu góðir menn í stj. verksmiðjanna. Þriðja manninn þekki ég ekki. Má vel vera, að það sé ágætur maður. En það er bara það, að þessir menn eru ekki settir til frambúðar í þessa stj. á réttan hátt. Það er eðlilegt með fyrirtæki eins og þetta, að fulltrúar landsmanna velji stjórnendur þess í réttu hlutfalli við það atkvæðamagn,sem stendur á bak við þá, en ekki, að ráðh. geri það, og það hversu góður sem sá ráðh. kann að vera. Og ég vil undirstrika það, að ég mótmæli algerlega öllum ásökunum um það, að frá hendi okkar flm. frv. felist nokkurt minnsta vantraust til Þorsteins M. Jónssonar, í því, að við berum fram þetta frv. Við álítum bara, að verksmiðjurnar hafi ekki til lengdar fullt traust útgerðarmanna, sjómanna og annara, sem hag sinn eiga undir rekstri þeirra, nema því aðeins, að svo sé um hnútana búið, að þeir geti skoðað stjórnendur þeirra sem sína fulltrúa. Það er þessi tilgangur, sem fyrir okkur vakir. Hvort við höfum fundið hina heppilegustu leið til þess að ná þeim tilgangi, skal ég ekkert um segja. Og við hefðum verið frá upphafi reiðubúnir til samninga um það. En til okkar hefir ekki verið beint neinu í þá átt að semja um breyt. á frv., a. m. k. ekki af Alþfl. hálfu. Sá fl. hefir ekkert um frv. rætt í öðrum tilgangi en þeim, að koma því bara fyrir kattarnef.

*Magnús Jónsson: Ég ætla ekki að taka mikinn þátt í þessum umr., sem mér þykja nú orðnar hálfskoplegar á pörtum. Þessi þingfundur er eins og einskonar sáttanefndarfundur. Það er sagt, að þegar menn áður fyrr hafi átt lengi í krit sín á milli, þá hafi verið settur fundur og þar hafi hinir ósáttu fyrst rifizt ákaflega, en svo hafi sáttasemjarar verið hafðir á fundinum, sem koma áttu því til vegar, að hinir ósáttu að lokum féllust í faðma og kysstust. Maður sér næstu daga, hvort síldin og mjólkin eiga að verða tákn kossins og hvort flokkarnir taka sig á og gera sambúðina betri en hún hefir verið. Annars virðist mér það dálítið leiðinlegt, úr því að umr. hafa snúizt upp í það að verða stórpólitiskar, að hæstv. ráðherrarnir flýi, þegar talað er til þeirra. Vonandi er ekki komin í þá Deildartunguveiki, eins og sagt er stundum, að sé komin í hv. þm. þegar þeir tolla illa á fundum.

Mér virtist hv. 4. landsk. í þessum stórpólitísku umr. koma dálítið upp um sig um það, hver er hinn raunverulegi tilgangur hans. Því að hann byrjaði á því að veitast hart að hv. 1. þm. Eyf., en áður en hann vissi af, var hann farinn að skamma Sjálfstfl. Virðist þá hans sanna innræti hafa komið fram. Það kom enn fram hjá honum þetta skoplega, þegar þeir alþýðuflokksmenn tala um, að engri hlutdrægni hafi verið beitt í veitingu vinnu við verksmiðjurnar. Þessir 2 menn, sem þar fengu vinnu sem fastir menn og um hefir verið rætt, voru annar alþýðuflokksmaður og hinn framsóknarmaður. Og þar með er ekkert um það að segja. Hvernig í ósköpunum á svo sem að fara að gagnrýna það meira. Það skiptir engu, hvort annar er glæpamaður og hinn fábjáni eða þetta eru heiðursmenn, fyrst annar er jafnaðarmaður og hinn er framsóknarmaður — og þegið þið svo. Það er bara rifrildið um það, hverjir eigi að fá fleiri bitana. Og það er ekki hægt að rífast um þetta. Þeir fengu jafnt, sinn bitann hvor, og þá eiga menn að þegja.

Annars sannar framkoma hv. 4. landsk. það, sem oft hefir brytt á hjá jafnaðarmönnum, að þeim er ákaflega gjarnt til að líta svo á, að reynsla og þekking sé gersamlega tómur hégómi sem verðleiki, þegar um slíkar stöðuveitingar sem þessar er að ræða. Það lá við, að hann væri að reyna að sanna, að hv. 4. þm. Reykv. mundi verða svona dágóður til þess að stjórna stjórnuturni, þó að hv. 4. þm. Reykv. sjálfur þó mótmælti því sem fjarstæðu. Það var eins og hv. 4. landsk. í ræðu sinni gerði sér mest far um að sanna, að það gerði ekkert til, þó að maður hefði verið við önnur störf alla tíð, þangað til sá hinn sami maður væri skipaður í ábyrgðarmikla stöðu ólíka öllum hans fyrri störfum. Hann gæti verið jafngóður til þeirrar nýju stöðu fyrir því. Það eru náttúrlega margir, sem stunda fleiri störf en eitt um æfina, og að nokkru leyti eðlilegt, þótt hv. 4. landsk. hætti til að hugsa eins og hann virðist gera, því að sjálfur var hann fyrst prentari. (JBald: Smali fyrst), svo varð hann forstjóri fyrir brauðgerð, síðan bankastjóri, svo að það er von, að svona maður haldi því fram, að menn geti vel sett sig inn í sitt af hverju. En eftir hverju á þá að fara, þegar verið er að veita forstjórastöður við fyrirtæki? Í 4 ára áætluninni var sagt, að það ætti að gefa mönnum kost á að keppa um stöðurnar. En það hefir nú reyndar í stjórnartíð jafnaðarmanna ekki alltaf verið farið eftir því, sem þar stendur. En um þessar og þvílíkur stöður ætti að láta menn keppa í samræmi við 4 ára áætlunina.

Mér skildist eftir ræðum hv. jafnaðarmanna hér í þessari hv. d. að dæma, að þeirra meining sé helzt sú um þessa 3 menn í stj. síldarverksmiðjanna, að meðmælin með Þórarni Egilsyni séu þau, að hann hafi alla sína æfi stundað útgerð, og meðmælin með Finni Jónssyni eigi að vera þau, að hann hefir stundað útgerð stutt og með vafasömum árangri, en meðmælin með Þorsteini M. Jónssyni, að hann hefir aldrei stundað útgerð. Meðmælin eru þá þessi með núverandi stjórnarmönnum, að einn þeirra hafi stundað útgerð um langt skeið, annar um skamma stund með misjöfnum árangri og hinn þriðji alls ekki!

Ég verð að segja eins og mér finnst um þetta frv., að ég tel það hégóma, þótt flokkarnir fái hlutfallslega fulltrúatölu í þessu 12 manna ráði, þegar þeim, sem leggja til hráefnin, er alveg bægt frá þátttöku í því, en hinsvegar skuli álíka ópólitískar stofnanir og Alþýðusamband Íslands og S. Í. S. eiga þar fulltrúa, og loks Fiskifél. Ísl.

Ég vil mótmæla þeim ummælum hv. 4. landsk. að við sjálfstæðismenn höfum ekki viljað gegna störfum í utanríkismálanefnd eða yfirleitt neitað þátttöku um opinber mál, nema brýn ástæða hafi verið til þess. (**JBald:** Ég sagði, að þeir hefðu svikizt um að gegna störfum þar). Um þetta lá fyrir skýr yfirlýsing frá flokknum, svo að hér var ekki um nein svik að ræða, eins og t. d. gagnvart 4 ára áætluninni. Flokkurinn lýsti yfir því, að hann starfaði ekki í utanríkismálanefnd, meðan þar ættu sæti menn, sem notuðu aðstöðu sína til þess að rægja og svívirða samnefndarmenn sína, af því að þeir væru bundnir þagnarheiti. En í slíkri n. verður auðvitað að vera þagnarskylda um mörg mál, og því er það svívirðilegt verk, að læða út grun um þá menn, sem eiga þar sæti, af því að þeir geta ekki borið hönd fyrir höfuð sér.

Önnur ásökun hv. 4. landsk. á hendur Sjálfstfl. var í því fólgin, að hann hefði bannað mönnum sínum að taka sæti í stjórn síldarverksmiðjanna. Þetta var aðeins gert í mótmælaskyni gegn því dæmalausa gerræði, að gefa út bráðabirgðalög um breytingar á verksmiðjustjórninni aðeins tveim dögum eftir að þingi var slitið, enda þótt þessar breytingar væru ákveðnar löngu áður, eins og sést á kosningu endurskoðanda LR af hálfu Alþfl. Einn þm. flokksins hafði t. d. sagt mér, að Sigfús Sigurhjartarson yrði ekki kosinn endurskoðandi að nýju vegna þessara fyrirhuguðu breytinga, eins og líka kom á daginn.

Forseti (EÁrna): Ég kann ekki við þau ummæli hv. 1. þm. Reykv., að ráðh. hafi flúið þessar umræður. Ég tilkynnti í upphafi fundarins, að þeir hefðu boðað forföll, og þeir hafa lögleg forföll. Ég vil láta þetta koma fram í Alþt.

*Jón Baldvinsson: Hv. 1. þm. Reykv. taldi það hlutdrægni að ráða tvo menn sinn af hvorum flokki. En það myndi hafa komið í ljós, að ef um 3 menn hefði verið að ræða, myndi einn þeirra hafa verið sjálfstæðismaður, ef honum hefði þá ekki verið bannað að taka við starfinu. Hv. þm. talaði í þessu sambandi um glæpamenn og fábjána, ef menn væru valdir til starfa úr Alþýðu- og Framsóknarflokknum. Ég skal ekki svara honum með öðru en því, að benda honum á eina stóra stofnun hér í bænum, sem flokkur hans ræður yfir, þar sem orð leikur á, að flestir starfsmennirnir séu afbrotamenn.

Þá var hv. þm. að finna að stjórn síldarverksmiðjanna. Hann fann formanni hennar það til foráttu, að hann hefði stundað útgerð með misjöfnum árangri. Ætli það mætti ekki segja eitthvað svipað um Kveldúlfsbræður, sem hv. þm. telur þó „autoritet“ í öllum sjávarútvegsmálum. (**MJ:** Vill hv. þm. fela þeim stjórn síldarverksmiðjanna?). Ég hefi ekkert um það sagt. En ég vil aðeins benda á það, að Samvinnufélag Ísfirðinga hefir eingöngu starfað síðan að tók að halla undan fæti fyrir útgerðinni og hefir ekki gróðaskeið Kveldúlfs að baki sér. Þessi útgerð hefir að nokkru leyti verið rekin sem atvinnubótafyrirtæki til þess að forða fólkinu frá neyð, eftir að einkaframtak útgerðarmanna hafði bilað með öllu.

Þá taldi hv. þm. það mikinn ljóð á ráði Þorst. M. Jónssonar í verksmiðjustjórninni, að hann hefði aldrei stundað útgerð. En ég veit ekki betur en að hv. þm. sjálfur eigi sæti í stjórn Landsbankans, þótt hann hafi lært til prests og gegnt þeirri stöðu, skrifað bók um Pál postula og kennt guðfræði, en aldrei verið í banka. Hvort sem þetta er af því, að seint fyllist sálin prestanna, eða ekki, þá er þetta nú svona.

Ég sagði að Sjálfstfl. hefði svikizt um að starfa í utanríkismn. Og ég stend við það. Flokkurinn gaf loforð um að starfa í n. með því að láta kjósa fulltrúa sína í hana.

Þá vil ég víkja nokkuð að hv. 1. þm. Eyf. Hann sagði að það væri ekki í samningi stjórnarflokkanna, að einstakir þm. mættu ekki bera fram þau frv., er þeim sýndist, eða a. m. k. hefðu þm. Eyf. ekki skrifað undir slíkt. En auðvitað er aldrei hægt að taka allt fram skriflega í slíkum samningum, heldur verður fyrst og fremst að gera ráð fyrir því, að báðir aðiljar hagi sér á „lagalegan“ hátt, en það hafa hv. þm. Eyf. ekki gert í þessu máli. Auðvitað er þeim heimilt samkv. þingsköpum að bera fram hvaða frv., sem þeir vilja, þótt þeir rjúfi með því gerðan samning. Hv. þm. sagði, að í frv. fælist engin árás á atvmrh. En ég get ekki litið öðruvísi á en að svo sé, þegar með frv. eru tekin af honum völd og verkefni, sem samningur við Framsfl. hafa veitt honum. (**BSt:** Ekki nema til bráðabirgða.) Þetta frv. er árás á samstarf flokkanna og hlýtur að rýra það, ef samþ. verður.

Hv. þm. vildi halda því fram, að Alþfl. hefði fyrst borið fram mál, sem valdið gæti samvinnuslitum milli flokkanna, þar sem Kveldúlfsmálið væri, og mátti skilja á honum, að þetta frv. ætti að vera svar við því. En áður en nokkrar tillögur um Kveldúlfsmálið komu fram í Alþfl., var ég búinn að fá staðfesta frásögn, sem ég veit, að hv. 1. þm. Eyf. vefengir ekki, um það, að frv. ætti að koma fram, enda varð þess vart í viðtölum í vetur, að þetta viðhorf var til innan Framsfl. Auðvitað er það atvmrh. að segja, hvað hann vill gera. Vel getur farið svo, að hvorki þetta frv. né bráðabirgðalögin, sem eru fyrir Nd., nái fram að ganga, og Þormóður Eyjólfsson komist þá inn aftur og Alþfl. nefni til sömu menn og áður. (**BSt:** Á þá að sparka Finni?). Annars get ég vel fallizt á það með hv. 1. þm. Reykv., að réttara væri, að við sætum saman og drykkjum mjólk og ætum síld, heldur en að lengja þessar umr. öllu meira.

***Magnús Jónsson:** Ég vil geta þess út af orðum hæstv. forseta, að ég heyrði hann ekki lýsa forföllum ráðherranna í upphafi fundar. Ég vissi, að hæstv. atvmrh. hafði forföll. En mér var ekki kunnugt um nein forföll hjá hæstv. forsrh., enda gat hæstv. forseti ekki um forföll

hans, er hv. 2. þm. Rang. lýsti eftir honum áðan, heldur var hans leitað um öll herbergi.

Hv. 4. landsk. var að tala um einhverja stofnun hér í bænum, þar sem allir starfsmennirnir væru glæpamenn. (**JBald:** Flestir afbrotamenn, sagði ég. Það er ekki vert að gera þá verri en þeir eru). Það væri sanngjarnt, að hann nefndi þessa stofnun utan þinghelgi, svo að einhverjir starfsmannanna gætu hreinsað sig af þessum áburði.

Þá vildi hann fara að bera saman hæfileika formanns stjórnar síldarverksmiðjanna og Kveldúlfs í útvegsmálum. Ég held, að hv. þm. ætti nú ekki að hætta sér út á þann ís. Samvinnuútgerð Ísfirðinga var studd af hinu opinbera í upphafi og hefir ávallt notið velvildar þess, en hefir þó stöðugt tapað. En Kveldúlfur hefir af eigin rammleik unnið sig upp mest allra fyrirtækja hér á landi og fitjað upp á flestum þeim nýjungum, sem sjávarútveginum hafa komið að haldi. Ég held því, án þess að fara lengra út í þessa sálma, að þessi samanburður sé fulldjarfur hjá hv. þm.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11:2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÞÞ, BSt, GL, IngP, JAJ, MG[1]), MJ[2]), PHerm, PM, ÞBr[3]), EÁrna.

nei: JBald, SÁÓ.

3 þm. (HG, HermJ, JJ) fjarstaddir.

Frv. afgr til Nd.

Á 35. fundi í Nd., 10. apríl., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar. (A. 241).

Á 36. fundi í Nd., 12 apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 37. fundi í Nd., 13. apríl, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16:3 atkv. og til sjútvn. með 21 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

77. Verðlag á almennum nauðsynjavörum.

Á 26. fundi í Ed., 23. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um verðlag á almennum nauðsynjavörum (þmfrv., A. 127).

Á 28. fundi í Ed., 30. marz, var frv. tekið til 1. umr.

1) **MG:** Sé ekki annað ráð til að koma á friði kringum verksmiðjurnar.
2) **MJ:** Já, sem vantrausti á atvmrh.
3) **ÞBr:** Í trausti þess, að Nd. lagi mestu ágalla frv., sérstaklega um tölu þeirra manna, sem stjórnina eiga að skipa, segi ég já.

***Flm. (Sigurjón Á. Ólafsson):** Ég hefi leyft mér að flytja þetta frv. fyrir tilmæli hæstv. atvmrh. En tilefni frv. er það, eins og segir í hinni stuttu grg., að n., sem var skipuð til þess að athuga verðlag á vissum vörutegundum, komst að þeirri niðurstöðu, að óumflýjanlegt væri, að n. yrði skipuð, sem hefði það verksvið, að fylgjast með verðlagi í landinu og setja mælikvarða á það. Þessi n. fékk þá reynslu, að full ástæða væri til þess að gera þetta.

Ég hygg, að það hafi líka verið uppi háværar raddir meðal ýmsra flokka hér á landi, að n. sem þessi þyrfti að komast á laggirnar. Ég skal geta þess, að þing Alþýðusambandsins, og ef ég man rétt einnig flokksþing framsóknarmannanna, áleit þörf á þessu.

Ég býst við, að ekki verði deilt um það, að verðlag nú í okkar landi hefir stigið hröðum skrefum, af ástæðum, sem að vísu er ekki hægt að ráða við, m. ö. o. af takmörkun á innflutningi erlendra vara. Þetta á svo sinn þátt í því, að eftirspurnin er svo mikil yfirleitt, að þeir, sem selja vöruna, geta sett þann mælikvarða, sem þeim þóknast. En þó að svona sé ástatt með aðfluttu vörurnar, þá þykir kenna þess sama á verðlagi þeirrar vöru, sem er á boðstólum á innlendum markaði. Og það er ekki síður vegna þessa, að verðlagsn. þarf að starfa, að hemil þarf að hafa á því, hvaða verð er á þeim vörum, sem yfirleitt eru seldar meðal almennings og til almennings. Ég tel ekki nauðsynlegt að nefna dæmi, sem staðfesti þessa skoðun mína, að verðlagið sé of hátt, en ef þess er krafizt, þá væri hægt að nefna ýms dæmi, sem sanna, að þetta er á rökum byggt. Hinsvegar er engin ástæða til þess, þótt takmörkun sé á framboði einhverra vöruteg., að setja hærra verðlag á þær en myndi almennt teljast nauðsynlegt. Vitanlega þarf sá, sem selur vöruna, að hafa eðlilegan verzlunargróða, en þar, sem fram yfir það fer, er full ástæða fyrir hið opinbera að taka í taumana.

Í sambandi við þetta má benda á, að mikill hluti iðnaðarvörunnar er unninn í landinu, og það þykir kenna þess, að verð þeirrar vöru hafi hækkað óþarflega mikið í skjóli þess, að ekki eru til neinar sambærilegar útlendar vörur, sem geti keppt við þær innlendu. Og það sama má segja um allar þær vörur, sem svo er takmarkaður innflutningur á, að sá, sem selur þær, getur sett á þær það verðlag, sem honum sýnist. Fyrir þetta er ætlazt til, að hægt verði að girða með þeim ákvæðum, sem sett eru í þessu frv. með opinberri verðlagsn., sem hefir vald til þess að kynnast öllu því, sem að verðlagi lýtur, og ef henni finnst ástæða til, þá megi hún grípa fram í og setja verð á þá vörutegund, sem um ræðir.

Þessi n., sem ég vitnaði í áðan, hefir í sambandi við vissar vörutegundir komizt að raun um, að það væri e. t. v. full ástæða til þess, að setja takmarkanir um verðlag þeirra. Að vísu hafði hún ekki nema fáa vöruflokka til meðferðar, en hún mun á sínum tíma gera grein fyrir þeim niðurstöðum, sem hún hefir komizt að þar. En n. hefir rekið sig á, að það er talsverðum erfiðleikum bundið að komast að því

sanna og rétta í þessum efnum, nema vald sé fyrir hendi til þess að geta krafizt allra upplýsinga gagnvart hverri einstakri vörutegund á hverjum tíma. En einmitt með þessu frv. er slíkri n., sem gert er ráð fyrir, að skipuð verði, ætlað að hafa það vald, að geta krafizt nauðsynlegra upplýsinga til þess að geta myndað sér ákveðnar skoðanir um það, hvort verðlag sé of hátt eða ekki.

Ég hygg, að hér hjá oss sé fullkomin nauðsyn að koma þessu eftirliti á, því að það er ekki útlit fyrir, að á næstunni getum vér haft svo haftalausan innflutning á nauðsynjavörum yfirleitt að vér verðum ekki að reikna með þessum möguleika, að verðlagið sé ekki eftir þeim réttu hlutföllum, sem það ætti að vera, miðað við hæfilega álagningu. —

Ég skal ekki að öðru leyti fara mikið út í þetta frv. Aðalefnið er þessi nefnd og það vald, sem henni er ætlað að hafa til þess að inna starf sitt af hendi, og markmiðið er að firra almenning því, að þurfa að kaupa vöruna dýrara verði en rétt er.

Ég hygg, að þetta mál eigi heima í allshn. eftir eðli sínu, og geri ég því að till. minni, að því verði þangað vísað, að þessari umr. lokinni, og gefst þá tækifæri til að fara nánar út í einstök atriði frv. En ég tel ekki á þessu stigi málsins ástæðu til að fara nánar út í þetta mál, því að það liggur á tilfinningu manna, að hér sé á ferðinni mál, sem fullkomlega sé ástæða til að gefa gaum að.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til allshn. með 12 shlj. atkv.

Á 35. og 36. fundi í Ed., 9. og 10. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 37. fundi í Ed., 12. apríl, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 127, n. 224).

*Frsm. (Sigurjón Á. Ólafsson): Um frv. þetta segir lítið í nál. annað en það, að n. er sem heild í öllum aðalatriðum því samþykk. Ég hygg, að tveir nm., hv. 2. þm. S.-M. og ég, hafi ekkert við frv. að athuga eins og það nú liggur fyrir. En hv. 1. þm. Skagf. hefir skrifað undir nál. með fyrirvara og þar með áskilið sér rétt til þess að bera fram brtt. við frv., og mun hann að sjálfsögðu gera grein fyrir sínum fyrirvara.

Um frv. þetta er í raun og veru ekki mikið að segja umfram það, sem ég sagði við 1. umr. þessa máls. Það er eins og sjá má, að til þess er ætlazt samkv. 2. gr. frv., að skipuð verði verðlagsn., 5 mönnum, er tilgreindar stofnanir skipi sinn manninn hver.

Hlutverk n. er, eins ok ákveðið er í 3. gr., að ákveða hámarksverð eða hámarksálagningu, hvort heldur er hentara þykir í heildsölu eða smásölu, á þeim vörum, sem ríkisstj. þykir nauðsyn á hverjum tíma, er störf n. taki til. Samkv. 4. gr. á n. að öðlast vald til þess að afla sér þeirra upplýsinga, sem hún telur nauðsynlegar til þess að geta með fullkomnu réttlæti ákveðið verðlag, sem henni er ætlað samkv. 3. gr. Í 5. gr. er gert ráð fyrir að n. tilkynni ráðh. ákvarðanir sínar, er síðan tilkynnir þær lögreglustjórum til þess að birta þær almenningi.

Ég geri svo ráð fyrir samkv. 6. gr., að ráðh. setji í reglugerð nánari fyrirmæli um það, hvernig þessu skuli hagað í framkvæmdinni.

Ég tel ekki þörf á að ræða frekar um einstakar gr. frv., en skal bæta við, að ég tel, að allt útlit um verðlag hér á okkar landi sé komið á það stig, að full ástæða sé fyrir ríkisvaldið að hafa þar hönd í bagga með. Ég benti á það við 1. umr. þessa máls, að innflutningstakmarkanirnar hefðu bein og óbein áhrif á það, að ekki væri nægilega mikið af vörum í landinu, og þar af leiðandi skapaðist hærra verð á þeim heldur en ella myndi vera. En það þarf ekki að fjölyrða um það, ég hygg, að allir séu sammála um, að þessar innflutningstakmarkanir séu nauðsynlegar af mörgum ástæðum.

Að því er snertir þær vörur, sem framleiddar eru í landinu sjálfu, má taka það til athugunar, hvort álagningin á þær sé ekki hærri heldur en þörf er á, því að með innflutningshöftunum hefir skapazt allmikill iðnaður innanlands, sem samkeppni frá öðrum löndum nær ekki til. Það er að sjálfsögðu mjög hægt fyrir þau fyrirtæki, sem hafa tekið að sér þessa framleiðslu, að setja hærra verð á sínar vörur heldur en með réttu mætti teljast nauðsynlegt.

Ég ætla ekki, nema sérstakt tilefni gefist til, að benda á dæmi, en þau eru svo nærtæk, að ég álít, að almenningsheill krefjist þess, að slíku eftirliti verði komið á, sem hér er gert ráð fyrir.

N., sem hafði til athugunar og rannsóknar verð á ýmsum vöruflokkum, varð þess fyllilega áskynja, að í ýmsum tilfellum, þar sem fengust fullkomnar upplýsingar, var óþarflega hátt verð á vörunum sjálfum, sem nú þegar er farið að framleiða í landinu. Um ástæður fyrir því skal ég ekki fara nákvæmlega út í, en sú almenna ástæða, sem alltaf er til staðar, er, að eftirspurnin eykst, þegar enginn er til að keppa við og bjóða lægra verð. Það liggur í hlutarins eðli, að slíkt ástand skapar hærra verð heldur en með góðu móti er hægt að komast af með.

Ég tel, að þetta mál sé þess eðlis, að full nauðsyn sé að gera það að lögum, áður en þingi slítur, og þar sem ég hefi fulla ástæðu til að ætla, að hv. sjálfstæðismenn í þessari d. séu ekki mótfallnir „principi“ frv., þá hefi ég nokkra von um, að það megi takast.

*Magnús Jónsson: Hv. sessunautur minn, sem á sæti í allshn., hefir skrifað undir nál. með fyrirvara, og ég get verið honum sammála um það; ég mun skrifa undir frv. með fyrirvara, og það stórum fyrirvara.

Það er vitanlegt, að það getur verið ástæða til að hafa eftirlit með verði á ákveðnum vörutegundum. En mér er það ljóst, að lög eins og þessi eru ekki nema að 1/10 lög, en 9/10 framkvæmdin. Það er vegna þess, að ég hlýt að hafa þennan fyrirvara, að slík lög sem þessi eru svo rúm, að inn í þau má koma bæði skynsamlegum og líka ákaflega óskynsamlegum ákvæðum.

Það stendur í 1. gr., að heimilt sé að ákveða hámarksverð á vissum vörutegundum. Það er ekkert tiltekið, hvaða vörutegundir þetta séu; það er að vísu í grg. talað sérstaklega um ýmsar stórvörur, svo sem kol, olíu og salt, en svo er líka gefið undir fótinn með ýmsar aðrar vörutegundir. Það á ekki saman nema að nafninu til, hvort um er að ræða að setja hámarksverð á ýmsar einfaldar vörutegundir eða hvort á að ganga lengra í þessum efnum. Það er rétt, sem frsm. n. sagði, að þessi l. eru afleiðing af innflutningshöftunum. Þau eru gott dæmi um það, hvernig ein syndin býður annari heim, eða í þessu tilfelli, hvernig ein neyðarráðstöfunin verður til þess, að gera verður aðra til þess að bjarga sér. Hér er þetta þannig, að innflutningshöftin leiða af sér verðhækkun, verðhækkunin leiðir af sér það, að skipa verður n. til þess að setja hámarksverð á vörurnar, og sú n. getur leitt af sér, að setja verður upp seðlaúthlutun, því að ef of lítið flytzt inn af vörum og verðið er ekki látið vera frjálst, þá er engin meining í því, að þeir menn, sem bezta hafa aðstöðuna til að ná í vörurnar, hrifsi þær allar, en hinir verði látnir sitja á hakanum; nei, þá kemur þriðja neyðarráðstöfunin, seðlaúthlutun, og þá höfum við allt apaspilið gangandi í allri þessari skemmtilegu skipulagningu. Hinsvegar, ef farið væri varlega í þetta og ákveðið verð á vissum ákveðnum vörutegundum sem í sjálfu sér flyzt nokkurnveginn nóg inn af, eins og t. d. olíu, kolum og salti, sem alltaf verður að flytja inn svona nokkurnveginn eftir þörfum landsmanna, þá er ekkert hægt að hafa á móti því.

Ég vil að lokum benda á það, að í 3. gr. muni vera prentvilla; þar stendur: „Skal verzlunarmálaráðherra, þegar lög þessi koma til framkvæmda, gefa út auglýsingu um þær vörutegundir eða vöruflokka, sem hún ætlast til, að verðlagsákvæði verði sett um". Ég geri ráð fyrir, að þarna sé átt við, að ráðh. gefi út auglýsinguna og því eigi að standa „sem hann ætlast til", en ekki „sem hún ætlast til", og sé þetta því aðeins prentvilla.

Ég mun geta fylgt þessu máli til næstu umr. og mun þá athuga, hvort ég treysti mér til að bera fram brtt. í þá átt, sem ég hefi talað um. Eins og frv. er nú, þá er það ákaflega rúmt og segir lítið til um, hvaða afleiðingar þessi l. kunna að hafa í för með sér.

Magnús Guðmundsson: Eiginlega ætlaði ég nú ekki að taka til máls, en af því að ég hefi skrifað undir nál. með fyrirvara, þá vil ég segja nokkur orð. Fyrirvarinn lýtur að því, að ég vildi áskilja mér rétt til að bera fram brtt. við frv., en það get ég alveg eins gert við 3. umr., sérstaklega ef útlit er fyrir, að frv. verði að l. á þessu þingi. En ég verð að segja það sama eins og ég sagði í n., að ég sé mér ekki fært að setja mig upp á móti því, að sett sé n. til þess að hafa hönd í bagga með álagningu og verðlagi, einmitt vegna þess að það er orðið mjög lítið um vörur og þess vegna miklar freistingar fyrir kaupmenn að setja verðið of hátt. — Það er alveg rétt, sem hv. 1. þm. Reykv. sagði, að þetta er bein afleiðing innflutningshaftanna. En það er ekki annað að gera en að taka því, fyrst ekki er hægt að losa sig við öll þessi höft. Meira að segja, það lítur út fyrir, að beita verði ennþá strangari höftum á næsta ári, vegna þess, hve illa lítur út með öflun fiskjar. Fyrir því sé ég mér sem sagt ekki fært að setja mig upp á móti þessu frv. jafnvel þó að mér sé það ljóst, að hægt sé að misbeita þessum l., en það verður þá að vera á ábyrgð þeirrar stj., sem l. framkvæmir, að n. fari sanngjarnlega með sitt vald.

***Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson):** Ég get verið sammála hv. 1. þm. Skagf. um það, að að sjálfsögðu veltur mikið á því, hvernig l. eru framkvæmd. Mér skilst, að hv. 1. þm. Skagf. og hv. 1. þm. Reykv. telji það helzta ágalla á frv., að ekki sé tiltekið, hvaða vörutegunda l. eigi að ná til. Ég hygg, að það sé með öllu ókleift að taka tæmandi upptalningu á þessu upp í frv. Og það getur líka beinlínis í því legið bending til kaupmanna um að nota sér hinar vörurnar, sem ekki eru taldar þarna upp. Auk þess þá geta náttúrlega alltaf komið fyrir einstök tilfelli, þar sem nauðsynlegt væri að hafa hönd í bagga með álagningunni. Ég get nefnt t. d. dæmi, sem kom fyrir í haust fyrir jólin, um hina miklu og óeðlilega álagningu á eplunum hér í bænum; í slíkum tilfellum er nauðsynlegt að geta gripið inn í fyrir stjórnarvöldin. Og ég get vel hugsað mér, að einn meginkostur þessarar lagasetningar sé einmitt sá, að l. séu til og menn viti af þeim. Ég tók eftir því, að þessir 2 hv. þm. voru báðir á einu máli um það, að þetta væri afleiðing af innflutningshöftunum. Ég verð að draga það í efa, að svo sé. Ég sé ekki, að gjaldeyrir okkar hefði aukizt minnstu vitund, þó að höftin hefðu ekki verið, en eini munurinn hefði hinsvegar verið sá, að gjaldeyrinum hefði frekar verið beint til ónauðsynlegri varnings, og þar af leiðandi hefði verið minna öryggi í því, að nauðsynjavörurnar kæmu fyrst og fremst inn í landið. Ég sé því ekki betur en að málinu verði bezt borgið með því, að afgreiða það í því formi, sem það nú hefir. En í sambandi við þær verðlagsathuganir, sem gerðar voru á síðasta hausti, þá þykir mér rétt að taka það fram, að einmitt síðan þær voru gerðar, hafa orðið stórfeldari verðlagsbreytingar á vörum á erlendum markaði heldur en um langt árabil á undan, þannig að þær athuganir hafa nú lítið gildi. En ef menn vilja fylgjast með þessum efnum, þá er að sjálfsögðu nauðsynlegt, að til sé stofnun, sem hafi með höndum þessar rannsóknir og hafi heimild til að krefjast þeirra upplýsinga, sem nauðsynlegar þykja, svo að starf n. geti komið að notum.

***Magnús Jónsson:** Ummæli hæstv. ráðh., að svo miklu leyti, sem þau komu inn á framkvæmd þessara laga, voru ekki sérlega traustvekjandi. Eftir þeim ummælum skildist mér vera hægt að grípa nokkuð víða inn í. Hann nefndi verð á ávöxtum, sem hefðu verið óhæfilega dýrir hér fyrir jólin í vetur. Ég skal nú

ekkert um það segja. Það lék grunur á því, að verðið á þessum hlutum hefði verið óhæfilega hátt; hinsvegar þá er þetta nú ekki nein nauðsynleg vara, svo að það má nú kannske segja, að það skipti nú litlu máli með þetta. En ég held, að ef ætti að fara að setja hámarksverð á slíkar vörur þá mundi verða gripið nokkuð víða inn í. Ég skal ekki fara út í einstök atriði í ræðu hæstv. ráðh.; það yrði allt of langt mál. Ég get ekki séð, hvers vegna ekki er hægt að telja upp þær vörutegundir, sem heimilað er að leggja hámarksverð á. Viðvíkjandi því, sem hæstv. ráðh. var að tala um, að rannsakað hefði verið verðlag á ýmsum vörutegundum, þá vildi ég gjarnan spyrja hann um það, hvað sú rannsókn hefði leitt í ljós um verðlag á olíu; hvort hún hefði leitt í ljós, að verðlagið á olíu væri of hátt, og hvað hún hefði yfirleitt leitt í ljós um olíuverðið.

***Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson):** Hv. 1. þm. Reykv. var að tala um það, að ummæli mín hér áðan hefðu ekki verið traustvekjandi, þar sem ég hefði nefnt vörutegund eins og ávexti, sem hann taldi fráleitt, að kæmu undir þessi l. Ég skal játa, að margir mundu líta svo á, að ávextir séu ekki almenn nauðsynjavara, en ég tel það stappa nærri, að svo sé fyrir margt fólk. Og ég hygg, að við getum verið sammála um það, að sú álagning, sem átti sér stað á eplunum í haust og mun hafa verið um 170%, hafi verið alveg hóflaus. Og ég hygg, að ef slík l. sem þessi hefðu þá verið til, þá hefði slík álagning aldrei komið til, bara af ótta við, að l. kynni að verða beitt. Hv. þm. var að spyrja um, hvaða niðurstöður hefðu fengizt um verðlag á olíu við rannsóknirnar, sem fram fóru í fyrra. Ég geri ráð fyrir, að innan fárra daga berist mér heildarskýrsla um þessar rannsóknir; áður en ég fæ hana, get ég ekki gefið neinar upplýsingar um þessi efni, en ég geri ráð fyrir, að þegar ég fæ þessa skýrslu, þá verði niðurstöðurnar gerðar almenningi kunnar a. m. k. að einhverju leyti.

Guðrún Lárusdóttir: Ég er ein af þeim, sem tel ávextina nauðsynjavöru, sérstaklega eplin. Og ég álít, að við hér í okkar langa skammdegi höfum fulla þörf fyrir að fá meira af þessari vöru. Eins og menn muna, þá fluttust epli hingað til landsins í vetur, en verðið á þeim var óhæfilega hátt; þau kostuðu þá 3 kr. kg. Ástæðan til þessa óhæfilega verðs á eplunum er 25% tollurinn, sem á þeim er. Eins og hv. þm. muna, þá bar ég hér fram í d. till. um að heimila fjmrh. að fella niður þennan toll, og var þetta samþ. Fjmrh. hafði því fulla heimild til að fella niður þennan 25% toll, en hann var ófáanlegur til þess. Það var send n. kvenna á fund hæstv. ráðh. nokkru fyrir jólin. N. fór fram á, að ráðh. felldi niður tollinn, sem álitið var, að hann hefði þingleyfi til, en þar var því vert nei. Hann vann ekki svo mikið til, að íslenzku börnin fengju að smakka epli um jólin, því að það er undantekning, ef menn hafa ráð á að kaupa epli fyrir 3 kr. kg. Þegar maður ber þetta saman við þær ráðstafanir, sem sænska stj. gerði í svipuðu máli í haust sem leið og sagt var frá í ríkisútvarpinu, ekki alls fyrir löngu, þá sést, að þar var farið að dálítið öðruvísi en hér. Sænska stjórnin lét flytja mörg vagnhlöss af eplum norður til Lapplands til þess að láta börnin þar nyrðra njóta hinna hollu sumarávaxta. Sem ástæða var það borið fram, að þar væri svo sólskinslaust vetrarmánuðina, að börnin þyrftu að fá þá næringu, sem helzt gæti komið í stað sólskinsins. Ég vildi láta þessa getið hér í d., ef það gæti orðið til þess, að þetta mál væri athugað nokkru nánar en gert hefir verið hingað til, ef vera kynni, að þessi rangláti tollur yrði felldur niður.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 13. shlj. atkv.
2.—12. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögnin samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12. shlj. atkv.

Á 40. fundi í Ed., 14. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9. shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 38. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar (A. 127).

Á 39. fundi í Nd., 15. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 17. shlj. atkv. og til allshn. með 13:4 atkv.

Á 43. fundi í Nd., 19. apríl, var útbýtt nál. frá minni hl. allshn., á þskj. 365, og 44. fundi, 20. apríl, nál. frá meiri hl. allshn., á þskj. 387, en frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

78. Stuðningur við togaraútgerðina.

Á 30. fundi í Ed., 2. apríl, var útbýtt:
Frv. til l. um ráðstafanir til stuðnings togaraútgerðinni (þmfrv., A. 161).

Á 34. fundi í Ed., 8. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 10 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Forseti (EÁrna): Í sambandi við þetta mál vil ég geta þess, að mér hefir borizt tilkynning

um það frá flokkum þingsins, að það hafi orðið samkomulag um að hafa ræðutíma fyrir hvern flokk um málið 60 minútur, en samkv. þingsköpum eru hverjum flokki ekki ætlaðar nema 45 mínútur. Til þess að þetta geti orðið, að ræðutíminn verði 60 minútur fyrir hvern flokk, þarf afbrigði frá þingsköpum, og vil ég þá leita þeirra afbrigða.

ATKVGR.

Afbrigðin leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Flm. (Jón Baldvinsson): Herra forseti! Þegar rætt er um frv. á þskj. 161, um ráðstafanir til stuðnings togaraútgerðinni, sem við tveir Alþfl.-menn flytjum í Ed., verður ekki hjá því komizt að drepa einnig á önnur þingmál, sem eru í nánu sambandi við þetta mál, eins og t. d. frv., sem Alþfl.mennirnir í Nd. flytja um ýmsar ráðstafanir til viðreisnar sjávarútveginum. Frv., sem er hér til 1. umr., er í raun réttri framhald hins, og því þykir mér rétt í örfáum orðum að skýra frá aðaldráttum frv. um ýmsar ráðstafanir til viðreisnar sjávarútv., vegna þess, að það er til þess að auka skilning á málinu, sem fyrir liggur.

Frv. til viðreisnar sjávarútveginum gerir ráð fyrir að efla fiskimálasjóð á tvennan hátt: Í fyrsta lagi með því að láta útflutningsgjald af saltfiski renna þangað, og með heimild til allt að 3 millj. kr. lántöku. — Þetta fé er atvmrh. heimilt að ákveða, að fiskimálasjóður láni til byggingar eða kaupa á 6 nýtizku botnvörpuskipum, er Reykjavík eða önnur bæjarfélög, hreppsfélög eða einstakir menn eða hlutafélög kaupa, með ýmsum nánari skilyrðum um það, hversu mikið megi hvíla á skipunum á undan láni fiskimálasjóðs. — Þá er gert ráð fyrir því, að á árinu 1937 verði rannsakað, hvar sé nauðsynlegast að reisa hraðfrystihús, er annazt geti hraðfrystingu og geymslu til útflutnings, og er ætlazt til, að lagður verði fram úr fiskimálasjóði ¼ hluti stofnkostnaðar. Þá er ráðgerður stuðningur við að koma upp fiskimjöls-, síldar- og karfavinnsluverksmiðjum, er þó eigi séu stærri en svo, að þær vinni úr 600 málum síldar á sólarhring. Loks er um fjárhagslegan stuðning að ræða til niðursuðuverksmiðju, er annast geti niðursuðu á hverskonar fiski, fiskiafurðum, kampalampa og öðrum sjávarafla. Að síðustu er gert ráð fyrir láni og styrk til kaupa þeirra veiðarfæra, sem lítið eru þekkt eða notuð, en ætla má, að gætu orðið að gagni hér.

Þetta allt leitar að því, að gera framleiðslu sjávaraflans fjölbreyttari og seljanlegri á erlendum markaði, og byggist einnig að nokkru á þeim tilraunum, sem þegar hafa verið gerðar að tilhlutun og með fjárstyrk frá fiskimálanefnd, og hafa þegar reynzt að vera arðvænlegar eða líkur þykja til, að gefi góðan árangur.

Beint framhald af þessu er frv., sem hér liggur fyrir, um ráðstafanir til stuðnings togaraútgerðinni. Að því leyti er það ekki frábrugðið kreppulöggjöf þeirri, sem sett hefir verið, að það er ætlazt til, að ríkið veiti fjárhagslega aðstoð til þess, að þau botnvörpuskip, sem við athugun ekki reynast eiga fyrir skuldum, geti komizt á fjárhagslega traustan grundvöll.

En auk framlags ríkissjóðs er ætlazt til, að innlendir kröfuhafar leggi ½ hluta þess fjár, er þeir eiga rétt á að fá, og verða þeir þá hluthafar í togaraútgerðarfélagi því, er fyrsti kafli frv. fjallar um. Er félagið því stofnað með aðstoð ríkisins, almennu hlutaútboði og framlagi kröfuhafa, eins og áður segir.

Togaraútgerðarfélagið skal eiga lögheimili og varnarþing í Reykjavík. En sé togari eða togarar, sem verða eign félagsins, gerðir út frá kaupstað eða kauptúni utan Reykjavíkur, þá skal gera togarana út þaðan, þó að þeir verði eign félagsins. Atvmrh. má ákveða, að á slíkum stöðum skuli stofna sjálfstæð hlutafélög til togaraútgerðar, og njóta þau þá þeirrar aðstoðar ríkisins, er l. gera ráð fyrir, en sú aðstoð er í því fólgin, að ríkið leggur fram það fé, sem til vantar, að félagið komist á fjárhagslega traustan grundvöll, þegar með er talið framlag lánardrottna og hlutakaup einstakra manna í hinu almenna útboði.

Með þessu frv. er það ætlunin, að öll þau togarafélög, sem ekki eiga fyrir skuldum, að lokinni þeirri athugun, sem gert er ráð fyrir í frv., að fari fram á fjárreiðum þeirra, verði sett undir sameiginlega stjórn, komið á fjárhagslega traustan grundvöll og rekin áfram á þeim stöðum, þar sem skipin eru nú.

Með þessu vinnst það tvennt, að stjórn togarafélaga verður ódýrari en nú er, að minni tortryggni mun gæta í garð þeirra, er fyrirtækinu stjórna, og að auðveldara er með sameiginlegri yfirstjórn margra skipa að láta hvert skip stunda þá veiði, sem haganlegust þykir vegna stærðar skips og þess annars, sem til greina getur komið.

Einhverjum kann að finnast það undarlegt, að við Alþfl.-þingmennirnir skulum nú flytja frv. um kreppuhjálp handa útgerðinni, þar sem við þegar árið 1933 lýstum litilli trú okkar á hinu fyrsta kreppulánafrv., sem átti að vera til stuðnings bændastéttinni. En ef betur er að gáð, þá erum við alveg í samræmi við það, sem við sögðum þá, en það var í stuttu máli á þessa leið: Það þýðir ekkert að veita milljónalán til þess að breyta lánum þeim, sem á bændastéttinni hvíla, í löng, vaxtalág lán, ef ekki er jafnframt séð fyrir því, að landbúskapurinn verði arðvænlegur atvinnuvegur; þótt menn fái langan gjaldfrest á skuldum sínum og geti safnað þeim saman á einn stað, þá hefir það enga þýðingu, ef ekki er jafnframt séð fyrir því, að bændurnir geti á arðvænlegan hátt rekið atvinnu sína, landbúskapinn.

Þetta reyndist líka svo: Þrátt fyrir kreppulánin til bændanna, sem voru þeim hagkvæm, miðað við þau lánskjör, sem aðrir atvinnuvegir verða við að búa, þá var svo komið árið 1934, þegar þáv. landsstjórn fór frá völdum, að annar aðalatvinnuvegur Íslendinga, landbúnaðurinn, var kominn í rústir, þrátt fyrir alla kreppuhjálp, og þess vegna var það eitt af fyrstu verkum núv. ríkisstj. að gefa út nauðsynlega löggjöf til þess að tryggja bændum landsins með breyttu skipulagi það verð fyrir aðalframleiðsluvörur þeirra, kjöt og mjólk, sem gaf vonir, er hafa rætzt, — ég endurtek það, vonir, sem hafa rætzt, — um það, að framleiðsluvörur bænda

gæfu þann arð, sem nauðsynlegt var til þess, að landbúskapur yrði aftur lífvænlegur atvinnuvegur fyrir þá, sem hann stunda. Og í þessu sýna verkin merkin.

Það var þetta, sem við Alþfl.menn vildum láta fylgja kreppulánasjóðslöggjöfinni, að jafnframt væri séð fyrir möguleikum til þess, að atvinnurekstur bænda væri lífvænlegur atvinnuvegur fyrir sveitafólkið. En í stað þess að taka tillit til þess, er við lögðum til málanna, þá var byrjað á þessari gömlu aðferð, sem lengi hefir viðloðað í íslenzkum atvinnumálum, að **þjóðnýta skuldirnar.** Það er líka þetta, sem gert hefir verið í sjávarútvegsmálunum hingað til, að þjóðnýta skuldirnar, ef svo göfugt orð má nota um þetta framferði íslenzkra stjórnmálamanna.

Hingað til hefir ríkissjóður látið sér nægja að taka ábyrgð á og greiða eftir á töp atvinnuveganna með erlendum lántökum, sem ríkissjóður ber ábyrgð á og stendur straum af að langmestu leyti. Má þar til nefna: Lántökuna 1921, £ 500000, eða liðlega 11 millj. kr., lántökuna 1930, £ 540000, eða ca. 12 millj. kr., og lántökuna 1935, £ 530000, eða ca. 11,7 millj. kr., svo að nefndar séu stærstu lántökurnar, er nema samtals um 35 millj. kr. Meginhluti þessa fjár, eða um 27 millj. kr., hefir gengið til þess að greiða áfallin töp á rekstri atvinnuveganna.

Ég þykist vita, að á það verði bent, að ríkissjóði sé ætlað eftir báðum þeim frv., sem Alþfl.-þingmennirnir flytja, að taka allt að 5 millj. kr. lán, 3 millj. handa fiskimálasjóði og 2 millj. kr. til stuðnings togaraútgerðinni, og að ennfremur verði bent á það, að ríkissjóður taki á sig áhættu. Þessu neita ég ekki, því öllum ábyrgðum og lánum fylgir áhætta. En ég vil benda á muninn á þessum lántökum og þeim, er ég gat um áðan. Hér er ríkissjóði ætlað að taka lán til framkvæmda, sem allar líkur benda til, að geti gefizt vel, og brýn nauðsyn er á því að blása nýju lífi í sjávarútveginn. Gömlu stórlánin voru tekin af því, að við vorum komnir í skuld erlendis vegna rekstrartaps atvinnuveganna og gátum ekki borgað og urðum því að láta skrifa skuldina hjá ríkinu gegn loforði um að greiða hana á mörgum árum. — Ríkið hafði ekki afskipti af því, hvernig þessu fé var varið, vegna þess að búið var að eyða því áður en ríkið að forminu til tók á sig ábyrgðina. Hér er aftur á móti ætlazt til þess, að löggjafarvaldið ráðstafi fyrirfram, til hverra framkvæmda fé skal gangi, og er því sá reginmunur á þessum lántökum og hinum fyrri.

Alþfl. þorir vel að taka á sig þá ábyrgð, að taka fé að láni til líklegrar nýbreytni í öðrum höfuðatvinnuvegi þjóðarinnar. Það er sjálfsagt vel gert af ríkisvaldinu að greiða hinar dauðu skuldir, sem safnazt hafa vegna taps á atvinnurekstri landsmanna; en Alþfl. vill ekki láta það ástand halda áfram, sem endurspeglast í lántökunum 1921, 1930 og 1935. Alþfl. vill jafnframt því að veita atvinnuvegunum fjárhagslega aðstoð, gera þær breyt. á tilhögun á rekstri þeirra, gera það líklegt, að þeir geti borið sig og fætt og klætt fólkið, sem við atvinnuvegina starfar og á alla sína afkomu undir velgengni atvinnuveganna.

Mér hefir verið það sérstök ánægja að veita því eftirtekt, að Sjálfstfl. hefir eignað sér till. okkar Alþfl.manna um viðreisn sjávarútvegsins. Það sýnir a. m. k., að þeir menn, sem Sjálfstfl. skipa, telja till. vorar ekki lítils virði. Mér skilst á blaðaskrifum sjálfstæðismanna, að þessar till. okkar Alþfl.manna séu aðeins gamlar till. þeirra í Sjálfstfl. og Íhaldsfl. Það ætti náttúrlega að gleðja alla sanna sjálfstæðismenn, ef svo væri, að Alþfl. hefði tekið upp gamlar till. þeirra, en mér heyrist tónninn í blöðum þeirra vera allt annar en sá, að þar sé nokkur ánægja yfir þessu, heldur tala þeir um „málefnaþjófnað" og annað því líkt, sem ekki lýsir neinni sérlegri ánægju yfir framkomnum till. okkar Alfl.manna.

Þegar þess er gætt, að í Sjálfstfl. munu vera flestir þeir menn, er stórútgerð hafa rekið með stórum fiskveiðaskipum, þá er skiljanleg óánægjan yfir því, að ekki skuli það vera runnar till., sem líklegt er, að geti bætt rekstrarafkomu stórútgerðarinnar, en sannleikurinn er sá, að með fáum undantekningum hafa stórútgerðarmennirnir lítið verið fyrir nýbreytni gefnir og hafa helzt ekkert gert nema það, að fiska þorsk, fletja þorsk, salta þorsk, þurrka þorsk og selja þorsk til Spánar, og ekkert annað hefir komizt að í heilum margra þessara manna.

Þeir skilja þess vegna ekkert í þeirri nýbreytni, sem núv. ríkisstj. hefir beitt sér fyrir í útgerðarmálunum með tilraunum þeim og athugunum, sem gerðar hafa verið af fiskimálanefnd, og þeir skilja heldur ekkert í því, að Alþfl. geti nú verið með einskonar skuldaskilum stórútgerðarinnar, úr því hann gat ekki fallizt á frv. þeirra um skuldaeftirgjafir, sem Sjálfstfl. flutti árið 1934.

Einstaka menn í Sjálfstfl. og Framsfl. hafa látið á sér skilja, að gengislækkun íslenzku krónunnar sé eina ráðið til þess að bjarga atvinnuvegunum. Og Bændafl. hefir beinlínis fengið gengislækkun á heilann og telur hana allra meina bót. Með gengislækkun myndi jafnskjótt aukast dýrtíð í landinu, og kröfur um kauphækkun myndu þegar koma fram. Myndi allt því færast í sama horf fyrir atvinnuvegunum, eina breytingin yrði sú, að reiknað væri með hærri tölum til tekna og gjalda. En sé ætlunin sú, að standa á móti kauphækkun, þá er það ætlun gengispostulanna að láta lægst launaða fólkið í landinu greiða halla atvinnuveganna.

Allar nýbreytnistill. eru þyrnir í augum þeirra manna, sem íhaldsflokka skipa. En athuganir þær og tilraunir, sem fiskimálanefnd hefir gert að tilhlutan núv. ríkisstj. hin síðari árin, hafa fært Alþfl. og öllum hugsandi mönnum heim sanninn um það, að möguleikar séu fyrir togaraútgerðina íslenzku og einnig bátaútgerðina að starfa með arðvænlegum árangri, þótt ekki sé einvörðungu byggt á því að veiða þorsk, er seldur sé saltaður eða þurrkaður á erlendum markaði.

Stjórnarandstæðingar sögðu á síðastl. hausti, að síldin hefði bjargað stj. frá því, að landið yrði gjaldþrota, vegna þess, í hve ríkulegum mæli síldin hefði veiðzt. Í þessu er sannleikskorn, en aðeins lítið sannleikskorn. Hvaða björgun var að síldveiðinni, ef ekki hefðu verið gerðar ráðstafanir til þess að hagnýta

síldaraflann? Það er ekki nema mjög takmarkað, sem hægt er að selja af saltaðri síld, vegna hinnar miklu samkeppni, sem er á heimsmarkaðinum um þá vöru. Ef ríkisvaldið og löggjafarvaldið hefði ekki gert þær ráðstafanir, sem gerðar hafa verið á undanförnum árum — einmitt af núv. stjórnarflokkum — til þess að hagnýta síldaraflann, þá hefði lítið gagn verið að allri síldargengdinni við Norðurland. Ef ekki hefði, sumpart gegn vilja sjálfstæðismanna, verið búið að reisa og kaupa og endurbæta síldarverksmiðjurnar í Norðurlandi, þá hefði lítið gagn orðið að síldinni, og þá hefði hún ekki bjargað landinu. En það er sú fyrirhyggja núv. stjórnarflokka — og vel að merkja, þrátt fyrir andstöðu íhaldsins — að reisa síldarverksmiðjur, sem hefir gert það að verkum, að hægt var að notfæra sér hinn mikla síldarafla, sem náttúran færði að landinu síðastl. sumar.

Það er því eingöngu að þakka framsýni þeirra flokka, sem hafa reist síldarverksmiðjurnar í Norðurlandi, að landsmenn hafa bjargazt á síldinni síðastl. sumar, en ekki eingöngu af því, að svo vildi til, að síldveiði var þar með rífara móti, en síldargengd ekki meiri en í meðallagi.

Alþfl. er nú með skuldaskilum stórútgerðarinnar, vegna þess að hann telur líkur fyrir því, að von sé um vænlegan fjárhagslegan rekstur þessa atvinnuvegar. Tilraunir, sem fram hafa farið síðastl. ár, gefa vonir um, að nýbreytni í framleiðslu og hagnýtingu sjávarafla gæti gefið góðan arð fyrir sjávarútveginn. Og á þessu eru byggðar till. Alþfl. um viðreisn sjávarútvegsins. — Skal ég í eins stuttu máli og ég get lýsa þessu nokkru nánar, og þó með ofurlitlum formála.

Öllum er það kunnugt, að saltfiskmarkaðurinn er svo óviss með núv. ástandi í hinu fyrra aðalmarkaðslandi okkar, Spáni, að óráðlegt væri að gera sér vonir um að geta selt allan sjávarafla vor Íslendinga til hinna fyrri markaðslanda vorra. Það verður því að reikna með stórkostlegri breyt. á sölu sjávarafurða. Öllum er kunnugt, hve mikið afhroð vér Íslendingar höfum goldið í sölu á ísvörðum togarafiski á brezkum markaði með innflutningstolli þeim, er lagður er á allan fisk, sem fluttur er til Stóra-Bretlands. Verður því að fara nýjar leiðir um meðferð og sölu fiskjar til Bretlands og aðrar en áður hefir tíðkazt. Nú vill svo vel til, að tilraunir hafa verið gerðar af fiskimálan. og fleirum, sem vel gefast, um sölu á íslenzkum fiski til Bretlands. Ef fiskurinn er tilhafður á réttan hátt, virðist vera nægur markaður til í Bretlandi og fleiri löndum fyrir allt það, er vér getum framleitt. Og þar er till. okkar Alþfl.manna um að reisa hraðfrystihús á hentugum stöðum nauðsynlegur liður.

Í hafinu umhverfis Ísland er mjög mikið af verðmætum fiski, og má þar búast við góðri sölu og arðvænlegum árangri, ef við getum búið hann út á þann hátt, að kaupendum erlendis falli hann í geð. Þar eru till. Alþfl. tvíþættar. Í fyrsta lagi, að breytt sé l. um dragnótaveiði í landhelgi, svo að hinum smærri mótorbátum sé gert kleift að afla verðmæts fiskjar og koma þeim afla á markað erlendis svo vel verkuðum, að aðrar þjóðir geti ekki gert betur; til þess eru hraðfrystihúsin nauðsynleg, eins og segir í till. okkar, og líkurnar fyrir góðum árangri af þessu eru tilraunir þær, sem gerðar hafa verið á undanförnum árum.

Vonirnar um arðvænlegan rekstur stórútgerðarinnar byggjast einnig á tilraunum þeim, sem af hálfu ríkisvaldsins hafa þegar verið gerðar. Fram að þessu hefir upsaveiði verið álitin til mestu óþurftar; togaraeigendur hafa látið skipverja sína henda þessum fiski fyrir borð, og sjórinn hefir í margra mílna fjarlægð borið lit af dauðum upsa. En nú hefir fyrir forgöngu ríkisstj. og fiskimálanefndar verið gert verðmæti úr upsa með því að herða hann, og hefir m. a. í vetur verið hengt upp til herðingar á þriðja þús. smálesta af upsa, sem talið er, að gefi sízt verri arðsvon en saltfiskur áður. Í öðru lagi hefir einnig fyrir forgöngu ríkisstj. og fiskimálanefndar verið hafin veiði á karfa, sem undir forustu íhaldsútgerðarmanna var ávallt fleygt í sjóinn aftur, og gefur sú veiði von um ekki alllítinn árangur. Og í þriðja lagi geta togararnir nú gengið til síldveiða yfir sumarið, nú þegar kostur er nægilega margra verksmiðja til þess að taka á móti afla þeirra, og gefið mjög góðan og arðvænlegan árangur.

En þó er ótalið í till. okkar Alþfl.manna, sem fjallar um endurnýjun togaraflotans og mér þykir einna merkilegast í till. Þótt nýtízku togarar yrðu dýrir í upphafi, þá tel ég, að þar sé mesti möguleikinn fyrir arðvænlega stórútgerð, og byggi ég það á þeirri reynslu, sem fengin er.

Í fyrra var fenginn hingað til lands stór togari, Reykjaborg, og hefir rekstur þess togara hingað til að mestu verið tilraun, sem mikið má af læra. Í þessum togara eru fullkomnari tæki til hagnýtingar afla en í nokkrum öðrum íslenzkum togara. M. a. eru þar vélar til að vinna fiskimjöl úr beinum og fiskiúrgangi, svo sem hausum og hryggjum. Þessi togari kom inn núna á þriðja í páskum og hafði þá unnið úr hausum og fiskiúrgangi fiskimjöl, sem nam að verðmæti um 11 þús. króna. Þann sama dag, þriðja páskadag, komu hingað til Reykjavíkur fimm aðrir togarar, sem ekki höfðu nein tæki til þess að vinna verðmæti úr úrgangi. Glöggum manni hefir reiknazt svo til, að þessir fimm togarar hafi mokað í sjóinn seljanlegu verðmæti fyrir samtals hartnær 30 þús. kr., sem hefði verið hægt að hagnýta, ef skipin hefðu haft samskonar tæki eins og togarinn Reykjaborg.

Nýir togarar, sem væru byggðir, gætu auðveldlega haft þessi tæki og það á miklu haganlegri hátt en hægt væri að koma við, ef þau væru sett í gömul skip; og samkv. því, sem segir um reynslu togarans Reykjaborg hér að framan, eru mestar líkur til, að nýtízkutogarar gætu hagnýtt aflaverðmæti, er auðveldlega gætu borið uppi þann verðmismun, sem er á gömlum skipum og nýtízku botnvörpuskipum.

Að öllu þessu athuguðu og mörgu fleiru, sem ekki er hægt að koma að í stuttri ræðu, er það sannfæring okkar Alþfl.manna, að með rannsóknum og athugunum á möguleikum útgerðarrekstrar, sem fram hefir farið á undanförnum árum, þá sé fenginn grundvöllur, sem fullkomlega réttlæti þær till. um viðreisn sjávarútvegsins, sem við höfum flutt á Alþ. og hér hefir verið getið í stórum dráttum.

*Þorsteinn Briem: Herra forseti! Síðast þegar ég talaði í útvarp hér frá Alþingi, þá voru þau ein rök færð fram á móti minu máli, að ég sæi ekkert nema bændurna. Það var þegar hæstv. fjmrh. hafði flutt í útvarpið framsöguræðu fjárl., þá notaði ég þann tíma, sem mér var skammtaður, til að rekja sundur sjónhverfingavef þeirra Potemkinanna, sem setið hafa í stjórn landsins. Og ræðumaðurinn, sem settur var út til að svara mér, gat ekki hrakið orð mín með neinu öðru en því, að það væri ekki að marka mig eða Bændafl., því að hann sæi ekkert nema bændurna. Ég skal nú gera sósialistunum það til geðs að játa þessar sakir, sem ég þá var borinn.

Vegna eðlisfars míns og æskuuppeldis heima í sveitinni minni og vegna þess, að ég hefi mestan hluta æfinnar lifað meðal bænda, þá er mér gjarnt til þess að líta á málin fyrst og fremst frá sjónarmiði bóndans — og frá sjónarmiði þeirra, sem eru að reyna að stunda framleiðslu sína sem sjálfstæðir atvinnurekendur eins og bóndinn. Frá því sjónarmiði verð ég því líka að líta á þetta mál, sem hér liggur fyrir. Og þó að það í fljótu bragði virðist bóndanum fjarskylt, þá er sú stefna, sem þar liggur til grundvallar, orðin svo áberandi í þjóðlífi voru, að til þess er full ástæða, að bóndinn virði hana fyrir sér og athugi, hvernig hann eigi að snúast við, þegar röðin kemur að honum sjálfum.

Frv. það, sem hér liggur fyrir, hljóðar í stuttu máli um það, að stofna skuli ríkisfyrirtæki til togaraútgerðar. Fyrirtæki þessu á ríkissjóður að leggja fé, allt að 2 millj. kr., og á að afla þess með lántöku. Auk þessara 2 millj. á að skylda bankana til að taka hluti í fyrirtækinu, líklega um 1—2 millj. kr. Og loks á að gefa almenningi kost á að kaupa hlutabréf í fyrirtækinu; en þar sem þar mun bresta bæði lyst og getu, verður varla reiknað með, að fyrirtækið fái hærri höfuðstól til umráða en 4 millj. samtals.

Fyrirtækið á að mega yfirtaka og kaupa togara, hús og aðrar eignir til útgerðar fyrir þrefalda upphæð þessa höfuðstóls, svo að fyrirtækið á að fá 12 millj. eignir til umráða þegar í byrjun — í togurum, veiðarfærum, fiskhúsum og fiskreitum til útgerðar hér í Reykjavík og nokkrum kaupstöðum öðrum. En þar sem fyrirtækið hefir ekki nema 4 millj. höfuðstól, þá verður að víkja að því, hvernig ætlazt er til að ná þessum 8 millj. eignum til viðbótar. Um það fjallar II. kafli. Hann hljóðar um það, að skipuð skuli 7 manna n., launuð af ríkissjóði. Í henni eiga að vera tveir menn kosnir af Alþingi, tveir menn tilnefndir af bönkunum, einn maður frá togaraútgerðarfyrirtækjum, einn maður skipaður af atvmrh. og einn maður frá Alþýðusambandi Íslands.

Þessi n. á að meta efnahag allra togaraútgerðarfyrirtækja í landinu og hafa óhindraðan aðgang að öllum gögnum og skilríkjum þeirra; en matið á að miða við væntanlegt söluverð í augnablikinu. Öll þau útgerðarfyrirtæki, sem samkv. matinu geta ekki greitt skuldir sínar að fullu og hafa tapað á síðasta ári og ekki greitt afborganir af skuldunum, skulu gerð gjaldþrota. N. á að gera sérstaka skýrslu um það, hvað af eigum slíkra félaga sé gott fyrir ríkisútgerðarfyrirtækið að fá eignarhald á. Þyki n. gott fyrir ríkisútgerðina að fá eitthvað af eignum þessara gjaldþrota félaga, skal láta þær af hendi til ríkisútgerðarinnar **fyrir matsverð n. sjálfrar.** Þó geta kröfuhafar að meiri hluta skuldanna krafizt yfirmats, en þá er þeim líka skylt að hlíta því mati.

Allar þessar eignir, sem n. kann að þykja heppilegt, að ríkisútgerðin eignist frá einkafyrirtækjunum, yfirtekur ríkisútgerðin með áhvílandi skuldum, og mega þær nema allt að 8 millj. skv. áður sögðu, auk þess hluta skuldanna, sem bönkunum er gert að skyldu að taka í hlutabréfum ríkisútgerðarinnar. Allar aðrar eignir togaraútgerðarfyrirtækjanna en þær, sem ríkisútgerðin vill taka undir sig, eiga auðvitað að fara á nauðungaruppboðin, sem þýðir í flestum tilfellum ekki annað en að bankarnir yfirtaki þær.

Þannig á þá að takast með ca. 4 millj. höfuðstól frá ríki og bönkum, og ef til vill að einhverju örlitlu leyti frá hluthöfum, að koma upp ríkisútgerðarfyrirtæki, sem getur til að byrja með haft um 12 millj. eignir á hendinni.

En eitthvað þarf nú þetta útgerðarfyrirtæki hins opinbera fleira en fjalirnar, til að fljóta á. Eitthvert fé þarf í sjálfan reksturinn, hvernig sem hann kann nú að ganga. Og eitthvert fé þarf til að launa sjórnarnefndunum eða stjórnarráðunum, sem væntanlega verða sett yfir svona fyrirtæki.

Fyrir þessari hv. d. liggur frv. um, að yfir síldarverksmiðjur ríkisins verði sett ráð og nefndir með 20 mönnum samtals. Ekki mundi óliklegt, að þurfa þætti fleiri tugina í stj. og yfirstj. og þaryfirstj. svona risalegs fyrirtækis. Og ekki munu slíkar stj. og þaryfirstj., ásamt öllum forstjórum og undirstj. og undirforstjórum á hverjum stað úti um landið vinna alveg kauplaust. Ef miðað er við fóðurþunga þessara 40 manna, sem eru nú í áfengisverzluninni einni saman, þá mundi þetta fólk ekki verða mjög létt á fóðrunum hjá sósialistiskum ríkisstjórnum.

Á það hefir verið bent, og það réttilega, að hjá sumum einkaútgerðarfyrirtækjum hafi laun yfirmannanna verið mikils til of há. Og ég vil segja, að það sé bankanna, sem lána fé til slíkra fyrirtækja, að hafa þar meiri hemil á. En vart munu lægri launin og vart munu færri óþarfamennirnir, sem holað væri inn í eitthvert svonefnt starfið, til að hirða launin, þegar ríkisútgerðin kæmi til.

Hve mikið fé muni þurfa til að undirhalda þetta lið allt og borga allan annan rekstur þessarar ríkisútgerðar, er ekki auðið að segja um að fullu fyrirfram. En allt rekstrarfé verður að taka að láni með síðferðilegri ábyrgð ríkisins, þó að lagaleg ábyrgð sé ekki nefnd í þessu frv. Enda er það sjálfsagt mál, að ef á stað verður farið og útgerðin græðir ekki, þá **verður** að gripa til ríkisábyrgðar, til að halda uppi rekstrinum, ef ekki á allt að fara í strand.

Sennilega mundi þess í lengstu lög freistað, eftir að slíkt risafyrirtæki væri eitt sinn komið á stofn, að halda því svo lengi gangandi sem unnt væri, í von um, að þó skakkaföll kæmu fyrir,

þá mundi úr rætast síðar. Enda væri þá ekki auðvelt að kippa snögglega aftur að sér hendinni með slíka útgerð, þar sem fjöldi verkafólks væri þá um leið sviptur þeirri atvinnu, sem það hefði hjá ríkisútgerðinni, í stað þeirrar, sem það nú hefir hjá einkafyrirtækjum. Það gæti því þurft ríkisábyrgð á ríkisábyrgð ofan, hvað lengi sem sú ábyrgð yrði þá á annað borð tekin gild.

Ég ætla nú engu að spá um það, hverjar gætu orðið afleiðingarnar, ef þetta stóra fyrirtæki misheppnaðist, svo að ekki þætti unnt að halda því áfram. Ég ætla aðeins að minna á afdrif eins fyrirtækis, sem áður hefir verið stofnað og var að ýmsu sambærilegt við það fyrirtæki, sem hér á nú að stofna til, þ. e. síldareinkasalan sáluga. Hún starfaði aðeins í 2½ ár. Eftir þessa stuttu æfi var útkoma hennar sú, að einkasalan hafði ekki aðeins sjálf tapað á 2. millj. kr., heldur töpuðu sjómennirnir og útgerðarmennirnir nær alveg þeirri síld, sem þeir höfðu afhent henni til umboðs síðasta sumarið.

Oft hefir nú leikið á ýmsu um síldarútveg og síldarverzlun landsmanna, en aldrei hafa þvílík ósköp gerzt í þeim atvinnuvegi eins og þegar síldareinkasölunni tókst að eyðileggja bezta markaðinn og svipta fólkið atvinnu sinni, ofan á hennar eigin töp. Sá maður, sem þá var atvmrh., tók í taumana með bráðabirgðalögum um skuldaskil einkasölunnar, áður en hún héldi lengra áfram á sinni óheillabraut. En mundi verða jafnauðvelt að stöðva þessa fyrirhuguðu ríkisútgerð, ef hún væri eitt sinn komin á stofn? Nei, þar mundu svo margir sjómenn og svo margt verkafólk eiga atvinnu sína í húfi, að sérhver landsstjórn væri næstum neydd til þess að halda útgerðinni í rekstri, hve mikill sem rekstrarhallinn væri, nema unnt yrði að tryggja rekstur skipanna í einkarekstri, svo skipin stöðvuðust ekki.

En hver segir það fyrir, með hvaða kjörum unnt yrði að koma slíku risafyrirtæki, sem þessi ríkisútgerð yrði, aftur yfir í annað rekstrarform? Hvernig gekk með sölu skipanna, sem hið opinbera keypti á stríðsárunum? Hve mikið var tapið, þegar þurfti að selja þau? Og hve mikið gæti tapið orðið, ef eigi yrði hjá komizt að selja aftur skip og eignir þessarar ríkisútgerðar? Mundu margir hafa kjark til að hefja á ný sjálfstæðan rekstur í útgerð togara, þegar þeir hefðu séð þess dæmi, hvernig Alþingi gæti með lögum tekið af þeim atvinnutækin, hvenær sem því þyði svo við að horfa og eitthvað hallaðist?

Mundi það ekki geta orðið erfiðara **þá** að koma upp **aftur** rekstri, óháðum ríkisvaldinu, heldur en **nú** að styðja hann? Það er a. m. k. gamalt búmannsorðtak, þetta: „Hægra er að styðja en reisa.“ Og ekki mun það orðtak hafa verið gripið úr lausu loftinu, þó að ýmsir vilji nú rífa niður, áður en þeir vita, hvort þeir geti byggt upp.

Það er ekki þar með sagt, að rétt sé að reyna að reisa við öll togaraútgerðarfyrirtækin. Ég geri miklu fremur ráð fyrir, að réttara væri af bönkunum að reyna að koma þeim sumum yfir á aðrar hendur. Og ef bankarnir beiddu um aðstoð ríkisvaldsins til þess að geta stutt hagsýnustu og duglegustu útgerðarmennina og sjómennina til að yfirtaka með sanngjörnu verði þá togara, sem ekki eru nú reknir af nægri hagsýni, þá tel ég það skyldu Alþingis að veita þá aðstoð. En að beita útgerðarfyrirtækin þeim tökum, sem ég lýsti áður, tel ég eigi aðeins ósanngjarnt, heldur alveg fráleitt.

Mér verður að minnast þess, að hversu hátt sem valdamennirnir hafa gumað af því sjálfir eða fyrir munn sinna skósveina, að þeir hafi breytt hallæri í góðæri, þá tala nú staðreyndirnar annað. Á slíkum tímum er þess ekki að vænta, að framleiðslutækin seljist fyrir sannvirði eða það verð, sem fást mundi, ef atvinnuvegirnir byggju við meðalkjör. Hugsum okkur t. d., að send væri matsn. á hendur þeim bændum, sem ekki gætu að fullu staðið í skilum vegna taprekstrar á búinu og þessi n. segði: Þetta, sem ríkið vill taka, það verðið þið að láta af hendi fyrir það verð, sem við metum, ef bankinn ekki mótmælir. Annars fær hann yfirmat, en ekki þið. En hitt, sem við teljum ekki, að ríkið þurfi á að halda, það fer á nauðungaruppboðið.

Ég er ekki í miklum vafa um það, að ef slík aðferð væri höfð við atvinnufyrirtækin almennt í landinu, þá færu mörg þeirra á höfuðið. Ætli það yrðu ekki æðimörg iðnaðarfyrirtækin hér í höfuðstaðnum og víðar, sem færu sömu leiðina með slíku mati og slíkum ráðstöfunum? Og vitanlega yrðu hin stærri iðnaðarfyrirtækin tekin næst til samskonar ríkisrekstrar. Þá held ég, að mætti halda áfram með línuveiðarana. Ekki yrði þeim gleymt, þ. e. a. s. ef ríkið vildi nota þá. Svona mætti elta uppi allan atvinnurekstur landsmanna, allt niður að smæstu fleytunni og upp í afdalakotin, sem þá yrðu líklega gerð að einum allsherjar ríkisafrétti, þegar skipulagningin kæmi til.

Svo að ég tali um fiskiskipin eins og annan bústofn landsmanna, þá minnist ég þess, að togararnir voru eitt sinn kallaðir mjólkurkýr. Vafalaust höfðu menn í þá daga fullkomna oftrú á kúnum þeim. En það verður þó að játa, að þær kýr hafa mjólkað allvel til hins sameiginlega þjóðarheimilis. Og til þess eru vitanlega kýrnar, að þær séu mjólkaðar. Enginn bóndi gleymir þó því, að til þess að kýrin haldi nytinni, þarf hún að vera í holdum. En þetta hefir gleymzt að því er snertir allar mjólkurkýr þjóðarbúsins, framleiðsluna til lands og sjávar. Og togaraútgerðin er þar engin undantekning. Ég sé af skýrslum skipulagsn. atvinnumála, að af öllum togaraflotanum hafa aðeins 5 skip skilað tekjuafgangi 1935. Af þessum 5 skipum eru 2, sem virðast vera í eign sama fyrirtækis og skila samtals 1237 kr. í tekjuafgang.

En hvað bera þessi 2 skip í skatt? Skv. skýrslu skipulagsn. hafa þessi tvö skip greitt í skatt og útsvar og önnur opinber gjöld 37300 kr. á árinu 1935. Og fjöldi skipa, sem rekin hafa verið með tapi, greiðir þó um 20 og upp undir 30 þús. kr. í opinber gjöld. Þetta held ég, að sé að láta kúna mjólka af sér holdin, og hún er fljót að geldast meira, ef svo er að farið.

Og svo eru vextirnir. Bankarnir eru enn í sárum eftir gengishækkunina 1925, sem varð til þess, að Íslandsbanki fór á höfuðið. Og þó að

ríkið hlypi undir bagga með báðum bönkunum, þá þurfa þeir enn að vera að vinna upp gömul og ný töp, af því að framleiðslan hefir yfirleitt ekki borið sig, nema í mestu árgæzkuárum, síðan sú gengispólitik var tekin upp, sem fylgt hefir verið síðan.

Töp sín vinna bankarnir upp aftur með því að hafa háa vexti, einkum Útvegsbankinn, enda hefir hann lakari aðstöðu. Hann tekur raunverulega 7½% vexti af lánum sínum til útvegsins. Og það, sem verra er, að hann gerir ekki neinn mun á vöxtum af rekstrarlánum eftir því, hvort lánað er áhættulán eða gulltryggt.

Ég veit ekki betur en að bankinn taki t. d. alveg sömu vexti af rekstrarláni út á jafnvel fullverkaðan fisk, sem er vátryggður inni í húsi, og út á fisk, sem enn er óveiddur úti í rúmsjó. Ég veit ekki heldur til, að neinn munur sé gerður í vöxtum út á 1. veðrétt í fullverkuðum fiski komnum í hús og vöxtum gegn 2. eða 3. veðrétti. Þetta er ekki aðeins ósanngjarnt, þegar menn verða að bíða lengi með fiskinn, þangað til röðin kemur að honum til útflutnings, heldur er það líka mjög óheppilegt fyrirkomulag af stofnunum, sem eiga að vera einskonar uppeldisskóli fyrir landsmenn í heilbrigðum viðskiptum. Því ef gerður væri hæfilegur munur á vöxtum, eftir því hve tryggingin væri örugg, hliðstætt við það, sem er um fasteignalán gegn 1., 2. og 3. veðrétti, þá mundi það vera hið öflugasta meðal til þess, að menn gættu meiri varfærni um lántökur, þegar léleg trygging er fyrir. Mundi margt fyrirtækið haga sér í ýmsu skynsamlegar, ef hér væri réttari regla upp tekin.

Ég vil því skjóta því til hv. 1. flm., Jóns Baldvinssonar, bankastjóra sjávarútvegsbankans, sem er enginn sósialisti, heldur hinn launhyggnasti kaupsýslumaður, þegar hann situr í Útvegsbankanum, að hann lagi þetta í sínum banka og beiti sér fyrir hinu sama hjá aðalbankanum. Því allir vita, að Jón Baldvinsson er áhrifamaður, þar sem hann hefir áhuga og beitir sér, enda á hann þar ekki við aðra eins ofstopamenn að etja, eins og þá, sem stundum getur tekizt að bera hann ráðum innan hans eigin flokks.

Öll framleiðsla til lands og sjávar þarf lægri vexti, og sérstaklega þar, sem um hinar gildustu tryggingar er að ræða, eins og er um fasteignalán landbúnaðarins. En hið sama gildir vitanlega um þau lán, sem útvegurinn getur boðið nógu gildar tryggingar fyrir. Þetta er því eitt af aðkallandi nauðsynjum útvegsins, eins og framleiðslunnar allrar, að leitazt sé fyrir af bönkum og ríkisstj., með aðstoð Alþingis, um möguleika á hagkvæmari lánum en nú er.

Ég efast jafnvel um, eftir því sem mér er kunnugt um þá vexti, sem bankarnir hér þurfa sjálfir að greiða af rekstrarlánum sínum erlendis, að vextir af vel tryggðum lánum þurfi að vera svo háir sem nú er. Vaxtaþunginn stafar af því, að bankarnir eru að vinna upp gömul töp. En hann stafar ekki af því einu. Hann stafar líka af því, hve sjálfur rekstur bankanna er dýr. Manni hlýtur að vaxa það í augum, að starfskostnaður bankanna skuli vera um 1¼ millj. kr. alls (Landsb. ¾ millj., Útvegsb. fast að ½ millj.). Það er mikið fé, sem þar leggst á atvennuvegina. Og ég vil enn skjóta því til hv. 1. flm., bankastjórans, að hann beiti sér fyrir meiri hagsýni á þessu sviði, til léttis fyrir atvinnuvegina. Það eru takmörk fyrir því, hve atvinnuvegirnir geta mjólkað. Og bankamennirnir mega ekki mjólka úr þeim blóðið!

Þá eru stimpilgjöldin tilfinnanlegur skattur á rekstrarvíxla veiðiskipanna í viðbót við okurvexti. Það getur ekki heldur talizt heppilegt fyrir viðskiptalífið, að menn freistist til að taka víxla til sem lengst tíma, til að sleppa við stimpilgjaldið.

Þá er það eitt, sem ísl. útvegur á einn við að búa af útvegum allra þjóða. Þ. e. að hér er engin frihöfn, sem kallað er. Alstaðar annarsstaðar gilda þær reglur, að ef skip leggur á land vörur, sem ekki eiga að notast innan landhelginnar, þá fást þær leystar út úr tollinum, þegar farið er með þær út fyrir landhelgina aftur.

En hér verða veiðiskip, sem koma t. d. með nýtt veiðarfæri, sem ekki er farið að nota áður en siglt er inn í landhelgi, að borga tollinn, þó að þau fari með það strax út fyrir landhelgina aftur. Þetta er mál, sem líka getur snert viðskiptasamninga við aðrar þjóðir. Og það er nauðsyn á, að það sé rannsakað, hvort hér mundi um tap eða ávinning að ræða gagnvart öðrum þjóðum, ef þessu væri breytt. Sé það viðskiptalega rétt gagnvart öðrum þjóðum, þá eigum við að taka upp þeirra háttu í þessu efni. En verði það að teljast athugavert, vegna viðskipta okkar við þær þjóðir, sem hér koma helzt til greina, þá á að bæta ísl. veiðiskipunum þetta upp á annan hátt, t. d. með lækkun eða afnámi útflutningsgjaldsins, sem hvergi mun heldur þekkjast sem gjaldstofn fyrir ríkissjóð, eða öðruvísi en sem gjöld til hafna, nema hér.

Þá eru vátryggingarmál veiðiskipanna í hinu mesta öngþveiti. Mér er sagt, að eftir lok heimsstyrjaldarinnar hafi togari greitt 12—13 þús. fyrir vátryggingu, en nú greiði samskonar togari um 20 þús. Og af skýrslum sést, að ýmsir greiða þar yfir. En í stað þess, að með lægra iðgjaldinu fengu menn bættan hvern sjóskaða, sem var yfir 10 £, þá koma nú 100 £ til frádráttar á hvert sjótjón, og ekkert greitt fyrir það sjótjón, sem er undir 2215 kr. M. ö. o., þau sjótjón, sem tíðust eru og mestan gera kostnaðinn samanlagt í heild sinni, fást alls ekki vátryggð. Hér er vafalaust verkefni fyrir löggjafarvaldið og ríkisstj. að reyna að ráða bót á. Enda sambærilegt við aðrar ráðstafanir ríkisvaldsins í hliðstæðum tryggingarmálum.

Þá þarf ríkisvaldið ekki síður að vera vakandi yfir markaðsmöguleikunum, og skiptir þar eigi minnstu máli, ef unnt væri að fá ísfiskstollinn brezka lækkaðan, eða sérleyfi af þeirra hálfu til meira innflutnings. Þeim verður að skiljast, að við getum ekki borgað skuldirnar nema í vörum.

Þetta, sem nú hefir sagt verið, á jafnt við, í hvaða formi eða eftir hvaða skipulagi sem útvegurinn er rekinn. Það á jafnt við, hvort sem skipin eru gerð út sem eign einstakra manna eða hlutafélaga eða samvinnufélaga, sem sumir vilja nú kalla hlutarútgerð, vegna þess skugga, sem fallið hefir á fyrra nafnið fyrir mistökin, sem ég skal ekki gera að umtalsefni.

Mér finnst rangt að skella skuldinni á samvinnuútgerðarfyrirkomulagið, þó að óheppilegir menn hafi sumstaðar gerzt til að framkvæma það. Sannleikurinn er, að mennirnir geta verið óheppilegir og mistökin geta orðið undir hvaða skipulagi sem er. En það er auðvitað mest hætta á þeim mistökum, sem koma af því, að óheppilegir menn veljist til forstöðunnar, þegar hin pólitísku sjónarmið ráða mestu um val stj. og forstöðu, — því að þar er, eins og menn vita, margur leirinn forgylltur. Ég tel því ríkisútgerðina langsamlegasta áhættumest og viðsjálast skipulag í þessum efnum.

Einkaeignarfyrirkomulagið, hvort sem um einn einstakling eða fleiri í hlutafélagi er að ræða, hefir þann ókost, þegar um stórfyrirtæki er að ræða, að þar eru opnar dyr fyrir tortryggni úr ýmsum áttum. Einkum er það mjög óheppilegt, ef það starfsfólk, sem hjá fyrirtækinu vinnur, þykist hafa ástæðu til tortryggninnar, og getur það haft sömu afleiðingar, hvort sem sú tortryggni er á rökum byggð eða aðeins vakin upp af óhlutvöndum mönnum.

Samvinnuútgerðin hefir þar yfirburði að því leyti, að félagsmenn, sem að fyrirtækinu vinna, eiga að geta haft aðgang að því að kynna sér rekstur útgerðarinnar betur en ella, og fleiri ættu að eiga hagsmuna að gæta um það, að útgerðinni farnist vel. En þess atriðis gætir því miður minna í framkvæmd, ef á bak við er svo há ríkisábyrgð, að það skiptir sjálfa félagsmennina rétt engu, hvernig fer og á hverju veltur. Of háar ríkisábyrgðir eru því einnig að þessu leyti mjög svo athugaverðar.

Hinsvegar er það stórmikill ávinningur, ef samvinnu- eða hlutaútgerðinni er svo vel stjórnað, að hún geti komið upp raunverulegum sjóðum, sem geti stutt bæði útgerðina og þátttakendurna að komast yfir erfiðustu árin. Og þar, sem samvinnu- eða hlutaútgerðin ber gæfu til þess að lenda ekki í höndum pólitískra loddara og lýðskrumara, þá hefi ég trú á, að hún sé réttlátt fyrirkomulag og að henni muni farnast vel, þó að reynslan sýni þess hinsvegar ljós dæmi, að sérhvern góðan hlut má herfilega misbrúka. En hitt er sjálfsagt mál, að samvinnuútgerðin verður að taka tillit til þess fólks, sem að henni vinnur í landi, jafnt og til þeirra, sem sjóinn sækja, því annars næst ekki fullkominn árangur. Hlutaskiptafyrirkomulagið hvílir á aldagömlum grundvelli, sem enn hefir litið haggazt. Það byggist á þeim grunni, sem Rómverjar reistu lögin á, „suum cuique“ (hverjum sitt). Það fyrirkomulag er enn tíðast í smáútgerðinni og þyrfti að vera það víðar. En vegna aflaleysisáranna verður þó að tryggja starfsmönnum lágmarkskaup. Enda er það í rauninni ekkert nýtt, því að hlutamennirnir gömlu munu hafa haft viss hlunnindi, sem voru jöfn, hvernig sem aflaðist. En þá þarf útgerðin að geta safnað einhverju í góðu árunum, til þess að geta borið þungann fyrir starfsfólkið, þegar illa árar. Það þarf að hafa það ákveðið í hlutafélagalögunum, á þann hátt, að félögunum væri skylt að safna af ársarðinum í varasjóð, en hluthafar geti aldrei skipt öllum arði. Þessi varasjóður ætti svo að vera skattfrjáls. Þar, sem hlutaskiptum með lágmarkstryggingu verður ekki að fullu við komið, svo sem kann að vera í stórútgerðinni, ef hún er ekki rekin á hreinum samvinnugrundvelli, verður að finna ráð til að sameina betur hagsmuni starfsfólksins og útgerðarinnar, — og sérstaklega að gefa eigi tortryggninni jafnvítt svigrúm til beggja handa og nú er. Í því efni væri mikilsvert, að sem flest starfsmanna hjá útgerðarhlutafélögum ættu, þó ekki væri nema lítinn hlut í útgerðinni. Þeir öðluðust þar með öll aðalfundarréttindi og þar með þátttöku í vali endurskoðenda og stj. E. t. v. mætti og tryggja þennan rétt betur með lögum. Hvort þessari hlutareign yrði á komið smám saman, með einhverri örlágri prósentu af launum yfir vissu marki, er færi stighækkandi eftir hæð launanna, eða með einhverskonar kauppremíu í hlutabréfum, það er mál fyrir sig. En gefið mál er, að slíkir hlutir mættu aldrei reiknast hærra verði en þeir þættu sanngjarnlega metnir af yfirskattanefnd á hverjum tíma. Yrði slíkri þátttöku starfsfólksins í fyrirtækjunum, sem það vinnur hjá, við komið á einn veg eður annan, þá teldi ég báða aðilja hafa tryggari aðstöðu.

Ef samvinnuútgerðin, hlutaskiptaútgerðin og sú útgerð, sem tíðkazt hefir á togurunum til þessa, fær ekki staðizt, ef sanngjarnt tillit er tekið til þarfa hennar og reynt að vinna að umbótum, þá er eðlilegt, að menn ræði um bæjarútgerð og fyrirkomulag hennar. Skoða ég það sem sérmál hvers kaupstaðar og skal ekki rætt af minni hálfu. Ef sú útgerð fær staðið á heilbrigðum grundvelli við hin sömu kjör og önnur útgerð, þá fæst þar reynsla, sem á verður byggt. Ég skal ekki ræða þá reynslu, sem fengin er á einum stað. Mig brestur kunnugleika til þess, að öðru leyti en því, sem blöðin hafa sagt. En meiri líkur eru til, að bæjarútgerð geti vel farnazt en ríkisútgerð, og styður margt að því, svo sem aðstaða til eftirlits og meira aðhald almenningsálitsins og það, að menn finna því betur, að þeir hafa sameiginlegra hagsmuna að gæta, ef í þröngum hring er en allt of víðum o. s. frv. En þó hygg ég, að eðlilegra væri, að bæirnir ættu fiskistöðvarnar á landi og leigi þær út með svo lágri leigu sem mögulegt er, en að þeir hafi sjálfan veiðirekstrinn með höndum. Og vafalaust hefir ríkissjóður nóg í hættu með sinn eiginn rekstur, þó að hann taki ekki á sig stórar ábyrgðir vegna slíkra bæjarfyrirtækja, enda virðist reynslan vera sú, að ábyrgðartilfinningin sljóvgast við það, ef ábyrgð ríkisins er á bak við.

Ég tel, að til alls annars verði frekar að taka en ríkisútgerðar, og þykist ég hafa fært að því nokkur rök. Það **eina**, sem gæti virzt henni til meðmæla, er það, sem fram er haldið, að hún tryggði kjör starfsfólksins, sem að henni vinnur í landi og á sjó. En gæti nú ekki einnig það brugðist? Hefir ekki ríkissjóðurinn nægilega mörg járn í eldinum nú þegar? Og gæti það ekki farið svo, að ríkissjóður brenndi sig á sama soðinu og sagt er nú um útgerðarfyrirtækin, að hann hirti gróðann, eða a. m. k. vextina, þegar skár gengi, en stæði svo galtómur uppi, þegar mest þyrfti að hjálpa fólkinu? — Og gæti það ekki verið að leika sér með forlög fólksins, að lofa því fullri forsjá, en geta svo ekki staðið

við neitt, þegar virkilega reyndi á? — Og ef öll forsjá og afkoma fólksins í landinu á að vera í höndum þessa Alþingis, þar sem sjálfir stj.-flokkarnir gera það að helzta kappsmáli sínu og eru að rifast í þingræðum um það, hvor stj.-flokkanna hafi getað komið fleirum af sínum flokksmönnum í atvinnu hjá síldarverksmiðjum ríkisins, þá má eitthvað betur úr rætast en nú horfir, ef allt á að fara vel.

Það verður einhverntíma rifizt um jötuna, einhverntíma bitizt í stalli um moðið, þangað til jatan er tóm!

Bernharð Stefánsson: Herra forseti! Frumv. það, sem hér liggur fyrir, nefna flutningsmenn þess: „Frumv. til laga um ráðstafanir til stuðnings togaraútgerðinni", en mér **finnst**, að það hefði heldur átt að heita: Frumv. til laga um **gjaldþrot togaraútgerðarinnar** og ríkisrekstur togara, — því slíkt **heiti** hefði lýst miklu betur efni þess.

Samkv. frumv. ætlast flm. þess til, að á þessu ári fari fram mat á því, hvernig varið sé efnahag og **rekstrarafkomu** íslenzkra **togaraútgerðarfyrirtækja**. Matsverðið á að miða við sölu eigna í frjálsum viðskiptum, og er hætt við, að það yrði fremur lágt, eins og ástatt er og ef allsherjaruppgerð togaraútgerðarinnar stæði fyrir dyrum. Þau togaraútgerðarfyrirtæki, sem ekki eiga fyrir skuldum, á svo að gera gjaldþrota — og ekki einasta það, heldur á einnig, að því er mér skilst, að gera þau útgerðarfyrirtæki gjaldþrota, sem að dómi matsnefndar eru svo skuldum hlaðin, að fyrirsjáanlegt er, að þau geti ekki greitt skuldirnar að fullu. Býst ég við, að þetta mat geti orðið nokkuð erfitt, eins og nú er ástatt, og hljóti að verða nokkuð af handahófi, því hver getur fullyrt um það, hvenær vonlaust er um, að atvinnufyrirtæki geti greitt skuldir sínar? Auknir markaðsmöguleikar geta gerbreytt til batnaðar allri afkomu útgerðarinnar — og við vonum, að svo verði.

En með hliðsjón af núv. ástandi er hætt við, að þau yrðu nokkuð mörg togaraútgerðarfélögin, sem kæmu til gjaldþrotaskipta samkv. þessum reglum, og virðist beinlínis vera stefnt að því með frumv. að koma fram allsherjargjaldþroti togaraútgerðarinnar. Með slíkum aðgerðum væri gengið allnærri eignarréttinum og sjálfsákvörðunarrétti manna og stofnana. Bankarnir mundu tapa stórfé við þetta allsherjargjaldþrot, og er engin sönnun fyrir því, að allt það tap sé óumflýjanlegt, ef venjulegum viðskiptareglum væri fylgt, þó ganga megi að því sem vísu, að töluvert fé tapist á útgerðinni — hvort sem er.

Framsfl. er algerlega mótfallinn slíkum aðförum, sem hér er gert ráð fyrir. Hann er á móti því, að löggjafarvaldið blandi sér á þennan hátt inn í athafnalífið og atvinnurekstur inn og grípi svo hastarlega inn í starfsemi bankanna, þó hann hinsvegar vilji láta bankana hafa aðhald um það, að gæta allrar varúðar um stórar lánveitingar, og vilji láta þá hafa hæfilegt eftirlit með þeim atvinnurekstri, sem þeir lána fé til.

Mun ég víkja nánar að þessum atriðum, ef tími vinnst til, en skal nú að sinni snúa mér að þeim „stuðningi" við togaraútgerðina, sem ráðgerður er í frumv. eftir að gjaldþrot núv. útgerðarfyrirtækja hefir farið fram.

Hann er í því fólginn, að svokallað hlutafélag, sem stofna á „með aðstoð ríkisins", eins og það er orðað í frumv., á að yfirtaka togarana og aðrar eignir hinna gjaldþrota fyrirtækja og reka síðan togaraútgerð og hverskonar starfsemi, sem rekin er í sambandi við hana.

Til þess að átta sig vel á því, hvers eðlis þetta nýja hlutafélag og rekstur þess mundi verða, er bezt að athuga, hvernig á að afla hlutafjárins samkv. frumv. Það á að gera með þrennum hætti:

Í fyrsta lagi með almennu útboði hlutabréfa. Ekki sé ég þó neinar líkur til, að **nokkur** maður mundi kaupa hluti í slíku félagi, eða a. m. k. yrðu þeir sárafáir og hlutaféð frá þeim hverfandi lítið. Ekki væri mikil ástæða til þess fyrir menn að gerast hluthafar af áhuga fyrir því, að koma nýrri togaraútgerð af stað og útvega mönnum með því atvinnu og þjóðinni tekjur, því samkv. frumv. yrði ríkið að leggja það fé fram, sem á vantaði, þó ekkert kæmi frá einstaklingunum. Ekki býst ég heldur við, að fyrirtækið mundi þykja svo arðvænlegt, að menn af þeim ástæðum vildu setja fé sitt í það. Þessi fyrsta fjáröflunarleið er því, að mínu áliti, ekkert annað en blekking, gerð til þess að reyna að dylja það, að hér sé eingöngu um ríkisrekstur að ræða, því það virðist nú vera orðið eitt aðalatriðið hjá Alþfl. að hafa tillögur sínar um ríkisrekstur dulbúnar.

Í öðru lagi á að afla hlutafjár með því, að þeir innlendir skuldheimtumenn, sem eiga rétt til greiðslu af andvirði eigna þeirra, sem hið nýja „hlutafélag" yfirtekur, skulu skyldaðir til að taka hlutabréf í félaginu með nafnverði sem greiðslu á ⅓ hluta af innstæðu þeirra, ef hún er yfir 1000 krónur. — Þeir skuldheimtumenn, sem hér er talað um, eru auðvitað bankarnir, því skuldir útgerðarinnar eru aðallega hjá þeim. Verður ekki sagt, eftir annari meðferð á bönkunum að dæma samkv. stefnu frumv. að þeim sé ætlað að taka tiltölulega mikinn þátt í rekstri hinnar nýju útgerðar.

Þá er þriðja fjáröflunarleiðin, sem auðvitað er aðalatriðið og uppistaðan í þessari hugmynd allri. — Hún er sú, að ríkið leggi fram hlutafé. Skal framlag ríkissjóðs samkv. frumv. nema þeirri upphæð, sem á vantar, að hlutafé nemi a. m. k. einum þriðja hluta af matsverði þeirra eigna, sem félagið yfirtekur.

Eins og ég hefi áður tekið fram, geri ég alls ekkert úr hlutafjárframlagi einstaklinganna undir því skipulagi, sem hér er stungið upp á. Framlag bankanna á að vera mjög takmarkað, en ríkissjóð á að skylda til að leggja fram það fé, sem á vantar. Það er því augljóst mál, að hér er um hreinan og beinan ríkisrekstur togaraútgerðarinnar að ræða, og ekkert annað, þó reynt sé að dylja það undir yfirskini hlutafélagsstofnunar, sem ríkissjóður sé aðeins þátttakandi í.

Það er margyfirlýst, bæði fyrr og síðar, að Framsfl. er og hefir alltaf verið mótfallinn ríkisrekstri atvinnufyrirtækja. Nú síðast var því

greinilega lýst yfir af nýlega afstöðnu flokksþingi Framsfl.

Framsfl. álítur, að hægt sé að koma togaraútgerðinni á heilbrigðan grundvöll með samtökum einstaklinganna, og alla heilbrigða viðleitni í þá átt vill hann styðja.

Alþýðuflokknum hlýtur að hafa verið vel kunnugt um þessa afstöðu Framsfl. Hann getur því ekki hafa haft neina von um það, að koma þessu frumv. fram á þessu þingi. Heldur er málið borið fram sem „kosningabomba". Það er borið fram til að gylla sig með einhverju í kosningum þeim, sem flokkurinn virðist ætla að framkalla nú í vor, gylla sig í augum þeirra manna, sem trúa á sósialismann, en mörgum þeirra hefir fundizt Alþfl. hrekjast allmjög frá þeirri stefnu, á meðan hann, nú undanfarin ár, studdi Framsfl. að hinum ýmsu umbótamálum, sem komið hefir verið í framkvæmd.

Þó Framsfl. sé mótfallinn þjóðnýtingu atvinnufyrirtækja, þá er það samt ekki af neinum fordómi, að hann snýst á móti þessu máli. Jafnvel þó hægt væri að hugsa sér, að ríkið legði fram fé í togaraútgerðina, t. d. til kaupa á nýjum togurum, og jafnvel þó hægt væri að hugsa sér einhverja þátttöku ríkisins í útgerðinni, einkum til að afstýra neyðarástandi, þá er samt ekki hægt, eða a. m. k. ekki sæmilegt, að samþ. það frumv., sem hér liggur fyrir.

Ég hefi áður minnzt á þá aðferð, sem í frumv. er ráðgert að beita við núv. eigendur togaraútgerðarinnar.

Alþingi á að fyrirskipa að gera menn gjaldþrota, ef þar til kjörin nefnd álítur, að þeir muni ekki geta borgað skuldir sínar, jafnvel þó lánardrottinn sjálfur beri fullt traust til þeirra. Ég þori að fullyrða, að þetta kemur algerlega í bága við réttarmeðvitund þjóðarinnar. Slík mál sem þetta, hvort maður eða félag eigi að verða gjaldþrota, eiga að afgerast milli aðilja sjálfra: lánardrottins og skuldunauts, en ekki með lögum frá Alþingi, nema að því leyti, sem hin almennu gjaldþrotalög ákveða.

Flutningsmenn frumv. rökstyðja þetta að vísu með því, að eigendum sumra fyrirtækja muni vera orðið skylt samkv. gjaldþrotaskiptalögunum að framselja fyrirtækin til skiptameðferðar.

Þetta má vel vera; ég skal ekki leggja dóm á það, en annar af flm. frumv., Jón Baldvinsson, er einn af bankastjórum Útvegsbankans. Ef það er rétt, sem hann segir um þetta í grg. frumv., hvers vegna gengur hann þá ekki að þessum fyrirtækjum? Það væri hinn rétti vettvangur og hin rétta aðferð. Eða skulda þessi fyrirtæki eingöngu Landsbankanum? Það mun ekki standa á Framsfl. til samvinnu um það, að bankarnir séu látnir hafa nauðsynlegt aðhald í þessu efni; hefir hann og lagt fram tillögur þar að lútandi hér í þessari hv. deild, en inn á stefnu þessa frumv. getur flokkurinn ekki gengið.

Þá er að athuga það, hvernig séð er fyrir hag ríkissjóðs samkv. þessu frumv. Ríkissjóður verður þá einnig að bera alla, eða svo að segja alla áhættu af rekstri fyrirtækisins.

Til þess að gera ríkissjóði kleift að leggja hlutaféð fram, á samkv. 4. gr. frumv. að heimila ríkisstj. að taka lán, allt að 2 millj. króna, eða gefa út ríkiskuldabréf fyrir þeirri upphæð. Þarf ekki að fara í neinar grafgötur um það, hvað sem flm. frumv. segja, að hér yrði um útlent lán að ræða, ef það þá fengist; nýja skuldasöfnun í útlöndum, — nýjan bagga á þjóðinni.

Því hefir nú verið lýst yfir af hálfu Framsfl., bæði af síðasta flokksþingi hans og víðar, að hann er á móti nýjum lántökum ríkisins erlendis, nema um sé að ræða lán til nýrra arðberandi fyrirtækja, sem sjálf geta staðið undir lánunum. En hér er að mínu áliti ekki um slíkt að ræða. Hér er ekki einusinni um nýtt fyrirtæki að ræða í eiginlegum skilningi, ekki um kaup á nýjum togurum til að auka atvinnu manna og tekjur þjóðarinnar. Ef svo væri, horfði málið töluvert öðruvísi við. Nei, hér er um það eitt að ræða, að breyta þeirri togaraútgerð, sem fyrir er í landinu, í ríkisrekstur. Til þess vill Framsfl. ekki bæta 2 millj. króna við ríkisskuldirnar.

Við þetta bætist svo það, að Alþfl. hefir í öðrum frumvörpum og tillögum nú á þessu þingi farið fram á stórkostleg fjárframlög og lánsheimildir til annara framkvæmda. Yrðu allar þessar kröfur hans samþ., hefir talizt svo til, að ríkið þyrfti að taka um 8 millj. króna ný lán. Hvort Alþfl. meinar þessar kröfur alvarlega, eða hvort þær eru aðeins „kosningabomburnar", veit ég ekki, en ég get ekki neitað því, að mér þykir hið síðara trúlegra.

En hvað sem um það er, þá er hitt víst, að inn á svo gálauslega fjármálabraut sem hér er farið fram á gengur Framsfl. aldrei og það hefði Alþfl. átt að vera ljóst frá upphafi.

En setjum nú svo, að þetta frumv. yrði samþ. og ekki væri horft í það að leggja stofnkostnaðinn fram með nýjum lántökum, — því ekki er öðru til að dreifa. Hvaða líkur eru þá til, að fyrirtækið beri sig? Hvaða líkur eru til, að rekstur þess gangi yfirleitt nokkuð betur heldur en rekstur togaraútgerðarinnar gengur nú? Ég sé ekki líkurnar til þess. Alþfl.menn segja, að það eigi að reka atvinnufyrirtækin með alþjóðarhag fyrir augum, en ekki til ágóða fyrir fáeina menn. Þessu er Framsfl. sammála, það sem það nær, en hann slær því samt alveg föstu, að framleiðslan verði, þegar til lengdar lætur, að bera sig fjárhagslega, — einnig þó hún sé í höndum ríkisins, annars falli allt í rústir. En það eru engar minnstu líkur til þess, að togaraútgerð bæri sig betur í höndum ríkisins heldur en hún hefir gert hingað til.

Það vita allir, að kröfur manna eru aldrei eins hóflausar eins og þegar hið opinbera á í hlut, — og mótstöðuaflið gegn óbilgjörnum kröfum er hvergi jafnlítið og hjá því opinbera. Það gera kjósendaveiðar flokkanna og yfirboð þeirra stjórnmálamanna, sem ekki bera ábyrgðina, þeirra, sem eru í stjórnarandstöðu. Við vitum allir, út í hvaða öfgar og vitleysu þessi ábyrgðarlausu yfirboð geta komizt; einkum er þetta ljóst, eftir að kommúnistar og hinn svokallaði Bændafl. komu til sögunnar.

Ef tekin væri upp ríkisútgerð togara og sjó-

mönnum og öðrum, sem að henni störfuðu, væri tryggð atvinna og það kaup, sem félagsskapur þeirra krefðist, sem mun vera tilgangur flm. þessa frumv., ætti þá að nema þar staðar? Ég verð að segja, að mér fyndist það ekki sanngjarnt. Hvers vegna á þá smáútgerðarmaðurinn að bera alla áhættuna af atvinnurekstri sínum? Hvers vegna á sjómaðurinn, sem ráðinn er upp á hlut á smáskipi, að bera áhættu? Hvers vegna á bóndinn að bera alla áhættu af búrekstrinum? Hvorki bátaútvegur eða búrekstur eru svo arðvænlegir atvinnuvegir nú, að menn vildu ekki gjarnan vera lausir við áhættuna af þeim, ef afkoma þeirra væri eftir sem áður tryggð. Ég geri því ráð fyrir, að þeim, sem þessa atvinnuvegi stunda, þætti stjúpmóðurlega með sig farið, eftir að ríkið hefði algerlega tekið togaraútgerðina og alla þá, sem við hana vinna, upp á sína arma. Og ég býst við, að frá þeim mundu fljótt koma kröfur um það, að þeir yrðu sama réttar aðnjótandi. Og ég verð að segja, að mér fyndist það ekki ósanngjarnt.

En er Alþfl. við því búinn að sinna kröfum þessara manna? Er hann yfirleitt við því búinn að bera ábyrgð á þessu frumv. og afleiðingum þess, ef það yrði samþ. Ég er sannfærður um, að svo er ekki og að frumv. er ekki heldur borið fram í þeim tilgangi, að það verði samþ., heldur í því trausti, að það verði ekki samþykkt.

Ég hefi nú gert nokkrar aths. við þetta frumv., sem fyrir liggur, og lýst andstöðu minni og þess flokks, sem ég telst til, við það. En þó Framsfl. geti ekki fallizt á þetta frumv., þá er samt langt frá því, að hann sé ánægður með það ástand, sem nú ríkir í útgerðarmálunum. Þvert á móti vill hann beita sér fyrir margvíslegum umbótum á því sviði sem öðrum, og verður síðar í þessum umr. nánar vikið að því efni frá hendi flokksins. En það vil ég taka fram nú þegar, að grundvallarstefna Framsfl. í útvegsmálum er sú sama og komið hefir fram í landbúnaðarmálunum, en hún er sú, að styðja að því með aðgerðum hins opinbera, að einstaklingarnir geti séð sjálfum sér og atvinnurekstri sínum borgið. Hann vill, eftir því sem geta ríkisins leyfir, styðja menn til að koma atvinnufyrirtækjunum á fót og gera þær ráðstafanir, sem hægt er, til að tryggja atvinnurekstur einstaklinganna, en hann vill ekki láta ríkið taka beinan þátt í atvinnurekstrinum.

Í landbúnaðarmálunum hefir þessi stefna flokksins m. a. komið fram í því, að beita sér fyrir stofnun nýbýla með lánum og styrkjum, en hann væri alveg mótfallinn, að ríkið færi að reka búskap á nýbýlunum. Flokkurinn hefir beitt sér fyrir því, að koma upp frystihúsum; hann hefir stofnað byggingar- og landnámssjóð; hann telur rétt að leggja fé ríkisins í jarðabætur, með jarðræktarstyrknum, sem er alveg hliðstætt annari hjálp til að koma upp atvinnutækjum. Einnig hefir flokkurinn beitt sér fyrir afurðasölulögunum, t. d. bæði kjötlögunum og mjólkurlögunum. En allt eru þetta framkvæmdir til að styrkja einstaklingana í þeirri viðleitni að bjarga sér sjálfir. Og á þeim grundvelli er flokkurinn alltaf reiðubúinn til að styðja málefni sjávarútvegsins, en að ríkisútgerð togaraflotans gengur hann ekki.

Í stað þess að fyrirskipa með lögum, að togaraútgerðin verði gerð gjaldþrota, eins og frumv. þetta kveður á um, vill Framsfl. stuðla að því, að bankarnir láti gera upp þau félög, sem ekki standa í skilum og ekki eiga fyrir skuldum. Skipin yrðu síðan á alveg eðlilegan hátt seld nýjum eigendum, hlutafélögum og samvinnufélögum sjómanna, og útgerð þeirra héldi áfram eftir sem áður.

En framtíðarlausn útvegsmála telur flokkurinn, að eigi ekki að byggjast á ríkisrekstri, heldur á samvinnu og samhjálp þeirra, bæði útgerðarmanna, sjómanna og verkamanna í landi, sem uppeldi hafa af þessum atvinnuvegi. Og slíka samvinnu og aðra sjálfsbjargarviðleitni á sviði sjávarútvegsins er Framsfl. alltaf reiðubúinn til að styðja, eftir því sem kraftar hans leyfa.

Pétur Magnússon: Herra forseti! Það er vitanlegt öllum hv. þdm., að frv. á þskj. 161 er eigi fram borið í því skyni, að það nái nú fram að ganga. Það er ein af kosningabombum þeim, sem forystumenn Alþfl. láta dynja yfir þingið þessa síðustu daga, borið fram í því skyni að breiða yfir vanefndirnar á áður gefnum kosningaloforðum. Það má því segja, að tilgangslítið sé að eyða miklum tíma í að rökræða einstöku ákvæði frv., enda hefir flm. þess sjálfur eigi farið þá leið. Hinsvegar er stefna sú, er fram kemur í frv., þess verð, að henni sé gaumur gefinn. Aðalstefna frv. er sú, að draga enn þá einn veigamesta þátt atvinnulífsins úr höndum einstaklinganna og leggja hann í hendur ríkisvaldsins, gera útgerð togaraflotans að ríkisrekstri. Þegar þess er gætt, að í 10 ár samfleytt hefir verið að því unnið leynt og ljóst að lama framtak einstaklingsins og draga sem flestar atvinnugreinar undir ríkisvaldið, þá er það í sjálfu sér ekki óeðlilegt, að annar áratugurinn á valdaferli sósíalistanna byrji með því að reynt sé að ná tangarhaldi á þessari atvinnugrein, sem stórvirkust hefir verið allra íslenzkra atvinnuvega, og mestan þátt hefir átt í þeim stórbreytingum, sem hér hafa orðið síðasta aldarfjórðunginn, — atvinnugrein, sem án efa mætti ennþá reka til hagsældar, ekki aðeins fyrir alla þá, sem að henni vinna, heldur fyrir landið í heild sinni, ef skynsamlega væri að henni búið.

Ástæðan, sem upp er gefin fyrir því, að nú skuli breytt til um tilhögun á rekstri togaranna, er sú, að togaraútgerðin hafi á síðustu árum gengið illa og að félögin, sem útgerðina hafa með höndum, séu mörg komin í fjárþröng. Ástæðan til þess er aftur talin sú, að þrengt hafi um markaði fyrir afurðirnar í markaðslöndunum. Þessi ástæða fyrir hnignun togaraútgerðarinnar, sem ekki verður á móti mælt, að átt hafi sér stað síðari árin, er þó ekki nema að nokkru leyti — og líklega að litlu leyti — hin sanna. Þrátt fyrir markaðstakmarkanir hefir hingað til tekizt að selja alla saltfiskframleiðsluna, en hinsvegar má vel vera, að mikið framboð hafi valdið því, hve lágt verð hefir verið

á saltfiskinum hin síðari ár, borið saman við aðrar vörutegundir. Hin raunverulega ástæða til hnignunar togaraútgerðarinnar liggur vitanlega í því, að til hennar hafa verið gerðar of háar kröfur, bæði um tilkostnað við fiskframleiðsluna og skattaálögur. Þessar kröfur hafa stafað sumpart af beinum illvilja sumra valdamanna í garð þessa atvinnurekstrar og þeirra, sem forystu hafa haft í honum, en sumpart eru þær áhjákvæmileg afleiðing þeirrar stjórnarstefnu, sem fylgt hefir verið síðasta áratuginn og nú verður ekki annað séð en að leiða muni fullkominn ófarnað yfir þjóð vora. Allir menn, sem einhverja ábyrgðartilfinningu hafa, hljóta að játa það, að á þessu þurfi að verða breyting. Togaraútgerðin er ennþá svo stór þáttur í atvinnulífi landsins, að það væri fullkomin þjóðarógæfa, ef hún þyrfti að fara í rústir án þess að ný sambærileg atvinnugrein væri áður sköpuð. Ennþá hefir það verið svo, að togararnir hafa boðið upp á betri atvinnuskilyrði en flest eða öll atvinnutæki, og þúsundir verkamanna og sjómanna eiga lífsafkomu sína undir heilbrigðum rekstri þeirra. Það væri því vissulega þess vert, að leitað væri ráða til að koma rekstri þeirra aftur á þann heilbrigða grundvöll, sem *reynslan ótvírætt sýndi, að hann hvíldi á*. En eigi tillögur þar að lútandi að vera teknar alvarlega, verða þær að gera það á einhvern hátt sennilegt, að hlutfallið milli kostnaðarins við rekstur togaranna og verðmætis afurða þeirra verði hagstæðara en verið hefir að undanförnu. Skal nú athugað, að hve miklu leyti tillögur þær, sem fram koma í frv. á þskj. 161, uppfylla þessi skilyrði.

Í orði kveðnu er það nú látið heita svo í frv., að stofna skuli hlutafélag til að reka togaraútgerð og að þetta nýja hlutafélag eigi að taka að sér rekstur allra þeirra togara, sem nú eru í höndum manna eða félaga, sem komnir eru í fjárþröng. Á í þessu skyni að hafa almennt hlutaútboð. En ef betur er að gáð, er þetta hlutafélagsform ekkert annað en blekking. Hvorki forystumönnum sósíalista né öðrum kæmi til hugar að leggja fram fé sem nokkuru næmi til áhættu í fyrirtæki, sem stofnað er til á þennan hátt. Í framkvæmdinni hlyti þetta því að verða þannig, að togararnir yrðu reknir fyrir reikning og á áhættu ríkissjóðs, með nokkurri hlutdeild frá aðalbönkum landsins, enda segir 3. liður 3. gr. frv., að framlag ríkissjóðs skuli nema þeirri upphæð, sem á vantar, að hlutafé skv. 1. og 2. lið nemi fullri hlutafjárupphæð. Það mætti nú að sjálfsögðu ýmislegt um það segja, að fé bankanna sé lagt í beina áhættu í slíku fyrirtæki, sem hér er um að ræða. Það hefir oft verið á það minnzt, að íslenzkur bankarekstur sé fulláhættusamur, þó reynt sé að taka þær tryggingar fyrir lánveitingum til atvinnurekstrarins, sem fengnar verða. En þó tæki út yfir, ef bankarnir ættu að setja það fé, sem þeim er trúað fyrir, sem beint áhættufé í atvinnugrein, sem með óbreyttri tilhögun eru engar líkur til, að gæti skilað því aftur. Það er hætt við, að slík tilhögun geti leitt til þess, að menn í enn stærri stíl en orðið er tækju að ávaxta fé sitt sjálfir án milligöngu bankanna. Það sýnist mjög hætt við því. En það mun naumast verða litið svo á, að lánastarfseminni sé betur komið á þann veg, að menn yfirleitt önnuðust hana sjálfir. Hinsvegar má sjálfsagt með réttu segja, að hlutdeild bankanna í þessu hugsaða útgerðarbákni sósíalistanna verði frekar aukaatriði. Aðalþunginn af útgerðinni hlýtur að hvíla á ríkissjóði. Það, sem í þessu máli þarf því fyrst og fremst athugunar við, er þetta: Er það heppilegra, að ríkissjóður hafi á hendi útgerð togaranna en einstaklingarnir? Er það heppilegra fyrir ríkissjóðinn sjálfan, eða er það heppilegra fyrir þá, sem eiga lífsframfæri sitt undir þessum atvinnurekstri?

Því verður nú að sjálfsögðu ekki móti mælt, að einkarekstur togara, eins og allur frjáls atvinnurekstur, hefir sína ágalla. Til þess að atvinnurekstur fari vel úr hendi, þurfa þeir menn, er veita honum forstöðu, að hafa sæmilega þekkingu á starfa sínum og vera þeim hæfileikum búnir, sem sá sérstaki rekstur útheimtir. Í frjálsum rekstri er vitanlega aldrei trygging fyrir, að eigi ráðist aðrir til slíkra starfa en þeir, sem þessum kostum eru búnir. Reynslan sýnir, að slíkt kemur þráfaldlega fyrir. En þessir *ágallar hins frjálsa rekstrar koma undantekningarlítið* mjög fljótt í ljós. Ef forstöðumaðurinn eða forstöðumennirnir eru eigi starfa sínum vaxnir, nær fyrirtækið sjaldan miklum vexti, og verður því eigi heldur mjög þýðingarmikill þáttur í atvinnulífi landsins. Það verður því jafnaðarlega ekki heldur mikill héraðsbrestur, þó þessi fyrirtæki falli. Ef fyrirtækin hinsvegar ná miklum vexti og blómgast, má heita, að trygging sé fyrir því, að þar séu réttir menn að verki, — menn, sem séu starfa sínum vaxnir. Hitt er annað mál, að í öllum áhætturekstri geta komið fyrir ófyrirsjáanleg atvik, er hnekki rekstrinum, auk þess sem jafnan er hægt að búa þannig að hverjum atvinnurekstri af hálfu ríkisvaldsins, að hann fái eigi staðizt. En einmitt í þessu, sem ég áður nefndi, liggja bæði kostir og gallar hins frjálsa atvinnurekstrar. Kostirnir eru þeir, að hann veitir þá tryggingu, sem yfirleitt er unnt að fá fyrir því, að réttir menn veljist til starfa, — gallarnir í hinu, að fleiri eða færri verða undir í baráttunni. En allir ættu að geta verið sammála um það, að á því velti mikið fyrir þjóðfélagið í heild sinni, að færustu menn veljist til forstöðu hinna stærstu og þýðingarmestu atvinnufyrirtækja landsins.

En hvernig mundi þetta nú horfa við, ef litið er til ríkisrekstrarins? Hefir maður leyfi til að ganga út frá því, að þegar farið yrði að velja menn til að veita forstöðu þessu risafyrirtæki þeirra sósíalistanna, yrði á það eitt litið, að forstöðumennirnir hefðu þá þekkingu, þá reynslu og þá hæfileika, sem beztir fyndust hjá þjóðinni? Ég vildi sjá framan í þann mann, sem treysti sér til að bera fram slíka staðhæfingu. Sá maður hefði a. m. k. ekki mikla trú á reynslunni. Við höfum orðið dálitla reynslu í því hér á landi, eftir hverju er farið við val forstöðumanna ríkisfyrirtækja. Og reynslan bendir vissulega ekki í þá átt, að það séu þessi sjón-

armið, sem mestu ráði um valið. Pólitískir verðleikar, velvild valdhafanna og þarfir ráðandi flokka hafa þar meira að segja.

Það þarf ekki annað en að minna á, hvernig forstaða hefir verið valin fyrir fyrirtæki eins og síldareinkasöluna og síldarverksmiðjur ríkisins, sem hvorttveggja voru eða eru risastór atvinnufyrirtæki. En það má heita, að undantekning sé, að í stjórn þessara fyrirtækja hafi verið valdir menn, sem sérstaka reynslu eða þekkingu hafi haft á starfi sínu. Það er í þessu sambandi varla hægt að komast hjá að minnast lítilsháttar á umr. þær, sem farið hafa fram undanfarna daga hér í þessari hv. deild út af stjórn síldarbræðslnanna, og þeirra hnippinga, sem hafa orðið milli stjórnarflokkanna út af því máli. Báðir hafa flokkarnir verið innilega sammála um það, að aðalsjórnarmiðið við val manna í stjórn þessa mikla fyrirtækis ætti að vera flokkssjónarmiðin og að hæfilegu jafnvægi milli flokkanna þyrfti að halda í stjórninni. Hitt virðist mönnum ekki hafa komið til hugar, að gera þyrfti nokkrar kröfur um kunnáttu eða reynslu. Og það liggur við, að broslegt hafi verið að heyra ádeilurnar, sem fram hafa komið á núv. stjórn verksmiðjanna, og varnirnar, sem fram hafa verið bornar fyrir hana. Framsóknarmennirnir deila á Alþfl. fyrir það, að stjórnin hafi sýnt hlutdrægni í vali starfsmanna við verksmiðjurnar og látið Alþfl.menn sitja þar fyrir. Atvmrh. neitaði þessu harðlega og sagði, að það hefðu verið teknir aðeins tveir fastir starfsmenn að verksmiðjunum, og annar þeirra hefði verið Alþfl.maður, en hinn framsóknarmaður. Jafnar fanst honum ekki hægt að skipta milli flokkanna. En framsóknarmennirnir svara því þá aftur, að það sé ekki vel að marka þetta, því að miklu fleiri Alþfl.menn en framsóknarmenn hafi verið teknir í ýmsa lausavinnu við verksmiðjurnar. Vesalings íhaldið talar nú vitanlega enginn um í þessu sambandi, eða að það þurfi nokkra atvinnu að fá. Og um aðra hæfileika þessara starfsmanna en flokkslitinn hefir aldrei verið talað, og ekkert út á þá sett. Ég rifja þetta upp hér einungis til að vekja athygli á því, hve gerspilltur hugsunarhátturinn er orðinn í þessum efnum, þegar jafnvel gáfaðir menn geta talað af svo barnslegri einfeldni í heyranda hljóði, og það á sjálfu Alþingi þjóðarinnar.

En í þessu liggur nú einmitt önnur aðalhætta ríkisrekstrarins. Hún liggur í því, að forstaðan er ekki valin eftir hæfileikum og þekkingu, heldur eftir pólitískum þörfum. Og þar sem allir hljóta að vera sammála um, að afkoma atvinnurekstrarins sé að æðimiklu leyti undir stjórn hans komin, er það augljóst mál, að ríkisrekstur út af fyrir sig veitir eigi auknar, heldur minnkaðar líkur fyrir, að atvinnunni verði haldið í sæmilegu horfi.

Um hitt þarf naumast hér að ræða, hve geysileg hætta er á því, að það vald verði misnotað, sem stjórn atvinnurekstrarins fylgir, þegar búið er að draga hann allan undir einn hatt og flokkspólitísk sjónarmið eru lögð til grundvallar. Þá fyrst eru fullkomnuð skilyrðin fyrir þeirri skoðanakúgun og hefndarpólitík, sem stórlega hefir gert vart við sig í allri framkomu stjórnarflokkanna á hinum síðari árum.

Það leiðir nú af sjálfu sér, að ef það er rétt á litið, að líkurnar fyrir heilbrigðum rekstri útgerðarinnar fari minnkandi, en ekki vaxandi, með því að hverfa frá einkarekstrinum yfir í ríkisreksturinn, þá er sú breyting sízt æskileg fyrir þá, sem lífsframfæri sitt eiga að hafa af þessari atvinnugrein. Þegar til lengdar lætur, hlýtur afkoma atvinnurekstrarins að segja til um það, hvað þeir, sem að honum vinna, bera úr býtum. Það er hægt að reka hallabúskap meðan verið er að éta upp það fé, sem í rekstrinum stendur, en ekki heldur mikið lengur.

Áður en ég skilst við þessa hlið málsins, ætla ég að drepa stuttlega á aðra hættu, sem jafnan er samfara öllum stóratvinnurekstri ríkisins, ekki sízt þar sem um áhættusama framleiðslustarfsemi er að ræða, eins og yfirleitt á sér stað hér á landi. En sú hætta liggur í því, að jafnvel þó valdir væru hinir vitrustu menn og hæfustu til að veita atvinnunni forstöðu, þá getur þeim þó jafnan yfirsézt. Mennirnir eru nú einu sinni ekki fullkomnir, og það verður ekki meira heimtað af þeim en að þeir geri eins vel og þeim er auðið. En þegar búið er að draga stóra og þýðingarmikla atvinnugrein undir sameiginlega stjórn, verða öll mistök í stjórninni yfirleitt ákaflega afleiðingarík og valda mikilli truflun í atvinnulífinu. Og ef illa fer og fyrirtækið fer alveg í rústir, getur það leitt til beins þjóðarvoða. Í einkarekstrinum horfir þetta öðruvísi við. Fallið verður þar yfirleitt ekki eins hátt, þó eitthvað beri út af með einhver atvinnufyrirtækin, og truflun atvinnulífsins því miklu minni. Þetta er og nauðsynlegt að hafa í huga, þegar velja á milli einkarekstar og ríkisrekstrar.

Þá skal næst stuttlega athugað, hvernig þetta mál horfir við að því er til ríkissjóðsins sjálfs tekur. Ég skal nú ekki ræða mikið um það út af fyrir sig, hve heppilegt það muni vera, eins og hag ríkissjóðs er nú komið, að stofna til nýrra milljónalántaka til að setja í áhætturekstur. Hv. 4. landsk. kvaðst að vísu óhræddur að stofna til lántöku til nýbreytni í útgerð. Látum það gott heita, ef líklegt væri gert, að sú breyting væri til hagsbóta. En það er bara það, sem á vantar. Og líklega munu margir líta svo á, að ríkissjóðurinn geri ekki betur en að standa undir þeim klyfjum, sem þegar eru á hann lagðar. En jafnvel þó öðruvísi stæði á og hagur ríkissjóðs stæði með blóma, þá er það út af fyrir sig varhugavert, ekki sízt með tilliti til trausts landsins út á við, að láta ríkissjóðinn blanda sér mjög í allskonar áhættustarfsemi. Þar gegnir allt öðru máli um fyrirtæki eins og einkasölurnar, sem þannig er frá gengið, að ríkissjóður sjálfur getur naumast eða ekki tapað á. Að vissu leyti má ef til vill segja, að fyrir þjóðarheildina skipti það ekki svo mjög miklu máli, hvort töpin lendi á ríkissjóði eða á bönkunum, en fyrir traust landsins út á við skiptir þetta þó nokkru máli. Það er t. d. engum efa undirorpið, og hefi ég fullar sannanir fyrir því, að ýmsir útlendir viðskiptamenn Síldareinkasölunnar líta á gjaldþrot henn-

ar sem nokkurskonar ríkisgjaldþrot, og má nærri geta, hver áhrif slík skoðun muni hafa fyrir viðskipti landsins í heild sinni. Einnig af þessum ástæðum væri því slíkt fyrirtæki sem það, er frv. á þskj. 161 gerir ráð fyrir, mjög svo varhugavert.

Ég þykist nú hafa leitt nokkur rök að því, að það út af fyrir sig sé engin leið út úr ógöngum þeim, sem togaraútgerðin er komin í, að henni sé breytt í ríkisrekstur. En vissulega er viðreisnar þörf. Og leið út úr ógöngunum verður að finna, ef ekki á að leiða til stórógæfu. Fjórar leiðir eru hugsanlegar. Í fyrsta lagi hækkað afurðaverð. Það hefir, sem betur fer, átt sér stað nú um aðra stærstu framleiðslutegund sjávarútvegsins, síldarafurðirnar. En jafnvel þó sú verðhækkun héldist, er hæpið, að hún ein nægi til þess að togaraútgerðin rétti við. En annars er það því miður svo, að við ráðum að litlu eða engu leyti yfir verðlaginu á framleiðsluvörum okkar, heldur verðum við þar að beygja okkur fyrir hinu almenna verðlagi á heimsmarkaðinum. Það er því ekki hægt að benda á verðhækkun sem neina örugga leið út úr ógöngunum. — Næsta leiðin, sem benda mætti á, eru skattaívilnanir meðan á örðugleikunum stendur. Sú leið væri ef til vill hugsanleg, ef samtímis færi fram niðurfærsla á rekstrarútgjöldum ríkisins. Mjög er þó hæpið, að þetta eitt út af fyrir sig væri nægilegt til viðreisnar. Þriðja leiðin, sem tala mætti um, er betri hagnýting afurða. Allir geta vitanlega verið sammála um það, að jafnan beri að keppa að því að gera framleiðsluna sem verðmætasta og taka upp þá nýbreytni í atvinnuháttum, sem breyttir tímar krefjast. Þetta hefir og verið gert í ýmsum efnum, en ég býst þó við, að það þætti of mikil bjartsýni að staðhæfa, að nýbreytni, sem hingað til hefir verið bent á, muni leiða togaraútgerðina út úr örðugleikunum. Fjórða leiðin er sú, að takmarka kostnað atvinnurekstrarins við tekjur hans. Sú leið er vitanlega ekki sársaukalaus, vegna þess að hún leiðir óhjákvæmilega af sér kauplækkun hjá öllum þeim, sem við atvinnureksturinn vinna, en þeir hafa margir hverjir of litlar heildartekjur með því kaupgjaldi, sem nú er greitt. En það þýðir hinsvegar ekki að loka augunum fyrir þeim sannleika, að atvinnurekstur, sem til lengdar gefur minni tekjur en tilkostnaðinum nemur, hlýtur óhjákvæmilega fyrr eða síðar að fara í rústir. Og það mun vissulega ekki heldur verða sársaukalaust, ef jafnþýðingarmikil atvinnugrein eins og togaraútgerðin ætti að fara í rústir. Það þýðir ekki að loka augunum fyrir því, að vinnuaflið verður óhjákvæmilega, hvort sem atvinnan er rekin af ríkinu eða af einstaklingunum, að laga sig eftir afurðaverðinu. Afleiðing þess er sú, að þegar verðlag afurða hækkar, á kaupið að hækka, eins og það einnig verður að fylgja verðlaginu niður á við. Ef út af þessu er brugðið, siglir atvinnuleysið, með öllu því böli, sem því fylgir, í kjölfar taprekstrarins, en það leiðir aftur óhjákvæmilega til lægri heildartekna verkalýðsins. Þessar meinsemdir atvinnulífsins verða aldrei læknaðar með orðagjálfri eða með því að æpa á strætum og gatnamótum, heldur með því einu að horfast rólega í augu við staðreyndirnar og reyna með rólegri yfirvegun og skynsemd að finna leiðir út úr ógöngunum.

*Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson): Ég vil hefja mál mitt með því að endurtaka þau orð, sem hv. síðasti ræðumaður lauk ræðu sinni með: „Það, sem verður að gera í þessu máli sem öðrum stórmálum, er það, að horfzt sé rólega í augu við staðreyndirnar og reynt að dæma um það, á hvern veg þeim bezt verði mætt". — Hvernig eru þá þessar staðreyndir, sem nú er horfzt í augu við? Nú er komið fram í aprílmánuð, og það er sá tími ársins, sem flestar fleytur, sem fiskveiðar stunda, sækja sjóinn. Til eru í landinu alls 37 togarar, og af þeim liggja ennþá — nú á hámarki vertíðarinnar — 3 í höfn. Þetta eru nú þær staðreyndir, sem við verðum að horfast í augu við. Það er líka vitað, að stærsta togarafélagið á landinu beið eftir því alveg þangað til í byrjun vertíðarinnar að vita, hvort það ætti að lifa eða deyja, hvort það ætti, þrátt fyrir það, að það hefði ekki greitt vexti af skuldum sínum í heilt ár, ennþá að halda áfram að fá rekstrarfé. Um það var allt í óvissu. Nú er gert ráð fyrir því, að þetta fyrirtæki þykist hafa fengið vissu í þessu efni að því er snertir yfirstandandi vertíð. En þó ég aðeins nefni þessi dæmi hér, þá er það öllum vitanlegt, að svona er ástatt um fleiri skip í togaraflotanum, að allt er í óvissu um þeirra rekstur, hvort þau hætta eða halda áfram. Þetta eru þær staðreyndir, sem við erum knúð til að horfast í augu við í sambandi við þetta mál.

Hv. 10. landsk., Þorsteinn Briem og hv. 1. þm. Eyf., Bernharð Stefánsson, forðuðust mjög rækilega að líta við þessum staðreyndum. Þeir töluðu með skáldlegum orðatiltækjum um samvinnufyrirtæki og annað þess háttar, eins og þau væru allra meina bót, en nálægt kjarna málsins komu þeir ekki mikið og reyndu að rangfæra efni frv., a. m. k. í einu mjög verulegu atriði. — Hv. 10. landsk. tók svo til orða, að það væri ákaflega ósanngjarnt að taka fyrirtæki þeim tökum, sem gert væri í þessu frv., og hv. 1. þm. Eyf. sagði, að það væri ákveðið, að „koma fram gjaldþroti á þessum fyrirtækjum". Þetta er fullkomlega rangt, eins og hv. ræðumenn hljóta að vita, ef þeir hafa lesið frv., en til þess að taka af öll tvímæli skal ég lesa upp þá gr., sem um þetta er hér í frv. Þar segir: „Sérstaka skýrslu skal og gefa um hvert það togaraútgerðarfyrirtæki, sem að dómi n. er svo skuldum hlaðið, að fyrirsjáanlegt sé, að það geti ekki greitt þær að fullu, enda hafi fjárhagur þess versnað síðasta reikningsár og vanskil orðið af þess hálfu á greiðslum afborgana eða vaxta af skuldum". Þetta er tekið upp úr gildandi l. um gjaldþrotaskipti. Það er því beinlínis lögboðið nú, að fyrirtæki, sem svona er ástatt um, skuli taka til gjaldþrotaskipta. Hér er engu við bætt, heldur tekið upp það orðalag, sem er á þeim l., sem um þetta hafa gilt nú í nokkur ár. Það, sem hér er um að ræða, er því ekki að „koma fram gjaldþroti", heldur hvernig hægt sé að fyrirbyggja það rask, sem af því leiðir, að fyrirtækin séu

svona illa stödd. Það er aðalefni frv. — Og um það getur mönnum ekki blandazt hugur, að einmitt það, að fyrirtæki, sem ekki eru lengur á heilbrigðum fjárhagslegum grundvelli, haldi áfram að starfa, er meinsemd fyrir þjóðfélagið í heild og háski fyrir fyrirtækið sjálft og þær lánsstofnanir, sem veita því fé. Þeir kostir, sem einkareksturinn hefir, eru burtu fallnir, þegar hinir svokölluðu „eigendur", sem stjórna fyrirtækjunum, eiga ekkert í þeim lengur. Þeirra ráðstafanir eru allar gerðar með það fyrir augum að hagnast. Vogun vinnur, vogun tapar, en vogunin getur ekki gefið þeim tap, af því að þeir hafa engu að tapa, þegar svo er komið, að þeir hætta annara fé. Er slíkt hinn mesti háski bæði fyrir lánsstofnanir og atvinnulífið í landinu, og hefir þjóðin öll sopið beisklega seyðið af slíkum ráðstöfunum. Ef þessi fyrirtæki, sem svona er ástatt um, eru látin halda áfram að reka á reiðanum eins og verið hefir, þá verður óhjákvæmilega afleiðingin sú, að fleiri eða færri lenda í fjárþrotum og til eigendaskipta hlýtur að koma. En ekki er að vita, hvað greiðlega gengi að selja skipin. Hér liggja nú 3 togarar, sem enginn fæst til að taka við, eða lánsstofnanirnar vilja ekki láta í hendur manna, sem fást. Á þessum skipum gætu verið 70—100 manns, sem nú fá enga vinnu. Þessi háski hlýtur að vera öllum ljós. Það, sem um er að ræða, er því bara það, hvernig menn vilja afstýra hættunni. — Hv. 2. þm. Rang, Pétur Magnússon, taldi, að það ætti að gera með því að lækka skatta og annan kostnað á útgerðinni, svo sem kaupgjaldið. Ég veit, að úr því horni er ekki annara vísbendinga að vænta, í viðbót við það, sem fram hefir komið frá hans flokki um að verja 5 millj. kr. til þess að kaupa skuldaskil án uppgerðar, með svipuðum hætti og gert var við vélbátaeigendur. En þar er ójöfnu saman að jafna. Í öðru tilfellinu var um að ræða mörg hundruð manns, sem áttu atvinnu sína undir því, að þeir gætu haldið bátunum, en í hinu tilfellinu eru togaraútgerðarfyrirtækin, sem eru rekin af fáum mönnum, sem litla atvinnu hafa við fyrirtækin sjálf og hafa einungis stofnað þau í von um hagnað. Og þó eigendaskipti verði, þá veldur það engu raski, ef fyrir því er séð, að skipin stöðvist ekki vegna þess að enginn sé til að yfirtaka þau, sem getur séð um rekstur þeirra.

Um till. framsóknarmanna skal ég ekki fjölyrða. Þeir virðast hafa einhverja þokukennda hugmynd um einhverskonar sveitakaupfélagsrekstur á togaraútgerðinni. En ég hygg, að flestum, sem nokkuð þekkja til togaraútgerðar, megi vera það ljóst, að annað fyrirkomulag hlýtur þar að eiga við. Enda er það sannast að segja, að hugmyndir þeirra virðast vera óskapaðar enn í einstökum atriðum. Hinsvegar hefir Framsfl. lýst afstöðu sinni til togaraútgerðar á sínu nýafstaðna flokksþingi. Hann er á móti stórrekstri einstaklinganna og opinberum rekstri sem slíkum. En nú er það vitað, að ekki er hægt að reka togaraútgerð öðruvísi en að stórrekstur sé. Framsfl. er sem sagt á móti því, að einstaklingarnir reki stórrekstur, og hann er einnig á móti því, að hið opinbera geri það. Þá virðist aðeins ein leið eftir, sem sé samvinnurekstur. En þeir hafa ekki komið fram með neinar ákveðnar till. um það, hvernig honum skuli hagað, enda vita þeir, að slíkt fyrirkomulag er ekki hægt að hafa í sambandi við þennan rekstur. Niðurstaðan virðist því verða sú, að í raun og veru sé ekkert við stórútgerðina að gera. Það verði að láta rás viðburðanna sýna, hvernig þetta fari, í von um batnandi tíma. En menn verða að gera sér ljóst, að hér er um stærra atriði að ræða en að slíkt sé afsakanlegt, — því hvar stöndum við Íslendingar, ef togaraútgerðin stöðvast? — Við Alþfl.menn álítum, að það, sem fyrst beri að gera, sé að skapa bætta möguleika fyrir rekstrarafkomu útgerðarinnar, bæði togaraútgerðar og annarar útgerðar, með fjölbreyttari veiði- og verkunaraðferðum og betra sölufyrirkomulagi, og á öllu þessu var byrjað síðastl. ár, og það gefur beztu von um góðan árangur. Þegar þetta er búið, á að tryggja hinn fjárhagslega grundvöll fyrirtækjanna, gera rekstrarafkomu, þeirra tryggari. Það á að létta af þeim skuldum, sem bersýnilegt er, að nú þegar eru tapaðar eða vonlaust er um, að fyrirtækin geti greitt. Þetta er nauðsynlegt, til þess að hjálpin fari ekki í botnlausa hít tapaðra skulda, og jafnframt þarf að ganga svo frá, að ekki þurfi að hvíla á fyrirtækjunum meira en þau geta með góðu móti borið, svo áhættulaust sé fyrir lánveitendur, t. d. ⅔ af verðmætum eignum þeirra. Þá þarf að koma eignayfirfærslunni svo fyrir, að ekki leiði af því atvinnustöðvun eða röskun, vegna þess að skipin séu flutt þaðan, sem þau eru.

Í frv. er gert ráð fyrir, að þau fyrirtæki, sem ekki eiga fyrir skuldum, eða eru eiginlega gjaldþrota, skuli bundin í eitt félag. Við það vinnst fyrst og fremst það, að rekstrarkostnaður verður minni pr. skip. Þá er og með því fengin trygging fyrir því, að skipin verði rekin með hag almennings fyrir augum, en verða ekki vogunarspil manna, sem engu hafa að tapa. Verkaskipting öll myndi og verða miklu betri, og möguleikar til þess að hagnýta aflann sömuleiðis betri.

Eins og kunnugt er, þá liggja togararnir núna mikinn hluta ársins bundnir í höfn. Ég hefi því athugað möguleikana fyrir því að halda þeim lengur úti, en nú er gert, og komizt að þeirri niðurstöðu, að með þeirri nýbreytni, sem nú er að verða á fiskiveiðunum, megi halda þeim úti í 10 mán. á ári. Á saltfiskveiðum í 2 mánuði. ufsaveiðar 1 mánuð, karfaveiðar allt að 2 mán. Síðastl. ár voru t. d. um 1200 úthaldsdagar á karfaveiðar, sem lætur nærri að vera 2 mán. tími fyrir 20 skip. Þá má gera ráð fyrir 2 mán. til síldveiða, og þá eru eftir 3 mán. til ísfiskveiða.

Það hefir verið kvartað um, að útkoman á ísfisksölunni til Englands væri ekki góð. Aftur hefir Þýzkalandssalan þótt betri. Þetta mætti jafna betur en gert hefir verið, og það er einmitt hægra fyrir félag, sem hefir mörg skip, en hitt, sem hefir fá. Það er talið, að 3 Englandsferðir séu á móti 1 Þýzkalandsferð. Síðastl. ár var meðaltala pr. skip í Englandsferðunum £ 1000, en þá voru farnar 146 ferðir til Englands og 40 til Þýzkalands. Þá þarf og að sjálfsögðu að hafa vinnsluvélar um borð í skipunum, og

nægir því til sönnunar að benda á Reykjaborgina, sem í 18 daga veiðiferð vann 50 tonn af beinamjöli, sem er um 11 þús. kr. virði, og nægði því að mestu leyti til þess að greiða allt kaup og lifrarhlut skipshafnarinnar þessa 18 daga.

Með því að haga veiði skipanna eftir því, sem bezt hentar á hverjum tíma, er áreiðanlega vist, að hægt er að fá mun betri rekstrarútkomu en verið hefir. Ég verð því að fullyrða, að það sé órökstudd bölsýni, að ekki sé hægt að skapa sæmilega afkomumöguleika fyrir íslenzka togaraútgerð, ef rétt er á haldið, öll veiðin vel hagnýtt og reksturinn gerður fjölbreyttari. Á hinu er engin von, að þeir beri sig, ef þeir liggja hálft árið og meira óhreyfðir.

Meginandmælin gegn frv. þessu eru þau, að hér sé um að ræða grímuklæddan ríkisrekstur útgerðarinnar. Þetta er að nokkru leyti rétt, en ég vil spyrja: Hverjir eru það, sem bera áhættuna af útgerðinni nú? Eru það kannske ekki bankarnir, — bankarnir, sem ríkið á og ber ábyrgð á? Það er því hreinasta fjarstæða að vera að bera það fram, að hér sé um að ræða nýja áhættu fyrir ríkissjóðinn. Um þetta þarf ekki miklar hugleiðingar, því að það er öllum vitanlegt, að bankarnir bera mikinn hluta af áhættunni af togaraútgerðinni, og vegna þeirrar áhættu er ríkissjóður búinn að leggja þeim stórfé. Þannig hefir ríkissjóður t. d. lagt þeim síðan 1920 sem stofnfé, framlag eða lán 27½ millj. kr., af því að þeir eru margbúnir að lenda í því öngþveiti, að um annað var ekki að ræða, svo atvinnulífið stöðvaðist ekki. Þannig var það 1921, þegar enska lánið var tekið, og 1930, þegar Íslandsbanki fór á hausinn. En með þessu er ekki allt upptalið, því að auk þessa hefir ríkissjóður orðið að taka að láni handa bönkunum 6½ millj. til kaupa á bankavaxtabréfum. Hvernig hefir þetta svo verið? Hafa bankarnir átt allt á hættu sjálfir? Ég segi nei, og aftur nei. Fyrst hefir tapið lent á bönkunum, en svo verið yfirfært það*an yfir á ríkið, og landsmenn þá orðið að greiða það með sköttum og skyldum. Á þennan hátt hafa töpin verið þjóðnýtt. Og það er þessi þjóðnýting, sem sjálfstæðismenn og framsóknarmenn vilja halda í. En við jafnaðarmenn viljum ekki halda henni við, heldur gera eitthvað til þess að ráða bót á þessu ástandi. Og við teljum minni áhættu vera á því að steypa þeim skipum, sem ekki eiga fyrir skuldum, saman í eina heild, og reka þau sameiginlega, heldur en láta fjölda einstaklinga vera að ráðsmennskast yfir þeim á kostnað alþjóðar.

*Þorsteinn Briem: Herra forseti! Ég treysti svo mjög á þolinmæði hæstv. forseta síðast, er ég talaði, þar sem ég notaði 13 mínútur fram yfir hinn afskammtaða ræðutíma, að ég mun tala mjög stutt að þessu sinni.

Ég mun þá fyrst víkja orðum mínum að hæstv. atvmrh. Það er nú allmjög haft á orði hér í þinginu, að lífdagar þessa hæstv. ráðh. í ráðherrastóli séu farnir að styttast að þessu sinni. Má og vel vera, að hann hafi sjálfur hugmynd um, að svo sé, a. m. k. virðist ræða hans benda til þess, því að allur fyrri hluti hennar var líkastur grafskrift yfir honum sjálfum og flokki hans. Og hún var ekki fögur. Eftir stjórnartíð hans var útgerðin í kaldakoli. Togararnir bundnir við hafnargarðinn, og bankarnir vildu ekki lána fé til þess að koma þeim á flot. Þannig lýsti hæstv. ráðh. ástandinu, og það versta við þetta er það, að lýsingin er að nokkru leyti rétt, það er því miður svo komið fyrir mörgum atvinnufyrirtækjum landsins, að þau geta ekki haldið áfram. Þau verða að leggja árar í bát. Að svona er komið, er sökum þess, að gjaldeyrir framleiðslunnar er ekki rétt metinn. Á þessa staðreynd höfum við Bændaflokksmenn bent hvað eftir annað. Hinn sænski hagfræðingur, sem Bændaflokkurinn fékk á sínum tíma sér til aðstoðar, taldi krónuna um 30% of hátt metna, og þetta mun láta nærri að vera rétt. Fær framleiðandinn þannig ekki í sinn vasa nema 70% af raunverulegu verði framleiðslu sinnar. Það er kvartað undan háum tollum og háum sköttum, en mun þetta ekki vera hæsti skatturinn, sem lagður er á, og það eina stétt manna? Þó að hæstv. ráðh. lýsti ástandinu svona hörmulega, að allt væri í kalda koli, þá var eins og hann tæki inn eitthvert stímúlerandi meðal, þegar hann nefndi orðið „ríkisútgerð". Þá hresstist hann allur upp, hvessti raustina og sá alstaðar möguleika, alstaðar ráð til þess að veiða þessa og hina fiskitegundina. Ég vil því spyrja hæstv. ráðh., fyrst útlitið og möguleikarnir um bætta afkomu stórútgerðarinnar er eins glæsilegt og hann lýsti í síðari hluta ræðu sinnar, hvort ekki myndu fleiri koma þar til með að njóta góðs af en aðeins ríkisútgerðin ein. Hvort ekki myndi fara eins og segir í danska máltækinu, að „þegar rignir yfir prestinn, þá drýpur þó eitthvað á djáknann". Hvort ekki myndi mega vænta þess, að einstaklingarnir yrðu einhvers aðnjótandi ef ríkisútgerðin græddi mikið.

Ef það þannig er rétt, að möguleikar séu á því, að ríkisútgerðin geti grætt, þá finnst mér ekki sanngjarnt að gera kröfu um, að þau togaraútgerðarfyrirtæki, sem ekki eiga fyrir skuldum við bráðabirgðamat, miðað við skyndisölu, skuli gerð upp. Mat miðað við skyndisölu verður aldrei talið réttlátt. Enda eru til fjölmörg dæmi þess, að fyrirtæki, sem ekki hafa verið talin eiga fyrir skuldum, hafa rétt sig við og orðið vel fjárhagslega örugg. Ég þykist líka vita, að mörgum atvinnurekandanum í landinu myndi fara að þykja þröngt fyrir dyrum, ef þeir ættu jafnan von á matsnefndum til þess að meta eignir þeirra, ef eitthvað gengi verr í eitt skipti en annað með atvinnurekstur þeirra, — matsnefndum, sem segðu kannske: Þú átt ekki fyrir skuldum; þú verður gerður gjaldþrota. — Slíkt væri óneitanlega hart og ósanngjarnt. Með þessu er ég alls ekki að biðja um linkind fyrir þau fyrirtæki, sem talizt geta óskilafyrirtæki, heldur hitt, að allrar sanngirni og nærgætni sé gætt.

Jónas Jónsson: Þegar frv. það, sem hér liggur fyrir, kom fyrst fram, sagði einn af reyndustu mönnum Alþingis um það þessi eftirtektarverðu orð: „Fyrst á að gera útgerðina gjaldþrota, síðan á að koma öllum þessum rekstri á

landið og gera það gjaldþrota". — Samherji minn, hv. 1. þm. Eyf., Bernharð Stefánsson, hefir nú gagnrýnt þetta frv. og leitt óyggjandi rök að því, að hér er sannarlega ekki um neina viðreisn að ræða, heldur áframhald af skipulagi, sem ekki hefir staðizt dóm reynslunnar.

Ég sný mér þá að framtíðinni og þeim úrræðum, sem við framsóknarmenn leggjum til, að fylgt verði í þessu efni. Þau eru ekki ný, en þau hafa alstaðar reynzt vel, þar sem þau hafa verið notuð. Við álítum, að hver dugandi maður verði fyrst og fremst að hjálpa sér sjálfur. En sá, sem hjálpar sér sjálfur, gerir sig þess maklegan, að aðrir hjálpi honum. Þegar samvinnumenn fóru að hafa áhrif á löggjöf landsins beittu þeir þessari aðferð. Með byggingar- og landnámssjóði hefir mörg hundruð bændum verið hjálpað til að fá lán í bæi sína með óvenjulega góðum vaxtakjörum. Til að byggja nýbýli fá dugandi menn fyrir atbeina Framsfl. hentug lán til ræktunar og byggingar, en áhætta atvinnunnar hvílir á nýbýlingunum sjálfum.

Fyrir forgöngu framsóknarmanna veitir ríkið styrk til að byggja mjólkurbú og frystihús. En áhætta framleiðslunnar og rekstur fyrirtækjanna hvílir á herðum bændanna. Og þegar við framsóknarmenn tókum forustu í síldarverksmiðjubyggingunni á Siglufirði, í mikilli andstöðu við samkeppnismennina á Alþingi, þá byggðum við á sömu stefnu. Sjómenn og útgerðarmenn voru þá hörmulega haldnir undan kúgunarhæl innlendra og erlendra fjárplógsmanna, sem áttu nokkur bræðslufyrirtæki. Við sigruðum, og ríkið byggði ágæta verksmiðju og hefir bætt fleirum við síðan. En við gerðum það að skilyrði, að síldarbræðslan yrði rekin á samvinnugrundvelli, að sjómenn og útgerðarmenn gætu fengið meiri hlutann af áætluðu verði vörunnar um leið og þeir afhentu hana, en að lokaverðið kæmi fram við endanlega sölu á afurðum verksmiðjunnar. Þá fékk hver sinn hlut nákvæmlega eins og hann var, í erfiðum árum minna, en í góðum árum meira, alveg eins og á að vera í allri samvinnu, sem rekin er á heilbrigðum grundvelli. Þar sem samvinnumenn ráða einir framkvæmdum, þá fylgja þeir þessari reglu dyggilega. Bændur og nýbýlingar í sveit hafa fengið styrk og lán og lækkaða vexti, í byggingar, ræktun, frystihús og mjólkurbú. En engum skynsömum bónda dettur í hug, að búskapur eða iðnrekstur sveitanna eigi að hverfa af herðum framleiðenda sjálfra yfir á bök allra skattþegnanna. Hin mikla viðreisn sveitanna síðan núv. stj. tók við völdum byggist nálega eingöngu á því, að þjóðfélagið hefir á varanlegan og framsýnan hátt stutt framleiðendurna, sem hjálpuðu sér sjálfir.

Öðru máli er að gegna um síldarverksmiðjur ríkisins. Þar hafa íhaldsmenn og sósialistar hjálpazt að því að brjóta í orði og verki stofnlögin og gera verksmiðjurnar að áhættufyrirtæki fyrir ríkið. Af því að hér er um að ræða fyrirtæki, sem framsóknarmenn hafa stofnað á hagfræðilega réttum grundvelli, en fulltrúar hinna tveggja flokkanna sett í hættu með nærsýnni eigingirni, þá getur saga þessa fyrirtækis varpað ljósi yfir frv. það, sem hér er til umr.

Íhaldsmenn og sósialistar hafa knúið það fram, að ríkið kaupir síldina, vinnur úr henni og selur afraksturinn. Allur reksturinn er á ábyrgð ríkissjóðs. Íhaldsmenn þóttust gera þetta, að ganga alveg frá stefnu sinni og inn á opinbera þjóðnýtingu, vegna útgerðarmanna. Alþfl. tók þessari hjálp Íhaldsins fegins hendi. Opinberlega töldu „sósar", að hér væri verið að vinna fyrir sjómennina, til þess að þeir gætu fengið allt sitt strax, og án áhættu í afkomu atvinnunnar. En raunverulega glöddust þeir yfir því að hafa í þessum mikilsverða atvinnurekstri beygt íhaldið möglunarlaust undir þjóðnýtingu.

Og hver er svo útkoman? Stjórn verksmiðjanna hefir stöðugt verið að breytast, sífelld mannaskipti og ókyrrð um reksturinn. Hinum gætilega grundvelli framsóknarmanna, að borga hverjum sitt, eftir því sem afkoman var hvert ár, var kippt í burtu, og botnleysi áhættubrasksins sett í staðinn. Nú er á engu að byggja um verðlag og útborgun.

Árið 1935 var tap á rekstri verksmiðjanna með því að greiða 4 kr. fyrir málið. Árið 1936 var verðið hækkað upp í kr. 5.50, af augnabliksverðhækkun í sambandi við vígbúnað stórþjóðanna. En þá sagði einn af leiðtogum íhaldsmanna, að vel mætti borga 6—7 kr., eða jafnvel 8 kr. fyrir síldarmálið, og eggjaði sjómenn lögeggjan að gera heldur verkfall í byrjun veiðitímans en líta við lægra verði en hann tiltók.

Nú fór svo að lokum, að verksmiðjan græddi nokkuð með því að verksmiðjustjórnin setti verðið ekki hærra en kr. 5.50 málið. En í vetur koma íhaldsmenn hér á þingi með kröfu um, að ríkið bæti útvegsmönnum upp verðið frá í sumar, svo að það lenti líka í ár í tapi með reksturinn.

Ríkisbræðslurnar áttu að vera skuldlausar nema fyrir stofnkostnaði. En nú dragast þær með 300 þús. kr. rekstrartap frá undangengnum árum. Í sumar sem leið græddist nokkuð, og var þá einsætt að greiða rekstrartapið. En það datt forstjóranum ekki í hug. Hann vildi láta gömlu skuldirnar standa, leggja gróðann frá í fyrra í stækkanir á Siglufirði og fá lán í viðbót. Landsbankinn átti fyrst að líða um gömlu skuldirnar, 300 þús. kr., þar næst að leggja fé í umbætur og loks að lána allt fjármagnið til þess að halda uppi rekstrinum næsta sumar.

Nú verður mér að spyrja íhaldsmenn og sósialista, sem bera ábyrgð á þessari þjóðnýtingu: Hvenær á síldarbræðslan á Siglufirði að borga rekstrartöp undanfarinna ára, fyrst þeir vilja ekki nota hinn óvænta ágóða frá síðastl. sumri til þess? Vilja þeir heldur verðleggja síldina á sumri komanda svo lágt, að þá myndist gróði upp í skuldina? Eða ætla þeir að láta skuldina standa í Landsbankanum, hlaða á hana nýjum töpum, og svo að lokum að velta tapinu einn góðan veðurdag yfir á ríkissjóðinn og skattþegnana? Nú líta menn svo á, að síldarbræðsla sé ef til vill gróðavænlegasta framleiðslustarfsemi, sem rekin er í landinu. Ef hún á að vera tekjuhallarekstur, sem mögru atvinnuvegirnir bera hallann af, þá má segja, að þjóðnýting sósialista og íhaldsmanna á Siglufirði gefi góðar vonir um álitlegan bagga fyrir skattþegnana,

þegar sama stefna er tekin upp í rekstri togaranna.

Ég sný mér þá að því, sem mér sýnist frá sjónarmiði Framsfl. eðlilegast að gera við togarafélög þau, sm nú kunna að lenda í greiðsluvandræðum:

1. Bankarnir gera upp þau fyrirtæki, sem ekki eiga fyrir skuldum og eru sokkin fjárhagslega.

2. Bankarnir selja þessi skip með tilheyrandi eignum í landi nýjum eigendum, einstökum mönnum, hlutafélögum eða samvinnufélögum.

3. Bankarnir verða að setja undir eftirlit þau útgerðarfyrirtæki, sem ekki eru þrotin, en þó svo illa stödd, að áhætta er að lána þeim. Slíkt eftirlit er mjög algengt með stærri þjóðum. Þannig eru ekki nema fá ár síðan bankarnir í Kaupmannahöfn létu telja á hverju kvöldi sjóð í tveim stærstu og þekktustu stórbúðum í borginni.

Það er vitanlega rétt, sem sagt er í frv. því, sem hér liggur fyrir, að togaraútgerðin ber sig ekki um þessar mundir í höndum margra útgerðarmanna, þó að sumum gangi betur. Það má segja, að tap suðrænu markaðanna og innflutningshömlurnar í Bretlandi og Þýzkalandi séu fyrsta ástæðan. En næst koma innlendar orsakir. Íhaldsmenn og sósialistar hafa verið í kapphlaupi um að leggja byrðar á útgerðina. Svokallaðir eigendur togaranna og margir yfirmenn þeirra hafa byggt sér dýr skrauthýsi og lifað kostnaðarsamara lífi heldur en íslenzkir atvinnuvegir þola. — Skipstjórunum hefir verið borgað kaup af brúttóafla, en það hefir leitt til *óhæfilegrar eyðslu í öllum rekstrinum*. Á hinn bóginn hafa sósialistar gert kröfur um aukið mannahald til að skapa atvinnu án þess að taka tillit til fjárhagslegrar getu fyrirtækjanna. Öll vinna við togarana, bæði á sjó og í landi hefir verið dýr, og mér vitanlega hefir ekkert verið gert, hvorki af hálfu útvegsmanna eða sósialista, til að bæta úr því.

Menn hafa með réttu fordæmt þá útgerðarmenn, sem lagt hafa fé togarafélaganna í skrauthýsi, sem ekki er hægt að búa í nema fyrir stórauðuga menn. En verkamannaleiðtogarnir hafa *tekið þetta til fyrirmyndar, sem og sést á* kröfum þeim, er Alþýðublaðið hefir beitt sér fyrir nú nýverið, um allt að 25% kauphækkun hér í bænum, samhliða því, að varla er hægt að koma veiðiskipunum út á vertíðinni vegna erfiðrar afkomu, áður en þessi nýju útgjöld koma til *sögunnar*.

Mér sýnist sem forkólfar íhaldsmanna og sósíalista hafi verið samdóma um, að togaraútgerðin væri hæna, sem verpti gulleggjum, og að hin rétta meðferð væri að slátra henni, en ekki að láta hana lifa og verpa gulleggjum.

Barátta íhaldsmannanna og sósialistanna við sjóinn er um það, hver málsaðilinn geti hrifsað meira í sinn hlut af andvirði framleiðslunnar. En fram að þessu hafa bankarnir borgað herkostnaðinn. En það er engan veginn ótímabært að athuga, hve lengi sú leið er fær.

Meginástæðan til andstöðu framsóknarmanna gegn ríkisrekstri er sú, að við trúum ekki á, að menn afkasti nægilega mikilli og góðri vinnu á þann hátt, og að útkoman verði taprekstur. Það er vitað, að mestu afkastafyrirtæki heimsins, eins og bifreiðaverksmiðjur Fords eða sápuverksmiðjur Lever-bræðra, komast svo langt sem raun ber vitni um af því þær beita ýmist akkorðsvinnu eða láta verkamennina eiga hlut í fyrirtækinu.

Núv. valdhafar á Rússlandi reyndu fyrst þjóðnýtingu, þar sem allir fengu jafnt kaup og tímakaup. En mjög fljótt sáu bolsivikarnir, að annaðhvort urðu þeir að beita akkorðsskipulagi, eins og Henry Ford, eða fara á höfuðið. Þeir tóku fyrri kostinn, og sú blómgun, sem kann að vera á vissum sviðum í atvinnulífi Rússa, er fyrst og fremst að þakka því, að framleiðslan er látin bera sig og hver uppsker eins og hann hefir til unnið.

Í Danmörku, Svíþjóð og Noregi eru sósialistar yfirleitt fjarri þjóðnýtingu. Í þessum löndum hlynna fulltrúar sósialista að einstaklingsframtakinu, og mér er ekki kunnugt um, að í framangreindum löndum detti leiðtogum jafnaðarmanna í hug að beitast fyrir almennum ríkisrekstri. Jafnvel í Englandi bólar nú ekkert á kröfum verkamanna um, að ríkið kaupi kolanámurnar. Meðan verkamannaflokkar, sem bera ábyrgð á stjórn ríkisins, eins og í Rússlandi, sjá enga leið til að tryggja afkomu framleiðslunnar nema með að taka upp akkorð stóriðjuhöldanna í Ameríku, er ekki hægt að segja, að byrlega blási með þjóðnýtingu íslenzku sósialistanna.

Við framsóknarmenn höldum því hiklaust fram, að ef útgerðin ber sig ekki nú, þá myndi hún bera sig ennþá verr í höndum ríkisins. Kröfur allra, sem kynnu að vinna við fyrirtækin, yrðu enn hóflausari en áður, og sem kjósendur í lýðræðislandi hefðu þessir menn sérstaklega góða aðstöðu til að fá áheyrn um kröfur sínar, ekki síst þegar litið er á hinar ábyrgðarlausu yfirboðskröfur íhaldsmanna og sósialista, svo ekki séu nefndar fylgislausu flokksnefnurnar, sem standa að baki þeim. Ég vil taka eitt dæmi, sem allir landsmenn þekkja, samvinnuútgerðina á Ísafirði. Fram yfir kreppu þá, sem fylgdi heimsstyrjöldinni, voru þar smákongar í íhaldsstíl, erlendir og innlendir, fiskspekúlantar, vélbátaeigendur, jafnvel togaraeigendur. En í þessari kreppu hrundi ríki smákonganna með ógurlegu tapi fyrir bankana. Ísafjörður stóð eftir án atvinnutækja og atvinnu, en með mikinn fjölda hraustra sjómanna, sem stóðu á eyrinni.

Á Alþingi 1928 hjálpuðum við framsóknarmenn sósialistum á Ísafirði til að fá ríkisábyrgð til að koma upp myndarlegum nýtízkuvélbátaflota. Þrír duglegir og vel hæfir menn stýrðu framkvæmdunum heima fyrir, þeir Haraldur Guðmundsson, Finnur Jónsson og Vilmundur Jónsson. Sjómannastétt Ísafjarðar var og er í bezta lagi. Smíði bátanna, val á hreyfivélum o. s. frv. virðist hafa tekizt vel. Finnur Jónsson hefir auk þess haft aðstöðu til hin síðustu ár, sem leiðtogi í síldarútvegsmálum, að halda uppi hlut þessarar útgerðar við síldveiði norðanlands.

Að minu áliti var undirbúningur og rekstur samvinnubátanna á Ísafirði stórum betri en

ef gera má ráð fyrir, að þjóðnýting í útvegi yrði almenn hér á landi. En samt hefir þessi útgerð, þrátt fyrir alla þessa aðstöðu, ekki borið sig, jafnvel ekki þó að hún hefði auk þess velviljað bæjarfélag á bak við sig. Þessi útgerð hefir safnað skuldum eins og fyrirtæki samkeppnismanna. Hún hefir, eins og önnur skyld fyrirtæki, fengið mikinn létti í skuldaskilasjóði. En slíkur léttir fæst ekki og á ekki að fást hvern dag. Ísfirðingar verða eins og aðrir að búast við því, að útgerð verði að bera sig. Hvorki bankarnir eða ríki geta borgað tekjuhalla á meginframleiðslu þjóðarinnar.

Hvað hefir verið að á Ísafirði? Hið sama, og í síldarbræðslunum. Þar átti að vera hlutarráðning, því að félagið átti að vera samvinnufélag. Og að verulegu leyti hafa sjómennirnir verið upp á hlut. En oft fengust menn ekki sem hlutarmenn, og þá voru menn ráðnir upp á fast kaup. Og þar á ofan var allt fólk við fiskverkun í landi á föstu kaupi. Það kom jafnvel fyrir, að fólkið, sem vann í landi, gerði verkfall, þegar slíkt þótti byrvænlegt, og á þann hátt voru útgjöld fyrirtækisins aukin og það sett í hættu.

Samvinnubændurnir fara ekki þannig að. Þeir gera ekki verkfall móti sjálfum sér, og raunar ekki heldur móti öðrum. Þeir hafa þokað málum sínum áfram með skapandi krafti og dæmafárri þrautseigju. Þess vegna hafa þeir tryggt afkomu sína svo sem raun ber vitni um.

Smákongar Ísafjarðar hrundu með atvinnurekstur sinn. Þar lokaðist leið íhaldsins. Hálfgildingsþjóðnýting sósíalista á Ísafirði hefir lent í verulegum vandræðum, þrátt fyrir óvenjulega góða aðstöðu að því er snerti vinnuhæfni og reglusemi þeirra, er að fyrirtækinu standa. Ísfirzku sósíalistarnir eru líklegir til að reka bát sinn á sama skerið eins og smákongarnir, nema þeir læri af reynslunni og taki upp fullkomin hlutaskipti í allri framleiðslu sinni, og þar er framtíðarlausn málsins.

Nú fer að nálgast sá tími, að synir Thor Jensen, Jón Ólafsson í Alliance, Sigurjón Ólafsson, formaður Sjómannafélagsins og Jón Sigurðsson, erindreki Alþfl. fara að hafa fulla ástæðu til að tala í ró og næði saman og við framsóknarmenn um framtíð útgerðarinnar. Ekki fyrst og fremst um það, hvaða erlend lán eigi að taka í tekjuhalla útvegsins. Ekki heldur um það, hversu þau kreppubréf eigi að vera, sem íslenzka ríkið gefi út til þess að standast þennan tekjuhalla, heldur blátt áfram um það einfalda úrræði, sem verður að taka upp í útvegsmálum, ef skipin og bátarnir eiga ekki að hvíla sig í höfnum meðan verkamenn, sjómenn, vélstjórar, skipstjórar og svokallaðir stórútgerðarmenn ganga atvinnulitlir í landi, af því að það borgar sig ekki að fara út á sjó og veiða fisk á beztu fiskimiðum veraldarinnar.

Það má telja fullvíst, að hvaða menn, sem hafa „rýðkláfa“ Kveldúlfs undir höndum, eða „koppa“ Jóns Ólafssonar, þá verður ekki unnt að láta rekstur þeirra bera sig nema með því að sjómenn, yfirmenn á skipunum, verkamenn og verkakonur í landi, sem vinna til muna að framleiðslunni, eigi fyrirtækin. Ekki til málamynda, heldur á þann hátt, að fyrirtækið sé félagseign, eins og verksmiðjan í Port Sunlight, þar sem gerð er hin heimsfræga sólskinssápa. Þar er fullkomin samvinna milli allra, sem standa að fyrirtækinu. Verkamenn og yfirmenn vinna með gleði að starfi sínu. Hver og einn veit, að fyrirtækið byggist á trúmennsku hans og dugnaði.

Ég get vel búizt við, að mörgum mönnum, bæði þeim, sem búa í villunum og kalla sig togaraeigendur eða framkvæmdastjóra, en eiga ekkert í skipum þeim, sem þeir þykjast stjórna, og sumum öreigum, sem búa í kjöllurum og á hanabjálkaloftum, þyki það iskyggilegar fréttir, ef þeir eigi nú að byrja að vinna saman í stað þess að berjast um lík hænunnar, sem verpti gulleggjum.

Nú er fjöldi atvinnulausra og atvinnulítilla manna hér á landi, en margir þeirra halda að sér höndum, af því þeim finnst kaupið ekki nógu hátt eða vinnudagurinn of langur. Fram að þessu hafa margir þessir menn vonazt eftir því, að þeim kæmi eitthvert óvænt happ, mikil framlög til atvinnubóta við að höggva klaka, eða að flytja á bílum fönnina af Reykjavíkurgötum út úr bænum.

En þessar leiðir enda í blindgötu.

Menn þurfa að fá lífsþor til að vinna, til að smíða skip og báta í öllum kaupstöðum og sjávarþorpum, til að snúa færi og vefa vörpur, til að reisa ódýr og hagleg hús og verkstæði til að starfa í að því að breyta hinni auðugu náttúru landsins í þau gæði, sem þjóðin þarf. Menn þurfa að fá þor til að ganga að gæðum landsins og breyta þeim í verðmæti. Við framsóknarmenn vitum að okkur muni takast að leiða þá tvo flokka, sem í nálega aldarfjórðung hafa borizt á banaspjótum víðsvegar á strandlengjunni, úr ófriði í frið, frá dreifingu kraftanna að sameiginlegu átaki til að gera litla þjóð sterka og hamingjusama í sínu eigin landi.

Magnús Jónsson: Herra forseti! Hér hefir nú verið rætt svo mikið um þetta frv., að allir flokkar, aðrir en flutningsmennirnir, hafa gengið svo frá því, að ég sé enga ástæðu til að vega oftar í þann knérunn. En það er önnur hlið á þessu máli, sem vitanlega er aðalatriðið, og hún er sú, að hér er um hreint hégómamál að ræða — kosningabombu. Málið er því ekki þess virði að ræða það efnislega, en ég vil leiða rök að hinu, að hér sé eingöngu um kosningabombu að ræða.

Hér á að stofna til félags, sem taki að sér rekstur allra þeirra togara á Íslandi, sem komast í kröggur, og annast allan þann rekstur, sem er í sambandi við þá, og þar sem í greinargerðinni er spáð illa fyrir allri togaraútgerð, og þeir, sem að þessu máli standa, eru samkv. innræti sínu og stefnu allra manna vísastir til að gera sitt til að koma henni á kné, ef þeir eru nokkurs megnugir, þá er hér hvorki um meira né minna að ræða en útgerð nálega alls togaraflotans íslenzka, sem er nú í einstaklingaeign, og allt, sem er í sambandi við hann, hagnýtingu, verkun, sölu á aflanum og innkaup á þörfum til flotans. Hér er því vafalaust stofnað til langstærsta fyrirtækis, sem nokkurntíma

hefir verið rekið á Íslandi. En þó er þetta ekki nema brot eitt af því, sem þessir nýju spámenn þjóðarinnar ætla að gera á næstunni, eftir því sem þeir segja. Auk þess á nú að kaupa eða láta byggja heilan nýjan flota togara og reisa frystihús um land allt, fiskimjöls-, síldar- og karfavinnsluverksmiðjur um land allt, og niðursuðuverksmiðjur. Er ýmislegt gott og þarft í þessu, enda tillögur um þetta bornar fram af sjálfstæðismönnum þing eftir þing, en sætt fjandskap einmitt þeirra, sem nú þykjast vera upphafsmenn þess. Verður þetta vafalaust rakið nánar síðar í útvarpsumræðum héðan frá hinu háa Alþingi. Svo á að stofna iðnaðarbanka með 24 milljóna starfsfé, og ég veit ekki hvað og hvað. Ég er næst um því undrandi á því, úr því þessir menn eru á annað borð komnir á stað, að þeir skuli þá ekki líka snöggvast byggja upp alla sveitabæi á landinu, rækta allt óræktað land, leggja akbrautir um öll öræfin og annað þess háttar, — þessir sí-auralausu menn með hinn galtóma ríkissjóð.

Á öllu þessu er bara ein skýring, og hún er líka alveg nægileg. Þessir menn ganga með dálítinn kvilla, sem gerir alltaf vart við sig undir hverjar kosningar, eins og gigtin í sumu gamla fólkinu veit á illviðri. Þessi kvilli heitir kjósendahræðsla, og liggur hann eðlilega sérstaklega þungt á þeim, sem eru kosnir upp á stór loforð og áætlanir, en hafa fátt af því getað efnt.

Svo menn geti skilið hugarástand þessara manna og til að færa nánari rök fyrir máli mínu, að hér sé aðeins um kosningaloforð að ræða, vil ég nefna nokkur dæmi af handahófi, og tek ég þá hina svokölluðu fjögurra ára áætlun Alþfl. Hún er gefin út af Alþfl. fyrir síðustu kosningar og er starfsskrá þess flokks. Hún er því sú aðalheimild, sem fylgismenn þess flokks höfðu að fara eftir, þegar þeir ákváðu fylgi sitt við flokkinn. Hún er gefin út í flokksins nafni og er hvergi myrk í máli. Í 36 greinum telur hún upp þau mál, sem flokkurinn ætlaði að beita sér fyrir, ef hann fengi meiri hl. og stjórnaraðstöðu. Það ætti því að vera alveg eðlileg og rökrétt afleiðing, að sömu kjósendur veittu þessum flokki stuðning áfram, ef hann hefði efnt þessi loforð, en refsaði honum, ef hann hefði svikið loforðin og þann veg logið að kjósendunum. Allt annað væri svo mikil einfeldni og aumingjaskapur, að vonandi er ekki mikið til af slíku meðal kjósenda landsins.

Fyrsta greinin er prentuð með afarstóru letri. Bæði það og að fyrsta greinin er svo feitletruð mun eiga að skilja svo, að hér sé aðalkjarninn í allri stefnuskránni. Eftir henni á að koma á „auknum atvinnurekstri eftir nákvæmri áætlun“ — þetta er með enn stærra letri — og hafa „það markmið að útrýma með öllu atvinnuleysinu og afleiðingum kreppunnar, og færa nýtt fjör í atvinnuvegi þjóðarinnar“ o. s. frv. Þetta er þá fyrsta og stærsta boðorðið, og eftir þessu einu ætti í raun og veru að vera hægt að dæma um það, hvort hinn vinnandi lýður, sem fékk þeim völdin í hendur, hefir verið gabbaður eða ekki. Og hvað sýnir svo reynslan? Er atvinnuleysið horfið, eða er það að hverfa? Tölurnar tala, og þær segja, að atvinnuleysið hefir stóraukizt. Og það þýðir ekkert að segja, að þessar mismunandi tölur, sem sýna aukninguna, stafi af einhverju öðru. Þær stafa af þverrandi atvinnu, og engu öðru. Og meira að segja, þó að engar tölur væru til, þá er ástandið svo skýrt, að það mundi segja til sín án þess. Eða hvað segja menn þá um fjörið í atvinnuvegunum og það, að engin kreppa geri nú framar vart við sig með afleiðingum sínum? Allt hefir þetta reynzt einn vefur af ósannindum og blekkingum. Og þetta var aðalstefnuskráratriðið — aðalkosninganúmerið. Sjálfur grundvöllurinn hefir því hrunið saman. Einmitt þetta frv., sem hér liggur fyrir, og grg. þess, þar sem ekkert sést annað en rústir og eymd, æpir gegn flutningsmönnunum, sem sjálfir eru kosnir upp á gyllingar fjögurra ára áætlunarinnar. Þetta kom þá í stað þess, að nóg atvinna byðist, kreppan hyrfi og fjör kæmi í atvinnuvegina. Atvinnuleysið hefir aðeins horfið á einu sviði, og það er hjá flokksforingjunum sjálfum, sem virðast ekki alveg á nástráum. Þar er ánægja með ástandið. En dugar verkamönnum, sjómönnum og iðnaðarmönnum og fjölskyldum þeirra það? Þeir segja nei, þegar þeðið verður um endurnýjun á umboðinu.

Þá er í þessum sama fyrsta lið talað um ráðgefandi nefnd. Þessi nefnd átti að skila hinni vísindalegu áætlun í ársbyrjun 1935. En hvað varð úr þessum síðari hluta fyrsta liðs? Áætlunin var ekki búin í ársbyrjun 1935, og ekki í ársbyrjun 1936, og ekki í ársbyrjun 1937. En nú, þegar hillir undir kosningarnar, kreistir kjósendahræðslan út úr nefndinni, ekki neina vísindalega áætlun, eins og lofað var, heldur eitt af þessum þykku nefndarálitum með allskonar tölum og bollaleggingum, prýðilegt plagg til þess að fara á hilluna með öðrum samskonar bókum og vera þar þangað til hún er sokkin í gleymsku og ryk.

En umbjóðendur þessara manna, sem héldu, að starf þeirra ætti að miða að því að útrýma bágindum þeirra og hjálpa þeim í lífsbaráttunni, þeir verða svo að athuga nánar, hvort loforðin við þá hafa verið haldin eða svikin. Mér finnst, að þau hafi verið svikin. Þeir svara auðvitað fyrir sig.

Eitt atriði þessarar stefnuskrár var þó ekki svikið. Það er bezt að unna þeim sannmælis. Þeir sviku ekki að skipa nefndina, og hún sveik ekki að ráða sér starfsfólk. Hún hefir kostað tugi þúsunda á ári, svo að ekki er hægt að neita því alveg, að hún hafi unnið að því að bæta úr atvinnuleysinu. Hvort þeir, sem fólu þessum herrum völdin, hafa þó lagt þennan skilning inn í fjögurra ára áætlunina, skal ég láta ósagt. Því svara þeir sjálfir.

Þetta var nú allt um fyrsta liðinn, og er hætt við, að það yrði langt mál, ef svo skyldi áfram haldið, enda er það ekki tilgangurinn. En það er nálega sama, hvar gripið er niður í þessa loforðakássu Alþfl. Ýmislegt af því er þó hégóminn einber og þvaður. Hér er t. d. í þriðja lið: Að vinna að því, að vísindin verði tekin í þjónustu atvinnuveganna til lands og sjávar o. s. frv. Þetta má náttúrlega alltaf segja. En hvar

eru vísindamennirnir, sem sósialistar hafa skipað á? Í virkileikanum hefir þetta loforð verið þannig haldið, að hverskonar hlaupastrákar og smápésar hafa verið hafðir til umráða, aðeins ef þeir voru flokksmenn. Þ. e. a. s., vísindamennirnir hafa verið skilgreindir þannig, að það væru flokksmenn.

Svo koma nú nokkrir liðir, sem hafa átt að laða bændur, svo sem það, að setja átti verksmiðjur þar, sem fjölbyggðar sveitir væru í kring, svo að bændum verði að þeim sem mestur stuðningur, vegna aukins markaðar landbúnaðarafurða. Bændur hafa víst ekki vitað lítið af þessum markaði í verksmiðjuhverfum sósíalista? Ég spyr. En af því að bændur munu aldrei hafa fest mikinn trúnað við loforð sósíalista, ætla ég ekki að rekja þessi svik frekar.

Í 11. lið er lofað lækkun vaxta, m. a. með lækkun innlánsvaxta. Hvar er þessi vaxtalækkun?

Í 13. lið er lofað sem fullkomnastri landhelgisgæzlu, og var byrjað á framkvæmd þess loforðs með því að selja hið ágæta skip Óðin burt úr landinu.

Í 14. lið er lofað að gera samgöngur á sjó og landi örari, víðtækari og ódýrari. En alstaðar þar, sem ég hefi komið eða spurt til, hafa þessar ferðir bæði orðið strjálli og dýrari og á allan hátt erfiðari og óhentugri fyrir almenning.

Þá er 15. liður mjög merkilegur. Þar er lofað, að tollum verði létt af nauðsynjum, og mundu menn hlæja að þessum lið og efndum þessa loforðs, ef þeim mönnum væri hlátur í hug, sem eru að berjast við að hafa í sig og á. Eitt blaðið birti hér fyrir nokkru fjöldamargar smáskýrslur, þar sem gerður var samanburður á tollum nú og 1934 í ýmsum greinum, svo sem í eldhúsi, við þvott og önnur dagleg störf eða daglegar þarfir hvers heimilis. Þessar skýrslur ættu að vera á hverju heimili, eins og hrópandi rödd um þau ógurlegu svik, sem hér hafa verið framan við almenning.

Hér er svo í 22. lið, að tryggja bæjar- og sveitarfélögum fasta tekjustofna. Þetta er nauðsynjamál. En svo er langt frá því, að þeir hafi gert þetta, að allar tilraunir annara þingmanna í þessu skyni hafa strandað, og það ekki sízt á andstöðu þessara þingmanna sjálfra.

Ég verð nú að hætta þessu. En ég vil þó drepa á 32. liðinn, af því að hann er svo nauðaeinfalt og ljóst dæmi upp á heilindi alþýðuflokksleiðtoganna, ef þeir lofa einhverju. Liðurinn er svona: Að vinna að því, að öllum verði gefin jöfn aðstaða til að keppa um stöður við hverskonar opinberar stofnanir, og eingöngu verði valið í stöðurnar eftir hæfileikum umsækjendanna". Mér er nær að halda, að þó Spegillinn hefði lagt sig í framkróka, þá hefði hann ekki getað búið til neyðarlegri háðsögu um embættaveitinga-aðferð stjórnarflokkanna en hér er gert í þeirra eigin stefnuskrá. Hvenær hefir þetta loforð verið efnt? Embættum hefir ekki einu sinni verið slegið upp oft og einatt. Hvernig var um samkeppnina í Árnessýslu, þegar það embætti var veitt svo ungum flokksmanni, að það varðaði við lög? Hefir verið keppt um forstjórastöðurnar við ríkisstofnanirnar? Var keppt um vitamálastjórastöðuna? Svona mætti halda áfram að telja í það óendanlega. En þó er kannske allra mest gaman, ef nokkurntíma er gaman að svikum, að athuga aðferðir sósíalistaráðherrans við eina ríkisstofnun, þar sem beinlínis er ákveðið í lögum og reglugerð, að keppa skuli um stöðurnar, ef það sé talið nauðsynlegt til úrskurðar. Hér er því stofnun, sem er beinlínis í samræmi við 32. lið áætlunar Alþfl. Þessi stofnun er Háskóli Íslands. Þar hafa nú tvær kennarastöður verið til veitingar með skömmu millibili, og í báðum tilfellum var ákveðin samkeppni, alveg í samræmi við fjögurra ára áætlunina. En hvernig bregður þá við? Í fyrra tilfellinu neitar annar umsækjandinn að keppa, neitar að ganga í jafna aðstöðu eins og hinn umsækjandinn. En ráðherrann, einn af þeim, sem kosnir eru upp á loforð fjögurra ára áætlunarinnar, gerir sér hægt um hönd og veitir honum stöðuna umsvifalaust. — Svo kemur hitt dæmið. Þar fór samkeppnin fram, og dæmt var milli keppendanna, þannig að einn af keppendunum hlaut öll atkvæði 5 manna dómnefndar, og þar á meðal var einn erlendur vísindamaður, sem fenginn var til að tryggja enn betur fullkomið hlutleysi. Hér var því loks fjögurra ára áætluninni fylgt út í æsar. En þá er eins og þessi sami ráðherra, sem lofað hafði að fara alltaf svona að, þegar veittar væru stöður, verði fyrst í vandræðum. Og eftir langar og miklar þrautir setur hann — ekki veitir — heldur setur hann þennan mann „fyrst um sinn, þar til öðruvísi verður ákveðið". Það er eins og honum sé það hreint og beint kvalræði, ef hann skyldi einu sinni verða að halda eitt loforð við kjósendur Alþýðuflokksins.

Ég hefi nú sýnt fram á það, með hverskonar syndabagga sósíalistarnir koma til kjósendanna, og þá hygg ég, að það fari að verða nokkurnveginn ljóst, hvers vegna þetta frv. og önnur slík eru hér fram komin. Þeir sjá, að þeir verða að koma með eitthvað annað en þennan syndabagga fram fyrir kjósendurna. Þau eru ekki borin fram í neinni alvöru. Þau eru ekki fram komin til neinna úrbóta á erfiðleikum almennings. Þau eru alveg af sama toga og Kveldúlfsmálið var. Þau eru reykbombur, sem eiga að hylja svikin, skyggja á staðreyndirnar, hvellur sem á að fá menn til að hrökkva við og gleyma því liðna. Þetta er nú aðalatriðið í þessu máli. Því að þegar mál er borið þannig fram, eingöngu sem kosninganúmer, þá er í rauninni sama, hvernig málið er í sjálfu sér; það á ekki að vera að tefja sig á að ræða það efnislega. Allt frv. er ljós vottur um það, hve mikinn skilning Alþfl. hefir á gildi togaraútvegsins, og hve innileg umhyggja hans er fyrir þeim mönnum, sem við hann vinna og hafa uppeldi sitt af honum. Í stað þess, að milljónir hafa verið settar í að bjarga öðrum atvinnuvegum til lands og sjávar, svo og til þess að hjálpa sveitar- og bæjarfélögum, þá á hér að fara allt aðrar leiðir, eins og í grg. frv. stendur. Hér á ekki að veita stórfellda aðstoð — ekki einu sinni litla aðstoð. Það á ekki einu sinni að láta togarana sigla sinn sjó í friði. Nei, það á bara að

hjálpa þeim á einn veg. Það á bara að hjálpa þeim til að fara á hausinn. Ríkið, sem hefir staðið með útréttar milljónir öðrum til handa, hefir ekkert til að rétta þessum máttarstoðum þjóðfélagsins, annað en skilanefndir og gjaldþrotatilboð. Þessa aðþrengdu eigendur á að draga fyrir lög og dóm, í stað þess að aðrir hafa verið reistir við. Þessar eignir á að setja á markaðinn, þegar allt er í því ástandi, að hver slík eign má heita verðlaus, þegar öðrum eignum hefir verið bjargað frá þeim örlögum. Og þó er því lýst í grg., að ástæðan til erfiðleikanna sé markaðsmissir og önnur slík óviðráðanleg atvik. Jafnframt er því lýst, að nú virðist vera að rofa til, því að nýjar leiðir eru að opnast. En þessa nýju möguleika mega togarafélögin ekki nota. Það á að grípa tækifærið á þessum hættulega umskiptatíma til þess að leggja allt í rústir. Það er þessi aðferð, sem réttlætir þau ummæli, að hér sé beinlínis stofnað til þess að gera togarafélögin gjaldþrota. Það er ekki að furða, þó að Alþýðublaðið noti stóra letrið, þegar það er að tala um þessa viðreisn togaraflotans, þessa viðreisn, sem á að byrja í rústum og gjaldþroti.

Og hvað er það svo, sem á taka við? Það er æðikyndugur óskapnaður. Það er kallað hlutafélag, og er byggt þannig upp, að kröfuhafarnir, sem eru aðallega bankarnir, eiga að leggja allt féð til. Ég ætla annars ekki að lýsa þessu, af því að aðrir þingmenn hafa lýst því svo greinilega á undan mér. En að þeir eiga að leggja til allt féð, sést á því, að fyrst eiga þeir að leggja ⅓ fram sem hlutafé, síðan eiga þeir, ef ríkinu býður svo við að horfa, að lána því ⅔ gegn lágum vöxtum, eingöngu í því skyni að afsala sér öllum völdum yfir fyrirtækinu, því að fyrir þetta fé kaupir ríkið meiri hluta hlutabréfanna, og ræður þannig öllu. Þarna er þá kominn ⅓ þess, sem í félaginu stendur. Hina ⅔ hlutana af fénu verða svo þessir sömu aðiljar að lána félaginu, og eiga hjá því, gegn veði í eignunum, og svo auk þess vafalaust að leggja því til stórkostlegt rekstrarfé. Hér er því ekki hægt að segja, að um nein sældarkjör sé að ræða. Bankarnir eiga sem sagt að afhenda ríkinu allt þetta fé, en afsala sér öllum verulegum afskiptum, jafnótt og skilanefnd getur komið einu félaginu eftir annað á kné. Þetta er viðreisn togaraflotans, sem hér er um að ræða.

Ég á nú bágt með að trúa því, að allar þær þúsundir manna, sem eiga allan sinn hag undir rekstri togaraútgerðarinnar, geti horft rólega á aðfarir eins og þessar. Hvað yrði um þeirra hag, ef svo að segja allur togaraflotinn væri kominn í samskonar ástand eins og samvinnuútgerðin á Ísafirði, bæjarútgerðin í Hafnarfirði og togaraútgerðin á Norðfirði?

Hér er náttúrlega ekki fram undan nema tvennt: Annaðhvort gjaldþrot þessa fyrirtækis og sú stöðvun, sem af því leiðir, eða þá aðferðin, sem beitt er við síldarverksmiðjur ríkisins, að skammta þeim nógu lítið, sem við fyrirtækið vinna. Á undanförnum árum hefir orðið stórkostlegt tap á allri útgerð, og það eru ekki í þessu frv. gerðar neinar ráðstafanir til þess, að þetta tap hætti, þó að ríkið taki við, og þá er auðsjáanlegt, að það hlýtur að lenda annaðhvort í gjaldþroti eða þeir, sem við fyrirtækin vinna, fái minna. Þjóðnýting togaraflotans þýðir annað af þessu tvennu: Gjaldþrot og vinnustöðvun, eða minna til þeirra, sem við það vinna, þ. e. a. s. kauplækkun.

Ég gæti vel skilið þá togaraeigendur, sem hörmuðu ekki svo mjög, þó ríkið tæki að sér togaraflotann, eins og nú er búið að honum. En mér er alveg ómögulegt að skilja þá sjómenn og verkamenn, sem geta horft rólegir fram á það ástand, sem þá mundi skapast. Því ef þeim hefir stundum þótt erfitt að kljást við einkakapitalismann — einkafjármagnið —, hvernig mun þeim þá ganga að halda sínu fyrir ríkiskapitalismanum — ríkisfjármagninu? Það hafa þeir fengið að reyna, þó í litlu sé, við síldarbræðsluna, er tekur alveg miskunnarlaust 70 aura af hverju máli síldar, og ætlaði að taka 2 krónur af hverju máli síldar, þó að játað sé, að þetta fé hafi fengizt í ágóða, og þeir, sem síldina hafa lagt inn, eiga þetta fé. Þetta er sú raunverulega kauplækkun. Þetta er kauplækkunin, sem hæstv. atvmrh., Haraldur Guðmundsson, taldi meðal eins af tilræðum íhaldsins við verkamennina. En það eru þeir sjálfir, sem stofna til þessarar kauplækkunar. Ég vil því segja, að frá öllum sjónarmiðum er þetta mál janffráleitt, og ef það ætti að koma til framkvæmda, myndi það leiða til ógæfu. En það svívirðilegasta við það er þó í raun og veru það, að málið er þersýnilega borið fram sem kosningabomba, borið fram til að fela svik Alþfl.þingmannanna við flokk sinn og kjósendur, og til að reyna enn á ný að veiða þá til fylgis með innihaldslausum loforðum.

Forseti (EÁrna): Þá er 2. umferð lokið. Alþfl. hefir notað 43 mín., Bændafl. 45 mín., Sjálfstfl. 46 mín og Framsfl. 41 mín. Þá byrjar 3. umferð, og tekur næstur til máls fulltrúi Alþfl., hv. 4. landsk., Jón Baldvinsson.

Jón Baldvinsson: Herra forseti! Góðir hlustendur! Mér er skýrt svo frá, að nokkurt ólag hafi verið á útvarpi á tveimur fyrstu ræðunum, og mun það hafa verið af einhverjum ágalla við útsendinguna.

Þeir, sem hafa talað í þessu máli frá hinum flokkunum, Bændafl., Framsfl. og Sjálfstfl., hafa allir haft það sameiginlegt, að þeir hafa lýst andstöðu sinni við þetta frv. Þeir hafa það líka allir sameiginlegt að kalla það kosningabombu, allsherjargjaldþrot á útgerðinni og ýmsum þeim nöfnum, er þeir hafa fellt þar saman. Fyrstur reið á vaðið í þessu efni og vitnaði hv. 10. landsk., með því að tala fyrst um síldareinkasöluna, sem gerð var gjaldþrota með lögum, og spáði hann eins fyrir þessu fyrirtæki, ef það yrði sett á stofn. Þessi hv. þm. hefði ekki átt að minnast á síldareinkasöluna, því að sannleikurinn er sá, að það er þegar búið að bæta fyrir það, með því að endurreisa hana aftur, vegna þess að þeir menn, sem vinna að síldarútgerð, heimtuðu, að þessu skipulagi yrði komið á aftur, og var það eins og kunnugt er eitt fyrsta verk núv stj. Þess vegna er nú með að-

stoð ríkisvaldsins og fyrir forgöngu þess búið að stofna til nokkurskonar einkasölu á síld aftur.

Hv. þm. hefði ekki átt að nefna þetta fljótræði, sem það var að leggja síldareinkasöluna niður, eða fara í samanburð á henni og rekstri einstakra manna. Það má í þessu sambandi minnast á árið 1919, þegar einkaframtakið var í algleymingi; þá tapaði landið um 10 millj., sem orsakaði það, að 11 millj. króna lánið varð að taka 1921, og tap þetta var orðið bönkunum nærri að falli. Einkaframtakið hafði þá söluna á hendi, en tókst ekki betur en svo, að vegna þess að einhvern hafði dreymt um, að kg. í síldinni myndi komast í krónu, þá seldu þeir hana ekki, en urðu svo að borga nokkrar krónur til þess að moka hverri tunnu í sjóinn. Þessir útgerðarmenn, sem allt á að byggja á, réðu þá öllu um sölu síldarinnar í svokallaðri frjálsri samkeppni.

Ég má ekki dvelja lengi við hvern mann, vegna þess að tíminn er naumur, sem mér er skammtaður. En ég vil ráðleggja hv. 10. landsk. að vera ekki neitt að bera fyrir brjósti innra starf Alþfl. Þessi hv. þm. ætti heldur að hugsa um sinn eiginn flokk, því að hann er búinn að vera formaður flokksins á þingi í 3 ár og búinn að týna ⅓ af flokknum. Ég held, að hv. þm. ætti að hugsa um það, og þegar honum detta kosningar í hug og þegar hann minnist á, að hæstv. atvmrh. muni nú vera á förum, þá kemur honum strax dauðinn í hug. Það er líklega hans eiginn pólitíski dauðdagi.

Þeir hv. andstæðingar, sem hafa talað í þessu máli, hafa allir talað á móti frv., en það hefir ekki nema einn þeirra gert minnstu tilraun til þess að segja, hvað ætti að gera og taldi hann þó ekkert af því framkvæmanlegt. Þeir hafa allir játað, að togaraútgerðin sé svo illa farin, að þar verði ekki lengur haldið áfram á sömu braut, ef ekki á allt að stöðvast. Andstæðingar frv. vilja, að því er mér skilst, láta þetta þing líða án þess að nokkrar ráðstafanir séu gerðar gegn allsherjarstöðvun togaraútgerðarinnar, sem vel getur borið við, verði ekki tekið í taumana.

Það var hv. 2. þm. Rang., sem aðeins drap á og játaði, að þörf væri einhverra aðgerða. En hann eða hans flokkur hefir ekki komið með neina minnstu till. til þess að koma útgerðinni á réttan kjöl. Þeir hafa að vísu lauslega kastað fram, að helzta ráðið væri kauplækkun. Svo gersamlega standa þeir ráðalausir gangvart þessu. Þeir vilja láta einstaklingsframtakið reka útgerðina áfram og láta hana velta eins og velta vill, þó að þeir sjái öll sund lokast. Þeir vilja ekki ljá þann eina stuðning til viðreisnar, að ríkið hlaupi undir baggann. En sannleikurinn er sá, að ríkið á í raun og veru þessi fyrirtæki, eins og hæstv. atvmrh. sagði hér í kvöld.

Hv. 1. þm. Reykv., sem tók til máls um þetta frv., varði minnstu af sínum tíma til þess að tala um það, og vona ég, að hæstv. forseti leyfi mér einnig að hverfa ofurlítið frá því og svara hv. þm. örfáum orðum.

Mér þykir alltaf ánægjulegt, þegar hv. andstæðingar okkar tala um 4 ára áætlunina. Þeir geyma hana til þess að líta í við og við, til þess að geta krossað við það, sem þeim finnst að megi finna að, að ekki sé komið í framkvæmd. En þegar hv. þm. talaði um svik Alþfl. á þeim loforðum, sem gefin voru í 4 ára áætluninni, þá hefði hann átt að vita það, að Alþfl. hefir þegar borið efndir á 4 ára áætlunarinnar undir kjósendur Alþfl. Á síðastl. hausti var saman komið hér í Reykjavík sambandsþing alþýðufélaganna, þar sem voru mættir fulltrúar frá 15 þús. manns, og það hefir oft viljað til, að kjósendur Alþfl. hafa verið svipað margir og meðlimir í alþýðusamtökunum eru, þó að í þeim séu menn af öllum flokkum. En fulltrúar þessara 13 þús. manna lýstu fullu trausti á Alþfl.þm. fyrir framkvæmd þeirra á 4 ára áætluninni. Það er dálítið leiðinlegt fyrir Sjálfstfl., ef hann fer að tala um kosningamál, þá verður hann að taka upp 4 ára áætlun Alþfl. Hann getur ekki tekið upp kosningaprógramm Sjálfstfl., því að það er ekki til. Sjálfstfl. hefir ekki mikið að svíkja; hann hefir enga stefnu yfirlýsta við kosningar. Hann vill geta sagt við kosningar þetta eða hitt. Þeir ætla að taka með framkvæmdavaldinu það, sem kemur vel aðalstuðningsmönnum flokksins, en það eru ekki hinir dreifðu kjósendur þeirra víðsvegar úti um landið, heldur eru aðalstuðningsmenn flokksins tvær stéttir, stórútgerðarmenn og stórkaupmenn. Þeir marka stefnu Sjálfstfl. í löggjafarmálum eins og þeim á hverjum tíma kemur bezt, og þeir ráða framkvæmdunum, ef Sjálfstfl. hefir völd.

Ég vil benda á, að það er kjósendanna að dæma út frá því, hvernig þetta eða hitt hefði verið, ef Sjálfstfl. hefði verið við völd, og getum við þá líka dæmt eftir þeim till., sem frá þeim hafa komið á þingi. Sjálfstæðismenn hafa lagt til, að í stað þess að leggja fram fé til atvinnubóta, þá sé dregið úr því og það notað til ýmsra annara hluta en að halda uppi atvinnu. Á síðastl. kjörtímabili var varið stærri fjárhæð til atvinnubóta og verklegra framkvæmda heldur en nokkru sinni fyrr. Og það var fyrir atbeina Alþfl. og Framsfl., að þetta var gert. Þeir mættu kreppunni, sem skapar atvinnuleysið, með því að leggja fram af hálfu hins opinbera til verklegra framkvæmda meiri fjárhæð en nokkru sinni fyrr. Ef Sjálfstfl. hefði mátt ráða, þá hefði hann ekki aflað ríkissjóði fjár til þess. Þá hefði hann ekki látið þessar framkvæmdir fara fram. M. ö. o., atvinnuleysið undir forystu sjálfstæðismanna hefði orðið svo langsamlega miklu meira á þessu ári. Það er meira að segja hægt að sýna fram á við atvinnuskráninguna, að dregið hefir úr atvinnuleysinu, sérstaklega hér í Reykjavík.

Hæstv. forseti gefur mér nú aðvörun um, að tími minn sé á þrotum. Ég vildi þó aðeins að lokum segja þessi orð. Við alþýðuflokksmenn hörmum það, að samstarfsmenn okkar, framsóknarmenn á Alþingi, geta ekki fylgt till. okkar. En við getum ekki látið okkur nægja vinsamlegar undirtektir undir minniháttar atriði í þessu máli, sem nú liggur fyrir þessari hv. d., og frv. því, sem liggur fyrir Nd. Við getum að-

eins sætt okkur við þá úrlausn, að meginatriðin séu tekin til greina. Við erum líka við því búnir að bera þessi mál undir dóm kjósendanna í landinu, og með þeim rökum, sem þessar till. eru reistar á, þurfum við ekki að kvíða þeim dómi. En ég get skilið það, að hinir, sem engin mál hafa til þess að bera fyrir kjósendurna annað en neikvætt prógramm, vilji síður fara að tala við þá. Þeir hafa ekkert við þá að tala. Þeir hafa engin mál fyrir þá að leggja.

*Þorsteinn Briem: Fulltrúi Alþfl., hv. 4. landsk., bar sig eins og venjulega, furðu karlmannlega. Hann var svo sem ekki mjög niðurdreginn, þó að hann hafi nú fengið að heyra allmikinn lestur hjá ýmsum ræðumönnum, sem hér hafa talað í kvöld.

Ég skal ekki svara því að neinu leyti, sem hann deildi á aðra flokka, en aðeins svara nokkru af því, sem hann beindi til mín sérstaklega. Hann hóf mál sitt á því að tala um síldareinkasöluna sálugu, þessa, sem sjálfsagt þótti að gera skuldaskil á — þessa síldareinkasölu, sem tapaði á 3 sumrum á aðra millj. króna, — þessa síldareinkasölu, sem eyðilagði bezta síldarmarkaðinn, sem þá var til, og brást alveg þeirri sjálfsögðu skyldu að borga síldina, sem sjómenn afhentu henni til þess að selja fyrir sig, því að það var ekki fyrir síldina, sem þeir fengu verð, ekki einu sinni fyrir tunnum og salti. Þessi varð útkoman í því háreista fyrirtæki, og eitthvað á líka lund myndi útkoman verða á því fyrirtæki, sem samkv. þessu frv. á að stofna, þó að nú sé hátt á því risið, meðan hv. frv.-flytjendur eru að tala fyrir því.

Hv. þm. vildi ráðleggja mér að minnast ekki á innanflokksmál Alþfl. Já, ég skal ekki fara mikið út í það, því að það kemur mér ekki við, en hinsvegar hefði hann ekki átt að vera svo ógætinn að minnast á sín eigin brot, sinn fræga forsetaúrskurð, og ekki heldur átt að minnast á það stjórnarskrárbrot, sem hans flokkur og samstarfsflokkur hans fyrrv. stóðu að.

En aftur á móti var það eftirtektarvert, að hann leiddi hjá sér að svara því, sem ég hafði beint til hans í minni ræðu út af því, sem stendur í 4 ára áætluninni, að m. a. ætti Alþfl. að taka að sér vegna atvinnuveganna að lækka vexti. Ég taldi rétt að beina sérstaklega til form. Alþfl., sem er bankastjóri, að hann hefði átt að beita sér fyrir því að lækka vextina, og þar sem hann ekki væri búinn að því, yrði hann að bæta úr því. Þessu svaraði hann alls ekki. Hann minntist ekki á það, að vextir af lánum út á fullverkaðan fisk eru þeir sömu og út á fisk í sjónum. Hann minntist ekki á, að vextirnir væru neitt lægri af lánum, sem veitt eru gegn beztu tryggingum heldur en lánum sem veitt eru gegn óvissum tryggingum. Það mun þó vera gamalt orðtæki, að það sé vissari sá fuglinn, sem er í hendi, en sá, sem er á húsþaki, og heldur myndu menn vilja kaupa rjúpuna innpakkaða í kassa heldur en á fæti, og má líkja því við fiskinn í sjónum. Kjósendurnir eiga nú eftir að dæma um þessar efndir eins og aðrar efndir á kosningaloforðum Alþfl.

Hv. þm. (JBald) svaraði ekki heldur því, sem ég minntist á út af því, sem hann sagði, að framleiðendur yrðu að bera þunga byrði, m. a. vegna starfskostnaðar bankanna. Ég skaut því til hans, hvort hann vildi vinna að því að lækka þennan kostnað. Mönnum hlýtur að vaxa allmikið í augum, að stjórnarkostnaður Landsbankans skuli vera ¼ millj. kr. og Útvegsbankans um ½ millj. króna. Þessu svaraði hv. þm. ekki, þótt það sé óneitanlega svaravert. Honum þótti miklu ráðlegra að tala um annað; hann fór að segja stærilætissögur af sjálfum sér, og vill ég þó alls ekki segja að hann sé orðinn það gamall, að það hafi verið karlagrobb. En samt sem áður var grobbið mikið, þegar hann var að tala um, að núv. ríkisstj. hefði látið gera meiri framkvæmdir en nokkru sinni hefðu verið gerðar fyrr. Þetta er nú ekki nema að nokkru leyti satt. Það kann að vera, að það hafi verið varið stærri fjárhæðum til sumra hluta, eins og t. d. atvinnubóta. En það hafa ekki alstaðar verið meiri framkvæmdir fyrir það. Ég get t. d. nefnt eitt dæmi, þar sem hefir verið varið kannske allt að því eins miklum upphæðum eins og áður, en ekki verið eins miklar framkvæmdir fyrir þessa sömu upphæð.

Ég get t. d. nefnt vegavinnuna. Árið 1933 voru vegavinnudagsverkin 111 þús., 1934 130 þús., 1935 96 þús., — er ekki 96 þús. minna en 130 þús.? — og 1936 eru vegavinnudagsverkin 95 þús. Þarna munar í þessum tveimur árum 50 þús. dagsverkum samtals. Liggur þá ekki nærri að halda, að það hafi ekki verið gerðar meiri framkvæmdir í tíð núv. stjórnar en fyrrv. stj.? Ég verð því að telja, að þetta dæmi sé eins og annað hjá þeim hv. sósialistum, meira í munni heldur en í verkunum — meira grobb en virkileiki.

*Bernharð Stefánsson: Herra forseti! Það er hvorttveggja, að ræðutíminn er naumur, enda er ekki mörgu að svara af því, sem fram hefir komið í ræðum manna. En þessar umr. hafa staðfest það, sem ég sagði hér í kvöld, að þetta frv. fer fram á hreinan ríkisrekstur, og fjárhagsgrundvöllur þess er ótryggur og glæfralegur.

Ég hefi ekki tíma til að athuga mikið ræður einstakra þm., en þó vil ég víkja að því, sem hv. 2. þm. Rang. sagði, að ekki sé farið eftir verðleikum, þegar valið er í stjórnir ríkisfyrirtækja, og tók þar sérstaklega til dæmis síldarverksmiðjur ríkisins. Ég vil út af því, sem hv. 2. þm. Rang. sagði, taka það fram og staðhæfa það, að Framsfl. hafi valið mann í stjórn síldarverksmiðjanna, sem allir vita og öll þjóðin viðurkennir, að hafi mesta þekkingu á því máli allra Íslendinga. Þó að pólitísku flokkarnir kjósi í slíkar stjórnir, finnst mér, að hver flokkur eigi að velja sína hæfustu menn. Annars er það svo, að Sjálfstfl. vill fá mann úr sínum hópi í stjórn þessa fyrirtækis, og ætti hann þá einmitt að fara að dæmi Framsfl., að velja sinn hæfasta mann, því að ég veit, að Sjálfstfl. viðurkennir, að Framsfl. hafi tekizt valið þannig, því að einmitt ráðh. þess flokks, Magnús Guðmundsson, skipaði Þormóð Eyjólfsson ekki ein-

asta í stjórn síldarverksmiðjanna, heldur formann þeirra.

Hæstv. atvmrh. sagði, að ég hefði forðazt að koma nærri kjarna málsins. Ég talaði eingöngu um frv., sem fyrir liggur, og ég hélt satt að segja, að það ætti að gera við umr. þessar, eins og venja er til, að tala um það, sem á dagskrá er. En kannske hæstv. ráðh. segi þetta vegna þess, að honum finnist frv. sjálft ekki koma nærri kjarna málsins. Hæstv. ráðh. sagði, að ég hefði farið rangt með efni frv., og las upp úr því til þess að staðfesta þessi orð sín, en það voru einmitt þau orð, sem ég vitnaði í í minni fyrri ræðu. Það stendur, eins og ég sagði, í frv., að það á að gera menn gjaldþrota, þó að þeir gefi sig ekki fram sjálfir, og þó að lánardrottnarnir gangi ekki að þeim, ef n. álítur, að maðurinn geti ekki greitt skuldir sínar. En hvernig fer, ef álit n. kynni að reynast rangt? Hæstv. atvmrh. sagði, að þetta væri tekið upp úr gjaldþrotaskiptalögunum. Ég mótmæli því. Það er rangt. Það stendur ekki í þeim lögum, að þingið eigi að setja n. til þess að ákveða, hvort maður eigi að gefa sig fram sem gjaldþrota eða ekki. Það er dómarinn, sem sker úr því, og það er allt annað mál, hvort pólitísk n. sker úr þessu að aðilja forspurðum eða dómarinn gerir það.

Hæstv. ráðh. sagði, að Framsfl. hefði ekki komið með ákveðnar till. um samvinnuútgerð. Þetta er rangt, flokkurinn hefir einmitt gert það, og stefna flokksins í þessu máli er, eins og margsinnis hefir verið lýst yfir, sú, að útgerðin þurfi að komast í það horf, að ábyrgðin hvíli á öllum þeim, sem atvinnuna stunda.

Hæstv. ráðh. sagði, að bæði ég og aðrir, sem töluðu á móti frv., bærum við áhættu ríkissjóðs, en svo spurði hann og brýndi raustina. Hver ber ábyrgðina nú? Og hann komst að þeirri niðurstöðu, að ríkissjóður gerði það gegnum bankana. Að vísu er nokkuð til í þessu, en þó er það ekki að öllu leyti rétt og má þar m. a. minna á hlutaféð, sem í útgerðinni stendur. Ég álít, að Framsfl. sé mér sammála um það, að áhætta ríkissjóðs sé meiri en annars, ef ríkisútgerð komist á. Ég nefndi þetta nokkuð í fyrri ræðu minni, og byggist það á þeim kröfum, sem gerðar eru til ríkissjóðs fram yfir það, sem til annara er gert, og ef frv. yrði samþ. og ríkisútgerð togara kæmist á, mundu kröfur áreiðanlega verða gerðar um það, að skipunum væri haldið úti, hvernig sem á stæði, og eins þó að stórtap væri fyrirsjáanlegt. Það má svo sem geta nærri, að Alþýðusambandið myndi krefjast þess að fá að ráða kjörum þeirra, sem við útgerðina störfuðu, og í þessu efni ekki taka tillit til getu og afkomu fyrirtækisins, og ef Alþfl.menn stjórnuðu útgerðinni, mundu þeir sjá, hvernig það mundi ganga að standa á móti kröfum sinna eigin kjósenda; og jafnvel fulltrúar annara flokka er ég hræddur um, að mundu verða veikir fyrir í þessu efni. Þeir mundu hika við að taka á sig þær óvinsældir, sem af því leiddi að standa ef til vill gegn sanngjörnum kröfum, þegar þeir sjá, að þeirra flokkur ætti ekkert á hættu.

Þó að ég hafi ekki mikla trú á, að þetta frv. sé alvarlega meint, eins og ég sagði í fyrri ræðu minni, hefir það þó á unnizt við þessar umr., að stefna flokkanna í útgerðarmálum hefir komið skýrt fram. Það sést skýrt á ræðu hv. 1. þm. Reykv., Magnúsar Jónssonar, sem ekkert hafði til þessa máls að leggja, og hv. 2. þm. Rang. Péturs Magnússonar, að Sjálfstfl. hefir ekki hugsað sér neina breyt. til batnaðar í þessu efni. Hann vill halda áfram sama öngþveitinu í togaraútgerðinni og verið hefir. Þetta er reynt að dylja undir ýmsum káktillögum, en það sést samt skýrt. Svo þegar útgerðin er komin í þrot, er bara komið með kröfur um ríkisstyrk, og svo er haldið áfram undir sömu eigendum og á sömu braut. Slík er stefna Sjálfstfl. Alþfl. aftur á móti virðist ekki ljós önnur leið en þjóðnýting stórútgerðarinnar, sem hlýtur að leiða til meiri og meiri ríkisrekstrar og þjóðargjaldþrots fyrr eða síðar. Það er eins og hæstv. atvmrh. geti ekki hugsað sér neitt annað en annaðhvort ríkisrekstur eða það ástand, sem nú er; það er eins og hann geti t. d. ekki hugsað sér, að togaraútgerðarfélög á fallanda fæti séu gerð upp og haldi síðan áfram rekstrinum kannske undir nýjum eigendum með betri rekstrarmöguleika, eða að útgerðafélögin kæmust í hendur samvinnufélaga eða annara slíkra félaga, sem tækju að sér reksturinn. En Framsfl. bendir á þá einu leið í þessu efni, sem er fær og skynsamlegust, og það er stuðningur ríkisvaldsins til öflunar nýrra nauðsynlegra tækja í þarfir útgerðarinnar samfara stuðningi til öflunar nýrra og betri markaða og betri meðferðar framleiðsluvörunnar ásamt mörgu fleiru, sem fram kemur í ræðu og riti frá hendi Framsfl. Og hvað snertir rekstrarfyrirkomulagið, vill flokkurinn stuðla að því, að þeir sem vinna að fiskframleiðslunni, séu sjálfir þátttakendur í útgerðinni og stjórn hennar og eigi þannig beinna hagsmuna að gæta um rekstrarniðurstöðuna.

Ég býst ekki við að tala aftur. — Góða nótt!

*__Pétur Magnússon__: Herra forseti! Ég hefi aðeins 6 mínútur til umráða, svo að það er ekki margt, sem ég get drepið á. Það voru tvö atriði í ræðu hæstv. atvmrh., sem ég vil drepa á nokkrum orðum. Hann var að tala um það, sem er rétt, að útlit væri fyrir, og það væri jafnvel víst, að á þessari vertíð mundu nokkrir togarar liggja inni af því, eins og hann sagði, að það væri enginn maður, sem bankarnir vildu trúa fyrir því að gera þá út. Þetta er rétt. Hver er svo ályktun hans af þessu? Hún er sú, að fyrst enginn fæst til þess að gera togarana út, verði þeir að liggja inni. Hann gerir enga till. um að breyta til um reksturinn á þann hátt, að möguleikar séu á því að reka togarana hallalaust. Hann kemur með alls enga till., sem ekki er fyrir löngu fram komin og ekki hefir verið sýnt fram á, að mögulegt er að framkvæma. Þetta er svo háskaleg braut, að það tekur engu tali. Ef ekki er hægt að gera togarana út af einstökum mönnum, þá er það ekki hægt af ríkinu. Svo talaði hæstv. ráðh. um það með mörgum orðum, hver hætta stafaði af því, ef togaraútgerðin stöðvaðist, — og það er rétt. Það verður ekki

of mikið úr því gert, en einmitt af þessari ástæðu er það svo stórkostlega hættulegt að stofna til slíks fyrirtækis, sem lagt er til í þessu frv., af því að þá væri hætta á því, að togaraútgerðin færi alveg í rústir, og miklu meiri, ef stofnað yrði til ríkisrekstrar heldur en ef útgerðin væri í höndum einstaklinga, og hefi ég sýnt fram á það í minni fyrri ræðu. Það má í þessu sambandi minna á, hvernig fór, þegar bæta átti úr erfiðleikum síldarútvegsins með einkasölunni, og það er líklegt, að það liði ekki á löngu áður en eins færi fyrir þessu ríkisfyrirtæki, sem hér um ræðir.

Út af því, sem hv. 1. þm. Eyf. beindi til mín, vil ég aðeins geta þess, að ég sagði aldrei, að það hefði enginn maður verið valinn í stj. ríkisfyrirtækis eftir verðleikum. Ég sagði, að það hefði verið undantekning, að svo hefði verið gert.

Þá vil ég drepa á nokkur atriði í ræðu hv. 4. landsk. Hann sagði í fyrri ræðu sinni, að sjálfstæðismenn væru yfirleitt á móti allri nýbreytni í atvinnulífinu, ekki síst að því er snerti togaraútgerðina. Það er einkennilegt að heyra þetta frá sömu mönnum, sem segja, að sjálfstæðismenn beri ábyrgðina á rekstri togaranna, því að þeir hafi með höndum þessa útgerð. En hvernig má það vera, að þessir menn, sem vitanlega hafa alltaf verið með nýbreytni í rekstri fyrirtækjanna á hverju ári, séu á móti allri þessari nýbreytni, sem þeir hafa verið að framkvæma? Hitt er annað mál, að breyttir tímar hljóta að leiða til þess, að nýjar starfsgreinar séu teknar upp í hverjum atvinnurekstri. Það var ekki eðlilegt, að árið 1924, þegar þorskurinn var svo eftirspurð vara, væri verið að senda togarana til þess að veiða ufsa og karfa, slíkt hefði enginn maður látið sér til hugar koma, því að þá var annar rekstur, sem borgaði sig betur En hitt er eðlilegt og sjálfsagt, að þegar sú atvinnutegund, sem áður bar sig bezt, getur ekki skilað arði lengur, sé gripið til nýrra úrræða, því að það er það, sem breyttir tímar leiða af sér, og það er gagnslaust að ætla að telja mönnum trú um, að slík nýbreytni sé ákveðnum stjórnmálaflokki að þakka. Hv. þm. sagði, að ef Sjálfstfl. hefði verið við völd síðustu 10 ár, hefði síldarbræðslan aldrei komizt upp. Það verður náttúrlega hver að hafa sína skoðun í því efni. Ég er sannfærður um, að ef sæmilega hefði verið búið að einkarekstrinum, ef hann hefði haldið áfram að þróast eins og á árunum 1924—1927, þá væri ekki aðeins búið að koma upp þessari síldarbræðslu, heldur mundi sá atvinnurekstur standa með meiri blóma en hann gerir nú, þó að hann hafi gengið vel síðasta ár. Hitt er ég ekki í neinum vafa um, að ef sæmilega hefði verið búið að einkarekstrinum, væri togaraflotinn nú þegar endurnýjaður miklu meira en raun er á nú. Það er einkennilegt að heyra hv. þm. tala um, að Sjálfstfl. hafi ekki komið fram með nein nýmæli til viðreisnar sjávarútveginum, þegar þess er gætt, að hv. þm. og flokksbræður hans eru að tína upp till., sem Sjálfstfl. hefir komið með undanfarin ár; það er einkennilegt, að þeir skuli bera fram þessar till. hér á Alþingi og hrópa svo út um allt landið, að nú séu þeir að frelsa föðurlandið og það séu þeir, sem hafi fundið ráð til að rétta við þennan atvinnuveg.

Það var eitt, sem þessi hv. þm. sagði og ég er honum alveg sammála um, og það var það, að stærri upphæðir hefðu verið veittar til atvinnubóta en nokkru sinni fyrr, og það væri núv. stjfl. eingöngu að þakka, og það hefði verið öðruvísi, ef Sjálfstfl. hefði farið með völdin. En hvernig stendur á þessari fjárveitingu, og hvers vegna þarf að afla fjár til þessarar fjárveitingar? Þetta stafar af því einu, að atvinnuvegum landsins hefir hnignað. Ég segi bara það, að hver hefir til síns ágætis nokkuð, en ég hélt ekki, að hv. þm. færi að hæla sér og sínum flokki af því, að málefnum landsins hefði verið stýrt þannig, að atvinnulífinu hefði hnignað í landinu á valdatíma þeirra. Ég er viss um, að ef Sjálfstfl. hefði farið með völdin á þessu 10 ára tímabili, hefði aldrei komið til þess, að það hefði þurft að afla þessa mikla fjár, sem á síðustu árum hefir verið veitt til atvinnubóta, heldur hefði verið búið þannig að atvinnuvegunum, að þeir hefðu sjálfir getað notað vinnuaflið og það hefði ekki þurft að leggja nýjar byrðar á þá til þess að hafa eitthvað handa fólkinu að gera. Þetta er það eina, sem ég get verið sammála hv. 4. landsk. um af því, sem hann talaði um afstöðu flokkanna í þessu efni.

*Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson): Í þeim umr., sem fram hafa farið, hefir á ýmislegt verið drepið, og get ég ekki minnzt á nema fátt eitt. Andstæðingar frv. hafa gert sér tíðrætt um síldarbræðslustöðvar ríkisins og flutt það mjög fram til að spilla fyrir ríkisrekstri, að þar eigi að setja upp 20 manna yfirstjórn, og allir þessir 3 flokkar eru sammála um, að slíkt sé lítil meðmæli með ríkisrekstri. Það er rétt að upplýsa það, að þessi till. er komin frá Framsfl., studd af Sjálfstfl. og Bændafl., svo að það er ekki hægt að leggja Alþfl. til lasts, að þessi till. sé frá honum komin. Ég hefi sjálfstæðismenn grunaða um að styðja þessa till. til þess að reyna að gera opinberan rekstur óvinsælan. Hvort svipað hefir vakað fyrir flm. till., skal ég ekki fullyrða.

Hv. þm. S-Þ., Jónas Jónsson, gerði sér tíðrætt um, að það ætti að reka síldarbræðslustöðvarnar með öðrum hætti en verið hefði; það ætti ekki að borga fast verð, heldur sannvirði, eins og hann orðaði það. Mér er ekki kunnugt um annað en framsóknarmennirnir í stj. síldarbræðslustöðvanna hafi öll árin greitt atkv. með því að borga fast verð. Fyrsta árið var áætlað að borga 7 kr., en voru borgaðar 4,50 kr. Síðan hefir það alltaf verið samþ. með shlj. atkv. Þormóðs Eyjólfssonar og Sveins Benediktssonar og annara, sem í stj. verksmiðjanna hafa verið, að kaupa síldina föstu verði, og það hefir enginn ágreiningur verið um það, enda var trauðla hægt að koma því við.

Ég ætla, að það þurfi ekki mörg orð til þess að sýna fram á, að það sé útilokað, að það sé hægt að koma upp samvinnufélagi til þess að

reka 10—20 togara með þátttöku mannanna, sem við fyrirtækið vinna. Það er ómögulegt að fá fé, sem til þess þarf, og það er fyrsti örðugleikinn, sem á strandar. Það er óþarft að telja fleiri.

Ég átti ekki von á því, að hv. þm. S.-Þ., Jónas Jónsson, færi að ganga í lið með þeim, sem ráðizt hafa á samvinnuútgerðina á Ísafirði. Ég hefi drepið á þetta áður og læt mér nægja að vísa til þess, en ég vil aðeins segja það, að ég er ekki viss um, að mörg önnur félög hafi gert það betur en þetta félag. Hv. þm. S.-Þ., Jónasi Jónssyni, og hans flokksbræðrum blöskrar, að 2 millj. kr. skuli hafa farið til sjávarútvegsins, en þeim blöskrar ekki þegar 11½ millj. kr. eru lagðar til bænda til vafasamra ráðstafanna.

Hv. 1. þm. Reykv. sagði, að þetta frv. væri ný kosningabomba, eins og fjögurra ára áætlunin, sem öll hefði verið svikin. Það þarf ekki að eyða mörgum orðum í það. Hv. þm. drap fyrst á það, að því hefði verið lofað, að nýtt fjör skyldi færast í atvinnulíf þjóðarinnar, en það hefði verið svikið. Ég vil skjóta því til hlustenda minna innan hv. d. og utan, að ég fullyrði, að undir núv. stj. hefir færzt fjör í alla atvinnuvegi þjóðarinnar nema þorskveiðarnar; iðnaðurinn hefir blómgazt og dafnað meira en nokkru sinni fyrr, landbúnaðurinn líka, og ég veit ekki betur en að verzlunin hafi sýnt svipaða útkomu og undanfarið, og þannig er það um alla okkar atvinnuvegi nema þorskveiðarnar. Auk þess hafa nýir atvinnuvegir risið upp, sem gert hafa mögulegt að standast þau áföll, sem við höfum orðið fyrir vegna ófyrirgefanlegrar óforsjálni þeirra manna, sem höfðu stjórn útgerðarmála og atvinnumála okkar undanfarin ár, áður en núv. stjflokkar komust til valda. Hv. 2. þm. Rang., Pétur Magnússon, sagði, að ef Sjálfstfl. hefði farið með völdin í landinu, þá væri okkar málum ekki svona komið. Hvernig er okkar málum þá komið? Við höfum orðið fyrir þeim áföllum, sem enginn maður hefði látið sér detta í hug fyrir 4—5 árum, að íslenzka þjóðin hefði þolað, þegar við misstum Spánarmarkaðinn gersamlega og þær 15—20 millj. kr., sem við höfðum fengið þaðan, og Ítalíumarkaðurinn minnkaði um helming. Það var meira áfall en svo, að Sjálfstfl. hefði getað afstýrt því.

Hv. 1. þm. Reykv. minntist á embættaveitingar við háskólann. Mér þykir vænt um það. Um fyrra atriðið hefi ég gefið skýrslu fyrir prófessora lagadeildarinnar, sem ég hygg, að muni fullnægja sem svar fyrir þá deild og háskólann. Og mér er ekki grunlaust um, að þar hafi þessir menn fengið ráðningu, sem hefir kennt þeim betri háttsemi. Um guðfræðideildina er það að segja, að hv. 1. þm. Reykv. og annar próf. í deildinni komu til mín í haust og mæltust til þess við mig, að ákveðinn maður yrði skipaður í stöðuna án þess að hún væri auglýst. Hann var að þeirra dómi einn hæfi maðurinn til þess að kenna guðfræði í háskólanum, fyrir utan þá, sem fyrir voru í deildinni. Ég vildi ekki gera þetta. Það kom náttúrlega hundur í prófessorana, en staðan var auglýst og samkeppnin fór fram. Hvað varð svo ofan á í samkeppninni? Dómnefndin var á einu máli um, hver skyldi verða fyrir valinu, en prófessorarnir tveir, sem vildu fá þennan ákveðna mann í haust, nefndu hann hvorugur á nafn, og það var valinn einhver maður, sem þeir fundu upp í Borgarfirði. En í haust hafði prófessorunum alveg sézt yfir hann og báðu um, að Benjamín Kristjánsson yrði skipaður í embættið án þess að það yrði auglýst. Mér er sönn ánægja í því að fá tækifæri til þess að minnast þessa atviks við hv. 1. þm. Reykv.

Þessir menn hafa talað um kosningabombur. Mér þykir vænt um að þetta frv. er nefnt kosningabomba, því að hvað þýðir það á þeirra máli? Það er mál, sem kjósendunum lízt svo vel á, að þeir styðja þann flokk, sem flytur málið. Eins minntist hv. þm. á fjögurra ára áætlunina, en hann sleppti eftirmálanum; þar er minnzt á afstöðu sjálfstæðismanna til ýmsra kosningabomba, sem þeir kölluðu þá; t. d. sagði Pétur Ottesen um togaravökulögin, að það væri alls ekki þörf á því að setja lög um það efni, — það væri ekki runnið undan rifjum íslenzkra sjómanna. Þetta var kosningabomba. Um verkamannabústaði segir Ólafur Thors, að þó að hann játi, að hér í þessum bæ séu íbúðir, sem ekki eru mannabústaðir, þá viti hann að frv. um verkamannabústaði sé vitagagnslaust, almenningi til skaða, flutt til þess að sýnast. Það var kosningabomba. Ég fagna því, að andstæðingarnir kalla þetta mál kosningabombu, því að með því viðurkenna þeir, gildi málsins og traust almennings á málstaðnum, og þeir viðurkenna fyrirfram sinn eigin ósigur. — Góða nótt!

*Þorsteinn Briem: Þetta er síðasta umferðin, og ætla ég því ekki að fara mikið út í deilum við einstaka menn út af orðum, sem fallið hafa, en mér er sagt, að mín fyrsta ræða í þessum útvarpsumr. hafi ekki heyrzt, og ætla ég því að drepa nokkuð á það, sem ég sagði þá. Það er rétt að minna á það, sem ég sagði í sambandi við togaraútgerðina. Ég benti á, hversu þungir skattar væru á atvinnuvegunum, sérstaklega á sumum togaraútgerðarfélögum. Ég benti á, hversu óhagstæð lánakjör útgerðin ætti við að búa og hversu miklir tollar væru lagðir á hana, og hún nyti jafnvel ekki þeirra réttinda, sem allur sjávarútvegur nýtur í öðrum löndum, að hafa fríhöfn. Ég benti á, að mikið ólag væri á vátryggingarmálum togaraútgerðarinnar, og hversu nauðsynlegt væri að tryggja þessa starfsemi með því að Alþingi tæki þau mál til meðferðar. Ég benti á það, hversu mikil nauðsyn væri á því að leita markaða, að auka innflutning til Englands og lækka þá tolla, sem á þeim viðskiptum eru. Ég benti á, að tilraunum til að afla markaða væri haldið áfram og teknar 30 af hverjum 100 kr., sem við flyttum út fyrir, í því skyni. Ég benti á, að í staðinn fyrir þau félög, sem nú fá ekki lengur að halda útgerðinni vegna skulda sinna, ætti að koma þeim fyrirtækjum yfir á aðrar hendur, með samvinnufyrirkomulagi eða hlutaskiptum. Ég benti á ýmislegt, sem gæti bætt fyrirkomu-

lag og skipulag togaraútgerðarinnar; ég lét bæjarútgerð hlutlausa, því að það er sérmál bæjanna, en ég tel ríkisútgerð varhugavert og áhættusamt fyrirkomulag. Ég tel slíka risaútgerð, sem á að vera svo stór, að hún samsvari allri þeirri togaraútgerð, sem nú er rekin, óhæfilega, ekki aðeins vegna áhættunnar, sem leiðir af að hafa svo mikið á einni hendi, heldur og vegna þess, að ef út á þá braut væri gengið, mundi áreiðanlega ekki verða langt að bíða, að þetta fyrirkomulag yrði tekið upp á fleiri sviðum; iðnaðurinn mundi fljótt koma með og allur stærri iðnaður verða rekinn með þessu fyrirkomulagi. Og Alþfl. hefir gefið loforð um að gera tilraunir með ríkisbúrekstur. Það yrði því næsta sporið, að ríkið yrði látið fara að reka þennan atvinnuveg. Það er sagt, að við minnumst þess, sem Einar bóndi á Þverá sagði, er Noregskonungur bað Íslendinga að gefa sér Grímsey. Hann sagði, að þar mætti fæða her manns, og ef menn legðu langskipum að landinu, mundi mörgum kotbóndanum þykja verða þröngt fyrir dyrum. Þetta 12 millj. fyrirtæki á að fá í hendur eignir samsvarandi nær helmingi allra jarða í þessu landi. Þeir, sem fram á þetta fara, eru því ekki eins lítilþægir eins og Noregskonungur; þeir biðja ekki um Grímsey, heldur heimta þeir aðra hverja sýslu. Ætli það sé þá ekki bezt að hafa ráð Einars og ljá hvergi á sér fangstaðar, því að ef vér föllum þeim í fang, mun einhverjum bóndanum þykja verða þröngt fyrir dyrum.

*__Jónas Jónsson__: Herra forseti! Ég álít, að hv. síðasti ræðumaður hafi nokkuð reynt á þolinmæði hlustenda með því að láta hugsanir sínar koma hér út í annari útgáfu, sem sannarlega var ekki endurbætt, en það er hans mál, hverja byrði hann leggur á landslýðinn.

Þá vík ég að hæstv. atvmrh., sem hélt því fram, eða hafði það eftir öðrum manni, að ég hygg síðasta ræðumanni, að í frv. okkar framsóknarmanna um síldarverksmiðju ríkisins væri gert ráð fyrir óhæfilega dýrri stjórn; það væri gert ráð fyrir 12 manna stjórnarnefnd, sem kæmi saman einu sinni eða tvisvar á ári. Þetta er ekkert annað en vísvitandi ósannindi, sem ég er alveg hissa, að nokkur maður skuli leyfa sér að bera á borð fyrir fólk. — Þá var hæstv. ráðh. eitthvað að tala um það, að síldarlögin hefðu verið brotin; það er að vísu satt, að það var gerð undanþága frá l., en það stafaði af því, eins og hæstv. ráðh. er vel kunnugt, að útgerðarmenn neituðu að láta af hendi síldina nema fyrir visst verð.

Hv. 2. þm. Rang. var að tala um það, að atvinnubótafé væri hærra nú heldur en hefði verið hjá íhaldinu. Jakob Möller er nú alls ekki lakast gefni maðurinn í Íhaldsfl., og hann stakk upp á að veita eina millj. til atvinnubóta, en það er hálfri millj. meira heldur en nú er. Hvað segir hv. 2. þm. Rang. um skoðanir þessa flokksbróður síns á þessum málum?

Þá vík ég aftur að ræðu, — ég held hann sé 10. landsk.; ég man nú aldrei númerið á honum. Hann var að tala um vegavinnuna og sagði, að það hefðu verið unnin fleiri dagsverk 1932 heldur en 1936. Ég skal benda þessum hv. þm. á það, að árið 1932, þegar hann var atvmrh., sveikst hann um að láta vinna fyrir það vegafé, sem í fjárlögum stóð, en árið 1933 var hann kominn á aðra skoðun, því að þá tók hann viðbótarlán til þess að vinna fyrir. Það er þess vegna bezt fyrir hv. þm. að hafa sig hægan um það yfirleitt, hvað hann hafi staðið sig vel í þessum efnum, þegar hann var ráðh.

Síðasti ræðumaður minntist á óstjórn í bönkunum. Ég skal benda á það, að einn flokksbróðir hv. 10. landsk., Svafar Guðmundsson, sem átti sæti í bankaráði eins bankans hér, notaði aðstöðu sína þar sem formaður bankaráðsins til að veita sjálfum sér 10 þús. kr. stöðu sem útibústjóra fyrir galtómu bankaútibúi í einum af kaupstöðum landsins, þar sem hann svo notar sína aðstöðu til að reyna að níða niður alla samvinnustarfsemi; þetta er ill meðferð á fé bankanna, það skal ég játa með hv. 10. landsk.

Hv. 2. þm. Rang. var líka að tala um það, sem ég get verið honum fullkomlega sammála um, að það geti komið fyrir, að ráðningar á starfsmönnum mistakist bæði hjá ríki og bæjum. Ég vil í þessu sambandi minna á ráðningar hjá sjúkrasamlaginu, sem eru framkvæmdar af hans góðu flokksbræðrum, á þann hátt sem engin dæmi eru til. Það eru sagðar svo skoplegar sögur um það, þegar verið er að raða á jötuna allskonar afbrotamönnum, mönnum, sem hafa orðið sviksamlega gjaldþrota, mönnum, sem hafa verið dæmdir fyrir þjófnað, að þær eru jafnvel ósennilegar, en þó sannar. M. a. er sú saga sögð um þetta, að þegar hafi átt að bjóða einum af þessum mönnum stöðu þarna, þá hafi hann átt að segja: „Ég held það sé nú komið of mikið". — Þetta svar mannsins var ekkert undarlegt, því að þegar menn fara að athuga starfsmannavalið þarna, þá er það þannig, að það mun varla hægt að finna þarna starfsmann með óflekkað mannorð.

Ég vil að endingu leyfa mér að staðhæfa það um þetta frv., sem hér er verið að ræða um, að það sé ekki borið fram af svo mikilli alvöru, heldur fremur til þess að skemmta landslýðnum; ég held yfirleitt, að menn taki ekki mikið mark á því. Ég vil þess vegna leyfa mér að taka orð eins hv. þm. mér í munn, að það sem ætti að segja, þegar komið er með svona frv., eins og þetta frv. sósíalista, sem er svona ákaflega hátt uppi: „Komið þið niður á jörðina, og þá skulum við tala við ykkur um málið".

*__Magnús Jónsson__: Herra forseti! Ég ætla ekki að svara hv. síðasta ræðumanni, þó að hann kastaði köpuryrðum að sjálfstæðismönnum. Ég skil ákaflega vel, að hann sé skapillur; það á ekki við hann að vera nú þvert á móti vilja sínum pressaður upp í flatsæng með Þorsteini Briem, og ég skil það vel, að þeir fari illa í rúmi.

Hv. 4. landsk., Jóni Baldvinssyni, vil ég aðeins svara nokkrum orðum. Hann kom hér með 4 ára áætlunina, og var nú svo borgaralegur að hafa hana í bláu bandi, en hún var í rauðu, sem ég fékk lánaða. Ég verð nú að segja það,

að mér finnst það ekkert undarlegt, þó að sjálft flokksþing Alþfl. færi ekki að skamma hann fyrir svik. En þeir vildu eitthvað lítið um 4 ára áætlunina tala, og ég man ekki betur en þeir byggju til 2 ára áætlun í staðinn. (**JBald:** Það var búið að uppfylla þessa). Það var a. m. k. ekkert eftir af henni.

Hæstv. atvmrh. var að tala um það fjör, sem væri í atvinnuvegunum, einkanlega það fjör, sem nú væri að færast yfir sjávarútveginn. En þetta kemur bara ekki heim við það frv., sem hér er verið að ræða um, og þær ræður, sem haldnar hafa verið í sambandi við það, bæði af hæstv. ráðh. og hv. 4. landsk. Það er því auðsætt, að þetta er kosningabomba, og ekkert annað en kosningabomba. Þessir menn hafa verið við völd meira eða minna í 10 ár, og í 3 ár hafa þeir haft aðstöðu til þess að koma málefnunum í það horf, sem þeir óskuðu, og þeir hafa notað aðstöðu sína út í æsar, og frekar en nokkurntíma hefir verið áður gert. En hvernig stendur á því, að þessi flokkur kemur nú á síðustu stundu, þegar hinn flokkurinn hefir sagt skilið við hann, og vill fara að koma öllum þessum málum í lag? Þá koma öll stóru málin og hugsjónirnar. Við þessu er ekkert annað svar heldur en það, að þetta eru ekkert annað en kosningabombur.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 35. fundi í Ed., 9. apríl, var fram haldið 1 umr. um frv.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 8:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JBald, PHerm, SÁÓ, BSt, HG, HermJ, IngJ, EÁrna.
nei: MG, MJ, PM, ÞBr, ÞÞ, GL, JAJ.
Einn þm. (JJ) fjarstaddur.
Frv. vísað til sjútvn. með 9 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

79. Landsbanki Íslands (frv. BSt).

Á 32. fundi í Ed., 5. apríl, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 10 15. apríl 1928, um Landsbanka Íslands (þmfrv., A. 202).

Á 34. fundi í Ed., 8. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Bernharð Stefánsson): Eins og tekið er fram í grg. þessa frv., er það flutt fyrir tilmæli hæstv. fjmrh. Frv. sýnir þær breyt. á landsbankalögunum, sem Framsfl. vill fallast á, að gerðar séu á þessu þingi. Það er aðeins um tvær breyt. að ræða í þessu frv. frá landsbankalögunum eins og þau eru nú. Hin fyrri er sú, að fundir landsbankanefndar séu lögmætir, ef meiri hl. er mættur, eða 8 af 15, í stað þess að ⅔ hl. nefndarmanna þurfa nú að mæta, eða 10. Það sýnist sjálfsagt að hafa þetta svo, og ég fæ ekki skilið, hversvegna svo hefir verið ákveðið í fyrstu, sem raun er á. Með því fyrirkomulagi getur harðvítugur minni hl. komið í veg fyrir, að landsbankanefnd gegni skyldustörfum sínum, t. d. að kjósa bankaráð.

Þá er önnur breytingin, sem lagt er til að gerð verði. Hún er sú, að samþ. lansdbankanefndar þurfi að koma til, ef gefa á eftir einum viðskiptamanna bankans meir en 100 þús. kr. Landsbankalögin gera ráð fyrir því, að landsbankanefnd sé hin eiginlega yfirstjórn bankans; það er beinlínis tekið fram í lögunum, og því sýnist eðlilegt, að þegar um svo stórfellda fjármálaráðstöfun er að ræða, að einum viðskiptamanni séu gefnar eftir 100 þús. kr. af skuld, þá sé það ekki gert nema með samþykki yfirstjórnar bankans.

Að öðru leyti sé eg ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta mál á þessu stigi þess, en ef þörf þykir að taka fleira fram um það fyrir hönd Framsfl., geri ég ráð fyrir, að hæstv. fjmrh. geri það. — Legg ég svo til, að málinu verði vísað til fjhn. að þessari umr. lokinni.

***Jón Baldvinsson:** Ég vil vekja athygli hv. deildar og hv. flm. á því, að fyrir Nd. liggur frv., sem felur í sér þessi atriði, sem frv. ræðir um, en er viðtækara en þetta frv. um stjórn Landsbankans. Er þar gert ráð fyrir, að stjórn hans sé á hverjum tíma í samræmi við meiri hl. á Alþ. Tel ég því eðlilegt, að þetta frv. sé lagt til hliðar um stund og bíði eftir, hvað verður um hitt frv. Ég skal ekki setja mig á móti því, að málið fari í n., en vænti, að það fái að hvíla sig þar.

Flm. (Bernharð Stefánsson): Mér var vel kunnugt um, að frv. um breyt. á landsbankalögunum lá fyrir Nd., en þetta frv. sýnir einmitt, hvernig framsóknarmenn vilja afgreiða það mál, og töldum við rétt að bera það fram í frv.formi. Verður að fara eftir því, hvað fylgi í deildunum líður við hvert frv. um sig, hvort þeirra verður að lögum, eða hvorugt. En ef fylgi verður til þess hér í hv. deild að koma þessu frv. áfram, sé ég ekki ástæðu til, að það sé að bíða eftir hinu frv.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til fjhn. með 10 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

80. Mjólkursala og rjóma o. fl. (frv. PM og ÞBr).

Á 38. fundi í Ed., 13. apríl, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. um meðferð og sölu mjólkur og rjóma o. fl., nr. 1 1935 (þmfrv., A. 281).

Á 41. fundi í Ed., 15. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

81. Jarðræktarlög (frv. ÞBr o. fl).

Á 41. fundi í Ed., 15. apríl, var útbýtt:
Frv. til jarðræktarlaga (þmfrv., A. 317).

Frv. var aldrei tekið á dagskrá.